

Orðasjóður Kollsvíkinga

Ávæningur af tungutaki og orðfæri Kollsvíkinga
og annarra í Rauðasandshreppi,
ásamt hneppi sjaldgæfra orða

Valdimar Össurason tók saman

2012-2018

ÓFULLGERÐ DRÖG

Formáli

Kollsvík er ein af svonefndum Útvíkum í hinum forna Rauðasandshreppi. Hreppurinn nær yfir skagann sunnan Patreksfjarðar og er enn örnefni þrátt fyrir breytingar á stjórnsýslumörkum. Vegna staðhátta hefur byggðin frá fornu fari skipst í svæði sem hvert samanstóð af fjölmennri byggð, langt fram á 20. öld. Útvíkur eru yst á skaganum; þrjár að tölu; Kollsvík, Breiðavík og Látravík, auk Seljavíkur sem ekki er byggð. Þær eru vestasta byggð Íslands og þar með Evrópu; yst á skaganum; milli Látrabjargs og Blakkness. Sunnantil er byggðin Rauðisandur en Patreksfjarðarmegin eru Bæir yst, þá Örlygshöfn (Hafnarbæir); Innfjörður og Eyrar.

Rauðasandshreppur var fjölmennt samfélag gegnum alla sögu byggðar á Íslandi, eða allt þar til ný viðhorf og nútíma atvinnustjórnun hófu að brjóta niður rótgróna atvinnuhætti og menningu í byggðum landsins um miðja 20. öld. Óvída er búsældarlegra, sé horft til þeirra atvinnuhátta sem áður tíðkuðust. Stutt er á fengsæl fiskimið, einkum frá Útvíkum; fyrirtaks sauðland; gnægð hlunninda og samgöngur tiltölulega greiðar. Meðan þjóðin lifði af sjálfsþurftabúskap var hvergi betra að búa, enda var þangað mikið sótt úr öðrum landshlutum. Íbúar í Rauðasandshreppi voru 470 árið 1870, á 41 heimili. Við þéttbýlismyndun á Eyrum jókst fjöldinn enn, í 813 árið 1901, en Eyrar urðu sérstakt sveitarfélag árið 1907. Síðan hefur orðið nokkuð stöðug og hröð folksfækkun í Rauðasandshreppi, og nú (2016) eru einungis örfáir bæir eftir í byggð. Búskapur hefur t.d. alveg lagst af í hinum búsældarlegu Útvíkum; einhverjum mestu hlunninda- og útræðisjörðum landsins til forna.

Þegar byggðarlag leggst nánast í eyði er óhjákvæmilegt að með því hverfi að miklu leyti þau menningarlegu sérkenni sem það einkenndu. Þetta er sérlega áberandi í afskekktum samfélögum eins og hér um ræðir, þar sem menningarleg „mengun“ frá meginstraumum var hæg. Tískusveiflur og iðuköst „heimsmenningar“ bárust seinna á útskækla landsins og þar voru menn líka tregari að láta slíkt hafa áhrif. Útvíkur og aðrir byggðahlutar Rauðasandshrepps voru menningarsamfélag útaf fyrir sig. Þar héldust ýmis sérkenni langt fram á 20. öldina, þó þá væru þau farin að samlagast í meira mæli.

Ég er fæddur 1956; uppallinn á Láganúpi í Kollsvík og dvaldi meirihluta minnar ævi í hinu merka samfélagi Rauðasandshrepps. Þó byggðin væri þá á síauknu undanhaldi voru ýmis sérkenni hinnar staðbundnu menningar enn sýnileg, bæði í málfari og verklagi. Auðvitað bar mest á því hjá þeim hjá þeim sem eldri voru, en ánægjulegt er að sumt hefur enn varðveist hjá yngri kynslóðum. Hætt er þó við að öll þessi sérkenni máist endanlega út innan skamms tíma. Það er kannski sérvíska að vilja halda til haga menningarlegu litrófi þessa útkjálkasamfélags, en slík sérvíska hefur stundum verið talin einkenna Kollsvíkingsa.

Af og til kemur upp í huga minn eitt og eitt orð eða hugtak sem tamt var fólki sem ég umgekkst á þessum slóðum, en eru ekki almennt notuð. Þessi skothrið úr fortíðinni hefur ágerst eftir að ég náði miðjum aldri. Með þessari samantekt læt ég loksins verða af því að koma einhverju af því á blað. Hér eru sett niður orð og orðatiltæki sem voru almennt notuð í Kollsvík í mínum uppvexti, ásamt öðrum sem ég heyrdi fólk nota vestra en heyrast ekki oft núna. Auk þess fljóta þarna með orð sem ég hef öruggar heimildir fyrir að hafi verið notuð á þessu svæði og eru sum einkennandi fyrir það, þó notkun þeirra hafi verið aflögð fyrir mitt minni.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er aðeins brot þess mikla orðaforða sem mönnum var tiltækur, og á engan hátt má líta á þetta sem heildaryfirlit. Safnið er einungis leiftursýn á þessa fjölskrúðugu veröld.

Þó að ég hafi, við val orða í skrána, einkum leitast við að skrá orð sem ég tel vera sjaldgæf eða jafnvel að glatast, þá eru þarna fjölmörg orð sem algeng eru í mæltu máli; enda erfitt að draga mörkin. Máldæmin gefa þá hugmynd um notkun þeirra þar vestra. Skráin hefur á köflum hneygst til þess að verða samtíngingur ýmiskonar fróðleiks um svæðið, daglegt líf og atvinnuhætti. Mörgum orðum fylgja setningar, skáldaðar af mér, sem er ætlað að gefa hugmynd um notkun þeirra í máli heimafélgs. Sumt kann að hafa vísun í raunveruleika; annað er spuni, en dregur þó upp sennilega mynd. Sumum orðum fylgja tilvitnanir í heimildamenn sem ætla má að hafi þekkt til á þessum slóðum og rit sem nærtæk voru. Margar þeirra geyma ríkulegar heimildir um þennan menningarheim; lifnaðarhætti íbúa og staðhætti. Heimildaskrá er aftast í orðaskránni.

Ekki er kafað djúpt í málfræði eða upprunaskýringar, og þó einhversstaðar komi fram mínar vangaveltur þá verður að líta á þær sem slíkar en ekki algildan sannleik. Vitaskuld er slíkt uppá mína ábyrgð. Ég tek fagnandi öllum leiðréttingum á því sem þarna kann að vera beinlínis rangt og biðst velvirðingar á því. Þó safnið hafi um sumt yfirbragð hefðbundinna orðabóka þá er þeim reglum ekki fylgt mjög naugið. T.d. eru orð í flestum tilfellum tilgreind í þeirri mynd sem þau voru mest notuð, en ekki í hinum stöðluðu kennimyndum orðabóka. Þau sem aðeins heyrðust í orðtökum eru tilgreind þannin.

Ég hef ekki lagst í mikla vinnu í málvísindum, t.d. við samburð á þessu safni við útgefin orðasöfn. Ég hef þó flett upp nokkrum þeim orðum sem ég hef sjaldnast heyrt í mæltu máli í seinni tíð. Virðist mér furðu mörg orð vera all sérstæð og mörg hver finnast ekki í orðabókum. Ég hef litamerkt nokkur þau sem sjaldgæfust eru, til að aðrir geti velt þessu fyrir sér. Mér sýnist mega álykta út frá þessu að í Kollsvík hafi varðveist nokkuð sérstætt málfar; orð og orðnotkun sem málfarsleg meðalmennska hafi að nokkru útrýmt á fjarlægari svæðum.

Valdimar Össurason frá Láganúpi í Kollsvík



Framburðareinkenni

Á síðari tímum, í minni skrásetjara, voru fyrri framburðarsérkenni Kollsvíkinga farin að líða undir lok. Þó gætti þeirra mjög í máli eldra fólks og var t.d. eftirtektarvert í máli Guðbjarts Guðbjartssonar á Láganúpi (1879-1970) og konu hans, Hildar Magnúsdóttur (1889-1967); og gætti nokkuð í máli barna þeirra. Helstu einkenni voru þessi:

- A. Harður framburður. T.d. saggði í stað sagði; habbdi í stað hafði; höbbdi í stað höfði; laggdi í stað lagði o.s.frv.
- B. Lokaður framburður tungubroddshljóða: T.d. gerdi í stað gerði; breggda í stað bregða; hurd í stað hurð; nordur í stað norður o.s.frv.
- C. Langur (opinn) sérhljóði á undan ng, t.d. í langur, gangur, hingað o.s.frv. Var þó hvorki jafn áberandi né ýkt og sumir ætla, og á undan nk var jafnvel lokaður framburður sérhljóða; t.d. hánki í stað hanki.
- D. Kringdur framburður, t.d. U eða Ö í stað E og Y; stundum einnig Ó í stað O. Dæmi; hvurt í stað hvert; spurja í stað spyrja; ruðja í stað ryðja; brudja í stað bryðja; spur í stað spyr; öngvum í stað engum; höndur í stað hendur; tönnur í stað tennur o.s.frv. Var þó ekki algilt heldur virtist venja fylgja hverju orði. Einnig vorum í stað vorum.
- E. Beygingarsérkenni. T.d. beygist hönd þannig; hendi/hönd – hendi – hendi – handar.
- F. Orðfæri. Mörg dæmi voru um orð og orðalag sem að einhverju var frábrugðið því sem annarsstaðar tíðkaðist eða mælt er í dag. Er það meginviðfangsefni þessa orðasafns að draga slíkt fram. T.d. spurði G.G. „óðstu“? þegar strákurinn kom lúpulegur inn, og átti við „bleyttirðu þig í fæturna“? Eða „vöknaðirdu“? í merkingunni „ert þú blautur“?

Abbast uppá (orðtak) Skipta sér af; stríða; бага. „Verið þið nú ekki að abbast uppá karlgreiði“.

Absalút (I) Algjörlega; *fortakslaust*. „Absalút ekki“. „Það verður absalút að taka kartöflurnar inn fyrir frostið“.

Adam var ekki lengi í Paradís (orðatiltæki) Viðhaft um það þegar eitthvað varir stutt/ skemur en til stóð.

Vísar til frásagna biblíunnar af skammtímabúskap Adams og Evu á þessari guðshjáleigu.

Adamsklæði (n, hk, fto) Fataleysi; nekt. „Henni brá þegar hann kom fram af baðinu á adamsklæðunum.“

Að (ao) Úrskaiðis; aflaga; til meins. „Ég sá strax á göngulagi hans að eitthvað var að“. Hvað er að stubbur“?

Að (nh/ao/st/fs/fin) Margvísleg notkun. „Hann er að fara“. „Ætlaðu að gera þetta“? „Ég held (að) hann sé nú eitthvað að lægja“. „Hann sagði hann myndi róa næsta morgun ef veðrið væri skaplegt“. „Ég kom norðanmegin að fénu; hann kom að sunnan“. „Hann er að“! „Hann var gerður að réttarstjóra“. „Það er betra að gera þetta að degi til“. „Hann er nú ekki bóndi nema að nafninu til“. „Þetta gerðist öllum að övörum“. „Að eigin sögn gerði hann þetta hjálparlaust“. „Þarna í dalbotninum var alveg fjárlaust, að því er mér sýndist“. „Hann gerði þetta óviljandi, greiði að tarna“. „Mér geðjaðist miður vel að honum“. „Hvað varð honum að aldurtíla“? „Er langt síðan hann fór heiman að“? O.fl.

-að (ending áttalýsinga) Í Kollsvík tíðkuðust áttalýsingar sem sumum finnast framandi, og er þetta ein þeirra. Sá sem var að kemur af Láganúpi til Kollsvíkurbæjarins kemur handanað. Sá sem stefnir í öfuga átt kemur norðanað. Sá sem kemur út yfir Hænuvíkurháls til Kollsvíkur kemur innanað, en sá sem kemur úr Breiðuvík kemur utanað. Sá sem kemur af Mýrum eða Sandslágarkjaftri heim að Láganúpi kemur framanað.

Að afloknu (orðtak) Þegar búið var; *eftirá*. „Er því líklegt að það hafi verið að afloknu hádegi“ (TÓ; Sjúslýs í Rauðasandshreppi).

Að auki (orðtak) Í viðbót/tilbót; í ofanálæg; aukalega. „Að auki náði ég þarna tveimur útigangskindum“.

Að áliðnum degi (orðtak) Seint á degi; undir kvöld. „Að áliðnum degi hafði ekkert fundist“ (MG; Látrabjarg).

Að ári (orðtak) Eftir eitt ár; að einu ári liðnu. „Öndin kom aftur að ári, og verpti á sama stað“.

Að bera/sjá í / Að bera við (orðtök) Í sjónlínu við. „Sérðu ekki svörtu kindina þarna; að bera í háa hjallann“? „Þarna er dýpri baujan; að bera við Kópstána“!

Að bestu manna yfirsýn (orðtak) Samkvæmt því sem skynsamir menn segja/álíta.

Að bragði (orðtak) *Að vörmu spori*; um hæl/leið; strax. „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn,/ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því“? ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Að burðum (orðtak) Hvað afl/krafta varðar. „Hann var heljarmenni að burðum“.

Að eðlisfari (orðtak) Um skapgerð manns; að jafnaði; venjulega. „Hann er glaðsinna að eðlisfari“.

Að endingu (orðtak) Að lokum; *að síðustu; í lokin*.

Að engu hafandi (orðtak) Ekki marktækt; ekki trúlegt. „Ég held að sú ályktun sé að engu hafandi“.

Að ég best veit / Að því er ég best veit (orðtök) *Svo fremi* ég veit; svo ég viti. „Þetta var allt frágengið; að ég best veit“. „Að því er ég best veit er búið að *alheimta* úr Breiðavíkinni“.

Að flestu má eitthvað finna (orðatiltæki) Ekkert er svo gallalaust að ekki megi finna eitthvern ágalla.

Að forfallalaus (orðtak) Ef ekkert bregst; að óbreyttu. „En fundir hafa verið haldnir að forfallalaus annanhvern sunnudag að vetrinum“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Að fornu (orðtak) Á fornum tíma; *í fyrndinni; endur fyrir löngu*. „Að fornu var slegið þarna brok“.

Að/frá fornu fari (orðtök) Samkvæmt mjög gamalli venju; að mjög gömlum hætti.

Að fornu og nýju (orðtak) Nú sem fyrrum. „...enda var Bær höfuðból að fornu og nýju“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Að forspurðum (orðtak) Án samráðs við; án þess að spyrja. „Við tókum ekki egg að landeiganda forspurðum“.

Að framanverðu (orðtak) *Framantil; framan að*. „Mikið er bíllinn skítugur að framanverðu“.

Að fyrra bragði (orðtak) Fyrri til; á undan. „Hann sagði að hundurinn biti aldrei neinn að fyrra *bragði*“!

Að gamni (einhvers) (orðtak) Einhverjum til gamans/skemmtunar. „Ég tálgaði þetta að gamni mínu“. Sjá *gera að gamni sínu*.

Að góðu getið (orðtak) Umræddur á jákvæðum nótum; hrósað. „Ég hef heyrt hans að góðu getið“.

Að góðu kunnur (orðtak) Vel kynntur; vel liðinn. „Hann var að góðu kunnur, öllum sem til þekktu“.

- Að heita má / Að kalla (má)** (orðtök) *Hér um bil*; nærri því; svo að segja; *svo gott sem*. „En í Verinu vorum við að heita mátti daglega meðan róðrar stóðu yfir á vorin“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Hann er orðinn lofnhægur að kalla; það mætti róa þessvegna“.
- Að hika er sama og að tapa** (orðatiltæki) Sá sem hikar getur misst af tækifæri/ávinningi.
- Að hugsa sér!** (orðtak) Upphrópun, nokkurskonar beiðni um að viðmælandi setji sér eitthvað fyrir sjónir; ímyndaðu þér! „Er burtu gekk ég þaðan þá sagði mér hann Sveinn;/ það sögðu líka menn á næstu bæjum:/ Í Hærri-Tungu væru þeir, heldur tveir en einn./ Að hugsa sér, og annar lá á gægjum!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Að húsabaki** (orðtak) Aftanvið hús; í felum/skjóli.
- Að jafnaði / Til jafnaðar** (orðtak) Að meðaltali; gegnumsneytt. „Þetta hefur verið hálfturna á dag, að jafnaði“. „Ekki er fær leið að jafnaði undir Strengbergi. Þó er vitað um a.m.k. tvo menn; þá Einar Guðbjartsson og Valdimar Össurason frá Láganúpi, sem komist hafa þessa leið á stórstraumsfjöru og í ládeyðu“ (HÖ; Fjaran).
- Að komið** (orðtak) Hérumbil; lá nærri. „Það var að mér komið að gefast upp þegar hjálpin barst“. Sjá „*nærri komið*“ sem er tilbrigði við það sama.
- Að kvöldlagi** (orðtak) Um kvöld/kvöldtíma. „Hitti hann þá eitt sinn drauginn að kvöldlagi fyrir neðan bæ einn á túninu, og var hann þá í nautslíki“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Að langfeðgatali** (orðtak) Í/efir framættum; í karlegg.
- Að lágmarki** (orðtak) *Að minnsta kosti*.
- Að öllum líkindum** (orðtak) Mjög líklega/sennilega. „Hann snýr sér að öllum líkindum til norðurs“.
- Að lokum / að endingu / Að lyktum** (orðtök) Í lokin/endirinn. „Að lokum kvaddi hann og hélt heim á leið“. „Höfðu menn það fyrir satt að hann hefði sent Einari draug þann er ært hefði hestana og gengið af þeim dauðum að lyktum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Að meðaltali** (orðtak) Til jafnaðar; að jafnaði. „Í sambandi við þetta má nefna nythæð kúnna, sem er hærri en nokkru sinni áður; 3000 kg að meðaltali úr kúnni í aðalskýrslu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Að megninu til / Að mestu** (orðtak) *Mestmegnis*; að mestu leyti. „Ég er búinn að stinga útúr húsunum að megninu til; ég á bara eftir að ná undan hrútunum í Mókofanum“.
- Að meinalausu** (orðtak) Að skaðlausu; án þess að líða fyrir. „Það er mér alveg að meinalausu þó þú fáið traktorinn lánaðan á morgun“. „Mér að meinalausu megið þið fara þarna í egg eins og ykkur sýnist“.
- Að meira eða minna leyti** (orðtak) Yfirleitt. „Tún eru flest kalin hjá þeim að meira eða minna leyti“.
- Að mér heilum og lifandi** (orðtak) Örugglega; ef ég fæ ráðið. „Lögðu þeir aftur yfir hjá okkur, þessir aular?! Þetta skulu þeir fá borgað; að mér heilum og lifandi! Réttu mér *sýslumanninn*!“
- Að minni hálfu** (orðtak) Fyrir mitt leyti; fyrir mína parta; *hvað mig áhrærir/snertir*. „Málinu er lokið að minni hálfu“.
- Að minnsta kosti** (orðtak) Allavega; allvegana; að lágmarki. „Þó þú sért ekki hrifinn af grásleppunni þá getur þú að minnstakosti smakkað smábíta og borðað kartöflurnar“. „Heldurðu ekki að hann leggi sig bærilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“?.. „Liði kærði sig að minnsta kosti ekki um að taka lamsskrokkinn með sér heim að Látrum og varð að samkomulagi að Gummi nýtti hann.“ (PG; Veðmálið).
- Að mínu viti** (orðtak) Eftir því sem ég tel/veit best. „Að mínu viti væri hyggilegra að bíða með þetta“.
- Að morgni** (orðtak) Um morgun; á morgun. „Við hættum núna en byrjum aftur að morgni“. „Að loknum málsverði er lagst til svefnis en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).
- Að morgni skal mey lofa (en veður að kveldi)** (orðatiltæki) Eftir nóttina hæla menn stúlku, þegar séð verður hvað hún hefur verið eftirlát. Eins er með veður; því er varasamt að hæla fyrir en dagurinn er liðinn.
- Að mörgu er/þarf að gá/hyggja** (orðtak) Margt þar að athuga/skoða; huga þarf að mörgu. „Við skulum fara varlega í þessu máli; hér er að mörgu að hyggja“.
- Að nafninu til** (orðtak) *Svo á að heita*; formlega; á yfirborðinu. „Ég á ekki húsið nema að nafninu til; þetta er allt á bankalánunum“.
- Að nauðsynjalausu** (orðtak) *Í þarfleysu*; að óþörfu. „Verið ekki að siga hundinum í féð að nauðsynjalausu!“
- Að neðanverðu / ofanverðu** (orðtak) Neðanvert/ofanvert við. „Mér finnst vera *slöður* í heyið að neðanverðu“.
- Að niðurlotum kominn** (orðtak) Aðframkominn; að örmagnast/gefast upp; að hrynja/bila.

- Að nokkru/sumu leyti** (orðtök) Að hluta; í vissum atriðum. „Að sumu leyti finnst mér þetta ágætt“.
- Að nýju** (orðtak) Uppá nýtt; aftur; *enn og aftur*. „Skólinn byrjar að nýju í september“.
- Að óathuguðu máli** (orðtak) Án skoðunar/athugunar. „Þú ættir nú ekki að láta þetta að óathuguðu máli; þú gætir þurft á því að halda *síðarmeir*“.
- Að öllu óbreyttu** (orðtak) Ef ekkert breytist; ef forsendur haldast. „Að óbreyttu legg ég af stað á morgun“.
- Að ófyrirsynju** (orðtak) Sem ekki verður *synjað fyrir*; án þess að sök sé fyrir hendi. „Hann gerði það alveg að ófyrirsynju að hleypta út úr dilknum áður en ég var tilbúinn að taka við rekstrinum“! Sjá *ófyrirsynja*.
- Að ógleymdum** (orðtak) *Svo ekki sé minnst á*; ekki má/skal gleyma. „Allir stóðu þeir sig frábærlega vel; að ógleymdum formanninum, sem stýrði aðgerðunum óhræddur og fumlaus“.
- Að ósekju** (orðtak) Saklaus; án sakar. „Við skulum skoða málið frá öllum hliðum og gæta þess að áfellað engan að ósekju“.
- Að óvörum** (orðtak) Óvænt; án aðvörunar; fyrirvaralaust. „Okkur að óvörum skall stór steinn í klöppina stutt frá“. Sjá *koma að óvörum og óvar*.
- Að réttu lagi** (orðtak) Með réttu; ef allt er eðlilegt. „Að réttu lagi hefði ég átt að snúa þarna við...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Að ráði** (orðtak) Sem nemur/munar; umtalsvert; verulegt. „Hann hefur ekki aukið sjó neitt að ráði; enn sem komið er. Ég gæti trúað að hann slægi í logn á suðurfallinu“.
- Að sama/því skapi** (orðtak) Jafnt; eins. „Fiskverð hækkaði nokkuð um og uppúr fyrri heimsstyrjöld. En salt og aðrar nauðsynjar hækkuðu að sama skapi, svo afkoman batnaði lítið eða ekki“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Að sinni** (orðtak) *Sem stendur*; um þennan tíma; *um sinn*. „Ætli við látum þetta ekki nægja að sinni; við lítum aftur að þessu á morgun“.
- Að síðustu** (orðtak) Að lokum; í lokin; að endingu.
- Að sjálfsögðu** (orðtak) Auðvitað. „...og á þeim tíma tók Júlí að sjálfsögðu þátt í uppeldi litla bróður síns“ (PG; Veðmálið).
- Að sjó** (orðtak) Vont í sjóinn; slæmt sjólag; ylgja. „Það er ekkert verulegt að sjó eins og er, en hann er að ljókka ári mikið“. Þarna er „að“ notað á sama hátt og „eitthvað sé að“, í merkingunni að bjáta á.
- Að skaðlausu** (orðtak) Án þess að skaði verði af; *að meinalausu*. „Það mætti alveg, að skaðlausu, fækka þessum þingmönnum um helming“. „Að skaðlausu mætti kasta þessum ónýtu skóm“.
- Að snýr** (orðtak) Tilheyrir; blasir við. „Ég skal klára þann hluta verksins sem að mér snýr; aðrir gera sitt“.
- Að staðaldri** (orðtak) Alltaf; einatt. Orðið „staðaldur“ hefur líklega verið áður „staðhaldur“ og merkti að „halda til á sama stað“, sem síðar fær almennari merkingu í „óbreytt ástand“, og dagar uppi þessu orðtaki. „Ekki braut að staðaldri á Miðklakk, en allt í einu tekur sig upp allstórt brot skammt frá bátum; þó ekki það mikið að hann tæki í sig sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Að svo búnu/stöddu** (orðtak) Eins og mál standa; eins og staðan er; núna; strax. „Ég á dálítið erfitt með þetta að svo stöddu“. Sjá *við svo búuð*.
- Að svo mæltu / Að því sögðu** (orðtak) Eftir að hafa sagt það. „Að svo mæltu strunsaði hún út og skellti hurðum“.
- Að sögn** (orðtak) Að því er sagt er; eftir því sem er sagt. „En þá lét Guðrún Einar taka hann til sín, og fórst vel við hann að sögn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Að tarna** (orðtak) Þarna; sem þarna um ræðir. Oftast framborðið „atarna“. „Hann gerði þetta alveg óviljandi, strákskinnið atarna“. „...Það var í hitteðfyrri, ein stúlka kom á kreik, svo knúsandi og dásamleg að tarna./ Við þessa glöðu meyju ég fór í feluleik./ Hún faldi sig í rúminu mínu þarna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Að tilefnislausu** (orðtak) Án tilefnis/ástæðu. „Ég nenni ekki að puða við þetta að tilefnislausu“.
- Að tilhlutan** (orðtak) Vegna íhlutunar; fyrir tilverknað. „Að tilhlutan oddvita og samkvæmt ósk vegamálastjóra var Bragi Ó. Thoroddsen vegamálastjóri mættur á fundinum“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).
- Að tjaldabaki** (orðtak) *Bakvið tjöldin*; ekki fyrir *opnum tjöldum*; í leyni. „Stjórmin kynnti þetta svona á fundinum, en ekki veit ég hvað gerðist að tjaldabaki“.
- Að tölunni til / Að tiltölu** (orðtak) Hvað varðar fjöldann. „Ég er ekki óánægður með aflann að tölunni til, en þetta er ótallegt smælki og lítið um stórfisk“.

- Að undanfögnu** (orðtak) *Upp á síðkastið*; í seinni tíð; nýlega. „Veðráttan hefur látið ýmsu að undanfögnu“. „Sömu reglu með ásetning hefur verið fylgt sem að undanfögnu...“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Að uppistöðunni til / Að stofni til** (orðtak) Að meginefni; hvað varðar grundvöll/uppistöðu/meginstöð. „Þetta er að uppistöðunni til haugalygi hjá honum, þó kannski sé *flugufótur* fyrir einhverju. „Að stofni til voru þetta sömu kartöflur og séra Björn ræktaði fyrstur manna í Sauðlauksdal“.
- Að vanda** (orðtak) Að venju; eins og vanalega. „Hann drekkhlóð bátinn á stuttum tíma, að vanda“.
- Að veðri** (orðtak) Vont veður; illviðri. „Það er sólarlaust en annars er ekkert að veðri“. „Þú leggur ekki á heiðina ef eitthvað verulegt er að veðri“.
- Að vetrarlagi / Að vetri til** (orðtak) Um vetur. „Algengt var, ekki síst að vetrarlagi, að menn báru þungar klyfjar á eigin herðumyfir Hænuvíkurháls“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Að vissu marki** (orðtak) Dálítið; nokkuð; að takmörkum; *að sumu leyti*; *hálf í hvoru*. „Þurrkurinn er ágætur að vissu marki, en það er hætt við að tún geti brunnið þar sem þurrast er“.
- Að hausti/vetri/vori/sumri / Að haustlagi/vetrarlagi/vorlagi/sumarlagi** (orðtök) Um/yfir tilgreinda árstíð. „Annað atvik var að vori“ (IG; Æskuminningar). Oft var bætt „til“ við setninguna. „Þetta gerðist degi til“.
- Að venju** (orðtak) Samkvæmt venju/vana; eins og venja er til. „Að venju fór hann snemma á fætur“.
- Að vísu** (orðtak) Vissulega; reyndar; að sönnu; sem vitað er. „Ég greiddi honum mestalla skuldina, en að vísu á hann enn hjá mér nokkrar krónur“.
- Að vörmu spori** (orðtak) Mjög fljótlega; rétt bráðum; að bragði. „Hann kom aftur að vörmu spori og sagði að veðrið væri mikið farið að lagast“. Varmur merkir þarna heitur; að sporið sé ekki farið að kólna.
- Að yfirlögðu ráði** (orðtak) Viljandi; af ásetningi/ ásettu ráði. „Þetta hefur verið gert að yfirlögðu ráði“.
- Að þarflausu** (orðtak) Án þess að þörf sé á; í *þarfleysu*. „Evertu ekki að *sig* hundinum á ærnar að þarflausu“.
- Að fyrri/þeirra tíðar/tíma hætti** (orðtak) Samkvæmt venju fyrri/þess tíma. „Að þeirra tíma hætti voru hús þessi hlaðin úr torfi og grjóti, en með grindum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Að þessu/því leyti** (orðtak) Hvað það/þetta varðar. „Því sátu framsóknarmenn sólarlægum að þessu leyti“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Að þrotum kominn** (orðtak) Nærri orðinn allslaus/farinn að kröftum. „Hann var alveg að þrotum kominn þegar þeir loks komust uppá brúnina“.
- Að því** (orðtak) A. Samkvæmt því. „Ég er fæddur að morgni hvítasunnudags 31.máí 1925, í blíðskaparveðri að því er mér er sagt“ (IG; Æskuminningar). B. Þegar svo var komið; að svo komnu máli. „Og skildu þeir að því“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).
- Að því að talið er** (orðtak) Samkvæmt því sem álitíð er. „Hann mun hafa gengið framaf brúninni í blindbyl, að því að talið er“.
- Að því er að gá / Að því er að líta** (orðtök) Hafa þarf í huga; athuga þarf. „Þetta var ekki mikill afli, en að því er að gá að við vorum þarna um harðasta fallið“.að
- Að því er séð verður / Að því er best verður séð** (orðtök) Eins vel og unnt er að greina; eins og lítur út fyrir. „Hrúturinn er alveg ómeiddur eftir byltuna, að því er séð verður“. „Hér í dalnum er engin skepna, að því er best verður séð“.
- Að því best er vitað** (orðtak) Eftir því sem næst verður komist. „Þetta er dagsatt, að því best er vitað“.
- Að því er ég best veit / Að ég best veit** (orðtök) Samkvæmt minni vitneskju; *svo langt sem ég veit*. „Hann er ekki kominn enn, að því er ég best veit“.
- Að því er mér er sagt** (orðtak) Samkvæmt því sem ég heyrði sagt. „Ég er fæddur að morgni hvítasunnudags 31.máí 1925, í blíðskaparveðri að því er mér er sagt“ (IG; Æskuminningar).
- Að því er mig áhrærir/varðar** (orðtak) Fyrir mína parta. „Það er í góðu lagi hvað mig áhrærir“.
- Að því frátöldu** (orðtak) Að því undanskildu; fyrir utan. „Ferðin gekk vel, að því frátöldu að húfan týndist“.
- Að því loknu** (orðtak) Þegar því var lokið; þegar það var afstaðið/búið. „Að því loknu var *sest að spilu*“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans).
- Að því spur/spyr hinn ríki hvað hinum fátæka hlotnist** (orðtiltæki) Hinn ríki sér gjarnan ofsjónum yfir því sem hinum efnaminni hlotnast, í þeirri von að komast yfir það.
- Að öllu jöfnu** (orðtak) Vanalega; til jafnaðar; jafnaðarlega. „Að öllu jöfnu komu tvær til þrjár kindur frá mér af Stígnum“.

Að því leyti(nu) (til) (orðtak) Hvað það varðar; í því tilliti. „Ég gerði þetta að því leyti sem mér var framast unnt“. „Hrúturinn er alltof spikaður, og því ekki vel gagnlegur að því leytinu til“.

Að því marki / Að því skapi (orðtök) Að því takmarki/viðmiði; svo mikið. „Ég fyllti tankinn, að því marki sem ég unnt var“.

Að öllu/því samanlögðu (orðtak) Í heildina; *í það heila tekið*. „Að öllu samanlögðu stóð hann sig langbest“.

Að öllum líkindum (orðtak) Mjög sennilega; nánast örugglega. „Þennan *ómerking* átt þú, að öllum líkindum“.

Aða (n, kvk) *Öðuskel*. *Mytilus modiolus*. Stór ílöng skel/samloka sem stundum var notuð til átu þegar hún rak á fjörur. Lík *kræklingi* í útliti en allajafna sórvaxnari; getur orðið yfir 152 cm löng. Skeljarnar eru aflangar, þykkar og breiðar neðantil. Nefið greinilega til hliðar við framendann. Hýði er um bláleita skelina; ljósbrúnt í fyrstu en dökkar með aldrinum í sótrautt eða svart. Kviðjadarinn er íbjúgur. Algengt er að aða berist á land; áföst hrossaþarhausum sem reka á fjörur í brimi. Var töluvert tínd til átu, ásamt kræklingi. Það er ævagömul regla að ekki skuli tína skelfisk í r-lausum mánuðum; þ.e. að sumarlagi, og var hún þekkt og virt í Kollsvík. Ástæðan er hætta á alvarlegri *skelfiskeitrun* (sjá þar). Vísindin hafa núna sýnt að reglan á fullan rétt á sér, þar sem skelfiskurinn innbyrðir oft mikið af eitruðum þörungum sem fjölga sér einkum að sumrinu. Í mönnum veldur eitrið þrennskonar kvillum. Algengastur er skelfiskeitrun, með miklum niðurgangi og uppköstum. Lömunareitrun er fátíðari en alvarlegri, þar sem lömun getur orðið í taugum og öndunarfærum. Þá er sumsstaðar erlendis þekkt minnistapseitrun.

Aðal (l) A. Helstur; mestur; mikilvægastur. „Ég ætla að fá þig til að ganga með mér nokkrar aðal göngu- og smalaleiðir sem lágu úr Víkinni til annarra og næstu byggða“ (IG; Sagt til vegar I) B. Forskeyti margra nafnorða, s.s. aðaláhersla; aðalbygging; aðalfundur; aðalmaður; aðalstarf.

Aðalannatími (n, kk) Tíminn sem mest er að gera/starfa. „Vorið er aðalannatíminn í sveitum, og svo var einnig þegar ég var að alast upp“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Aðalbjargmaður (n, kk) Helsti bjargmaður/sigari/fyglingur. „... áður fyrr voru farnar bjargferðir héðan frá Kollsvík. Guðbjartur Ólafsson var þá aðalbjargmaðurinn. Fólklifði þá mjög mikið á fugli“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Aðalbláber / Aðalbláberjalýng (n, hk) *Vaccinium myrtillus*. Lyng af ættkvísl bjöllulyngs og afbrigði *bláberjalýngs*. Lyngið er lítið eitt ljósara og blöðin þunn, smátennt og egglega; græn að sumri en roðna að hausti. Blómgastr í júní en ber verða fullþroska eftir miðjan ágúst. Berin eru blásvört og gljáandi; mun dekkri en venjuleg bláber. Bragðið er einnig nokkuð frábrugðið. Aðalbláber vaxa víða í þurrum mómum; helst þar sem hæfilega skjólsælt og sólríkt er. Víða vaxa aðalbláber í grennd við Kollsvík, t.d. í Keldeyradal og Vatnadal. Líklega hefur fyrrum vaxið bláberjalýng nær bæjum en nú er, en lyng var mjög rífið til eldiviðar og í troð. Höfðu vermenn í Láganúpsveri frjálst hrísrif, sem voru nánast einu fríðindi þeirra af hendi Bæjarhöfðingja. Sjást þess merki á síðari tímum að lyngið er að fíkra sig nær byggð á nýjan leik.

Aðalbýli (n, hk) Aðalból; helsta/stærsta býli/bújörð. „Í þeirri vík í Rauðasandshreppi er Kollsvík heitir, hafa um aldir verið tvö aðalbýli; Kollsvík og Láganúpur“ (GG; Kollsvíkurver).

Aðalerindi (n, hk) Meginhluti ræðu; megintilgangur ferðar/heimsóknar. „Ég *kjaftaði frá mér allt vit* og gleymdi aðalerindunu“.

Aðalfundur (n, kk) Helsta samráðssamkoma ársins í formlegum félagsskap eða fyrirtæki. Á aðalfundi er venja að fara yfir starfsemi liðins árs; kjósa stjórnendur; breyta samþykktum og ræða upp borin málefni.

Aðalfyglingapláss (n, kk) Sá staður í bjargflæmi þar sem mest var tekið af bjargfugli, meðan hann var nytjaður. „Melarnir voru aðalfyglingaplássíð í Breiðavíkurbjargi...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Aðalklettur (n, kk) Megin-klettabelti í fjalli. „Ofanvið skriðuna, neðan aðalklettanna (í Hafnarmúla) er gangur sem hægt er að ganga eftir...“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Aðalkúabeit (n, kvk) Helsti kúa hagi. „Í Holtum og í Víkinni var aðalkúabeitin“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Aðall (n, kk) Yfirstétt/forréttindastétt manna í samfélagi. Heitið er einkum notað um yfirstétt í Evrópu fyrr á öldum, en stundum um íslenska höfðingja. Því ser stundum brugðið upp nú á dögum til að undirstrika völd og auð þeirra sem hagnast hafa, einkum af umsýslu með sameignir þjóðarinnar.

Aðallega (ao) Mestmegnis; einkum; fyrst og fremst. „Aðallega var veitt á línu á þessum tíma“. „Féð norðantil í Breiðavíkinni er aðallega frá Láganúp, en eitthvað frá Hafnarbændum og Hænuvíki“.

Aðallending (n, kvk) Lending sem best er og oftast notuð. „...sunnan við aðallendinguna er svokölluð Snorralending“. (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Skammt fyrir sunnan Blakkinn er aðallendingin; Verið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Aðalmatur (n, kk) Helsta/algengasta fæða. „Harðfiskur –steinbítur- og fugl voru aðalmaturinn“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

- Aðalmál** (n, hk) Aðalatriði; áhersluatriði. „Nú er aðalmálið að ná upp netunum áður en hann kemur með norðangarðinn“.
- Aðalmáltíð** (n, kvk) Helsta máltíðin; uppistaðan í máltíðinni. „Aðalmáltíðin (að kvöldi aðfangadags) var hangikjöt, og ávaxtagrautur með rjóma útá á eftir“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).
- Aðalniðurjöfnun** (n, kvk) Helsta árlega niðurjöfnun gjalda. Hreppsnefnd sá um það fyrrum, eða allt fram að upptöku staðgreiðsluskatta, að leggja útsvar, fasteignaskatt og önnur hreppsgjöld á hreppsþúa. Var það gert á sérstökum *niðurjöfnunarfundum*, en hinn helsti þeirra var aðalniðurjöfnun. Síðar voru teknar fyrir framkomnar kærur.
- Aðalskýrsla** (n, kvk) Helsta skýrsla. „Í sambandi við þetta má nefna nythæð kúnna, sem er hærri en nokkru sinni áður; 3000 kg að meðaltali úr kúnni í aðalskýrslu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Aðalslátrun** (n, kvk) Fyrri sauðfjárslátrun að hausti (á undan *seinnislátrun/samtíningi*). „Ég sendi ekki meira í aðalslátrun. Restin kemur þá bara í samtíninginn“.
- Aðalsport** (n, hk) Helsta dægradvöl/tómstundaiðja. „Nú er það aðalsportið hjá honum að liggja yfir ættfræði og kirkjubókum“.
- Aðaluppsátur** (n, hk) Helsta uppsátur. „Milli þessara kletta var aðaluppsátur skipa sem gengu úr Kollsvíkurveri...“ (HÖ; Fjaran).
- Aðalverðlaun** (n, hk, fto) Verðlaun sem veitt eru þeim sem *slagahæstur* er, þegar spiluð er félagsvist. „Oft var spiluð félagsvist á spilakvöldum í Fagrahvammi. Í lok kvöldsins voru veitt vegleg aðalverðlaun og mun óverulegri *skammarverðlaun*, en þó ekki þannig að óvirðing væri að“.
- Aðalverstöð** (n, kvk) Helsta/stærsta verstöð; meginverstöð. „Reyndar var Kollsvíkurver í næstu vík utan Hænuvíkur líka vel þekkt verstöð, eða allt frá landnámstíð. Þangað fjölmenntu Barðstrendingar gjarnan til fiskiröðra á hverju vori, enda lengi vel aðalverstöðin í Vestur-Barðastrandasýslu. Sem dæmi reru þaðan 25 bátar um aldamótin 1900“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Aðalvilla** (n, kvk) Helsta villa; mesti misskilningur. „Komu þeir a Lambahlíðardal, en þar greip þá aðalvillan. Vissu þeir ekki hvað þeir fóru, fyrr en þeir þekktu sig í Keflavík“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Aðalþaragarður** (n, kk) Helsti/stærsti þaragarður/þarafláki á tilteknu landgrunni. „Þaragarðurinn lá í nokkuð beinni línu fyrir Víkinni og áfram suðureftir, en var jafnframt skemmra undan landi undan Hnífum og Hnífaflögu; að sama skapi sem þau teygðust lengra fram. Þó var ekki allsstaðar hrein sandgljá framan víð aðalþaragarðinn“ (KJK Kollsvíkurver).
- Aðalþáttur** (n, kk) Meginþáttur. „Lóðastrengur var gerður úr tveimur þáttum franskrar línu, en franskar línur voru af þremur aðalþáttum“ (GG; Kollsvíkurver).
- Aðalþrekvirki** (n, hk) Mesta afrek/átak. „Aðalþrekvirki fjelagsins (Baldurs) var að byrja á og vinna að veglagningu uppi í skriðunum milli Örlygshafnar og Sellátraness“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandsshreppi).
- Aðbrysti** (n, hk) Aðfall. „Eftir *liggjandann* verður *snúningur* og byrjar skjótt aðbrysti...“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Orðið heyrðist ekki í almennu tali í Kollsvík á seinni tímum; heldur var notað *aðfall*.
- Aðbúnaður** (n, kk) Aðbúð; aðstæður; það hvernig búíð er að því sem um ræðir, t.d. fólki, fénaði eða munum. „Aðbúnaður manna í verbúðum hefur áreiðanlega verið með misjöfnum hætti. T.d. bera lýsingar frá Kollsvíkurveri vott um allmiklu betri aðbúnað en lýsingar úr t.d. Láturdal“.
- Aðdáandi** (n, kk) Sá sem dáist að einhverju; sá sem er hrifinn/*andaktugur*. „Ég er enginn sérstakur aðdáandi þessarar ríkisstjórnar“!
- Aðdánlega/ Aðdánarlega** (ao/orðtak) Svo vel að aðdánun sætir. „Honum tókst þetta alveg aðdánlega“.
- Aðdánlegur** (l) Sem unnt er að dást að; lofsverður; glæsilegur. „Þetta fannst mörgum aðdánlegt afrek“.
- Aðdánun** (n, kvk) Hrifning; lof; hrós; virðing. „Ég gat ekki leynt aðdánun minni yfir þessari snilld“.
- Aðdánarvert** (l) Vert virðingar/hrifningar. „Alveg fannst mér það aðdánarvert hvað hann var fljótur að svara fyrir sig; hann lætur sko engan eiga neitt hjá sér“!
- Aðdjúpt** (l) Mikið dýpi upp við land; nægt dýpi til að leggja skipum við land. „Nokkuð aðdjúpt er undir Strengberginu, þar sem togarinn strandaði“.
- Aðdragandi** (n, kk) Tildrög; ferill; forsenda; undanfari. „Ég þekki ekki aðdraganda þessarar deilu“.
- Aðdráttaferð** (n, kvk) Kaupstaðarferð til aðdrátta/innkaupa fyrir heimli. „Algengt var að höfð væri samvinna milli tveggja eða fleiri bæja um þessar aðdráttaferðir“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Aðdreginn (l) Hallar *upp við sig*; dreginn inn. „Hleðslan þarf að vera nokkuð aðdregin að ofanverðu, ef hún á að standa vel“.

Aðdróttun (n, kvk) Ásakanir; *áfærni*. „Hann sagðist vera lítt hrifinn af svona aðdróttunum“.

Aðdrættir (n, kk, fto) Öflun nauðsynja. „Oft verða hálsar ófærir að vetri, jafnvel vikum saman, svo erfitt verður um alla aðdrætti. En Kollsvíkingar hafa í gegnum tíðina lagað sig að þessum aðstæðum“.

Aðdróttun (n, kvk) Ásökun, óljós eða undir rós. „Honum þykir illt að sitja undir aðdróttunum af þessu tagi“.

Aðeins (ao) A. Bara; eingöngu. „Ég finn aðeins til í fætinum“. Einnig í skilyrðissetningum; *nema því aðeins*. „Ég mátti til að stríða honum aðeins útaf þessu“. B. Rétt snöggvast; í stutta stund. „Hjálpaðu mér aðeins með þetta“. Einnig *rétt aðeins*.

Aðfall (n, hk) Sjávarfall; flæði; *aðtak*. „Það versnaði nokkuð í sjóinn með aðfallinu, svo við fórum í land“. Þjóðtrúin segir að best muni að hefja ýmis mikilvæg og stór verk með aðfalli. T.d. á að hýsa kýr með aðfalli til að þær lánist vel; sömuleiðis að flytja inn í ný hús.

Aðfangadagshugvekja (n, kvk). Hugvekja (guðsorð) sem lesin er á aðfangadagskvöld. „Fyrir jólin voru steipt tólgarkerti; jólakertin, og lifði alltaf ljós á jólanóttina. Á eftir aðfangadagshugvekju var alltaf sungið; „Aðfangadagur dauða míns/ drottinn þá kemur að...““ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Aðfangadagsmorgunn (n, kk) Morgunn aðfangadags jóla. „Þetta veður hélt óbreytt í 3 daga og það var ekki fyrir en á aðfangadagsmorgun að við komumst yfir fjörðinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Aðfangadagur / Aðfangadagskvöld (n, kk/hk) Dagurinn fyrir jóladag og kvöld hans, sem nefnt er jólakvöld; 24. desember. „Á aðfangadagskvöld var gamla Láganúps húsið allt skreytt og fegrað og heimilisfólk *veltilhaft*. Pabbi hafði sótt lyng og eini út í Vatnadal, sem mamma notaði til að gæða gamla jólatréð lifi. Við hlið þess beið hlaði af spennandi pökkum, og jólasveinarnir hennar mömmu kjöguðu í halarófu eftir stofuhillunni. Áður en gamla stofuklukkan tónaði sín sex slög, settist fjölskyldan spariklædd fyrir framan útvarpið í stofunni og hlýddi á messuna. Halldóra amma tók undir í sálmunum; stundum fleiri, og allir tóku undir faðirvorið. Mikil áhersla var lögð á að allt væri kyrrt og friðsælt, en setan gat orðið óróasömu ungvíði dálítið erfið. Jólakerti slógu daufri og dulmagnaðri birtu á skreytingarnar. Mamma var þó undanþegin friðsældinni, en hún átti óvenju annrkt í eldhúsinu við jólasteikina og allt sem henni fylgdi. Skipst var á kossum og jólakveðjum eftir Heimsumbólið. Eftir veglega máltíð var farið í mjaltir, en áður var kannski þeim yngstu í hópnum leyft að taka upp einn pakka. Kýrnar fengu vel útilátið úrvalsfóður. Eftir þrif og fataskipti var loksins komið að því að opna pakka, sem var í augum barnsins hápunktur jólahátíðarinnar. Síðan var gjarnan gripið í spil; snæddir sjaldséðir ávextir; heimagerter konfekt og heimalagaður ís. Kvöldið teygðist svo fram á nóttina við lestur nýrra bóka“ (VÖ). Á fyrri tímum var einnig talað um aðfangadag páska og aðfangadag hvítasunnna. „Klukkan 6 á aðfangadag jóla komumst við heim og gátum haldið jólin heima“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Aðfaranótt (n, kvk) Nóttin á undan þeim degi sem til er vitnað. „Á aðfaranótt sunnudags gistu þeir sem ekki bjuggu á Sandinum og komust heim, á bæjunum, þeir sem komust þar fyrir; sumir sváfu í hlöðunni í Stekkadal og sumir í tjöldum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Aðfarargerð (n, kvk) Aðför; réttarúræði sýslumanns gagnvart þeim sem ekki stendur við gerða samninga eða úrskurði; ein tegund valdbeitingarheimilda stjórnvalds. Getur t.d. falist í útburði manns af eign sem dæmd hefur verið af honum.

Aðfarir (n, kvk, fto) Aðferð; verklag; tilhögun. „Skelfingar klaufaskapur er þetta; manni líður bara illa að horfa uppá svona aðfarir“!

Aðfenginn (l) Fenginn annarsstaðar frá; *aðkeyptur*. „...hvernig Kollsvíkingar unnu að því að flytja til sín aðfengnar vörur, áður en akfært varð í Víkina“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Aðferð (n, kvk) Verklag; verktilhögun; aðfarir; tilhögun. „Ég hef aldrei notað þessa aðferð fyrir“.

Aðfinnslur (n, kvk, fto) Gagnrýni; útásetningar. „Hann var með einhverjar aðfinnslur um vinnulagið“.

Aðfinnsluvert (l) Sem þarf að gagnrýna/setja útá. „Ég sé nú ekki ýkja margt aðfinnsluvert í þessu“.

Aðflutningur (n, kk) Heimflutningur; aðdrættir. „Var önnur ferðin farin snemma vors og þá var aðflutningurinn tilbúinn túnaburður...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Aðfluttur (l) Aðkominn annarsstaðar frá. „Enda þótt neysla manna á aðfluttum varningi á þessum tímum væri mun fábreyttari en nú er orðið, hefði orðið tafsammt að flytja allar aðfluttar vörur á hestum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

- Aðfrankominn** (l) Kvalinn af þorsta/hungri/þreytu; *að niðurlotum kominn; í andarslitrunum; langt leiddur*. „Hestarnir voru taldir hafa verið 3, og fundust 2 dauðir en einn var hjarandi; þó svo aðfrankominn að honum var engin lífsvon“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Aðfarir** (n, kvk, fto) Aðferðir; vinnulag. „Hvers konar aðfarir eru nú þetta“?
- Aðföng** (n, kvk, fto) Vörur sem útvega þarf; nauðsynjar. „Ætli maður þurfi ekki bráðum að fara í verslun eftir einhverjum aðföngum; hér er að verða smérlaust“.
- Aðför** (n, kvk) A. Árás; herferð. „Formaðurinn mótmælti því sem hann kallaði aðför gegn sér“. B. Réttarúrræði; sjá *aðfararargerð*.
- Aðganga / Aðgangur** (n, kvk) Aðgengi; leið. „Þarna er þétt varp á hillunni, en dálítið erfitt aðgöngu“.
- Aðgangsharður** (l) *Kræfur*; frekur; sá sem *gengur nærri / gengur hart fram*. „Fjandi er hrafninn aðgangsharður við kindina! Ég ætla að fara og gá hvað þarna er að“.
- Aðgá / Aðgát** (n, kvk) Gætni; forsjá. „Það þarf verulega aðgát þegar farið er yfir þessar skriður í þurrkum“.
- Aðgát skal höfð í nærveru sálar** (orðatiltæki) Gæta þarf að því hvað sagt er þegar þeir heyra sem viðkvæmir eru fyrir. Viðhaft t.d. sem varnaðarorð þegar börn eru nærri samræðum. Ljóðlína úr Einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson sem birtist 1921.
- Aðgengilegur** (l) Sem greiður er aðgöngu; sem greiðlegt er að nálgast/ vinna við. „Var það aðgengilegra fyrir þann sem beitti ef búið var að *skelja úr*, og skera beitu þegar þeir komu af sjónum“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Aðgerð** (n, kvk) A. Frágangur á afla; slæging, flatningur, flökun, söltun o.fl. „Aðgerð nefndis það (á skútum) að fiskurinn var fluttur, þveginn og saltaður í þar til gerðar stúur í lestinni“. (GG; Skútuöldin). „Við vorum ekki búnir í aðgerð fyrr en komið var fram á kvöld“. B. Læknisverk. „Það þurfti að gera töluvert mikla aðgerð við hjartað“. C. Verkefni. „Vegurinn lagaðist töluvert mikið við þessar aðgerðir“.
- Aðgerðalaus** (l) Sem ekki aðhefst/vinnur; óduglegur. „Hann hefur verið helst til aðgerðalaus í þessum efnum“. „Ég ætla ekki að standa aðgerðalaus hjá meðan svona er farið með landið“!
- Aðgerðalaust veður** (orðtak) Meinhægt/saklaust veður; rólegt veðurfar. „Vonandi helst svona aðgerðalaust veður meðan þeir koma járninu á þakið“.
- Aðgerðalítill** (l) A. Um mann; sem lítið aðhefst; verkasmár. B. Um veður; fremur rólegt; ekki hvasst og lítill úrkoma. „Það er ekki víst að það verði áfram svona aðgerðalítið veður“.
- Aðgerðarborð** (n, hk) Borð sem fiskur er unninn á, t.d. slægður eða fluttur.
- Aðgerðarhnífur** (n, kk) Fiskihnífur; flökunarhnífur; flatningshnífur.
- Aðgerðarleysi** (n, hk) Hvíld; þegar ekki er unnið. „Ósköp kann ég illa þessum landlegum og aðgerðarleysi“.
- Aðgerðarmaður** (n, kk) Sá sem *gerir að* fiski, t.d. kúttar, flakar eða fletur.
- Aðgerðarpláss** (n, hk) Staður þar sem gert er að fiski; ruðningur. „Rífa þurfti upp hvern stein í aðgerðarpláss og þurrkreit, sem fylgdi hverri búð“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Aðgerðarvettlingar** (n, kvk, fto) Vettlingar sem notaðir eru við aðgerð. „Heiti sjóvettlinga fóru eftir því hvaða verk átti að nota þá: áravettlingar, róðrarvettlingar, færisevttlingar, sprökuvettlingar, aðgerðarvettlingar og slorvettlingar“ (LK; Ísl.sjávvarhættir III). *Sjóvettlingar* voru notaðir í Kollsvík framyfir 1960, síðast líklega af Guðbjarti Guðbjartssyni og Össuri syni hans á Láganúpi. Settu þeir einatt upp ullarvettlinga áður en farið var að hausa; sagði Össur að með því fengist mun betra grip og öryggi.
- Aðgrunnt** (l) Lítið dýpi við ströndina. „Aðgrunnt er á Kollsvíkinni og því henta smábátar best til útræðis“.
- Aðgrynni** (n, hk) *Flágrynni*; grunnur sjór við strönd.
- Aðgæsla** (n, kvk) Varúð. Vestra var þessi orðmynd notuð en ekki sú sem nú er algeng; *aðgát*. „...var af þessu nokkur hætta, en með aðgæslu tókst þeim að komast þetta ósködduðum“ (MG; Látrabjarg).
- Aðgæslufæri** (n, hk) Þegar ekki er unnt að fara um nema með mikilli varúð. „Það er fljúgandi hálka í Hænuvíkurbrekkunum og víða aðgæslufæri“. Orðið er óþekkt annarsstaðar.
- Aðgæsluleysi** (n,hk) Óvarkárni; hugsunarleysi. „Reru þeir upp á boða og hefur það auðsjáanlega verið af aðgæsluleysi“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Arb.Barð. 2003).
- Aðgæslusigling** (n, kvk) Sigling báts þar sem sýna þarf mikla aðgát vegna t.d. veðurs eða grynninga.
- Aðgæsluveður** (n, hk) Veðurlag sem kallar á sérstaka aðgát, t.d. vegna ferða, siglinga eða fokhættu.
- Aðgæta** (s) Huga að; skoða; athuga. „Nú var komið undir flæði, og þá voru þeir sem í landi voru búnir að aðgæta hvort nokkurn staðar væri lendandi í Kollsvík“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Aðgætandi / Aðgætanlegt (l) Athugandi; skoðandi; skoðunarvirði; vert skoðunar. „Það er ekki aðgætandi með sjóveður í dag, ef þessi spá gengur eftir“.

Aðgætinn (l) Fer með varúð/gát; *passasamur*. Aðgætni var mönnum ekki síður nauðsynleg en áræðni og úrræðasemi, til að komast af í Útvíkum. Hennar var jafnt þörf í landtöku við varasamar aðstæður sem í viðsjárverðum bjargferðum; í heyskap í óþurrkatíð sem ferðalögum um langa fjallvegi. „Þórður var aðgætinn“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Aðgætni (n, kvk) Varúð; gát. „Það þarf verulega aðgætni þegar farið er um sveltisganginn“.

Aðhafast (s) Gera; grípa til; hefja. „Ég hef lítið aðhafst í þessu máli“.

Aðhald (n, hk) A. Innlokun; króun. „Við rákum féð í aðhald við klettinn“. „Kindin er í selti þarna í aðhaldinu“. B. Eftirlit; aðgæsla. „Það er nauðsynlegt að veita stjórnvöldum aðhald í þessum málum“.

Aðhaldssamur (l) Sparsamur; gættinn í fjármálum; nískur.

Aðhlátur (n, kk) Hlátur; hæðnishlátur. „Menn sjá núna hvað var mikið vit í þessu, þó hann fengi ekkert nema aðhlátur þegar hann nefndi þetta fyrst“.

Aðhlátursefni (n, hk) Skemmtiefni; til að skemmta sér yfir/ hlæja að. „Svona ráðstafanir eru bara aðhlátursefni“.

Aðhlyning (n, kvk) Aðbúnaður; umönnun. „Fengu þeir hina bestu aðhlyningu“ (ÖG; Þokuróður).

Aðhlæjandi (l) Sem hlegið er að. „Þessi uppákoma var nú eiginlega ekki aðhlæjandi, en engu að síður gat maður ekki annað en brosað“. Sjá *ekki að því hlæjandi*.

Aðhnepptur (l) Um flík; hneppt saman með hnöppum. „Hafðu nú kápuna aðhneppta; það er kalt úti“.

Aðhyllast (s) Vera hlyntur; líta jákvætt á; styðja. „Mér liggur nú við að aðhyllast hans skoðun í þessu efni“.

Aðild (n, kvk) Aðkoma; hlutdeild; þátttaka. „Ég ætla ekki að eiga neina aðild að þessum tiltektum“!

Aðili (n, kk) Sá sem á hlutdeild í/ aðkomu að; viðkomandi maður. „Hann var annar aðilinn að veðmálinu, en hinn var réttarbóndinn“ (PG; Veðmálið).

Aðkallandi (l) Nauðsynlegt; sem liggur á; brýnt. „Nú er orðið aðkallandi að moka út úr húsunum; það er farið að safnast uppundir grindur í miðhúsinu“. „Mér finnst þetta mál ekki verulega aðkallandi“.

Aðkast (n, hk) Áreitni/gagnrýni/hæðni eins eða fleiri manneskja í garð annarrar(r). „Hann varð fyrir allmiklu aðkasti annarra félagsmanna fyrir þessar skoðanir sínar“. Bein merking er að grýta/ kasta í.

Aðkenning (orðtak) Vottur/snertur af; óljós vitneskja; aðdragandi; tilkenning. „Mér finnst ég vera með aðkenningu af einhverjum pestarfjanda“.

Aðkeyptur (l) Keyptur/fenginn annarsstaðar frá; *aðfenginn*. „Allur mjólkurmatgur hefur verið aðkeyptur eftir að kúabúskapur lagðist niður“.

Aðkoma (n, kvk) A. Nálgun; afskipti. „Mín aðkoma að þessu máli var aldrei mikil“. B. Leið/vegur að. „Mér finnst dálítið öfugsnúið að aðkoman að húsinu sé bakdyramegin“. C. Upplifun þegar komið er að. „Aðkoman var næsta ömurleg; sandinn hafði skafið undir yfirbreiðsluna og inn í fiskstæðuna“.

Aðkomandi / Aðkominn (l) *Gestkomandi*; kominn að. „Ég var aðkomandi á bænum þegar þetta vildi til“.

Aðkomubátur (n, kk) Bátur sem gerður er út í veri og er ekki í eigu hemamanna. „Með fyrstu aðkomubátum í Kollsvíkurver var vöðubátur ...“ (GG; Kollsvíkurver).

Aðkomubikkja (n, kvk) Skammaryrði um aðkomna kind/ær. „Þær urðu snarvitlausar þessar aðkomubikkjur þegar reynt var að koma þeim rétta leið heim“!

Aðkomufé (n, hk) Fé sem kemur að; *aðkomukindur*; ekki heimafé. „Mest er þetta heimafé í réttinni, en eitthvað er af aðkomufé innanum“.

Aðkomuformaður / Aðkomuháseti (n, kk) Formaður/háseti sem ekki eru heimamenn í veri. „Það er komið að vertiðarlokum. Aðkomuformenn með skipshafnir, sem og aðkomuhásetar, fara að búast til heimferðar“. ... „Árin eftir 1930 þrengdu þó enn að kosti útgerðarmanna og bænda. Útgerð aðkomumanna lagðist niður úr Kollsvíkurveri“ (KJK; Kollsvíkurver).

Aðkomukind (n, kvk) Kind sem ekki er á heimaslóð; *aðkomufé*. „Þarna er aðkomukind, innst í garðanum“.

Aðkomumaður (n, kk) Sá sem er aðkomandi/gestkomandi á viðkomandi bæ/svæði.

Aðkonumegin (ao) Sú hlið kýrinnar sem snýr að mjaltakonu; venjulega hægri hlið. Það gildi þó aðeins um mennskar mjaltakonur; *huldukonur* mjólkuðu *frákonumegin*; sjá þar.

Aðkrepptur (l) Í slæmri stöðu; aðþrengdur. „Ég fer að verða dálítið aðkrepptur með að klára á tilsettum tíma“.
„Það *kreppir* stöðugt að í þessum málum“. „Þegar Hagagilsáin fellur niður úr Neðri-Vatnadalnum rennur hún á milli tveggja hæða um frekar aðkreppt skarð...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Aðlaðandi (l) Heillandi; þokkafullur; sem dregur að. „Mér finnst þetta nokkuð aðlaðandi kostur“.

Aðlaga / Aðlagast (s) Fella að; laga sig eftir. „Eftir nokkurn tíma hafði sjónin aðlagast birtunni svo ég gat *kastað tölu á fêð* í karminum“.

Aðlagnargjóra / Aðlaganarvottur (n, kk) Lítilsháttar *aðlögn*. „Aðeins eykur hann veltinginn í þessari aðlagnargjólu“. „Það var *blankalogn* allan daginn, nema smá aðlagnarvottur seinnipartinn“.

Aðlega (n, kvk) *Atlega*; taður við hlein sem hægt er að leggja báti að, þannig að menn og flutningur komist í og úr landi. Oftast undir bjargi og nefnt í tengslum við bjargferðir. „Niður úr Saxagjá liggja *lášgöngur* á Ytri-Lundavelli; þar má síga í fjöru. Þarna er talin best aðlega undir Bjarginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur- og Saurbæjarbjargs).

Aðlútandi (l) Sem lýtur að; sem fjallar um. „Hann er manna fróðastur um allt aðlútandi þessu málefni“.

Aðlögn (n, kvk) Álandsvindur eftir sólríkan dag; *innlögn*; *sólfarsvindur*. Yfirleitt gætir sólfarsvinda lítið í Kollsvík, en þó getur aðlögn orðið all áberandi eftir sólríkan, heitan og stilltan dag. „Svo er hér talað um aðlögn (sem annarsstaðar er nefnd innlögn) í fjörðum í sterku sólskini, þegar landið hitnar um miðjan daginn“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms). „Ekki brimaði að ráði þó aðlögn gerði því helst var það þegar að öðru leyti var stillt og gott veður“... „Ef til vill er kominn norðan kaldi, „aðlögn“, þegar þessu kasti er að ljúka“ (KJK; Kollsvíkurver). Sólfarsvindur í Patreksfirði var nefndur *innlögn* og hún getur orðið *steitingshvöss*.

Aðnjótandi (l) Sem nýtur góðs af. „Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að veljast í formannsstól í félaginu“.

Aðra stundina (orðtak) Öðru hvoru; stundum; *af og til*. „Hann rýkur upp aðra stundina, með hellidembum“.

Aðrennsli (n, hk) Aðkomandi rennsli. „Kjávötnin halda nánast stöðugu dýpi, þrátt fyrir að þar sé hvorki sýnilegt aðrennsli né frárennsli og þau séu nánast uppi á fjallshrygg. Sama er um Breiðsvatn“.

Aðseta (n, kvk) Staður þar sem menn *sátu undir vað* við *bjargsig*. Oft er þröngt um niðri í klettum og erfitt að *sitja vel að*. „Aðseta var þarna þannig að mikill halli var við brúnina...“ (MG; Látrabjarg). Þeir sem sitja undir vað eru vaðmenn, en *brúnamaður* fylgist með þeim sem niðri er. Mikilvægt er að *þekkja vel merkin*; þ.e. þegar *bjargmaðurinn* gefur merki með því að kippa í vaðinn um hvort hann vill láta *gefa*; *hífa eða halda*.

Aðsetur (n, hk) Búsetustaður; heimili; föst staðsetning. „Aðsetur sýslumanns er á Patreksfirði“.

Aðsig (n, hk) Aðdragandi; tildrög. Eingöngu nú í orðtakinu *í aðsigi*.

Aðsjáll (l) Gættinn í fjármálum; aðhaldssamur; nískur. „Hann hefur verið aðsjáll í sínum rekstri“.

Aðsjálmi (n, kvk) Aðgæsla; sparnaður í fjárhag. „Hann hefði mátt sýna nokkuð meiri aðsjálmi í fjárútlátum“.

Aðsjón (n, kvk) Umsjón; tilsjón; umönnun. Í síðari tíð einungis í merkingunni tilsjón/raunhæfur möguleiki: „Það var engin aðsjón að leggja upp að hleininni í þessum súgi“.

Aðskilja (s) Aðgreina; sortera; *vía frá*. „Við þurfum að reyna að aðskilja Breiðavíkurféð frá okkar fé“.

Aðskiljanlegustu hlutir (orðtak) Fjölbreytt úrval; kennir margra grasa. „Í kistunni ægði saman hinum aðskiljanlegustu hlutum sem þangað höfðu ratað í áranna rás“.

Aðskilnaður (n, kk) Viðskilnaður; það að vera ekki saman.

Aðskorinn / Aðsniðinn (l) Um fatnað; þröngur; fellur þétt að; mittismjór.

Aðskotadýr / Aðskotakvikindi (n, hk) Dýr sem komið er að; aðkomukind; aðkomumaður. „Mér leið eins og einhverju aðskotadýri í þessum félagsskap“.

Aðsókn (n, kvk) A. Árás; það að sótt sé að einhverjum. Oft notað um það þegar maður fær martröð og finnst að á sig sé ráðist í svefni af draugum eða öðrum forynjum. „Ég held að þetta hafi verið aðsókn, en fjandinn má vita hver sendi hana á mig“. B. Syfja; það að svefn sæki á mann. Því var trúað að eitthvað óhreint fylgdi gestum og gerði vart við sig ef þeirra var von, t.d. með því að heimilismaður yrði syfjaður. „Nú sækir að mér; hver gæti verið á ferðinni núna“? Sjá *sækja að*. C. Mæting; eftirspurn. Síðari tíma merking.

Aðsópsmikill (l) Um manneskju; sem er áberandi í útliti eða háttum; áberandi; fyrirferðarmikill. „Einar í Kollsvík var aðsópsmikill sveitarhöfðingi“. Sjá *sópar að*.

Aðspurður (l) Sem spurður er að einhverju. „Aðspurður sagðist hann hafa gleymt þessu“.

Aðstaða (n, kvk) Vinnuskilyrði; svigrúm; pláss; athafnasvæði. „Eftir að Einar bróðir byggði á Gjögurum kom þar fljótlega bryggja, þannig að aðstaða til útgerðar trillubáta þaðan batnaði til muna“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).

Aðstandandi (n, kk) Sá sem hefur skyldur við; náinn ættingi. „Við sendum aðstandendum samúðarskeyti“.

Aðsteðjandi (l) Sem blasir við; sem er væntanlegt. „Við þurftum að leysa ýmis aðsteðjandi vandamál“.

Aðstoð (n, kvk) Hjálp. „Hann veitti okkur aðstoð við innreksturinn“.

Aðstoða (s) Hjálpa; veita *aðstoð*. „Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjárrag...“ (IG; Æskuminningar).

Aðstoðarmaður (n, kk) Sá sem veitir aðstoð; hjálparkokkur.

Aðstæður (n, kvk, fto) Kringumstæður; hættir. „Aðstæður til lendingar voru með besta móti“.

Aðstöðugjald (n, hk) Skattur sem greitt er af atvinnurekstri til hreppsjóðs. „Þá taldi hann of gróft farið í álagningu aðstöðugjalda“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Aðstöðugjaldsfótur / **Aðstöðugjaldsprósent**a (n, kk/kvk) Hlutfall/viðmiðun aðstöðugjalds. „Taldi oddviti ógerning á þessu ári að breyta aðstöðugjaldsfæti, þar sem það yrði að ákveða slíkt í febrúarmánuði“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Aðstöðuleysi (n, hk) Skortur á góðri/fullnægjandi aðstöðu. „Þetta er varla gerlegt í svona aðstöðuleysi“.

Aðsúgur (n, kk) Atlaga; árás. „Fundarmenn gerðu nánast aðsúg að honum eftir þessa ræðu, svo augljóst var að þessi sjónarmið nutu ekki fylgis“. Sjá *gera aðsúg að*. Bókstafleg merking er flán öldu upp á land.

Aðsvif (n, hk) Yfirlíð; meðvitundarleysi; vönkun. Heitið vísar til þess að fyrrum hefur verið talið að vönkunin kæmi utanfrá og stafaði af yfirlíðarreglum völdum, líkt og *mara* eða *sending*.

Aðtak / **Aðfall** (n, hk) Aðfall; breyting sjávarstöðu frá háfjöru til háflæði. „Ég gæti trúað að hann fari að rigna með aðtakinu“. „Við róum í aðtakið; þá verðum við frammi um *snúninginn*“. „Að fenginni hressingu var gengið til ruðnings og byrjað á aðgerð, uns sást að komið var aðtak; byrjað að falla að“ (KJK; Kollsvíkurver).

Aðvara / **Aðvara með** (s/orðtak) Láta vita af; koma boðum til; gera viðvart. „Það þarf að aðvara Vegagerðina með þessa skriðu á Fjörunum“.

Aðventa (n, kvk) Jólafasta; síðustu fjórir sunnudagarnir fyrir jól adag. Orðið er úr latínu og merkir það að koma. Beri jóladag uppá sunnudag verður hann fjórði sunnudagur í aðventu. Orðið er komið úr latínu; adventus sem merkir koma og vísar til komu Krists. Á síðari tímum hefur verið tekinn upp sá útlenski síður að setja upp fjögurra kerta adventukransa eða rafljós. Slíkt þekktist ekki í Kollsvík áður fyrr svo vitað sé, en eflaust hefur þar verið fastað á jólaföstudni eins og víðar áður fyrr.

Aðventisti (n, kk) Sá sem tilheyrir trúarhópi adventista. Kirkja sjöunda dags adventista greinir sig frá öðrum kristnum söfnuðum í því að halda laugardaginn heilagan sem hvíldardag. Á rætur að rekja til New-Hampshire í Bandaríkjunum 1844, en hérlendis var kirkja stofnuð 1914 og hefur nú allnokkur umsvif.

Aðvera (n, kvk) Möguleiki; gerlegt. „Það engin aðvera að vinna við þessar aðstæður þó maður láti sig hafa það“. Orðið er ekki þekkt annarsstaðar í þessari merkingu, en var almennt notað þannig í Kollsvík. Þekkt er notkun annarsstaðar í merkingunni „aðstaða“.

Aðvífandi (l) Um þann sem kemur óvænt. „Heppni að hann kom þarna aðvífandi og gat bjargað málum“.

Aðvörun (n, kvk) Viðvörun; varnaðarorð. „Hann lét sér ekki *segjast* við þessa aðvörun“.

Aðþrengdur (l) Í klemmu; þjarmað að; tæpur með nauðsynjar; mjög hungraður. „Við förum bráðum að verða dálítið aðþrengdir með salt“.

Af (einhverjum) að vera (orðtak) Miðað við stöðu/uppruna/ætt einhvers. „Mér finnst þetta hraustlega gert; af ekki sterkari manni að vera“. „Hrúturinn er ansi vænn; af tvílembingi að vera“.

Af (öllu) afli / **Af alefli** (orðtak) Með krafti; með því að beita fullum styrk. „Ég sparkaði af afli í hurðina og náði að opna dálitla rifu“. „Nokkuð hnikaðist tréð þegar ég tók á því af alefli“.

Af afspurn (orðtak) Af fréttum; gegnum milliliði. „Ég þekki þetta mál bara af afspurn“.

Af ásettu ráði (orðtak) Að yfirlögðu ráði; viljandi. „Hann gerði þetta óviljandi en ekki af ásettu ráði“.

Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá (orðatiltæki) Menn skyldu dæmdir af verkum sínum. Speki úr Mattheusarguðspjalli biblíunnar.

Af eða á (orðtak) Taka ákvörðun; framkvæma eða hætta við; taka boði eða synja. „Hann verður að *segja af eða á* um þetta; vill hann þiggja boðið eða hætta við kaupin“? „Þú verður að segja af eða á“.

Af eigin rammleik (orðtak) Án aðstoðar; með eigin hendi/kröftum; hjálparlaust. „Ég stakk úr skurðbökkunum, og loksins tókst kúnni að klórast uppúr af eigin rammleik“. „...skyldi hann fylgja okkur svo langt vestur á Tunguheiði (Hálfván) að öruggt væri að við kæmumst af eigin rammleik að Tungu í Tálknafirði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Af enda og á (orðtak) Milli enda; frá upphafi til enda. „Fjörurnar eru *kolófærar*; alveg af enda og á“.

Af er (það) sem áður var (orðatiltæki) Tímarnir eru breyttir. „Mikil ósköpin eru að sjá slæðurnar hér útum öll tún! Ja; af er það sem áður var; þegar hvert einasta strá var hirt í hlöðu og nýtt til fóðurs“! Einnig; *það er af sem áður var*.

Af er verk þá unnið er / Af/úti er þraut þá unnin er (orðatiltæki) Það verður ekki til tafa/þrautar sem lokið er.

Af erlendu bergi brotinn (orðtak) Um manneskju; af erlendum kynstofni/ættum; ættuð frá útlöndum.

Af fullum krafti (orðtak) Á fullu; af alefli. „Þegar voraði voru horn, leggir, kuðungar og kúskeljar tekin úr vetrargeymslu og farið að stunda búskap af fullum krafti“ (IG; Sagt til vegar II).

Af góðum huga koma góð ráð/verk (orðatiltæki) Vísar til þess að sá sem er velviljaður/jákvaður er jafnan ráðbetri en hinn sem er illviljaður eða svartsýnn; sá sem er velviljaður gerir gjarnan góðverk.

Af guði gerður/skaptur (orðtak) Skapaður; gerður. „Ég er ekki þannig af guði gerður að ég skilji mann eftir í neyð, án þess að reyna að aðstoða hann“.

Af guðsnáð / Af drottinsnáð (orðtak) Eins og skapaður er; með guðsgjöf. Jafnan notað um eiginleika manns. „Hann er söngvari af guðsnáð“. „Hann var leikari af drottinsnáð, þó ólærður væri“.

Af heilum huga (orðtak) Heilshugar; af sannfæringu; án þess að efast. „Er með sanni almáttug/ eining góðra manna./ Trúum þannig heilum hug/ hver á annars þor og dug“ (JR; Rósarímur).

Af handahófi (orðtak) Af tilviljun; án vals. „Ég tók bara nokkur egg af handahófi, án þess að skyggna“. Hóf merkir þarna líklega hreyfing (að hefja), og er merkingin því; „eins og hendurnar hreyfast“.

Af (einhvers) hálfu (orðtak) Af hendi einhvers; að því er varðar einhvern. „Þetta er í góðu lagi af minni hálfu“. „Hún sagðist ekki hafa sætt góðri meðferð af hans hálfu“.

Af hendingu (orðtak) Af tilviljun; fyrir rælni; svo vildi til. „Ég var ekkert sérstaklega að leita að fé á þessum slóðum, en af hendingu varð ég var við hrútahópin efst uppi í teigunum“.

Af hrellandi / Af takandi (orðtök) Unnt/vert að taka af/minnka. „Ég bað hann ekki um egg í soðið; hann fékk svo lítið í ferðinni að það var ekki af því hrellandi“.

Af hverju (orðtak) Hvers vegna; af hvaða völdum. Algengt þegar spurt er um orsök: „Af hverju er þetta svona“?

Af illum gefast ill ráð (orðatiltæki) Ekki er gott að þiggja ráð hjá óvönduðum mönnum.

Af illum jafnan ills er von (orðatiltæki) Búast má við slæmu frá þeim sem eru illa innrættir.

Af kappi (orðtak) Af miklum móð; af krafti. „Heyinu var rutt af kappi inn í hlöðuna“.

Af litlum neista getur orðið/ verður oft mikið bál (orðatiltæki) Ekki þarf mikið til að verða upphaf að stórmáli/stórviðburði.

Af lífi og sál (orðtak) Heilshugar; af heilum hug. „Hann sinnir þessu áhugamáli af lífi og sál“.

Af (öllum) lífs og sálar kröftum (orðtak) Eins og orkan framast leyfir; *undir drep*. „Ég öskraði á hann af öllum lífs og sálar kröftum, en hann heyrði ekkert gegnum veðurnýinn“.

Af manni genginn (orðtak) Örmagna; dauðþreyttur; úttaugaður. „Ég var alveg af manni genginn eftir átökin“. *Sjá af sér genginn*.

Af (tómri) meinsemi / kvikindisskap (orðtak) Af stríðni; sem hrekkur; til að vekja illindi. „Ég held að hann hafi gert þetta af meinsemi við karlinn“. „Af kvikindisskap mínum hellti ég bara blávatni í bollann“.

Af miklum móð (orðtak) Af kappi; af krafti/dugnaði; í flýti. „Hann mokaði upp í börunnar af miklum móð“.

Af og frá (orðtak) Útilokað; *afskorið*; alls ekki. „Það er af og frá að ég hafi sagt þetta“.

Af og til (orðtak) Öðru hvoru; annarslagið; endrum og sinnum. „Af og til hrökk hann upp“. „Ég leit út um gluggann af og til; hvort þeir væru nokkuð að koma“.

Af rælni (orðtak) Af hendingu/tilviljun; vegna óljóss hugboðs. „Af rælni leit ég inn í kofann í leiðinni. Þá sá ég þar kind sem hafði fest hornin í netunum“.

Af sama tagi/toga (orðtak) Samskonar; eins. „Mér sýnist þetta vera af sama toga og það fyrra“. Vísar til ullarvinnu og merkir líklega „af sama lit“ eða „af sama reyfi“.

Af sem áður var (orðtak) Ekki eins (gott) og það var fyrrum; síðirnir eru breyttir. „Það er af sem áður var; þegar aðkomumenn flyktust í Kollsvík í sumarbyrjun til útróðra“.

Af sér genginn (orðtak) Þrotinn að kröftum/úthaldi. „Eftir þennan eltingarleik var hann alveg af sér genginn“. *Sjá af manni genginn*.

Af sjálfsdáðum (orðtak) Fyrir eigin rammleik/getu. „Maðurinn sem rak á land hlýtur því að hafa komist út af sjálfsdáðum áður en hann rak að landi“ (ÁH um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).

Af sjálfu sér (orðtak) Sjálfkrafa; án utanaðkomandi hjálpar/verknaðar. „Einhver hefur gleymt að ganga frá fjárhúsdryrunum; þær opnast ekki af sjálfu sér“! „Þessi vandamál leystust af sjálfu sér“.

Af sjálfu sér leiðir (orðtak) Afleiðingin er eðlilega. Sjá *leiðir af sjálfu sér*.

Af skornum skammti (orðtak) Naumt skammtaður; naumur; knappur. „Einhverja hvíld hafa mennirnir orðið að fá meðan á þessu stóð, þó líklegt sé að hún hafi verið af skornum skammti“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Af skömmum sínum (orðtak) Af illkvittni; til að gera óskunda; af hrekkvísi. „Strákarnir gerðu það af skömmum sínum að binda skóreimar karlsins saman meðan hann svaf í stólnum“.

Af stað (orðtak) Áfram; frá verustað. „En þegar hann sér til Jóns, sem heima átti enn í Kívigindisdal, koma suður í Verið; hleypur hann af stað norður þangað“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Af tvennu illu (orðtak) Af tveimur slæmum kostum. „Af tvennu illu vil ég heldur moka undan grindunum en hlusta á þessa árans þingmenn þylja upp innantóm loforð“.

Af vanefnum (orðtak) Á ódýran máta; með lítil fjárráð. „Þessi framkvæmd var af miklum vanefnum“.

Af veikum mætti (orðtak) Máttlítið; veikullega. „Var það gert af veikum mætti...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Af viti (orðtak) Gáfulegt; skynsamlegt. „Það var mikið að þú sagðir eitthvað af viti“!

Af þeim toga / Af því tagi/taginu (orðtak) Af þeirri tegund; af slíku.

Af því / Af því (orðtak) Vegna þess; af þeim ástæðum. „Ég hætti við, af því að ég sá engan tilgang með þessu“.
„Þú verður fljótt þreyttur af því að ausa alltaf með sömu hendinni“.

Af sama/því bergi brotinn / Af því/sama sauðahúsi (orðtak) Þeirrar/sömu tegundar; úr sama/þeim hópi. „Hann var ekki af sama bergi brotinn og margir hans frændur“.
„Ég kys hvorki hann né nokkurn af því sauðahúsi“!
„Þetta er allt af sama sauðahúsinu“.

Af (allt) öðru sauðahúsi (orðtak) Öðruvísi; af öðrum toga. „Þessi nýi sýslumaður virðist vera af allt öðru sauðahúsi en gamli skúnkurinn“.

Af öllum mætti (orðtak) Með fullum krafti; af alefli. „Ég reri af öllum mætti, og tókst að forða bátnum frá brotinu“.

Afar (ao) Mjög. „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróið“ (PG; Veðmálið). Notað sem forskeyti með mörgum lýsingarorðum og sumum nafnorðum.

Afarhægt (l) Mjög rólega. „Já, hér er flágrynni; landgrunninu hallar afarhægt. Hér snardýpkar ekki fyrir en við Víkurál, sem er um 9 stunda ferð frá Patreksfirði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Afarkostir (n, kk, fto) Hörð skilyrði; erfitt val. „Vermenn urðu annaðhvort að hlíta afarkostum kaupmanna eða tapa sínum afla“.

Afarmenni (n, kk) Hættulegur maður; ruddi. „Hann gat orðið afarmenni þegar hann reiddist illa“.

Afarreiður (l) Mjög reiður; *fjúkandi illur/vondur*. „Hann varð víst afarreiður við þessi tíðindi“.

Afbaka (s) Aflaga; brengla; gera afkárlegt. „Eitthvað er nú búíð að afbaka þessa sögu, heyrir mér“.
Vísar líklega til þess að *bak* er tekið af trjából þegar hann er unninn í borðvið eða planka.

Afbarka / Afbirkja (s) Fjarlægja börk af tré; *birkja* tré. „Rekatréð var svo heilt að það hafði ekki náð að afbarkast“.
„Tréð var furðu nýlegt. Ég þurfti að afbirkja það sumsstaðar“.

Afbeita (s) Taka notaða beitu af öngli. Sjá *afbeitingur*.

Afbeitingur / Afbeitningur (n, kk) Beita sem búíð er að nota til veiði, en kemur aftur upp á önglinum og þarf þá að losa af áður en aftur er beitt. „Ef þær (lóðirnar) voru þá jafnframt stokkaðar upp, var talað um að afbeita eða afslíta; einnig að afskeina lóðirnar, eða einungis að skeina þær. En beitan var þá kölluð afbeitingur eða afslit“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).

Afbera (s) Þola; halda út. „Ég varð að lóga hundinum í morgun. Ég gat ekki afborið að sjá hann þjást svona“.
Hinsvegar er orðtakið „bera af“ með allt aðra merkingu, þ.e. skara framúr.

Afbiðja (s) Visa frá; falla frá beiðni; *frábiðja*. „Ég verð að afbiðja þessa smala ef veðurspáin gengur eftir“.

Afbjarga (l) Sól var afbjarga þegar hún hvarf af hæstu fjallatindum og var bjart í norðurátt“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÖETh; DE og ÓM).

Afboða (s) Afturkalla boð. „Fundurinn var afboðaður vegna veðurs“.

- Afboðun** (n, kvk) Afturköllun boðs. „Ég vona að afboðunin berist þeim í tæka tíð“.
- Afborgun** (n, kvk) Áfangagreiðsla af skuld.
- Afbragð** (n, hk) Ágæti; það sem skarar framúr/ er til fyrirmyndar. „Hann þótti afbragð annarra manna“. Forskeyti margra lýsingar- og nafnorða, til áhersluauka.
- Afbragðsgóður** (l) Afburðagóður; frábær; mjög góður. „Hún eldaði afbragðsgóðar eggjakökur“.
- Afbrigða-** Forskeyti margra orða til áherslu, til að lýsa einstökum/framúrskarandi eiginleikum. S.s. afbrigðagóður; afbrigðaslæmur; afbrigðalatur; afbrigðaduglegur.
- Afbrigðavel** (ao) Mjög/frábærlega vel. „Í þeim efnum stóð hann sig afbrigðavel; það má hann eiga“.
- Afbrigði** (n, hk) A. Frábrigði; einstakt eintak. „Hann sagðist aldrei hafa séð svona afbrigði af þorski“. „Þetta heppnaðist með afbrigðum vel“. B. Undantekning. „Leita þurfti afbrigða frá þingsköpum til að koma málinu á dagskrá“.
- Afbrot** (n, hk) Brot á reglu; lögbrot. „Það þótti refsivert afbrot að hægja sér utan viðurkenndra svæða í verinu, og gátu menn átt yfir höfði sér sektir sem teknar voru af aflahlut“.
- Afbrýði / Afbrýðisemi** (n, kvk) Öfund. „Vertu nú ekki með þessa afbrýði úti hann útaf hnífnum“!
- Afbrýðisamur** (l) Sem sýnir merki um öfund/afbrýði.
- Afbrýna** (s) *Brýna úr bit; róa eggina; brýna af*; nota rangt brýnsluhorn. „Þú þarft að gæta þess að afbrýna ekki ljáinn“.
- Afburða-** Áhersluforskeyti margra lýsingar- og nafnorða, til að sýna að skarað sé framúr. S.s. afburðagóður; afburðafallegur; afburðafróður; afburðaglöggur; afburðaharður; afburðasterkur; afburðasjómaður o.fl.
- Afburðafær** (l) Sumir eru afburðafærir í bjargi; fara það bandlausir sem flestum reynist ófært án þess þó að tefla mjög á tvær hættur og eru svo léttir í vaðdrætti að furðum sætir. Til þess þarf m.a. að vera laus við lofthræðslu; vera útsjónarsamur með afbrigðum; hafa góða tilfinningu fyrir traustleika hand- og fótfasta og kunna að létta á undirsetumönnum. Af afburða bjargmönnum 20. aldar í Rauðasandshreppi má m.a. nefna Daníel Eggertsson; Hafliða Halldórsson; Andrés Karlsson; Kristján Júlíus Kristjánsson; Jón Hannesson og Marínó Kristjánsson og eru þó alls ekki allir upp taldir.
- Afburðagóður** (l) Frábær; einstaklega góður. „Það er eftirsjón að þeirri kind; hún hefur gert afburðagóð lömb“. „Hingaðtil hefur heyskapartíðin verið afburðagóð“.
- Afburðamaður** (n, kk) Sá sem skarar framúr öðrum. „Hann var afburðamaður á þessu sviði“.
- Afburðavænt** (l) Um holdafar sauðfjár; mjög vænt. „Það er afburðavænt, féð af Hlíðunum, enda í úrvalsbeit“
- Afbæjar** (ao) Ekki heimavið; á öðum bæjum. „Ég kom þarna við, en hann var eitthvað afbæjar þá stundina“.
- Afbæjarfé** (n, hk) Fé sem ekki er heimafé. „Komi afbæjafé fyrir eftir að fjallskilum er lokið, skal tilkynna það eigendum fjárins...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).
- Afbökun** (n, kvk) Brenglun; útufrun; útufrun. „Mér er illa við svona afbökun á gamalgrónu máli“!
- Afbötun** (n, kvk) Afsökun. „Þjófurinn hafði það sér til afbötunar að engin önnur bjargráð voru fyrir hendi“
- Afdalakerling** (n, kvk) Kvenmaður sem býr í sveit (niðrandi merking). „Svo þegar útrásarvíkingarnir fóru að kaupa upp stóeignir í nálægum löndum þá virtist þjóðin sitja með stjórnur í augunum af aðdáan á snilli þessara manna; svo að þó að einhver afdalakerling skildi þetta ekki þá vottaði það bara hennar heimsku!“ (SG; Bankahrúnið; Þjhd.Þjms).
- Afdalur** (n, kk) Dalur sem gengur inn af öðrum dal, eða þvert á hann. Þannig eru t.d. Tungudalur, Kálfadalur, Lambadalur, Heiðardalur, Vandardalur og Miklidalur afdalir frá Örlygshöfn.
- Afdankaður** (l) *Úr sér genginn*; lélegur. „Þessir stólagarmar eru orðnir afdankaðir fyrir löngu“.
- Afdauður** (l) Dauður; steindauður; löngu dauður. „Þessi hjátrú er afdauð fyrir löngu“.
- Afdráttarlaus** (l) Vafalaus; skýr. „Hann var alveg afdráttarlaus í sínum svörum“.
- Afdrep** (n, hk) Skjól fyrir veðri. „Kindurnar fundu sér afdrep í hellinum“. „...og hleypti í rokinu vestur undir Látrabjarg, þar var afdrep“ (BS; Barðstrendingabók).
- Afdrif** (n, hk, fto) Örlög; framvinda; endalok. „...en hann hafði verið fenginn til þess að fara út á Látrabjarg og skyggnaft eftir því hvort hann yrði nokkurs vísari um afdrif þeirra félaga...“ (ÖG; Þokuróður).
- Afdrift** (n, kvk) Rek; drift. „Ída var... djúprist og hafði því mjög litla afdrift, en það var talinn mikill kostur góðra seglskipa“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).
- Afdæma** (s) Útiloka; dæma útilokað/ómögulegt. „Ekki ætla ég alveg að afdæma þessa fullyrðingu“.

Afdæmt (l) Útilokað; vonlaust; *afskorið; fráskorið*. „Það er alveg afdæmt að við róum í dag ef hann heldur þessum gutlanda“.

Aféta (s) Éta allan mat frá; borða svo mikið að annar fái ekki nóg. „Þú verður að *halda þig að* matnum, svo þú verðir ekki afétinn“!

Affallalaus (l) Án affalla/tjóns/vanhalda.

Affallasamt (l) Með miklum afföllum/áföllum; tjóni/vanhöldum. „Það vill verða affallasamt í Bjarginu“.

Affarasælt (l) Farsælt; vænlegt til árangurs. „Ég held að affarasælast sé að hafa þetta óbreytt“. „Ég *ræð* því almennt *til* að spara *hey fyrrihluta* vetrar handa þeim *pening* er notið getur beitar, því reyndin hefur kennt okkur að affarasælla sé að eiga þau heldur til voranna og seinni hluta vetrar“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Afferma (s) Bera/taka farm úr skipi eða öðru flutningatæki. „Hver hönd var viðbúin að taka á móti bátnum, og var hann á skömmum tíma affermdur og bát og farmi bjargað undan sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).

Afferming (n, kvk) Það að afferma/bera af skipi eða öðru flutningatæki.

Afföll (n, hk, fto) Rýrnun; skaði/tjón að hluta. „Það urðu afföll á saltinu þegar vatn komst í geymsluna“.

Afgamall (l) Mjög gamall; eldgamall. „Það er ég viss um að þetta ket er af afgamalli og sjálf dauðri belju, en ekki ungnauti, þó það standi á matseðlinum“!

Afgangs (ao) Eftir; umfram. „Það verður vist lítið afgang af hákarlinum þegar þú hættir að kroppa“!

Afgangur (n, kk) A. Leifar; rest; það sem eftir er. „Mér sýnist að það verði enginn afgangur af því að saltið dugi“. „Afgangur heyja *minni en skyldi*, eftir jafn góðan vetur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

B. Einnig í óeiginlegri merkingu; á mörkunum. „Það var enginn afgangur af því að ég næði að klórast þarna upp á brúnina, en það hafðist“.

Afgerandi (l) Skýr; sem tekur af allan vafa. „Það er enginn afgerandi munur á þessu tvennu“.

Afgirða (s) Skilja frá öðru svæði með girðingu; girða af/milli.

Afgjald (n, hk) Leiga; afborgun.

Afglapaháttur (n, kk) Bjánagangur; sauðsháttur. „Hvers konar afglapaháttur er þetta“?

Afglapi (n, kk) Auli; bjáni. „Skelfilegur afglapi hefur maðurinn verið“

Afglöp / Afglapaháttur (n, hk, fto) Mistök; yfirsjónir. „Þetta verða að teljast herfileg afglöp“.

Afgogga (s) Taka fisk af línu eftir að hann hefur verið goggaður inn í bát. „Þegar byrjað var að draga línuna var hún beitt út jafnt og dregið var. Tveir menn voru undir árum í andófi. Þriðji maðurinn dró línuna, goggaði og afgoggaði fiskinn, en sá fjórði beitti út línuna“ (KJK; Kollsvíkurver).

Afgreiða (s) A. Sinna; þjóna; gera til hæfis; láta viðskiptavin hafa vörur úr búð gegn greiðslu. „Ók þá steinbítshausum, afgreiddi í búðinni og gerði það sem til féll“ (IG; Æskuminningar). B. Líkingamál; sjá um; klára; vinna á. „Ég er nú fljótur að afgreiða svona frekjuhunda; ég sagði honum bara að hypja sig“!

Afgreiðsla (n, kvk) Það að afgreiða/þjóna. B. Staður þar sem afgreitt er, t.d. í verslun.

Afhausa (s) Taka haus af; hausa fisk. „Þegar við fórum að draga lóðirnar var ágætur afli á þær og lét Guðmundur einn maðurinn strax *ganga í* að afhausa og slægja fiskinn“ (HO; Ævisaga; rósið úr Láturdal).

Afhelga (s) Afnema sérstaka helgi á einhverju, t.d. kirkju. Ekki er vitað nákvæmlega hvernig eða hvenær afhelgun Kirkjubólakirkju í Kollsvík fór fram eftir siðaskiptin, en allar líkur eru á að hún hafi verið byggð og vígð af Kolli sjálfum sem keltnesk kirkja; fyrsta kirkjan á Íslandi.

Afhenda (s) Láta af hendi; fá einhverjum í hendur. „Ég afhenti honum lyklana að kistunni“.

Afhending (n, kvk) Það að afhenda.

Afhellir (n, kk) Hellir innaf öðrum helli; *hliðarhellir*. „Inn úr Sandhelli er afhellir...Þumall“ (GG; Önefnaskrá Láganúps).

Afhjúpa (s) Gera sýnilegt; taka umbúðir af.

Afhreistra (orðtak) Fjarlægja/skafa hreistur af fiski eða öðru.

Afhuga (l) Fráhverfur; hefur ekki lengur áhuga. „Hann er orðinn þessum kaupum alveg afhuga núna“.

Afhýða (s) Hýða rækilega; *kaghýða*.

Afhýsi (n, hk) Hús sem gengur út frá öðru stærra húsi; viðbygging.

Afhættis (ao) Of seint; ógerlegt. „Það er nú ekki afhættis með að þú komist fyrir kindurnar ef þú leggur strax af stað“. „Ég held að það sé alveg afhættis með það að við náum að draga alla strengina í dag“.

Afhöfða (s) Hálshöggva; höggva höfuð af manneskju.

Afkarta (s) Taka/skrapa burtu körturnar/gaddana á grásleppu eða rauðmaga.

Afkasta (s) Áorka; koma í verk; geta gert. „Það var með ólíkindum hverju hann hafði afkastað“!

Afkastamikill (l) Sem afkastar/áorkar miklu.

Afkáralega (ao) Bjánalega; aulalega; asnalega. Vísar til forna lýsingarorðsins „kárr“ sem merkti hrukkóttur; gáróttur; hrokkinhærður

Afkáralegur (l) Aulalegur; bjánalegur. „Þú ert nú dálítið afkáralegur með þessa húfuómynd“.

Afkimi (n, kk) Afvikinn staður; útskot; afhellir. „Stundum setur ágætis reka upp í þennan afkima“.

Afklippa (n, kvk) Afskurður; skækill; það sem klippt hefur verið af. „Það duga einhverjar afklippur í þetta“.

Afklæða (s) Háttá; færa úr fötum. „Hann var ekkert að afklæðast heldur lagðist til sunds fullklæddur“.

Afkolla/ Afhaua (s) *Kolla*; hausa; taka haus af steinbít í aðgerð (sjá *steinbítur*).

Afkoma (n, kvk) Arðsemi; það sem starf skilar til lífsviðurværis; lífsviðurværi. „Fiskverð hækkaði nokkuð um og uppúr fyrri heimsstyrjöld. En salt og aðrar nauðsynjar hækkuðu að sama skapi, svo afkoman batnaði lítið eða ekki“ (KJK; Kollsvíkurver).

Afkomandi (n, kk) Niðji; sá/sú sem á viðkomandi að foreldri eða forföður/-móður. „Afkomendur Einars í Kollsvík eru fjölmennir og dreifðir víða um heim“.

Afkróður / Afkvíaður (l) Kominn í aðhald; kemst ekki vegna fyrirstöðu. „Meðan hálsinn er lokaður eru Kollsvíkurbæirnir afkróðir varðandi samgöngur á landi“.

Afkvista (s) Höggva greinar af trjástofni eða sverari grein hans. Stundum stytt í „kvista“.

Afkvæmi (n, hk) Afkomandi í fyrsta ættlið. T.d. barn hjá manneskju; lamb hjá ær; kálfur, hvolpur, o.s.frv.

Afl (n, kk) Eldstæði í smiðju. Í aflinum er oftast blásið í eldinn meðan járn er hitað, til að auka hitann.

Afl (n, hk) Kraftur/styrkleiki sem getur framkallað vinnu. T.d. vöðvafl manna; vélaafl véla. „Ekki skorti hann afl; ég hef sjaldan kynnst sterkari manni“. „*Enginn hefur afl við ægi*“.

Aflabrestur (n, kk) Það að veiði bregst almennt, sem vonast var eftir. „Svo virðist sem langvarandi aflabrestur hafi orðið seint á því tímabili sem nefnt er „litla ísöld“, eða um og uppúr 1600. Hann varð til þess að útgerð lagðist nánast af í Útvikum og t.d. var Láganúpsver ekki svipur hjá sjón þegar Jarðabókin var gerð árið 1703. Þá hættu menn alveg að nota lóðir, enda veiði sáratreg og stórþorskur fékkst ekki“.

Aflabrögð (n, hk) *Fiskirí*; meðalafli; afli. „Hvernig hafa aflabrögð verið, það sem af er vertíð“?

Aflafengur (n, kk) Afli sem fæst. „Og menn voru glaðir og ánægðir yfir miklum aflafeng, og ekki síður fyrir það að ekkert slys hafði orðið“ (MG; Látrabjarg; frás. DE).

Aflafréttir (n, kvk, fto) Fréttir af aflabrögðum. „Heldur eru það aflafréttirnar sem maður heyrir þessa dagana“!

Aflaföng (n, hk, fto) Afli; veiði. „Á sjósókn þarf vart að minnast, því vart er báti hrundið úr vör til aflafanga núorðið“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Aflaga / Afmynda (s) Brengla; færa úr lagi. „Eitthvað hefur þetta aflagast í átökunum“. Sjá *fara aflaga*.

Aflagður (l) Hætt að nota; kominn úr notkun. „Rétt er að geta um bæjarstæði sem nýlega voru aflögð á þessum tíma“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).

Aflahlutur (n, kk) Hlutur skipverja af afla báts, en honum er skipt eftir ákveðnum reglum. Skiptareglur hafa tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina. „Elsta íslenska vitneskja um aflaskipti er í Fóstbræðrasögu, en hún er talin rituð seint á 13. öld. Þar segir að fiskimaður kalli aflausn vera fiskinnar ef hann dregur fisk fyrir sig; annan fyrir skip; þriðja fyrir öngul og fjórða fyrir vað. Af þessu sést að dauðu hlutirnir hafa þá verið þrír; tveir fyrir veiðarfæri og einn fyrir skipið. Samkvæmt Stóradómi frá 1564 voru skipshlutir tveir af ýsu, steinbít, flyðru, skötu, karfa o.fl. bæði utan vertíðar og innan, og einnig af þorski utan vertíðar. En um vertíð átti að haldast skipleiga af þorski eins og að fornu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Undir lok vermennsku í Kollsvíkurveri voru skiptareglur þessar þar: „Svo voru vorhlutirnir; aflahlutur hvers og eins úr þorskaflanum sem seldur var. Skipt var í fimm hluti. Hver háseti fékk einn hlut en útgerðarmaður, sem oftast var jafnframt formaður, tók tvo hluti fyrir sig og dauðan hlut fyrir bát og veiðarfæri. Þessir hlutir voru ekki háir í krónutölu, enda verðlag í engu sambærilegt við það sem síðar hefur gerst. Hver króna sennilega 80-100 sinnum verðmeiri en hún er nú orðin (skrifað um 1970). Ekki er mér kunnugt hvað hlutur hefur orðið lægstur í krónutölu en 200-400 kr mun hafa verið mjög algengt. Fiskverð hækkaði nokkuð um og uppúr fyrri heimstyrjöld. En salt og aðrar nauðsynjar hækkuðu að sama skapi svo afkoman batnaði lítið eða ekki. Vorið 1927 varð hæsti vorhlutur kr 870, og sá næsti þar fyrir neðan kr 800. Þetta þóttu mjög háir hlutir á þeim

- tíma. Árin eftir 1930 þrengdu þó enn að kosti útgerðarmanna og bænda. Útgerð aðkomumanna leggst niður úr Kollsvíkurverri“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Aflahorfur** (n, kvk, fto) Líkindi til þess að vel veiðist. „Ekki list mér vel á aflahorfunar af þessari byrjun“.
- Aflahrota** (n, kvk) Mikil veiði yfir (stutt) tímabil.
- Aflahæstur** (l, est) Með mestan afla, t.d. yfir daginn eða yfir vertíðina. Oftast átt við bát eða formann hans. Sjá *aflakóngur*.
- Aflaki** (n, kk) Úrhrak; aumingi; vesalingur. „Hann sagðist ekki vilja vera sá aflaki að synja þeim um hjálp sem í nauðum væru staddir“.
- Aflakló / Veiðikló** (n, kvk) Lánsamur veiðimaður. Oftar var talað um veiðikló í seinni tíð í Kollsík. „Í tregfiski kom fyrst í ljós munurinn á aflaklóm og *fiskifælum*. Þá voru góðir *dráttarmenn* alltaf að draga öðru hvoru þó aðrir fengu *ekki nokkurn ugga*“ (GG; Skútuöldin).
- Aflakóngur** (n, kk) Sá sem færir mestan afla að landi yfir vertíð. „Þessir formenn voru í þá daga aflakóngar á Patreksfirði“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Aflandsátt** (n, kvk) Vindátt sem stendur af landi út á sjó. „Oft hefur verið barningur hjá körlunum í Kollsvíkurverri að lemja til lands á árum í aflandsáttum“.
- Aflandsgjóla / Aflandsstormur / Aflandskul / Aflandssperringur / Aflandsstrambi / Aflandstætingur / Aflandsvindur** (n, kvk/hk/kk) Vindur sem stendur af landi. Gat orðið til trafála við t.d. netadrátt og heimróður. „...síðdegis skall á aflandsstormur svo að engin tók voru á að sjá land eða ná því“ (Þakkir Árna Árnasonar í Kollsvík til skipstj. á Chieftain í Ísafold apríl 1913). „Frá Keflavík að Bjargtöngum var undanhald, en úr því var aflandsvindur“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Frá Keflavík að Bjargtöngum var undanhald, en úr því var aflandsvindur“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi). „Það var þreytandi að hanga í netum á víkinni í þessum aflandssperringi“.
- Aflandsstraumur** (n, kk) Straumur sem liggur frá landi. Framanvið Kollsvík og aðrar Útvíkur myndast réttisælís hringiður frá Látraröstinni, eins og glöggst má sjá á því hvernig sand leggur upp á fjörur. Þessar iður valda því að t.d. er alltaf suðurfall á Seljavíkinni, þar sem þessi áhrif eru mest. Þær valda því einnig að sumsstaðar verður aflandsstraumur, þó hans verði ekki verulega vart á yfirborði. Gera má ráð fyrir að hann sé að finna undan Hnífum; Bjarnarnúp og Bjargtöngum, sé sú kenning rétt að iða sé á hverri vík.
- Aflangur** (l) Um lögun hlutar; *ílangur*; langur miðað við breidd og þykkt.
- Aflasæld** (n, kvk) Fiskni; hæfileiki til að afla vel. „Eitthvert einkennilegasta fyrirbrigði handfæraveiðanna var það hversu misjafnt menn drógu. Þótt aðstaða öll virtist hin sama, og möguleikar engu minni hjá einum en öðrum, reyndist jafnan hinn mesti munur á aflasæld... Þar virtist sérstakt lag koma til og einskær heppni, sem helst minti á töfubrögð og galdralistir“ (GG; Skútuöldin).
- Aflausn** (n, kvk) Niðurfelling synda. Syndir manna eru uppistaðan í trúarbrögðum kristinna manna, ekki síður en tilvist heilagrar þrenningar. Einkum átti það við um kaþólska trú á miðöldum. Kirkjan hélt lýðnum í spennitreyju hjátrúar og auðgaðist vel á því að veita mönnum aflausn synda í einhverju formi. T.d. gátu þeir vonast til aflausnar sem gáfu jarðir til kirkna, biskupsstóla eða klaustra. Hét það að *gera fyrir sálu sinni*.
- Aflavon** (n, kvk) Veiðivon; von um að fá afla/veiði. „Alltaf var kapp að komast út á miðin; ekki síst hjá þeim sem kunnugastir voru og töldu meiri aflavon á einum stað en öðrum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Aflát** (n, hk) Stöðvon; það að hætta því sem gert hefur verið. Sjá *án afláts*.
- Aflátið** (l) Sagt vera; umtalað. „Hann er alls ekki eins slæmur og aflátið er“. Sjá *eins og af er látið*.
- Afleggjari** (n, kk) A. Stuttur vegur frá aðalvegi/þjóðvegi/sýsluveg, vanalega heim á bæ. „Við afleggjarann heim að Kollsvík var olíutankur, niðurgrafinn í skurðenda. Hann hafði upprunalega verið tundurdufl sem rak á fjörur í Kollsvík á stríðsárunum, en Óli á Nesi breytti í tank fyrir Ingvar í Kollsvík“. B. Græðlingur/afskurður af jurtt.
- Afleiðing** (n, kvk) Það sem orsakast af því sem um er rætt. „Afleiðing þessa langvarandi aflabrests var sú að hin miklu útver lögðust niður; t.d. Láganúpsver“.
- Afleitlega** (ao) Illa. „Mér list afleitlega á þessa hugmynd“.
- Afleitur** (l) Slæmur; fráleitur. „Við urðum að lenda þarna upp í stórgrýtið þó það væri afleitur kostur“.
- Afleysingar** (n, kvk, fto) Staðgengilsvinna; vinnuframlag sem leysir annan við vinnuskyldu.
- Afleysingamaður** (n, kk) Sá sem leysir annan af í vinnu, t.d. vegna frítöku eða veikinda.
- Aflétta** (s) Losa við; fría frá. „Þessum takmörkunum hefur núna verið aflétt“.

Afli (n, kk) Veidi; fengur; afrakstur veiða. Afli er aldrei vís, jafnvel þó gæftir séu góðar og stíft sóttur sjór af kunnugum sjómönnum með góðum veiðarfærum. Fyrr á tímum reyndu menn að gefa því gætur hvort einhverjir fyrirboðar væru um aflabrögð, eða hvort unnt væri að bæta þau með einhverri hegðum. Margt af þeim niðurstöðum má í dag flokka sem hindurvítni og hjátrú, en annað kann að byggja á nokkrum rökum. T.d. var rík sú trú að afli breyttist með tunglkomum: Ef afli væri tregur með tunglkvikun myndi hann glæðast, en minnka væri gott fiskirí. Þessi trú lifir enn, og á nokkurn stuðning í náttúrulegum sveiflum. T.d. vita það grásleppusjómenn að með nýjum straumi er helst að vænta nýgenginnar og bjartrar grásleppu. Sömuleiðis eru það góð og gild vísindi sem menn vissu fyrr sem nú, að fiskivænlegt er oft að renna þar sem stendur uppi fuglager; enda liggur fuglinn þá líklega í síli; sem og fiskurinn undir. Fiskur hverfur gjarnan af grunnmiðum í miklum rosa, en gengur upp í hægum hafáttum. Sömuleiðis var talið glæðast fiskirí þegar hafís var nærri landi. Fiskur gefur sig best til um snúninginn/fallaskiptin, en að jafnaði er hann betur undir í norðurfalli en suðurfalli. Ef veiðibjalla settist við fjarðar- eða vikurbotn voru líkindi á fiskigöngu. Ef svartfugl á sjó gerir mikið af því að rísa upp og hrista sig voru þar líkur á fiski. Annað er ekki eins auðvelt að rökstyðja: Ekki var talinn góður fyrirboði að fiska vel í fyrsta róðri á vertíðinni. Bæklaðir fiskar voru taldir vísbending um veiði. Fiskur með krung á nefi nefnist fiskiköngur, og sá sem fékk hann var mjög aflasæll á eftir. „Margliði nefnist fiskur sem er með hlykki milli sporðs og gotraufarugga. Sá sem dregur slíkan fisk fær eins mörg hundruð á vertíðinni og hlykkirnir eru margir (ÓETH; LK; Ísl.sjávarhættir V). Detti sjómaður á leið til sjávar fær hann byrði sína í hlut. Missti maður hnif úr hendi skipti miklu í hverja átt oddur sneri. Sneri hann til sjávar boðaði það afla, en til lands aflaleysi. Ef ýsa steitir görn (görn blæs út um rauf) í drætti, boðar það góð aflabrögð þann daginn (ÓETH). Blakaði fiskur sporði eftir að vera kominn á land, var hann að spá veiði. (SJTh). Sagt er að svartfugl sem flýgur í stórum hópi til hafs sé að fljúga á móti göngunni. Fýll sem flýgur um stafn gefur vonir um afla. Það boðar aflasæld að hnerra yfir veiðarfærin og yfir afla sem fengist hefur. „Ýmsir létu hjall sinn aldrei vera tóman af fiskmeti; hvort heldur var þorskur, steinbítur, hákarlsbeita eða hvalþjós. Allt átti það að draga að afla“ (ÓETH). Óðinshannar á sjó boða aflaleysi á þeim stað. Ýmsir draumboðar voru fyrir góðum aflabrögðum, s.s. að dreyma kjötmáltíð og kaffi með brauði; bát sinn velkjast í brimi; ónýt veiðarfæri; formann kyssa háseta; eta nýbakað brauð; handfjatla hár á konu; mikið brim ganga á land; skeifu; gljót; mjólkurmat; bát fullan af öþverra. Ýmislegt var það í hegðun manna sem þurfti að huga að, til að tryggja afla og lífslíkur. Fiskslor mátti t.d. ekki þvo af höndum sér í róðri; þá þvoði maður af sér fiskisældina (ÓETH). Ekki má þvo bát of vel; þá er þrifin úr honum fiskisældin. Óþrif úr landi méga ekki sjást á bát; þá fiskast ekki frammar á hann. Fiskur á ekki að liggja langsum í báti, heldur þversum. Að blístra á sjó var að mana á sig vind. Ef bent var á skip á sjó, eða þau talin, áttu þau að farast. Aldrei má skilja fisk eftir milli steins og sleggju. Ekki má kasta neinu nýtilegu útbyrðis úr bát; þá er verið að gefa kölska í soðið. Feigðarmerki er að draga stein úr sjó, og gæta þarf þess að kasta honum ekki aftur útbyrðis. Skollablaðka er ysta blaðkan á þorssporði. ekki má eta hana þar sem hún er eign kölska. (Endurs. úr LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *feigð*.

Afliðinn (l) Liðinn; afstaðinn. Oftast með fallstýringunni „að“ á undan. „Er því líklegt að það hafi verið að afliðnu hádegi“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Afliðandi (l) Hallandi; með litlum halla. „Afliðandi grasbrekka er neðanvið hjallann“.

Aflífa (s) Drepa; taka af lífi; deyða. „Lambið hafði lemstrast svo við hrapið að ég þurfti að aflífa það“.

Afljúka (s) Ljúka við; klára; koma frá. *Illu er best aflokíð*.

Aflokauður (l) Innikróauður; lokaður af/inni. „Bæirnir voru aflokaðir í mánaðartíma í mestu ófærðinni“.

Aflóga (l) Úr sér genginn; búinn að vera; einskisnýtur. „Þetta eru furðu góð lömb hjá svona aflóga gamalær“.
„Ég fann mér þarna aflóga húfutetur“.
Merkir í raun skepnu sem þarf að lóga/slátra.

Afraunir (n, kvk, fto) Verkefni/viðureign sem krefst krafta/afls; kraftakeppni.

Afraunasteinar (n, kk, fto) Steinatök; steinar af misjafnri þyngd sem menn nota til að meta krafta sína. Afraunasteinar eru víða við verstöðvar, t.d. á Hvallátrum. Að öllum líkindum hafa þeir einnig verið í Kollsvíkurverstöð, þó þeirra sjáist engin merki nú. Steinatökin bera mismunandi heiti eftir þyngd, og sköpuðu mönnum sess í virðingu og jafnvel starfi og aflahlut. Þyngd steinanna á Hvallátrum er þessi: Alsterkur er 354 pund (187kg); Fullsterkur er 288 pund (144kg); Hálfsterkur er 214 pund (107kg) og Amlóði 192 pund (96kg). Alsterkur er bestur til átöku því hann er ekki böllóttur eins og hinir allir. Steinatökunum átti að koma upp á mittisháan stall. Sagt var um steinatökin á Djúpalónssandi að hásetar sem ekki gætu komið Hálfsterk á stall væru ekki skiprúmsgengir. Skammt frá steinatökunum á Látranesi er fimmti steinninn, Klofi, en inn í hann er dæls sem minnir á klof. Margir vermenn reyndu við Klofa sem ekki þótti barna meðfæri. Í Brunnaverstöð eru tvö steinatök. Annað þeirra heitir Júdas. Stein þennan átti að nota í verbúðarvegg, en hann tollði ekki í neinni hleðslu og varð því afraunasteinn vermannna. Hann er á grundinni fyrir ofan Brunnavog og vegur 260 pund (130kg). Sagt var að strákar sem gætu látið lofta vel undir hann þyrftu ekki lengur að vera hálfdrættingar. Hitt steinatakið bar vermaður að nafni Brynjólfur á bakinu uppúr

- fjörundi í burðaról upp á Brunnagrund. Bynjölfstakið er mikill steindrjólí, ílangur, kantaður og nær meðalmanni í brjósthæð. Bynjölfstak er 562 pund (281) kg að þyngd.
- Aflsmunir** (n, kk, fto) Afl; kraftar; vöðvastyrkur; *burðir*. „Ég hef ekki aflsmuni til að lyfta þessu“. „Þurfti að beita nokkrum aflsmunum til að opna dynnar“.
- Aflúinn** (l) Úthvildur; *hvíldur*; óþreyttur. „Ég ætla að koma með ykkur; ég er hérumbil orðinn aflúinn eftir síðasta sprett“.
- Aflýsa** (s) A. Auglýsa að hætt sé við áður auglýstan viðburð. „Það þurfti að aflýsa fundinum vegna veðurs“. B. Fella niður veðbönd á eign vegna skuldabréfs.
- Aflögu** (ao) Afgangur; umfram þarfir. „Ég er hræddur um að hann komi til með að eiga lítið fóður aflögu eftir veturinn“. „Tvö egg urðu aflögu við skiptin“.
- Aflögufær** (l) Með meira en til eigin nota; á umfram. „Ertu nokkuð aflögufær með salt um stundarsakir“?
- Aflögun** (n, kvk) Brenglun; skekkja. „Börurnar voru nothæfar þrátt fyrir þessa aflögun“.
- Afmarka** (s) Um svæði; aðskilja með merkingu. Einnig í huglægri merkingu um málefni/stefnu.
- Afmá** (s) Fjarlægja ummerki; stroka/þurrka út; fjarlægja alveg. „Utanáskrift pakkans var alveg afmáð“.
- Afmán** (n, kvk) Afstyrmi; *forsmán*. „Óttalegar afmánir hljóta þeir að vera; þessir útrásarvíkingar“. Einnig notað sem gæluorð um t.d. kött. Sjá *kvikindisafmán*.
- Afmánarlegur** (l) Fáránlegur; skringilegur; ljótur. „Skelfilega finnst mér þetta afmánarlegur jakki“!
- Afmæli** (n, hk) Fæðingardagur; árafjöldi frá fæðingu/tilurð. Bein merking er að mæla af; þ.e. draga tiltekinn tíma frá æviskeiði.
- Afnám** (n, hk) Burttekning; niðurfelling; útþurrkun. „Allir fögnuðu afnámi þessa rangláta gjalds“.
- Afneita** (s) Vilja ekki viðurkenna; synja fyrir. „Þú getur illa afneitað því sem þú sagðir í gær“!
- Afneitun** (n, kvk) Synjun; neitun.
- Afnema** (s) Fella niður; taka í burtu. „Mér finnst kominn tími til að afnema þennan ósið“.
- Afnot** (n, hk, fto) Notkun; gagn; nytjar. „Hefð hafði skapast um þessi beitarafnot norðanverðrar Breiðavíkur fyrir Láganúpsbændur“.
- Afplána** (s) Bæta fyrir brot/misgjörð, t.d. með fangelsisvist.
- Afrak** (n, hk) Skarn sem borið hefur verið á tún og rakað af með hrifu þegar grassprettu hefst. „Fyrir slátt var túnið hreinsað. Þá var skíturinn sem ekki vannst niður rakaður í hrúgur. Það var svo starf okkar krakkanna að tína þær upp í trog og hella þeim í poka. Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður“ (Össur Guðbjartsson; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi).
- Afrakstur** (n, kk) Eftirtekja; afurðir; árangur. „Ekki var mikill afrakstur úr þessari eggjaferð“. „Spurt var almæltra tíðinda, kastast á glensi og gamanmálum og sumir huguðu að afrakstri sumarsins sem birtist í fönugulegum og lagðprúðum haustlömbum. Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum“ (PG; Veðmálið).
- Afráða** (s) Tvennskonar, gagnstæð merking: A. Ákveða; taka ákvörðun um. „Nú svo er ekki annað með það, en að þeir afráða að *slá sér til rólegheita* þarna í kofanum um nóttina. Höfðu þá auðvitað ekki hugmynd um þessa reimleika ...“. B. Hætta við; aflýsa. „Stundum sýndist sitt hverjum, en þarna var þó oft ráðinn róður eða afráðinn“... „Þá var það, og ef til vill oft, að afráðinn var róður; mælt gegn því að farið væri á sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Afráðið** (l) Ákveðið. „Eftir nokkrar umræður var ákveðið að *lata sjá til* með róður að sinni. Bíða skyldi fram yfir hádegi og sjá *hvernig* veðrið *færi með sig*“.
- Afrás** (n, kvk) Heiti á feiti/floti sem var þekkt en ekki mikið notað í Kollsvík. Mun það upphaflega hafa verið dulnefni, þar sem ekki mátti nefna flotið sínu rétta nafni fremur en ýmis önnur lífsgæði og hættur. Sjá *sjóvíti*.
- Afrek útaf fyrir sig** (orðtak) Mikill sigur; sérstakur árangur. „Það er auðvitað afrek útaf fyrir sig að komast þessa leið klakklaut, en að fara hana einn og bandlaus er nánast kraftaverk“.
- Afreka** (s) Vinna afrek/hetjudáð; koma í verk. Oft í kaldhæðni: „Hann afrekaði það að stranda bátnum“!
- Afrendur** (l) Afsleppur; ílangur. „...skammt er inn í gróðurtó, stóra, fremur langa; breiðust neðst en afrend upp. Nefnist hún Mjóateigur...“ (Ólafur Þórarinnsson; Örn.skrá Sjöundár).
- Afrendur að afli** (orðtak) Óhemju/óvanalega sterkur. „Brynjölfur þessi var afrendur að afli“.
- Afrennsli** (n, hk) Frárennsli; yfirfall; veita. „Miðmýrar hafa afrennsli í Miðlækinn“.
- Afréttur** (n, kk) Upprekstrarland búfjár; heiðar með beitolandi án eignarhalds tiltekinnar jarðar. Orðið var þekkt í Rauðasandshreppi en ekki notað, þar sem ekki er um óskipta afrétti að ræða á Vestfjörðum.

- Afrifur** (n, kvk, fto) A. Meiðsli á yfirborði húðar; skinnskaði vegna hrufsls; núnings, klórs eða annars. „Ég fékk árans afrifur á skallann þegar ég rak mig í loftbitann“. B. Auð svæði á jörð þar sem skafið hefur burtu snjó í vindi. „Enn voru eftir nokkrir skaflar í brekkunni, en töluverðar afrifur inná milli eftir rokið“.
- Afrita** (s) Skrifa upp eftir frumriti. „Ungmennafélagsblöðin voru skrifuð í stílabók sem gekk um sveitir og var stundum afrituð að meira eða minna leyti, líkt og fornritin“.
- Afrækja** (s) Um móður; vanrækja afkvæmi. „Það þarf að hafa gát á henni Pontu; hún er dálítið skæð með að afrækja lömbin“. „Þið megið ekki snerta á ungunum krakkar; þá er hætt við að móðirin afræki þá“. Sjá *vanrækja*.
- Afsag** (n, hk) Endar og annað sem sagað hefur verið af nytjaviði. „Það má notaþetta afsag til uppkveikju“.
- Afsaka** (s) Virða; líta framhjá yfirsjón/mistökum. „Afsakaðu þessa bið, en ég tafðist í símanum“. Sjá *biðjast afsökunar*.
- Afsakaður** (l) Fyrirgefið. „Hafðu mig afsakaðan augnablik“. „Hann var *löglega afsakaður*“. Sjá *afsaka*.
- Afsakanlegt** (l) Skiljanlegt; í góðu lagi. „Það er alveg afsakanlegt þó þú sért seinn á ferðinni, fyrst þú komst með hákarlslykkjuna fyrir mig“.
- Afsal** (n, hk) Skjal sem sannar að eigandi lætur af hendi eign sína, t.d. vegna fullnaðargreiðslu hennar.
- Afsala** (s) Láta eign eða rétt af hendi. „Ég afsalaði mér öllu tilkalli til þessa starfs“.
- Afsalt** (n, hk) Salt sem notað hefur verið, t.d. hrist af saltfiski, en stendur til að nýta aftur. „Það er í góðu lagi að nota afsalt á gærurnar“.
- Afsanna** (s) Færa rök fyrir því að fullyrðing standist ekki. „Ég afsannaði þessa bábilju fyrir fullt og allt“.
- Afsegja** (s) Neita; þvertaka fyrir. „Við vorum óvanir öllu og þótti hálfgerð skömm að þessu; vorum feimnir og afsögðum að glíma“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Afsegja/aftaka með öllu** (orðtak) Þverneita; taka ekki í mál. „Ég afsagði með öllu að spila boltavitleysuna“.
- Afsigin grásleppa** (orðtak/heiti) Sigin grásleppa; grásleppa sem ekki er fullhert (sjá hrognkelsi).
- Afsinnugur** (l) Sinnulaus; áhugalaus; frábitinn. „Mér hefur þótt hann óttalega afsinnugur um þetta“.
- Afsiðis** (ao) Á afviknum stað; til hliðar. „Viltu ekki fara afsiðis meðan þú talar í símann“.
- Afskaplega** (ao) Mjög; verulega; afar. „Afskaplega finnst mér þetta slæmar fréttir“. Þetta er afskaplega gott“.
- Afskaplegur** (l) Ógnarlegur; hrikalegur. „Klukkan mun hafa verið um 9, er við komum að Láganúpi, og urðum þá fegnir að fá aftur húsaskjól, því veðrið var afskaplegt“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).
- Afskekkt** (l) Um byggð/bæ; langt frá öðrum bæjum; úrleiðis. „Bæir í Rauðasandshreppi urðu fyrst afskekktir þegar verulega fækkaði í sveitinni og allar þarfir manna urðu aðkeyptar. Kollsvíkin var alls ekki afskekkt meðan þar bjuggu á annað hundrað manns og tvöfalt fleiri á vertíðum; meðan byggðin var sjálfri sér næg um allar nauðsynjar og þaðan var stórfelldur útflutningur afurða“.
- Afskiptalaus** (l) Sem ekki blandar sér í mál; sinnulaus. „Hann er afskaplega afskiptalaus um sveitarmálefnið“. Sjá *láta afskiptalaust*.
- Afskiptaleysi** (n, hk) Vöntun á sinningu; sinnuleysi. „Hann sýndi þessu bara afskiptaleysi“.
- Afskiptasamur** (l) Sem slettir sér framí málefni sem hann gæti látið ógert; aðfinnslusamur.
- Afskiptasemi** (n, kvk) Tilhneyging til afskipta/íhlutunar. „Hættu nú þessari árans afskiptasemi“!
- Afskipti** (n, hk, fto) Íhlutun. „Ég hafði engin afskipti af þessum deilum“. Sjá *hafa afskipti af*.
- Afskiptur** (l) Útundan; með minni/ósanngjarnan hlut. „Hann þóttist mjög afskiptur með sinn hlut“.
- Afskorið** (l) Útilokað; *afðæmt*; *fráskorið*; af og frá; kemur ekki til greina. „Það er alveg afskorið að við róum í dag, eins og spáir“.
- Afskrifa** (s) A. Endurrita eftir frumriti. B. Útiloka; telja ómögulegt. „Ég vil ekki afskrifa þetta alveg, en við skulum sjá hvernig veðrið fer með sig“. C. Gjaldfæra eign í efnahagsreikningi.
- Afskrýða** (s) Afklæða úr viðhafnarklæðum.
- Afskræma** (s) Brengla; skemma; skrumskæla; rangfæra. „Nokkuð finnst mér búið að afskræma þessa frásögn“.
- Afskræming** (n, kvk) Skrumskæling; brenglun; skemmd. „Þetta er bara afskræming á sannleikanum“!
- Afskurður** (n, kk) Það sem skorið er af; afgangur.
- Afskurma** (s) Taka skurn utanaf eggi. „Á ég ekki að afskurma þetta fyrir þig ljúfur; ég skal ekkert éta af því“!

- Afslagur** (n, kk) Afsláttur; ninnkun; rýrð. „Mér þætti nú ekki afslagur í að fá dálítið af hákarl fyrir hangiketid“. Sjá *enginn afslagur í*.
- Afslá** (s) *Slá frá sér; fortaka*; útiloka. „Ég afsló það algerlega að ég kæmist með þeim í þetta skiptið“. „Ekki ætla ég nú alveg að afslá það að verkið klárast í dag“.
- Afsláttarfé** (n, hk) Sláturfé; fé sem slátrað verður að hausti. „Það þarf að smala þessu, jafnvel þó það sé flest afsláttarfé sem þarna er“.
- Afsláttargripur** (n, kk) Kind eða stórgripur sem slátrað verður. „Hún er nú varla nema afsláttargripur“.
- Afsláttarkind / Afsláttarær** (n, kvk) Kind sem slátrað verður að hausti; gamalær; rippa; rytja. „Ég held að hún sé bara orðin afsláttarkind, enda búin að skila sínu blessunin“
- Afslegið** (l) Hætt við; útilokað; slátrað; fráleitt. „Mér sýnist að það sé alveg afslegið með róður á morgun, ef þessi veðurspá gengur eftir“. Sjá *slá af*.
- Afsleppur** (l) Kúptur; kollóttur; sem band vill skreppa af. „Það þýðir ekkert að festa vaðinn á svona afsleppan stein“. „Við sigum tveir niður til hans. Bekkur þessi var ekki breiður, og auk þess afsleppur“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Afspika** (s) Skera spiklag utanaf selskrokk. „Þvínæst var selurinn afspikaður...“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67).
- Afsprengr** (n, hk) Afkomandi; afleiða. „Afsprengr Einars gamla í Kollsvík hafa nú dreift sér allvíða um jarðarkingluna“.
- Afspurn** (n, kvk) Frásögn gegnum milliliði; umtal. „Ég þekki þetta bara af afspurn, en ekki af eigin reynslu“.
- Afspyrnukalt** (l) Mjög kalt. „Það hefur bara verið afspyrnukalt í veðri síðustu dagana“.
- Afspyrnuleiðinlegur / Afspyrnuhvímleiður** (l) Með eindæmum leiðinlegur/hvímleiður. „Þessi eilífa rigningatíð er orðin afspyrnuhvímleið“!
- Afspyrnulélegur** (l) Með eindæmum lélegt; afskaplega lélegt. „Aflinn hefur verið afspyrnulélegur það sem af er vertíðinni“!
- Afspyrnuleiðinlegur** (l) Mjög/afburða leiðinlegur. „Tíðin hefur verið afspyrnuleiðinleg þessa vikuna“.
- Afspyrnulélegur** (l) Mjög lélegur/slæmur. „Aflabrogðin hafa verið afspyrnuléleg það sem af er vertíðinni“. Sést ekki í orðabókum, en þar má finna „afspyrnuvondur“ sem var mun minna notað vestra.
- Afspyrnumikill** (l) Mjög/afar mikill; yfiringilega mikill. „Ekki var nú aflinn neitt afspyrnumikill, en þetta er ágætis byrjun á vertíðinni“.
- Afspyrnurok** (n, hk) Mjög mikið hvasviðri. Mikil fohætta og erfitt að vera á ferli. Einnig *afspyrnuvont* veður.
- Afspyrnuvondur** (l) Mjög vondur. „Eftir spánni gæti orðið afspyrnuvont veður á morgun“.
- Afstaða** (n, kvk) A. Staða/lega með tilliti til annars. „Festan var trygg, en afstaða hennar hefði mátt vera betri“. B. Viðhorf; skoðun. „Mín afstaða í málinu er óbreytt“.
- Afstaðið** (l) Líðið hjá; lokið. „Ég er feginn því að þetta tilstand er afstaðið“.
- Afstíaður / Afstúkaður / Afþiljaður** (l) Rými sem hólfað/skilið er frá öðrum rýmum með milligerð/þili.
- Afstyrmi** (n, hk) Kvikindi; forsmán; afmán. „Það er jafngott að þetta afstyrmi láti ekki sjá sig hér aftur“.
- Afstýfa** (s) Skera/snúa af. „Hann tók rófurnar upp, en ég afstýfði kálið“.
- Afstýra** (s) Koma í veg fyrir; hindra að gerist. „Mér tókst að afstýra því að hann færi að ana í þessa vitleysu“.
- Afsúða** (s) Um bátasmíði; hefла niður kant í súð báts til að fá hæfilega sveigju á síðuna. „Áður en borð voru látin við, var alltaf strikað fyrir súðuninni og eins þumlungs breiður kantur hefлаður, og var það kallað að *afsúða*“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Afsúðun** (n, kvk) Heflun kants á skeyti báts. Sjá *afsúða*.
- Afsvangur** (l) Hættur að vera svangur; hungurtilfinning horfin. „Þegar við loksins komum heim var ég orðinn yfir mig lúinn, og jafnvel afsvangur“.
- Afsvar** (n, hk) Synjun; neitun. „Hann fékk afsvar við beiðni um lækku útsvarsins“.
- Afsverja** (s) *Sverja fyrir*; fortaka; þverneita. „Ekki skal ég alveg afsverja það að þarna gæti hafa leynst kind einhversstaðar í lautum, enda verður seint fullsmalað á þessum slóðum“.
- Afsyfjaður** (l) Hættur að vera lengur syfjaður. „Eftir allar vökurnar var maður orðinn hérumbil afsyfjaður, en hálf ruglaður í staðinn“.

Afsögn (n, kvk) A. Uppsögn; það að hætta í embætti. B. Trygging réttarstöðu varðandi víxillán.

Afsökun (n, kvk) Afbötun; fyrirgefning. „Ég biðst innilega afsökunar á þessari yfirsjón“.

Afsökunarbeiðni (n, kvk) Beiðni um afsökun/fyrirgefningu.

Aftaka (n, kvk) A. Manndráp, oftast þá að undangengnum dómi eða samkvæmt fyrirskipun. B. Rúningur sauðfjár. Í Rauðasandshreppi var einn talað um að taka af fé, en ekki rýja það. „Getur þú aðstoðað okkur við aftökur í næstu viku“?

Aftaka (s) A. Hafna; synja; þvertaka. „Ég bauðst til að fylgja honum áleiðis, en hann aftók það með öllu“. B. Afnema. „Heimabændur (í Láganúpsveri) hafa tilforna gildið fyrir sig og sín hjú hálfan toll, en fyrir 2 árum hefur landsdrottinn þennan toll aftekið, so nú gjalda heimabændur ekkert í því nafni“ (ÁM/PV Jarðabók). C. Drepa; burtnefna. Sjá einnig; *allt hvað af tekur*.

Aftaka (l) Áherluorð með nafnorði: Aftaka brim; aftaka stórhrið; aftaka norðanrok“.

Aftakabrim / Aftakarosi / Aftakasjór (n, kk) Svo sver sjór að *tekur af fjöll* í landi, séð frá þeim sem á sjó er.

Aftakafrost / Aftakahörkur / Aftakakuldi (n, hk/kvk/kk) Mjög kalt; svo mikið frost að vatn frýs í bólum og tekur fyrir fjörubeit. „Enn heldur hann þessum aftakahörkum“!

Aftakahríð / Aftakaveður / Aftakarok (n, hk) Mjög slæmt veður; oft notað um skips- eða mannskaðaveður.

Aftakahvass (l) Um veðurhæð; svo hvass að veruleg fokhætta er. „Hann er orðinn svo aftakahvass að maður *ræður sér* varla óstuddur“.

Aftakaillviðri (n, hk) *Skaðræðisveður; manndrápsveður*. „Hann er að spá einhverju aftakaillviðri á morgun“.

Aftakanorðanbál (n, hk) Versta norðan hvassviðri; *skaðræðisveður* af norðri. „Þetta er bara aftakanorðanbál“!

Aftakarok / Aftakastornur / Aftakaveður (n, hk) Svo hvasst að fokhætta er; *manndrápsveður*. „Það fer enginn út í þetta aftakaveður“! „Um kvöldið var komið aftakaveður og blindhríð“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Aftan (ao) Bakvið; að baki. „Lambið hélt sig fyrir aftan móður sína“. „Er þetta ekki biti aftan hægra“

Aftan úr grárri forneskju (orðtak) Frá mjög fornum tíma; frá ómunatíð. „Þessi siður hefur haldist aftan úr grárri forneskju, *að því að talið er*“.

Aftanað (fs) Að aftanverðu. „Mér finnst nú dálítið farið aftanað hlutunum með þessari aðferð“.

Aftanaf (ao) Af aftanvert. „Mokaðu heyinu aftanaf vagninum í gryfjuna“.

Aftanfrá (ao) Að aftan; frá afturenda. „Það hefur aldrei gefist vel að mjólka kýrnar aftanfrá“! Orðið er almennt notað í einu lagi, líkt og t.d. aftantil og aftanundir.

Aftanhallt (ao) Að aftanverðu; aftantil. „Ég setti hrifur og kvíslar aftanhallt á heyvagninn“.

Aftaná (ao) Aftan á. „Jeppinn var með eitt rautt ljós aftaná“. Sjá *standa aftaná*.

Aftandigur (l) Sver að aftanverðu. Stundum haft um manneskju sem þykir hafa fyrirferðarmikinn sitjanda; sbr vísu sem þekkt var þannig í Rauðasandshreppi: „Ingibjörg er aftandigur/ en örmjó að framan./ Skyldi ekki mega skera hana sundur/ og skeyta hana aftur saman“? Í raun er vísan afbökun á annarri eftir Pál Ólafsson skáld: „Ingibjörg er aftanbrött/ en íbjúg að framan./ Skyldi ekki mega skera hana sundur/ og skeyta hana saman“.

Aftanfyrrir / Aftantil / Aftanundir (ao) Að aftanverðu; á bakhluta/rassi. „Andskoti ertu nú *sölugur* aftanfyrrir! Settistu ofan í kúsaksítshlass, eða hvað“? „Setjum þetta aftantil í kerruna“. „Báturinn *rann við þegar ólagið* kom aftanundir hann“.

Aftaní (fs) Um kerru; vagn; tengd aftan í traktor/bíl. „Farðu ekki svona hratt með heyvagninn aftaní“!

Aftaníhnýtingur (n, kk) A. Hestur sem festur er aftan í annan hest, t.d. í lestarferð. B. Líkingamál um þann sem þykir háður vilja annars manns. „Ég ætla ekki að verða neinn aftaníhnýtingur hjá þessum flokki“!

Aftanmaður / Aftanskipsmaður (n, kk) Maður sem rær aftantil á báti; sá sem er skipað aftantil í bát í róðri; vanalega formaður og austurrúmsmenn. „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni; miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan. Mennt fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip formaður þá *stjaka* jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr *vörinni*“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). „Venjulega renndi annar andófsmaðurinn í barkanum og oft annar aftanskipsmaður í skutnum.“ (PJ; Barðstrendingabók). Sjá *sjósetja*.

- Aftann** (n, kk) Svo nefndist fyrrum tímabilið frá nóni (kl. 15.00) til náttmála (kl. 21.00). Enn notað í norðurlandamálum og þýsku og merkir þá kvöld (aften; abend).
- Aftanroði** (n, kk) Sólarroði við sólarlag. „Dýrð var há í vorsins veldi/ vafin aftanroðanum,/ er höldar sigldu í sólareldi/ suður hjá Arnarboðanum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, ljóð Helgu Ólafsdóttur um Kollsvík).
- Aftansöngur** (n, kk) A. Síðdegismessa. „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng“ (ÖG; Glefsur og minningabrot). B. Gæluheiti á viðrekstri/freti. „Hættu nú að kveða þessa aftansöngva; það heyrir varla mannsins mál fyrir þessum fretum“!
- Aftantil / Aftarlega** (ao) Að aftanverðu; aftan við miðju. „Goggurinn er aftantil í bátum“.
- Aftanundir** (fo) Undir aftanverðum/að aftan. „Við fengum allnokkuð brot aftanundir bátinn“.
- Aftanúrkreistingur / Afturúrkreistingur** (n, kk) Lítið/vesælt lamb; væskill; aumingi; væfla. „Þessi aftanúrkreistingur er farinn að bjarga sér á spena“. „Annar eins afturúrkreisting hef ég nú sjaldan séð“.
- Aftanverður** (ao) Aftantil; á afturhelmingi. „Brotið kom á bátinn aftanverðan og kastaði honum til“.
- Aftanvið** (ao) Fyrir aftan; aftanvert við. „Sæktu hlunninn þarna aftanvið bátinn“.
- Aftanvið** (ao) Fyrir aftan; aftanvert við. „Gáðu að því þegar þú bakkar að enginn sé aftanvið bílinn“.
- Aftarlega á merinni með** (orðtak) Seinn fyrir; með seinni skipunum. „Hann fer nú að verða dálítið aftarlega á merinni með heyskapinn, sýnist mér“.
- Aftekin** (l) A. Tekinn af lífi. B. Eyðilagður; aflagður. „Á þeim tíma var brú niðri við sjóinn í Örlygshöfn, sem illu heilli er nú aftekin...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). C. Um sauðkind; rúin; búið að taka af. „Ég sá þarna tvær kindur afteknar og eina óafteknar“. Orðið er líklega ekki kunnugt annarsstaðar í þessari merkingu.
- Aftekning / Aftekt** (n, kvk) Rúningur sauðfjár. „Keppst var við að vera búinn að smala til aftektar og ganga frá ullinni fyrir slátt. Oftast var reynt að nota landlegudaga til smalamennsku og aftektar“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Orðin eru ekki finnanleg í orðabókum í þessari merkingu, heldur er þar aftekning í merkingunni niðurlagning eða dráp, og aftekt er þar einungis sem afgangur eða eftirtekja í tengslum við kirkjueignir og annað góss. Í Kollsvík var mun oft talað um að „taka af“ en „rýja“, þó ekki væri hið síðarnefnda óþekkt. Aftekt var jafnan notað, en aftekning heyrðist þó einnig. Sjá *smala til aftektar*.
- Aftektadagur** (n, kk) Dagur sem tekið er af/ rúíð. „Ef við förum á sjó í dag þurfum við að fresta aftektardeginum fram í næstu viku“.
- Aftektarfólk** (n, hk) Fólk sem tekur ull af sauðfé. „Við rekum ekki saman fyrr en tryggt erð aftektarfólkið geti mætt“.
- Aftektarmaður** (n, kk) Rúningsmaður; maður sem tekur ull af kind. „Við erum fljótir að taka af með svona mörgum vönnum aftektarmönnum“.
- Aftektarveður** (n, hk) Veður til aftektar. „Ekki sýnist mér verða útlit fyrir aftektarveður á morgun“.
- Afra / Afra frá** (s/orðtak) Halda aftur af. „En hvað var það þá sem aftraði þeim svo mjög frá þessum fengsælu miðum? Jú, það var þessi slæma torfæra á sjóleið smábáta frá Patreksfirði og út á Víkur; Blakknesröstin“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „... ekki viljað yfirgefa hin hrossin þótt dauð væru, enda ekki ratað til byggða; eða draugurinn aftrað honum þess“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).
- Aftur** (ao) A. Enn á ný. „Ertu kominn strax aftur“?. B. Notað sem fylgiorð sagna, t.d. „hallaðu hurðinni aftur“ í merkingunni „lokaðu hurðinni“. „Leggðu nú aftur augun og farðu að sofa“. C. Hinsvegar. Hjá allflestum munu hey vera lakari en í meðallagi, því sumarið var óþurrkasamt, en aptur munu hey vera með fastasta móti“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Aftur á móti** (orðtak) Hinsvegar; svo aftur; á hina hendina; á hinn bóginn/veginn. „Ég hef engin tök á að koma með ykkur í dag; aftur á móti kæmi það vel til greina á morgun“.
- Aftur og aftur** (orðtak) Ítrekað; enn og aftur; hvað ofaní annað. „Það er kannski skiljanlegt þegar þetta gleymist einusinni, en óviðunandi að það gerist aftur og aftur“!
- Afturábak / Afturávið** (ao) Til baka. „Billinn rann dálítið afturávið“.
- Afturábak og áfram** (orðtak) Fram og til baka. „Eftir að hafa juggað bílnum afturábak og áfram um tíma, tókst mér loks að losa hann úr festunni“.
- Afturámóti** (ao) Hinsvegar; aftur á móti; á hinn bóginn/veginn. „Þetta er það sem stendur í bókum, en ég held afturámóti að þetta hafi orsakast á annan veg“.
- Afturbati** (n, kk) Bati; bæting; það að lagast af veikindum. „Heldur er þetta afturbati hjá mér, en ósköp fer hann samt hægt“.

Afturboginn / Aftursveigður (ao) Boginn/begður/sveigður afturábak.

Aftureftir (ao) Framanfrá; í átt að afturenda. „Hún strauk kisu aftureftir hreggnum“. „Belgurinn dróst aftureftir síðunni á bátnum“.

Afturelding (n, kvk) *Birting; dagrenning*; þegar aftur birtir að morgni.

Afturendi (n, kk) Aftari endi; rass. „Ég náði ekki að *grípa í afturendann á honum* til að minna hann á þetta“.

Afturfótur (n, kk) Aftari fótur á fjórfættu dýri. Sjá *gengur á afturfótunum*.

Afturfyrir (ao) Fyrir aftan. „Sigldu nú heldur afturfyrir dallinn en framfyrir; maður veit aldrei hverju þeir taka eftir á þessum stóru skipum“.

Afturför (n, kvk) Hnignun; öfugþróun. „Manni finnst það árans afturför að skólinn skyldi lagður niður, stuttu eftir að búið var að byggja hann. Þær fórnir og sú barátta virðist til lítils hafa orðið“.

Afturganga (n, kvk) Draugur; látin manneskja sem gengur aftur, þ.e. lifnar við sem draugur. Draugatrú var útbreidd áðurfyrr, og stafar líklega sumpart af meðfæddum ótta mannsins við myrkur. „Þorirðu ekki að fara einn í hlöðuna? Ertu kannski hræddur við afturgöngur eða ljón“?!

Afturhlaðinn (l) A. Um bát; með mikinn farm aftanvið miðskip. „Báturinn var svo afturhlaðinn þegar við vorum búnir að leggja öll netin uppí, að ég lét strákinn sitja við mótörinn og var sjálfur frammi á hvalbak“. B. Um byssu; hlaðin með skothylki aftast í hlaupi; ekki *framhlaðin*.

Afturhyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með horn sem vaxa berandi afturávið.

Afturhækill (n, kk) *Konungsnefshæll* á afturfæti klaufdýrs. „Yfirleitt er aðgengilegra að finna lið á framhæklum en afturhæklum, einkum fyrir byrjendur í hæklun“.

Afturí (ao) Aftanvert í einhverju, t.d. bát eða bíl. „Sestu bara *frammi*; strákarnir sitja afturí“.

Afturjúgur (n, hk) Aftara júgur á kú. „Hún er enn með *báshellu* í afturjúgrinu *frákonumegin*“.

Afturkalla (s) Taka til baka fyrirskipun/tilmæli/beiðni.

Afturkippur (n, kk) *Bakslag*; snögg breyting til hins verra, t.d. í túnasprettu eða framför lamba.

Afturkvæmt (l) Sjá *eiga afturkvæmt*.

Afturljós (n, hk) Ljós á aftanverðu farartæki. Á skipum er þó talað um *skutljós*.

Afturreka (l) Sjá *gera afturreka*.

Afturrúm (n, hk) Rúm það sem er aftan við miðskipsþóftu í litlum báti. „T-Guðbjartur náði þegar taki á bátnum og komst á kjöl en Árni, sem reri í afturrúmi, lenti svo langt frá bátnum að hann náði ekki til hans“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Aftursegl (n, hk) Aftara segl á seglskipi; getur verið af ýmsum gerðum og lagi.

Afturspeni (n, kk) Speni í aftara spenapari á kú. Sjá *framspeni* og *handmjólka*.

Afturstafn / Afturstefni (n, kk/hk) Aftara stefni á tvístöfnungi.

Aftursætisbílstjóri (n, kk) Sá sem situr í aftursæti bíls og er afskiptasamur um aksturslag bílstjórans. „Frú Guðrún mín er hreint fyrirtaks aftursætisbílstjóri“ (haft eftir ágætum presti um konu hans).

Afturundan (ao) Undan að aftanverðu. „Gríptu kúluna þegar hún kemur afturundan bátnum“!

Afturúr (orðtak) Afturfyrir; fyrir aftan. „Þú þarft að herða þig til að dragast ekki afturúr“. „Timbrið stendur dálítið afturúr kerrunni, en ekki þó til skaða“.

Afturúrkreistingur (n, kk) A. Lítið og vanþroska afkvæmi eftir fæðingu. B. Köpuryrði um mann; aumingi; ræfill; ónytjungur. „Ég er nú ekki sá afturúrkreistingur að ég komi ekki kassaræflinum upp á kerruna“!

Afturúrstandur (n, kk) Væskill; vesalingur; aumingi. Oftast notað í niðrandi merkingu um mann, en einnig um óduglega hrúta. „Sá afturúrstandur er búinn að drekka frá sér bæði vit og vini“.

Afturyfir (ao) Yfir og *aftureftir*. „Ég fleygði baujunni afturyfir skutinn“. „Hann féll afturyfir sig á jörðina“.

Afturþófta (n, kvk) Aftasta þóftan í litlum báti; hinar eru *miðskipsþófta* og *framþófta*.

Afturþungur (l) Þungur að aftanverðu. Helst notað um farartæki, t.d. bát, bíl eða kerru. „Heyvagninn var svo afturþungur að Farmallinn hafði hann ekki upp brekkuna“.

Aftök (n, kvk, fto) A. Jarðbönn; engin fjárbeit um langan tíma að vetri vegna snjóþyngsla eða klaka. „Hér hafa verið algjör aftök og *innistaða* í meira en vikutíma“. B. Landlegur vegna ótíðar/sjólags. C. Ofsaveður.

Aftökur (n, kvk, fto) Sver bára/undiralda, þannig að frá bát í öldudal sýnist fjöll hverfa. *Taka af*.

Afundinn (l) Fúll; stuttur í spuna; þurrlegur; leiður. „Skelfing fannst mér hann vera afundinn“.

- Afurð** (n, kvk) Framleiðsla; það sem verður til t.d. með matvælavinnslu.
- Afvanur** (l) Kominn úr æfingu; búinn að gleyma vinnubrögðum. „Ætli maður væri ekki orðinn dálítið afvanur til að vera gjaldgengur hækleri í dag, þó maður væri sæmilegur í því áður“.
- Afvatna** (s) Um saltaðan mat/saltfisk; úrvatna. „Nú þyrfti að afvatna saltfisk. Hver ætla að skjótast upp í Brunnhús“? Notað nær alfarið í Kollsvík; ekki „úrvatna“, eins og nú virðist landlægt. „Í Kaldabrunnslæk var tekið neysluvatn, þvegnað þvottar og afvatnað saltmeti“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Afvatnaður** (l) Úrvatnaður. „Fiskurinn er varla orðinn afvatnaður ennþá“.
- Afvega** (ao) Af vegi; frá/úr þeirri leið sem vanalega er farin. „Ég hafði farið afvega þarna á háfjallinu, enda um nokkrar götur að velja“.
- Afvegaleiða** (s) Lokka af réttu braut; tæla; villa um fyrir. „Mér er bara ekkert um að þessir íhaldskálfar séu að flækjast hér um sveitir og afvegaleiða heiðarlega framsóknarmenn“!
- Afvelta** (l) Um kind sem liggur á bakinu og getur ekki reist sig upp vegna aðstæðna eða ásigkomulags. Árlega varð einhver fjárskaði á þann hátt enda sjaldnast að fé findist í tíma sem þannig fór. Hrafn var fljótur að greina hjálparvana skepnur og kroppa úr þeim augu, auk þess sem refur rann fljótlega á svo auðfengið fæði. Þeim skepnunum er hættast sem eru vænar og þar af leiðandi með breitt bak og óliprari; einnig fé *í rúgi*.
- Afvelta** (n, kvk) Það að fara afvelta. „Það varð að lóga kindinni eftir afveltuna“.
- Afvenjast** (s) Gleyma fyrri ávana/venju. „Maður er dálítið farinn að afvenjast þessum handtökum“.
- Afvikinn staður** (orðtak) Til hliðar; leynistaður; úr alfaraleið. „Ég setti afmælisgjöfina á afvikinn stað“.
- Afvötnun** (n, kvk) Útvötnun saltfisks. „Skrepptu upp í brunnhús og sæktu fiskinn úr afvötnun“. Nú er landlæg önnur merking þessa orðs, án þess að séð verði vitleg ástæða hennar.
- Afpakka** (s) Hafna en þakka samt fyrir boðið. „Ég afpakkaði þetta tilboð“.
- Afpreying** (n, kvk) Dægrastytting; það sem maður gerir tilo að *stytta sér stundir*; tómsundastarf; lestur.
- Afpreyttur** (l) Hvíldur; úthvíldur. „Við byrjum ekki á þessu fyrr en við erum orðnir afpreyttir og hressir“.
- Afæta** (n, kvk) A. Auga í annars samfelldum ís, vegna volgru/straums. „Gáðu að þér á ísnum þarna á Mýrunum; það eru víða afætur í drápsdýjunum“. B. Það sem étur af/eyðir föðri. „Ég held ég lógi þessum útigangskindum; þær eru geldar og verða bara afætur í vetur“. C. Það sem étur beitu af krókum á fiskilínu. „Það þýðir ekkert að leggja héra fyrir afætum eins og krossfiski“. D. Dýr sem lifa sníkjulífi á öðrum dýrum; menn sem eru baggi á samfélagi af ásettum ráði.
- Afætudý** (n, hk) Dý sem ekki frýs, vegna stöðugs vatnsaga og/eða kaldavermslis. „Neðanvið túnið heitir Álfar. Það var afætudý áður fyrr“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).
- Agga** (s) A. Renna. „Þarna agar vatn uppúr klöppinni á mörgum stöðum“. „Það er *agandi* saggi á veggjunum“. B. Síða; halda reglu. „Segja má að síðustu um Víkina, eins og sagt hefur verið um landið: „Hún agar oss hart með sín ísköldu él, en á samt til blíðu; hún meinar allt vel“.“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Agalegur** (l) Mikill; ægilegur; skelfilegur. „Agalega væri nú gott að fá vatssopa að drekka“. „Svellid á veginum er nú ekki eins agalegt og af er látið“.
- Agaleysi** (n, hk) Skortur á hlýðni/ harðri stjórnun. „Svona agaleysi dugir ekki í fjármálastjórn“!
- Agent** (n, kk) Slettuheiti yfir þá sem kalla mætti áróðursmenn eða fulltrúa fyrir málstað; oft fremur niðarndi.
- Agg** (n, hk) Nöldur; aðfinnslur; hnjóð.
- Aggalítill** (l) Agnarlítill. Lýsingarorð sem heyrðist vart í Kollsvík, en er sennilega dregið af „agga“ sem var heiti á smásíld/smásili annarsstaðar á landinu. Hinsvegar var notað lýsingarorðið *oggulítill* í Kollsvík, sem líklega er myndbreyting á þessu lýsingarorði. Sjá þar.
- Aggi** (n, kk) A. Vatnsrennsli; krapasull. „Það kemur töluverður vatnsagi útúr hellinum“ „Það er krapí á vegum og illfær agi í hjólförum“. B. Stíf reglusemi.
- Agitera fyrir** (orðtak) Beita sér fyrir; reka áróður fyrir; dásama. „Hann agiteraði mjög fyrir þessu máli“.
- Agn** (n, hk) Beita. „Þú þarft að koma agninu vel upp fyrir agnhaldið á króknum“.
- Agnarangi / Agnarljúfur / Agnarpjakkur / Agnarskita / Agnarskott / Agnarskömm / Agnarspott / Agnarstubbur** (n, kk/kvk) Gæluorð um lítinn krakka. „Varstu að detta agnaranginn minn“? „Komdu héra agnarspottið“. Orðin voru töluvert notuð með þessu forskeyti, en einnig sem gæluorð án þess.
- Agnarlítill / Agnarsmár** (l) Ofulítill; örlítill; svolítill; pínulítill. „Það hafði farið agnarsmátt sandkorn í bensínleiðsluna“.
- Agnarögn** (n, kvk) Smávegis; örlítið; *duggunarögn*. „Það er ekki til agnarögn af salti“ „Bíddu agnarögn við“!

- Agndofa** (l) Lamaður af furðu/skelfingu; mjög hissa/skelfdur. „Ég varð alveg agndofa þegar ég sá hvað skeði“.
- Agnhald** (n, hk) Hak skammt frá oddi á öngli/fiskikrök, til að halda beitu/ veiði á króknum.
- Agnúast** (s) Skammast; hafa á hornum sér. „Minnihlutinn agnúast nú mjög út í síðustu aðgerðir meirihluta“. „Mér fannst ekki taka því að vera að agnúast við karlinn, þó ég væri ekki sáttur“.
- Agnúi** (n, kk) A. Agnhald á öngli/krök. B. Afleidd merking; hindrun; tregða; mótstaða. „Verkbannið, ásamt ýmsum agnúum innbyrðis, varð til þess að Kaupfélag Rauðsendinga hætti störfum í ársbyrjun 1934“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Agt** (n, kvk) Hlýðni; virðing. Sjá *akt*; *taka sig í agt*. „Tíkin sýnir honum enga agt“.
- Aka** (s) A. Keyra; stjórna ökutæki. B. Hnika til; færa. „Hann hafði það fyrir sið, þegar hann var að taka bílinn af stað, að aka sér í sætinu; grípa í hufuderíð og kiða herptum munn sinn til hvorrar hliðar“.
- Aka/ríða í loftinu** (orðtök) Aka/ríða mjög hratt. „Ég ók í loftinu norður á veg, og náði að loka hliðinu áður en kindahópurinn komst inná“.
- Aka/haga seglum eftir vindi** (orðtak) Haga verkum/orðum eftir því sem henta þykir. „Það verður bara að haga seglum eftir vindi; við verðum að geyma þessa eggjaferð þangað til aftur *þornar af*“. „Bragna enginn betur má í búrhvalsstrindi/ aka seglum eftir vindi“ (JR; Rósarímur).
- Aka sér** (orðtak) Hagraða sér sífellt í sæti; hnika sér til sitjandi; kiða í sæti. „Þegar talið barst að útigangsfénu fór hann að aka sér og skipta litum“.
- Aka sér af stað / Aka sér í** (orðtök) Koma sér af stað; drífa sig; hafa sig í verk. „Nú þurfum við bráðum að fara að aka okkur af stað“. „Ætli við verðum ekki að fara að aka okkur í þetta“.
- Akfeitur** (l) *Spikfeitur*; *sílsþikaður*. „Þú ert orðinn svo akfeitur að þú verður að halda þig miðskips“!
- Akfær/bílfær vegur** (orðtak) Vegur sem aka má um á bílum og öðrum ökutækjum. „Rúmum áratug áður hafði verið hafist handa um lagningu akfærs vegar upp úr Kollsvík að norðanverðu... ..Dráttarvéln var keypt árið 1944, eða rúmum áratugi fyrr en fyrst akfært varð yfir Hænuvíkurháls“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Ruddi hún bílfæran veg yfir heiðina á nokkrum vikum. 1952 ruddi hún og byggði upp akveg yfir Fossaháls á kostnað sýsluvegasjóðs og síðar um Hjarðarnes að Auðshaugi“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi; úr greinargerð Jóhanns Skaftasonar sýslumanns).
- Akkeri** (n, hk) Þungi, oftast með flaugum, sem slakað er á hafsbotn í akkerisfesti/stjórabandi til að festa bát og hindra að hann reki undan straumi/vindi. Sjá *stjórafæri/stjóri*; *dreki*; *kripur*. Orðstofninn gæti verið „arnkeri“ eða „arnker“, sem vísar til þess að gömul akkeri voru í raun tréllát fyllt af grjóti; með flaugum sem minna á arnarnef til að grípa í botninn.
- Akkerisfesti** (n, kvk) Festi sem liggur frá akkeri í bát eða ból á yfirborði.
- Akkerisflaug** (n, kvk) Flaug/armur á *akkeri*. „Við hættum við suðurferðina; tókum sinn í hvora akkerisflaugina á Ríper og drögum hann á land yfir stórgrýti; upp í bás milli klettanna fyrir ofan voginn“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Akkorð** (n, hk) Fastlaunasamningur; samningur. Oftast notað um það þegar maður tekur að sér verkefni fyrir fasta heildarupphæð en ekki tímakaup.
- Akkoti** (n, kk) Áhersluorð; afbökun/mildun úr „andskoti“. „Akkoti er þetta lagleg fleyta“.
- Akkur í** (orðtak) Hagur/bót að; hagnaður í. „Mér er engin akkur í því að fá vitlaus ráð“!
- Akkúrat** (l, ao, u) Einmitt; nefnilega; nákvæmlega; nákvæmur. „Það var akkúrat þetta sem mig *vanhagaði um*“. „Þetra er akkúrat kíló“. „Hann er svo akkúrat í sínum mælingum; þar má engu skeika“. Einnig samsinni/undirtektr fullyrðingar: „Akkúrat“! „Það var akkútrat (það/þannig)“.
- Aksjón** (n, kvk) Stundum notað um uppboð, og þá sletta úr t.d. dönsku „aktion“. Heyrist á síðari tímum sem sletta úr ensku; „action“, eða aðgerð; verknaður.
- Akstur** (n, kk) Keyrsla; það að aka/keyra ökutæki. „Að Láganúpi er um klukkustundar akstur frá Patreksfirði“.
- Akstursfær** (l) Ökufær; fær um að aka. „Ég held að hvorki bíll né bílstjóri hafi verið akstursfær eftir þetta“.
- Aksturslag** (n, hk) Ökulag. „Mér sýndist nú á aksturslaginu að karlinn hefði eitthvað þegið í staupinu“!
- Akt / Agt** (n, kvk) A. Agi; virðing. „Hann stjórnar þessu algerlega; við verðum að sýna hinum fulla akt og respekt“!. B. Sjálfsagi. Sjá *taka sig í agt með og agt*.
- Akta** (s) A. Hlýða; virða; fara að reglum/fyrirmælum. „Hundurinn er gagnslaus ef kindurnar akta hann ekki“. B. Vera; haga sér. „Ég ætla að setja traktorinn í gang og sjá hvernig hann aktar“.

Aktaumur (n, kk) Stjórntaug; taumur sem notaður er til að stjórna/stýra með, t.d. báti. *Taumastýri* voru ekki algeng í Kollsvíkurvegi, *eftir því sem næst verður komist*, en voru ekki óþekkt.

Aktygi (n, hk, fto) Æki; búnaður til að festa dráttartæki, s.s. vagn, aftan í hest. „Pabbi smíðai járnin á aktygin sem hann smíðaði talsvert af“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Akur (n, kk) A. Kornræktarland. B. Mikill fjöldi; ógrynni. „Þarna var akur af fólki samankomið“.

Akurgerði (n, hk) Hólf sem ræktað er í; jurtagarður. Kunnasta örnefni með því heiti er í Sauðlauksdal, þar sem fyrstu kratöflur voru ræktaðar á Íslandi. „Upp af Sandvelli, heldur heimar, neðan Enna, er Akurgerði, og er frá tíð sr Björns Halldórssonar. Þar voru fyrst ræktaðar kartöflur“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals). „Akurgerði er nokkuð stór garðspilda, girt sterkum garði af torfi og grjóti. Læk er veitt undir mannvirkid og liggur eða lá hann eftir grjót- og torflokraesum með jöfnu millibili undir garðinum. Með hellusteini undir neðri garðveggnum var hægt að stjórna hve djúpt var á vatnið í jarðveginum“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Akútera (s) Samþykkja; vera meðmæltur; skrifa uppá. „Hann vildi ekki alveg akútera að hann bæri einn ábyrgð á þessari uppkomu“ . „Ætli ég verði ekki að akútera mín mistök“.

Akvegur (n, kk) Vegur sem unnt er að aka um á ökutækjum. „Ruddi hún (jarðýtan Ásaþór) bílfæran veg yfir heiðina á nokkrum vikum. 1952 ruddi hún og byggði upp akveg yfir Fossaháls á kostnað sýsluvegasjóðs og síðar um Hjarðarnes að Auðshaugi“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi; úr greinargerð Jóhanns Skaftasonar sýslumanns).

Ala (s) Um búfé; halda á lífi; hafa til viðurværis. „Lömbin voru alin inni allan veturinn. Þau voru höfð í lambhúsi sem stóð uppi á Hólum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Ám er gefið fram á burð allvíðast, og aldar inni frá því um hátíðar og framundir apríllök“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ala á (einhverju) (orðtak) Endurtaka í *sifellu*; reka áróður fyrir; *halda einhverju að*. „Ég þvertók fyrir þetta í fyrstu, en hann hélt áfram að ala á því þangað til ég *féllst* á að koma með þeim“.

Ala manninn (orðtak) Vera; dveljast. „Hvar hefur þú alið manninn“?

Ala önn fyrir (orðtak) Sjá um; hafa á framfæri.

Aladdinlampi (n, kk) Olíulampi af sérstakri gerð, sem fluttur var inn í kirngum 1960 og gekk almennt undir þessu heiti; a.m.k. í Rauðasandshreppi. Olíubyðan var úr glæru gleri, á glerfæti; lampaglasid svert og kringum það hólklaga skermur, um 25 cm í þvermál. Þessir stofulampar veittu mikla birtu og hita.

Alautt (l) Um snjóalög; jörð alveg auð; enginn snjór á jörðu. „Í nóvember var jörð alauð, og sauðfé sjálfala um byggðir og fjöll“.

Albata (l) *Fullbata*; alveg batnað af veikindum/meiðslum. „Ég var orðinn albata og gat farið með þeim“.

Albjart (l) Fullbjart/alveg bjart að degi. „Það þarf ekki að kveikja ljós meðan enn er albjart“.

Alblindur (l) Alveg blindur/sjónlaus.

Alblóðugur (l) Ataður blóði. „Hann var alblóðugur í andliti eftir að hafa hrasað í skriðunni“.

Albúinn (l) Alveg tilbúinn/reiðubúinn; að fullu lokið við. „Ég er albúinn að fást við tuddafjandann“. „Þórður Jónsson gerði grein fyrir reikningum Félagsheimilisins og kvaðst albúinn að breyta formi reikninganna“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).

Alda (n, kvk) A. Bára, t.d. á sjó. „Hann er að leggja upp talsverða öldu“. B. Hæð/bylgja í landslagi eða öðru.

Aldamót (n, hk, fto) Mót tveggja hundrað ára tímabila, t.d. 1900 og 2000.

Aldarfar / Aldarháttur (n, hk) Tíðarandi; siðir og viðhorf á hverjum tíma. „Það er breytt aldarfarið og af sem áður var“.

Aldavinur (n, kk) Kær vinur til langs tíma. „Þeir voru aldavinir uppfrá því“.

Aldaöðli (n, hk, þgf) Sjá frá *aldaöðli*.

Aldeilis (u) Öldungis; alveg; upphrópun eða áhersluorð; ýmist notað sérstætt eða ekki. „Það var aldeilis“! var sagt í vandlættingartón um eitthvað yfiringilegt; gott eða slæmt. „Þetta er nú aldeilis fint hús“. „Hún ætlaði nú aldeilis ekki að sleppa því sem hún var komin með í hendurnar“. „Er þetta nú aldeilis rétt“?

Aldeilis hissa/hlessa (orðtak) Lýsing á mikilli undrun/*forundran*. „Nei, nú er ég sko aldeilis hlessa; er ekki hrafninn kominn með heilan rauðmaga hingað upp að húsi“!

Aldimmt (l) Alveg dimmt/myrkvað. „Það var farið að rökkva verulega, en þó ekki orðið aldimmt“.

Aldinn / Aldraður (l) Gamall; aldurhninginn. „Hann hlýtur að vera orðinn þónokkuð aldinn núna“.

Aldrei (ao) Ekki nokkurntíma. „Það var *aldrei*“! „Þetta er *seint en aldrei*“.

Aldrei að segja aldrei (orðatiltæki) Aldrei að útiloka/ telja óhugsandi. „Aldrei að segja aldrei, maður veit ekki hvenær önnur staða verður uppi“.

Aldrei að vita (orðtak) Ekki unnt að segja til um; gæti skeð; hugsanlegt. „Við skulum hinkra aðeins lengur; það er aldrei að vita nema þessi mávahópur komi norðuryfir sem er flóktandi þarna við Hreggnesann“.

Aldrei á lífsfæddri ævi (orðtak) Aldrei á ævinni; aldrei nokkurntíma. „Aldrei á minni lífsfæddri ævi hef ég heyrt annað eins endemis bull“!

Aldrei er bagi að bandi (orðatiltæki) Band var dýrmætur nytjahlutur fyrir á tíð, þegar það var torfengnara en nú. Mikil vinna fór í að afla þess heimavið, með tógspuna eða þvengjagerð, og bönd af hampi voru dýr hjá kaupmönnum. Band þurfti til heyskapar meðan borið var heim í böndum; til að binda og leiða stórgripi; í færi, net, lóðir, stjóra, festingar, sigvaði, tildrátt, kippubönd og fjölmargt annað. Menn reyndu því með öllu móti að ná sér í band og varðveita það vel. Urðu jafnvel af því þjófnaðarmál, þó ekki sé vitað um slíkt vestra. Sóknin í band var mikil, jafnvel eftir að það varð aðgengilegra. Því hefur það í Kollsvík verið talinn sérstakur happareki ef þar kemur á fjörur flækja af heillegri lóð eða færi sem týnst hefur í hafi. Settust menn þá við það í sínum frítímum að greiða, og höfðu oftast uppúr því miklar hankir. Eins var þetta mjög vinsæl gestapraut hjá aðkomufólki.

Aldrei er gott oflaunað nema í illu sé (orðatiltæki) Vel unnið vandaverk og fórnfús vinna í annarra þágu er aldrei fullþökkuð/ of vel launuð, nema ef vanþakklæti og illindi eru launin.

Aldrei er góð vísa of oft kveðin (orðatiltæki) Vísdom og heilræði þarf sífellt að endurtaka. Mikið notuð speki.

Aldrei er of varlega farið (orðtak) *Allur er varinn góður*; gott er að sýna varúð. „Gættu vel að *handfestunum* þegar þú ferð fyrir nefið; það er aldrei of varlega farið“!

Aldrei skyldi egna óstöðugan (orðatiltæki) Menn eiga ekki að ögra þeim sem eru fljóttillir/viðskotaillir. Sjá einnig; *til að æra óstöðugan*.

Aldrei skyldi seinn maður flýta sér (orðatiltæki) Maður skyldi aldrei hraða sér svo að maður missi stjórnina. Ekki er hyggilegt að *rasa um ráð fram*. „Nú skar ég mig í fingurinn. Aldrei skyldi seinn maður flýta sér“!

Aldrei þessu vant (orðtak) Óvanalegt; *nú ber nýrra við*. „Grána skilaði sér sjálf heim af Bjarginu þetta árið, aldrei þessu vant“. Ég mundi eftir að setja aukahníf í bátinn núna, aldrei þessu vant“.

Aldur (n, kk) Æviskeið; áratil frá fæðingu/upphafi/smíði. „Ég spurði hann ekki að aldri“.

Aldurhniginn (l) Aldraður; gamall. „Hann hlýtur að vera orðinn nokkuð aldurhniginn núna“.

Aldurtili (n, kk) Banamein; það sem veldur dauða. „Tili“ merkir það sama og „tilefni“ eða orsök. „Ég veit ekki hvað varð hrútnum að aldurtila“. Sjá *verða að aldurtila*.

Aldæla (l) Sem allir geta gert sér dælt við/ lynt við; meðfærilegur; lætur að stjórn. Jafnan notað í neikvæðri merkingu, með „ekki“ fyrir framan. „Hann var mjög *sérlundaður* og þótti *ekki aldæla*“.

Alefli (n, hk) Ítrustu kraftar; mesta átak. „Það bifaðist ekki þó ég tæki á því *af alefli*“.

Aleiga (n, kvk) Allar eigur; allt sem maður á til. „Þetta gæti kostað hann aleiguna ef illa tekst til“.

Aleinn (l) Alveg einn; einsamall. „Það verður erfitt að koma fænu *heimefir*, aleinn“.

Alelda (l) Um hlut/byggingu; logar allsstaðar; að öllu leyti í báli. „Húsið varð alelda á skömmum tíma“.

Alfaðir (n, kk) Sá sem er faðir allra; ættfaðir. Oft notað um æðsta guð trúarbragða.

Alfaraleið / Alfaravegur (n, kvk/kk) Fjölfarin þjóðleið. „Alfaraleið lá forðum yfir fjallgarðinn bak Látrabjargs...“ (MG; Látrabjarg). „Þetta er nokkuð frá alfaravegi“.

Alfarið (ao) Alveg; eingöngu. „Þetta er alfarið á mína ábyrgð“. „Fiskur virðist alfarið vera horfinn af grunnmiðum þetta árið“.

Alfarinn / Alfuttur (l) Alveg fluttur; alveg farinn. „Eftir þetta kom hann vestur alfarinn og hóf búskap“.

Alfataskipti (n, hk, fto) Skipti allra fata sem maður er í. „Ég var svo *forblautur* að ég þurfti að hafa alfataskipti þegar ég kom heim“.

Alfatnaður / Alklæðnaður (n, kk) Öll föt sem maður er í. „Fyrir þetta keypti hann sér nýjan alfatnað“.

Alfullkominn (l) Fullkominn að öllu leyti; gallalaus. „Þetta er nú *fyrirgefianlegt*; það er enginn alfullkominn“.

Alfriðaður (l) Um dýrategund; óheimilt að veiða á öllum árstímum.

Algallaður / Alhlífaður (l) Í fullum/heilum galla, t.d. á sjó. „Það er best að vera algallaður í þessari ágjöf“.

Algeld (l) Ær sem orðin er alveg geld; þ.e. hætt að mjólka. (Orðasafn IG)

Algengur (l) Almennur; alþekktur; sem víða fyrirfinnst. „Þetta er algengur misskilningur“.

Alger / Algjör (l) Allur; alveg. „Kollsvíkingum er tamara að nota orðið „alger“ en „algjör“. „Þetta er alger klaufaskapur“. „Alger“ var tamara Kollsvíkingum en „algjör“, þó hvortveggja heyrðist í seinni tíð.

Algerlega / Algjörlega (l) Alveg; að fullu. „Saltið er algerlega búið“. „Ertu algerlega hættur að þrífa eftir þig“?

Algóður (l) Góður að öllu leyti; gallalaus.

Algróinn (l) Um landsvæði/mein; gróið að fullu. „Heimst var þetta holt algróið og frekar grasgefið“ (Bþv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Alheiður himinn (orðtak) *Skaðfheiður himinn*; alveg heiðskírt.

Alheimta (s) *Fullheimta*; fá allt fé að hausti sem búist var við. „Ekki er ég samt búinn að alheimta ennþá“.

Alheimur (n, kk) Heimurinn allur; veröldin.

Alhéluð jörð (orðtak) Jörð öll þakin hrími/hélu. „Þetta er furðulegt veðurlag; frostþoka og alhéluð jörð“.

Alhirða (s) *Fullheyja*; koma öllu heyi af túni inn í hlöðu. „Ég er nánast búinn að alhirða, þetta sumarið“.

Alhlífaður (l) Í hlífðarfatnaði/skinnaþæðnaði frá toppi til táar. „Þú þarft að vera alhlífaður við þetta verk“.

Alhugur (n, kk) Einlægni; sannfæring.

Alhvítt / Alhvít jörð (l/orðtak) Snjór yfir öllu; snjóþekja. Það gerði á okkur þvílíkt hagléi að alhvítt varð“. „Það var bara orðin alhvít jörð á stuttum tíma“.

Alikálfur / Alilamb (n, kk) Ungviði sem *sett* er á til eldis.

Alin (n, kvk) A. *Öln*; mælieining sem áður var almennt notuð um lengd. Alin var upphaflega miðuð við lengdina frá olnboga fram á góm löngutangar á meðalmanni (stundum þó framá góm þumalfingurs). Forníslensk alin jafngilti tveimur fetum; tveimur spönnum; eða 24 þumlungum. Með stikulögum á Alþingi (um 1200) var hún nefnd íslensk alin og lengd ákveðin 20 þumlungar. Forn alin eða Hamborgaralin var upp tekin í byrjun sextándu aldar og var þá 22 þumlungar (tommur) eða 57,8cm. Árið 1776 var lögtekin Dönsk alin, sem var 24 þumlungar eða 62,8cm að lengd, og er hún í gildi í dag að því marki sem álnir eru notaðar. Danskt fet er 31,39 cm og tvö slík eru í hverri danski alin. B. Verðeining að fornu; alin vaðmáls jafngilti tveimur fiskum. Stórt hundrað álna, eða 120 álnir, jafngilti einu *jarðarhundraði* og jafngilti einnig einu kýrverði. Sex álnir voru í lögeyri. Jarðarverð voru tilgreind í hundruðum. C. Mælieining heyforða. forðagæslumenn mældu stabba af fullsignu þurrheyi í álnum.

Alkirkja (n, kvk) Kirkja þar sem prestur skyldi fyrrum þjóna hvern helgan dag. Við alkirkju var jafnan kirkjugarður. Saurbæjarkirkja (frá þjóðveldisöld) og Sauðlauksdalskirkja (frá 1512) voru alkirkjur, og síðar Breiðavíkurkirkja (frá 1824), en þar var áður bænhús (a.m.k. frá 1431). Frá fornu fari lá sú skylda á alkirkju að hýsa biskup og fylgdarlið hans á yfirreiðum. Ef biskup nofærði sér ekki þessa kvöð áttu kirkjuhaldarar að greiða honum úthlutning/úrlausn.

Alkominn (l) Kominn *fyrir fullt og fast*; alveg kominn. „Ertu þá alkominn í sveitina“?

Alkort (n, hk) Spil sem vinsælt var fyrr á tíð, en minna spilað nú á dögum eins og önnur spil. Í byrjun eru fimmur og tíur teknar úr bunkanum. Spilarar eru fjórir; tveir og tveir spila saman. Gjafari gefur hverjum níu spil, en átta eru þá eftir í stokk sem hann geymir hjá sér. Gildi spila er annað en venjulegt er: Tígulkóngur er hæstur; þá hjartatvistur, laufafjarki; spaðaátta; hjartanía; tígulnía; ásar; gosar og sexur. Sjöur eru kallaðar „besefar“ og hafa þá sérstöðu að styrkjast eftir unninn slag en hafa annars ekki gildi. Markmiðið er að fá sem flesta slagi. Fáir menn fimm slagi í röð nefnist það „múkur“, sem gefur fimm prik. Sex slagir eða fleiri gera „stroku“. Annars er eitt prik fyrir hvern slag.

Alkul (n, hk) Mesti kuldi sem orðið getur er -273,15°C (-459,67°F) eða 0°á Kelvinkvarða. Við það hitastig er hreyfing frumeinda og sameinda í algeru lágmarki. Tekist hefur að komast nærri alkuli, en fræðilega er þó ómögulegt að ná því meðan einhver virkni er í umhverfinu.

Alkunnugur (l) Þekkir til fulls. „Ég er alkunnugur á þessum slóðum; þarna hef ég oft farið“.

Alkunnur (l) Þekktur af öllum; víðkunnur. „Vonandi þarf aldrei að endurtaka hið alkunna björgunarafrek í Látrabjargi; hætt er við að slíkt vefðist fyrir nútímafólki þó það sé betur útbúið“.

All... (forsk) Forskeyti til að leggja meiri þunga í orð og auka gildi þess. Ýmist sér í lagi í framburði og ritun, eða samanspyrt viðeigandi orði. Var töluvert meira notað í Kollsvík en nú heyrist. „Það er komið allnokkurt frost“. „Þetta kostar all verulegar upphæðir“.

Alla brestur eitthvað (orðatiltæki) *Enginn er fullkominn*; allir hafa einhvern annmarka/galla.

Alla leið (orðtak) Leiðina/veginn til enda; alveg til enda; að takmarki. „Ég var orðinn svo uppgefinn að það var með herkjum að ég komst alla leið heim“.

- Alla sína/mína hundstíð** (orðtak) Alla ævi; alltaf. „Ég hef gert þetta svona alla mína hundstíð, og ætla ekki að fara að breyta því á gamalsaldri“! „Alla sína hundstíð hefur hann hangið aftaní þessum flokki“. Á síðari tímum hefur sú þvæla fengið fæturna að segja „alla sína hunds- og kattartíð“, sem er *kjafítska*.
- Alla tíð / Allatíð** (orðtak) *Alltaf; sífellt; sí og æ*. „Þær voru alla tíð erfiðar, bjargferðirnar, þótt ekki væri lagt jafnhart að sér og í þessari ferð“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). Oftast framborið sem eitt orð.
- Allaballi** (n, kk, linur frb) Uppnefni á stuðningsmanni Alþýðubandalagsins.
- Allajafna** (ao) Að öllu jöfnu; venjulega; yfirleitt. „Allajafna er skjólsælla í Kollsvík í norðanáttum“. „Allajafna var tvíróið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Allajafna sveigir sverða sinnisgáður/ slær sér minna út en áður“ (JR; Rósarímur).
- Allalgengur** (l) Nokkuð/verulega algengur. „Smyrill er allalgengur að sumri; sjaldgæfari að vetrum“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík).
- Allan liðlangan daginn** (orðtak) Allan daginn. Orðið „*liðlangur*“ er til áhersluauka. „Verið nú ekki með þennan bévítans gauragang strákar; allan liðlangan daginn“!
- Allar bjargir bannaðar** (orðtak) Ekkert til bjargar; engin úrræði tiltæk. „Með lækkandi afurðaverði og hótun um að hætta að sækja mjólk má segja að bændum í Kollsvík hafi verið allar bjargir bannaðar“.
- Allar götur** (orðtak) Alveg; alla leið. „Ég horfði á tófuna renna upp klettana; allar götur uppá brún, þó hvergi virtist fótfestu að sjá á leiðinni“. „Ég elti tófuna allar götur fram á Aurholt“.
- Allar götur síðan..** (orðtak) Alveg síðan... Notað til áhersluauka: „Frá Kollsvík hefur verið róið nánast samfleytt; allar götur síðan Kollur nam þar fyrst land“.
- Allatíð** (ao) Alltaf. „Þetta hef ég allatíð vitað; *fyrir mér* eru þetta engin ný sannindi“.
- Allar leiðir liggja til Rómar** (orðatiltæki) *Allt ber að sama brunni; allt bendir í sömu átt*; allar leiðir liggja á tiltekinn stað.
- Allavega / Allavegana** (ao) Að minnsta kosti; í það minnsta; *í öllu falli*. „Þeir eru ekki hér; allavegana hef ég ekki séð þá“. Hið síðara notað mun oftast í Kollsvík en annarsstaðar heyrir. Sjá einnig *allrahlutavegna*.
- Alláberandi** (l) Verulega áberandi/sýnilegur. „Upptök Hrófár er gil sem heitir Urðargil; alláberandi gil uppi í brúninni“ (ÓÍÓ; Örn.skrá Vesturbotns).
- Allbágur** (l) Verulega aumur/illa haldinn. „Maður er nú orðinn allbágur ef maður dregst ekki á sjó“.
- Allbirgur** (l) Með góðar birgðir; vel vistaður. „Sumir voru svo rausnarlegir að þeir létu okkur hafa steinbitinn af hverjum háseta, svo við vorum allbirgir þarna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Allborubrattur** (l) Ber sig nokkuð vel; nokkuð montinn/áræðinn. „Mér finnst hann nú allborubrattur ef hann heldur að hann hafi roð við mér í sjómanni“!
- Allbrattgengur** (l) Nokkuð fær í klettum; góður bjargmaður. „Strákurinn er allbrattgengur og lipur“.
- Allbrattur** (l) A. Mjög brattur; nær þverhnipt. „Gáðu nú að þér í aurskriðunum; þær eru allbrattar og harðar“. B. *Allborubrattur*; nokkuð hress/áræðinn.
- Allbreiður** (l) Fremur/mjög breiður. „Lending í Kollsvíkurveri er í allbreiðum bás á milli Norðarikletta og Syðrikletta; þar sem Búðalækur rennur til sjávar. Framundan lendingunni er Lægið.“
- Allbærilega / Allbærilegur** (ao/l) Nokkuð vel; sæmilega. „Mér líður allbærilega, þakka þér fyrir“. „Þetta er nú allbærilegur afli, þykir mér“.
- Alldimmt** (l) Nokkuð dimmt/myrkvað. „Alldimmt var orðið, en þó ratljóst“.
- Alldjarfur** (l) Nokkuð hugaður; fífldjarfur. „Vorur þeir taldir alldjarfir í sjóferðum“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Alldrjúgur** (l) Nokkuð montinn; lætur drýgindalega. „Hann var alldrjúgur yfir aflabrögðunum“.
- Alldularfullt** (l) Verulega furðulegt. „Menn kunnu enga skýringu á þessu fyrirbær og töldu það alldularfullt“.
- Alldýrt** (l) Nokkuð dýrt; verulega/talsvert dýrt. „Ég hefði nú kannski keypt þetta, en fannst það alldýrt þarna“.
- Allefins** (l) Nokkuð efnis/vantrúaður; *hefur ekki mikla trú á*. „Ég er nú allefins um að þetta gangi hjá honum“.
- Alleina** (fs) Að minnsta kosti; allt að einu; eingöngu. „Alleina finnst mér að byggð hafi minnkað á svæðinu“. Einnig í orðatiltækinu „*það er nú alleina það*“. „Selfengur alleina með að skjóta þá, því lagnir eru þar engar (á Látrum)“ (ÁM/PV Jarðabók).
- Allferlegur** (l) Mjög/fremur hræðilegur/stórskorinn/iskyggilegur. „Þvoðu þér nú í framan strákur; þú ert allferlegur, svona krímóttur til augnanna“!
- Allfjarri** (ao) *Allmjög* fjarlæg; langt í burtu. Oftast notað í neitandi stöðu: „Hann tók því ekki allfjarri“.

Allfurðulegur (l) Mjög/fremur furðulegur/einkennilegur. „Mér þótti þetta allfurðulegt, og fór að skoða það betur. Þá kom í ljós hvernig í öllu lá“.

Allgóður (l) Nokkuð mikill; verulega góður/vænn. „Við fengum þarna allgóðan afla á stuttum tíma“.

Allgreinilega (ao) Nokkuð greinilega; sæmilega skýrt. „Ég sá þetta allgreinilega“.

Allharður (l) Nokkuð harður. „Steinbíturinn var illa barinn og allharður undir tönn“.

Allhásjávað (l) Tölvert mikið fallið að; allmikil flæði. „...sunnan við aðallendinguna er svokölluð Snorralending. til þess að hún njóti sín þarf þó að vera allhásjávað, þvert á móti því sem nú var“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „...þar sem að fornu fari hefur verið kölluð Snorralending. Þar verður aðeins lent um allhásjávað“ (KJK; Kollsvíkurver).

Allhátt (l) Töluvert hátt; verulega hátt. „Þarna sýnist mér kind vera í aðhaldi; allhátt uppi í klettum“.

Allheitur (l) Mjög heitur; tilfinningaríkur. „Allheitur umræður urðu um málið og skiptust menn í flokka með og móti“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Allhrikalegt (l) Mjög stórskorið; fremur ógnvekjandi. „Skápadalurinn er hömrum girtur og í botni hans er að sjá allhrikalegar klettamyndir“ (ÁÓ; Örn.skrá Skápadals).

Allhvasst (l) Verulega hvasst; þéttingsvindur. „Það var orðið allhvasst, svo nokkuð skóf sandi þarna á Rifinu“.

Allhættulegt (l) Mjög fremur hættulegt/varasamt/iskyggilegt. „Það er stórvarasamt að fara þarna um hjallann í hálfu, og reyndar er leiðin öll allhættuleg við þannig aðstæður“.

Allir á sama báti (orðtak) Allir jafn vel/illa settir/staddir; allir *í sömu sveit settir*. „Bændur eru allir á sama báti; flestir eru *tæpir með* fóður eftir þetta rigningarsumar“.

Allir dagar eiga kvöld (um síðir) (orðatiltæki) Speki sem notuð er oft um annað, t.d. ellina.

Allir eiga leiðréttingu orða sinna (orðatiltæki) *Öllum getur mismælst*; menn mega leiðrétta sín mismæli

Allir eldar brenna út/ slökkna um síðir (orðatiltæki) Sama á við um t.d. deilumál. Einnig; *kulnar eldur nema kyntur sé*.

Allir eru vinir er/þegar vel gengur (orðatiltæki) Í góðæri/velgengni er minni ástæða til illinda milli manna en þegar harðnar á dalnum.

Allir hafa einhvern brest / Allir hafa sína bresti / Hver hefur sinn brest (orðatiltæki) Allir menn eru breyskir að einhverju leyti; *enginn er fullkominn/gallalaus*. Brestur er galli/breyskleiki.

Allir (menn) hafa einhverntíma verið börn (orðatiltæki) Auðskilin speki; sýnum börnum skilning.

Allir leggjast á eitt (orðtak) Allir hjálpast að; allir vinna að sama markmiði. „Þetta ætti að *hafast* auðveldlega ef allir leggjast á eitt“. Vísar til þess t.d. að allir taki saman á borðstokki báts til að draga hann upp úr fjöru, eða að margir stundi reiptog. Sjá *leggjast á eitt*.

Allir með tölu (orðtak) Hver og einn einasti; allir. „Kindurnar heimtust allar með tölu“.

Allir mega eitt kál súpa (orðatiltæki) Allir þurfa að búa við sömu kjör; allir eru *í sömu sveit settir*. „Menn eru *misvel* undir þetta búnir, en allir megum við víst eitt kál súpa þegar kemur að lagasetningu stjórnvalda“.

Allir sem vettlingi geta valdið (orðtak) Allir verkfærir menn; hver einasti rólfær maður. „Allir sem vettlingi gátu valdið drifu sig á staðinn með kvíslar og heyið var drifið úr hlöðunni; sumt logandi eða rjúkandi“.

Allir skapaðir hlutir / Allt sem nöfnum tjáir að nefna (orðtök) Allt. „Ég þekkti ekkert til verka og þurfti að spyrja um alla skapaða hluti“. „Þarna ægði öllu saman sem nöfnum tjáir að nefna“. Notað til áherslu.

Allir sótraftar á sjó dregnir (orðtak) Sjá *sótraftur á sjó dreginn*.

(Einhverjum eru) allir vegir færir (orðtak) Einhver getur allt; einhver er óbundinn. „Ég er dálítið upptekinn í dag, en á morgun eru mér allir vegir færir“.

Allir vildu Lilju kveðið hafa (orðatiltæki) Öllum þykir eftirsóknarvert að láta eftir sig fallegan kveðskap eða annað ódauðlegt listaverk. Lilja er helgikvæði sem þótti afburðavel kveðið og innblásið. Samið af munknum Eysteini Ásgrímssyni (d. 1361); líklega meðn hann sat í járnum í Þykkvabæjarklaustri 1343, dæmdur af Jóni Sigurðssyni Skálholtsbiskup fyrir að hafa, ásamt tveimur öðrum, barið Þorlák ábóta og stundað saurlífi. Sættir náðust og varð Eysteinn síðar officialis í Helgafellsklaustri.

Allkátur (l) Liggur nokkuð vel á; í góðu skapi; skemmtir sér. „Hann varð allkátur við þessi tíðindi“.

Allkjöftugur / Alllyginn (l) Fremur/heldur ósannsögull/lausmáll. „Mér finnst hann allkjöftugur um það sem mætti *liggja í láginni*“. „Sumum þykir hann alllyginn, en það má alveg hafa gaman af honum“.

- Allkunnugur / Allkunnur** (l) Mjög kunnugur; þekkir mjög vel til. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Pembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Alllangur** (l) Mjög/fremur langur. „Maður í landi býr sig út með ár sem hann festir við allöngu snæri...“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Allengi** (ao) Nokkuð/fremur lengi; langa stund. „Við biðum allengi eftir þeim, en svo fór ég að leita“.
- Allmargir** (ao) Verulega margir; töluverður fjöldi. „Allmargir voru þeirrar skoðunar að Íslendingum stafaði engin gæfa af inngöngu í „Evrópska efnahagssvæðið“, og enn hefur ekki verið *bitið úr nálinni* með það“. „Hjá allflestum munu hey vera *lakari* en í meðallagi, því sumarið var *óþurrkasamt*...“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Allmerkilegt** (l) Verulega/töluvert merkilegt. „Mér þykir það allmerkilegt hvað þetta forskeyti hefur almennt lítið verið notað, í ljósi þess hve Kollsvíkingum hefur einatt verið það tamt“.
- Allmikill / Allþungur** (ao) Verulegur; talsverður. „Hann hefur rífið upp allmikinn sjó á stuttum tíma“.
- Allmjór** (l) Fremur/mjög mjór. „Hægt erð komast á Höfðann eftir Sveltisganginum, en hann er allmjór á köflum, og ekki fyrir lofthrædda“.
- Allmjög** (ao) Töluvert; verulega. „Færðin hefur allmjög versnað frá því í gær“.
- Allnokkur** (fn) Verulegur; allmikill. „Hann hefur verið að auka sjóinn með morgninum; það er komið allnokkuð rugg“. „Það var allnokkuð eftir í mjólkurfötunni þegar kálfurinn komst í hana“.
- Allnærri** (ao) Nokkuð nálægt. „Þó var haldið áfram að draga uns komið var allnærri niðurstöðu að stjóra. Þá var línunni sleppt og því nær ávallt haldið til lands“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Alloft** (ao) Verulega oft; iðulega. „Það hefur alloft gefið á sjó þessa dagana, en þá er heyskapurinn á fullu“.
- Allófríðlega** (ao) Með miklum ófríði/látum; vígalega. „Þegar hann kemur ofan fyrir túnbrekkuna sér hann að þar er draugurinn kominn í nautslíki, og lætur allófríðlega“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Allóþyrmilega** (ao) Óvægilega; af nokkurri hörku. „Ég var vakinn allóþyrmilega“.
- Allra** (fn, ft, ef) Fornafnið allir var stundum notað sérstætt þegar lýst var manneskju, og þá átt við að viðkomandi væri ekki viðhlægjandi/félagi/vinur allra eða að fáir gætu orðið hans trúnaðarvinir. „Hún þótti oft þegjandaleg og þurr í viðmóti, og alls ekki allra“.
- Allra bjargráða vant** (orðtak) Engin ráð tiltæk; engin úrræði í boði. „Hann var ósyndur, eins og reyndar allir hinir; en þar sem hann náði aldrei taki á bátnum, varð honum allra bjargráða vant“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Allra hluta vegna** (orðtak) Af öllum ástæðum; með öllum rökum. „Þetta þarf að gerast tafarlaust, allra hluta vegna“. „Tillagan er arfavitlaus; allra hluta vegna“!
- Allra veðra von** (orðtak) Það getur viðrað hverju sem er; það geta orðið skjót *veðrabrigði*. „Þó nú skini sólin þá er allra veðra von á þessum árstíma“
- Allra þjóða kvikindi** (orðtak) Fólk af mörgum þjóðum; blanda fólks af ólíkum uppruna. „Það náttúrulega gekk ekki að allra þjóða kvikindi væru að skarka á togveidum uppi í kálgörðum“!
- Allrabest** (l, est) Best af öllu. „Allrabest fannst mér þó það sem hann sagði um landkrabbana“!
- Allrahanda / Allrahandanna** (l) Allskonar; af ýmsu tagi. „Í geymslunni var allrahandanna dót sem þangað hafði safnast“.
- Allraheilagramessa** er 1. nóvember. Gott veður þann dag var talið boða góðan vetur.
- Allrahelst** (l, est) Helst af öllu. „Ég vildi allrahelst klára þetta í dag; það *biður sér ekki til bóta*“.
- Allrahlutavegna** (ao) Með tilliti til alls; af ýmsum/öllum ástæðum; *í öllu falli*; *allavegana*. „Það þarf allrahlutavegna að ná bölvuðu hvalhræinu úr fjörunni; þetta má ekki grotna þarna niður“.
- Allrarest** (l, est) Mest af öllu. „Það er ófærð á öllum hálsinum; allrarest þó í Húsadalnum“.
- Allrasálmessa** (n, kvk) 2. nóvember; messudagur í kaþólskum sið til að minnast allra þeirra syndugu sálna sem farið hefðu til helvítis og kveldust þar í hreinsunareldinum.
- Allrasíst** (l, est) Síst af öllu. „Þetta hefði mig allrasíst grunað“! „Það vildi hann allrasíst“
- Allráðrikur** (l) Mjög/verulega ráðrikur/firekur/yfirgangssamur. „Þótti hann stundum allráðrikur og yfirgangssamur ef honum bauð svo við að horfa, og hirti þá stundum lítt um lög og rétt. En höfðingslund hafði hann til að bera, við sér minni menn og þá er bággt áttu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Allriflega / Allriflegur** (ao/l) Rúmlega; rösklega. „Þú hefur skammtað allriflega á minn disk“. „Mér finnst þetta allrifleg gjöf, þegar féð er búið að fara í fjöruna“.

Allrækilega (ao) Mjög vandlega/rösklega. „Ég leitaði allrækilega í þessum lautum; þar eru öngvar kindur“.

Alls (ao) Samanlagt; í allt; þegar allt er talið. „Þetta verða þá alls tíu þúsund krónur“.

Alls er vant þeim er ekkert á (orðatiltæki) Þeir sem ekkert á þurfa að *grípa feginshendi* það sem að þeim er rétt.

Alls ófróður (orðtak) Þekki ekki til; er ókunnugt um. „Ég var alls ófróður um forsögu þessa máls“.

Alls ólíklegt (orðtak) Mjög ólíklegt/ótrúlegt. „Mér finnst ekki alls ólíklegt að hann *stilla* með morgninum“.

Alls óvíst (orðtak) Óvíst með öllu; alveg óvíst; alls ekki vitað. „Það er alls óvíst að þetta lánist“.

Alls verður án sá er einiskis biður (orðatiltæki) Sá sem ekki fer framá neitt fær heldur ekki neitt. Viðhaft t.d. ef menn þurfa að biðja um vinargreiða/aðstoð.

Allsber / Allsnakinn (l) Alveg nakinn. „Vertu nú ekki sð striplast lengi svona allsber, drengur; þér verður kalt“!

Allseigur (l) Mjög seigur; verulega seigur/ duglegur. A. Um kjöt: „Mér þykir þetta vera allseigt; það hlýtur að vera af gamalmáv en ekki unga“. B. Um manneskju: „Ári var strákurinn seigur að komast fyrir ærnar“.

Allsendis (ao) Alveg; algjörlega; með öllu. „Það er allsendis óvíst hvað af honum hefur orðið“.

Allsendis óforvarindis (orðtak) Alveg óvænt. „Hann birtist þarna allsendis óforvarindis, okkur til mikillar ánægju“. „Tuddaskrattinn sneri sér við, allsendis óforvarindis; setti undir sig hausinn og æddi að mér“.

Allsennilega / Alltrúlega (ao) Mjög sennilega/líklega. „Ég mun allsennilega þurfa meiri mannskap í þetta“. „Hann hefur alltrúlega farið að gå að kindunum sem eftir urðu“.

Allsennilegt / Alltrúlegt (l) Mjög líklegt. „Mér þætti allsennilegt að þetta yrði niðurstaðan“.

Allsgáður (l) Ódrukkinn; vínlaus. „Ég skal aka. Ætli ég sé ekki sá eini sem er allsgáður í hópnum“.

Allsherjar (l) Lýsingarorð sem notað er til áherslu með öðrum heitum til að tákna allt; umlykjandi eða algjört. T.d. „drottinn allsherjar“ í merkingunni Guð sem öllu ræður. Einnig allsherjargoði; allsherjaruppgjör; allsherjarverkfall o.fl.

Allsherjargoði (n, kk) Goði í Kjalarnesþingi. Hann var goði Alþingis; setti það; sleit því og lýsti gríðum á þingstaðnum. Að öðru leyti var hann ekki réttþærri öðr um goðum.

Allsherjarmanntal (n, hk) Mjög víðtækt manntal. „Hinn 1.des nk (1960) skal fara fram allsherjarmanntal“ (Gerðabók Rauðas.hr 16.11.1960; ritari S.J.Th).

Allshugar (l) Af heilum hug; innilega. „Ég varð allshugar feginn að heyra að þeir væru komnir í land“.

Allskonar / Allskyns / Allslags (l) Af ýmsu tagi/kyni; ýmislegt. „Þetta var allskyns fénaður“. „Við fáum allslags *aukafiski* í netin“.

Allskostar (ao) Að öllu leyti; í alla staði. „Ég er ekki allskostar ánægður með ganginn í vélinni“. Sjá *eiga allskostar við (einhvern)*.

Allsleysi (n, hk) Skortur á öllu. „Það má segja að þau hafi hafið sinn búskap við algert allsleysi“.

Allsnarlega (ao) Rösklega; vafningalaust; í flýti. „Ég losaði færið allsnarlega af tollanum“.

Allsnægtir (n, kvk, fto) Nóg viðurværi/fæði; *allt til alls*; ekkert skortir. „Þeir skilja illa skortinn sem alltaf hafa búið við allsnægtir“.

Allsófært / Allsendis ófært (l/orðtak) Ekki hægt/fært; *getur ekki gengið*; fráleitt. „Það er allsófært að hann komist upp með þetta“! „Mér finns allsendis ófært að hann standi í þessu einsamall“!

Allsperrtur (l) Nokkuð hróðugur; rígmontinn. „Hann var allsperrtur yfir sinni frammistöðu, *sem vonlegt var*“.

Allstaðar (ao) Á öllum stöðum; í hverjum stað. „Nú förum við í land; hann er að brjóta allstaðar úr báru“. „*Spursmálslaust* munu allar skepnur vera í besta standi allstaðar“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Allstór (l) Mjög/nokkuð stór. „Þar hafði fallið allstór steinn á veginn“.

Allstyggur (l) Um kind; verulega gjörn á að fælast. „Þær voru allstyggar og tóku á rás þegar þær sáu mig“.

Allsvarnað (s) Sjá *engum er alls varnað*.

Allsæmilegur (l) Góður; ágætur; vel viðundandi. „Við fengum allsæmilegan afla í þessum róðri“.

Allt að / Allt að því (orðtak) *Fast að; hátt í; nærri; uppundir*. „Við fengum allt að einni tunnu úr þessari vitjun“.

Allt að einu (orðtak) Þrátt fyrir það; hvað sem því líður. „Það voru aðeins skáld og sjáendur sem töldu bjartari og betri tíma í vændum. En allt að einu lifðu menn furðu glaðir við sitt“ (KJK; Kollsvíkurver).

Allt að fara/leggjast í karlaskap hjá (einhverjum) / Allt komið í karlaskap hjá (einhverjum) (orðtök) Orðið erfitt/stírt hjá einhverjum; einhver orðinn of gamall/sinnulaus til aðgerða/verka. „Þessi búskapur hefur nú alltaf verið hokur hjá mér, en þetta er allt að fara í karlaskap hjá manni núorðið“. Heitið *karlaskapur* var líklega ekki notað utan Rauðasandshrepps, en þar var það allmikið í munnsumra framundir lok 20.aldar. T.d. notuðu Kollsvíkingar það nokkuð og Hafnarmenn s.s. Marinó í Tungu, Jónsi á Hnjóti og Óli á Gili.

Allt að koma sig (orðtak) Allt að lagast/batna/ jafna sig. „Ekki er ég enn búinn að setja þetta saman, en þetta er allt að koma sig“.

Allt að því (orðtak) Nærri því; hér um bil. „Ég er hræddur um að saltið sé allt að því búið“.

Allt annað sitthvað (orðtak) Allt annað; alls ekki það sama. „Það er nú allt annað sitthvað að fá almennilegan molasykur með kaffinu. Hún átti ekkert nema *strausykur* á hinum bænum“.

Allt annar (orðtak) Annar; nýr; alls ekki sá sami. „Þetta er allt annar maður sem þú ert að tala um“.

Allt á eina/sömu bókinu lært (orðtak) Allt með sama (slæma) sniði; virðist allt upprunnið af því slæma. „Nú hækka þeir áburðinn! Allt er það á eina bókinu lært; nýbúinir að hækka olíu og fóðurbæti“! Sjá *á eina bókinu lært*.

Allt á tjá og tundri (orðtak) Sjá *á tjá og tundri*.

Allt bendir til (orðtak) Sýnist vera, hvernig sem á málin er lítið. „Þessi orðaskipti höfðu nú vakið athygli þeirra sem næst stóðu, og þar sem allt benti til að þetta væri upphafið að skemmtilegum orðahnippingum þá þyrptust nú flestir réttarmenn að þeim félögum“ (PG; Veðmálið).

Allt ber (það) að sama brunni / Allt bendir (það) í sömu átt (orðatiltæki) Allar líkur/vísendingar benda til sömu niðurstöðu. Líking við það að allir leita vatns í sama brunninn. Upprunalegra er „alla/marga ber...“ í stað „allt ber...“. Einnig; *allt kemur í einn/sama stað niður*.

Allt eins víst / Alveg eins víst (orðtök) Eins líklegt; jafnvel; gæti verið/skeð. „Það er ekki víst að hann komi í dag; það er allt eins víst að hann verði á ferðinni á morgun“. „Ég myndi ekki treysta á færðina; það er alveg eins víst að brekkan verði fljótlega kolófær“. Einnig *eins víst*.

Allt er (það) á eina bókinu lært (orðatiltæki) Allt eins; allt jafn slæmt/bágborið/heimskulegt. „Allt er þetta á eina bókinu lært! Þegar við erum búnir að elta rollufjandann allan daginn og höfðum hana loksins inn í hús; þá kemur á daginn að hún er alls ekki frá okkur“! Oftast notað þegar menn framkvæma hvert heimskuparið eftir annað, eða ekki má á milli sjá hvor vitleysan er annarri verri. Líking við það að allir hafi sína vitneskju úr sömu bókinu.

Allt er best í hófi (orðatiltæki) *Hóf er best í hverjum hlut*. Gegnsætt orðtak sem nokkuð oft er haft við. Sjá einnig; *allt kann sá er hófið kann*.

Allt/flest (öll beita) er betra en berir krókar/önglar (orðatiltæki) Betra er að beita hverju sem er en reyna að fiska með berum krókum. Einnig notað í líkingamáli; *allt er betra en ekkert*. Sjó *öngull*.

Allt er breytingum undirorpið (orðatiltæki) Allt breytist með tímanum, eða því sem næst.

Allt er betra en berir krókar/önglar (orðatiltæki) Lítil von er um fisk ef rennt er berum krók í sjó. Því notuðu menn hvaðeina sem tiltækt var ef beituna þraut. Ef fiskur var fenginn var skorin úr honum ljósabeita, tálkn eða görn, sem gat verið mesta tálbeita. Fyrir kom að menn beittu afrifu af stakkræfli eða öðru. Gjarnan spýttu menn á krókinn áður en honum var rennt; það þótti fiskilegra. En þó var lítið gagn að hrákanum tómum.

Allt er betra en borðið bert (orðatiltæki) Um gestrisni; fátæklegar veitingar eru betri en öngvar.

Allt er betra en ekkert/ ekki neitt (orðatiltæki) A. Bjargast má við ýmislegt ef betra er ekki í boði; *flest má nota í neyð*. B. Betra er að fá lítið en ekkert. Oft notað, t.d. um lítinn afla.

Allt er gott ef/þegar/þá endirinn er góður / Allt er gott sem endar vel (orðatiltæki) Auðskilin speki sem segir sig sjálf; mikið notuð.

Allt er hey í harðindum (orðatiltæki) Margt er hægt að bjargast við í neyð; þegar að kreppir nota menn það sem hendi er næst. Vísar til þess að þegar harðindi gerði á útmánuðum og fóðurbirgðir á þrotum hjá bændum gripu þeir til þess að gefa ólíklegasta fóður, s.s. matarleifar, barin bein eða mosa. Til þess þurfti þó líklega sjaldan að grípa í Kollsvík, þar sem einhver fjórubeit var oft fyrir hendi og sjaldan alveg jarðlaust. „Kærar þakkir fyrir *tóbakslúsina*. Þó lítið sé þá er allt hey í harðindum“.

Allt er í heiminum hverfult (orðatiltæki) Veröldin er sibreytileg og það sem menn upplifa sem stöðugt á sinni ævi mun flest einnig breytast. Speki sem meira var *höfð um hönd* áður, en vill oft gleymast í dag.

Allt/flest er nú til! (orðtök) Upphrópun í undrun yfir einhverju sem gengur framaf manni. „Allt er nú til! Hvernig í ósköpunum forstu að því að festa hendina þarna drengur“?!

Allt er svipur hjá sjón (orðatiltæki) Allt er eins og ímyndun/skuggi, saman borið við raunverulega sýn. Oftar; *ekki svipur hjá sjón.*

Allt er vænt sem vel er grænt (orðatiltæki) Fátt var dýrmætara fyrir bóndann fyrrum en gróskumikið slægjuland til að afla heyja. Með þessu hugarfari nýttu menn vel græna bletti þó þeir væru úti í vötnum; uppi á heiðum eða í snarbröttum björgum. Víða fóru menn með pokann og ljáinn; um það vitna t.d. örnefnið Pokavöllur sem víða finnast hátt í klettum. Stjórnmalaflokkar nútímans hafa reynt að snúa þessu orðatiltæki sér í vil; þó þeir væru líklega slæmt skepnufóður.

Allt er það eins; pumpuliðið hans Sveins (orðatiltæki) Ekki eru þessir betri en hinir; *allt er það á eina/sömu bókina lært!* Upphrópun sem viðhöfð er þegar einhverjum lánast ekki betur en þeim sem fyrri voru, eða til að lýsa vanþóknun á hegðun/frammistöðu manna. Ekki skal hér fullyrt um uppruna málsháttarins. Í Kollsvík var hann töluvert notaður, og þá á þann sérstaka hátt að í stað orðsins „liðið“, eins og víðast hvar var haft, var einn notað „pumpuliðið“. Um rök fyrir því er engu fremur kunnugt. „Er nú enn einn þingmaðurinn byrjaður að predika um þetta?! Ja; allt er það eins, *pumpuliðið hans Sveins!*“

Allt er það eins sem úr því koti kemur (orðatiltæki) Allt er á sama veg sem hann segir; alltaf sama vitleysan/níðið í honum.

Allt er það gott sem Guð gefur (orðatiltæki) Viðhaft um hvaðeina sem er tilviljunum háð; einkum heyrðist þetta oft þegar fiskur fékkst í tregfiski. „Ekki var hann nú stór, en allt er það gott sem Guð gefur“.

Allt er það matur sem í magann fer (nema holtarót og harðsægjur) (orðatiltæki) Vísar til fyrri tíma, þegar menn gerðu sér allan mat að góðu í harðindum. Sumt þótti þó meira óæti en annað. Holtarætur eru rætur lambagrass og harðsægjur eru rætur geldingahnapps. Þessa speki mættu matvandar nútímakynslóðir hafa betur í huga en nú er. Sónun matvæla varð ekki vandamál fyrr en með hinni oföldu steinsteypukynslóð. Síðari hluti málsháttarins var sjaldan notaður, en heyrðist þó. Skyld er orðatiltækið *fleira er matur en feitt ket/smér.*

Allt er það vænt sem vel er grænt (orðatiltæki) Vísar til hinna mikilvægu hagsmuna bóndans fyrr á tíð, þar sem það skipti sköpum að hafa gott fóður fyrir sínar skepnur. Þar var allajafna gott undir bú sem gróður var vel grænn og gróskumikill.

Allt er þá þrennt er (og fullreynt í fjórða sinn) (orðatiltæki) Mikið notuð speki sem vísar til þeirrar trúar að öllum fyrirbærum sé eðlilegt að vera í þrennum/ þremur eintökum. Þau vísindi eru gjarnan tengd þeirri guðfræði sem leggur áherslu á að Guð sé þriinn; Guð, Heilagur andi og Jesús Kristur. Ekki er þó líklegt að guðfræðilegur uppruni hafi verið þeim Kollsvíkingum ofarlega í huga sem brugðu spekinni oft fyrir sig. „Það var þá ein enn að drepa sig í Mýrunum; við skulum vona að allt sé þá þrennt er“! Síðari hluti spekinnar var stundum hafður með, en gat einnig verið notaður sjálfstætt; *fullreynt er í fjórða sinn.*

Allt fer/veltist það einhvernvegin (orðatiltæki) Speki þess sem lætur tilviljanir/örlög ráða; *það verður að fara eins og fara vill.*

Allt fór (það) að einu / Allt fór það á einn veg / Allt kom það á sama stað niður / Allt kom (það) fyrir eitt (orðatiltæki) Ekkert gagnaðist/lánaðist/dugði. „Hann reyndi margsinnis, en allt fór það á einn veg“.

Allt gengur á afturfótunum/afturlöppunum (orðtak) Allt gengur brösulega. Sjá *ganga á afturfótunum.*

Allt/flest getur nú skeð! (orðtak) Upphrópun í undrun/hneykslun yfir því sem gerst hefur. „Allt getur nú skeð; haldiði ekki að botninn hafi rifnað úr kartöflusekknum þegar ég lyfti honum“!

Allt hefst/tekst ef að er verið (orðatiltæki) Árangur næst ef markvisst er unnið að honum; verk klárast ef menn halda sig að vinnunni.

Allt hefur sinn tíma / Allt bíður sinnar stundar (orðatiltæki) Spekin vísar til forlagatrúar; að öllum viðburðum sé fyrirfram áskapaður tími. Sjá *það bíður sinnar stundar.*

Allt heila klabbíð / Allt heila gillið / Allt heila móverkið (orðtak) Allt saman; allt eins og það leggur sig. „Hann sturtaði þessu öllu í grautarstálina og góflaði síðan í sig allt heila klabbíð“. „Það er þá best að þeir hirði bara allt heila gillið“! Sjá *móverk.*

Allt hvað af tekur (orðtak) Eins fljótt og unnt er; í miklum flýti. „Ég hljóp allt hvað af tók, og heldur dró ég á gemlinginn“.

Allt hvað líður (orðtak) *Hvað úr hverju;* mjög bráðlega; bráðum. „Við þurfum nú allt hvað líður að fara að koma okkur í land, svo við lendum ekki á háfjöru“. „Ætli maður þurfi ekki að fara að koma sér af stað, allt hvað líður. Það fer að verða framorðið“. Stundum sleppt „allt“ framan af, og stundum var notað „að“ í stað „hvað“.

Allt í allt (orðtak) Alls; að öllu meðtöldu. „Allt í allt sýndist mér þarna vera 12 kindur; lömb og fullorðið“.

Allt í einu (orðtak) Skyndilega; fyrirvaralaust. „Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum“ (PG; Veðmálið).

Allt í allt (orðtak) Samtals; í heildina. „Allt í allt voru þarna um fjörutíu kindur“.

Allt í bál og brand (orðtak) Sjá *í bál og brand*.

Allt í belg og byðu (orðtak) Um það sem talað er; allt í óskiljanlegu rugli. „Hann var svo óðamála að allt kom í belg og biðu útúr honum“. Sjá *byða og tala í belg og byðu*.

Allt í hers höndum (orðtak) Allt í uppnámi; óstjórn. „Það var allt í hers höndum um borð þegar strandið varð“.

Allt í kaldakoli (orðtak) Allt í volli; allt í niðurníðslu/stöðvun/óreiðu. „Eftir að búskapur leggst af á jörðunum er líklegt að þar verði öll ræktun, girðingar, byggingar og fleira í kaladakoli innan skamms tíma“. Sumir ætla orðtakið vísa til þess þegar eldur deyr, t.d. í hlóðum, og eftir verður kaldur eldiviður sem erfitt er að glæða aftur. Líklegra er þó að það vísi til þess þegar kolagerð mistekst, þegar menn *gera til kola*.

Allt í (stakasta) lagi / Allt í lukkunnar velstandi (orðtak) Allt með kyrrum kjörum. „Það gengur bara vel hjá nýju hjónunum; búin að fá sér íbúð og allt í lukkunnar velstandi“.

Allt í pati (orðtak) Allt í ólagi/óreiðu/vandræðum. „Það var allt í pati með rafmagnið hjá honum“. „Hrútafjandarnir hafa brotist fram úr stíunni og allt í pati“!

Allt í pottinn búið (orðtak) Liggur í öllu; málin vaxin. „Nú skil ég loksins hvernig allt er í pottinn búið“. „Það er engin furða þó illa gangi, fyrst svona er í pottinn búið“. Vísar til þess hvernig matreitt er.

Allt í voða (orðtak) Mikil hætta yfirvofandi; mikil vá steðjar að; eitthvað tiltekið í verulegri hættu. „Farðu ekki með kertið inn í hlöðu; þá gæti allt verið í voða“!

Allt í volli (orðtak) Allt farið úrskaiðis/ bilað; mikil óreiða. „Hann sagði að allt væri í volli á bænum; frúin farin suður; karlinn fárveikur og lítil sinning á skepnunum“. Voll mun vera dönskusetta; „vold“; og orðtakið vísar því til hernaðarástands; að eitthvað hafi verið hertekið.

Allt í öllu (orðtak) Um mann sem sinnir mörgum verkum eða er ómissandi. „Hann er allt í öllu að þessu leyti“.

Allt kann sá sem hófið kann (orðatiltæki) Þolinmæði og nægjusemi eru miklir mannkostir. Sjá *allt er best í hófi og hóf er á öllu best*.

Allt kemur fyrir eitt/ekki (orðtak) Allar tilraunir/aðferðir eru árangurslausar. „Hann setti vélina á fullt afturábak og sveigði frá skerinu en allt kom fyrir ekki; báturinn *tók niðri* á töluverðri ferð“.

Allt kemur í einn/sama stað niður (orðatiltæki) Allt ber að sama brunni; allt leiðir til sömu niðurstöðu.

Allt kemur öfugt útúr (einhverjum) (orðtak) Einhverjum gengur illa að orða sínar hugsanir/meiningar. „Þetta kom nú allt öfugt útúr mér; þetta var alls ekki það sem ég meinti“. Líking við t.d. öfuga fæðingu.

Allt leggst á eitt (orðtak) Allt stefnir í sömu átt; allt hnígur að. „Þegar loks komu gæftir var ég kominn með pestarfjandann. Það lagðist allt á eitt með að ég komst ekki í róður á þessum tíma“.

Allt leikur í lyndi (orðtak) Allt er í góðu lagi; allt gengur vel; samkomulagið er gott. „Það leikur allt í besta lyndi á milli þeirra núna; þangað til þeir finna sér eitthvað annað til“.

Allt með felldu (orðtak) Allt með vanalegu móti. „... draga allir inn en beita ekki út aftur, eins og venja er þegar allt er með felldu...“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Allt með kyrrum kjörum (orðtak) Allt í rólegheitum; allt óbreytt; *allt við það sama*. Kjör merkir langvarandi gott sjóveður.

Allt og ekkert (orðtak) Allt mögulegt án frekari skilgreiningar. „Maður er bara að dunda við allt og ekkert“.

Allt og sumt (orðtak) Allt sem er; ekki meira en það. „Tíu fiska höfðum við uppúr þessum róðri; það er nú allt og sumt“!

Allt orkar tvímælis þá gert er (orðatiltæki) Allar gerðir hafa afleiðingar sem geta verið umdeilanlegar; efast má um allt sem gert er. Kemur fyrst fyrir í Njálu. Sjá *taka af öll tvímæli*.

Allt sama tóbakið (orðtak) Allt eins; allt með sama lagi/ólagi; enginn munur á. „Það skiptir nú litlu hvað maður kys; mér finnst þetta allt sama tóbakið“! Stundum einungis síðari tvo orðin. „Þetta er sama tóbakið“!

Allt sem hönd á festir (orðtak) Allt sem hægt er að ná í/ grípa/fá. „Þessir strákaormar gripla allt sem hönd á festir, og svo er maður verkfæralaus þegar á þarf að halda“!

Allt sem nöfnum tjáir að nefna (orðtak) Allt milli himins og jarðar; allir hlutir. „Í þessari kistu mátti finna allt sem nöfnum tjáir að nefna...“.

Allt sem tönn á festir / Allt/hvað/það sem að kjafti kemur (orðtak) Allt sem unnt er að borða; allt ætt. „Maður étur yfirleitt allt sem tönn á festir; nema auðvitað algert óæti eins og hvítlauk og gúrkuþanda“! „Ég hlusta ekki á neina bölvada matvendi; á sjónum étur maður yfirleitt allt sem að kjafti kemur“!

Allt (/ekkert) stílmót (/mót) á því (orðtak) Allar líkur benda til þess; öll líkindi til þess. „Mér sýnist allt stílmót á því að við gætum breitt galtana á morgun“. „Ég sé ekki neitt mót á að hann sé að ganga niður ennþá“.

Allt tekst ef að er verið (orðatiltæki) Ljúka má öllum verkum ef vel og stöðugt er unnið að þeim.

Allt tekur enda (um síðir) (orðatiltæki) Oft viðhaft, t.d. þegar fisk *tekur undan*, eða þegar þurrkur þverr.

Allt tekur (það) sinn tíma (orðatiltæki) Öll verk eru tímafrek að einhverju marki. *Róm var ekki byggð á einum degi.*

Allt til / Allt að (orðtak) Alla leið til/að. „Grundagtjót ná allt norður að Rífi...“ (HÖ; Fjaran).

Allt til alls (orðtak) Allt sem þarf; ekkert skortir; allsnægtir. „Hér skortir ekkert; hér er allt til alls“.

Allt um það (orðtak) Þrátt fyrir það; hvað sem því leið. „Ekki veit ég hvað taðði þá, en allt um það voru þeir ekki komnir fyrr en undir dimmingu“.

Allt úr lagi gengið (orðtak) Allt farið úrskaiðis; allt bilað/ónýtt.

Allt verður einusinni fyrst (orðatiltæki) *Eitt sinn verður allt fyrst.*

Allt verður fyllt nema pokinn prestsins (orðatiltæki) Unnt er að fylla öll ílát önnur en óseðjandi græðgi kirkjuvaldsins. Spekin hefur myndast á þeim tímum þegar kirkjuvaldið hafði kverkatök á almúganum; átti flestar eigulegar jarðir og áhöfn þeirra og hélt þjóðinni í helgreipum kúgunar og ófrelsis með ógnunum um fordæmingu og helvítisvist ef einhver dirfðist upp að rísa. Sérstaklega sveið fátækum bændum sú skylda að þurfa að fódra *prestlambið*. E.t.v. á orðið *pokaprestur* uppruna í sama viðhorfi og þetta máltæki. Í Kollsvík var mönnum tóm önnur útsetning orðtaksins; *seint fyllast sálir prestanna*.

Allt við það sama (orðtak) Allt óbreytt; *allt með kyrrum kjörum*.

Allt vill lagið hafa (orðatiltæki) Til er rétt aðferð við flestar athafnir/ flest verk. Viðhaft þegar einhver vinnur verk ekki rétt, eða er klaufalegur. „Þú rakar lítið með þessum handtökum vinur. Neðri höndin á að koma ofan á skaftið en sú efri undir það; þannig verður raksturinn mun auðveldari“.

Allt ætlar um koll að keyra (orðtak) Allt *keyrir um þverbak*; allt *fer úr skorðum*; allt er í hættu með að skemmast vegna óláta/fyrirgangs/veðurs eða annars. „Það ætlaði allt um koll að keyra þegar verstu hviðurnar gengu yfir bæinn“!

Alltaf (ao) *Sí og æ*; sífellt; *alla tíð*. „Vertu nú ekki alltaf að þessu nuddi“!

Alltaf/lengi er von um einn (orðatiltæki) Um veiðiskap; *svo lengi má keipa að einn fáist*.

Alltaf að (orðtak) Alltaf eitthvað að gera; starfsamur; iðinn. „Alltaf er hann að; honum *fellur* bara *ekki verk úr hendi*“!

Alltaf er eitthvað að / Alltént bagar eitthvað (orðatiltæki) Mæðuleg speki þess sem vantar eitthvað/ þykir eitthvað ekki fullkomið.

Alltaf er það eins! (orðatiltæki) Upphrópun til að lýsa vanþóknun á ítrekuðu óréttlæti eða hneykslun á ítrekuðum bjánagangi. „Alltaf er það eins! Nú eru þeir búnir að hækka bensínskattinn enn eina ferðina“!

Alltaf hreint (orðtak) *Sí og æ*; stöðugt. „Verið þið nú ekki að rífast svona alltaf hreint strákar“!

Alltaf/ætið leggst manni eitthvað til (orðatiltæki) Manni berast einatt einhver bjargráð/verkefni. „Alltaf leggst honum eitthvað til“;

Alltaf samur við sig / Alltaf sjálfum sér líkur (orðtak) Um mann; breytist ekki; er alltaf jafn sérkennilegur.

Allteins / Allt eins (ao) Jafnvel; *fullteins*. „Við gætum nú allteins farið í land eins og að berja áfram þessa ördeyðu“.

Alltsaman (ao) Allt; allur fjöldinn. „Mér finnst þetta alltsaman vera stórfurðulegt“.

Alltént (ao) Alltaf; í það minnsta; að lágmarki. Sjá *altént*.

Alltof (ao) Allt of; mikið of. „Þetta var alltof gott til að geta verið satt“.

Alltreglega (ao) Nokkuð erfiðlega. „Okkur gekk alltreglega að ná þessum ryðgaða bolta“.

Alltregur (I) Nokkuð erfiður. „Afli hefur verið alltregur uppá síðkastið“. „Hann var alltregur til að lána okkur þetta“. „Ég er alltregur til að samþykkja þetta svona óbreytt“.

Alltaman (fn) Allt; með öllu. „Hann var búinn að þessu öllusaman fyrir hádegi“.

Alltsvo (ao) Hikorð sem skotið var í setningar, líkt og orðinu „sko“. Einnig stundum notað sjálfstætt og sér í lagi, sem undirtektir við fullyrðingu viðmælanda. „Síðan heitir þetta Hnífar; alltsvo heita klettarnir Hnífar“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).

Alltæpur (I) Nokkuð tæpur/hæpinn/naumur. „Hann var orðinn alltæpur með hey, síðla vetrar“.

Allundarlega (ao) nokkuð undarlega/furðulega/skringilega. „Hrafninn hefur hegðað sér allundarlega í dag“.

Allur (fn) A. Í heild. B. Látinn; andaður. „Hann sagði að hún myndi erfa sig þegar hann væri allur“.

Allur andskotinn/fjandinn/fjárinn/défillinn/déskotinn/djöfullinn/skrattinn (orðtök) Áhersluorð. „Allan andskotann kalla þeir menningu nú til dags“! „Allur fjandinn getur nú komið fyrir“!

Allur að koma til (orðtak) Mjög að hressast. „Ég var fjári slæmur af pestinni, en ég er allur að koma til núna“.

Allur af vilja gerður (orðtak) Leggur sig allan fram; boðinn og búinn til; vill reyna sitt ítrasta. „Mér er ómögulegt að vera á tveimur stöðum í einu, þó ég sé allur af vilja gerður“.

Allur annar (orðtak) Mikið betri/hressari en áður. „Ég er allur annar í dag; ekki sama lumbran í mér og í gær“.

Allur er varinn góður (orðtak) *Aldrei er of varlega farið*; gott er að sýna varúð. „Ég ætla að gá hvort strákarnir eru nokkuð að fikta í klettunum; allur er varinn góður“.

Allur úti snjó/mold/ryki/heyi/skitblóði o.fl. (orðtök) Útataður í snjó/mold/ryki/heyi/ski/blóði o.fl. „Farðu nú og dustaðu fötin úti og þvoðu þér drengur, þú ert allur út í sandi“! Úti = úti í.

Allur vindur úr (einhverjum) (orðtak) Einhver hefur gefist upp; einhver er hættur að sækja sitt mál fast. „Hann var skemmtilega kjaftfor í byrjun, en nú er eins og allur vindur sé úr honum“!

Allvandaður (l) Verulega vandaður; vel gerður. „Kartöflugryfjur voru á flestum bæjum; margar allvandaðar“.

Allvarasamt (l) Mjög/fremur varasamt/hættulegt. „Ég tel allvarasamt að fara þarna um í þessari bleytu“.

Allvel (ao) Nokkuð/fremur vel. „Ég kann allvel við þessa nýbreytni“.

Allverulega (ao) Mjög/fremur mikið. „Veðrið var sæmilegt áðan, en það hefur versnað allverulega síðan“.

Allverulegur (l) Mjög mikill; töluverður. „Ég tel allverulegar líkur á að af þessu verði“.

Allvíða (ao) Nokkuð víða. „Féð getur allvíða verið á þessu svæði“. „Ám er gefið fram á burð allvíðast, og aldar inni frá því um hátíðar og framundir apríllok“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Allvíður (l) Nokkuð víður. „Hafa þurfti hálsmál allvitt, en til þess að þrengja það, eftir að komið var í stakkinn, voru smágöt gerð á skinnið umhverfis hálsmálið, og í þau þræddur skinnþvengur eða snæri“ (KJK; Kollsvíkurver).

Allvotlent (l) Mjög mýrlent; blautt yfirferðar. „Stekkjarmýrar... voru allvotlendar“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Allþokkalega (ao) *Vel sæmilega*; ágætlega. „Honum gengur allþokkalega í náminu, held ég“.

Allþreyttur (l) Verulega þreyttur/lúinn. „Við vorum orðnir allþreyttir eftir þetta og lögðum af stað heim“.

Allþungur (l) Fremur þungur. „Gættu að bakinu á þér; þetta er allþungt“!

Allþykkt (l) Nokkuð þykkt. „Vorur það sjóskór nefndir. Þeir voru vanalega gerðir úr sútuðu leðri, allþykku“ (KJK; Kollsvíkurver).

Allæs (l, linur frb) Vel læs; *fljúgandi læs*. „Strákurinn var orðinn allæs um fimm ára aldur“.

Almanak (n, hk) Skrá um dagsetningar og röðun daga sem höfð er til minnis; rím; dagatal. Almanak getur innihaldið meiri fróðleik Til forna var einkum treyst á *finngarim*, en prentað almanak tók við hlutverki þess. Elsta almanak sem varðveist hefur er „Calendarium“ sem prentað var á Hólum 1597.

Almannaeiga / Almanna eign (n, kvk) Eign hóps manna; sameign; þjóðareign.

Almannafé (n, hk) Samfélagssjóðir; fé í eigu almennings. „Það þarf að gæta reglusemi í meðferð almannafjár“.

Almannafæri (n, hvk) Þar sem umferð fólks er. Sjá á *almannafæri*.

Almannarómur (n, kk) Sögur sem ganga milli manna; slúður. „Þetta segir almannarómur, en ekki ég“! Sjá *sjaldan lýgur almannarómur*.

Almáttugur (l) Sem getur allt. Oftast notað fyrir á tíð sem viðurnefni guðs. Á seinni tímum oftast notað sem upphrópun: „Almáttugur; hvað kom fyrir hendina á þér“?! „Nei, almáttugur minn; þetta veit ég ekki“!

Almenn brot (orðtak) Ritháttur tölugildis; tala sem táknud er sem hlutfall. T.d. ½ og ¼. Önnur tlan er ofan striks og nefnist teljari en sú neðri heitir nefnari. Sé teljarinn minni en nefnarinn nefnist brotið eiginlegt, en óeiginlegt sé teljarinn stærri en nefnarinn. Hlutfallið/brotið stendur óbreytt þó tölugildið stækki, svo lengi sem margfaldað báðumegin striks með sömu tölu. Tölu sem skrifuð er sem almennt brot er einnig hægt að skrifa sem tugabrot; þ.e. með því að nota kommu en ekki strik, en til breytinganna þarf útreikning.

Almennilega (ao) Vel. „Reyndu nú að ganga almennilega frá þessu“. Mun vísa til þess að almennt líki.

Almennilegheit (n, hk, fto) Hljýja; væntumþykja. „Hún sýndi okkur einstök almennilegheit“

Almennilegheita grey (orðtak) Vænsti drengur; viðkunnanlegur maður. „Þetta er nú almennilegheita grey, þó hann hugsar ekki alltaf mikið áður en hann talar“.

Almennilegur (l) A. Venjulegur; eins og fólk er flest. Oftast notað sem upphrópun. „Þú ert ekki almennilegur! Að mæta á strigaskóm á svona samkomu“. B. Góður; vingjarnlegur. „Vertu nú almennilegur við hann bróður þinn“.

Almenningur (n, kk) A. Stærsta hólfíð í fjárrétt. Fé er allt rekið fyrst inn í almenninginn og síðan dregið þaðan í dilk hvers bæjar. Almenningur er miðsvæðis í réttinni og dyr dilkanna vísa inni hann. B. Sá hluti bjargnytja eða fjöru sem allir geta nýtt án sérstaks leyfis. Í Látrabjargi og Bæjarbjargi eru slíkir staðir. Heiðnabjarg í Bæjarbjargi var öllum frjálft, en marga þá staði er erfitt og hættulegt að nytja. Þá var vestasti hluti Látrabjargs, frá Hrutanefjum, heimill afnota fyrir vermenn á Látrum. Á Hornströndum eru sumsstaðar almenningar í rekafjöru, og fóru Kollsvíkingar fyrrum þangað að sækja sér við á fyrri tíð. C. Fólk almennt. „Ekki taldi almenningur það efamál að hér væri Benedikt Gabriel að verki, og hefndi sín þannig út af hvalamálinu“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Allt í einu heyrðist kallað úr almenningum“ (PG; Veðmálið).

Almennt (l) Algengt; það sem jafnaðarlega er; yfirleitt. „Almennt mátti ekki heita að skepnur kæmu á gjöf fyrr en um og eftir hátíðir“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Almestur / Alminnstur / Alstærstur (l, est) „Skriðan var sú almesta sem ég hef séð“. „Veiðin í dag var með alminnsta móti“. „Þetta flóð er með þeim alstærstu sem verða“.

Almúgafólk / Almúgi (n, hk/kk) Almenningur; lágstétt. „Kollsvíkingar eru ekki eingöngu komnir af almúgafólki, eins og rakið er í hinni merku bók Kollsvíkurætt“. Sjá *sauðsvartur almúginn*.

Almyrkvi (n, kk) *Sólmyrkvi*; skuggi sem tunglið fellir á jörðina þegar það gengur milli hennar og sólar. Dimmt verður á jörðu á myrkvunarstaðnum og tunglið myrkvast alveg, utan rauðs bjarma sem stafar af endurkasti lengstu bylgjulengda ljóssins frá jörðu. Myrkvist tunglið að hluta er það nefnt *deildarmyrkvi*.

Almælt (l) Sem talað er um manna á milli; umtalað. „Spurt var almæltra tíðinda, kastast á glensi og gamanmálum og sumir huguðu að afrakstri sumarsins sem birtist í föngulegum og lagðprúðum haustlömbum“ (PG; Veðmálið).

Almættið (n, hk, m.gr) Guð; drottinn. „Við treystum bara á almættið“ (Anna Hafl.dóttir; Útkall við Látrabjarg).

Almættisvald (n, hk) Algert vald; alræði. „Ég hef ekki slíkt almættisvald að ég ráði þessu einn“.

Alnafna / Alnafni (n, kvk/kk) Manneskja sem heitir sama fornafni og föður-/ ættarnafni og sú sem tilgerind er. „Valdimar Össurason kennari og ungmennafélagsfrömuður var ömmubróðir minn og alnafni“.

Alorpinn (l) Um fugl; *fullverptur*; *fullorpinn*; tegundin búin að verpa að mestu þetta árið. „Langvían er oft orðin alorpin á undan múkkanum“.

Alófær (l) Alveg/gjörsamlega ófær; *kolósfær*. „... er lending oft erfið í Kollsvíkurveri, og oft alófært svo dögum og vikum skiptir“ (HÖ; Fjaran).

Alrangt (l) Alveg rangt; vitleysa; ósatt. „Þetta er alrangt hjá þér; svona gerðist þetta alls ekki“!

Alrifa (s) Rifa segl að fullu þegar byr var mikill. „Seglið var alrifað og aukið við *kulbandi*; kallaður *vaðburður*“ (JE; Trýnaveður; Því gleymi ég aldrei).

Alrím (n, hk) Sá bragarháttur í vísnagerð að ekki einungis séu sérhljóðar eins í endarími, heldur samhljóðar á eftir þeim einnig. T.d. „sýna“ og „skína“. Hálfrím nefnist þegar eingöngu sérhljóðar ríma.

Alræmdur (l) Altalaður; sem hlotið hefur mikið/illt umtal. „Einar í Kollsvík var ákærandi heima í héraði í hinu alræmda Sjöundármáli; nefndur monsjör Einar í skáldsögunni Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Alsaklaus (l) Alveg saklaus; *sárasaklaus*. „Það þýðir ekkert að skamma mig; alsaklausan“!

Alsettur (l) Með víða; *útataður*. „Hann var alsettur bóllum á handleggjum og fötum“.

Alsíða (l) Almenn venja. „Það hefur lengi verið alsíða að biðja sjóferðabæn fyrir róður“. „Var það ungur maður frá Grundum að ganga örna sinna í fjörugrjótinu, eins og alsíða var“ (HÖ; Fjaran).

Alskegg (n, hk) Skegg um allt skeggstæðið. „Pabbi lét sér vaxa tignarlegt alskegg um tíma“.

Alskipa (l) Á/af öllum skipum/bátum. „Í einsýnu sjóveðri var jafnan *róið alskipa* úr Kollsvíkurveri“

Alskilin (l) Um fyrrverandi hjón; skilin að öllu leyti.

Alskinn (n, hk) Bókband þar sem bók er með skinn í kápu og kili.

Alskýjað (l) Um veður; ský allsstaðar á himni; sér ekki til sólar vegna skýja.

Alslemma (n, kvk) Það að fá alla slagi í spilinu bridds. Notað í afleiddri merkingu um að fá allt; *alheimta*.

Alsnjógur (l) Þakinn snjó; *allur úti* snjó. „Hann var að koma inn úr dyrunum; alsnjógur upp fyrir haus“.

Alsoddur (n, kk) Oddur á al. Sjá *leika á alsoddi*.

Alsystir / Albróðir / Alsystkin / Alsystkini (n, kvk/kk/hk) Um tvo eða fleiri einstaklinga sem eiga sömu móður og sama föður. Alsystkin er iðulega framborið alsystkini til hæðarauka, þó *umdeilanlegt* sé hvað rétt er.

Alsæla (n, kvk) Alger sæla/hamingja. „Það er engin alsæla að hanga í netum á vikunum núna“!

Alsæll (l) Mjög ánægður; hamingjusamur. „Hann sofnaði alsæll útfrá nýju jólabókinni“.

Altalað (l) Almælt; í almennt umræðu. „Það er víst altalað að þau séu að skilja“.

Altalandi (l) Um barn/útlending; farið að tala vel skiljanlegt mál.

Altari (n, hk) Borð í kór kirkju, sem prestur þjónar við og er aftanvið hann; séð frá kirkjuskipi. Kristileg skýring á altarinu er sú að það sé minni um borð Krists frá síðustu kvöldmáltíð hans, og minni á nærveru guðs eða himnaríkis. Hinsvegar tíðkast ölturu í ýmsum trúarbrögðum frá fornu fari, og eru upprunalega borð sem fórnir voru færðar á, t.d. dýra- og mannfórnir. Sjá *ganga til altaris*.

Altarisbrík / Altaristafla (n, kvk) Mynd aftan og ofanvið altari. Brík er útskorin/upphleyp en tafla máluð.

Altarisganga (n, kvk) A. Eiginleg merking; meðtaka *sakramentanna*, sjá þar Sjá *ganga til altaris*. B. Fylleri. „Hann var að leysa út póströfu, svo það hlýtur að vera altarisganga framundan“.

Altarisgestur (n, kk) Sá sem gengur til altaris í kirkju.

Altekinn (l) Undirlagður; gagntekinn; heillaður. „Hann er svo altekinn af þessari hugmynd að hann getur varla um annað talað“.

Altént / Alltént (ao) Alltaf; jafnan. „Við náðum þó altént megninu af fénu þó eitthvað yrði eftir“.
Framburðarbreyting frá „allt jafnt“.

Altént gengur eitthvað/nokkuð þá að er verið (orðtak) Verkið þokast þegar eitthvað er unnið.

Altíð (ao) Alltaf; sífellt; ætíð. „Þetta hefur altíð verið svona, frá því ég man fyrst eftir“.

Altítt (l) Algennt; alsíða. „Hann (Ívar í Hænuvík) var í skinnstakk, eins og þá var altítt, og lá hann út af borðinu að baki hans og drógt í sjónum; eftir því meira sem báturinn hallaðist meira, svo hann náði oft *slyttublautur* niður í hnésbætur að aftan þó hann væri skorpinn upp á brjósti að framan af hörku“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Altsvo (ao) Hikorð, án merkingar. Notað líkt og „sko“.

Altækur (l) Sem tekur/nær til alls. „Þessi regla er þó ekki altæk“.

Alull (n, kvk) Ull um allan skrokkinn. „Þarna í hlíðinni var ein útigengin í alull og önnur sem dró reyfið“.

Alur (n, kk) Nafar; oddhvasst verkfæri, helst notað til að gata efni. Sjaldgæfara eftir að borar komu til. Sjá *leika á alsoddi*.

Alúð (n, kvk) Hugulsemi; umhyggja; nærgætni. „Hún vann öll sín verk, hvor sem það var úti eða inni, af alúð og samviseksemi“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Alúðarkveður / Alúðarpakkir Kveður/pakkir af heilum hug. „Hafðu alúðarpakkir fyrir móttökurnar“.

Alúðlega (ao) Hlýlega; innilega. „Hún huggaði drenginn og strauk honum aðlúðlega um vangann“.

Alúmín / Alúmíníum (n, hk) Ál. „Gylfi smíðaði heilmikla dragskóflu úr alúmíní til að draga skítinn út úr fjárhúskjöllurinum. Hún þótti þó heldur þung á höndum, þar sem ekki var sett trissa innst til að draga hana inn aftur með traktor“.

Alúmíníumkúla (n, kvk) Álkúla; netakúla úr áli/alúmíníum. Alúmíníumkúlur ráku unnvörpum á fjörur í Kollsvík og víðar, áður en plastkúlur leystu þær af hólmi. Þær voru oft slegnar í sundur í tvær skálar, sem nýttust vel t.d. til að gefa lambám fóðurbæti á vorin, og sem fóðurilát hæsna.

Alún (n, hk) Sjá *álún*.

Alvaldur (l) Sem orsakar allt; sem stýrir öllu. Stundum notað um guð; „drottinn alvaldur“.

Alvanlegt (l) Venja; tíðkast. „Ertu hissa á þessu? Nú þetta er bara alvanlegt“!

Alvanur (l) Mjög vanur. „Pabbi vissi allt um aðstæðurnar þarna; alvanur bjargmaður“ (Björgvin Sigurbj.son; Útkall við Látrabjarg).

Alvara (n, kvk) A. Einlægni; ekki gamanmál/léttúð. „Mér er full alvara með þessu“. B. Veruleiki. „Ertu í alvöru að meina þetta“? Sjá *fúlasta alvara*.

Alvara á ferðum (orðtak) Aðstæður válegar/hættulegar; ekki gamanmál/grín. „Ég sá strax að hér gat verið alvara á ferðum ef ekki yrði *gripið* strax í *taumana*“.

- Alvara málsins** (orðtak) Mikilvægi aðstæðna/málefnis; mikið í húfi. „Hann skildi strax alvöru málsins; hér gat verið mannlíf í húfi“.
- Alvarlega** (ao) Af/með alvöru. „Nú þarf ég að fara að tala alvarlega við hann um þetta; svona háttalag gengur ekki lengur“! Sjá *taka alvarlega*.
- Alvarlegur** (l) Ekki gamansamur; sem ber með sér alvöru. „Hann var alvarlegur á svip“ „Þetta væri alvarlegur glæpur“. Sjá *alvörumál*.
- Alveg** (ao) A. Fullkomlega; að öllu leyti; algerlega. „Ertu alveg frá þér“?! B. Næstum; nærri. „Þetta er alveg að hafast“.
- Alveg að bráðna/stikna** (orðtak) Verða fyrir mjög miklum hita/sólarhita. „Það var svo heitt niðri í bjarginu að ég var alveg að stikna“!
- Alveg búinn** (orðtak) A. Búinn að ljúka verki/verkefni algerlega. B. *Örmagna; uppgefinn; sprunginn; lé magna*. „Ég var alveg búinn þegar ég kom uppá brúnina“.
- Alveg eftir henni/honum** (orðtak) Henni/honum líkt; hennar/hans *von og vísa*. „Það væri alveg eftir honum að hlaupa strax af stað einsamall og reyna að ná þeirri sem slapp“.
- Alveg loku fyrir það skotið** (orðtak) Alveg útilokað; *kemur ekki til greina*. „Það er alveg loku fyrir það skotið að ég geti átt við þetta á morgun“.
- Alvitlaus** (l) Mjög vitlaus; án *vitglóru*. „Hann er nú ekki alvitlaus, þó hann líti stundum út fyrir það“.
- Alvitur** (l) Veit allt; yfirburða gáfaður. „Ég er kannski ekki alvitur, en ég er alveg viss um þetta atriði“.
- Alvondur** (l) Mjög vondur; illmenni. „Nú, kannski er hún ekki alvond þessi ríkisstjórn, þó ömurleg sé“.
- Alvotur** (l) Gegnblautur; *ekki þurr þráður*. „Alvotur stendur upp að knjám/ öldubrjóturinn kargi...“ (Jón Helgason; Áfangar). „... við komum í lendinguna með tóman bát, alvotir...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Alvæpni** (n, hk) Fullur vopnabúnaður. „Frekar vildi ég mæta stríðsmanni með alvæpni en lenda í stælum við hann“!
- Alvökna** (s) Verða *alvotur*. „Farðu nú í stakkinn áður en þú alvöknar í ágjöfni“!
- Alvörugefinn** (l) Ábúðarmikill; *brúnaþungur*. „Afskaplega ert þú eitthvað alvörugefinn núna“.
- Alvöruleysi** (n, hk) Léttúð; sinnuleysi. „Henni líkaði ekki neitt alvöruleysi í *þesslags* málum“.
- Alvörumál** (n, hk) Alvarlegt málefni/verk; hætta; hættuástand. „Það er alvörumál ef stýri bilar á þessum stað“.
- Alvörusvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir einbeitingu og ábyrgð en ekki líttúð. „Ég sá strax á alvörusvip hans að eitthvað var ekki í lagi“.
- Alþakinn** (l) Þakinn af; með mikið á yfirborði. „Hann var alþakinn bólum á handleggnum“.
- Alþingi** (n, hk) Þjóðþing Íslendinga. Það var stofnað á Þingvöllum árið 930 eftir að Grímur geitskór hafði valið því stað og þar sem Úlfjótur fóstbróðir hans las upp hin fyrstu lög Íslendinga. Á Þingvöllum starfaði Alþingi árlega til 1798 sem löggjafar- og dómþing þjóðarinnar. Það kom saman í Reykjavík 1799 og 1800 en þá varð hlé þar til það kom aftur saman sem ráðgjafarþing frá 1845 og varð aftur löggjafarþing frá 1874. Á þjóðveldisöld komu goðar til Alþingis ásamt þingmönnum sínum (sjá *þingfararbóndi*), en einnig mætti þar fjöldi manns þó ekki tæki þátt í löggjafar- eða dómsstörfum. Þangað var komið með sakamenn og þeim refsað sem hlutu líkamlega refsingu eða aftökudóma. Innan þinghelgi var öllum frjálsum og ósekum heimilt að vera, en hún takmarkaðist af hærri vegg Almannagjár; Köstulum ; Flosagjá og Nikulásargjá. Þingmenn bjuggu í tjölduðum búðum. Núverandi Alþingishús var reist í Reykjavík 1880-81. Það hefur síðan verið stækkað og fyrirhuguð er enn meiri stækkun, enda umsvif Alþingis mikil á síðari tímum þó kjörnir þingmenn séu einungis 63.
- Alþjóð** (n, kvk) Þjóðin öll. Þjóðin öll. „Alþjóð veit þá þrír vita“.
- Alþjóð jörð** (orðtak) Ekkert frost í jörðu. Algengara var í Kollsvík að segja að „frost væri farið úr jörðu“.
- Alþjóðlegur** (l) Sem lýtur að fjölda heimsþjóða. „Alþjóðlegur hugsunarháttur hefur löngum verið ríkjandi í Kollsvík. Kollur landnámsmaður nam við virtasta fjölþjóðlegan háskóla þess tíma; klausturskólann á Iona. Mestu siglingaþjóðir heims stunduðu veiðar og verslun útifyrir vikinni allt frá ensku öldinni, og á síðari tímum hafa Kollsvíkingar búið og starfað í flestum heimshornum og talað flestar þjóðtungur“.
- Alþorna** (s) *Fullþorna*; þorna að öllu leyti. „Dýið var fljótt að alþorna eftir framræsluna“.
- Alþurr** (l) Alveg/allur þurr; *fullþurr*. „Ég blotnaði ekki verulega, og er orðinn alþurr núna“.
- Alþýðlegur** (l) Mannblendinn; viðkunnanlegur. „Þau eru mjög alþýðleg og *góð heim að sækja*“.

Alþýðufólk / Alþýðumaður (n, hk/kk) Fólk/maður sem ekki er áberandi/valdamikill/ríkur. „Hann var af alþýðufólki kominn“. „Þetta taldist nokkuð vel gert af lítt lærðum alþýðumanni“.

Alþýðuskap (n, hk) Sjá við *alþýðuskap*.

Alæta (n, kvk) Maður/dýr sem étur allt. Oft í óeiginlegri merkingu. „Ég er alæta á svona bókmenntr“.

Ama (s) A. Reka hægt. „Aðeins er farið að ama suðurávið“. B. Stríða; vera slæmur við. „Búkolla er að ama kvígundi“. „Vertu nú ekki að ama honum Palla litla“.

Amalaust / Amalítið (l) Ekki skapraun að. „Mér er það alveg amalaust þó túristar rölti hér um; svo lengi sem þeir fæla ekki fé eða bæla niður tún“.

Amalegt (l) Leiðinlegt. „Það væri nú ekki amalegt ef hægt væri að fá almennilega signa grásleppu“.

Amast við (orðtak) *Agnúast úti*; finna að; vera leiðinlegur við. „Ég man aldrei nokkurn tíma eftir að Ólafía amaðist við mér“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Ambaga (n, kvk) Klaufalegt orð/orðalag; bull; orðskrípi. „Skelfing kann ég illa við svona ambögu“!

Ambátt (n, kvk) Kvenkyns þræll; ófrjáls kona.

Amboð (n, hk, fto) Verkfæri til hey- og jarðvinnu. T.d. Orf, hrífur, kvíslar, skóflur, hakar, járnkarlar o.fl. „Amboðunum var skotið upp á bita í verkfærahúsinu“.

Ambra (s) *Æmta*; kjökra. „Ég held að barnið sé eitthvað að ambra þarna í kerrunni“.

Ambur (n, hk) Efni sem myndast í meltingarvegi búrhvala. Talið er að búrhvalir losi sig við tormeltanlega fæðu, s.s. smokkfisktennur, með því að mynda klump utanum hana úr fitu og þvagefni, sem þeir síðan æla upp. Klumparnir reka stundum á fjörur og er unnið úr þeim verðmætt ilmefni.

Amböguháttur (n, kk) Klaufaskapur; fúsk. „Skelfingar amböguháttur er þetta“!

Amböguhnöð / Amböguþvæla (n, hk/kvk) Bull; mikið orðabrengr í málfari eða kveðskap. „Mér finnst þetta hálfgerið amböguhnöð, og lítið skáldlegt“. „Ég hef sjáldan heyrt þvílíka amböguþvælu“!

Ambögulegt (l) Klaufalegt; sagt klaufalega. „Óttalega var þetta nú ambögulegt hjá þér“!

Ambögur (n, kvk, fto) *Rassbögur*; málleysur; orð sem sögð voru á rangan hátt; slettur. „Óttalegar ambögur eru þetta nú hjá þér; geturðu ekki komið þessu almennilega útúr þér“?

Ambögusmiður (n, kk) *Bögubósi*; sá sem talar oft rangt mál eða kemur illa orðum að sinni meiningu. Þá vilja orð koma aftur á bak útur mönnum. „Alltaf skaltu vera sami ambögusmiðurinn góði minn“!

Amen (uh/ n, hk) A. Upphröpun/lokaorð í kristinni messugjörð; til staðfestingar á því sem sagt hefur verið. Komið úr hebresku, og merkir „sannarlega“ eða „já, svo skal það vera“. B. Notað í mæltu máli í líkri merkingu, t.d. af þeim sem finnst mikið til um það sem annar hefur sagt. Einnig um endalok: „Það er nú ekki komið að ameninu ennþá“. Sjá *já og amen*.

Ami (n, kk) Leiði; raun. „Honum var greinilega nokkur ami að því að slysið væri rætt“. Sjá *gera (einhverjum) til ama*

Amla (s) A. Róa í rólegheitum; andæfa. „Ég held að þú ættir að *hafa úti* og reyna að amla eitthvað á móti fallinu“. Mun þetta vera upphafleg merking orðsins; stofnskyld „*damla*“. B. Vinna/ganga í rólegheitum. „Ég amlaði hér yfir Víkina með barnavagninn“. C. Mótmæla. „Það þýðir víst lítið að amla gegn þessu“.

Amlóðaháttur (n, kk) Aumingjadómur; vesalmennska. „Skelfingar amlóðaháttur er þetta nú í þeim“!

Amlóðalegt (l) Aumlegt; kaudalegt; aulalegt. „Það væri nú dálítið amlóðalegt að hanga í landi í svona veðri“.

Amlóði (n, kk) A. Aumingi; bjálfi; vesalingur. „Óttalegur amlóði geturðu verið drengur; að koma ekki kindunum úr túninu“. Orðið er líklega samsett úr „ami“ og „leiður“. B. Liðléttingur til sjós. Til að mæla afl manna, og þar með réttmætan skiptahlut, voru notuð *steinatök* sem líkast til hafa verið í öllum verstöðvum til forna. Sumsstaðar eru þau enn til, t.d. á Látranesi á Hvallátrum. „Steinatökin á Hvallátrum eru einnig fjögur... Þyngsti steinninn; alsterkur, er 354 pund; næstur er Fullsterkur, 288 pund; Hálfsterkur 214 pund og Amlóði 192 pund“ (LK; Ísl.sjávrrhættir IV). Sá sem einungis gat lyft Amlóða var vart hlutbær á sjó, nema sem *hálfdrættingur*.

Amma (n, kvk) Móður- eða föðurmóðir. „Það barn er lánsamt sem nýtur góðrar ömmu“.

Amorskvæði / Amorsvísa (n, hk/kvk) Ástarljóð; klámvísa. „En yrki ég til þín Edduskreytta afmorsvísu/ mælir þú mig augum ýsu“ (JR; Rósarímur).

Amstra (s) Puða; vinna. „Hvað skyldi hann nenna lengi að amstra við þessa hleðslu“?

Amstra með (orðtak) Hafa fyrir; *sinnast uppá*; vesinast með. „Ertu enn að amstra með þennan yrðling“?

Amstur (n, hk) Fyrirhöfn; puð. „Það liggur við að kalrlgarminum finnist það spennandi, eftir allt hans amstur og bardús, að eiga nú að upplifa einn af þessum frægu skellibyljum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Amstursamt (l) *Fyrirhafnasamt; snúid; erfitt.*

Amt (n, hk) Stjórnsýsluumdæmi á Íslandi á einveldistímanum. Eftir einveldistöku Danakónigs og hyllingu Friðriks 3. varð Ísland eitt af ömtum Danmerkur. Æðsti embættismaður konungs hérlandis nfdist stiftamtmaður, og kom í stað höfuðsmanns áður. Fyrsti stiftamtmaðurinn, Ulrik Christian Gyldenlöve launsonur konungs, tók þó ekki við embætti fyrir en 1683, þegar Hinrik Bjelke höfuðsmaður lét af störfum. Árið 1770 var landinu skipt í tö ömt; Suður- og vesturamt annarsvegjar og Norður- og austuramt hins vegar. Árið 1787 var svo Vesturamt skilið frá Suðuramti. Árið 1872 var embætti stiftamtmanns lagt niður og þess í stað stofnað embætti landshöfðingja. Amtskipulagið var svo lagt niður árið 1904 með heimastjórn og stofnun Stjórnarráðs Íslands sem enn starfar.

Amtmaður (n, kk) Æðsti embættismaður *amts*.

An (n, hk) *Gan; frumhlaup*; fljótræðisleg/hugsunarlaus aðgerð/ferð. „Alveg vissi ég að þeir myndu festa bílinn strax í beygjunni. Óttalegt an var á þeim að setja ekki keðjur undir þegar færðin er svona“!

Ana (s) Æða; gana. „Ætlaðu að ana svona illa búinn út í þetta veður“?

Ana í vitleysu / Ana í opinn dauðann (orðtök) Lýsandi orðtök um fyrirhyggjuleysi.

Ana út í ófærð (orðtak) Leggja af stað í slæmu veðri; leggja af stað þegar vegir eru ófærir; halda í róður þegar ekki er fært á sjó. Í seinni tíð mest notað um að fara þegar vegir eru ófærir.

Anbefala (s) *Falast eftir*; biðja um. Dönskuletta sem heyrðist stundum vestra. „Þú gætir reynt að anbefala þetta hjá honum, en þú verður að fara *lunkulega* að því“.

Anda (s) A. Draga andann. B. Hvíla sig; gera hlé. „Nú skulum við anda aðeins; við erum búnir að vinna alveg eins og vitleysingar“. C. Um vind; gera örlitla golu; hreyfa vind. „Aðeins er hann farinn að anda af vestri núna, en annars hefur verið stafalogn í allan dag“. „Hann andar örlítið af suðri“. D. Segja. Sjá *anda um*.

Anda á (einhvern) (orðtak) A. Bókstafleg merking. B. Skamma einhvern lítillaga; finna að við einhvern. „Hann *stekkur upp á nef sér* ef einhver dirfist að anda á hann núna“.

Anda á móti (orðtak) A. Um vind/golu sem blæs á móti. B. Um mótlæti. „Það þýðir ekkert að gefast upp þó andi á móti“.

Anda einu orði (orðtak) Segja eitthvað. „Ég vissi ekkert að þú hefðir áhuga á þessu; þú hefðir nú getað andað um það einu orði“!

Anda (einhverjum) í brjóst (orðtak) Telja einhverjum trú um; vekja áhuga einhvers; láta einhvern vita um. „Þú hefðir nú átt að anda mér í brjóst að þú værir bakveikur; þá hefði ég bannað þér að snerta á þessu“! Sjá *brjóst; andast í brjóst*.

Anda köldu (orðtak) A. Um hægjan kaldan vind. B. Um óvild/andúð. „Það andar nokkuð köldu milli þeirra þessa stundina“.

Anda léttar (orðtak) Um það þegar léttir af manni áhyggjum/ maður er úr hættu. „Þeim hefur tekist að bjarga bát og farmi undan sjó. Þeir anda léttar, en þó sveittir og blautir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Anda um (orðtak) Segja frá; láta vita af. „Hann andaði ekki einu orði við mig um þetta“. „Þú hefðir nú getað andað um það ef þig vantaði að láta sauma buxurnar“!

Andaðu nú rólega! (orðtak) *Biddu nú hægur; farðu hægt*; ekki þennan asa. Upphrópun þegar einhver þótti einum of ákafur/óþolinmóður. „Við skulum bara anda rólega; hann er að *slá niður fallinu* og þá gæti hann farið að *gefa sig til*“.

Andaður (l) Látinn; dáinn; *sálaður*. „Hann er andaður fyrir allmörgum áratugum“.

Andagift (n, kvk) Hugmyndflug; ímyndunarafl; skáldskapargáfa. „Ég ruddi þeim blótsyrðum sem ég kunni yfir manngrylluna; hefði notað fleiri hefði ég haft andagift til. Hann hafði heldur betur unnið til þess“!

Andakt (n, kvk) A. Lotning; virðing. „Hann hlustaði í andakt á lygasögur Arinbjarnar um tunglbúa og amríkana“. B. Kyrrðarstund; þögn.

Andaktugur (l) Í lotningu/virðingu. „Maður er ekkert svo andaktugur yfir öllu bullinu í þessum stjórnvöldum“.

Andans / Andansári / Andansvesen (ao) Mild blótsyrði; stytting úr „andskotans“. „Andans ástand er þetta, ég er að verða sykurlaus“. „Þetta er bara andansári laglegur hrútur“ „Andansvesen er nú þetta“!

Andar köldu (orðtak) A. Um veður; kaldur andvar/vinduri; köld gola. „Hann andar köldu þegar svona stutt er í ísröndina“. B. Um mannleg samskipti; gætir andúðar/óvildar. „Nokkuð fannst mér anda köldu frá honum“.

Andardráttur (n, kk) Það að draga loft í lungu til lífsviðurværis; soghljóðið sem við það heyrir. Forliðurinn er „önd“ sem er fyrra heiti á andardrætti. Sbr; *standa á öndinni*.

Andarnefja (n, kvk) Hyperoodon ampullatus. Allstór tannhvalur, á stærð við hrefnu; tarfarnir verða 8-9 metra langir og um 3,6 tn að þyngd en kýrnar nokkru minni. Með mjótt trýni og hátt og kúpt enni; augun rétt aftanvið munnvikin. Grásvört að lit, en ljósari að neðan. Bægslin smá og rétt aftanvið höfuðið; bakugginn aftarlega og um 30 cm hár; engin sýling í sporðinum. Blásturinn lítill og sést illa. Fæðan er einkum smokkfiskur en einnig annar fiskur og krossfiskur. Aðeins búrhvalir kafa dýpra en þær. Heimkynni andarnefju eru um norðanvert Atlantshaf og þær sjást helst við Ísland á sumrin. Var fyrrum veidd vegna oliunnar í höfðinu, sem notuð var sem lyf og áburður, en kjötið einkum sem dýrafóður.

Andartak (n, hk) Augnablik; smástund. „Bíddu eitt andartak“. „Þetta tekur bara andartak“.

Andarteppa (n, kvk) Andnauð; andþrengsli; það að geta ekki andað. „Mér lá við andarteppu af hósta“

Andast (s) Deyja; látast; sálast.

Andast í brjóst (orðtak) Detta í hug; hugkvæmast. Helst notað í umvöndunartón. „Þú hefur fundið þetta ef þér hefði andast í brjóst að leita á réttum stað“. „Ekki hefði mér andast í brjóst að svona lægi í þessu“.

Andblær (n, kk) Örlítill gola; mjög hægur vindur. „Það er örlítill andblær af austri, ef eitthvað er“.

Andbyr (n, kk) Mótbyr. „Er Guðbrandur á leið undir Jökul í skreiðarferð og hefur andbyr“ (MG; Látrabjarg).

Anddyri (n, hk) Forstofa/fordyri í inngangi húss. Í upphafi merkti „anddyri, andir“ innri dyr í húsi; dyrnar innanvið forskála, sem þá hét „andyr“. Um þetta segir í fornri heimild: „Andir er talad eftir íslenskum byggingarmáta þar sem karldyr eru ytst á bajum; þar inaraf andyri og þangað er hvorim manni frialst að ganga. Þeir einir komuz innum andyr sem vinsamlega voru medteknir. Þar höfdu forfedur vorir vigása þegar ófridur var, og hietu andyr. Þær voru móte karldyrum“. *Karldyr* var þá heiti á ytri dyrum. Samkvæmt þessu var hverjum gesti heimilt að ganga innum útidyr/karldyr og leita skjóls í forstofu ókunnugs húss. Hinsvegar mátti gesturinn ekki fara um innri dyrnar; andir, nema honum væri boðið það af húsbændum.

Andfúll (l) Með illa lyktandi andardrátt. „Mikið andskoti ertu andfúll; fjandann léstu eiginlega ofaní þig“?!

Andfýla (n, kvk) Fúll andardráttur. „Skarfakál var tailið þjóðráð til að losna við andfýlu“.

Andfætur (n, kvk, fto) Ofboð. „Ég vaknaði af martröðinni með andfælum“. Vísar til þess að *grípa andann á lofti*; mása mikið, t.d. eftir kæfisvefn.

Andfætingur (n, kk) Sjá *sofa andfæting*.

Andfætis (ao) Sjá *sofa andfætis*.

Andfætlingur (n, kk) Þeir tveir sem sofa í sama rúmi þannig að fætur annars eru við höfuð hins eru andfætlingar og þeir *sofa andfæting*. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Andheitur (l) Trúaður; innilegur í tilbeiðslu; fullur eldmóði.

Andhverfa (n, kvk) Spegilmynd; það sem er öfugt við eitthvað tiltekið. „Hann hafði hrósað þessari vélartegund í hástert; en það var fljótt að snúast í andhverfu sína þegar hann reyndi að koma henni í gang“!

Andhægur (l) Um mjög hæga vindgolu; andvara. „Hann er orðinn andhægur og alveg hætt að rigna“.

Andi (n, kk) A. Loft sem andað er. „Ég hélt niðri í mér andanum af spenningi“. B. Sál; hugur; andagift. Sbr *gefa upp andann/öndina* og mannsandi. „Nú held ég að þessi vélartík sé endanlega búinn að gefa upp andann“! Af sama meiði er notkun heitisins yfir meiningu/megininntak; t.d. andi laganna og *tíðarandi*. C. Loftkennd vera; draugur; vofa;heilagur andi. „Það er ég viss um að rolluskattinn er *haldinn illum anda*“!

Andinn (n, kk, m.gr) Stytting úr „andskotinn“; milt áhersluorð/blótsyrði. „Nei, andinn hafi það að ég fari að éta þetta ómeti“! Ja, hver andinn“! „Hvernig í andanum víkur þessu við“? „Andans vesen er þetta“!

Andinn er að sönnu reiðubúinn (en holdið er veikt) (orðatiltæki) Ekki skortir mig viljann (en líkaminn er ekki á sama máli). Nokkuð notað; einkum síðari hlutinn, þegar menn t.d. hafa góð áform en þau vilja fara útóm þúfur; t.d. varðandi aðhald í mat. Upprunið í biblíunni eins og fleira af slíku tagi.

Andkaldur (l) Kalt í veðri. Einkum notað þegar komið er úr húshita í stillt veður og kuldi meiri en ætlað var. „Fjári er hann nú orðinn andkaldur með haustinu“. „Hafðu nú um hálsinn; hann er ári andkaldur“.

Andköf (n, hk, fto) Djúp og áköf innöndun. Sjá *taka andköf*.

Andlaus (l) Án hugmyndaflugs/skáldagáfu/hugsunar. „Skelfing er maður eitthvað andlaus núna“.

Andlát (n, hk) Dauði. „Ég hafði ekki heyrt um andlát hans“.

Andlega (ao) Sálarlega; á geðsmunum. „Ég held stundum að hann sé varla andlega heill“.

Andlegheit (n, hk, fto) A. Trúmál. B. Skáldagáfa; andagift. „Mig skortir öll andlegheit í dag“.

Andlegur (l) Sem varðar hið huglæga. „Sjálfstæðismenn hljóta að lúta vilja síns andlega leiðtoga“.

Andleysi (n, hk) Skortur á hugarflugi/ímyndunaraflí/skáldagáfu.

Andlitsfríður (l) Laglegur í andliti. „Ekki vantar að hún er laglega vaxin, en ekki finnst mér hún andlitsfríð“.

Andlit (n, hk) Ásjóna; fés.

Andmæla (s) Mótmæla; *bera á móti*.

Andmælalaust (l) Án andmæla/mótmæla; möglunarlaust. „Svona læt ég ekki yfir mig ganga andmælalaust“!

Andmæli (n, hk, fto) Mótmæli; *múður*.

Andóf (n, hk) Róður móti falli eða vindi. „...verður svo sterkur útstraumur á læginu að talsvert andóf þarf til að halda á móti honum“ ... „Þegar byrjað var að draga línuna var hún beitt út jafnt og dregið var. Tveir menn voru undir árum í andófi. Þriðji maðurinn dró línuna, goggaði og afgoggaði fiskinn, en sá fjórði beitti út línuna“ (KJK; Kollsvíkurvef). Líklega hljóðbreyting úr „andþóf“; þ.e. að þæfa í móti.

Andófsmaður (n, kk) Sá bátverji sem er í andófi/rær í hálsrúmi/andófsrúmi. „Kastað var út jafnóðum og dregið var. Og hálsmennirnir, þ.e. andófsmennirnir, urðu að róa til að hafa áfram“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvef; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004). „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en andófsmenn *bökuðu* að framan. Mennt fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst *aftanmennirnir*, síðan *miðskipsmenn* og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu.“ (OETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Andófsrúm / Andófsþófta (n, hk/kvk) Fremsta þófta í bát, og rúmið aftanvið hana; þar sem *andófsmaður* situr.

Andra (s) Ganga. Orðið heyrðist ekki í Kollsvík í seinni tíð, en líklegt er að af því sé dregið nafn á melbarði í Melum, neðan Sandahlíðar í Núpnum, sem nefnist „Andri“, og þar hjá „Andramelaskarð“. Hugsanlega hafa menn „andrað“ þangað til að huga að fê um sauðburð. Annar möguleiki er sá að þar hafi fyrst sést heimanfrá til manns sem „andraði“ heim eftir að hafa gengið á reka norður í Bótinni. Andri er reyndar fornt nafn á skíðum, og kann nafn staðarins að tengjast því að menn hafi til forna skemmt sér á skautum á Melatjörn sem þar er heimanvið.

Andrá (n, kvk) Andartak; augnablik; örskotsstund. „Ég greip í spottann í sömu *andrá* og steinninn valt undan mér“.

Andrekt (l) Barningur; straumur/vindur á móti þegar róið er. Ekki notað í seinni tíð, en vísar til hjóðdæmis (sjá *hnífandrekt*).

Andremma (n, kvk) Illa lyktandi andardráttur. „Enginn kannast við eigin andremmu“.

Andriki (n, hk) Andagift; skáldagáfa; innblástur; hugmyndaflug. „*Ekki* er nú andríkinu *fyrir að fara* í þessum leirburði hjá honum“!

Andróður (n, kk) A. Andóf. B. Oftast í líkingamáli um andspyrnu/andóf gegn málefni/stefnu. „Skólinn var á endanum lagður niður; þrátt fyrir andróður heimamanna“.

Andsetinn (l) Haldinn illum anda. Oftar notað *djöfulóður*.

Andskota (s) Djöfla; gera á slæman hátt; fara illa með. „Kálffjandinn er búinn að andskota heyinu útum allt“!

Andskotagangur (n, kk) Gauragangur; *fyrirgangur*; hávaði. „Hvaða andskotagangur er þetta eiginlega; er bara *himinn og jörð að farast* eða hvað“?!

Andskotakornið (u) Andskotinn; fjárin. „Það er andskotakornið ekkert við þessu að gera“.

Andskotalaust (l) Vandræðalaust; án illinda. „Þetta gekk ekki andskotalaust fyrir sig“.

Andskotalega (ao) Bölvanlega; mjög illa. „Þetta gekk bara andskotalega hjá okkur í byrjun; ekkert nema vandræði“! „Mér var farið að líða andskotalega í fætinum, og fór því til læknis“.

Andskotan ekki neitt (orðtak) Mjög/hverfandi lítið. „Þetta er andskotan ekki neitt; bara *smáskeina*“. „Það var andskotan ekki neitt að hafa fyrr en komið var niður á Skeggja“.

Andskotann/fjandann ekki (orðak) Áherslusetning. „Ég veit það andskotann ekki“. „Hér er fjandann ekkert að hafa; kippum örlítið dýpra“.

Andskotans (ao) Blótsyrði/áhersluorð, oftast með nafnorði á eftir. „Andskotans gleymska var þetta“!

Andskotans (sú) ögnin (orðtak) *Svardagar* um það sem ekki er. „Andskotans ögnin að þar væri nokkurn titt að fá“! „Andskotans sú ögnin sem þar var nokkur maður“!

Andskotansekkisen (l) Áhersluorð/blótsyrði. „Andskotansekkisen gleymska var þetta hjá mér“! „Þetta var ljóta andskotansekkisen óheppin“!

Andskotansgreivið (n, hk, m.gr.) Áhersluorð/blótsyrði. „Ætlar hún nú ekkert í gang andskotansgreivið“!

Andskotansnær (fs) Miklu nær; mun betra. „Honum hefði verið andskotansnær að koma hrútunum inná meðan þeir voru heimavið, frekar en þurfa að sækja þá lengst upp í lautir núna“!

Andskotast (i) (orðtak) Rótast í; hamast í; gera atlögu að. „Hættiði nú að andskotast í karlinum strákar“!

Andskoti (n, kk) Blótsyrði/áhersluorð. „Andskoti getur þetta nú verið snúið“! „Andskoti er nú að sjá þetta“!
„Andskotinn illskufjár/ enn hefur snöru snúna/ snögglega þeim tilbúna/ sem fara með fals og dár“
(Hallgrímur Pétursson; Passíusálmar).

Andskoti af mér/þér/honum (orðtak) „Slæm mistök hjá mér“. „Andskoti var nú af þér að gá ekki niður í flésið; ég er handviss um að þar hefur kindin stungið sér niður“!

Andskotinn hafi það! (orðtak) Upphrópun t.d. þegar eitthvað fer illilega úrskeiðis.

Andskoti hart (orðtak) Mjög slæmt/mótþrægt/órættlátt. „Mér þykir það andskoti hart að geta ekki sinnt mínum störfum í almannabágu vegna skilningsleysis stjórnvalda“!

Andskotinn og amma hans (orðtak) Blótsyrði af öflugra taginu. „Nú mega þau fiska hér í minn stað, andskotinn og amma hans; ég er farinn í land með þessa fáu *hortitt*“!

Andspænis (fs) Gegnt; á móti. „Maðurinn má sín oft lítils andspænis náttúruöflunum“.

Andstreymi (n, hk) Straumur á móti þegar róid er eða lína dregin. Nú mest notað táknað um mótlæti.

Andstreymis (ao) Á móti straumi; gagnstætt við *forstreymis*. „Farið er að baujunni andstreymis“.

Andstuttur (l) Með hraðan/grunnan andardrátt; móður. „Ég var orðinn frekar andstuttur á hlaupunum“.

Andstyggð (n, kvk) Óvild; viðbjóður; *andúð*. „Ég hef hálfgerða andstyggð á þessum nýju viðhorfum“.

Andstæða (n, kvk) Það sem er þvert á við annað. „Hann er andstæða bróður síns í þessu tilliti“.

Andstætt (l) Á móti; gagnstætt. „Andstætt vesturgaflinum er sérstæð votheysgryfja“.

Andsvar (n, hk) Svar; viðbragð. „Hann var fremur dræmur í andsvörum“.

Andtigna (s) Formæla; bölvá. Sjá *antigna*.

Andúð (n, kvk) *Andstyggð*; mótstaða; viðbjóður; óbeit.

Andvaka (l) Svefnlaus; um það að geta ekki sofið/ ná ekki að festa svefn. „Ég held að maður verði nú ekki andavaka yfir þessu lítilræði“!

Andvana (l) Líflaus; dáinn; látinn.

Andvanafæddur (l) Fæddur dáinn. „Þau eignuðust eitt andvanafætt barn í byrjun“.

Andvaralaus (l) Hugsunarlaus; fyrirhyggjulaus. „Ég var alveg andvaralaus, svo þetta kom mjög á óvart“.

Andvari (n, kk) Hæg gola; blær. „Það er rétt að maður finnur norðan andvara, en það má heita logn“.

Andvarp (n, hk) A. Stuna; það að anda frá sér svo heyrir. B. Líkingamál; kvörtun; ámalgun.

Andvarpa (s) A. Stynja. B. Kvarta; ámalga. „Þú hefðir nú mátt andvarpa um þetta aðeins fyrr“!

Andvarpa um (orðtak) *Hafa orð á; kvaka um; nefna; ámalga; hreyfa; færa í tal*. „Þú áttir að andvarpa um það fyrr að þú þyrftir á klásettið; það er of seint þegar þú ert orðinn klofblautur, strákur“!

Andvígur (l) Mótfallinn; á móti. „Ívar Ívarsson taldi ekki rétt að sameina hreppinn í eina kjördeild og lýsti sig því andvígur“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).

Andvökunótt (n, kvk) Nótt sem líður þannig að maður nær ekki að sofa.

Andþyngsli (n, hk, fto) Það að vera erfitt/þungt um andardrátt.

Andæfa (s) Róa á móti sjávarfalli eða vindi. „Skyldi andæfa svo vel að færin stæðu beint niður eða bæri lítið eitt aftur með borðinu“ (PJ; Barðstrendingabók). Sá sem andæfði var *andófsmaður*. „Nú var andæft og beðið lags að snúa“ (PJ; Brimlending í Kollsvík). Líklega hljóðbreyting úr „andþæfa“; þæfa gegn.

Anga (s) Ilma; gefa frá sér lykt. Oftast notað um góða lykt, en stundum í gagnstæðri merkingu.

Angagrey / Angaljúfur / Angalúra / Angaljya / Angakvikindi / Angakvöl / Anganára / Angaskarn / Angaskinn / Angaskott / Angatetur / Angatötur (n, kk/kvk/hk) Gæluorð um barn/gæludýr. „Komdu héra angaljúfur“. „Hversvegna ertu að skæla, angalúran mín“? „Þú mátt nú ekki sneypa tíkina fyrir þetta; hún var nú að reyna að hjálpa til, angakvölin“. „Meiddirðu puttann angaskottið mitt“? Sum orðin nær eingöngu notuð með greini; önnur nær aldrei.

Angakornið (u) Milt blótsyrði; stytting úr „*andskotakornið*“. „Angakornið að við fengjum eina einustu *oddsnertu*, þó við *flengdum* um allan sjó“!

Angalýja (n, kvk) Langur þráður; löng tjása. „Það er vont að fá angalýjur af marglyttu í augun“. „Ansi ertu orðinn loðinn um hausinn; það þyrfti að fara að klippa af þér angalýjurnar“.

Angan (n, kvk) Ilmur; góð lykt. „Þarna í Breiðnum er mikil angan af reyrgresi, einkum á vorin“.

Angans / Angansári / Angansvesen (u) Milt blótsyrði; stytting úr „andskotans“. „Þetta er ljóta angans ótíðin, dag eftir dag“. „Angansári er hann nú smár núna; stórfiskurinn ætlar bara ekkert að gefa sig til“!

Angann ekkert (orðtak) Milt áhersluorð á ekkert. „Þetta var angann ekkert; bara *smáskeina*“.

Angansnær (fs) *Andskotansnær; fjandansnær*; mun betra; staðið nær. „Hvað eru þeir nú að sullast út í þessum árans veltungi?! Þeim hefði verið angansnær að hlusta á mig í gær; þá var þetta fina sjóveður“!

Angalýja (n, kvk) A. Armur; langur hárlokkur; visk. „Asskoti ertu orðinn úfinn um hausinn; sestu þarna á stólinn og leyfðu mér að klippa af þér mestu angalýjurnar“. B. Gæluorð um krakka.

Angi (n, kk) A. Grein; sproti; útvöxtur. „Þetta er angi af sama meiði“. B. Armur; handleggur; tota; leggur. „Réttu mér angann svo ég geti dregið þig upp“. „Þetta er bara angi af sama máli“. C. Gæluorð um barn eða mann. „Er þér kalt, anginn litli“?

Angi (l) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Angi finnst mér leiðinlegt að heyra þessar fréttir af honum“! „Það var angi lírið að hafa á þeim miðum“.

Angiljubein (n, hk) Klumbubein; *klumba*; eyruggabein; *vaðhornsbein*; bein það í fiski sem liggur niður með tálknopinu aftantil og eyrugginn festist í. Framúr angiljubeinum neðanverðum er *lifoddinn*. Við slægingu er skorið á milli beinanna. Beinið er oftast kallað klumba eða klumbubein í Kollsvík.

Anginn (n, kk) Skrattinn; fjárin; milt blótsyrði. „Hvur anginn; nú eru kýrnar komnar í garðinn“! „Angann er nú hundurinn að gera“?

Angist (n, kvk) Skelfing; örvænting; sálarkvöl.

Angistarsvipur (n, kk) Svipur sem lýsir angst/ofsakvíða/sálarkvöl. „Vertu nú ekki með þennan angistarsvip; það hlýtur að rætast úr þessu eins og öðru“

Angra (s) Ergja; fara í taugar; pirra. „Hættu nú að angra kálfinn; hann gæti annars launað þér það síðar“.

Angrar það í ellinni sem ungur gerði (orðatiltæki) Menn sjá oft eftir því á efri árum að hafa aðhafst (eða ekki aðhafst) eitthvað á yngri árum.

Angur (n, hk) Ergelsi; þungur hugur; hryggð; sorg. „Mitt helsta angur útaf þessu er að hafa ekki skammað þá nógsamlega“.

Angurgapaháttur (n, kk) Glannaleg/aulaleg hegðun. „Svona angurgapahátt vil ég ekki sjá“!

Angurgapi (n, kk) Auli; bjálfi; kjáni. „Skelfilegur andskotans angurgapi er þetta; sér hann ekki féð“?!

Ankannalega (ao) Undarlega; afbrigðilega. „Mér fannst kýrin haga sér nokkuð ankannalega“.

Ankannalegur (l) Einkennilegur; skrýttinn. „Mér finnst þetta nú dálítið ankannalegt háttalag“.

Ankanni (n, kk) Galli; vöntun. Ekki notað sérstætt í seinni tíð.

Anker / Ankeri (n, hk) Sjá *akkeri*. Öllum orðmyndunum brá fyrir. Anker var einnig annað orð yfir *kvartil*.

Anki (n, kk) Ágalli; galli; vöntun. „Ég sé ýmsa anka á þessari fyrirætlun“.

Ankolli / Ankoti / Ankúri (n, kk) Upphrópun; áhersluorð; mildun á *andskoti*. „Ankolli er ég hræddur um að hann sé að fara að rigna“. „Ankúrans gleymaska var þetta í mér“!

Anmelda (s) Tilkynna; tjá; segja frá. „Fannstu tré í fjörunni? Þú ættir að annelda það við hann föður þinn“.

Anmerkja (s) Greina; taka eftir; *formerkja*; sjá. „Ég gat ekki anmerkt að þetta hefði verið gert“.

Anna (s) Sinna; komast yfir; geta. „Þegar hugsað er til baka og jafnframt hugsað til kvenna nútímans, með öll þau þægindi sem nú bjóðast, finnst manni næsta óskiljanlegt hvernig hún gat annað öllum sínum störfum...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Annað eins (orðtak) A. Svipað; líkt. „Þetta var svo stór lúða að ég hef bara ekki séð annað eins“. B. Sami fjöldi; sama magn. „Auk hinna heimilisföstu Kollsvíkinga fjölgaði þar um u.þ.b. annan eins fjölda á vorin þegar vertíð hófst, því í Kollsvík var mikil útgerð á meðan árabátar voru gerðir út, enda stutt á miðin“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Annað hljóð í strokknum (orðatk) Öðruvísi viðbrögð/undirtektir/umtal. „Það var allt annað hljóð í strokknum eftir að hann hafði ráðfært sig við konuna“. Vísar til þess að hljóðið í strokknum breytist þegar rjóminn strokkast í smjör.

Annað slagið / annað veifið / annað kastið (orðtak) Öðru hvoru; við og við. „...en við gátum skipst á að rétta úr okkur og standa annað slagið“ Frásögn ÁH (ÓS; Útkall við Látrabjarg). „...og annað veifið hreytti hann úr sér ónotum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Annað kastið heyrðust frá honum háværar hrotur“.

Annað uppi á teningnum (orðtak) Um breytt viðhorf/ breytta afstöðu. „Hann var alveg andsnúinn þessu í gær, en núna finnst mér allt annað uppi á teningnum hjá honum“. Líking við teningaspil.

Annað veifið (orðtak) Öðru hvoru; stundum. „Hann var niðursokkinn í verkið en leit þó upp annað veifið og gáði til veðurs“. *Veif* merkir veifa eða sveifla.

Annaðhvort (st) Annað af tveimur. „Nú er annaðhvort að gera; að eyða tímanum í að skarka hér á steindauðu grunninu; eða keyra dýpra“.

Annaðhvort er að vera maður eða mús (orðatiltæki) Viðhaft þegar maður *hleypir í sig kjarki* til að gera það sem ekki er árennilegt.

Annaðtveggja (st) Annað af tveimur. „Leiðin Gjörgrar yfir Örlygshöfn nálægt sjó að þjóðveginum við Hafnarmúla var um skeið talin annaðtveggja; sýsluvegur eða þjóðleið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Annar A. (to) Raðtala af tveir. „Ég er annar í aldursröðinni af fimm bræðrum“. B. (fn) Stytting af annarhvor. „Nú fer annar okkar upp í hlíðina og gætir þess að féð leiti ekki neðan; meðan hinn rekur á eftir“. C. Ekki sá sem um er/var rætt. „Hann sendi annan í staðinn fyrir sig“. „Nú heyrir mér vera *komið annað hljóð í strokkinn*“! Hann segir *eitt í dag og annað á morgun*“!

Annar handleggur (orðtak) Annað mál/viðfangsefni. „Það er minnsta málið að skjóta þennan máf. Hitt er svo allt annað handleggur að verka hann almennilega“.

Annar í jólum (orðtak) 26. desember. „Á annan í jólum fórum við á næstu bæi, eða einhverjir komu til okkar, og var þá spilað og spjallað“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Annar í jólum var oftast farið í *jólaboð* til nágrannanna“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Annar til (orðtak) Annar í viðbót; einn enn. „Ég náði þessari tófu, og annarri til sem rann á niðurburðinn“.

Annar vitleysingurinn/asninn/bjálfinn/bjáninn/aulinn frá (orðtök) Annar heimskur til viðbótar. „Það er ekki nóg með að forsætisráðherrann sé svona skammsýnn; heldur er landbúnaðarráðherrann engu betri! Það er nú annar aulinn frá“!

Annarhver (ao) Annar af tveimur; á víxl. „Þá tók sauðburðurinn við og við urðum að smala út í Breiðavík, ekki sjaldnar en annanhvern dag“ (IG; Æskuminningar).

Annarhvor (fn) Annar tveggja; annar af tveimur. „Annarhvor okkar fer niður; hinn heldur við“.

Annarlega (ao) Undarlega; ekki eins og vant er. „Mér líður hálf annarlega“.

Annarlegur (l) Undarlegur; grunsamlegur; óvenjulegur. „Mér sýndist hann vera í hálf annarlegu ástandi. Hugsanlega var hann byrjaður að súpa á flösku“.

Annars (ao) Að öðrum kosti. „Þú ræður hvort þú hirðir þetta; annars hendi ég því“. „Við ættum kannski að garða flekkinn; hvernig var annars veðurspáin“?

Annarsdagskvöld (n, hk) Kvöld annars dags jóla/ *annars í jólum*. „Á annarsdagskvöld var haft *jólatré* fyrir alla krakka í Víkinni“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Annarshugar (l) Utan við sig; hugsí. „Það dugir ekki að vera svona annarshugar við verkið“.

Annarskonar (l) Af öðru tagi; öðruvísi. „Hér getum við notað annarskonar efni í klæðninguna“.

Annarskosti (ao) Að öðrum kosti, annars. „Auðvitað tekur þú hrútinn; annarskosti þarf ég að farga honum“.

Annarslagið (ao) Öðru hvoru; við og við; annað slagið. „Maður fer út annarslagið og hugar að lambfé“. Eflaust sama og „annað slagið“, en var sagt á þennan hátt í munni margra; skýrt og greinilega.

Annarslags (l) Öðruvísi; frábrugðinn. „Mér sýnist þetta vera einhver annarslags málning“.

Annarsvegar (l) Öðrumegin; að öðru leytinu. „Annarsvegar er málað en hinsvegar ekki“.

Annasamt (l) Miklar annir; *snúningasamt*; mikið að gera. „Það hefur verið all annasamt þessa vikuna“.

Annast / Annast um (s/ orðtak) Sjá um; taka ábyrgð á. „Tvær konur og unglingar önnuðust heyskapinn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Annatími (n, kk) Tímabil mikilla anna hjá fólki. „Sauðburðurinn var mikill annatími“.

Annálaður (l) Orðlagður; víðfrægur; alþekktur; umtalaður í ritum. „Pabba þótti ekki mikið mál að ganga langar vegalengdir, því hann var annálaður göngugarpur; bæði léttur á fæti og hljóp frekar en gekk. Skemmti hann sér stundum við það að ganga þá af sér sem þyngri voru til göngu“ (GAMG; Jól bernsku minnar;

Niðjatal HM/GG). „Mun Kristján (Ásbjörnsson á Grundum) hafa varið landlegum til garðhleðslunnar og nýtt starfskrafta áhafnar sinnar, enda annálaður ákafa- og keppnismaður“ (HÖ; Fjaran).

Annáll (n, kk) Skráning viðburða yfir tímabil.

Annálsverður (l) Mjög merkilegur; einstakur; svo merkur að færa mætti til annála.

Annes (n, hk) Útnes; skagi; stórt nes sem skagar langt í sjó fram. Hljóðbreyting úr „andnes“; þ.e. nes sem er yst/sérstætt.

Annesjabyggðir (n, kvk, fto) Byggðir sem eru á annesjum/útnesjum.

Annesjaröst / Annesjastraumur (n, kvk/kk) Sjávarröst/sjávarstraumur við annes. Sjávarfallastraumur kringum Ísland er ekki hraður að jafnaði; líklega um 0,1-0,3 m/sek að jafnaði þegar harðast er. Þar sem nes gengur langt fram í strauminn verður hann mun hraðari, þar sem sami massi þarf að komast framhjá. Þannig hagar víða til við Vestfirði. Öflugasta annesjaröst landsins er Látraröst, þar sem straumur fer líklega í 4-7 m/sek þar sem hraðast verður; og sé þá mótvindur er röstin ófær nær öllum skipum. Við Blakknes er Blakknesröst, sem einnig getur orðið hröð og skeinuhætt. Fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum er öflugt straumasvæði sem nær iðulega langt til hafs. Þessi orka mun verða nýtt þegar viðeigandi tækni hefur verið þróuð. Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason hefur fyrstur manna þróað sjávarfallahverfil sem nýtist til þess.

Annesjavirkjun (n, kvk) Tæki eða tækjasamstæða sem nýtir orku annesjarasta til raforkuframleiðslu. Margir aðilarvíða um heim þróa tækni til nýtingar hröðustu sjávarfallastrauma í sundum. Unnt er að beita til þess hefðbundnum skrufuhverflum. Annesjarastir eru yfirleitt mun hægari og þar þarf aðra tækni. Hverflar Kollsvíkurfyrirtækisins Valorku eru (2018) komnir lengst í þeirri þróun á heimsvísu. Þeir eru þverstöðuhverflar á tveimur eða fleiri ásum. Þeir verða líklega langstærstu hverflar heims, enda þurfa þeir að smala saman dreifðri orku á hagkvæman hátt og með litlum snúningshraða. Virkjunin verður öll neðansjavar og er eina þekktu virkjanatæknin án nokkurra fyrirsjáanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa.

Annexía (n, kvk) A. Útkirkja; oftast alkirkja sem ekki er prestsetur eða höfuðkirkja sóknar. B. Afleidd merking; útibú; afnotajörð; sumarbústaður. „Ætli hann sé ekki á annexíunni þessa stundina.“

Annmarki (n, kk) Vandkvæði; galli. „Ég sé nú ýmsa annmarka á að þessu“. „Þessari nýju tækni fylgdu ýmsir annmarkar; t.d. vildi verða illa slegið milli þúfna, og grasgefnar þúfur jafnvel skornar af“.

Annmörkum háð (orðtak) Vandkvæðum bundið; takmörkunum undirorpið. „Þá var valdsmannsvalið engum annmörkum háð“ (KJK; Kollsvíkurver). „Eins og að líkum lætur voru vöruflutningar á reiðingshestum yfir fjallvegi seinlegir og ýmsum annmörkum háðir“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Annir (n, kvk, fto) Mikið vinnuálag. „...hann hefði talað við vegaverkstjóra og beðið hann að mæta á þessum fundi en hann taldi sér það ekki fært vegna anna“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Annríki (n, hk) Annir; mikil vinna. „Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið).

Annt um (orðtak) Vænt um; kær. „Farðu varlega með könnuna; mér er verulega annt um hana“.

Ansa (s) Svára. „Hversvegna ansaðirðu ekki þegar ég kallaði í þig“? Nú á undanhaldi fyrir „svara“.

Ansakorn / Ansi / Ansvíti / Ansansári (ao) Áhersluorð; stytting og mildun úr andskoti. „Nei, ansakornið“. „Ansansári er nú gott að hafa lokið þessu“. „Þetta var ansi mikið áfall“.

Ansansekkisen (l) Milt blótsyrði/áhersluorð; töluvert mikið notað. „Ansansekkisen þoka er þetta; ég hélt að við ættum að vera komnir að bólinu“!

Ansansvandráði / Ansansvesen (n, hk) Slæm uppákoma; vandráði; óæskileg fyrirhöfn. Oftast notað sem mild upphrópun. „Ansansvesen er þetta! Það tefur okkur töluvert að þurfa að skipta um dekk undir bílnum“.

Ansi (ao, n, kk) Mjög milt blótsyrði/áhersluorð, notað ýmist sem atviksorð eða nafnorð. „Mikið ansi er þetta skemmtileg mynd“. „Ja hver ansinn; nú er ég aldeilis hissa“!

Ansi hreint (orðtak) Mjög; afar. „Þetta hefur verið ansi hreint kalt vor“.

Anskolli (n, kk) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Anskollans vandráði eru þetta“!

Anskúrinn (n, kk, m.gr) Miltblótsyrði/áhersluorð; anskollinn; fjárin. „Anskúrinn hefur nú orðið af pípunni minni og tóbakinu“? Einnig hver *anskúrinn*.

Anstalta (s) Aðhafast; gera; fást við. „Hvað hefur þú verið að anstalta í seinni tíð“?

Anstíga (s) Fara; eigna. „Hvurt ert þú að anstíga; er eitthvað *eggjasnudd* á döfinni“?

Anstígandi (s) Gangandi; röltandi. „Nú, þarna kemur hann anstígandi, þá geturðu rætt við hann“.

Ansvíti (ao) Áhersluorð. „Hann er orðinn ansvíti kaldur í tíðinni“! „Ansvítans vandráði eru þetta“!

Antigna (s) *Andtigna*; bölvá; fara niðrandi orðum um. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Líklega hefur þetta í upphafi verið „and-tigna“, en runnið saman í framburði. Heyrðist ekki notað í seinni tíð.

Antípat (n, hk) Andúð; tortryggni; *ímugustur*. „Ég hef alltaf hálfgernt antípat á þessum gúrkum og viðlíka grænifóðri sem menn leyfa sér að nota í mannamat nú til dags“.

Antóníanar (n, kk) Rómverskir koparpeningar, slegnir um 270-305 f.Fr og kenndir við Antóníus Caracalla sem þá var rómverskur keisari. Þrjár antóníanar hafa fundist á Austfjörðum, óslitnir en líklega lengi legnir. Tveir fundust í rústum frá landnáms tíma í landi Bragðavalla í Hamarsfirði, en einn á söndum við Hvalnes í Lóni. Einn þannig peningur fannst 1966 í Hvítárholti í Árnessýslu og annar í Skansinum í Vestmannaeyjum 1992. Engin skýring hefur fundist á veru þessarar gömlu myntar hérlendis en því hefur verið velt upp hvort skip hafi hrakist hingað frá Bretlandi, sem var rómverskt skattland á þeim tímum sem myntin var slegin.

Antúrast (s) Vafstra (skv. Orðab.Mennsj). Orðið er ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Apa (s) A. *Apa/hafa/herma eftir*. „Það er óþarfi að apa hvert orð sem ég segi“! B. *Gera að fifli*. „*Margan hefur auður apað*“.

Apa/herma eftir (orðtak) Hafa eftir; endurtaka það sem *haft* er *fyrir*. „Vertu nú ekki að apa eftir barninu“! „Hann var leikinn í að herma eftir karlinum“.

Apakattalæti (n, hk, fto) Fíflalæti; bjánagangur. „Verið ekki með þessi apakattalæti í fjárhúsunum krakkar“.

Apaköttur (n, kk) A. Hálfapi; smáfaxinn api. B. Líkingamál; niðrandi heiti á manni sem þykir mjög heimskur/kjánalegur. „Ég ansa nú ekki þeim apaketti; hann hefur ekki hundsvit á þessu“!

Apalegur (l) Kjánalegur. „Mér finnst ég eitthvað svo apalegur í þessum jakka“!

Apaspil (n, hk) Bjánagangur; fíflalæti. „Byrjar nú karlinn með sitt apaspil; skyldi hann aldrei fullorðnast“?

Api (n, kk) A. Dýrategund sem skyldust er mönnum; prímati. B. Niðrandi líking; kjáni; auli.

Apótek (n, hk) A. Kista/skápur með lyfjum, umbúðum og öðru til lækninga. B. Lyfjabúð.

Apótekari (n, kk) Lyfsali. „Langt er síðan hómópatar björguðu mannlífum, og nú eru sjálfstæðir apótekarar einnig að *ganga fyrir ætternisstapann*“.

Apparat (n, hk) A. Tæki; tól. „En er þá ekki ansvítans apparatið bilað“? (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). B. Óáreiðanleg manneskja. „Sumir voru tortryggir gagnvart karlinum og álitu hann viðsjárvert apparat“.
„Ég kann að mjólka belju, ég kann að elda mat;/ konur þekkja enga mannasiði./ Ég kæri mig sko ekki um kvenmannsapparat,/ kom því brott og láttu mig í friði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Appelsínulaski (n, kk) Það sem nú er oft kallað „bátur“; geiri úr appelsínu. „Gefðu mér laska af appelsínunni“.

Appelsínudjúsi (n, kk) Appelsínubrykkni til þynningar með vatni. „Kauptu einn brúsa af appelsínudjúsi“.

Aprílgabb (n, hk) Í Kollsvík, líkt og víða um heim, hefur stundum verið iðkað að plata auðtrúa fólk til einhverra viðvika og hafa af því skemmtun. Síðurinn hefur tíðkast víða um heim og á rætur að rekja til nýársfagnaðar á miðöldum. Áramót voru þá á vorjafndægri, en voru færð til 1.janúar með ákvörðun Gregoríusar páfa seint á 16.öld. Aprílgabbíð er leifar þeirra ærsla sem þá tíðkuðust. Sjá *hlaupa apríl*.

Apríllök (n, hk, fto) Lok aprílmánaðar. „Ám er gefið fram á burð allvíðast, og aldar inni frá því um hátíðar og framundir apríllök“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Aragrúi / Arasægur (n, kk) Mikill fjöldi; *urmull*; *dobía*; *býsn*; *fæla*. „Þarna var aragrúi af fólki samankominn“. Ar er fornt heiti yfir ryk, og af þeim orðstofni er einnig sögnin að arka og lýsingarorðið ern.

Arbæða (s) Vinna; starfa. „Hvað ert þú að arbæða þessa stundina“? Algeng sletta í máli Kollsvíkinga.

Arbæðislaun (n, hk, fto) Vinnulaun. „Mér fannst sanngjarn að strákurinn fengi eitthvað í arbæðislaun“.

Arða (n, kvk) Ögn; nabbi. „Hann skildi ekki eftir örðu á diskinum“. „Hér er einhver arða í lakkinu“.

Arðvænlegt (l) Gróðavænlegt; gróðavegur. „Það hefur aldrei þótt arðvænlegt að veiða svona bröndur“.

Arfadyngja / Arfabeðja / Arfabingur / Arfabreiða / Arfaflækja / Arfasæng (n, kvk) Þykk breiða af arfa; arfaflækja. „Skelfilegt er að sjá þessa arfabeðju í rófubedinu“. „Ég hef enga trú að hann fái kartöflur uppúr þessari arfasæng“.

Arfavitlaust (l) Mjög heimskulegt; snarvitlaust. „Þetta er það arfavitlausasta sem ég hef nokkur tíma heyrt“!

Arfgengur (l) Sem gengur í erfðir/ liggur í ættum. Oftast notað um eiginleika eða sjúkdóma.

Arfleifð (n, kvk) Það sem erfist frá eldri kynslóð til hinnar yngri um aldaraðir. „Þess vegna er áriðandi að þeir sem eldri eru haldi vísnaverðinni við hjá þeim yngri; svo arfleifðin skili sér“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Arfluti (n, kk) Hluti arfs. „Nokkur systkinanna seldu sinn arfluta af jörðinni“.

Arfi (n, kk) Samheiti yfir blóm sem gjarnan vaxa í gördum og þykja óæskilegt illgresi. Einkum er þar um að ræða *haugarfa* og *hjartarfa* (sjá þar).

Arfleiða (s) Láta fá í arf.

Arfleifö / Arfur (n, kvk) Það sem látið eftir sig í arf. Sjá *födurleifð*.

Artaki (n, kk) A. Sá sem tekur við arfi/ hlotnast arður. B. Eftirmaður í starfi/hlutverki.

Arg (n, hk) A. Garg; hátt og hvellt óhljóð; öskur. B. Annir; puð; stórt verkefni. „Ég feginn því að þetta arg er loksins frá“.

Arg og læti / Arg og vesen (orðtök) Argþras; umstang; óreiða. „Mikið er gott að komast úr arginu og látunum í borginn“!

Arga (s) A. Öskra; garga. B. Reka fé. „Farið þið fram í Vík og argið fénu niður á Umvarpið“.

Argast (s) Skammast; suða; agnúast. „Það þýðir ekkert að vera að argast útaf þessu“! „Ég var ekkert að argast í honum útaf þessum mistökum“.

Argasti (l, est) Versti; mesti; hrikalegasti. Notað sem áhersluorð með ýmsum heitum. „Þetta er argasta þvæla“!

Argasti dónaskapur (orðtak) Mjög óforskammað/dónalegt/frekt. „Svona framkoma gagnvart landsbyggðinni er ekkert annað en argasti dónaskapur“!

Argasta puð/púl (orðtök) Mikil erfiðisvinna. „Þetta var argasta púl; maður er bara kófsveittur“!

Argasta villutrú (orðtak) Mjög mikil bábilja/kredda; afvegaleidd pólitík. „Það er auðvitað hin argasta villutrú að hverjum landskíka sé best stjórnað af bölvuðu Reykjavíkurlögreglu“!

Argaþras (n, hk) Umstang; vesen; hringiða. „Ég er feginn að vera kominn hingað vestur í kyrrðina; úr þessu argaþrasi fyrir sunnan“.

Argur (l) A. Núverandi merking; pirraður; *irriteraður*; reiður. „Það þýðir ekkert að vera svona argur yfir þessu“. B. Fyrri merking; huglaus; latur. „Skessan sem bjó í Síðaskeggi utan Lambavatns var óvættur mikill á sinni tíð. Eitt sinn elti hún séra Jón inn allan Rauðasand. Hann bjargaðist naumlega í kirkjunni í Saurbæ og bjóst til að hringja kirkjuklukkum. Skessan spyrnti þá fæti í kirkjugarðinn svo hart að í hann kom stórt skarð; leit á það og mælti „Stattu þá aldrei argur“. Síðan hefur kirkjugarður í Saurbæ aldrei staðið óskemmdur um langan tíma“ (Þjóðsaga; sögn SG frá Lambavatni). Til er sú útgáfa að þarna hafi verið um álfkonu að ræða, í stað skessu, og að hún hafi búið í Skaufhól, stuttu neðan Síðaskeggs.

Argvítuglega (ao) Með *argvítugum* hætti; *hatrammlega*; hörkulega. „Hann barðist argvítuglega gegn þessu“.

Argvítugur (l) Harðvítugur; erfiður. „Hann lenti í argvítugum þrætum útaf þessum skoðunum“.

Aría (n, kvk) A. Hluti úr söngverki. B. Í líkingamáli; kjaftavaðall; söngl. „Tekur hann nú eina aríuna enn“!

Arka (s) Ganga. „Hann arkaði eitthvað norður í Melarendur að gá að tvílembunni“

Armband (n, hk) Hringur/band/festi um handlegg/úlnlið, fyrrum til skrauts, en síðar oft til að festa armbandsúri.

Armingi (n, kk) Aumingi; vesalingur. „Hann er nú ekki beisinn bógur, þessi armingi“.

Armslengd (n, kvk) Lengd útréttis handleggs. „Maður sá varla armslengd frá sér í þokunni“!

Armur (n, kk) A. Handleggur. „Hann tók málið *upp á sína arma*“. B. Grein; álma; afleggjari.

Armur (l) Aumur; vesæll; niðurbrotinn. „Karlreyið er óttalega armur eftir þennan missi“.

Armæða (n, kvk) Mótlæti; ami; bölsýni. „Óttaleg armæða er þetta. Hvernig væri að gera eitthvað í málunum“?

Armæðast (s) Kvarta; mæðast; fjargviðrast. „Það þýðir ekkert að armæðast yfir þessum flokki; þú kaust þetta“!

Armæðuhjal (n, hk) Vonleysislegt tal; úrtölur; nöldur. „Ég hlusta ekki á neitt armæðuhjal; við *hristum* svona smámuni fram úr *erminni*“!

Armæðulegur (l) Sorgmæddur; niðurdreginn. „Ósköp ertu eitthvað armæðulegur á svipinn; hvað er að“?

Arnarboði (n, kk, sérn) Boði undan Grundarbökkum sunnanverðum; stutt frá landi. Þar varð fyrsta skráða sjóslýsið á Íslandi. Svo segir í Landnámabók; „En Kollr hét á Þórr; þá skildi í storminum og kom hann þar sem Kollsvík heitir, og braut þar skip sitt“ (Landnámabók). Samkvæmt munnmælasögum hét Örn sá sem þarna var stýrimaður. „Sé sögnin sönn má velja því fyrir sér hvort tilviljun hafi ráðið strandstaðnum eða hvort Kollur hafi ætlað að freista þess að lenda knerri sínum; e.t.v. löskuðum eftir óveðrið, í vari við Arnarboða. Þá er að því að gæta að stýrimaður skips var æðsti stjórnandi þess, og því er spurning hvort landnámsmaðurinn hét í rauninni Örn, en hafi tekið viðurnefnið „Kollur“ annaðhvort af því að hann var kollrakaður munkur eða af Núpnum, sem er einkennisfjall Kollsvíkur“ (VÖ). Arnarboði kemur upp þegar brostið er háflóð.

Arnarsjón (n, kvk) Mjög/einstaklega góð sjón. „Hann hefur slíka arnarsjón að engu er líkt“.

Arngerðarveður (n, hk) Þétt snjódrífa í logni og skammdegi. Orðið var lengi notað í Rauðasandshreppi, þó nú heyrir það varla. Það á þann uppruna að Arngerður nokkur var vinnukona á Geitagili á 19. öld. Hún eignaðist barn með húsbónda sínum, sem tók af henni barnið en sendi hana í vinnumennsku í Vatnsdal. Söknuðurinn varð til þess að hún strauk eitt kvöldið, meðan húslestur stóð, og hvarf. Mun hún hafa druknað þegar hún reyndi að komast fyrir Hafnarmúlann, sem þá var mikill farartálmi. (Heimild: MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu).

Arni (ao) Í enda aukasetninga til vorkenningar; líklega afbökun af „þarna“. „Hann er nú að reyna að hjálpa til, ræfillinn sá arna“. „Hún er nokkuð seig, stelpurófan sú arna“ Skyld þessu var endingin *atarna*, en hvorttveggja er sennilega runnið af orðinu „þarna“.

Arnika (n, kvk) Lyf úr jurtinni arniku (fjallagulblóm; *Arnica montana*). Notað sem áburður á bólgu og mar.

Arnhöfðótt (l) Litur á sauðfé: Dökkur bolur en höfuð að meira og minna leyti hvítt, ásamt oft fótum.

Arrestera (s) Taka höndum/fastan. Dönskuletta.

Arrestí (n, hk) Fangelsi; hald; *svarthol*; *karphús*. „Þegar afi minn var ungur þekkti hann son Steinunnar og Bjarna. Hún var í arrestí inni á Barðaströnd og átti barnið þar“. (KG; Frá Rauðasandi til Rússía).

Arsenik (n, hk) Eiturefni sem notað er m.a. í rottueitur. Finnst í tóbaksreyk.

Art (n, kvk) Eðli; manngerð; hvöt. Stundum góð....; „Hann er alltaf sama artin við hana móður sína, blessaður“! ... eða miður góð: „Alltaf skal vera sama artin í þessum sjálfstæðismönnum þegar kemur að velferðarmálunum“!

Arta (s) Haga sér; sinna um. „Við skulum sleppa kindinni út með undirvaningin, og sjá hvernig hún artar“.

Arta uppá (orðtak) Varðveita; viðhalda; sinna um. „Það er *óefað* ómaksins vert að arta betur en gert hefur verið upp á þá sérstæðu menningu sem varðveittist í Kollsvík lengur en annarsstaðar“.

Artargrey / Artarskinn / Artarskarn (n, hk) Gæluorð um trygga hund og stundum um vinalega manneskju. „Hún er nú að reyna að gera sitt gagn og halda fé frá túnunum, artarskinnið“. „Hvolpurinn biður alltaf um að fara út til að gera stykkinn sín; hann er þó hreinlátur, artarskarnið“.

Artarlegheit (n, hk, fto) Góðmennska; *alúð*; hlýja; *ræktarsemi*. „Hún gerði þetta af miklum artarlegheitum“. „Þau hafa alla tíð sýnt okkur mikil artarlegheit“.

Artarlegur (l) Góðviljaður; umhyggjusamur. „Hún er alltaf jafn artarleg við hana ömmu sína“. „... mikið hefði nú Guðbjartur verið artarlegur að lofa honum með á sjóinn“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Artarsamur (l) Hugulsamur; umhyggjusamur; trygglyndur. „Alltaf ertu jaft artarsamur, kúturinn minn“.

Artarsemi / Artugheit (n, hk, fto) Umhyggja; góðvild; hlýja. „Með þessu sýndi hann einstök artugheit“.

Artuglegur / Artugur (l) Vel innrættur; góðgjarn. „Hann hefur reynst artuglegur við nágrannana“.

Asafeitur (l) Spikfeitur; *bráðfeitur*; of feitur. „Hann var orðinn svo asafeitur að hann komst varla í stólinn“.

Asafiski (n, hk) Mikil vild á fiski; mjög góð veiði. „Við þarna á Blettunum og lentum í asafiski“.

Asahláka (n, kvk) Skyndileg *þýða*, þannig að leysingavatn hleypur úr farvegum og snjór hleypur í *krapaelg*.

Asbest (n, hk) Steintegund sem myndar þráðlaga kristal. Reyndar getur verið um nokkrar steindir að ræða. Pressað asbest í plötum var allmikið notað sem byggingarefni áður fyrr; allt þar til uppgötvaðist að innöndun asbestryks er verulega heilsuspillandi. Það sest fyrir í lungum og myndar svonefnt steinlunga, sem aftur leiðir iðulega til krabbameins.

Asbestplata (n, kvk) Plata úr pressuðu asbesti. „Asbestplöturarnar á vélarskúrnum voru farnar að brotna. Við strákarnir muldum eitt brotið í duft og notuðum fyrir neftóbak. Slíkt þætti hæpin hollusta í dag, en hálfri öld síðar erum við þó enn við *hestaheilsu*; allir stakir bindindismenn á allt tóbak“!

Asi (n, kk) Flýtir; mikil hraðferð; flumbrugangur. „Skelfingar asi er á þér. Viltu alls ekki kaffisopa“?

Aska (n, kvk) Brunnar efnisleifar; fast efni sem situr eftir þegar annað hefur brunnið, t.d. í eldstó/hlóðum. „Fyrrum voru bjargfuglsegg oft geymd í þurri ösku um langan tíma“.

Askasleikir (n, kk) Nafn á einum jólasveinanna; þeim sjötta í röðinni, samkvæmt vísu Jóhannesar úr Kötlum. Askar voru fyrrum settir fyrir hund og kött til þrifa áður fyrr, eftir að eigandinn hafði lokið við mat sinn. Askasleikir lá þá gjarnan undir rúmi og reyndi að verða þeim fyrri til að sleikja leifarnar.

Askja (n, kvk) Lítið ílát úr veigalitlu efni. Sjá *handagangur* í *öskjunni*.

Asklok (n, hk) Lok á/af aski. Asklok voru gjarnan mikið skreytt og með stöfum eigandans.

Askur (n, kk) Tréilat með loki, sem matast var úr áður en nútíma diskar urðu algengir; nói. Askar voru oft mjög listilega útskornir, enda einn verðmætasti gripur sem hver maður átti. Hver átti sinn ask; í hann var honum skammtað á matmálstímum, og út honum borðaði eigandinn með spæni og sjálfskeiðung (vasahníf). „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason, afi minn, smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru glettilega fallegir askarnir útskornir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Askvaðandi (l) *Skálmandi*; *rigsandi*. „Réttarstjórinn kom svo askvaðandi og skipaði fyrir um dráttinn“.

Asnagangur / Asnaháttur (n, kk) „Bölvaður asnaháttur var þetta í mér að gleyma markatönginni“!

Asnakjálki (n, kk) Auli; kjáni. „Óttalegur asnakjálki geturðu verið“!

Asnalega (ao) Furðulega; bjálfalega. „Mér líður hálf asnalega í þessum stuttbuxum“.

Asnalegur (l) Bjánalegur; hjákátlegur. „Þetta er asnalegasta uppátæki sem ég hef nokkur tíma heyrt um“.

Asnalæti (n, hk, fto) Bjánagangur; hálfvitagangur; ærsl. „Vertu nú ekki með þessi asnalæti“!

Asnann má alltaf þekkja á eyrunum (orðtaltækni) Speki sem vísar til þess að sjá má lesti manna á ýmsu í hegðun þeirra og orðum.

Asnaskapur (n, kk) Bjánaskapur; heimaska; hugsunarleysi. „Hvaða asnaskapur er þetta í þeim“?!

Asnast (s) Aulast; álpast. „Fjandann var hann að asnast í róður í þessu útliti; þetta var bara hreint ekkert vit“!

Asnast til (orðtak) Drattast til/í; aulast/ráfast til að gera. „Ég hefði átt að asnast til að hafa varadekkið með“.

Asnastrik (n, hk) Aulaháttur; ógáfuleg athöfn. „Svona asnastrik ná ekki nokkurri átt“!

Asni (n, kk) Hófdýr af ættkvísl hesta, en minni en þeir. Ekki til á Íslandi, en víða notaður erlendis, einkum í Miðausturlöndum, til burðar og dráttar. Mjólk og kjöt er einnig nýtt.

Asskoli (n, kk) Upphrópun, afbökun úr andskoti. „Mikið asskoli var strákurinn fljótur að hlaupa“.

Asskotakornið (n, hk, m, gr) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Nei asskotakornið að ég trúi því“!

Asskoti (n, kk) Upphrópun; afbökun úr blótsyrðinu andskoti. „Asskoti væri nú gott að hressa sig á kaffibolla“.

At (n, hk) A. Puð; fyrirgangur. „Maður verður pungsveittur á þessu ati“. B. Litur. „Maður er allur útataður“.

Ata / Ata út (s/orðtak) Sóða út; lita; útskíta. „Kýrin náðist loks upp úr skurðinum; ötuð efju upp á bóga“. „Erstu strax búinn að ata út fötin sem þú varst að fara í áðan“?!

Ataður (l) *Útataður*; *klistraður*; skitugur. „Stakkurinn var allur ataður tjöru svo ég henti honum“.

Atarna (ao) Þarna. Hikorð sem heyrðist aldrei nema í vorkennandi tón: „Hann var óttalega sár eftir móðurmissinn, greyið atarna“. „Hún hefur nú bara verið þæg í dag; skinnið atarna“. „*Svinabestið* atarna“. Sjá „*sá arna*“ og „*greyið/skinnið atarna*“. Styttning og hljóðbreyting úr „það þarna“.

Atast í (orðtak) A. Hrekkja; stríða; gera at í. „Veriði nú ekki að atast í karlinum alltaf, strákar“! B. Ganga ötullega fram í verki/vinnu. „Hann er að atast í heyskap hér úti á túni“.

Atbeini / Atfylgi (n, kk/hk) Tilverknaður; barátta. „Þessi árangur náðist einkum vegna hans atfylgis“. „Fyrir hans atbeina var þetta látið eftir“.

Atburður (n, kk) Avik; viðburður; tilvik. „Þetta þótti all óvanalegur atburður“.

Atferli (n, hk) Framferði; háttur; hegðun. „Mér þótti þetta í meira lagi undarlegt atferli“.

Atgangur (n, kk) Læti; umstang. „Það er mikill atgangur þegar múkkarnir sjá ræksnum fleygt fyrir borð“.

Atgeirsstafur (n, kk) Broddstafur; göngustafur með broddi, til stuðnings á göngu, einkum á ís. „Atgeirsstafur er ómissandi gangandi manni *að vetri til* í fjallaferðum“.

Atgervi / Atgjörvi (n, hk) Mannkostir; eiginleikar manns. „Ósköp finnst mér þeir ólíkir að öllu atgervi“.

Athafna sig (orðtak) Vinna; komast að til að vinna/gera. „Það er erfitt að athafna sig í þessum þrengslum“.

Athafnamaður (n, kk) Framkvæmdamaður; dugnaðarforkur. „Einar í Kollsvík var mikill athafnamaður á sinni tíð. Hann var í hópi bændahöfðingja á þeim tímum þegar vinnuafli var nægt í sveitum“.

Athlægi (n, hk) Aðhláturfefni; fiðl. „Ég ætlaði ekki að gera mig að athlægi fyrir allra augum“.

Athuga / Athuga með (s/orðtak) Huga að; líta að/eftir. „Þegar kom fram í endaðan júlí var farið að athuga með berin“ (IG; Æskuminningar).

Athugaleysi / Athugunarleysi (n, hk) Sofandaháttur; yfirsjón; hugsunarleysi. „Það var athugunarleysi hjá mér að gá ekki að þessu“. „Mun strandið hafa stafað af athugunarleysi“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Athugandi (l) Skoðunarvert; umhugsunarvert. „Það væri kannski athugandi að reyna þetta aftur“.

Athugasemd (n, kvk) Umsögn; aðfinnsla. „Ég kann ekki að meta svona athugasemdir“.

Athugavert (l) A. Þarfnast frekari skoðunar; gallað; veiklað. „Ég sá ekkert athugavert við þetta“. B. Vert athugunar; ihugunarvert; hugleiðingavert. „Það væri alveg athugavert að smíða einhverja hækkun á skjólgrindurnar á heyvagninum“.

Athugull (l) Aðgættinn; tekur eftir; skoðar vel. „Ég hef trú á honum í þetta; hann er nokkuð athugull“.

Athugunarvert (l) Vert skoðunar; áhugavert. „Það leyndist ýmislegt athugunarvert í kistunni“.

Athvarf (n, hk) Hæli; skjól; friðsæll staður. „Alltaf er jafn gott að geta leitað athvarfs í Kollsvíkina“!

Athygli (n, kvk) Eftirtekt; gaumur. „Ég veitti þessu ekki mikla athygli í fyrstu“.

Athyglisverður (l) Sem vert er að veita athygli; eftirtektarverður; sérstakur. „Mér fannst þetta athyglisvert sjónarmið“.

Athæfi (n, hk) Verknaður; gerð; verk. „Þetta þótti ýmsum ámælisvert athæfi“.

Athöfn (n, kvk) Tilstand; serimónía; messa; trúarleg samkoma í ákveðnum tilgangi.

Atkvæðamikill /-lítill (l) Hefur mikið/lítið vægi í samfélaginu. „Hann þótti alltaf fremur atkvæðalítill“.

Atkvæðamaður (n, kk) Sá sem hefur mikið fylgi annarra; vinsæll maður; mikill foringi. „Hann hefur aldrei verið mikill atkvæðamaður í mínum augum“.

Atkvæðavægi (n, hk) Vægi hvers kjósanda í kosningum. Þar sem land er kjördæmaskipt, líkt og hérlendis hefur verið, er ávallt einhver munur á atkvæðavægi milli kjördæma. Kjördæmi eru misjafnlega fjölmenn, með breytileika innan kjörtímabils, og fjöldi þingmanna misjafn. Vægi hvers atkvæðis í þéttbýli er að jafnaði minna en í dreifbýli. Þó margir vilji hafa vægið hið sama eru aðrir réttilega þeirrar skoðunar að hinar fáu raddir dreifbýlisins þurfi að vera sterkari en hinna, sökum þess að t.d. uppbygging innviða s.s. samgöngukerfa er mun kostnaðarsamari á hvert atkvæði dreifbýlis en þéttbýlis, en slíkt er kostað af sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar.

Atkvæði (n, hk) A. Skoðun þegns/félaga sem látin er í ljós við kosningar, t.d. á kjörseðli. B. Hluti orðs eða stutturorð, sem inniheldur einn sérhljóða í framburði.

Atkvæðisbær (l) Sem getur greitt atkvæði; kjörgengur. „Fékk hann meirihluta atkvæðisbærra fundarmanna“.

Atlaga (n, kvk) Árás; áhlaup. Sjá *gera atlögu*.

Atlantshafshryggurinn (n, kk) Sjá *tertier*.

Atlega (n, kvk) *Aðlega*; staður við hlein sem hægt er að leggja að, s.s. í undirbjargferðum. Mér sýnist að þarna í klaufinni gæti verið vænleg atlega. Þar er hægt að stökkva upp á hleinina á lagi“.

Atlot (n, hk, fto) A. Það sem lýtur að einhverju; kringumstæður. „Mér sýnist öll atlot hníga að þessari niðurstöðu“. B. Viðmót; blíða; gælur. „Hún virtist ekki kunna illa við hans atlot“.

Atlæti (n, hk) Aðbúnaður; viðmót. „Við bjuggum þar við gott atlæti“.

Atorka (n, kvk) Framkvæmdasemi; kraftur. „Hleðslurnar lýsa fádæma atorku þessa meistara“. „Sá Halldór bjó á Láganúpi 1703, og var einn hinna kunnu Sellátrabráðra, sem rómaðir voru fyrir atorku og hreysti...“.

Atorkulaus / Atorkulítill (l) Duglaus; framtakslítill.

Atorkumaður (n, kk) Eljumaður; dugnaðarforkur; sá sem kemur miklu í verk.

Atorkumikill (l) Framtakssamur; öflugur; duglegur.

Atóm (n, hk) Frumeind efnis; smæsta stöðuga efniseindin við „eðlilegar“ aðstæður.

Atómljóð / Atómskáld / Atómskáldskapur (n, hk/kk) Ljóðagerð sem ekki lýtur ströngum hefðbundnum bragreglum. Þannig ljóð komu fyrst fram um líkt leyti og menn náðu tókum á kjarnaklofnun efnis, og skýrir það forlið heitanna. Eitt þekktasta atómskálidi er Jón (Jónsson) úr Vör, frá Patreksfirði.

Atómsprengja (n, kvk) Kjarnorkusprengja; vopn sem hefur mesta sprengimátt sem þekktur er, en hann fæst með því annaðhvort að valda keðjuklofningi í þungum efniskjörnum eða láta létta efniskjarna renna saman.

Atrenna (n, kvk) A. Tilhlaup; það að hlaupa (renna) að einhverju til að ná skriðkrafti í t.d. stökk. B. Tilraun; skipti sem reynt er að framkvæma. „Ég gafst upp eftir nokkrar misheppnaðar atrennur“.

Atriði (n, hk) Þáttur í einhverju stærra. „Hann lagði mikla áherslu á þetta atriði í málinu“. „Mér finnst það mikið atriði að hafa nóg kaffi með sér á sjóinn“.

Atvik (n, hk) Viðburður; tilvik. „Mörgum atvikum man ég eftir með Gunnu“ (IG; Æskuminningar).

Atvikast (s) Gerast; vilja til. „Það er ekki gott að segja hvernig þetta atvikaðist“.

Atvinna (n, kvk) Starf; það sem maður vinnur að sér til framfæris.

Atvinnurekstur (n, kk) Rekstur fyrirtækis/verkefnis sem veitir einum eða fleiri starfsmönnum atvinnu.

Atvinnuspillir (n, kk) Sá/það sem spillir atvinnu manna. „Vörubíllinn var fluttur úr Breiðavík á Patreksfjörð og þótti Eyrarkörlum það hinn versti atvinnuspillir, því áður höfðu kol og önnur þungavara verið keyrð um plássíð á hjólbörum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Atvinnusveitarútsvar (n, hk) *Útsvar* sem maður greiðir til þess sveitarfélags sem hann hefur atvinnu í, en er síðar endurgreitt til lögheimilissveitarfélags. „Atvinnusveitarútsvör frá Patreksfirði, kr 9.915“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1948).

Atvinnuvegur (n, kk) Starfsgrein; flokkur starfa. T.d. landbúnaður, fiskveiðar, iðnaður o.s.frv.

Atyrða (s) Skamma; ávita. „Atyrti hún Guðmund ráðsmann sinn harðlega; kvað hann hina mestu sjóbleyðu sem hræddist hverja golu, og ætti varla skilið að stíga út í bát framar“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Auðblekktur (l) Létt að blekkja/plata/snúa á. „Krummi þóttist vera að kroppa eitthvað gómsætara stutt frá, en rebbi var ekki svo auðblekktur. Hann hélt áfram að rífa úr hræinu og þóttist ekki sjá slík latalæti“.

Auðfengið (l) Auðvelt að fá. „Samþykki hans var auðfengið“.

Auðfinnanlegt (l) Auðvelt að finna; auðvelt að finna fyrir. „Auðfinnanlegt var að veður fór kólnandi“.

Auðfluttur (l) Sem flytja má á auðveldan hátt. „Þungavarningur var ekki auðfluttur í Útvíkurland meðan bílvegir voru ókomnir. Fyrstu traktorarnir voru t.d. fluttir sjóleiðis.“

Auðframkvæmanlegt (l) Auðvelt í framkvæmd. „Það hefur ekki verið auðframkvæmanlegt að koma hákarlaskipinu Fönið í sitt naust, uppi á bakkanum“.

Auðfundið (l) A. Auðvelt að finna/ hafa uppá. „Grenið var hreint ekki auðfundið í urðinni“. B. Auðséð; auðvelt að skynja. „Hann sagði ekki neitt, en það var auðfundið að honum þótti“.

Auðga (s) Gera auðugri/ríkari. „Ný þekking og ný viðhorf auðga og efla hvert mannglegt samfélag“.

Auðheyrt (l) Heyrist greinilega. „Það var auðheyrt að hann var verulega reiður“.

Auðheyrilega (ao) Þannig að vel megi greina/heyra. „Auðheyrilega hafði þetta komið henni á óvart“.

Auðið (l) Kleyft; fært; gerlegt. „Ég reyni þetta, *eftir því sem mér framast er auðið*“. Þeim varð þriggja barna auðið“.

Auðkenni (n, hk) Sérkenni; það sem einkennir. „Ég þekkti þessi auðkenni á baujunni“.

Auðkleyft / Auðklifð (l) Auðvelt að klífa; auðfarið. „Ég gæti trúað að þarna væri auðkleyft upp“. „Ekki verður sagt að greið leið sé upp á Bæjarvöllinn, en eftir að búíð er að leggja þar lásband til stuðnings er hann auðklifinn fyrir þá sem eru vanir klettum“.

Auðkýfingur (n, kk) Ríkisbubbi; sá sem er mjög ríkur. „Það er ekki nema fyrir auðkýfinga að kaupa þetta“.

Auðlegð (n, kvk) Ríkidæmi; auðæfi.

Auðleystur (l) Um hnút/vanda; auðveldur að leysa. „Þessi fjandans rebbihnútur er ekki auðleystur“.

Auðlind (n, kvk) Uppspretta verðmætasköpunar; það sem nýta má til frumframleiðslu. „Kollsvík býr að gnægð auðlinda á ýmsum sviðum, þó misjafnt sé hvernig samfélaginu auðnast að nýta þær. Þar er gott til landbúnaðar; sauðhagar góðir; ræktunarmöguleikar ágætir; vetrararbeit til mikils léttis á fóðrum, bæði hagar og fjörubeit. Útslægjur af stór í vötnum og af töðu í klettum og hlíðum. Kúahagar eru þar góðir og hestbeit ef vill. Mótekja er mikil í mýrum; sérlega hitagæfur mór í Harðatorfspytti og fjörumór undir Leirunum. Ferskvatn yfirdrifið úr kaldavermslum og hvergi heilnæmara; að auki vígt lækningavatn í Gvendarbrunni. Námur byggingaefnis; hleðslugrjót af öllu tagi; hellutaksnámur í Helluhnjúk, Stórafelli og víðar; torfrista víða; yfirdrifið af skeljasandi og steypumöl í fjöru. Auk þess gríðarlegar námur af ísaldarmöl í Breiðsholti. Ofaniburðarefni víða. Mikil vötn til fiskiræktar ef vill. Æðarvarpi væri auðvelt að koma upp ef varið er fyrir vargi. Múkkavarp mikið í öllum sjávarklettum; Blakk, Hnífum og Breið; vel aðgengilegt. Máva má skjóta á fuginu svo góð búbot sé að, og stöku sel má skjóta á hleinum. Reki er allgóður og gagnlegur; bæði stórviður og smærri; einnig belgir, kútur og annað. Rauðmaga má stinga í pollum á útfiri. Gott til sjósóknar á smábátum; landing allsæmileg í stilltum sjó; þorskfiskimið stutt undan landi þegar firskur er á grunnmiðum; steinbítismið einnig þau gjöfulustu á grunnmiðum og lúðu- og skötumið þegar gefst. Grásleppu og rauðmaga má veiða í net þegar stillt er í veðri. Miklar orkuauðlindir eru fyrir landi í formi öldu og sjávarstrauma, sem eflaust verða nýttar í náinni framtíð. Veðursæld er oftast mjög mikil í Kollsvík; einkum í norðaustlæstum og austlæstum áttum. Norðan- og vestanáttir verða harðastar, bæði til sjós og lands; veðursælla er þó jafnan norðantil í vikinni, og uppundir Hjöllum. Náttúrufegurð er með eindæmum mikil, og er vandfundinn staður með fjölbreyttari upplifunar- og afþreyingarmöguleikum. Saga býr í nánast hverju hinna óteljandi örnefna og mannvirkja, sem eru mörg frá langri búsetu. Margt er einstætt og sérstætt sem ekki verður hér upp talið. Gönguleiðir eru víða og væri vel unnt að gera út á ferðabjónustu.“

Auðlært (l) Auðvelt að læra. „Sigurvin var sæmilega sleipur í mandarín-kínversku, sem er þó ekki auðlærð“.

Auðlæsilegt (l) Auðvelt að lesa. „Ekki er hún auðlæsileg; skriftin hreppstjórans“!

Auðmannaslekti (n, hk) Ríkisbubbar; peningamenn; fjáraflamenn. „Sumar *illar tungur* segja að Kollsvíkum megi skipta í tvö horn. Annarsvegjar sé það auðmannaslekti sem efnast hefur á nirfilshætti og nurlí; er yfirleitt aðhaldssamt úr hófi og *gnýjarar* hinir mestu. Hinir séu þó langtum fjölmennari í Kollsvíkurætt, sem *ekki er sýnt um meðferð* fjár; *helst illa á því og eiga sjaldnast bót fyrir boruna*. Þeir eru manna hjálpsamastir og *hufflegastir*; enda safnast þeim lítill auður. Þessi skilgreining er þó e.t.v. *kjaftasögn* og oftúlkun; sannast sagna eru flestir *miðja vegu* í þessu litrófi; hafa nóg fyrir sig og sína og lifa í góðri sátt við sitt samfélag.

Auðmjúklega (ao) Af undirgefni; blíðlega. „Mér varð það á að móðga hann, og mátti biðjast auðmjúklega afsökunar“.

Auðmjúkur (l) Undirgefinn; lítillátur; hófsamur; blíður. „Svona yfirgangi tek ég ekki eins og einhver auðmjúkur þræll“!

Auðmýking (n, kvk) Háðung; móðgun; lítilsvirðing. „Honum fannst sér nokkur auðmýking gerð með þessu“.

Auðmýkja (s) Lítilsvirða; móðga; hæða. „Ætlaðu að láta þá auðmýkja þig svona möglunarlaust“?

Auðmýkt (n, kvk) Lítiltæti; hógværð; undirgefni. „Hingað til hafa menn tekið þessu möglunarlaust og af auðmýkt, en kannski er tími til kominn að það fari að breytast“.

Auðn (n, kvk) Eyðimörk; eyðibýggð; gróðurlaust/lífvana/óbyggt svæði. „Skelfing er að horfa uppá byggðina leggjast nánast í auðn; mestmegnis fyrir snarvitlausu byggðastjórnun“!

Auðna (n, kvk) Heppni; lán; gæfa. „Við verðum bara að láta auðna ráða í þessum efnunum“.

Auðnast (s) Lánast; takast; heppnast. „Honum auðnaðist að koma aftur undir sig fótunum“.

Auðnulaus / Auðnulítill (l) Lánlaus; ógæfusamur.

Auðnuleysingi (n, kk) Lánlaus manneskja; vesalingur. „Það er nú lítið gagn að þeim auðnuleysingja“.

Auðnuseinn (l) Seinheppinn; óheppinn. „Þarna var ég heldur auðnuseinn; haldiði ekki að lúðherfan hafi látið sig hverfa við borðstokkinn“!

Auðnuvegur (n, kk) Gæfusöm leið; leið til hamingju. „Brennivínið hefur nú aldrei verið neinum auðnuvegur“.

Auðrakin (l) Um spor; auðvelt að rekja. „Tófusporin voru *auðrakin* í nýföllnum snjónum“.

Auðratað (l) Auðvelt að rata. „Hægt er að komast í Stóðin í lásunum, en besta leiðin til þess er ekki auðrötuð“.

Auðrekinn (l) Auðvelt að reka/ koma rétta leið. „Því fór fjarri að kálffjandinn væri auðrekinn“.

Auðs aflar iðin hönd (orðatiltæki) Velmegun skapast venjulega af miklum dugnaði.

Auðséd (l) Auðvelt að sjá; greinilegt. „Það er nú alveg auðséd hvaðan þessar snarvitlausu kindur eru“!

Auðsjáanlega / Auðsýnilega (ao) Augljóslega; sem greinilega sést.

Auðskilið (l) Sem auðvelt er að skilja; skiljanlegt. „Það var auðskilið hvað hann meinti“.

Auðsótt mál (orðtak) Beiðni sem greiðlega er *orðið við*; *umleitan* sem vel er tekið. „Ég bað hann um að lána mér bókina, og það var auðsótt mál“.

Auðsvarað (l) Auðvelt að svara. „Þessu er auðsvarað“.

Auðsveipur (l) Hlýðinn; undirgefinn. „Ef þú nærð góðu taki á miðnesinu á tudda er hann mjög auðsveipur“.

Auðsveipni (n, kvk) Undirgefni. „Honum var ýmislegt betur gefið en auðsveipni gagnvart yfirvöldunum“.

Auðsæld (n, kvk) Ríkidæmi; góður efnahagur. „Þau hafa aldrei búið við verulega auðsæld“.

Auðsætt (l) Auðséd; greinilegt. „Formenn hafa tal af þeim sem eru á Fönix og segja, sem auðsætt var, að ekkert annað sé fyrir hendi en að bera allt af honum aftur“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hvalurinn var aldrei yfirgefinn, en matur og drykkur fluttur úr landi. Er því auðsætt að margir hafa átt sinn þátt í björgun hvalsins“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Auðtekið (l) Auðvelt að taka/ná. „Töluvert er af eggjum í efsta ganginum og þar er nokkuð auðtekið“.

Auðtrúa (l) *Trúgjarn*; einfaldur. „Hrekkjalómarnir notfærðu sér hvað karlinn var auðtrúa og létu hann hlaupa með ýmsar upplognar kjaftasögur, sér til gamans“. „Mikið ertu auðtrúa ef þú trúir þessum vindhana“.

Auðtuggið (l) Sem auðvelt er að tyggja. „Gamla manningnum þótti gott að fá eitthvað auðtuggið til að japla á“.

Auðugur (l) Ríkur; vel efnður.

Auðunninn (l) Sem gott er að vinna/sigra. „Hann hélt að þessi glíma yrði auðunninn“.

Auður (n, kk) Ríkidæmi; auðæfi; fjármunir.

Auður (l) A. Tómur; óbyggður; án nokkurs. „Sunnanvið ísspöngina var auður sjór“. „Fremsta blaðið í bókinni var autt“. B. Snjólaust. „Það er *alautt á háhálsinum*.“

Auðvelda (s) Gera auðvelt; *liðka fyrir*. „Kuldinn auðveldaði mönnum ekki verkið“.

Auðveldlega (a0) Með léttum/auðveldum hætti; fyrirhafnarlítið. „Hann kláraði þetta auðveldlega“.

Auðveldur (l) Léttur; ekki erfiður. „Þetta reyndist fremur auðvelt verk“.

Auðvirða (s) Lítilsvirða; sýna ekki tillitssemi/virðingu. „Maður skyldi aldrei auðvirða visku þeirra sem gengnir eru“.

Auðvirðilegur (l) Fyrirlitlegur; vesæll. „Ég vissi ekki að hann væri svo auðvirðilegur“.

Auðvitað (ao) Að sjálfstöðu. „Auðvitað *gat ég sagt mér þetta sjálfur*“!

Auðþekktur / Auðþekkjalegur (l) Þekkt greinilega úr; vel þekkjalegur. „Gemlingurinn er auðþekktur á hornalaginu“.

Auðþekktur er úlfurinn/asninn á eyrunum (orðatiltæki) Speki sem oft er notuð þegar menn þykjast þekkjast lesti í fari annarra. Bæði kvikindin heyrðust notuð í þessu efni.

Auðæfi (n, hk, fto) Auður; ríkidæmi. „Munnmælin segja að Kollur hafi fólgið auðæfi sín undir Biskupsþúfu“. Myndað úr auð-hæfi, þ.e. að hafa auð.

Aufúsa (n, kvk) Ánægja; þægð. „Mér er engin aufúsa í að fá svona gesti þegar nóg er að atast í heyskapnum“! Forskeytið er líklega myndað með hljóðbreytingu úr „á“ og síðari liðurinn merkir „fús“.

Aufúsugestur (n, kk) Velkominn gestur. „Og svo er það hafsinn, sem áður fyrr var nær árlegur en þó síður en svo aufúsugestur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Auga (n, hk). A. Líffæri til að sjá með. B. Dý; pyttur. „Víða eru hættuleg augu í Mýrunum“. C. Gat; hola. „Nálarauga“. D. Efri hluti *sviðakjamma*; sá neðri nefnist kjálki. E. Hola í kartöflu, þar sem spírur myndast. F. *Festarauga*; *vaðarauga* (sjá þar).

Auga fyrir auga; tönn fyrir tönn (orðatiltæki) Ævafor speki, sem líklega kom fyrst fram á fyrstu tímum siðmenningar; var t.d. uppistaðan í lögmálum Hammúrabis og síðar Mósesar. Hefndarskyldan sem með þessu er boðuð var við líði fram yfir Sturlungaöld hérlendis, og meginorsök þeirra vígaferla. Skyld er spekin *gjalda skal líku líkt*.

Augablað (n, hk) Efsta blaðið í samsettri bílfjöður. Með auga í hvorum enda til festingar í bílgrindina.

Augabragð (n, hk) Augnablik; *örskotsstund*. Tíminn sem það tekur að blikka augum. „Þetta gerðist allt á einu augabragði“.

Augabrún (n, kvk) Hærð brík ofanvið augað.

Augafullur (l) Ofurölvi; blindfullur; *þöddufullur*. „Þú getur ekki farið að aka svona augafullur“!

Augakúla (n, kvk) Auga; kúla augans með augasteini, glæru, sjónhimnu o.fl. „Öndvegishrúturinn Höttur fékk svo mikla ígerð í augað að á endanum gróf augakúluna algerlega úr. Hann lifði þó einn vetur með tóma augntóftina, en útbúinn var sérstakur leppur fyrir augað“.

Augalaus (hríð) (l) Sér ekki út úr augum fyrir *ofankomu* eða skafmold; *glórulaus*. „Á mánudagsmorgun var veður það sama; augalaus stórhrið...“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Augasplæs (n, hk) Frágangur á enda vaðs/kaðals/vírs, með því að leggja hann yfir og splæsa í legginn nokkru frá enda, þannig að á endanum verði lykkja/auga.

Augastaður (n, kk) Það sem maður horfir á. „Ég hef lengi haft augastað á þessari syllu, og nú tel ég mig vera búinn að finna leið á hana“.

Auglit (n, hk) Ásjóna; andlit. „Helst vil ég losna við þessa druslu frá mínu augliti“!

Augliti til auglitis (orðtak) Í nánd; í samtali; maður á mann. „Ég kann nú alltaf betur að ræða svona hluti augliti til auglitis, heldur en í síma“.

Augljós (l) Sýnilegur; sem auðvelt er að sjá. „Þetta ætti að vera öllum augljóst“.

Augljóslega (ao) Ljóslega; greinilega. „Honum var augljóslega brugðið“.

Auglýsa (s) Sýna; birta. Orðið hefur í dag einskorðast við markaðssetningu og tilkynningar til almennings.

Auglýsing (n, kvk) Það að auglýsa.

Augnablik (n, hk) Andartak; *augabragð*; mjög skammur tími. „Bíddu eitt augnablik“!

Augnabliksfát (n, hk) Stutt hik sem getur komið á mann, t.d. undir miklu álagi, þannig að mistök verði gerð. „Í einhverju augnabliksfáti missti ég fötuna framaf brúninni“.

Augnabliksfriður (n, kk) Andartaksfriður; *stundarfriður*; hlé. „Það heitir ekki að sé augnabliksfriður á milli skúra“!

Augnabliks Hugleiðing (n, kvk) Hugsun/hugleiðing sem varir mjög stutt. „Fyrir mér er vísnagerðin sem hver önnur *dæggradvöl*; þetta eru augnabliks Hugleiðingar. Það er gaman að leika sér og þetta er mín hugarleikfimi...“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Augnabliksverk (n, hk) Mjög fljótunnið verk. „Drífuðu þig nú og hengdu upp þvottinn drengur; þetta er ekki nema augnabliksverk“!

Augnagotur (n, kvk, fto) Þegar horft er út undan sér; gefið hornauga. „Honum var illa við þessar augngotur“.

Augnakarll (n, kk) A. Mjaðmarliðir. B. Sá sem situr sem fastast; eilífðargestur. „Ætli ég þurfi nú ekki að fara að drífa mig af stað. Ég ætla nú ekki að verða ykkur eilífur augnakarl“. C. Átrúnaðargoð. Í síðari tíð hefur orðið færst yfir á þann sem nýtur mikils dálætis, og er það helsta notkun þess á síðari tímum. „Þessi prófessor er mikill augnakarl hjá ríkisstjórnarflokkunum núna“.

Augnalit / **Augnilitur** (n, kk) Litur lithimnunnar í auganu.

Augnalog / **Augnlok** (n, hk) Sá hluti húðar sem lokar augum. „Mér sýndist augnalokin vera allnokkuð farin að þyngjast á mönnum, enda orðinn langur vinnudagur“.

Augnamið / **Augnmið** (n, hk) Markmið; tilgangur. „Tillagan var lögð fram í því augnamiði að fa viðbrögð“.

Augnatóft (n, kvk) Dæld í höfuðkúpunni, sem augað situr í. „Mig klæjar einhversstaðar inni í augntóftinni“!

Augnaþjónn (n, kk) Sá sem reynir sífellt að ganga í augun á öðrum með smjaðri og fleðuhætti. „Ekki dettur mér í hug að reyna að verða þeirra augnaþjónn“.

Augnfró (n, kvk) Euphrasia frigida. Lítil einær jurt sem vex í snöggu graslendi eða mólendi. Blómin yfirleitt dökkmórauð eða purpuralituð; smá en litskrúðug; með fjólubláum línunum og áberandi gulum bletti niðri í. Getur verið ógreind eða marggreind; stilkur áberandi digur; blöð gagnstæð, lensulaga eða eggjala; gróftenn og broddhærð. Augnfró er algeng um allt land. Hún þótti góð til lækninga á augnverk, kvefi; hárlösi og kveisu, en var einnig notuð til ölgerðar í stað humla.

Augnpler (n, hk) A. Annað heiti á gleraugum. B. Gler það í sjónauka/smásjá sem næst er auganu.

Augnhár (n, hk) Hárkrans á augnloki sem skýlir auganu.

Augnhæð (n, kvk) Fjarlægðin frá jörð/gólfi upp að augum. „Stallurinn var í augnhæð, en mér tókst að klórast upp á hann“.

Augnarák (n, kvk) Litarák við augu. „Hringvía er afbrigði af langvíu; auðþekkt á hvítum hring kringum augað og hvíttri augnrák aftur frá honum“.

Augnstór (l) Með áberandi stór augu.

Augnverkur (n, kk) Verkur í augum.

Augnþreyta (n, kvk) Þreyta í augum. „Halldóra amma hallaði stundum aftur augunum þegar hún settist niður eftir annasaman dag. Sagðist vera að láta líða úr sér augnþreytuna og raulaði þá gjarna fyrir munni sér eins og henni var svo tamt“.

Augótt (l) Mikið um pytti/dý. „Þarna er víða augótt í Mýrunum, og nokkrar hættur fyrir fé“.

Augsýn (n, kvk) Sjón; það sem sýnilegt er. „Baujan er hvergi í augnýni ennþá“.

Augsýnilega (ao) Augljóslega; sýnilega; greinilega. „Hann var augnýnilega úrvinda af þreytu“.

Augsýnilegur (l) Sýnilegur; sjáanlegur. „Þetta er augnýnilegur galli“.

Augn standa á stilkum (orðtak) Um það að stara í forundran/með athygli.

Auk (fs) Einnig; að viðbættu. „Fjórir voru á bátunum; auk formannsins“.

Auk heldur / **Auk þess heldur** / **Aukinheldur** (orðtak) Einnig; ekki nóg með það. „Til að rollufjandinn stykki ekki aftur yfir girðinguna bætti hann streng yfir; auk heldur stakk hann skurð meðfram henni“.

Auka / **Auka brim** / **Auka í báru/sjó** (s/orðtak) Um versnandi sjólag; *auka sjó*; *rífa upp báru*. Oft var einungis talað um að „auka“. „Það er hætt við að hann auki með afallinu“. „Heldur sýnist mér að hann sé að auka í sjó“. „Við erum farnir í land ef hann ætlar að fara að auka mikið meira í báruna“. „Ef brim hafði aukið þegar að landi var komið, var mestur vandi á höndum þeim sem fyrstur lenti; að bjarga bát og afla úr sjó“... „Það er auðséð að snögglega eykur brim frá vestri“ (KJK; Kollsvíkurver). „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi. Jók það báru mjög fljótt, þannig að farið var að falla af báru og sjá í hann hvítan“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Auka- Forskeyti með fjöldamörgum nafnorðum. Yfirleitt til að tákna það sem er umfram; til aðstoðar/vara.

Auka kyn sitt (orðtak) Fjölga sér; geta fleiri afkvæmi.

Auka leti (orðtak) Venja á leti; gera viðvik fyrir; *víkja í lið fyrir*; aðstoða. „Æ; auktu nú leti mína vinur, og sæktu fyrir mig vatnsglas“.

Auka sér erfiðleika (orðtak) Gera sér erfitt fyrir; velja erfiðari lausn/leið en þörf er á: skapa sér vandræði. „Ég held að maður sé ekkert að auka sér erfiðleika með því að leggja net hér aftur, eins og spáin er núna“.

Auka sjó (orðtak) Um versnandi sjólag; *auka í sjó*. „Þegar þeir komu útfyrir Hænuvík hafði sjó aukið það mikið að vafasamt var orðið hvort lendandi væri í Kollsvík“ (Niðjatal HM/GG). Einnig *auka brim*. Oftlega var þetta stutta hugtak styttn enn frekar: „Mér sýnist að hann sé að auka“, og skildu heimamenn hvað við var átt.

Auka við (orðtak) Bæta við; bata um; auka; framlengja. „Heldur finnst mér hann hafa aukið við vestanbáruna“. „Spottin nær ekki alveg niður á neðri pallinn; við þurfum að auka eitthvað við hann“.

Auka ætt sína (orðtak) Fjölga sér; eignast afkomendur.

Aukaár (n, kvk) Ár sem höfð er aukalega í bát, til vara; varaár.

Aukabára (n, kvk) Um lag við lendingu; skaðlítill bára bára til viðbótar þremur bárum í *lagi*. Öldur við strönd eru misstórar og því mishættulegar. Meðan róið var á smábátum frá hafnlausri strönd var mikilvægt að þekkja sjólagið; þ.e. að hitta á minni öldurnar til að komast fram og taka land; forðast hættuleg *ólög í óðbærum sjó*. Það var list góðra *formanna*. Því var trúað að laginu séu 3 báru, en stundum væru þær þó 4. Heitir þá fjórða báran aukabára. Þetta getur þó verið erfitt að greina, einkum þar sem skerjótt er.

Aukabragð (n,hk) Óviðeigandi keimur af mat. „Það er komið eitthvað aukabragð af mjólkinni í könnunni“.

Aukaendi / Aukaspotti (n, kk) Band/vaður sem haft er með í bjargferð, umfram það sem fyrirsjáanlega þarf að nota. „Við ættum að hafa með okkur einhvern aukaspotta ef við reynum að fara lengra niður“.

Aukaferð (n, kvk) Ferð sem farin er til viðbótar annarri/öðrum. „Ég fer ekki aukaferð fyrir svona lítilræði“.

Aukafiski (n, hk) Meðafli; öðruvísi fiskur. „Við fáum *allslags* aukafiski í grásleppunetin“.

Aukafæri (n, hk) Færi sem haft er aukalega meðferðis í fiskiróður.

Aukagjöf (n, kvk) Þegar skepnur fá aukaskammt af föðri. „Hann ætlar ekkert að lina hriðina svo hægt sé að hleypra fénu út. Það verður að gefa einhverja aukagjöf“.

Aukabrusi / Aukailát / Aukakútur (n, hk) Ílát til viðbótar þeim sem fyrirsjáanlega þarf að nota. „Slakaðu niður einhverju aukailát; mér sýnist að hér sé vel af eggjum“. „Það er rétt að hafa meðferðis aukabrusa af bensíni, ef okkur dettu í hug að fara eitthvað dýpra“.

Aukafang / Aukakneppi (n, hk) Fang af heyi sem gefið er aukalega á garðann. „Þú mátt alveg gefa því aukafang á hvora jötu; þú tekur mun minni föng en ég“. „Ég gaf þeim dálítið aukakneppi“.

Aukafiski / Aukafiskur (n, hk/kk) Yfirleitt notað um fisk sem ekki er af þeirri tegund sem einkum er veidd.

Aukafóður (n, hk) Fóður sem skepnur er gefið með heyi og útibeið, t.d. bein, fóðurbætur o.fl. „Velfóðrað fé er einnig á Melanesi, enda hefur þar verið gefið síldarmjöl og nokkuð af því sem aukafóður, borið saman við vanalega gjöf undanfarna vetur...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Aukagaffall / Aukakvísl (n, kvk) Heykvísl/gaffall sem er umfram. „Þú mátt alveg hjálpa okkur að setja á vagninn; ég tek þá meðferðis eina aukakvísl“.

Aukageta (n, kvk) Viðbótarlaun; bónus. „Ég lét hann hafa þetta sem aukagetu fyrir vel unnið verk“.

Aukagjöf (n, kvk) Fóðrun búfánaðar umfram þá sem regluleg er. „Ég hleypti fénu í vatn og gaf því dálitla aukagjöf“.

Aukahlutur (n, kk) *Dauður hlutur*; aflahlutur sem skipt er út aukalega, t.d. landshlutur, sigmannshlutur og vaðarhlutur við bjargsig, og *ábat*, formannshlutur eða hospitalshlutur við róðra.

Aukakind (n, kvk) Kind/ær umfram eðlilegan/væntanlegan fjölda; aðkomukind. „Ég er búinn að *tvítelja*, og ég *fæ það út* að það hljóti að vera aukakind í fénu“.

Aukaklæðnaður / Aukafatnaður (n, kk) Föt til skiptanna. „Það þurfti að þurrka föt eftir að við komum heim að Hvallátrum, enda orðið lítið um aukaklæðnað“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Aukalega (ao) Til viðbótar; að auki. „Ég borgaði honum dálítið aukalega, enda var verkið vel unnið“.

Aukalegur (l) Sem er umfram. „Ýmis aukalegur ávinningur hefur orðið af þessu“.

Aukanætur (n, kvk, fto) Fjórir dagar sem skotið var inn á eftir Sólmánuði í gamla íslenska tímatalinu, til að fá samræmi á milli mánaðartalsins og viknatalsins í árinu. Nafnið vísar til þess að tímaskeið voru áður talin í nóttum (sbr. braginn „nú náttum fyrir jól/ þá kem ég til manna). Sjá *tímatal*.

Aukarétt (n, kvk) Fjárrétt sem ekki er aðalrétt.

Aukasakka (n, kvk) *Varasakka*; sakka sem höfð er með í skakróður ef önnur slitnar af færi.

Aukaslátrun (n, kvk) Slátrun utan helstu sláurtíðar. „Eft var til aukaslátrunar síðar um haustið“.

Aukasokkar (n, kk, fto) Sokkar sem hafðir eru aukalega, t.d. í ferð. „Ég setti aukasokka í bakpokann“.

Aukasól (n, kvk) *Gill; úlfur; blæs út sólin; hjásól; sólin á lofti; gill og úlfur..* Ljósbrott sólarljóss sem veldur því að bjartur ljósblettur myndast við hlið sólarinnar, aðskilinn frá henni og oft í regnbogalítum. Fjarlægðin frá sólu er um 22°; heldur meira þó þegar sól er hátt á lofti. Aukasólin geta verið framan eða aftanvið sólina. Þær myndast við það að sólargeislinir fara gegnum ískristalla í efri loftlögum og brotna; ekki ólíkt því sem gerist við myndun regnboga, þó myndunarstaður hans sé nær áhorfanda. „Nú *blæs* hann *út sólin*“ var sagt um þetta fyrirbæri. Aukasólin eru einnig nefndar *gill* og *úlfur*, með vísan í goðafræðina.

Aukaspotti (n, kk) A. Vaður/band til vara, t.d. þegar farið er í bjarg. B. Vegalengd sem farin er aukalega.

Aukast orð af orði (orðtak) Um kappræður/deilur/ósamlyndi manna; magnast; *færast í aukana*. „Deilur þeirra jukust orð af orði, þar til komið var út í *heitingar*“.

Aukastag (n, hk) Stag á hornstaur/ yfir bát/hús sem sett er aukalega. „Það þyrfti að bæta við aukastagi“.

Aukasteinn (n, kk) Netasteinn sem tekinn er með aukalega í róður; til vara ef steinn hefur losnað úr neti. „Erum við ekki örugglega með einhverja aukasteina“?

Aukatekið orð (orðtak) Orð til viðbótar; meira tal. „Hann sat þegjandi undir reiðilestrinum og sagði ekki aukatekið orð“. „Ég vil ekki heyra aukatekið orð í viðbót um þessa árans vitleysu“!

Aukatugga (n, kvk) Hey sem búfé er gefið umfram venjulega gjöf; *aukafang; aukakneppi*. „Gefðu nýbærinni aukatuggu af betra heynu“.

Aukinheldur (ao) Ennfremur; að auki. „Ekki var nóg með að ég þyrfti að aka honum um allar sveitir, heldur mátti ég aukinheldur hlusta á rausið í honum allan liðlangan daginn“!

Aukinn (l) Viðbættur; eflur; stækkaður. „Af þessu hlaust nokkuð aukinn kostnaður“.

Auknefndur (l) Með viðurnefni/nafnbót. „Magnús Jónsson sýslumaður var auknefndur „prúði“, því hann fór gjarnan til þings skróðklæddur og með vopnað lið“.

Auknefni (n, hk) Viðurnefni. „Hugsanlegt er að nafnið Kollur hafi verið auknefni landnámsmanns Kollsvíkur, en ekki hans eiginlega nafn. Viðurnefnið gæti hann annaðhvort hafa tekið af Núpnum, sem er einkennisfjall Kollsvíkur, eða af því að hann hafi verið krúnurakaður munkur“.

Aukning (n, kvk) Viðbót.

Aukreitis (ao) Að auki; í viðbót. „Það er vissra að hafa nokkra *pilka* með aukreitis, og *slóða* til vara“.

Auktu leti (orðtak) Sjá *auka leti*.

Aukvisi / Aulabárður (n, kk) Aumingi; auli. „Það þýðir lítið að hafa svona aukvisa á sjó“. „Hvílíkir aulabárðar geta þetta nú verið! Að missa féð svona, nánast á milli fótanna á sér“. „... og nú vildi til að menn voru engir aukvisar, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Aula (einhverju) útúr sér (orðtak) Segja eitthvað; koma einhverju útúr sér. „Þú hefðir nú mátt aula þessu útúr þér aðeins fyrr“!

Aulabárður (n, kk) Auli; klaufi. „Hann missti féð framhjá sér! Hvílíkur aulabárður!“

Aulafyndni (n, kvk) Fimmaurabrandarar; lélegt skop. „Mér finnst svona aulafyndni varla aðhláturfefni“.

Aulagangur / Aulaháttur / Aulaskapur (n, kk) Bjánagangur; afgangur. „Þvílíkan aulahátt hef ég aldrei vitað hjá fullorðnum mönnum“! „Fjandans aulagangur er þetta; ætla hann ekki að standa fyrir fénu“!?

Aulaglött (n, hk) Kjánalegt/óviðeigandi brot. „Hættu þessu aulaglotti; hefur þú aldrei orðið rassblautur“?!

Aulakálfur (n, kk) Auli; aulabárður; bjálfi; *álfakálfur*. „Skelfingar aulakálfur getur hann verið“!

Aulalegt (l) Bjánalegt; asnalegt; niðurlægjandi. „Ég verð að játa að þetta var afskaplega aulalegt af mér“.

Aulast (s) Bjálfast; asnast; ratast. „Þvotturinn blotnaði af því ég auladist ekki til að taka hann inn fyrir rínguna“.

Aulast til (orðtak) *Álfast/álpast til*. „Gastu ekki aulast til að loka hliðinu á eftir þér drengur“?!

Aulasvipur (n, kk) Heimskingjasvipur; svipur sem lýsir skilningsleysi.

Aulaþorskur (n, kk) *Golþorskur; rígaþorskur*; mjög stór þorskur.

Aukasólin (n, kvk, fto) Hjásólin; gill og úlfur. (Sjá *blæs út sólin*).

Aulafyndni (n, kvk) Hótfyndni; hjákátlegir/lélegir brandarar.

Aulaþorskur (n, kk) Mjög stór þorskur; sláni; golþorskur. „Við settum þarna líka í nokkra aulaþorska“.

Auli (n, kk) A. Afglapi; bjáni. „Óttalegur auli geturðu nú verið“. B. Aulaporskur; golþorskur.

Auma (n, hk) Aumingjaskapur; eynd; bágindi. Annarsvegjar notað í upphrópunum, t.d. „Það er auman að geta ekki staðið almennilega fyrir; heldur missa féð hérumbil á milli lappanna á sér“. Hinsvegjar í orðtakinu að *sjá aumur á einhverjum*; þ.e. að vorkenna einhverjum og bæta hans hag.

Aumingi (n, kk) A. Sá sem á bágð vegna fátæktar, fötlunar eða annars; *armingi*. B. Sá sem er *liðléttur*/latur til vinnu; nennir ekki að bjarga sér. Stundum fer þetta saman, en svo þarf ekki að vera.

Aumingi sem aldrei þrífst (orðtak) Stundum notað um *rytjulega* ær eða *kyrkingslegt* lamb.

Auminginn sem ekkert á, einatt kinn má væta (orðatiltæki) Hinn fátæki fellir oft tár; sá grætur sem ekkert á.

Aumingja / Aumingjans (fs) „Þeir voru svona aðframkomnir, aumingjans mennirnir“ (Hrafnkell Þórðarson; Útkall við Látrabjarg).

Aumingjadómur / Aumingjaháttur / Aumingjaskapur (n, kk) Vesöld; *linka*; vanmáttur. „Skelfingarinnar aumingjadómur er þetta í manninum“. „...því það er aumingjaháttur og óráð að vilja kvongast til að ala börn í annarra manna húsum“ (BH; Atli).

Aumingjagóður (l) *Brjóstgóður*; hjartahlýr; réttir hjálparhönd hinum þurfandi. „Hún þykir aumingjagóð“.

Aumingjalegur (l) A. Illa haldinn; vesæll; fiðkvæmur. „Skelfing er lambið aumingjalegt; skyldi hún ekki mjólka því nóg“?. B. Skömmustulegur; niðurlútur. „Strákarnir urðu aumingjalegir undir ádreppunni“.

Aumka (s) Tala vorkennandi/hughreystandi til. „Vertu ekki að aumka hann; hann getur sjálfum sér um kennt“!

Aumkast yfir (orðtak) Vorkenna; sýna miskunn; taka að sér vegna samúðar. „Didda á Láganúpi aumkaðist iðulega yfir fugla sem voru bjargarlausir af einhverjum orsökum; t.d. sjóblauta æðarfugla og svartfugla; spörfugla, svani og aðra sem laskast höfðu á væng eða móðurlausa unga. Iðulega kom hún þeim svo á legg að þeir gátu bjargað sér“.

Aumkunarverður (l) Aumur; vesæll; sem kenna vrður í brjósti um. „Þetta er aumkunarvert yfirklor“.

Aumlega (ao) Vesældarlega. „Hann *bar sig aumlega* yfir þessari útreið“.

Aumlegur (l) Vesældarlegur; *óburðugur*; niðurlútur. „Hann var fremur aumlegur *upplits*“.

Aumnögl (n, kvk) A. Upprifið naglaband við hlið naglar. Getur orðið sársaukafullt, einkum ef rifnar upp og til blóðs. B. Nögl sem brotnað hefur að framan, upp í kviku.

Aumur (l) A. Sár; viðkvæmur. „Ég er dálítið aumur í hnénu eftir byltuna“. B. Sorgmæddur; niðurdreginn; vonsvikinn. „Hann er enn aumur yfir því hvernig fór“. C. Vesæll. „Þetta eru aumu vitleysingarnir“! D. Skortir krafta/vöðvaafli. „Þú verður aumur alla tíð ef þú borðar ekki matinn þinn“!

Aumur er sá sem enginn amar / Aumur er sá sem enginn hnjóðar í / Aumur er öfundarlaus maður (orðatiltæki) Yfirleitt niða menn ekki þá sem bágast eiga. Því ætti það að vera fagnaðar- og hraustleikamerki að taka við skömmum og jafnvel slæmu umtali og öfund.

Aumur er sá sem enginn ann (orðatiltæki) Sá er fremur illa staddur sem engum þykir vænt um.

Aur (n, kk) Fínmullinn og blautur steinmullningur; steinn sem veðrast hefur í duft og blotnað. Aur er víða í yfirborðslögum á Íslandi; einkum þar sem ísaldarjökullinn hefur legið og farið um. Þannig er mikið um aur í nágrenni Kollsvíkur þó í vikinni sé hann hulinn af sandi og öðrum jarðvegi. Greinilegastur er hann á Aurtjörn; efst á Hænuvíkurhálsi. Blautur aur getur verið illur yfirferðar, sjá *aurar*. „Aur“ er stundum ranglega nefndur sem eintala í nefnifalli af „aurar“ (mynt), en með réttu er hún „eyrir“.

Aura saman (orðtak) Safna fé. „Honum tókst þó að aura saman fyrir farinu heim“.

Aurafár / Auralítill / Auratæpur (l) Fátækur; blankur. „Hann sagðist vera fremur auralítill þessa stundina“. „Ég greiði þetta í næstu viku; ég er dálítið auratæpur *eins og er*“.

Auralaus (l) Peningalaus; blankur. „Veskið er heima; ég er alveg auralaus“.

Auraleysi (n, hk) Fátækt; peningaskortur; fátækt; *blankheit*. „Hann kvartaði undan auraleysi þessa dagana“.

Aurar (n, kk, fto) A. Aurbleyta; Blautt, frostlaust lag af jarðvegi ofaná jarðfrosti í sumarbyrjun. Einkum notað um færð á vegum, en þeir gátu orðið illfærir í miklum aurum þar sem ofaníburður var slæmur. B. Peningar. „Hann er sífellt að kvarta um auraleysi“. „Einhvern aurinn hefur þetta nú kostað“. „Ég *aura* þessu saman“.

Aurapúki / Aurasál (n, kvk) Nirfill; aðhaldssamur maður. „Hann þótti mikil aurasál og aðhaldssamur á fé“.

Aurasár (l) Fastheldinn á fé; nirfill. „Þú færð hann aldrei til að kaupa þetta; hann er *svoddan* aurasál“.

Aurberg (n, hk) Þjappaður ísaldarleir; *móhella*. „Niður yfir mið túnin liggur mikill og djúpur árfarvegur, sorfínn um aldir niður í gegnum aurberg“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).

Aurbleyta (n, kvk) Aurar; þýtt aurlag ogan á jarðfrosti; getur skapað slæma færð á vegum. Aurbleyta er einnig varasöm þegar fáfarnir vegslóðar eru eknir þegar farið er til eggja á vorin. Þá gat stundum verið *mjúkt í*.

Aurborinn (l) Um jarðveg; með hátt hlutfall af auri. „Þessi aurborði jarðvegur þarf mikinn áburð“.

Aurburður (n, kk) Framburður aurs með vatni, t.d. leysingavatni.

Aurdrulla (n, kvk) Fremur niðrandi orð um aur/aurbleytu. „Vegurinn er allur að vaðast upp í aurdrullu“.

Aurflag / Aurflá / Aurskriða (n, hk/kvk) Skriða í brattri fjallshlíð/klettum þar sem aur er á yfirborði, gróðurlaust, mikið um hrún og gjarnan hart og illfært yfirferðar í þurrkum. „Við sigum niður í grasgang og gengum þar um og fórum með brúninni á grasganginum, en þar situr fuglinn í aurflögum á stöllum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Aurfles (n, hk) Stór sylla í bjargi, með áberandi aurflagi í yfirborði. „Það er dálítið af fugli þarna í aurflesinu“.

Aurflóð (n, hk) Vatssósa skriða sem hleypur niður bratta brekku; aurskriða.

Aurframburður (n, kk) Aur sem berst niður með vatni og sest á yfirborð eða gruggar vatnsfall.

Aurskriða (n, kvk) Skriða í fjallshlíð þar sem aur hefur runnið niður; oft brött og erfið yfirferðar. „Hellan er aurskriða á leið út Stíginn.“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs). „Norðanvert við Skútahrygg er Skriðan; aurskriða sem nær frá efri klettum niður á sjávarkletta“ (HÖ; Fjaran).

Aurspýja (n, kvk) Aurskriða, vanalega lítil um sig en efnismikil. „Það hefur hlaupið aurspýja á veginn“.

Aurstokkur / Aursylla (n, kvk) Í stoðgrind húss; fótstykki; lárétt slá neðst í stoðkerfi oftast í gólfhæð og lítið eitt ofan jarðyfirborðs utanvið, sem stafir hvíla á og klæðning er tíðum fest á.

Aursvað (n, hk) Flag með miklum aur í yfirborði. „... sáum þá hvar önnur fuglastöngin hafði stungist í aursvað á stallanum og fórum því niður og sóttum hana“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Aurugur (l) Ataður auri; kámugur af aur.

Ausa (n, kvk) Sleif með djúpu íláti fremst, til að ausa t.d. graut/súpu uppúr potti. „Gefðu mér eina ausu í viðbót af grautum“. Sjá *ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið*.

Ausa (s) Skófla upp með ausu eða öðru íláti. Beygist; ausa-jós-jusum-ausið. A. Um sjómennsku; skvetta/moka sjó útfyrir borðstokkinn, sem safnast hefur af ágjöf/leka. „Það var ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Rækjum haus og heilabú,/ hæfir dausi fremur/ sálmaraus og svikul trú;/ svona ausið piltar nú!“ (JR; Rósarímur). „Þú lætur upp plittinn fyrir framan vélina; hefur svo stóra trogið hjá þér og eyst ef pumpan hefur ekki við“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Sjá *þurrausa*. B. Færa upp vökva með íláti eða ausu/trogi; t.d. súpu úr potti. C. Um hest; kasta upp afturendanum svo báðir fætur fari hátt á loft.

Ausa skömmum / Ausa óbótaskömmum/ Ausa úr sér (skömmunum) / Ausandi skammir (orðtök) Um miklar skammir/skammarræður. „Það þýðir ekkert að ausa skömmum yfir mig; ég gat ekkert að þessu gert!“ „Við megum alveg búast við að fá ausandi skammir þegar heim kemur“.

Ausa vatni (orðtak) A. Bókstafleg merking. B. Skíra barn; blessa barn og gefa því nafn. Venja er að prestur blessi vatn og dreypi því með hendi á höfuð barns, til merkis um hreinsun. Í sumum trúarhópum tíðkast niðurdýfingarskír, þannig að einstaklingurinn er kaffærður í vatni. Sjá *vatni ausinn*.

Ausa verður/þarf þó á gefi (orðatiltæki) Ekki er hægt að bíða með að ausa bát þar til hættir að *gefa á* (skvettast inn), því hætt er við að hann verði þá sokkinn. Sama gildir um annað; úrbætur þarf að hefja þó enn sé mótlæti.

Ausandi rigning (orðtak) Mjög mikil rigning. Líking við að ausið sé úr báti eða súpupotti. „Við látum féð ekkert út í svona ausandi rigningu; hann hlýtur að fara að *létta í þetta*“.

Ausinn (l) Um bát; búið að ausa austrinum út. Sjá *þurrausinn*.

Austan (ao) Um vind; blæs frá austri; ausatanátt; austanvindur. „Hann er alveg kominn í austan“.

Austanalda / Austanbára / Austanbrin / Austansjór (n, kvk/kk/hk) Sjógangur af austri. „Hann var farinn að leggja töluverða austanbáru út með Bjarginu, en við vorum í góðu vari inni á Sæluhöfninni“.

Austanátt / Austangjóra / Austangjóstur / Austangola / Austankaldi / Austankæla / Austannepja / Austannæðingur / Austanrok / Austansperra / Austansperringur / Austanstrekkingur / Austansveljandi / Austanveður / Austanvindur / Austanþræsingur (n, kvk/kk/hk) Austlægur vindur af ýmsum styrk. „Hann lagði árans austansperring útmeð Bjarginu“.

Austanhallt (ao) *Austanmegin/austanvið* fjallið/hæðina/hólinn o.fl. „Vegurinn liggur austanhallt í hæðinni“.

Austanmegin / Austantil (ao) Að austanverðu.

Austanstæður (l) Um vind; af austri; austanvindur; *hann er á austan*. Sama orðalag var notað um aðrar áttir.

Austanvert við / Austanvið (orðtak/ao) Að austanverðu; fyrir austan. „Þeir voru að veiðum austanvið okkur“.

Austlægur (l) Um vindátt; af austri. „Hann er eitthvað orðinn austlægari“.

Austnorðan (ao) Norðaustan. Þetta áttarheiti var orðað á báða vegu í Kollsvík, en austnorðan þó meira fyrrum. Um breytta vindátt, vindur gengur frá austri til norðurs. „*Landnyrðingur* (sunnanátt); *útsynningur* (suðvestanátt); *hafnyrðingur* (norðanátt); *austnorðan* (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og *norðaustan* (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og OM). „... var þá kominn austnorðan garður með frosti“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Austur (n, kk) A. Það að ausa vatni úr eða í eitthvað; oftast notað um báta. „Þú þarft að herða þig með austurinn“. B. Sjór sem kominn er inn í bátinn og ausa þarf út eða hleypa niður um neglu þegar sett var; *kjölvatn*. Bátar voru misvel þéttir; sjór barst inn við veiðar, en mesta hættan var ágjöf í slæmum sjó og að báturinn *slægi úr sér* í ólagi (gliðnaði á saumum). „Það er kominn töluverður austur í bátinn; vel upp á svinghjólíð“. „Það var kominn þó nokkur austur í bátinn af ágjöfinni“.

Austur (n, hk) Áttin austur. „Er hann ekki að halla sér í austur“? „Enn heldur hann sér við austrið“.

Austurloft (n, hk) Himininn í austurátt. „Hann er svolítið að *bera upp* í austurloftið“.

Austurrúm / Austursrúm (n, hk) Aftasta rúm í báti (fyrir utan skutrúm ef það er), einnig stundum nefnt formannsrúm, því í því er sá sem stýrir bátinum.

Austurrúmsmaður (n, kk) Sá sem rær í austurrúmi á bát. „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar austurrúmsmaður, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Austurrúmsþófta (n, kvk) Þófta í bát, framanvið austurrúmið.

Austursýsla (n, kvk) Austur-Barðastrandasýsla. Barðastrandasýslu hefur lengst af verið skipt í tvo hluta, enda þótt einn sýslumaður hafi jafnan stýrt báðum. Mörkin milli þeirra eru um Skiptá í Kjálkafirði.

Austurstrog / Austurtrog (n, hk) Trog sem fer vel í hendi; til að ausa sjó úr bát. Vanalega einhversskonar trékolla áður fyrr. Gott austurtrog var einn af ómissandi *farviði* hvers báts og var ekki farið á sjó án þess. Þess var gætt að í einu *rúmi* bátsins væri unnt að komast að til *austurs*; alveg niður í *kjölinn*; *kjalsogið*. Austurtrog var oftast *einhent* á smærri bátum en gat verið *tvíhent* á þeim stærri og var án skafts, a.m.k. í seinni tíð. „Þú lætur upp plittinn fyrir framan vélina; hefur svo stóra trogið hjá þér og eyst ef pumpan hefur ekki við. En þú veist hvað þú færð ef þú missir trogið“ „Hásetarnir tveir sem með voru tóku nú að ausa, og kom þá í ljós að lekinn var svo mikill að ekki mátti sleppa austurtrogi“ (ÖG; Þokuróður).

Austurúr (ao) Austureftir. „Það var þæfingur á Klettshálsinum, en svo var fin færð austurúr“.

Au virðilegur (l) Fyrirlitlegur; ómerkilegur. Oftar var notað *auðvirðilegur* (með ð).

Ax (n, hk) Blómskipun með löngum legg og legglausum blómum. Margar jurtir bera ax, en korn af þeim er t.d. notað til matar eða fóðurs. Dæmi um axberandi jurtir er melgras, bygg, hafrar, puntur, túnvingull o.fl.

Axarauga (n, hk) Gat á axarhaus, sem skaftið gengur í.

Axarboð (n, hk) Boð með *þingboðsöxi*. Sjá *boðleið*.

Axaregg (n, kvk) Egg á axarblaði. „Gættu þín á axaregginni; hún er flugbeitt“.

Axarfar (n, hk) Far sem kemur í efni við axarhögg.

Axarhögg (n, hk) Högg með exi; hljóð sem heyrir þegar höggvið er með exi.

Axarkegg (n, hk) Lítil öxi. Þannig orðað í Kollsvík, en annarsstaðar „axarkjagg“. „Sæktu nú axarkeggið“.

Axarskali (n, kk) Sá endi axar sem er gagnstæður axaregginni.

Axarskaft (n, hk) A. Skaft á öxi. B. Mistök; klaufaleg skyssa. „Þarna varð mér á bölvæð axarskaft“. Líklega er þetta líking við lagið á axarskafti, en það er jafnan sveigt í endann.

Axarskali (n, kk) Sá endi axarblaðs sem er gegnt egginni. „Hann negldi tútommu til hálfis í sinnhvorn enda trésins með axarskallanum og strengdi þráð milli þeirra“.

Axla (s) A. Setja hlut á öxlina til burðar. „Hann rétti mér hvern pokann eftir annan af pallinum. Ég axlaði hann og rétti hann öðrum innum töðugatið. Þannig gekk fljótt að taka af bílnum“. B. Leggja öxlina að hlut til að ná góðu átaki. „Það vantar herslumuninn að báturinn fljóti; axlaðu hann hérna á móti mér“.

Axla ábyrgð (orðtak) Taka á sig ábyrgð; viðurkenna ábyrgð; taka afleiðingum sinna gerða.

Axla sín skinn (orðtak) Fara burt; hverfa af vettvangi; leggja af stað; segja upp starfi. Vísar e.t.v. til þess að veiðimaður yfirgefur veiðislóð og hefur með sér húðir veiðidýra, sem löngum voru dýrmætar til klæða, húsagerðar o.fl. „Ætli maður fari nú ekki bráðum að axla sín skinn til heimferðar“.

Axlabönd voru almennur staðalbúnaður fatnaðar í Kollsvík langt fram á 20. öld, en um miðja þá öld fóru sumir að nota belti. Eldri karlar notuðu axlabönd út öldina, og kunnu best við að þau væru hneppt.

Axlarfull (l) Um ílát/fötu/flösku; full upp í axlir; full að meirihluta/ þrem fjórðu. „Hér rak á fjörur axlarfulla flösku af einhverju brennivíni. Það nýttist ágætlega til uppkveikju í reykkofanum“.

Axlarfylla (s) Fylla upp í axlir á íláti; fylla ílát að u.þ.b. ¾ hlutum. „Þarna var krökkt af berjum. Það tók mig stuttan tíma að axlarfylla fötuna, en þá bilaði berjatínan“.

Axlarfylli (n, kvk) Magn í íláti sem búið er að *axlarfylla*. „Mjög var misjafnt hvernig mönnum *berjaðist*. Sumir tíndu allmikið upp í sig meðan aðrir stóðust þá freistingu. Voru þeir kannski búnir að fá *axlarfylli* meðan enn *sá í botn* hjá hinum fyrrnefndu“.

Axlarhæð (n, kvk) Hæð þess sem nær manni í öxl.

Axlarliður (n, kk) Liðamót milli handar og axlar.

Axlasítt (l) Um höfuðhár; nær niður á axlir. „Ekki finnst mér nú prýði að þessari nýju bitlatísku; að strákar séu að druslast með axlasítt hár. Svo maður tali nú ekki um óhljóðin sem fylgja þessu“!

Á (n, kvk) Vatnsfall; stór lækur. „Áin rennur um miðja Kollsvíkina og skiptir löndum milli Láganúps og Kollsvíkur“. „Tyggið járn og troðið skal til öngla hafa, og setja önglasmiðju þar sem heyrst til ár og lár“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; haft eftir Jóni Guðmundssyni lærða). Vísar til þess að öngla skal smíða úr vönduðu járn, helst þar sem heyra má árníð og sjávarníð.

Á (s) Æja; stöðva för til að hvílast. „Gangan er strembin upp Grenjalána með vaði, háfa og eggjalát. Venja er að á um stund í fyrstu lautinni þegar upp er komið, en síðan ekki fyrr en á brún“.

Á (u) Upphrópun; líklega stytting úr já. Síðasti notandi orðsins í Kollsvík var GG, líkt og um fleiri staðbundin orð. Upphrópunin kom stundum í byrjun setningar sem lýsti spurn eða undrun, en stundum sem sjálfstætt andsvar í spurn; „Á, *heldurdu* það“? (GG notaði oftast harðan framburð á ð í meginmáli). Stundum þó stytt meira: „Á *heldurdu*“? Svar hans við því sem hann var ósammála var gjarnan „*Ájá*“! í lítillsvirðingartón án þess að ræða málið frekar.

Á (ao) Í ýmiskonar merkingu eftir efninu. „Norðangola var komin á, og vann dálitið gegn norðurfallinu“. „Þeir tókust hart á um málið“. „Hann var orðinn all hvass á suðaustan þegar við lentum“.

Á (norðan, vestan...) (fs) Af (norðri, vestri...) Fremur var venja í Kollsvík að segja „á norðan“ en „af norðri“, en oft var forsetningum sleppt: „Hann er enn vestan“ eða „... vestanstæður“.

Á að giska (orðtak) Um það bil; *hérumbil*. „Gestirnir í afmælinu voru á að giska tvö hundruð talsins“.

Á að ætla (orðtak) Giska á; vita fyrirfram. „Það er ómögulegt á það að ætla hvernig viðrar á morgun“.

Á að ætlast (orðtak) Giska á; vita fyrirfram. „Það er dálítið erfitt á að ætlast með fjöldann“. „Er nokkuð á að ætlast hvenær þú kemur til baka“? Sjá einnig *ætla á*.

Á afviknum stað (orðtak) Úr alfaraleið; á stað sem menn umgangast sjaldan. „Þú skalt nú geyma þetta á afviknum stað svo enginn *hafí hönd* á því“.

Á aldur við (einhvern) (orðtak) Á svipuðum/sama aldri og einhver. „Árni er á aldur við mig“.

Á alla (enda og) kanta / Á allan hátt / Á allar lundir / Á allan máta / Á allan handar máta (orðtök) Með öllu móti; allstaðar; í heildina. „Það er sama hvernig á það er litið; þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar er ómöguleg á alla enda og kanta“! „Hún reyndi á allan hátt að bæta mína líðan“. „Við verðum á allar lundir að reyna að koma í veg fyrir þetta“.

Á allra vitorði (orðtak) Almennt vitað; sem allir vita um; sem almennt er rætt. „Ég held að þeirra samband sé á allra vitorði núorðið“.

Á almannaferi (orðtak) Í vegi fólks; þar sem fólk sér til. „Færi“ vísar til umferðar. „Honum fannst það ágæt að mega ekki míga uppvið húsvegg í borginni án þess að vera sakaður um hneyksli á almannaferi“.

Á annað borð (orðtak) A. Bókstafleg merking; öðrumegin í báti. Róðrarmaður getur róið annaðhvort á bæði borð, sé hann einn, en á annað borð ef tveir róa. „Svo missir Björgvin út aðra árinna þegar við vorum komnir nokkuð grunnt uppá. Þá náttúrulega, þegar átakið kom á annað borðið, sló flötu“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). Sjá *á bæði borð*. B. Í líkingamáli um lágmarkstilburði að athöfn/verki. „Ekki skil ég hversvegna hann klárar ekki verkið, fyrst hann er á annað borð að byrja á því“.

Á annanhvorn veginn (orðtak) Á hvorn vegin sem er; hvora leiðina sem er fyrir hendi. „Bað ég Össur Guðbjartsson að koma ljósmyndaranum niður af fjallinu á annanhvorn vegin“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Á augabragði (orðtak) Á mjög skömmum tíma; *áður en hendi væri veifað*. „Á augabragði var Gummi kominn að hlið hans“ (PG; Veðmálið).

- Á austan/vestan/norðan/sunnan** (orðtök) Vindur stendur af nefndri átt. „Hann er kominn dálítið á sunnan“.
- Á árum áður** (orðtak) Fyrir mörgum árum. „Á árum áður var fjölmennt sjávarþorp í Kollsvíkurvegi“.
- Á bak og burt** (orðtak) Farinn; horfinn. „Hann var á bak og burt þegar ég kom á fætur“.
- Á bakvið** (orðtak) Týnt; horfið; finnst ekki. „Einhversstaðar á ég þetta ökuskirteini, en það er gæti nú verið komið á bakvið“.
- Á bandi einhvers** (orðtak) *Hallast á sveif með einhverjum*; taka undir sjónarmið einhvers. „Ég mótmælti þessu harðlega, og meirihlutinn virtist vera á mínu bandi í því efni“. Vísar til reiptogs.
- Á batavegi** (orðtak) Um heilsufar/framvindu; að batna/lagast. „Hann er á batavegi eftir þessi veikindi“.
- Á báða bóga** (orðtak) Báðumegin; sitt hvoru megin; á báðar hliðar. „Þessir pólitíkusar ausa loforðum á báða bóga fyrir kosningar en svo er allt gleymt“!
- Á báðum áttum** (orðtak) Ekki viss um hvorn kostinn á að velja; hikandi; *tvílinn*. „Ég er á báðum áttum um það hvort eigi að fara að slá meira; mér sýnist útlitið fremur ótryggt með þurrk“. Vísar til *tvíatta* vinds.
- Á báðum fótunum/löppunum** (orðtak) Athafnasamur; tilbúinn í mikil átök/verkefni. „Þú ert aldeilis á báðum fótunum; að ætla bara að hella þér í byggingaframkvæmdir“!
- Á beit** (orðtak) Um búfénað/kind/kú/hest; að bita gras. „Kýrnar voru allar komnar á beit í túninu“!
- Á bendu** (orðtak) Talað var um að vaður væri kominn á bendu þegar hann lagðist fyrir klettanef og bognaði, þannig að hætta gat skapast ef hann hrykki af. „Varaðu þig; vaðurinn er kominn töluvert á bendu“!
- Á beru gólfi** (orðtak) Á gólfi án þess að hafa neitt undir/ á milli. „Þú getur ómögulega legið á beru gólfinu; ég sæki einhverja dýnu handa þér“.
- Á besta aldri** (orðtak) Nýlega fullorðinn; á léttasta ekiði; á þeim aldri þegar kraftur og heilsa er uppá sitt besta.
- Á biðilsbuxunum** (orðtak) Um það þegar einhver hefur hug á að bindast annarri manneskju; ástleitni; *ganga með grasið í skónum*. Líklega dregið af því að menn fara í sitt finasta þúss þegar þeir biðja sér konu. Sama gildir um margar dýra- og fuglategundir; að karldýrið fær á sig glæsilegri ham um *fengitímann* til að eiga betri möguleika á kvenkosti. „Hún sagði að strákurinn hefði verið á biðilsbuxunum um einhvern tíma“.
- Á boðstólum** (orðtak) Í boði; fáanlegt. „Mér finnst á lyktinni að hér sé kaffi á boðstólum“. Heitið „boðstólar“ lifir einungis í þessu orðtaki, en hefur líklega merkt hið sama og búðarborð fyrrum. Kaupmenn á markaði röðuðu vörum sínum á hvaðeina sem tiltækt var, til að sýna hana.
- Á borð við** (orðtak) Til jafns við; sem jafnast á við. „Við fáum seint forystumann á borð við hann“. Borð er hér í merkingunni borðstokkur. Líkingin vísar til þess að þegar tveir sitja á sömu þóftu og róa sinn á hvort borð, þá var æskilegt að þeir væru jafn góðir ræðarar; að annar væri á borð við hinn.
- Á borði** (orðtak) Í reynd; raunverulega. „Hann er sagður eigandinn, en ég held að svo sé ekki á borði“.
- Á bragðið** (orðtak) Um bragð af mat. Jafnan notað með lýsingarorði framanvið. „Mér fannst þetta hreinlega ekkert gott á bragðið“.
- Á brattann/brekkuna** (orðtök) Upp halla; *á fótinn*. „Þetta er ekki erfið ganga, en hún er öll á brekkuna“.
- Á brattann að sækja** (orðtak) Erfitt; torsótt. „Það verður á brattann að sækja að sannfæra hann um þetta“.
- Á braut / Á brott** (orðtök) Farinn; búinn að yfirgefa; af stað. „Hann hafði séð þarna fjárhóp, en hann var allur á braut þegar við komum á staðinn“. „Ætli maður fari ekki óðara að *tygja sig* á brott“.
- Á brekkuna** (orðtak) Upp í móti hallanum; upp brekkuna. „Við skulum ekki reka féð of stíft á brekkuna; þá bara gefast þær fótfinustu og vænstu upp“.
- Á brún (og brá)** (orðtak) Um lit/yfirbragð á augabrún (og augum). „Hún var dökk á brún og brá“. „Hann er ljós á brún og með alskalla“.
- Á bæði borð** (orðtak) Báðumegin á báti; notað um róðrarlag, austur o.fl.. „Nokkrum áratogum síðar rann sjór inn á bæði borð, svo báturinn fylltist og hvolfdi þegar“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Stóð hann talsvert útaf á bæði borð, og var þó nokkuð háfermi“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *á annað borðið*.
- Á bætandi** (orðtak) Við aukandi. „Það er nú varla á bætandi í þennan garða“. „Hann var orðinn heytæpur áður en þetta fé heimtist, svo það var varla á það bætandi“.
- Á daginn / Að degi til / Á næturna / Að nóttu til / Að nóttunni** (orðtök) Segir til um hvort eitthvað skeður að nóttu eða degi.

- Á dauða mínum átti ég fremur von** (orðtak) Ég bjóst alls ekki við þessu. Notað t.d. um það þegar óvæntan gest ber að garði eða þegar óvænt happ/óhapp skeður. „Á dauða mínum átti ég von, en ekki því að hann færi að sjá um eldamenskuna“!
- Á dreifingi** (orðtak) Á stangli; dreift yfir svæði. „Það eru nokkrar kindur á dreifingi þarna niðri á sléttunum“.
- Á döfinni** (orðtak) Á dagskrá; fyrirhugað. „Ég held það sé á döfinni hjá honum að róa á morgn“.
- Á eigin spýtur** (orðtak) Af eigin rammleik; einsamall. „Ég þurfti að klár þetta á eigin spýtur; þarna var engin hjálp í boði“. Líklega dregið af spilamennsku; þegar eldspýtur eru lagðar undir og menn spila upp á eigin spýtur, en fá ekki lánaðar eldspýtur hjá öðrum.
- Á eilífu iði** (orðtak) Á sífelldri hreyfingu; iðandi. „Vertu nú kyrr; ég get ekki klippt þig svona á eilífu iði“!
- Á einhvern handar máta** (orðtak) Með einhverju móti; einhvernvegin. „Ég þarf á einhvern handar máta að komast þangað *sem fyrst*“.
- Á eitt sáttir** (orðtak) Ásáttir um; sammála. „Við þurfum að verða á eitt sáttir um tilhögunina áður en þessu er hrint í framkvæmd“.
- Á ekki af (einhverjum) að ganga** (orðtak) *Ekki ein báran stök*; endalausar ófarir/hreður. „Nú var hann að missa konuna sína, karlanginn; og nýbúinn að fótbrjóta sig. Það á bara ekki af honum að ganga“.
- Á ekki (til) orð í eigu minni / Á ekki orð að tala** (orðtak) Er orðlaus/*málstola*. „Ég á nú ekki til orð yfir þessum uppátækjum“! „Ég á ekki til orð í eigu minni yfir svona glannaskap; ég á bara ekki til orð að tala“!
- Á ekki úr að aka!** (orðtak) Upphrópun til að lýsa undrun/hneykslan yfir endurteknum uppakomum. „Það á nú bara ekki úr að aka fyrir þér; þetta er í annað skiptið sem þú meidir þig í dag“!
- Á elleftu stundu** (orðtak) Við síðasta tækifæri; þegar frestur/tími er að renna út. Vísar til 20.kafla Matteusarguðspjalls í Biblíunni, þar sem Jesús segir lærisveinum dæmisögu af húsbónda sem gekk einn morgun til að ráða verkamenn að vínakri sínum. Vinnudagur Gyðinga stóð frá sex að morgni til sex síðdegis. Suma réði hann strax að morgni en aðra síðar. Á elleftu stundu vinnudagsins, þ.e. kl 5 síðdegis, réði hann enn vinnumenn og greiddi þeim hið sama og hinum sem meira höfðu unnið.
- Á endanum** (orðtak) Að lokum; loksins. „Nú vantaði Ingibjörgu, og á endanum fannst hún undir fönninni sem hafði þeyst fram í göngin í fyrstu; og var auðséð að hún hafði kafnað strax“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Á eyrunum/eyrnasneplunum/skallanum** (orðtak) Ofurölvi; *augafullur*. „Hann er alveg á skallanum“.
- Á fallanda fæti** (orðtak) Hnignandi; í hættu. „Byggð í hreppnum hefur lengi verið á fallanda fæti“.
- Á faraldsfæti** (orðtak) Að ferðast; á ferð. „Ertu búinn að vera á faraldsfæti í allan dag“?
- Á fartinni / Á ferðinni** (orðtak) Um það að ferðast hratt/ þeytast/spana. „Hann er alltaf etthvað á fartinni“.
- Á fastandi maga** (orðtak) Án þess að borða; svangur. „Það er ekki gott að drekka mikið af þessum fjanda, síst af öllu sona á fastandi maga“.
- Á ferli** (orðtak) Að ferðast/ganga. „Hann hefur lítið verið á ferli hér *uppá síðkastið*“. „Segðu honum frá þessu ef þú hittir hann einhversstaðar á ferli“.
- Á flot** (orðtak) Um bát eða annað; fljóta. „Þó fór svo að Jón varð á undan að komast á flot og reri hann suður með landi...“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Á flutningum** (orðtak) Um ferðamáta; með því að vera ferjaður af einum stað á annan. „Lögmáður og menn hans komu á flutningum að vestan, hálfum mánuði eftir strandið“ (MG; Látrabjarg).
- Á flæðiskeri staddur** (orðtak) Í vandræðum; bjargarlaus. „Ég er ekki á flæðiskeri staddur meðan ég hef þennan forláta vasahníf“. *Flæðisker* er sker sem fer á kaf um flóð, en oft fórst fé sem var statt á flæðiskeri í aðfalli. Samheiti um flæðisker, svelti og drápsfen var „hættur“ eða „hættur fyrir fé“.
- Á fótinn** (orðtak) Upp í móti; upp. „Þetta er ekki mjög bratt, en *seiglingsdrjúgt*, og allt á fótinn“. „Það er fljótfarið niður Geldingsskorardalinn, þegar allt er undan fæti og tóm öll ílát. En það getur tekið af gamanið á uppleiðinni, lengst neðanaf stíg; þegar allt er á fótinn og maður þarf að bera á annaðhundrað egg og vað að auki; sökkvandi í mosa upp á mjóalegg og jafnvel í logni og steikjandi sólskini“.
- Á fótum** (orðtak) Vakandi; ekki búinn að háttu sig. „Annað atvik var að vori. Allir við róðra og við öll komin í rúmin, en mamma þurfti oft að vera á fótum fram á nótt“ (IG; Æskuminningar).
- Á framfæri** (orðtak) Háður; framfleytt af; hefur lífsviðurværi af. „Hún hefur tvö börn á sínu framfæri“.
- Á fæti** (orðtak) A. Um búfé; lifandi. „Ég fékk hjá honum fimm lömb á fæti“. B. Í hótunum; elta: „Þú mátt eiga mig á fæti ef þú brýtur aðra rúðu drengur“!
- Á förnum vegi** (orðtak) Í alfaraleið; í þjóðbraut; á víðavangi. „Þennan vettling fann ég á förnum vegi“.

- Á förum** (orðtak) Að fara. „Ertu nokkuð á förum alveg strax“?
- Á glámbekk** (orðtak) Á víðavangi; í allra augsýn. „Láttu nú ekki veskið þitt liggja svona á glámbekk“! „Sástu nokkuð gleraugun mín einhversstaðar á glámbekk“?
- Á glæ** (orðtak) Um færi í sjó; liggur í stefnu skáhallt frá bátnum vegna mikils straums/reks. „Það kölluðu Vestfirðingar að línan færi á glæ, þegar staumur bar hana langt út frá skipinu. Þótti það ófiskilegt mjög“ (GG; Skútuöldin). „Það þýðir ekkert að vera lengur fram í fallið; færin eru farin að *standa öll á glæ*“.
- Á grunnu vatni/ grunnæsævi** (orðtök) Grunnt í sjó. „Það er meiri hætta á að net fyllist af þaradrullu á grunnu vatni en á meira dýpi; einkanlega ef þau lenda á sandbletti“.
- Á grúfu** (orðtak) Á hvolfi; með andlitið niður. „Fyrst hafði hann komið niður á herðarnar, á grasnefinu í bjarginu; síðan tekið eitt kast og komið þá niður á grúfu og getað gripið í grasið og stöðvað sig“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Á handahlaupum** (orðtak) Í afleiddri merkingu var þetta haft um að vinna hlutina í flýti/flaustri. „Það þýðir ekkert að ætla að gera þetta á einhverjum handahlaupum; hér þarf að vanda til verka“.
- Á harðahlaupum/harðaspretti/hlaupum/spretti/stökki/panspretti** (orðtök) Hlaupandi mjög hratt. „Hann kemur þarna á harðahlaupum“.
- Á haustdögum** (orðtak) Að hausti; um haust. „Þaðan skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“ (PG; Veðmálið).
- Á heimleið** (orðtak) Á leiðinni heim. „Hvenær heldurðu að þið verðið á heimleið“?
- Á heljarþröm** (orðtak) Aðframkominn; að þrotum kominn. „Hann er nú varla á heljarþröm *efnalega*“. Þröm merkir brún eða þröskuldur. Sá sem er á heljarþröm er því við dauðans dyr í bókstaflegri merkingu.
- Á hina hendina / Á hinn bóginn / Á hinn veginn** (orðtök) Hinsvegar; annars; *aftur á móti*. „Þetta var almennt álitid. Á hina hendina held ég að það hafi ekki verið allskostar rétt“. „Hann var af ýmsum talinn heimskur, en ég held á hinn bóginn að hann hafi verið afburðagáfaður“. „Á hinn veginn verður því ekki á móti mælt að oft ratast kjöftugum satt á munn“.
- Á hjara veraldar** (orðtak) Á endimörkum heimsins; í ystu byggðum/svæðum. „Hann sagðist ekki hafa búist við að sjá slík listaverk hér norður á hjara veraldar“.
- Á hlaupum / Á handahlaupum** (orðtök) Í miklum flýti. „Allir voru á hlaupum að koma heyinu inn eða í galta áður en hann færi að rigna“.
- Á hlið til við** (orðtak) Til hliðar við; samhliða; samsíða. „Hann sigldi á hlið til við okkur og spurði hvort við þekktum þessa merkingu á baujunni“.
- Á hnotskóg eftir** (orðtak) Leita að; spyrjast fyrir um; inna eftir. „Ég er á hnotskóg eftir góðum hrút“.
- Á honum** (orðtak) Innskot sem undantekningarlaust var notað ásamt og á eftir nafnorði við vissar aðstæður; einskonar hikorð í áhersluskyni. „Það verður nú að virða honum það til vorkunnar, skarninu á honum, að hann vissi ekki betur en þetta“. „Skyldi túnrollan ætla aðstökkva þarna yfir girðunguna, fjaninn á henni“?
- Á hraðbergi** (orðtak) Um andsvör; skjótt; um leið. „Hann hafði svör við þessu öllu á hraðbergi“. Málfræðingar skýra orðtakið þannig að hraðberg sé tannsteinn eða skán sem sest á tennur.
- Á hraðferð** (orðtak) Að flýta sér mikið; mjög tímabundinn. „Ég er á hraðferð; má ekki vera að því að stoppa“.
- Á hrakhólum** (orðtak) Í vanda; oftast varðandi húsnaði/verustað. „Um tíma var hann á hrakhólum“.
- Á hverju strái** (orðtak) Algengt; út um allt. „Svona verkmennt eru ekki á hverju strái“.
- Á hundavaði** (orðtak) Í fljótheitum; grunnfærnislega. „Ég *las* þetta bara á *hundavaði*, en sá ekkert athugavert“. Sjá *hundavað*.
- Á húsi / Á innistöðu / Á gjöf** (orðtak) Um sauðfé; þarf að vera inni t.d. vegna veðurs, og fá fulla föðurgjöf. „Heyin eru fljót að minnka ef fé þarf að vera lengi á húsi“. Sjá *taka á hús*.
- Á hverfanda hveli** (orðtak) Hnignar; breytist til hins verra. „Búskapur var mjög á hverfanda hveli á þessum árum, og ört fækkaði í sveitum“.
- Á hverju byggðu bóli** (orðtak) Á öllum bæjum; allsstaðar í byggð. „Svona þarfþing ætti að vera til á hverju byggðu bóli“!
- Á höndum** (orðtak) Um fyrirætlun. „Hvað er þér á höndum“? Merkir „hvaða erindi átt þú“; „hvað ætlast þú fyrir hér“? Sjá *fyrir höndum*.
- Á höttunum eftir** (orðtak) Leitandi að; *sóka fyrir*; reyna að eignast/fá. „Ég er á höttunum eftir seinna bindinu af þessari bók“. Ekki er ljós uppruni orðtaksins, en getum hefur verið leitt að því að „hettirnir“ sem um ræðir séu hólur/þúfur, og að eiginleg merking sé að standa uppi á hól/þúfu og skima eftir einhverju.

- Á ís / Á ísi** (orðtak) Ísi lagt. „Áin var á ís, og því ekki neinn farartálmi“.
- Á jaðrinum** (orðtak) Á mörkunum; varla. Notað í ýmsu samhengi: „Mér sýnist það alveg á jaðrinum með sjóveðrið í dag“. „Heystabbinn er á jaðrinum með að endast framúr“.
- Á jappi** (orðtak) *Á stjálki; á vokki*. „Því er hrafninn á jappi þarna við dýið““?
- Á kostnað annars** (orðtak) Sem snertir annan; sem annar/hinn þarf að gjalda fyrir. „Það hindraði þá hinsvegar ekki í góðlátlegum glettum hvors á annars kostnað“ (PG; Veðmálið).
- Á kreiki** (orðtak) Á ferðinni; farandi/flakkandi um. „Einhverjar sögur eru á kreiki um þetta“.
- Á kúpunni** (orðtak) Eignalaus; gjaldþrota; á hausnum. „Henn er víst alveg á kúpunni eftir þessi viðskipti“.
- Á köldum klaka** (orðtak) Úrræðalaus; úrræðalítill; með fá bjargráð; *úti á galeyðunni*. „Ekki vildi ég skilja túristann eftir á köldum klaka, heldur benti honum á hvar gistingu væri að fá“.
- Á lagðinn / Á ullina** (orðtök) Um lit/ullarlag sauðkindar. „Nú þarf að fara að *stinga út*. Þær eru að verða fjárá dökkar á lagðinn, sumar“. „Lambið er einkennilega *snorkið* á lagðinn; eins og það hafi lent í múkkaælu“.
- Á landsvísu** (orðtak) Samanborið við allt landið; á mælikvarða alls landsins. „Þetta var hæsta meðalvigt á svæðinu, og þótti nokkuð góð einnig á landsvísu“.
- Á langleiðinni með** (orðtak) Komið langt/vel á veg með. „Mér sýnist að Áin sé á langleiðinni með að naga sig í gegnum Rífið“. Einnig „komin langleiðina með“ í sömu merkingu.
- Á langveginn/þverveginn** (orðtak) Langsum/þversum. „Það er mun seinlegra að saga tréð á langveginn“
- Á líffi** (orðtak) Lifandi; með lífsmarki.
- Á lífsfæddri ævi** (orðtak) Á allri ævinni; ævilangt. „Svona lagað hef ég ekki séð á minni lífsfæddri ævi“.
- Á lausu** (orðtak) Óbundinn; frjál; ólofaður; ógiftur. „Hann sagði að fáir kvenkostir væru á lausu í sínu byggðarlagi; því hefði hann þurft að sækja annað“.
- Á lausum kili** (orðtak) Ekki viðbundinn; ekkert að gera; frjál. „Ég þarf að ljúka þessu verki, en eftir það verð ég á lausum kili“.
- Á milli vita** (orðtak) Í millibilsástandi/óvissu. „Ég er enn á milli vita með hvorn kostinn ég á að velja“. Líklega dregið af því að fyrrum var talið að menn ættu tvennskonar vit á lífsleiðinni; barnavit og fullorðinsvit. Á unglingsárunum voru menn því á milli vita.
- Á misjöfnu þrífast börnin best** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að börnum er það ekki endilega hollt að fá alltaf besta viðurværi eða heilnæmasta. Oft viðhaft í Kollsvík, þó þar ættu börn góða ævi. Á síðari tímum eru þessi gömlu sannindi að fá staðfestu í læknavísindum; þar sem sannað þykir að of mikið hreinlæti vekur upp ofnæmi og ýmiskonar viðkvæmni og offita stafar oft af of góðum viðurgjörningi í mat.
- Á misvíxl** (orðtak) Um legu hluta; hver/hvor við hlið annars en í gagnstæða stefnu. „Leggðu endana á misvíxl og hnýttu svo réttan hnút á“.
- Á móti blæs** (orðtak) Erfiðleikar steðja að; lendir í mótlæti. „*Gott er að eiga góða að þegar á móti blæs*“.
- Á móts við** (orðtak) Til jafns við; á móti. „Bátana rak nú suður yfir Flóann, og voru sumir komnir allt suður á móts við Blakk“ (BJ; Brimlendingi í Kollsvík).
- Á mörkunum** (orðtak) Tæplega; varla; naumlega. „Það er alveg á mörkunum að þetta sé orðið *hirðandi*“.
- Á nálum um** (orðtak) Uggandi um; hræddur um. „Hann var alltaf á nálum um að haughúspakið myndi *gefa sig* ef þungur bill æki yfir það“.
- Á nástráinu** (orðtak) Mjög fátækur; að farast úr sulti/fátækt. „Menn eru ekki alveg á nástráinu sem geta veitt sér svona munað“! Sjá *nástrá*.
- Á nýjan leik** (orðtak) Að nýju; upp á nýtt. „Ég ruglaðist í talningunni og þurfti að byrja á nýjan leik“.
- Á nippunni / Á nöfinni** (orðtak) Á tæpaða vaði; með naumindum. „Það var alveg á nippunni að þetta tækist“. Líklega er nippa þarna sama og nibba; klettaneff, en einnig sagt á þennan hátt og með hörðum framburði.
- Á næstu grösum** (orðtak) Rétt hjá; í nágrenninu. „Móðirin var á næstu grösum og kom þegar lambið jarmaði“.
- Á næstunni** (orðtak) *Í náinni framíð*; á næstu dögum/tímum. „Ég sigaði tíkinni á eftir túnrollunni og vona að hún láti ekki sjá sig nærri túnnum á næstunni“!
- Á nösunum** (orðtak) Um bát; drekkhlaðinn. „Hann sigldi hér inn í logninu; alveg á nösunum“.
- Á kristilegum/ókristilegum tíma** (orðtak) Á viðeigandi/ótilhlýðilegum tíma. „Ég held að við ættum alveg að ná á kristilegum tíma í athöfnina ef við leggjum strax af stað“. „Við töfðumst í þessari fjárans ófærð; það er ástæðan fyrir því að við erum hér á svona ókristilegum tíma“.

- Á léttasta skeiði** (orðtak) *Á besta aldri*; nýlega fullorðinn. „Það var ekki mikið mál að klifra þetta bandlaus þegar maður var á léttasta skeiði“.
- Á misjöfnu þrífast börnin best** (orðatiltæki) Mikið notuð speki, sem nútímavísindi eru loksins farin að viðurkenna. Það er öllum hollt; ekki síst börnum, að láta ofaní sig mjög fjölbreytta fæðu, og ekki endilega þá sem allajafna er talin heilnæm eða kjarnmikil. Það sem fer ofaní börnin af t.d. mold, sandi eða „skemmdum“ mat getur reynst þeim heilsusamlegt. Þetta styðja nýjustu niðurstöður rannsókna í mótetna- og ofnæmisfræðum.
- Á mjóum þvengjum læra hundar að stela** (orðatiltæki) Hundur sem fær afganga af einhverju, t.d. afskurð/þveng af skinni, telur gjarnan að hann megi ná sér í mat af sama tagi. Smáhnúpl manneskju getur þróast upp í meiri þjófnað.
- Á mörkunum** (orðtak) Hér um bil; með naumindum; nærri því. „Það var alveg á mörkunum að við næðum hnísunni inn í bátinn“. „Það er á mörkunum að bensínið dugi, ef við förum að kippa mjög djúpt“.
- Á nálum yfir** (orðtak) Spenntur/kvíðinn vegna. „Ég var á nálum yfir því hvernig þetta færi“.
- Á ótilhlýðilegan hátt**(orðtak) Á óviðeigandi hátt; með óviðeigandi aðferð/lagi. „Við látum það ekki spyrjast um okkur að þetta hafi verið gert á ótilhlýðilegan hátt“.
- Á pörtum** (orðtak) A. Sumsstaðar; á sumum köflum. „Á pörtum er sléttan vel sprottin, en hún er léleg í heildina“. B. Um mann; ekki heill á geðsmunum; með geðveilu; *slær úti fyrir*. „Stundum finnst mér að hann sé alveg á pörtum þessi blessaður ráðherra; eins og hann rausar“!
- Á rangri hillu** (orðtak) Ekki í réttu starfi; ekki að fást við það sem maður er færastur í; *ekki á réttri hillu*. „Hann var alveg á rangri hillu í lífinu; hann hefði komist langt sem óperusöngvari“.
- Á rassaköstum / Á þeytispretti / Í hendingskasti** (orðtak) Á miklum hlaupum/spretti. „Síðast sá ég gemlingastóðið hverfa á rassaköstum uppaf Hádegisskarði“. „Ég hljóp af stað á þeytispretti“.
- Á refilstigum** (orðtak) Á villigötum/glapstigum. Óyggjandi orðskýring virðist ekki hafa fundist á orðinu „refill“. Það er notað um mjóan myndskreyttan dúkrenning og í samsetningunni „blóðrefill“ sem merkir sverðsoddur. Virðist stofnskylt orðinu „ræfill“ og „rifa/rifinn“. Líklega merkir „refilstiga“ eða „refilstigur“ stíg/veg sem er ógreinilegur og því villugjarn. Talað er um að „lenda á refilstigum“ og „vera á refilstigum“.
- Á reiðum höndum** (orðtak) Til taks; tilbúinn. „Ég hafði engin svör á reiðum höndum í þessum efnum“. Reiður merkir þarna tilbúinn/ til reiðu.
- Á réttu róli** (orðtak) Ganga í rétta átt, þó hægt fari. *Ról* merkir hæg ganga; *lull/dól*. Einnig notað í líkingamáli um hvaðeina sem stefnir í rétta átt; t.d. rekstur fyrirtækis eða framgangur málefnis.
- Á réttunni / Á röngunni** (orðtök) Rétt/umsnúið. „Það er betra að vera í peysunni á réttunni en á röngunni“.
- Á réttum kili** (orðtak) Um skip; kjölrétt; situr rétt í sjó. „Er skipið skammt undan landi, snýr stefni til lands og er á réttum kili“ (MG; Látrabjarg).
- Á rúi og stúi** (orðtak) Í óreiðu/ringulreið; *á tjá og tundri*. „Takið nú örlítið til eftir ykkur strákar; hér er allt á rúi og stúi eftir ykkur“! Orðtakið er líklega komið úr dönsku; „með rub og stub“; áður úr eldri dönsku; „med ruy og stuv“ og enn áður úr lágbýsku; „met rump un stump“. Líklega má í því finna samstofna með orðunum rú = gömul ull, og strúi = tættur endi á t.d. bandi.
- Á sama báti** (orðtak) Sjá *allir á sama báti*.
- Á sandi byggt** (orðtak) Byggt á veikum grunni; með veikar forsendur. „Þessar væntingar reyndust allar á sandi byggðar“. Líking sem t.d. er notuð í biblíunni, um að óráðlegt sé að byggja hús á sandi. Heimilisfólk á Láganúpi skopast jafnan að þessari líkingu, enda eru þar öll hús reist á sandi sem þar hefur reynst hið traustasta undirlag.
- Á sál og líkama** (orðtak) Um ástand manneskju; líkamlega og andlega. „Niðurstættningar voru misjafnlega heppnir með sína húsbændur, og voru oft bugaðir á sál og líkama eftir slæma vist“.
- Á seyði** (orðtak) Um að vera; að gerast. „Ég heyrði hávaða frammi, og fór að athuga hvað væri á seiði“. „Hvað er hér eiginlega á seiði“?! Seyðir er eldunarkró eða hola sem eldað er í.
- Á sinni tíð / Á sínum tíma** (orðtak) Eitt sinn; fyrir nokkrum tíma. „Ívar Ívarsson gat þess að borist hefði á sinni tíð bréf yfirkjörstjórnar, þess efnis...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Á skal að ósi stemma** (orðatiltæki) Hvergi er þetta orðatiltæki skiljanlegra en í Kollsvík. Þar hefur orðið „ós“ varðveist í upprunalegri mynd: Árósar nefnast uppsprettulindir í miðri vikinni; undir Umvarpinu; stutt norðan Hestkeldu. Víðast annarsstaðar merkir „ós“ útfall ár. Spekin vísar til þess að ef þurrka á land þarf að stífla ána ofarlega og breyta farvegi hennar; og á svipaðan hátt þarf að hindra framgang slæmra mála í byrjun.

- Á skakk / Á ská / Á skakk og skjön** (orðtök) Til hliðar við; á skjön við; horfir skakkt við. „*Heyvagninn* er dálítið á skakk við hlöðuvegginn“. „Það er útilokað að fletja fiskinn þegar hann er svona á skakk og skjön“.
- Á skallanum / Á eyrunum** (orðtök) Mjög ölvaður; *sauðdrukkinn; kófdrukkinn*. Nýlegar myndlíkingar í málinu.
- Á skammri stund skipast veður í lofti** (orðatiltæki) Veðráttá getur breyst á stuttum tíma. „En á skammri stund skipast veður í lofti... Til hafsins er kominn norðan mökkur...“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Á skjön við** (orðtak) Til hliðar við; horfir skakkt við; *á skakk við*. „Báturinn lendir *ögn* á skjön við kerruna; ýttu frá og reyndu aftur“. „Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar ganga á skjön við öll kosningaloforðin“.
- Á skortir** (orðtak) *Uppá vantar; vanhagar um*. „Hann greiðir á morgun það sem á skortir“
- Á skurki** (orðtak) Á fullri ferð; hraðfara. „Ég ók á skurki inneftir þegar ég frétti af þessu“.
- Á snið** (orðtak) Skáhallt við. Saxagjá er á snið frá norðvestri í Bjarginu og skiptist svo um mitt bjargið og kemur lóðrétt niður“ (HH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs). „Við leggjum þennan streng á snið við hinn“.
- Á snærum** (orðtak) Á vegum; tilheyrandi. „Hingað komu menn á snærum Fasteignamatsins“. „Þessi hundur er ekkert á mínum snærum“. Snæri merkti fiskilína og er upphafleg merking líklega að tilheyra afla einhvers. Önnur kenning (HH; Ísl. orðtakasafn) er að orðið „snærum“ hafi forðum merkt landamerki sem mæld eru með bandi. Í þeim skilningi merki orðtakið „að vera innan landamerkjja einhvers“. Um þetta má deila.
- Á spena** (orðtak) A. Um lamb eða kálf sem sýgur móður sína. B. Líkingamál um þann sem nýtur launa eða annars hjá öðrum tilgreindum. „Þeir hafa sitt á þurru sem eru á spena hjá ríkisvaldinu“!
- Á stangli / Á strjálíngi / Á tætingi / Á við og dreif** (orðtak) *Hingað og þangað; hér og hvar; óreglulega* út um allt. „Það stóð ekkert upp úr klakabreiðunni nema ein og ein hundabúfa á stangli“. „Féð getur verið á tætingi upp um öll fjöll í svona góðri tíð“. Það eru múkkahreiddur á við og dreif í Hnífunum, en óvíða hægt að tala um samfellt varp“. Sjá *stangl*.
- Á stjækli / Á rjätli / Á vappi** (orðtök) Gangandi; dólandi; á kreiki; vakandi. „Maður er á stjækli öðru hvoru innanum féð meðan sauðburður stendur“. „Hann var hér á eitthvað á vappi rétt áðan“. „Ertu enn á rjätli; farðu nú að koma þér í háttinn drengur“!
- Á straumunum** (orðtak) A. Eiginleg merking; á veiðislóð/fiskimiðum. B. Í líkingamáli; á svæðinu/ferðinni. „Ég heyrði að nú væru þingmenn hér á straumunum“.
- Á strjálíngi / Á stangli** (orðtak) *Hingað og þangað; hist og her; hér og þar*. „Þarna var allmikið af eggjum á strjálíngi“.
- Á stundinni** (orðtak) Strax; tafarlaust; án tafar. „Þið fáið ekkert að borða ef þið komið ekki á stundinni strákar“!
- Á stærð við / Á hæð við** (orðtök) Um það bil jafn stór/hár og... „Ég lýg því ekki, að stærstu rófurnar voru á stærð við mannshöfuð“!
- Á stöku stað** (orðtak) Sumsstaðar; *á stangli*. „Þetta er gróðurlítið land; lyngbrekkur, fjalldrapi og á stökustað einiberjabreiður“ (IG; Sagt til vegar II).
- Á suðurleið** (orðtak) Á leiðinni suður til Reykjavíkur. „Hann ku vera á suðurleið núna á mánudaginn“.
- Á sund** (orðtak) Um vatn/sjó/á eða annað vatn; svo djúpt að ekki er *stætt*; að ekki *rekkar*. „Þú veður ekki yfir ána á þessum stað; hún er alveg á sund við hinn bakkann“.
- Á svipstundu** (orðtak) Mjög snögglega; allt í einu. „Þetta gerðist á svipstundu“.
- Á syngjandi kafi / Á svartakafi** (orðtak) Á bólakafi. „Við höfum lent frammi í straumnum með djúpbólið; það er á syngjandi kafi yfir harðasta fallið“. „Djúpduflið hefur dregist á svartakaf“.
- Á sömu bókina lært** (orðtak) Sama vitleysan/endaleysan; jafn slæmt/vitlaust. „Allt er það á sömu bókina lært hjá þessum *stofnanagemsu*! Nú ætla þeir að fara að fækka póstferðunum“.
- Á sömu línu** (orðtak) A. Á fyrri árum merkti þetta bæi sem voru saman um eina símalínu, sem svo var tengd í símstöð. hver bær hafði sína hringingu og voru bæir innan sömu línu tengdir allan sólarhringinn. Símsstöð þurfti að tengja yfir á aðar línur og í langlínusímtöl, en hún var einungis opin að deginum í byrjun. Sjá *á tali*. B. Í seinni tíð er þetta haft yfir skoðanabæður; þá sem aðhyllast svipaða stefnu/skoðanir/málstað.
- Á taði** (orðtak) Um sauðfé; hýst í húsi/kofa sem ekki er með grindagólfi, þannig að skítur/tað safnast og treðst undir fótum. „Lömbin voru höfð á taði; það var stungið út um sumarmál og notað sem eldiviður þar til mór fór að þorna. Taðið úr öðrum bústofni var notað til áburðar á tún“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Á takteinum** (orðtak) Tiltækt; við hendina; á hraðbergi. „Alltaf er hann með svörin á takteinum“. HH segir takteina hafa verið glóandi teina sem menn báru við skýrslu til að sanna sakleysi sitt (HH; Ísl. orðtakasafn).

- Líklega er uppruni heitisins teinn sem var beygður í „u“ og notaður sem töng til að taka glóandi járn úr eldi við eldsmíði.
- Á tali** (orðtak) Um síma; símalínan er upptekin/ í notkun af öðrum bæ *á sömu línu*. „Það var á tali núna, en ég reyni að ná í hann á eftir“.
- Á tímanum** (orðtak) Um tímasetningu; t.d. á fyrsta tímanum= milli klukkan tólf og eitt. „Á fjórða tímanum þetta kvöld var hringt til Látramanna og þeim sagt að togari væri á reki að Bjarginu“ (MG; Látrabjarg).
- Á tjá og tundri** (orðtak) Í óreiðu/ringulreið; *á rúi og stúi*. „Allt var á tjá og tundri í matsalnum eftir að báturinn fékk á sig brotið“. Vafist hefur fyrir mönnum að skýra orðtakið þannig að vit sé í. Tundur merkir vafalaust óreiða, enda var það notað um sprengiefni fyrrum og lifir enn í orðinu tundurdufl. Tjá merkir líklega það sama, en það hefur lifað í orðinu tjása = ræfrildi; drusla og sögninni að tá = tægja; tæta. Sjá *tjá og tundur*.
- Á tóman maga** (orðtak) Þegar maður er hungraður/svangur. „Hann sagði best að taka lyfið inn á tóman maga“.
- Á tveimur jafnfljótum / Á hestum postulanna** (orðtak) Gangandi.
- Á tvist og bast** (orðtak) Um allar trissur; út um allt; *á víð og dreif*. „Hópurinn sem slapp úr réttinni er kominn á tvist og bast“. Ekki hefur verið sett fram sennileg skýring á uppruna orðtaksins, en e.t.v. vísar „tvist“ til þess að tvístrast og „bast“ gæti verið myndbreyting úr „burtu“. Upprunalega gæti orðtakið hafa verið; „á tvist og burt“, en aðlagð að því sem þægilegra er í tali.
- Á tæpasta vaði** (orðtak) Í hættulegri/hæpinni stöðu; tekur áhættu. „Við erum á tæpasta vaði með að ná síðari *snúningnum* frammi“. „Mér fannst hann tefla á tæpasta vað; að fara upp klettinn bandlaus“. Vísar til þess að fara yfir straumharða á á slæmu vaði eða neðarlega á vaðinu.
- Á undan sinni samtíð** (orðtak) „Pabbi var í því sem öðru á undan sinni samtíð. Þá var fátítt að karlmenn ynnu kvenmannsverk, en það vafðist ekki fyrir honum eða Gunnlaugi bróður hans“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Á útopnu** (orðtak) Á fullri ferð; *á skurki*; hamast. „Hann var alveg á útopnu við að flaka steinbítinn áður en hann færi að skemmast“. Ekki í orðabókum; ekki vitað um aldur; notað í þröngum hópi, t.d. af Sv.Guðbj.
- Á vað** (orðtak) Vaðarmaður; sá sem er í hópi þeirra bjargmanna sem dregur sigara upp. „Gott er að hafa 10-12 sigara á vað þegar farið er í lengri sig“.
- Á vaðbergi/varðbergi** (orðtak) Hafa gætur á; fylgjast vel með. „Þú þarf að vera vel á vaðbergi og halda vel við þegar ég kem upp vaðinn aftur“. „Vertu vel á varðbergi ef bitur á“. Orðtakið á upprunalega við um þann sem er á brún í bjargsigi og fylgist með merkjum og þörf sigarans. Það getur verið rétt í báðum ritháttum, sjá *vaðberg/varðberg*.
- Á vakki / vappi/vokki** (orðtak) Eigrandi; á varðbergi; gangandi um. „Það er vissara að vera á vakki nálægt kindinni; henni gekk illa með burðinn síðast“. „Hrafninn er á einhverju vokki þarna frammi á Mýrum“.
- Á vegum/snærum (einhvers)** (orðtak) Fulltrúi einhvers; í félagi með einhverjum. „Hann sagðist vera á vegum yfirdýralæknis“.
- Á veturna** (orðtak) Á vetrum; um vetur. „Vegna hins mikla vatnsaga verða mikil svellalög á Leirunum á veturna“ (HÖ; Fjaran).
- Á vetur setjandi** (orðtak) Um skepnu; vænleg til ásetnings. Vanalega í neikvæðri og afleiddri merkingu. „Mér finnst að þessi ríkisstjórn sé ekki á vetur setjandi“.
- Á við** (orðtak) Jafn mikið og... „Góð mysublenda er á við hvaða svaladrykk sem er“. Sex ær, loðnar og lembdar, eru á við eitt kúgildi“. „Hann er á aldur við mig“.
- Á villigötum** (orðtak) Á rangri leið, (oftast í málflutningi). „Ég held að þeir séu á villigötum í þessu máli“.
- Á vitorði** (orðtak) Vitað; í umræðu. „Eftir fáeina daga var fréttin á allra vitorði“.
- Á víð og dreif** (orðtak) *Hér og þar; hist og her*; á strjálingi/stangli/dreifingi; hingað og þangað; *á stangli; á tvist og bast*. „Kindurnar sem sluppu úr dilknum voru komnar á víð og dreif norður í víkinni“. Heitið „víð“ er eingöngu notað í þessu orðtaki núna, en merkir víðátta.
- Á víðavangi** (orðtak) Einhversstaðar; á ótilgreindum stað. „Það gengur ekki að skilja þetta eftir á víðavangi“.
- Á vísan að róa** (orðtak) Um þann sem er á vísu stað; um fisk sem sækir á sömu mið. „Steinbíturinn átti að vera genginn á sérstök mið skammt undan, þar sem yfirleitt var á vísan að róa“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Á vísu stað / Á vissu stað** (orðtak) Á stað sem vitað er um; á þekktum stað. „Láttu skærin á vísu stað þegar þú hættir að nota þau“. „Bókina geymi ég vandlega á vísu stað“.
- Á vonarvöl** (orðtak) Umkomulaus; uppflosaður; þarf að *lifa á bónbjörgum*. „Hann sagðist ekki ætla að koma sér og sínum á vonarvöl með því að taka þátt í svona ævintýramennsku“. Málvísindamenn vilja meina að

vonarvölur merki það sama og betlistafur, þar sem völur merki stafur. Ekki þarf sú skýring að vera rétt; völ kann að vera þarna sama orðið og val; fara á vonarvöl merki þá að leggja út í óvissu, t.d. eftir að hafa flosnað upp; í þeirri von að bjarga lífinu. Sbr orðtakið; *sá á kvölinna sem á völinna*.

Á vori (sumri/hausti/vetri) komanda (orðtök) Á næsta vori; næsta vor. „Það er jafnvel búist við þessu á vori komanda“.

Á vör/vörum (orðtak) Segjandi; viðhafandi. Sjá *með (...yrði) á vör(um)*.

Á vöxt við (einhvern) (orðtak) Svipaður á stærð og einhver.

Á ystu nöf (orðtak) Eins langt og unnt er að komast. Oftast notað í líkingamáli. „Mér finnst að þarna séu menn komnir á ystu nöf í þessum málum“.

Á þann veg (orðtak) „Sagan segir að Steinunni hafi verið gefið einum eða tveimur dropum of mikið og á þann veg var fengin skýring á því sem seinna kom fram; þessum morðum á Sjöundá“ (EG; viðtal á Ísmús 1968). „Svipur formannsins var á þann veg, að nú skyldi hann og gnoðin sýna listir sínar til hins ýtrasta; enda sjáanlega ærið tilefni“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Á þann veg af guði gerður (orðtak) Þannig innrættur/þenkjandi; þannig skapaður. „Honum er kannski vorkunn; hann er nú einusinni á þann veg gerður“.

Á þá/þessa leið / í þá átt / í þá veru (orðtak) Um frásögn; þannig; svoleiðis. „Til er saga af örnefniinu (Hnífar) sem líkast til er gömul en hefur verið sögð mann fram af manni. Hún er á þessa leið:....“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).

Á þessum síðustu og verstu tímum (orðtak) Ómur af gömlum barlómi situr eftir í þessu orðtaki sem iðulega er gripið til nútildags; jafnvel þó tíminn sem um er rætt hafi ekki verið tiltakanlega slæmur.

Á þrotum (orðtak) Alveg að þrjóta; að verða *uppurinn*; að tæmast. „Fóðurbætirinn fer að verða á þrotum“.

Á því (orðtak) A. Á þeirri skoðun; trúi því. „Ég er helst á því að hrútarnir gætu hafa ráfað fram í Vatnadal“. B. Kenndur; með víni; fullur. „Mér er ekkert vel við að karlinn sé að keyra þegar hann er á því“.

Á þönum (orðtak) Mjög upptekinn; á spretti. „Hann er uppgefinn, enda búinn að vera á þönum allan daginn“. Þanir eru m.a. tálkn á fiski (sjá *þorskhaus*). Orðtakið vísar til þess að *þenja sig*.

Á öndverðum meiði við (einhvern) (orðtak) Á annarri skoðun en. „Ég er alveg á öndverðum meiði við síðasta ræðumann“. Sumir hafa ályktað að orðtakið vísaði til meiða á sleða. Líklegra er þó að þarna sé vísað til íþróttar sem nú er fyrnd. T.d. gætu menn hafa stundað skylmingar; standandi hvor á sínum trjábol (meiði). Andstæðingurinn stendur/er þá á öndverðum/gagnstæðum meiði.

Ábatasamt (l) Arðbært; sem gefur hagnað/ábata. „Var hvalurinn skorinn í landareign Kollsvíkurjarðar, en eigandi hennar var Einar, svo að þetta hefur vafalaust verið ábatasamt fyrir hann“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Ábatavegur (n, kk) Gróðavegur; hagnaðarleið. „Búskapur með sauðfé er enginn ábatavegur; sér í lagi ekki í seinni tíð“. Orðið var notað í Kollsvík en finnst ekki í orðabókum.

Ábati (n, kk) A. Hagur; hagnaður; arður. „Þetta verkefni skilaði ekki miklum ábata“. B. Upprunaleg merking er aflauppbot/hlutarbót veiðimanns. T.d. átti sá sporðinn og vaðhornið óskipt sem dró stórlúðu.

Ábekingur (n, kk) Sá sem skrifar uppá víxil sem aukaábyrgðarmaður, og tekur þannig ábyrgð á 'víxilskuldinni. Aðalskuldari er samþykkjandi víxilsins; útgefandi er fyrsti ábyrgðarmaður, en hann skrifar framaná víxilinn og framselur hann með nafni þversum aftaná. Ábekingur er meðábyrgðarmaður og ritar undir nafn hans.

Ábekja (s) Skrifa uppá víxil sem *ábekingur*.

Ábending (n, kvk) Það að vekja athygli annars/annarra á einhverju.

Áberandi (l) Vel sýnilegur. „Flaggið á baujunni mætti vera meira áberandi“.

Áblástur (n, kk) Útbrot vegna veirusýkingar. Einkum er hætt við áblæstri kringum munninn.

Áboginn (l) Álútur; boginn. „Dyragöngin inn í Hesthúsið eru svo lág að fullvaxið fólk þarf að ganga ábogið“.

Áborinn (l) Sem áburður er borinn á. „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróið; enda var það ríkulega áborið af fugladriti“ (PG; Veðmálið).

Ábót (n, kvk) A. Það sem bætt er á; t.d. viðbót af mat á disk. „Gefðu mér dálitla ábót af skyrinu“. B. Krókar sem bætt er á fiskilínu/bjóð. „Erum við ekki með einhverja ábót“?

Ábótavant (l) Sem þarfnast úrbóta/lagfæringar/viðauka. „Mér sýndist ýmsu ábótavant í viðhaldi húsanna!“.

Ábóti (n, kk) Yfirmaður munkaklausturs. „Ekki verður um það sagt úr þessu, hvort Patrekur biskup hafi verið ábóti klaustursins á Iona, en valdamikill hefur hann verið þar sem hann hlóð skip fóstbræðranna Örlygs og Kolls af kirkjuviði og kirkjugripum“.

Ábreiða (n, kvk) Brekán; teppi; klæði/segl sem breitt er yfir eitthvað, t.d. rúm.

Ábrystir (n, kvk) Hleypt broddmjólk, gjarnan blönduð til helminga með mjólk. Oftast úr nýbærakúm en einnig stundum ám. Broddmjólk er hirt til ábrysta í 3 daga eftir burð. Pönnuábrystir eru jafnaþykkar og þéttar en draflaábrystir eru með trefjakenndari áferð.

Áburðardreifing / Áburðargjöf (n, kvk) Dreifing áburðar á tún/*sáðsléttur*. „Oddviti hafði framsögu í málinu og drap á mikilvægi þess að viðhalda beitilandinu með áburðargjöf“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Áburðarflug / Áburðarflugvél (n,hk/ kvk) Dreifing áburðar úr lofti og flugvél til þess. Á 7.áratug 20.aldar var áburði dreift í nokkru magni á úthaga í Rauðasandshreppi með áburðarflugvél. Hvatamaður að því var Össur á Láganúpi. Dreift var í allt að 5 km fjarlægð frá lendingarstað. Í Kollsvík lenti flugvélín á Fitinni neðanvið Þórarinismógrafir, en þar var nægilega langt sandbrysti. Völlurinn var afmarkaður með gulmáluðum steinum. Flugvélín var með einum hreyfli og snúði í gang á skrúfunni. Áratugum eftir að dreifingunni var hætt mátti enn sjá grænar reinar á hálendinu, t.d. frá Strympum uppundir Kóngshæð.

Áburðarfrekur (l) Um gróður/jarðveg; þarf mikinn áburð til að gefa af sér slægjur. „Skeljasandstúnin eru ansi áburðarfrek“.

Áburðarhestur (n, kk) Hestur sem klyfjar voru settar á. „Með áburðarhesta tók leiðin úr Geldingssskorardal um 1- 1 ½ klst“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Áburðarlaus / Áburðarlítill (l) Jarðvegur/tún sem hefur fengið lítið af áburði.

Áburður / Áburðarþörf (n, kvk) Næring sem borin er á jörð og þörf túna fyrir hana til bættrar grassprettu. „Áburðarþörf túna í Kollsvík er mismunandi eftir jarðvegi. Mest er hún hjá skeljasandstúnum; þau eru nokkuð áburðarfrek. Fyrir daga tilbúins áburðar var slangur úr fiski borið á tún, en mikið féll til af því í Verinu. Húsdýraáburður hefur ávallt verið nýttur. Þá var til síðs að nýta á tún það sem til féll úr kamrinum, og gerði GG það meðan kamarmotkun var við líði“. „Slorið var einnig hirt; því var hent í tunnu, síðan keyrt heim og látið rotna í þró eða tunnum. Það var svo blandað með vatni og notað sem áburður á tún“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Lömbin voru alin inni allan veturinn. Þau voru höfð í lambhúsi sem stóð uppi á Hólum. Lömbin voru höfð á taði; það var stungið út um sumarmál og notað sem eldiviður þar til mór fór að þorna. Taðið úr öðrum bústofni var notað til áburðar á tún. Var það flutt á tún að hausti eða vetri, og dreift úr því. Að vorinu var þessi áburður svo unninn sem best niður í grasrótina; var það kallað „að vinna á túni“. Til þess var notaður slóði sem muldi skítinn, og var hann dreginn af hesti. Síðan var rakað yfir með kláru eða hrífu. Var þessi vinna oftast unnin snemma vors eða um hálfan mánuð af sumri. Einnig voru notaðar taðkvarnir og taðið malað, og síðan dreift úr því. Fyrir slátt var túnið hreinsað; þá var skíturinn sem ekki vannst niður rakaður í hrúgur. Það var svo starf okkar krakkanna að tína þær upp í trog og hella þeim í poka. Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður. Heldur þótti okkur leiðinlegt verk að taka hrúgur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Þá var eitt skylduverkið að keyra fiskslorið í kerru úr Verinu og heim að Láganúpi. Þar var það látið rotna í tunnu og síðan var það blandað með vatni og notað sem áburður“ (IG; Æskuminningar).

Ábúandi (n, kk) Sá sem býr á jörð; bóndi; landseti; leiguliði. „Ábúendum í Kollsvík fækkaði eftir að útræði lagðist þar niður, og með vaxandi erfiðleikum í búrekstri og öðrum aðstæðum lagðist búskapur af“.

Ábúð (n, kvk) Búseta á jörð/stað; heimild til búsetu. „Misjafnlega langt er síðan þessi kot fóru úr ábúð“.

Ábúðarmikill (l) A. Um mann; þungur á brún; alvarlegur. „Hversvegna ert þú svona ábúðarmikill núna“? B. Um veður; farið að þykkna upp; orðnar slæmar veðurhorfur. „Hann er orðinn æði ábúðarmikill“.

Ábyggilega (ao) Áreiðanlega; örugglega; sjálfsagt. „Hann er að byggja upp bakka til hafsins. Það verður ábyggilega góður þurrkur á morgun“. Orðið var mikið notað í Kollsvík.

Ábyggilegur (l) Traustur; áreiðanlegur. „Þú mátt treysta því að hann er ábyggilegur í alla staði“.

Ábyrgð (n, kvk) Það að leggja samvisku sína og trúverðugleika að veði. Sjá *bera ábyrgð* og *kominn úr ábyrgð*.

Ábyrgðarbréf / Ábyrgðarsending (n, hk/kvk) Bréf eða önnur póstsending sem pósthjónustan tekur ábyrgð á að skila og tekur ábyrgðargjald fyrir.

Ábyrgðarhluti (n, kk) Áhætta; einkum notað þegar einhverju er stefnt í augljósa hættu. „Það er ábyrgðarhluti að fara með skólaborn yfir fjallveg í svona færð og svona veðurspá“. „Hér var vandamál sem ábyrgðarhluti var að svara; gat kostað mannlíf, á hvaða veg sem var“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Ábyrgðarlaus (l) Léttlyndur; kærulaus. „Þótti nágrönnum hann vera nokkuð ábyrgðarlaus um heyskapinn“.

Ábyrgðarleysi (n, hk) Kæruleysi; léttlyndi. „Mér finnst það ábyrgðarleysi að fara á sjó í svona útliti“.

Ábyrgjast (s) Taka ábyrgð á. „Upp úr sex fór pabbi að lesa húslesturinn, sem tók þó nokkuð langan tíma. Ekki ábyrgist ég að ungvíðin hafi alltaf setið kyrr undir lestrinum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Ábyrgur (l) Sem tekur ábyrgð á einhverju.

Ábýlisjörð (n, kvk) Jörð sem búið er á.

Ábætandi (l) Aukið við; aukandi. „Ég gerði þetta sjálfur; mér fannst hann hafa svo mikið að gera að það væri ekki ábætandi“.

Ábætir (n, kk) Viðbót; auki. „Að síðustu drógum við rauðmaganetin. Í þeim var ágætur grásleppuafli til ábætis við þessa góðu veiði dagsins“.

Ádeila (n, kvk) Gagnrýni; aðfinnsla. „Hann hafði uppi harða ádeilu á tillöguna“.

Ádráttur (n, kk) A. Hálfildings loforð; óákveðið samþykki. „Ég hafði gefið honum einhvern ádrátt um að koma með í þessa smölun“. Sjá einnig; *gefa undir fótinn*. B. Sú veiðiaðferð að draga net á grunnu vatni, og smala fiskinum í það.

Ádrepa (n, kvk) A. Skammir; ávitur. „Þeir fengu víst allmikla ádrepu þegar þeir fundust“. B. Rigningarskúr.

Áðan (ao) Fyrir mjög skömmum tíma. „Ég sá hann *rétt áðan* hérna niðrifrá“.

Áður (ao) Fyrir; á undan. „Hann fór alltaf útfyrir húshorn að míga áður en hann lagðist til svefns“. „Ég lét fötuna síga niður til hans, en hugaði vel að hnýtingunni áður“. Sjá *samt sem áður*.

Áður en hendi væri veifað (orðtak) Á mjög skömmum tíma; á augabragði. „Þetta gerðist mjög hratt; báturinn snerist í lendingunni áður en hendi væri veifað“. Sjá *eins og hendi sé veifað*.

Áður en langt um líður (orðtak) Innan skamms tíma. „Hann þykknaði í lofti um hádegisbilið, og áður en langt um leið var farið að hellirigna“.

Áður og fyrrmeir (orðtak) Fyrrum; áðurfyrr. „Áður og *fyrrmeir* vann fólk betur að mat sínum“.

Áðurfyrri / Áðurfyrr (ao) Áður; fyrrum. „Áðurfyrr munu hafa verið nokkuð aðrar áherslur í orðavali en nú er“. „Áðurfyrr var fólk vandvirkara í orðavali en nú til dags“. Hvorugt orðið finnst í orðabókum en voru einatt notuð sem heildstæð orð í Kollsvík. Að auki var notað *áður og fyrr meir og fyrrum*.

Áðurnefndur (l) *Fyrrnefndur*.

Áeggja (s) Hvetja; mana. „Vertu nú ekki að áeggja hann í þessa vitleysu“!

Áeggjan (n, kvk) Hvatning. „Fyrir hans áeggjan gengum við fram á brúnina; og þar niðri í sveltinu var kindin“.

Áfall (n, hk) A. Brotsjór sem ríður yfir skip. Stundum notað um önnur óhöpp til sjós. „Laufi var happaskip; varð aldrei fyrir áfalli“. „Til þess að verja skipið áföllum var talið heppilegast að sigla talsvert skáhallt með vindi, einkum í *spildusjó*“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Sumir fengu áföll; aðrir urðu lekir, en allir flutu og ekkert slys varð“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Skaði eða hugarrót sem fólk verður fyrir. „Þetta slys var mikið áfall fyrir fjölskylduna“. „Síðan hef ég unnið við jarðboranir og tíminn hefur liðið án áfalla eða stórviðburða“ (IG; Æskuminningar). C. Dögg á jörðu, en um hana var oftast notað orðið *náttfall*.

Áfallalaust (l) Án áfalla; slysalaut; hnökralaut. „Eftir þetta gekk siglingin áfallalaust“.

Áfallshorn (n, hk) Afstaða flatar gagnvart straumi loftsvatns/sjávar, talin í gráðum úr hring. „Hverflar Valorku eru þverstöðuhverflar, með breytilegu áfallshorni blaða“.

Áfangastaður (n, kk) Staður sem ferðast er til í einni lotu; hvíldarstaður; leiðarendi. „Við megum halda betur áfram ef við ætlum að ná á áfangastað fyrir hádegis“!

Áfangi (n, kk) Hluti ferðalags sem farinn er í einni lotu; ferðarhluti milli hvílda. „Gangan utan af Stígsenda upp Geldingsskorardalinn var farin í nokkrum áföngum; enda voru menn með þungar byrðar af eggjum og vöðum og leiðin mjög brött. Oftast var gengið í lotu frá Stígsenda í Byrgið, en þar undir er lind með drykkjarvatni. Næsti áfangi var úr Byrginu upp að Steini; þ.e. upp á miðjan dal. Þaðan var oft gengið í einum áfanga að bílastæðinu uppundir Geldingsskorardalsskarði. Stundum voru þó áfangarnir mun fleiri, og fór það eftir úthaldi manna; byrðum og veðri“.

Áfátt (l) Sem vantar á/uppá; ófullnægjandi. „Mér sýndist fráganginum vera verulega áfátt“.

Áfella (s) Ásaka. „Það er ekki hægt að áfella neinn fyrir svona *óviljaverk*“. „Það var haft eftir Gumma að aldrei hefði hann séð eftir bita eða sopa ofan í nokkurn mann, en sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfella sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).

Áfellisdómur (n, kk) Dómur þess efnis að eitthvað sé verulega ámælisvert; afgerandi dómur.

Áfengi (n, hk) Vín; vímudrykkur. „Ungmennafélögin börðust gegn notkun áfengis og tóbaks“.

Áfengisnautn (n, kvk) Notkun áfengis/víns; vinnotkun; drykkjuskapur. „Áfengisnautn í óhófi gerir líkama mannsins venjulega óstarfhæfan að miklu leyti; veiklar þrek og þrótt og dregur úr honum alla framkvæmdalöngun“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Áfengt (l) Gerjað; með alkóhóli. „Getur það verið að rabbabarasaftin hafi verið orðin áfengt“?

Áferð (n, kvk) Útlit og gerð yfirborðs. „Ég er ekki vel sáttur við áferðina á þessu“.

Áferðarfallegur (l) Lítur vel út; hefur fallega áferð.

Áfergja (n, kvk) Græðgi; ákafi við neyslu; góð matarlyst. „Hann át eggðið af áfergju“.

Áfir (n, kvk, fto) Mjólkurafurð sem fellur til við strokkun rjóma í smjör. Áfir eru ágætar við þorsta. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og *koma mjólkinni í mat*. *Skilja* mjólkina, *strokka* rjómann og *hleypa* skyr úr *undanrennunni*. Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít *sýra*. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; *ein sér*, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að *sýra* mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð *drykkjarblanda*“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Áfjáður í (orðtak) Ákafur; sækir mjög í að fá; gráðugur í.

Áflog (n, hk, fto) Slagsmál; bardagi. „Hættið þessum helvítis áflogum strákar. Þið eyðileggið fötin ykkar“!

Áflogahundur / Áflogaseggur (n, kk) Sá sem stundar slagsmál. „Gengu viðstaddir loks á milli og skildu áflogaseggina að“. „Það er ekki *gustuk* að vera að etja þessum áflogahundum saman“.

Áfok (n, hk) Þykkun jarðvegs vegna sandfoks. „Áfok hefur alltaf verið nokkurt í Kollvík, einkum sunnantil“.

Áform (n, hk, fto) Fyrirætlanir; áætlanir. „Hann hafði engin áform uppi um slíkt ferðalag“.

Áforma (s) Ætlast fyrir; hafa áætlun um. „Við höldum okkur við það sem áformað var“.

Áfóður (n, hk) Hey fyrir hesta vermanna í verferðum. „Í verstöðvum við Bjarg var algengt að vermenn flyttu færur sínar á hesti, sneru síðan við með hann heim, og kæmu aftur þegar róðrar áttu að byrja. Hey sem vermenn þurftu að fá fyrir hesta sína á leið í verið var kallað *áfóður*“ (LK; Ísl sjávarhættir; ÓETh).

Áfram (ao) Framávið; fram á veg; hreyfing í áttina. „Ætli við verðum ekki að halda eitthvað áfram ef þetta á að klárast fyrir gegningar“.

Áfram með smérið/smjörið! (orðtak) Höldum áfram; haltu áfram; áfram með söguna/verkið o.fl.. Upphröpun sem vísar til þess hve langdregið og þreytandi það var að strokka smjör með fyrri tíma aðferðum.

Áfram um (orðtak) Ákafur um; ýtinn með. „Hann var mjög áfram um að þessi tillaga yrði samþykkt“.

Áframhald (n, hk) Það að halda áfram; samfella í verki; dugnaður. „Drifið ykkur nú við þetta! Þetta er ekkert áframhald hjá ykkur“!

Áfreði (n, kk) Klakabrynja yfir beitarjörð, t.d. eftir að *bloti* eða slydda hefur frosið. „Það er allsstaðar bölvauður áfreði, svo féð fékk lítið í sig úti í dag“. „Veturinn verður að teljast í meðallagi harður og heyrkur. Á tímabili jarðbönn sakir áfreða og djúpfennis“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).

Áfrýja (s) Vísa dómsmáli/úrskurði til hærra dómstigs; biðja um annan úrskurð/ annað álit.

Áfús (l) Samþykking; fús til. „Ég bar þetta undir hann og hann reyndist áfús með þetta fyrirkomulag“.

Áfærni (n, kvk) Löstun; álygar; rangar sakargiftir. „Það er bara áfærni að ég hafi gleymt að loka hliðinu; það hlýtur annar að hafa gert“. Almennt notað í Kollsvík en sést ekki í orðabókum. Orðabók Menningarsjóðs tilfærir að sögnin „að áfæra“ merki „að lasta“, sem kemur heim og saman við orðnotkun Kollsvíkinga.

Ágalli (n, kk) Galli; vöntun; vankantur. „Það er stór ágalli á þessum bíl hve hátt er upp í hann“.

Ágangur (n, kk) Eyðing; frekja. „Ágangur sauðfjár á beitolönd í Kollsvík var yfirleitt ekki til skaða. Þó *stappaði* það *nærri* þegar fé varð flest, kringum 1960“. „Ágangur af lyng- og hrísrifri hefur hinsvegar orðið töluverður gegnum tíðina og að líkindum verður gróðurfar lengi að jafna sig á því“. „Ágangur sjávar hefur á síðustu árum rofið sjávarbakkana verulega“.

Ágengni (n, kvk) Frekja; ágangur; það að vera ágengur.

Ágengur (l) Sem sýnir yfirgang; frekur; eyðslusumur af annarra eigum. „Hann er að verða ansi ágengur í saltinu“. Sjá *verða ágengt*.

Ágerast (s) Aukast; verða meiri/verri/harðari. „Heldur finnst mér frostið vera að ágerast“. „Hann segir að verkurinn sé heldur að ágerast. Þurfum við ekki að hafa samband við lækni“?

Ágirnast (s) Langa í; hafa hug á; vilja fá. „Mikið ágirnast ég smádropa af broddi hjá þér, ef þú mátt missa“.

Ágirnd (n, kvk) Áhugi; löngun eftir að eignast. „Ég hef töluverða ágirnd á þessari spýtu“.

Ágirnd vex með eyri hverjum (orðatiltæki) Sá sem græðir fé vill jafnan græða meira; þeir ríku eru jafnan *fégráðugastir*. Sígid speki sem oft er vitnað til. Önnur skyld er; *mikið vill meira*.

Ágirndarauga (n, hk) Löngun í. „Hann hafði lengi rennt ágirndarauga til bátsins“.

Ágiskun (n, kvk) Getgátur; tilgáta. „Þetta er erkki verri ágiskun en hver önnur“.

Ágjarn (l) Fégráðugur.

Ágjöf (n, kvk) Skvettur yfir bát í miklum sjógangi. „Gátum við notað segl suður að Boða en þaðan var barningur í land og miklar ágjafir“ GG um Kollsvíkurver. „Sjóhatt áttu flestir, er aðeins var settur upp þegar ágjöf var eða illviðri“ (KJK; Kollsvíkurver).

Ágóðahluti (n, kk) Hagnaðarhlutdeild. „Minn ágóðahluti úr útgerðinni varð sæmilegur þetta árið“.

Ágóði (n, kk) Hagnaður; arður. „Ekki held ég að ágóðinn hafi mikill verið af þessari útgerð“.

Ágreiningsefni (n, hk) Tilefni deilu/ágreinings; þrætuefni. „Upphófst nú mikið skvaldur og voru uppi deildar meiningar um ágreiningsefnið“ (PG; Veðmálið).

Ágreiningslaust (l) Óumdeilt. „Yfirléitt voru landamerki ágreiningslaus. En þó gátu nýjar nytjar vakið umræður, svo sem þegar menn hófu að nýta múkkavarp í Blakknum og Breiðnum. Engin *illindi* þó“.

Ágreiningur (n, kk) Ósamkomulag; deila; skoðanamunur. „Okkur tókst að leysa úr þessum ágreiningi“.

Ágrip (n, hk) Stutt samantekt/efnisatriði úr stærra verki; yfirlit; útdráttur.

Ágæta / Ágætlega (ao) Mjög; afar. „Hann gerði þetta bara ágæta vel, að mínu mati“ . „Þetta gekk ágætlega“.

Ágæti (n, hk) Það sem er mjög gott. „Traktorinn hefur reynst hið mesta ágæti“ . Sjá *hafa til ágætis*.

Ágætis (n, hk, ef) Góður; fyrirtaks. „Við fengum ágætis afla í þessum róðri“ . „Þetta er ágætis matur“ . Stundum samrunnið orðinu sem það stýrir: Ágætismaður; ágætiskona; ágætismanneskja o.s.frv.

Ágætisfólk / Ágætismaður / Ágætismanneskja / Ágætiskona (n, hk/kk/kvk) Viðurkenningarorð um manneskjur sem vel líka. „Hún var mikil ágætiskona“ . „Þetta var mesta ágætisfólk“.

Ágætisgrei / Ágætisnáungi (n, kk) Hrósyrdi um mann, en þó í nokkrum yfirlætistón. „Þetta er ágætisgrei og hörkuduglegur, en ósköp fákunnandi til allra búverka“.

Ágætisskepna (n, kvk) Viðurkenningarorð um dýr sem vel líkar. „Mér þótti skaði að missa þá ágætisskepnu“.

Ágætisstand (n, hk) Gott/ágætt ástand. Það skal hér tekið fram að á öllum bæjunum mega skepnur heita í ágætisstandi, eins og skýrslan ber með sér...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Ágætistíð (n, kvk) Gott tíðarfar.

Ágætisveður (n, hk) Gott veður; blíðuveður. „Þá var komið ágætisveður“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Ágætlega (ao) Vel; með *ágætum*. „Heimferðin gekk ágætlega“.

Ágætlegur (l) Ágætur; góður; vel viðunandi/sæmilegur. „Þetta er bara ágætlegur afli“.

Ágætur (l) A. Mjög vel viðunandi; vel sæmilegur. „Við fengum ágætt kennslu hér á miðri víkinni“ . B. Mjög fódur; frábær; sem ber af öðrum. „Júlli naut mikillar virðingar meðal sveitunga sinna, enda var hann hinn ágætasti maður og var valinn til ýmissa trúnaðarstarfa fyrir sveitunga sína“ (PG; Veðmálið).

Áhald (n, hk) A. Verkfæri; tæki sem haldið er á. „Hér er handhægt áhald til að hreinsa úr rörinu“ . B. Hald; álit. Sjá *áhöld*.

Áhangandi (n, kk) Stuðningsmaður; sá sem telst í tilteknum hópi. „Ég hf aldrei verið áhangandi þess flokks“.

Áhangandi (l) Viðkomandi; sem snertir/viðkemur; tengt. „Þetta mál er áhangandi því sem síðast var rætt“.

Áhankast (s) Um lagningu á neti/tóg/línu. „Goggurinn áhankaðist þegar netið var lagt, og fór í sjóinn“ . Gættu þín að áhankast ekki með hendina þegar þú kastar hönkinni framaf“.

Áheit (n, hk) Loforð sem gefið er, varðandi stuðning við eitthvað tiltekið ef tiltekinn árangur næst. Oftast er heitið notað um fjárstuðning við t.d. kirkju, klaustur, dýrling eða annað sem tengist trú, gangi mönnum eitthvað í haginn. Þannig efnuðust kirkjur og klaustur vel á áheitum, meðan trúarhiti fólks var meiri en nú er.

Áhenging (n, kvk) Það að hengja á; upphenging. „Ketið var hengt í reykkofann á rár, en einnig voru reknir naglar í sperrur og skammbita til áhengingar“.

Áherðingur (n, kk) Notað um það þegar strekkir á fiskilínu í drætti vegna þess að vindur og/eða fall hefur betur en andóf. „Þegar stórstreymt var og fallið lagðist á með þunga, gerðist áherðingur hjá þeim sem beitti út línuna og þungur róður hjá hinum sem í andófi voru“ (KJK; Kollsvíkurver). „Og hálsmennirnir urðu að róa til að hafa áfram. Ef það var slælega gert kom áherðingur; þ.e. strekktist á lóðinni við dráttinn. Eftir að straumur harðnaði var erfitt að róa áfram; róa á móti straumnum til að ekki stæði á; að ekki yrði erfitt hjá dráttarmanninum“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Áhersla (n, kvk) Hefur í upphafi merkt sama og áherðingur, en er í seinni tíð einungis notað um aukinn þunga á málefni eða framburð í tali. Sjá *leggja áherslu á*. „Megináherslan verður á samgöngumálin, þetta árið“.

Áheyrandi (n, kk) Sá sem heyrir/ hlýðir á; tilheyrandi. „Áheyrndur *klöppuðu* söngvaranum *lof í lófa*“.

Áheyrilega (ao) Sem fróðlegt/gaman/gott/unun er að hlýða á. „Ræðan góð, og áheyrilega flutt“.

Áheyrilegur (l) Vel mælt; áhugaverður að hlusta á. „Mér þótti þetta nokkuð áheyrileg ræða“.

Áheyrn (n, kvk) Hlustun; eftirtekt. „Ég reyndi að bjóða kaffi, en ég fékk enga áheyrn fyrir hávaðanum í þeim“.

Áhlaðandi (n, kk) „...ör og kröpp vindbára sem stafar af nálægum álandsvindi og nær e.t.v. ekki alla leið til strandar, svo henni fylgir ekki mikill sjógangur“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Áhlaup/Áhlaupaveður/Áhlaupsveður (n, hk) **Áhlaupsbylur/Áhlaupsgardur** (n, kk) Skyndilegt óveður. „Mun þetta vera mesta áhlaupsveður af norðri er smábátar á þessum slóðum hafa hrept.“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „...með birtu næsta dag gerði norðan áhlaup mikið“ (BS; Barðstrendingabók). „Þegar leið á daginn gerði áhlaupaveður með miklum sjógarði“. (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Gerði áhlaupsveður af norðri með snjókomu og veðurofsa, svo fólk í landi bjóst við stórslysi er svo margir bátar voru á sjó“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Áhlaupaverk / Áhlaupsverk (n, hk) Létt/fljótunnið verk. „Það verður ekkert áhlaupaverk að moka þessari skriðu af veginum“. Báðar myndir voru notaðar af orðinu í Kollavík.

Áhlekkjast (s) A. Um vað/færi; flækjast eða hankast á þegar lagt er. „Passaðu að netið áhlekkist ekki á tollunni“! B. Verða fyrir óhapp; *hlekkjast á*. „Eitthvað áhlekkjaðist þeim í lendingunni“.

Áhnýting (n, kvk) Það að festa á. Oft notað t.d. um það að festa króka á línu.

Áhnýttur (l) Bundinn/festur á. „Gáðu fyrir mig fram í lúkar. Þar á að vera nýr slóði með áhnýttum krókum“.

Áhorf / Áhorfsmál (n, hk) Álitamál; vafamál. „Þetta er ekkert áhorfsmál. Við leggjum ekki að í þessu sjólagi“. „Um tíma voru áhorf um það hvort bensínið dygði í land“.

Áhorfandi (n, kk) Sá sem horfir á. „Áhorfendur stóðu við markið og hvöttu keppendur“.

Áhorfslaust (l) Vafalaust; án vafa. „Þið *steindrepið* ykkur ef þið farið í röstina eins og hún er núna; það er alveg áhorfslaust“!

Áhorfsmál (n, hk) Vafamál; *spursmál*; álitamál; vafa undirorpið. „Það er alveg áhorfsmál hvort kindin nær að jafna sig eftir votheysveikina“.

Áhrif (n, hk, fto) Verkun; afleiðing. „Stíflan hafði þau áhrif að vatnsborð hækkaði í Litlufitinni“. Sjá *undir áhrifum*.

Áhrifalaus / Áhrifalítill (l) Hefur engin/lítill áhrif. „Honum fannst hann vera áhrifalaus í félaginu“.

Áhrifamikill (l) Með mikil áhrif. „Hann var talinn í hópi áhrifamestu þingmanna *á sínum tíma*“.

Áhrifaríkt (l) Sem hefur mikil áhrif/ miklar afleiðingar. „Þetta reyndist áhrifaríkt úrræði“.

Áhrínsorð (n, hk, fto) Spásögn; álög. „Mér sýnist það hafa verið áhrínsorð sem þú sagðir um stjórnina í fyrra“.

Áhræra (s) Snerta; koma við. „Það er ekkert að vanbúnaði hvað mig áhrærir, en ég veit ekki um hina“. „Eitt verð ég að ég segja; þessu mál áhrærandi...“.

Áhugaefni / Áhugamál (n, hk) Það sem maður hefur áhuga á; *hugðarefni*; *hjartans mál*. „Þetta hefur lengi verið mér áhugaefni“. „Mér varð það snemma nokkuð áhugamál að ná tókum á þessari reginorku sjávarins“.

Áhugalaus / Áhugalítill (l) Með engan/lítinn áhuga; sinnulaus/sinnulítill. „Ég er alveg áhugalaus um þessa ansvítans boltaleiki“.

Áhugaleyfi (n, hk) Sinnuleysi; deyfð; hjáræna. „Þeir sýndu þessu eintómt áhugaleyfi“.

Áhugamaður (n, kk) A. Sá sem sýnir tilteknu máli mikinn áhuga/ hefur sérsvið að tómsundagarni. B. Sá sem fæst við tiltekið starf/verkefni án þess að hafa til þess sérstaka menntun.

Áhugamikill / Áhugasamur (l) Með áhuga á. „Margir Kollsvíkingar eru áhugasamir um sína áttþaga“.

Áhugi (n, kk) Sinning; athygli; hyggja; fyrirætlun. „Ég hef mikinn áhuga á þessum málum“. „Hún sýndi þessu takmarkaðan áhuga“.

Áhyggjuefni (n, hk) Ástæða til að hafa áhyggjur af; kvíðaeefni. „Byggðaeðingin er mikið áhyggjuefni“.

Áhyggjur (n, kvk, fto) Hugurangur; víl; kvíði; ótti. „Það er óþarfi að hafa miklar áhyggjur af þessu“.

Áhyggjuefni (n, hk) Orsök áhyggna; kvíðaeefni. „Mér er það nokkuð áhyggjuefni hvað sprettan er hæg“.

Áhyggjulaus (l) Kvíðalaus; öruggur. „Ég er tiltölulega áhyggjulaus yfir strákunum; þeir *spjara sig*“.

Áhyggjuléttir (n, kk) Það sem léttir af manni áhyggjum/kvíða. „Það var áhyggjuléttir að fréttu af þeim“.

Áhætta (n, kvk) Vogun; tvísýna; hættuspil. „Einhver áhætta fylgir alltaf bjargferðum“.

- Áhættuhlutur** (n, kk) Aukahlutur sigmanns í bjargferðum. Heill hlutur vegna þeirrar hættu sem hann lagði sig í umfram aðra. Ekki er venja að skipta út áhættuhluti í eggjaferðum þegar farið er í lásum eða undir bjarg.
- Áhættulaust** (l) Án hættu/tvísýnu. „Ég tel það alveg áhættulaust að leggja eitthvað fé í þetta“.
- Áhættusamt** (l) Sem nokkur áhætta er samfara. „Hann taldi þetta alltof áhættusama tilraun“.
- Áhöfn** (n, kvk) A. Skipshöfn; mannskapur á báti/skipi. „Áhöfninni tókst að stökkva í land þegar skipið slóst utaní hleinina“. B. Bústofn á búi. „Einar keypti jörð og áhöfn suður í Árnessýslu...“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).
- Áhöld** (n, hk, fto) Álitamál; efasemdir. „Það eru áhöld um það hvort honum muni takast þetta“.
- Ájá** (uh) Upphrópun eða merkingarlaust stutturorð sem oft er notað sjálfstætt sem hikorð, líkt og *jæja*. Einnig stundum sem andsvar, t.d. þegar svarandi tekur undir það sem *býsnast* er *yfir*. Styttning úr „já já“.
- Ájæja** (uh) Upphrópun eða merkingarlítið stutturorð; oft sem sjálfstætt hikorð en stundum til að taka undir það sem sagt er og jafnvel lýsa fyrirleitningu á efni þess. „Ájæja; fékk hann loksins nóg af þessu fíkti“!
- Ákafamaður** (n, kk) Kappsamur til verka; fljótfer. „Hann var ákafamaður og *sást* þá *ekki* alltaf *fyrir*. Dæmi um það er þegar hann sleppti höndum af vaðnum í miðju sigi, með þeim afleiðingum að hann snerist í lykkjunni án þess þó að falla úr henni. Var honum þannig slakað með höfuð á undan, niður á Höfðann“. „Mun Kristján (Ásbjörnsson á Grundum) hafa varið landlegum til garðhleðslunnar og nýtt starfskrafta áhafnar sinnar, enda annálaður ákafa- og keppnismaður“ (HÖ; Fjaran).
- Ákafi** (n, kk) Kapp; áhugi; bráðlyndi; vilji til að hraða því sem liggur fyrir. „Í ákafanum við sjósetninguna gleymdi hann að hann var á strigaskóm, og vöknaði hressilega í fætturna“.
- Ákaflega** (ao) Mjög; afar; mikið; hratt;ört. „Það er ekkert betra að róa svona ákaflega“! „Þetta fannst honum ákaflega gaman“.
- Ákafur** (l) Kappsamur; ör; hraður. „Hann var svo ákafur og *óðamála* að ég skildi ekki eitt einasta orð“.
- Ákall** (n, hk) Það að kalla eftir einhverju; ávarp; bæn.
- Ákalla** (s) Ávarpa; biðja einhvern. „Það er til lítils að ákalla drottinn þegar skaðinn er skeður“!
- Ákjósanlegur** (l) Æskilegur; góður; vænlegur. „Hér sýnist mér að sé ákjósanlegur áningarstaður“. „Úr því gengur ferðin ákjósanlega, þótt hægt miði áfram í logni; undir risi árdagssólar“ (KJK; Kollsvíkurver). „Það er hæg norðlæg átt og barylaustr; ákjósanlegt sjóveður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Áklæði** (n, hk) Efni sem klætt er á, t.d. húsgögn.
- Áklögun** (n, kvk) Kvörtun. „Heimalningurinn er kominn með einhverja áklögun um pelann“.
- Ákoma** (n, kvk) Það sem kemur á; oftast notað um skytteri í seinni tíð. „Best er aef næst að skjóta máfinn undir bringuna; þar er hann viðkvæmur fyrir allri ákomu“.
- Ákúrur** (n, kvk, fto) Skammir; ávítur. „Við fengum stundum ákúrur fyrir að slóra í bröndum þegar við áttum að sækja kýrnar“.
- Ákvarða / Ákveða** (s) Einsetja; kveða uppúr með. „Ég var ekki einn um að ákvarða þetta; að því komu fleiri“. „Þú verður að ákveða hvað þú vilt gera í þessu“. „Ákveðum við þá að halda þegar af stað í land og var nú haldið af stað með stefnu á Blakknestá“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).
- Ákveða sig** (orðtak) *Gera upp huga sinn; taka afstöðu/ákvörðun*. „Ég var ekki lengi að ákveða mig“.
- Ákveðinn** (l) A. Afráðinn; bundinn fastmælum. „„Ég tek þessum skilmálum“ sagði Liði, og þar með var veðmálið ákveðið“ (PG; Veðmálið). B. Harður; fylginn sér. „Hundurinn er nokkuð gegninn ef maður er nógu ákveðinn við hann“. C. Tiltekinn; hugsaður; viss. „Ég var með einn ákveðinn mann í huga þegar ég sagði þetta“.
- Ákveðinn í** (orðtak) Búinn að ákveða með; *staðráðinn í*. „Hann var ekki ákveðinn í þessu“.
- Ákveðni** (n, kvk) Festa; eftirfylgni. „Það þarf vafalaust mikla ákveðni til að koma þessu máli í gegn“.
- Ákvæðaskáld** (n, hk) Skáld sem kveður þannig að orð hans rætist; galdramaður; spámaður. „Gunnar orti miður fagran brag um ríkisstjórnina og sagðist ætla að láta á það reyna hve hann væri mikið ákvæðaskáld“.
- Ákvörðun** (n, kvk) Niðurstaða; það sem ákveðið er; úrskurður. „Nú verður þú að taka ákvörðun í málinu“.
- Ákvörðunarvald** (n, hk) Vald til að ákveða niðurstöðu í máli; dómsvald. „Ákvörðunarvaldið er hjá honum“.
- Ákæra** (n, kvk) Kæra; sakargift; lögformleg klögun. „Enn hefur ekki verið gefin út ákæra í málinu“.
- Ákæra** (s) Það að leggja fram kærú/ lögformlega kvörtun. „Steinunn og Bjarni voru ákærð fyrir morð“.

Ákærandi (n, kk) Saksóknari. „Einar í Kollsvík var ákærandi heima í héraði í hinu alræmda Sjöundármáli; nefndur monsjör Einar í skáldsögunni Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Ál (n, hk) Annað nafn á málminum alúminíum.

Álag (n, hk) A. Það sem leggst á; t.d. þungi: „Þetta er alltof mikið álag á heyvagninn“! Einnig um vinnu eða stress: „Hann hefur gott af dálitlu fríi eftir þetta álag“. B. Fjárupphæð sem lögð er á, t.d. vanskil. „Eftir gjalddaga leggst töluvert álag á gjöldin“.

Álagablettur (n, kk) Átrúnaður hefur verið á ýmis náttúruvætti og verndaða staði í Rauðasandshreppi, sem víða annarsstaðar. Líklega er í þeirri trú að finna elstu reglu um umhverfisvernd og viðurlög við brotum á henni. Álagablettir voru nokkrir í Kollsvík. Má þar nefna Biskupsþúfu, rétt norðan núverandi bæjarhúss í Kollsvík. Þar átti Guðmundur góði að hafa hvílt sig (e.t.v. er líklegra að hann hafi staðið á henni og blessað fólk neðar í brekkunni - VÖ) og undir henni á Kollur landnámsmaður að hafa falið vopn sín, þar sem hann getur fylgst með úr haug sínum fremst á Blakknum. Bælishóll framan við Traðargarðinn er annar álagablettur, en þar í á að vera fölgín gullkista.

Álagður (l) Sem lagður er á; viðbættur. „Eftir gjalddaga leggjast dráttarvextir á álögð gjöld“.

Álandsátt / **Álandsgjóra** / **Álandsgola** / **Álandsstormur** / **Álandsvindur** (n, hk/kk) Vindur sem stendur af hafi. Getur hraðað heimsiglingu en einnig aukið sjó og valdið hættu í landtöku. Álandsvindur getur vakið upp *áhladaða*. „Það liggur við þú þurfir að andæfa; hann er kominn með ansi stífa álandsgjólu“.

Álappalega (ao) Klaufalega; kjánalega. „Mér tókst eitthvað álappalega upp við þetta“.

Álappalegur (l) Aulalegur; illa klæddur. „Maður verður dálítið álappalegur í þessum jakka“.

Álasa (s) Ásaka; *bera sakir uppá*. „Það er nú varla hægt að álasa honum fyrir þessa yfirsjón“.

Álaveiðar (n, kvk, fto) Veiðar á ál voru tómstundagaman barna í Kollsvík, með brönduveiðunum. Þeir voru gripnir með höndum og gátu veiðst allt að hálfis metra langir álar í Mýrunum, en heldur eru þeir erfiðir viðureignar; sleipir og syndir jafnt á þurru sem í vatni.

Álega (n, kvk) Það að fugl liggur á eggi til útungunar.

Álegg (n, hk) Það sem sett er á brauðsneið auk smjör/sviðbits, til bragð- og næringarauka.

Áleguhæna (n, kvk) *Ungahæna*; hæna sem liggur á eggjum til útungunar. „Mundu eftir að gefa áleguhænni“.

Áleiðis (ao) *Í áttina*; nokkuð á leið. „Ég var kominn áleiðis þegar ég mundi eftir þessu“. „Viltu ekki fylgja honum áleiðis heim“?

Áleitinn (l) Ásækin; sem leitar/sækir á; nærgöngull. „Sú hugsun varð sífellt áleitnari í huga mínum hvort ekki mætti virkja þessa gríðarlegu orku sjávarfalla“. „Henni fannst hann orðinn full áleitinn“.

Áleitni (n, kvk) Það að leitað sé á; aðsókn. „Niðjar séra Gísla í Sauðlauksdal urðu helst fyrir áleitni Dalla“.

Álengdar (ao) Nokkuð frá; spölkorní burtu. „Við stóðum álengdar og fylgdumst með þessu“.

Áletrun (n, kvk) Það sem letrað/skrifað er á. „Bókin er með áletrun höfundar“.

Álfabátur (n, kk) Bátur álfa/huldufólks. „Mikil útgerð er enn stunduð af huldufólki því sem býr í Kollsvík og grenndinni, ef marka má það sem þjóðtrúin segir um *álfarákir/álfabrautir* sem oft sjást á sjó, og eiga að vera kjölför eftir álfabáta“.

Álfabústaður / **Álfabyggð** / **Álfahóll** / **Álfakirkja** / **Álfaklettur** / **Álfasteinn** (n, kk/kvk) Náttúrumyndanir sem taldar hafa verið bústaðir álfa/huldufólks. Álfabyggð er all mikil í Kollsvík og nágrenni, eftir því sem munnmæli herma. Undir Núpnum er steinninn Árún og á Stöðlinum Rauðukususteinn. Á Brunnsbrekku er Strýtusteinn, en huldufólk þar hafði í stekk í Klettakví. Úti á Hnifun er höllin sjálf; Stórhóll, en hulin göng eru úr honum niður í Sandhelli. Þar í næsta nábyli er Tröllkarlshellir, en íbúi þar kaus fremur félagsskap tröllkonunnar í Tröllkonuhelli í Blakknum, og liggja víst göng milli þeirra hella.

Álfakóngur / **Álfadrottning** (n, kk/kvk) Æðsta tignarfólk álfa/huldufólks. Sjá *álfadans*.

Álfadans (n, kk) Skemmtun á áramóta- eða þrettándahátíð, þar sem álfakóngur og álfadrottning taka þátt í dansi. „Oft hefur það (Umf Von) staðið fyrir álfadansi og blysför, og nokkra smá-sjónleiki hefur það sýnt“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi). „Annar árlegur viðburður á Sandinum var álfadansinn. Ég hef fyrir því *bréfligar* heimildir að þessi álfadans fór fram árin 1907 og 1908, veit ekki hvenær þetta hófst, en minnir að hann hafi staðið til 1943-4.... Það var mikið fjör á álfadönsunum. Þá gengu álfakóngur og drottning um Sandinn í finasta þússi og með kórónur, ásamt hirð sinni; þúkum og allskonar fylgdarliði. Kóngur og drottning þurftu að geta sungið, þar sem þau þurftu að vera *forsöngvarar* fyrir hirð sinni. Og svo „hoppuðu álfar hjarni á, svo heyrðist dun í fellum“ eins og segir í ljóðinu“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

- Álfaháttur** (n, kk) Aulaháttur; bjánaskapur; rataháttur. „Skelfingar álfaháttur var í mér að gleyma þessu“.
- Álfakálfur** (n, kk) Auli; bjálfi; aulakálfur; heimskingi. „Ég hef ekkert að gera með slíka álfakálfa í vinnu“!
- Álfalegur** (l) Álkulegur; bjánalegur; aulalegur. „Er ég ekki fjári álfalegur í þessum jakka“?
- Álfarákir/Álfbrautir** (n, kvk, fto) Lognrákir sem oft myndast á sjónum. Voru sagðar vera kjölfar báta huldufólks sem farið væri í róður. Orsakast líklega af strauma- og hitaskilum og stundum vegna brákar af fitu eða átu á yfirborðinu. „Þeir eru þá í róðri blessaðir“.
- Álfast/álpast til** (orðtak) *Aulast til.* „Bara að maður hefði nú álfast til að setja féð inn fyrir“!
- Álfaþrú** (n, kvk) Sú sannfæring fólks að huldufólk/álfar búi í grenndinni, sem allajafna sést ekki af mennskum mönnum en lifir um flest á líkan hátt og mannfólkið. Hér er ekki um eiginleg trúarbrögð að ræða, heldur mikið fremur tilfinningu fyrir náttúrunni og e.t.v. þörf fyrir nærveru og útrás imyndunarafslins.
- Álfkona / Álfamær** (n, kvk) Huldukona. „Amma sagði að álfkonan hafi gengið frá fjörunni uppyfir Hreggnesa, en horfið uppi í Klettakví“.
- Álfreki** (n, kk) Mannasaur. Heitið var ekki notað en vestra var þekkt orðtakið að *ganga álfreka*, sem merkir að *ganga örna sinna*/ skíta. Líklega vísar heitið til þess að álfar hafi átt að fælast/fyrtast við mannasaur, sem hafi verið mönnum hvatning til þess að láta hann ekki sjást óhulinn á víðavangi.
- Álft** (n, kvk) Svanur; Cygnus cygnus. Stór fugl af andaætt; stærsti fugl Íslands. Alfriðuð sundönd sem algeng er um land allt. Í Kollsvík eru álftir algengar, einkum á vötnum, og hafa stöku sinnum orpið við Litlavatn. Varp er þó harðsött vegna töfu og minks. Álftin er allhvít með þerandi mikið vænghaf og langan háls. Goggur er svartur fremst en með gulri rót. Fætur og augu svört. Til að komast á loft þarf álftin að hlaupa dálítinn spöl á jörð eða vatnsyfirborði. Ef margar eru í hóp fljúga þær oddaflug. Gargið minnir á hljómmikinn lúðrablastur. Álftir eru jurtaætur og grasbítar sem sækja gjarnan í nýrækt bænda og eru þar óvelkomnar, þó Kollsvíkingar hafi aldrei amast við álftum. Þær verja unga sína vasklega og geta veitt öflug högg með vængjum ef þörf kerfur. Hjón halda saman meðan bæði lifa. Raflínur og símalínur eru álftum skeinuhættar, enda sveigja svo þungir fuglar treglega af leið. Vængbrot eru því ekki óalgengur dauðdagi. Sigríði á Láganúpi tókst að græða vængsár álftar um 1960; hafði hana í hlöðunni og fóðraði á brauði o.fl.
- Álftahjón / Álftapar** (n, hk) Álftahjón halda saman meðan bæði lifa.
- Álftakvak / Álftasöngur** (n, hk/kk) Hljóð sem álftir gefa frá sér.
- Álfur** (n, kk) Huldumaður/-kona. Álfar og huldufólk eru tvö heiti á sömu verum; hið fyrra líklega eldra í málinu. Fyrir erlend áhrif hefur heitið álfur færst yfir á litlar lágvaxnar verur, svo sem garðálfa og blómálfa. Það fólk er ekki að finna í eldri íslenskum sögnum, og verður því að teljast innflytjendur. „Ekki heyrði ég um tegundir álfa, en ég held ekki að gerður hafi verið munur á álfum og huldufólki“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms). Sjá *búálfur*.
- Áliðið / Áliðið dags** (l/orðtak) Seint á degi; síðdegi. „Það er því orðið áliðið dags þegar aftur er komið að lendingu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Álit** (n, hk) A. Hald; það sem talið/álitíð er; skoðun. „Hann lét í ljósi sitt álit á þessu“. B. Virðing; uppahald. „Gúrkan er ekki í miklu álit hjá mér“. Hann hvaði ekki mikið álit á þessum fyrirætlunum“.
- Álitamál** (n, hk) Vafamál; eftir því hvernig á það er litið. „Það er álitamál hvort þetta sé hollt, en gott er það“.
- Álitinn** (l) Talinn; skoðaður. „Hann var álitinn færasti bjargmaðurinn í hópnum“.
- Álitlegur** (l) Allmikill; töluverður; eigulegur. „Þetta var álitleg upphæð“.
- Álíka** (l) *Viðlíka*; jafn. „Ég held ég hafi aldrei séð álíka stóran hval og þennan“. „Við erum álíka stórir“.
- Álíkur** (l) Sambærilegur; nærri jafn. „Við vorum álíkir að hæð“.
- Álíta** (s) Telja; vera þeirrar skoðunar; halda; virða. „Með því að líta í tölurnar sjá menn heybirgðirnar; fénaðinn að tölu, og svo hvernig hann áleist vera fóðraður“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Álka** (n, kvk) A. Alca torda. Svartfuglstegund; stundum nefnd *álki* eða *klumba*. Álkan er nokkru minni en langvía, en hvít á kvið og svört á baki, væng, höfði og stéli eins og hún; stuttvængjuð og með hvítröndótt klumbunef. Lengdin er 37-39 cm; þyngd um 600 grömm. Að hluta er álkan farfugl. Álkan verpir gjarnan í flögum eða glufum uppi í klettum, en þó einkum þó inni í stórgryttum urðum undir björgum. Stærsta álkubyggð heims er talin vera á Stóruurð undir Látrabjargi. Mikið er einnig af álku á Langurðum í Bæjarbjargi. Hafa egg hennar mjög verið nýtt gegnum tíðina, og þá einkum tínd í *undirbjargssferðum*. Álka kann að hafa orpið í Hnífunum fyrir á tíð, en þar er örnefnið Álkuskúti. Fæða álkunnar er aðallega smáfiskur s.s. sandsíli, loðna og síld, og er hún flinkur kafari. B. Andlit; trýni. „Farðu nú og þvoðu álkuna á þér drengur“. C. Bjáni; fáviti. „Hann hékk fram á borðið eins og álka“.
- Álki** (n, kk) Svartfuglinn álka var stundum nefnd þannig í karlkyni. „Þarna verpur álki töluvert þétt“.

Álkuegg (n, hk) Egg úr álku. „Álkuegg eru minni og snubbóttari en *langvíuegg* og *nefskeraegg*“.

Álkulegur (l) Bjánalegur; álappalegur. „Hann varð ferlega álkulegur á svip þegar við sögðum frá þessu“.

Álkuvarp (n, hk) Varp álku. „Ekkert álkuvarp er í Álkuskútanum nú á dögum, en töluvert lundavarp...“ (HÖ; Fjaran).

Áll (n, kk) *Anguilla anguilla*. Langur slöngulaga fiskur sem iðulega sést í lækjum og mýrlendi, t.d. í Kollsvík. Þar hafa veiðst kringum 50 cm álar, en állinn getur náð um 100 cm að lengd og um 2 kg þyngd. Állinn er all sérstæður fiskur, bæði varðandi útlit, eiginleika og lífsferil. Í Atlantshafi eru tvær megingundir; evrópsk og amerísk. Álar hrygna á vorin í Þanghafinu, í vestanverðu Atlantshafi. Lirfur berast með Golfstraumnum að ströndum Íslands og Evrópu á um einu ári. Þær breytast í litla glerála sem sækja upp í ferskvatn og umbreytast þar í gulbrún álaseiði. Állinn stækkar síðan um 5-6 cm á ári. Við 35-100 cm stærð heldur hann aftur í Þanghafið til hrygningar, en tekur allmiklum útlitsbreytingum og nefnist þá bjartáll. Állinn er með ugga langs eftir baki og kvið. Roð hans er mjög smáhreistrað og þykkt; þakið þykku slími. Állinn er mjög leifseig skepna og getur skriðið allnokkra vegalengd yfir þurrt land; einkum ef það er rakt. Vegna slímsins getur verið snúið að handsama ál, en bröndu- og álaveiðar voru tómsfundagaman krakka í Kollsvík. Af því er dregið orðtakið *háll sem áll*. Fyrrum gætti þeirrar hjátúrar að állinn sækti í að vinda sig um únlíð manns og bíta hann á *púlsæðina*. Lífsflakk álsins um Atlantshafið var mönnum löngum ráðgáta, en nú er talið að það ferli megi rekja aftur um tugmilljónir ára; til þess tíma að Atlantshafið var mun minna en það er nú.

Álma (n, kvk) A. Hluti af byggingu; afhýsi. B. Tangi/tindur á heykvísl. Heykvíslar eru *tviálma* eða *þriálma*.

Álnarlangur (l) Ein *alin* að lengd; sjá þar. „Þetta er mestmegnis um álnarlangur fiskur“.

Álna (s) Mæla í álnum, t.d. hey eða rekatré.

Álnarhár / Álnarbreiður / Álnardjúpur / Álnarlangur (l) *Alin* á hæð/breidd/dýpt/lengd. „Grasið var sumsstaðar álnarhátt“ . „Hann mátti hirða allt álnarlangt og styttra“.

Álnarkefli / **Álnarlurkur** / **Álnarsprek** (n, hk/kk) Rekaviður sem er um alin að lengd.

Álnavara (n, kvk) Tau; vefnaðarvara; vara sem mæld er í álnum. „Mikið var lagt upp úr því í Gjöggrabúð að eiga alltaf einhverja stranga af álnavöru, t.d. léreft og damask.“

Álnir vaðmáls (orðtak) Verðgildiseining í vöruskiptum fyrir á öldum. Í *búalögum* frá því um 1100 eru 120 álnir; *stórt hundrað*, jafngildar einu *kúgildi*.

Álpa (s) Glopra; segja. „Gastu nú ekki álpað þessu út úr þér fyrir“?

Álpast (s) Fara án tilgangs; villast. „Hversvegna varstu að álpast yfir seilina á þessum stað“.

Álpast á (orðtak) Ratast á; hitta á af tilviljun. „Einhvernvegin álpaðist ég á rétta staðinn til að komast niður í hliðina“.

Álpast til (orðtak) Aulast/asnast til. „Gat hann ekki álpast til að loka á eftir sér hliðinu“?!

Álún (n, hk) Tvísalt, t.d. af kalísúlfati eða alúminíumsúlfati. Notað fyrir á tíð til lækninga og skinnaverkunar.

Álútur (l) Um líkamsstöðu; boginn; *áboginn*; *bograndi*. „Hann stóð álútur yfir milligerðinni þegar hrúturinn renndi aftan á hann“.

Álykta (s) A. Telja; komast að niðurstöðu; halda. „Af þessu ályktaði ég að þeir væru farnir“. B. Um umfjöllun fundar; gera samþykkt; skila niðurstöðu.

Ályktun / Ályktunartillaga (n, kvk) Álit; niðurstaða; tillaga að álit. „...þrír menn yrðu kjörnir til þess að semja ályktunartillögu fundarins í þessu máli“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Ályktunarbær (l) Um fund; fær um að gera ályktanir; ályktunarfær. „Ég sé ekki annað en að þessi fundur sé fyllilega ályktunarbær í þessu efni; hér er samankominn meirihluti félagsmanna“.

Álög (n, hk, fto) A. Galdrar/áhrinsorð sem lögð eru á menn eða staði; sjá *álagablettur*. B. *Plagsiður*; árátta. „Það eru eins og það séu álög á honum að geta ekki séð gift kvenfólk í friði“.

Álögur (n, kvk, fto) Skattar og aðrar skyldugreiðslur . „Hann var aldrei sáttur við álögur hreppsnefndarinnar“.

Áma (n, kvk) Stór tunna; kerald; gámur. Fyrrum var áma sumsstaðar talin mælieining fyrir 1000 lítra.

Ámatur (n, kk) Matur unninn úr sauðamjólk. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Ámálga (s) Nefna; *færa í tal*; *nunna að*; *hreyfa*; *mælast til*; *andvarpa um* „Ég ámálgaði þetta við hann en fékk daufar undirtektir“. Sjá *málga*.

Ámálgun (n, kvk) Tilmæli; það sem fært er í tal; beiðni; ósk. „Leyfinu fylgdi ámálgun um það að koma landshlutnum alla leið til eigandans“.

Ámátlega (ao) Aumlega; velæðdarlega. „Kötturinn sat innanvið gluggann og vældi ámátlega meðan hann horfði á snjótittlingana úða í sig fræinu fyrir utan“.

Ámátlegt (l) Aumingjalegt; vesælt. „Óttalega er þetta ámátlegt væl“.

Áminna (s) A. Minna á; vekja athygli einhvers á einhverju. „Ég áminnti hann um að hirða lifur í hausastöppu“. B. Átelja; víta; kæra.

Áminning (n, kvk) A. Það að áminna/ minna/minnast á/ vekja athygli á. „Þetta var honum þörf áminning“. B. Átölur; skammir. „Það verður að veita honum rækilega áminningu fyrir svona athæfi“!

Ámóta (l) Jafn; *álíka*; svipað; *mótlíka*; *viðlíka*. „Það var ámóta mikill afli hjá þeim báðum“.

Ámæli (n, hk) Ávítur; átölur; sakarburður. „Hann sætti nokkru ámæli fyrir verknaðinn“.

Ámælisvert (l) Aðfinnsluvert; ekki til fyrirmyndar; nær vítavert. „Svona lagað er mjög ámælisvert“.

Án (fs) Utan; sem vantar. „Þetta er illgerlegt án töluverðrar aðstoðar“. „Ég get illa verið án vasahnífsins“.

Án afláts (orðtak) Án þess að hætta; í samfellu/síbylju; stöðugt. „Hrafinn dundaði við að kroppa utanaf beininu þó hundurinn gælti án afláts neðanvið staurinn“.

Án þess að blikna (eða blána) / Án þess að depla auga (orðtak) Án þess að fölna/ skipta litum í andliti; án þess að bregða. „Nú lýgur hann án þess að blikna“. „Hann fullyrti þetta án þess að blikna eða blána“.

Án þess að spyrja kóng eða prest (orðtak) Án samráðs; *upp á sitt eindæmi*; á eigin ábyrgð. „Hann fór með kerru og sótti tréð; án þess að spyrja kóng eða prest“.

Ánafna (einhverjum) (s) Heita einhverjum til eignar; erfa einhvern að. „Hann ánafnaði dóttursyni sínum bátinn“.

Ánalega (ao) Kjánalega; aulalega. „Mér fannst hann hegða sér ansi ánalega“.

Ánalegur (l) Kjánalegur; aulalegur. „Skelfing finnst mér maðurinn einatt ánalegur“!

Ánamaðkur (n, kk) Liðormar af ættinni Lumbricidae. Tvíkynja rauðbrúnir ormar með blóðrás og opið meltingarkerfi sem lifa í mold og nærast á rotandi gróðurleifum. Ánamaðkurinn er talinn nauðsynjaskepna í allri ræktun, þar sem hann losar um jarðvegin og bætir aðgengi jurta að næringu. Hann er einnig vinsæll sem beita fyrir fisk. Sú tilgáta hefur komið fram að heitið hafi upphaflega verið „ámumaðkur“ þar sem hann hafi verið talinn góð lækning við bólgu (ámu). Ormurinn finnst tíðum undir t.d. steinum og öðrum hlutum sem liggja á moldarjarðvegi, og hann kemur upp við miklar rigningar. Sé hann skorinn í tvennt geta báðir helmingar lifað og grætt sig að miklu leyti.

Ánauð (n, kvk) Þrældómur; þrælkun; ófrelsi.

Ánauðugur (l) Þrælkaður; undirokaður; ófrjáls. „Leiguliðar voru í raun ánauðugir þrælur landeigenda“.

Ánefna (s) Minnast á; nefna; gera viðvart; árétt. „Hann bað mig að ánefna þetta sem hann bað þig um í gær“.

Ánetjaður (l) Flæktur í net. „Er laxinn örugglega ánetjaður og inni í pokanum“?

Ánetjast (s) Um veiði; festast í neti. „Möskvinn verður að vera hæfilega stór og netið rétt fellt og lagt til að einhver von sé um að fiskurinn ánetjist“.

Áning (n, kvk) Hvíld/stöðvun á ferðalagi. „Við verðum seint komnir með þessum eilífu áningum“!

Áningarstaður (n, kk) Hvíldarstaður á ferðalagi. Sumsstaðar við gömlu þjóðleiðirnar voru hefðbundnir áningarstaðir svo sem Sunnmannalág, kærkominn áningarstaður þeirra sem komu sunnan að, eftir að hafa svalað þorstanum í Árósum þar rétt neðar. Þeir sem komu úr lyngrífi að Kollsvík áðu við Hvíldarstein, framanvið Leitið. Framan við Kollsvíkurtó er Gvendarstein; áningarstaður Guðmundar biskups hins góða á leið hans til Kollsvíkur. Í Kollsvíkurtúni er Biskupsþúfa þar sem Guðmundur biskup áði þegar hann vígði Gvendarbrunn, þar nærri. Efst á Hænuvíkurhálsi er Grasvarða, á miðri leið og því sjálfsagður áningarstaður.

Áníðsla (n, kvk) Það sem gengur á/ þrengir að/ skerðir gæði um of; ágangur. „Þegar mest var af fé í Kollsvíkinni, um og eftir 1960, stappaði nærri að sum beitarlönd sættu áníðslu um of.“

Ánýja (s) Minna á; ítreka. „Þú verður að ánýja þetta við hann; ef hann skyldi hafa gleymt því“.

Ánýjun (n, kvk) Ítrekun; áminning.

Ánægður (l) Sáttur; glaður; hýr. „Hann var mjög ánægður með sinn hlut“. „Ekki er ég alveg ánægður með fráganginn á þessu“.

Ánægja (n, kvk) Það að vera sáttur/ánægður. „Ánægjan skein af honum þegar féð var allt komið upp á brún“. „Þetta skal ég með mestu ánægju gera!“ „Ég hef litla ánægju af því að hanga lengi í samkvæmum“.

Ánægjuefni (n, hk) Það sem veitir ánægju; gleðiefni. „Það er ekkert ánægjuefni að hafa kriuvarp í túninu“.

Ánægjulegt / Ánægjusamt (l) Sem veitir ánægju. „Það var ánægjulegt að þetta tókst vel“. „Hvernig getum við lifað ánægjusömu lífi“ (fundarefni á 1. starfsári Umf Vöku, stofnað 1916).

Ánægjustund (n, kvk) Gleðistund; sælutími. „Róður í góðu veðri og veiðar í viljugum fiski veitir einhverjar mestu ánægjustundir sem nokkur maður getur upplifað“.

Ánægjusvipur (n, kk) Svipur sem lýsir ánægju. „Þú hefur átt að sjá ánægjusvipinn á honum þegar hann fékk neftóbaksdósina“!

Áorðinn (l) Orðinn; skeður. „Þarna er *heldurbetur* breyting áorðin; Áin rennur til sjávar norðurundir Breiðaskeri“

Áorka (s) Koma í verk; vinna; geta; *verða ágengt*. „Hann fékk töluverðu áorkað í þessum efnunum“.

Ár (n, kvk) Áhald til að róa báti. Árar hafa alltaf verið ómissandi hluti af farviðum báta; sem öryggistæki þegar segl eða vélar bila og sem helsti drifbúnaður báta á fyrri tíð, auk segla. Lag og gerð þeirra hefur haldist óbreytt frá ómunatíð, þó margt annað hafi breyst í gerð báta. Lengd ára á tveggja til fjögurra manna förum er 10-12 fet, eða fast að fjórum metrum. Helstu hlutar árar eru þessir: *Hlummur* nefnist sívalur efri endinn, sem um er haldið þegar róid er. Á minni bátum reri sami maður á bæði borð og hlummurinn var stuttur, en stærri bátar höfðu svonefndar tvíhendisárar; með löngum hlummi sem sami maður hélt um báðum höndum. Næst kemur árastokkur; ferkantaður hluti árinna sem hvílir á borðstokknum. Hann er oft girtur gjarðajárni til slitvarnar og á seinni tímum var fest gegnum hann lykkju sem gekk upp á *tolluna* á borðstokknum. Fyrrum var slitvörnin úr hvalbeini og nefndist skautar. Næsti hluti árinna er leggur/áraleggur, sem oftast er sívalur og spannar nær hálf lengd árinna. Fremsti hlutinn er árablað, en mót þess við leggin nefnist áraröxl. Það sem fram veit á árablaðinu nefnist bak/árabak, og er oftast með kambi sem á sunnanverðum Vestfjörðum nefndist *straumvör*. Árar voru kenndar við það rúm sem þeim var róid í. (heimild; LK; Ísl. sjávarhættir II).

Ár (n, hk) A. Tímabil; rúmfrá 365 dagar (365,2425); tíminn sem það tekur jörðina að ganga einn hring um sólina. Því sem er umfram 365 er safnað í hlaupársdaga, og þá er árið 366 dagar í stað 365. Líklega er orðið upprunalega af sama stofni og „jörð“, og vísar til þess að jörð grænkar árlega. B. Um árferði; gott í ári. „Ég óska ykkur öllum árs og friðar“.

Ár eftir ár (orðtak) Hvert árið á fætur öðru. „Hann hefur lagfært réttina, ár eftir ár“.

Ár frá ári (orðtak) Frá einu árinu til annars. „Þetta hefur verið að versna, ár frá ári“.

Ár og dagur (orðtak) Mjög langur tími. „Það er ár og dagur síðan ég sá hann síðast“. „Það getur liðið ár og dagur þar til honum þóknast að koma þessu í verk“!

Ár og síð (og alla daga) (orðtak) Alltaf; sífellt; alla tíð. „Hann vinnur að þessu ár og síð og alla daga“. „Ár“ merkir þarna sama og „árla“ (snemma).

Árabarningur (n, kk) Erfiðisvinna við róður. „Miklu munaði hvort byr væri hagstæður til siglingar eða hvort framundan væri árabarningurinn“.

Árabátaöld (n, kvk) Tíminn fyrir notkun véla í bátum. Mjög er misjafnt hvað fellur undir þessa skilgreiningu, en í daglegu máli Kollsvíkinga og margra annarra er átt við tímann meðan hagkvæmt þótti að gera út á léttbyggðum árabátum frá hafnlausum verum eins og Kollsvíkurveri, þ.e. frá landnámi og fram undir 1930. Sumir vilja hafa skiptinguna öðruvísi, og láta árabátaöld enda þegar skútuöld hófst, en sú skipting er ekki eins rökrétt.

Árabátur (n, kk) Bátur sem knúinn er árum, og stundum e.t.v. segli. „...fimm litlir árabátar lögðu af stað í fiskiróður...“ (ÖG; Þokuróður). „Fyrsta sjóferð mín var farin úr Kollsvíkurveri á litlum árabát sem faðir minn átti og hét Svala“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Árafar (n, hk) Íða sem myndast í sjónum eftir áratog. „Í logninu mátti greina áraför langt fyrir aftan bátinn“.

Árafriður (n, kk) Unnt að róa. „...verða menn að fara svo nærri Töngunum að alleina er árafriður milli klettsins Selkolls til lands, og er þó tuttugu faðma dýpi“: Lýsing Ara Finnsonar í Saurbæ (MG; Látrabjarg).

Árafrítt (l) *Árafriður* milli báts og kletta. Telja sumir sem um Skorarvog hafa farið (við heyflutninga) að heita megi að rétt sé rúmlega árafrítt (þ.e. að árar taki ekki út í veggina) á fjögurra manna fari þegar róid sé um voginn“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár). „Þannig hagar til í Kollsvík að tveir klettaklakkar eru nokkuð fyrir framan lendinguna, og er lítið bil milli þeirra en þó vel árafrítt, og var það kölluð miðleið“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Áraglamm / Áraglamur (n, hk) Glamrið sem heyrir þegar árin skarkar á tollunni. „Í lognkyrrð hefur eflaust mátt greina áraglammid frammi á vikinni þegar fjöldi báta hélt heim í Kollsvíkurver eftir lóðadráttinn“.

Ára(r)hlummur (n, kk) Sá endi árinna sem haldið er um þegar róid er; handfang á ár. Sjá *hlummur*.

Ára(r)keipur (n, kk) Keipur; tolla; tittur á borðstokknum sem heldur við árina þegar róid er. Sjá *keipur*.

Árakornið (n, hk, m.gr) Vægt blótsyrði/áhersluorð. „Ég held árakornið að við verðum komnir fyrir mjaltir“.

Áralag / Áratag (n, hk) Taktur sem ræðarar þurfa að halda þegar tveir eða fleiri róa saman. Byrjendur eru oft nokkurn tíma að ná áralaginu, og gengur því *brösulega* að nýta kraftana og koma bátum rétta leið.

Áralangur (l) Tími sem mældur er í árum. „Honum þótti gott að komast loks heim eftir áralangan flækning“.

Áralega (l) Bölvanlega; illa. „Mér líður bara áralega af þessum höfuðverk“.

Áraljón (n, hk) Gæluheiti á báti; bátskenning.

Áramót (n, hk, fto) Skilin þar sem gamla árið líður á enda en nýtt ár byrjar.

Áramótabrenna (n, kvk) Áramótabrennur voru kveiktar á bæjum í Kollsvík, a.m.k. á síðari hluta 20. aldar þó ekki sé vitað hvað sá siður er gamall. Brenna í Kollsvík var jafnan uppi á Trantala, en brenna á Láganúpi ýmist úti á Gróumel eða uppi undir Hjöllum. Brennt var m.a. því sem safnað hafði verið í hreingerningu kringum bæina fyrir hátíðarnar. Einstaka rakettum var skotið upp eftir að þær urðu fáanlegar. Var þetta mikil skemtun, ekki síst fyrir börnin. Fyrir kom að brenninni var frestað fram á þrettándann, ef þannig viðraði.

Áramótafagnaður (n, kk) Hátíðahöld um áramót. „Stundum á áramótum bjuggu menn sig í grimubúninga og gengu um með kyndla. Það var aðeins fullorðið fólk; unglingar máttu ekki taka þátt í því. Svo var spilað“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Áran (n, kvk) Döngun; viðgangur; gengi; framvinda; árferði. „Heldur hefur verið slæm áran í fénu hjá honum *uppá síðkastið*. Ég er hræddur um að það gæti verið með orma“.

Árangur (n, kk) Það sem áorkað er; ávinningur; afurð. „Þá vil ég láta þess getið að þeir Gísli Ó Thorlacius og Jón Pétursson hafa gefið ám, lömbum og hrossum nýja mjólkursýru með ágætum árangri“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Árangurslaust / Árangurslítið (l) Með engum/litlum árangri. „Þessi tilraun varð árangurslaus“

Árans beinið/þrælbeinið (orðtak) Bölvaður þrjóturinn. „Haldiði ekki að árans þrælbeinið hafi stolið af mér netasteinunum“!

Áransári (l) Milt blótsyrði eða til áherslu/áréttingar. „Áransári! Þarna datt golþorskur af slóðanum; rétt við borðið“! „Þetta er áransári mikill bátur“!

Áransekkisen (l) Bönnvaður; fjárans; béaður. „Eru nú ekki áransekkisen hrútarnir komnir norður í Hryggi“!

Áransgrei (n, hk, m.gr.) Áhersluorð. „Lúðan var komin alveg uppundir borðstokk þegar hún sleit sig af, áransgreið“. „Hann steingleymdi að loka hliðinu áransgreið“.

Áransnær (fs) *Andskotansnær; fjandansnær; staðið nær; verið betra*. „Mér hefði verið áransnær að *halda* betur *til dagsins* í gær; það er ekkert hægt að *hreyfa heyi* í dag“.

Árabak (n, hk) Sú hlið árablaðs sem snýr fram, þ.e. er undan átaki árinna þegar róið er.

Árablað (n, hk) Fremsti hluti árinna, þ.e. flati hlutinn sem er í sjónum þegar róið er.

Árarleggur (n, kk) Sá hluti árar báts sem er milli árablaðs og árarstokks. Oft sívalur, eða því sem næst.

Árarskauti (n, kk) Hlíðarþynnur/skinnur um miðju árarstokks, til hlífðar gegn núningi við keipa og borðstokk. Fyrrum oft úr hvalbeini en í seinni tíð úr járn.

Árarstokkur (n, kk) Sá hluti árinna sem er milli árarleggs og árarhlumms, og tekur við átakanu við árarkeipa/tollur og borðstokk. Jafnan ferkantaður og oft með *árarskautum* þar sem mest mæðir á.

Áraskipti (n, hk, fto) Mismunur milli ára. „Það gátu orðið allmikil áraskipti að grásleppuveiðinni“.

Áraspaði (n, kk) Stuttur spaði sem notaður er til að róa með. „Tunnubátum reri maður með sínum áraspaðanum í hvorri hendi. Hentugasta efni í þá var bútur af þunnum krossvið, negldur á *prikstúf*“.

Áratag / Áratog (n, hk) Tog í ár þegar bát er róið. „Nokkrum áratogum síðar rann sjór inn á *bæði borð*, svo báturinn fylltist og hvolfði þegar“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „En þegar þeir eru búnir að róa nokkur áratog sjá þeir fuglakippurnar sínar...“ (TÖ; Undirbjargsferð frá Kollsvík).

Áratugur (n, kk) Tíu ár.

Áraun (n, kvk) Áreynsla; álag. „Það var bara andskota mikil áraun að koma bolnum upp fyrir flæðarmál“.

Árás (n, kvk) Atlaga; yfiringur. „Þann 17.apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar árásar í minn garð, um að ég gerði mannmun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Áráttá (n, kvk) *Plagsiður*; kækur. „Það er hvímeið áráttá hjá sumum ferðamönnum að aka utan vega“.

Árbakki (n, kk) Bakki á á eða læk. „Bröndurnar lágu oft undir árbakkanum og þar náðum við að grípa þær, en til þess þurfti nokkra lagni“.

Árbítur (n, kk) Annað heiti á morgunverði, sem sjaldan heyrir nú til dags.

Árblik (n, hk) Morgunsól; morgunskíma. Einkum notað í skáldskap.

Árbotn (n, kk) Botn á á eða læk. „Þarna á árbotninum sá ég glitta í vasahnífinn. Hann hafði runnið í ána þegar ég var að eiga við brönduna“.

Árbók / Ársrit (n, kvk) Bók sem gefin er út árlega, annáll. T.d. Árbók Barðastrandasýslu.

Árdagssól (n, kvk) Morgunsól; sólskin að morgni; *ársól*. „Úr því gengur ferðin ákjósanlega, þótt hægt miði áfram í logni; undir risi árdagssólar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Árdalur (n, kk) Dalur sem á rennur eftir/ sem er mótaður af árrennsli. „Gegnum Breiðsholtið skerst Árdalur. Í honum rennur Vatnadal frá Litlavatni niður í Vatnadalbót í *leysingum* og *stórríningum*“.

Árdegis (ao) Snemma dags; fyrir hádegi. „Það var kveikt kl 6-7; þá var miðdagsmatur. Ekkert hafði verið borðað frá því kl 10 árdegis, en kl 12 á hádegi var kaffi fyrir fullorðna en grasate fyrir börn og unglinga (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Árdegisflæði (n, kvk) Flóð/flæði/aðfall sem verður að morgni eða fyrirpart dags. „Við settum á flot á árdegisflæðinni og vorum komnir á miðin um túleytið“.

Árdegisróður (n, kk) Róður sem farinn er snemma morguns eða fyrirhluta dags.

Árefti (n, hk) A. Notað í víðri merkingu um þakviði torfhúsa, aðra en sperrur og rafta;þ.e. *langbönd*, *sprek* og *tróð*. B. Í þengri merkingu nær orðið einungis yfir sprek það og tróð sem notað var ofan á sperrur, á stöðum sem ekki bjuggu að brúklegu hellutaki. Tyrft var ofaná áreftið. „Föni var happaskip. Endalok hans urðu þau sömu og flestra gæfusamra skipa; hann var rifinn uppúr aldamótum 1900 og efnið úr honum var notað sem árefti á hús í Kollsvík“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Rifin úr Þæfingi voru notuð í búdir í Kollsvíkurveri, sunnantil á norðurklettunum og e.t.v. víðar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Áreiðanlega (ao) Örugglega; eflaust; vafalaust. „Hann veit áreiðanlega hvernig er best að snúa sér í þessu“.

Áreiðanlegur (l) Traustur; öruggur; viss; *óbrigðull*. „Ekki veit ég hversu áreiðanlegur hann er með ártölin“.

Áreita (s) Ergja; pirra; gera mein/skráveifu. „Það höfðu menn fyrir satt að draugurinn hafi losað sig skömmu síðar og farið heim til Benedikts og áreitt hann...“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Áreitni (n, kvk) Stríðni; hrekki; ertni; kvabb; ónáði. „Hann taldi sig verða lausan við áreitni af hendi þessara trúboða; allavega hefðu þeir fengið nóg í bili“.

Árekstur (n, kk) A. Það að reka fé sitt á annars manns land til beitar í heimildarleysi. B. Samstuð; ákeyrsla. „Ég sló af þegar ég sá að árekstr myndi annars verða“. C. Líkingamál; glíma mismunandi hagsmuna; þræta.

Árennilegt (l) Fýsilegt; aðlaðandi. „Ekki þótti þeim árennilegt að leggja þarna upp“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Árennsli (n, hk) Klakabunki sem myndast við vatnsrennsli í frosti. „Það er feikn mikið árennsli á Tunguhlíðinni núna“. „Sagði hann að nú væri þarna svellað mjög vegna árennslis ofanfrá og stórhættulegt umferðar“ (MG; Látrabjarg). Var einnig notað um það þegar vatn rann yfir veg eða annað til skaða.

Áreynsla (n, kvk) Átak sem reynir á krafta/þol. „Hann var *kafríjóður* og *lafmóður* eftir áreynslun“.

Áreynslulaust / Áreynslulítið (l) Án verulegrar áreynslu.

Árétta (s) A. Eiginleg merking; rétta af; gera hæfilegt. „Það þyrfti aðeins að árétta skaftið svo það gangi í hamarshausinn“. B. Alg. líking; Ítreka; segja skýrar. „Það er vissara að árétta það sem ég minnst á í gær“.

Árétti (n, hk) Um bátasmíði; lítill fleygur sem rekinn var að innanverðu í trénagla (sem bátar voru *seymdir* með fyrrum) til að festa hann og þétta í gatinu.

Áréttung (n, kvk) Staðfesting; ítrekun; skýring. „Ég sendi þetta í kjölfar fyrra erindis til frekari áréttingar“.

Árfar / Árfarvegur (n, hk/kk) Farvegur vatns sem allajafna er þurr nema e.t.v. í leysingum. „Árfarvegur“ var meira notað í seinni tíð í Kollsvík. Ekki er ólíklegt að önefnið „Árdalur“, neðst í Vatnadal, hafi fyrrum verið „Árfar“, þar sem þar hagar svo til, enda léttara í munni og eðlilegra.

Árferði (n, hk) Tíðarfar/gengi yfir nokkurn tíma, s.s. hluta úr ári. „Árferði hefur verið gott, það sem af er sumri“.

Árgangur (n, kk) Öll eintök sem gefin hafa verið út af tímariti/dagblaði yfir eitt ár. „Við hentum einhverjum árgöngum af Lögbirtingablaðinu“. Orðið var fyrrum svipaðrar merkingar og *árferði*.

Árgerð (n, kvk) Sé gerð af tæki, t.d. bíl/traktor, sem framleidd er á tilteknu ári. Heitið er nýlegt í málinu.

Árgjald (n, hk) Gjald sem árlega er greitt sama aðila, t.d. fyrir félagsaðild. „Einhverjir áttu ógreidd árgjöld sín hjá Bræðrabandinu, en gerðu þau upp á fundinum“.

- Árgljúfur** (n, hk) Gljúfur sem á rennur um og hefur mótað. „Árgljúfur Skápadalsár eru líklega þau tilkomumestu í Rauðasandshreppi“.
- Árgæska** (n, kvk) Góð tíð; gott tíðarfar. „Hér hefur í sumar verið hin mesta árgæska til lands og sjávar“.
„Æskilegt hefði verið að geta gefið skýrslu um árlegan vöxt viðskiptanna, en slíkar upplýsingar eru ekki fyrir hendi; enda eru þær mjög háðar árgæsku eða vondu árferði“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Árhringur** (n, kk) Hringur í þversöguðu tré, sem sýnir hver árlegur vöxtur þess hefur verið og hvað það er gamalt.
- Árhundruð** (n, hk, fto) Mörg hundruð ára. „Líklegt er að Grundabakkarnir hafi þyknað yfir árhundraða útgerðarsögu, þegar þar hafa hlaðist upp lög af verbúðarústum, beitarhúsum, sandi og gróðri“.
- Ári** (kk/ao) A. Púki; drýsildjöfull; illur andi. „Þetta mega þeir eiga skuldlaust; andskotinn og árar hans. Ég kem ekki nálægt þessu meir“! B. Áhersluorð; milt blótsyrði. „Árans ári var það; að tapa hnífnum“! „Þetta er árans ekki nein veiði“. „Árinn hafi það“. „Hann er orðinn ári kaldur“. „Það er ári hart að *búa við* þetta“!
- Árið um kring / Árið út og inn** (orðtak) Allt árið. „Oft munu menn hafa haft fasta búsetu í Kollsvíkurveri árið um kring“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Árinni kennir illur ræðari** (orðatiltæki) Notað um það þegar menn kenna verkfærum eða öðrum um sín eigin mistök/vandræði. Líkingin vísar til þess að ræðari kenni árinni um vangetu sína og klaufaskap.
- Áriðandi** (l) Mikilvægt. „Það er mjög áriðandi að þetta gleymist ekki“.
- Árkvörn** (n, kvk) Skessuketill; hringlaga hylur eða dýpi í á, t.d. þar sem steinar hafa holað berg með hringsnúningi. „Kvarnargrund er mynduð af framburði Bjarngötudalsár, en árkvörn er þar við. (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).
- Árla** (ao) Snemma.
- Árla dags / Árla morguns** (orðtak) Snemma að degi. „Hann var vaknaður árla dags og farinn að *slá í þurrkinn*“.
„Hæfilegur vindkaldi er legði í segl, væri þó vel þeginn. En þetta er oft árla morguns og lygnasti tími sólarhringsins“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Árla skal verks vitja** (orðatiltæki) Snemma skal hefja vinnu; *morgunstund gefur gull í mund; taka daginn snemma*. Vísar til þeirrar dyggðar sem fyrir á tíð var mönnum einna efst í huga; að vakna snemma og byrja að vinna.
- Árlangt** (ao) Langt frameftir árinu; eins langt og árið nær. „Hún var þar í vinnumennsku árlangt“.
- Árlega** (ao) Sem gerist á hverju ári. „Þetta gerðist árlega í nokkur ár“.
- Árlegur** (l) Á hverju ári. „Hann var árlegur gestur í *eggtíðinni*“.
- Ármaður** (n, kk) Gæslumaður; umboðsmaður; ráðsmaður. Einkum notað í skáldskap á seinni tímum.
- Ármynni** (n, hk) Útfall ár, þar sem á fellur í sjó. Oft nefnt *árós* nútildags, sjá þar.
- Ármöl** (n, kvk) Möl í árfarvegi; smágertr grjót sem mulið er og mótað af vatnsfalli.
- Árna heilla** (orðtak) Óska til hamingju; óska alls hins besta. „Í lok ræðu sinnar árnaði hann félaginu heilla“.
- Árnaðaróskir** (n, kvk, fto) Heillaóskir; hamingjuóskir.
- Árniður** (n, kk) Gjálfur/kliður í rennandi álæk. „Mikill *árniður* í kvöldkyrrð boðaði sunnanátt“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM).
- Áróður** (n, kk) A. Í fornri merkingu var orðtakið „að *taka áróður*“ haft yfir það að *kippa*, þ.e. róa aftur á fiskislóð sem rekið hefur af. (LK Ísl. sjávarhættir IV). Hefur ekki heyrst þannig í Kollsvík í seinni tíð. B. Það að vera ráðinn í skipsrúm; sjómennska. „Leiguliðar Bæjarbónda í Patreksfirði voru flestir skyldugir til áróðra á bátum hans í Útvíkum“. C. Algengt líkingamál; yfir það að vinna málefni framgang.
- Áróðurskjaftæði / Áróðursþvæla** (n, hk) Niðrandi heiti á skoðanamyndandi efni/riti/dagblaði/texta/ræðu. „Ég nenni ekki að lesa þetta áróðurskjaftæði í leiðaranum“. „Andskotans áróðursþvæla er þetta nú“!
- Árósar** (n, kk, fto) Upptök ár; örnefni í Kollsvík. Áin rennur í miðri vikinni, en hún á upptök sín að mestu leyti í Árósum; uppi undir Umvarpi, norðan Hestkeldu. Þarna virðist því hafa haldist hin upprunalega merking orðsins „ós“; upphaf, sbr. máltækið „á skal að ósi stemma“.
- Árrisull** (l) Snemma kominn á fætur; morgunhani. „Þú ert árrisull í dag, þykir mér“. „Oft var því þrifið til ára til að ná bestu miðunum. Sumir voru lagnir á að vera árrisulli en hinir, og fljótir út“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Ársafli** (n, kk) Afli yfir árið.
- Ársfjórðungur** (n, kk) Þrjú samliggjandi mánuðir ársins.

- Árslok** (n, hk, fto) Lok ársins. „Hann þarf að greiða þetta fyrir árslok“.
- Ársmáður** (n, kk) Sá sem ráðinn er til vinnu í eitt ár eða meira; sá sem dvelur á sama stað yfir árið. „Pétur hefur fundið hjá sér ástæðu til að tjá tilfinningar sínar þó hann væri ekki lengur ársmaður á Rauðasandi“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Ársól** (n, kvk) Morgunsól; sólskin að morgni til; *árdagssól*.
- Árspræna** (n, kvk) Lítil á; lækur. „Rétt fyrir ofan bæinn skiptist gilið. Koma þar saman tvær ársprænur, sín úr hvorri átt“ (KJK; Örn.skrá Tungu).
- Árstillag** (n, hk) Árgjald. „Fjelagar geta orðið þeir er greiða árstillag, minnst eina krónu, fyrir 1. mars ár hvert“ (Reglur Lestrarfjelagsins Bernskan í Rauðasandshreppi).
- Árstíð** (n, kvk) Árið skiptist í fjórar árstíðir; vetur, sumar vor og haust.
- Árstíðabrigði** (n, hk, fto) Mismunur/breyting milli árstíða, t.d. í veðurfari. „Nú sýnist mér loks ætla að verða einhver árstíðabrigði þetta vorið. Eitthvað er að draga úr þessum *kuldaþræsingi*“.
- Árstíðabundinn** (l) Tengdur/háður árstíð hverju sinni. „Leikir okkar voru árstíðabundnir“ (IG; Æskuminningar).
- Árstími** (n, kk) Tími árs; árstíð. „Svona veðráttta er fremur óvanaleg á þessum árstíma“.
- Ársverk** (n, hk) Vinna manns yfir eitt ár. „Hvað skyldu mörg ársverk liggja í þessum gömlu aflögðu samgöngumannvirkjum; hestavegum og vörðum“?
- Ársæld** (n, kvk) Góðæri; hagsæld. „Það er óvíst að áfram verði sama ársældin, og því betra að *búa í haginn*“.
- Ártal** (n, hk) Hlaupandi númer sem ár eru merkt með. Venja er að miða ártöl við fæðingartíma Krists samkvæmt biblíulegum útreikningum, og telja afturábak fyrir þann tíma en áfram eftir hann. „Ekki veit ég gjörla ártalið, enda gerðist þetta löngu fyrir mitt minni“.
- Ártíð** (n, kvk) Dánardægur manns. Í kaþólskri trú er venja að minnast ártíða helgra manna, en sjaldan er talað um slíkt varðandi óbreyttar sálir.
- Árvekni** (n, kvk) Gát; eftirlit; *vakandi auga*. „Það þarf að fylgjast með túnunum af meiri árvekni“.
- Árviss** (l) Á hverju ári; árlegur. „Eina árvissa flutningaferð þurfti að fara á hverju hausti, en það var heimflutningur á slátri frá sláturhúsinu á Gjögurum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Árvökull** (l) Næmur; sem hefur *vakandi auga* með breytingum; eftirtektarsamur.
- Árvökult auga** (l) Góð eftirtekt; næmni. „Það þarf að hafa árvökult auga með túnrollunum og reyna að sjá hvar þær komast í gegnum girðinguna“.
- Árþúsund** (n, kvk/hk) Þúsund ár. Orðið er sérstætt fyrir þær sakir að í eintölu er það jafnan í hvorugkyni en í fleirtölu í kvenkyni. „Ég held hann komist varla frá verkinu á þessu árþúsundi“. „Gegnum árþúsundirnar hefur brimið grafið svo undan berginu að stórar spildur hrynja úr því og mynda urðir“.
- Áræða** (s) Þora; hafa kjark til. „Ég áræddi ekki að fara strax til baka til að huga frekar að skrímslinu“.
- Áræði** (n, hk) Þor; kjarkur. „Hann sagðist hvorki skorta áræði né getu til að ná ánni úr sveltinu“.
- Áræðinn** (l) Kjarkmikill; *kjarkaður*; hugaður. „...og Bjarni sjálfur verklaginn og áræðinn að hverju sem hann gekk“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Áræðismaður** (n, kk) Sá sem er áræðinn. „Hann var dugnaðarforkur og áræðismaður til allra verka“.
- Áræðni** (l) Djirfska; vogun. „Það þurfti áræðni til að leggja í þessa áhættusömu björgun undir Látrabjargi“.
- Ás** (n, kk) A. Leiti; hæð. „Fjánhópurinn var að hverfa þarna yfir ásin“. B. Spil í spilastokk; ýmist með hæsta eða lægsta gildi í sinni litaröð. C. Lína; færi; vaður; kjarni í vað. „Á Patreksfirði voru hákarlalóðir einungis með tveimur *sóknun* (krókum) og var langt á milli þeirra. *Ásinn* (línan) var úr vöfðum kaðli, en *öngultaumurinn* úr keðju...“ (Frásögn Ó.E.Th; Ísl Sjávarhættir III) „Í bjargvöðum sem notaðir voru í seinni tíð var sterkur þáttur sem kjarni í miðju, ásin, og um hann snúnir aðrir þættir vaðsins“. D. Öxull; möndull. „Unnt er að raða mörgum hverflum upp á sama ás“. E. Lárétt meginburðartré/raftur í húsmæni. „Á sumum torfhúsum tíðkaðist að hafa ásþak, en þá voru hlaðnir upp gaflarnir og milli þeirra lagt ástré. Sperrur voru lagðar af vegglaegju upp á ásin; langbönd/sprek þar á, en síðan kom hellulögn; tróð og þökur“. F. Láréttur teinn í neðri enda eins eða tveggja króka veiðarfæris. „Eftir Færeyingum var tekinn sá siður að festa tein, ás, neðarlega í blýlóðið“ (um færi til þorskveiða; LK; Ísl.sjávarhættir III) Á hvorum enda ássins var krókur. „Svipmesti hluti veiðarfærisins var lagvaðsásinn; 10-12 feta langt tré, sterkt og vel viðað. Hann hélst láréttur djúpt í sjó niðri þegar lagvaðurinn var í notkun. Gat var á ásnunum miðjum og gekk þar í gegnum stjóræfærið...“ (um lagvað til hákarlaveiða; GG; Skútuöldin). Á hvorum enda ássins var hákarlasókn. „Það var enginn ás hafður í sökkum. Taumur var venjulega tveir þættir úr færinu; lengd tveir þriðju úr faðmi.

Taumnum var fest við sökkuna á sama stað og færinu. Lengd á færi var 30 faðmar, eða hálf frönsk lína. Ás í sökkur er ekki farið að nota fyrr en upp úr aldamótum, eða sigurnagla“ (GG; Kollsvíkurver). G. Guð í norrænni goðafræði. „Óðinn var æðstur meðal ása“.

Ása út (orðtak) Þenja út segl með sérstakri stöng/spryti eða haka. Einkum notað við sprytsegl.

Ásað útúr (orðtak) Um gat; gatið hefur stækkað af núningi við ás sem gengur gegnum það. „Felgan hafði losnað á boltunum og var orðið nokkuð ásað útúr felgugötunum þegar eftir því var tekið“.

Ásaka (s) Bera sakir á einhvern; saka um; ákæra. „Ég get ekki ásakað nokkurn mann fyrir þetta óhapp“.

Ásamt (l) Sáttur. „Varð þeim ásamt um að sigla nokkru dýpra, í von um að þar væri vænni fiskur“.

Ásamt (fs) Saman með. „Við fórum, ásamt honum, fram í Vatnadal að leita að hrútunum“.

Ásannast (s) Sannast á; verða staðreynd; rætast. „Við þann stein bindur hann drauginn, og mælti svo um að hann skuli ekki gjöra sér eða sinni ætt mein framar; og hefur það þótt ásannast“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Ásatrú (n, kvk) Trú sú sem iðkuð var í norrænum sið fyrir tilkomu kristni; trú á goðafjölskyldu þar sem Þór og Óðinn eru æðst goða. Sú ásatrú sem menn þekkja best nú á dögum er sú sem Snorri Sturluson lýsir í Heimskringlu. Þar er lýst heildstæðum og allflóknum goðaheimi og sagðar margar sögur; sumar í gamansömum tón. Ólíklegt er að sá goðaheimur hafi nokkurntíma verið almenn trú; líklega er að ásatrú hafi verið samheiti yfir fjölbreytt trúarbrögð hinna ýmsu norrænu landsvæða, sem Snorri hafi með sinni bók viljað ná í eina heildarsýn. Ásatrú er í grunninn tákngerving náttúruafla og mannkosta í bland við trú á verndarvætti einstakra staða, og því í eðli sínu ekki ólík fjölgýðistrú Grikkja og Rómverja. Höfuðguðir voru í mannlíki og höfðu um margt mannlega eiginleika. Heimskringla segir Óðin æðstan, en margt bendir til að Þór hafi víða haft þann sess og annarsstaðar Freyr eða Njörður; líklega mismunandi eftir byggðarlögum og atvinnuhátum þeirra. Almenntrú hefur verið talið að goðin hafi verið dýrkuð á vissum stöðum sem nefnd eru hof, og þar hafi viðarlíkneskjur þeirra verið blótaðar. Þetta var þó líklega ekki algilt og af sögnum má ráða að súlur í skálum; öndvegissúlur, hafi í raun verið tákmynd goðanna. Eru mörg dæmi þess í Landnámabók að öndvegissúlum hafi verið varpað útbyrðis og rek þeirra látið ráða búsetu manna. Hof hafa líklega fremur verið samkomustaðir manna, þar sem sveitarhöfðinginn stóð fyrir veislum, blótum og dýraförnum. Ásatrú var að líða undir lok á landnámsöld. Þó margir héldu enn tryggð við gamla siði voru fjölmargir ýmist vel kristnir eða blændir í trúnni. Erlendis voru kirstnar stofnanir orðnar rótfastar og stunduðu sumar trúboð. Þar á meðal klaustrið á eyrni Íona á Suðureyjum, en þaðan fóru fóstbræðurnir Kollur og Örlygur Hrapsson í trúboðsleiðangur til Íslands. Þeir hröktust undan veðri vesturfyrir land. Segir Landnáma að Örlygur hafi heitið á Krist og komist í var á firði sem þeir nefndu Patreksfjörð, en Kollur hafi heitið á Þór og brotið skip sitt í Kollsvík. Heit Kolls hefur af sumum verið túlkað þannig að hann hafi ekki verið kristinn, en slíkt er út í hött. Hafa þarf í huga að menn leggja ekki af alla siði sína þó þeir taki nýja trú, og ýmiskonar hjátrú er sérlega sterk meðal sjómanna. Engar líkur eru til þess að hinn kristni trúboði Örlygur hafi átt heiðinn fóstbróður; og þaðanaf síður að hann hafi haft heiðingja með sér til að boða kristna trú. Landnáma segir að þeir Örlygur hafi haft með sér kirkjuvið og átt að byggja kirkju eða kirkjur á Íslandi. Líklega hefur viðurinn verið á skipum beggja og því má leiða að því líkum að Kollur hafi reist kirkju í Kollsvík á undan þeirri sem Örlygur byggði síðar við Esju. Í Kollsvík hafi því risið fyrsta kirkja landsins, ásamt keltneskum krossi.

Ásauður (n, kk) Safnheiti yfir ær; sauðfé. „Þorgrímur þessi missti ábyli sitt af því að hann þótti áleitinn við göngusilung í ánni og við ásaði Rauðsendinga; stíaði og mjaltaði fé er leitaði í óveðrum niður í Krákinn og heim að Selinu. Illa gekk að sanna þetta á bóndann, en líkur voru taldar miklar fyrir þessu“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). „... ásað (í Kollsvík) er ætlaður *útigangur*“ (ÁM/PV; Jarðabók).

Ásaþak (n, hk) Húspak, þar sem sperrur hvíla í efri enda á *mæniás* sem liggur *langseftir* húsi og hvílir á toppi gaflhlaða. Einnig þak sem er án sperra, en ásar liggja langseftir húsinu og hvíla á gaflhlöðum. Ásaþök voru líklega áður til í Kollsvík, þó ekki á neinum síðustu torfhúsum sem höfðu sperrur með *skammbitum*, s.s. Hesthúsið á Hólum. Ásaþök stóðu til skamms tíma uppi á Hvallátrum; í Hagamannabúð og fjárhúsum.

Ásáttur (l) Sáttur við; lætur nægja. „Ég er ásáttur með þetta“. „Hann sagði ekkert en var sýnilega ekki ásáttur“.

Áseilni (n, kvk) Sjá *ásælni*.

Áseta (n, kvk) Það að sitja á. A. Um þara, slý, hrúðurkarla, skeljar o.fl. sem, sest á hluti í sjó. „Sjá mátti á ásetum að tréð hafði verið á reki suður í höfum“. B. Um ábúð á jörð. C. Um reiðmennsku á hesti.

Ásetið (l) Þétt skipað; fullskipað. „Stundum var nokkuð ásetið af næturgestum í gamla Láganúpsbænum, enda gestrisni mikil. Fyrir kom, meðan á byggingu nýja hússins stóð, að öll rúm voru fullskipuð ásamt bekkjum; þéttraðað var af dýnum á stofugólfíð og innra herbergisgólfíð; einn á eldhúsgólfinu og einn í hlöðunni“. „Það er þétt ásetið á stallinum þarna niðri“.

Ásetja sér (orðtak) Ákveða/skipuleggja (fyrir sig); *heita sér*. „Hann ásetti sér að koma fram hefndum“.

Ásetningsgimbur / Ásetningshrútur / Ásetningslamb (n, kvk/kk/hk) Lömb sem tekin eru *til lífs* að hausti; *ölslugimbur/ölsluhrútur/ölslulamb; lífgimbur/lífhrútur/líflamb*. „Þarna áttu trúlega ásetningshrút“.

Ásetningsmaður (n, kk) Forðagæslumaður; sá sem hefur það með höndum að líta eftir að heyforði bænda nægi fyrir vetrarfóðraðri *áhöfn*. „Ásetningmenn töldu að ég ætti töluvert umfram, að venju“.

Ásetningssynd / Ásetningsverk / Ásetningaglæpur (n, kvk) Slæmur verknaður sem framinn er viljandi. „Helvítis fýla er þetta nú! Þú skalt ekki segja mér annað en að þetta sé ásetningssynd; þú beiðst viljandi með fretinn þar til allir voru sestir“!

Ásetningsverk (n, hk) Verknaður sem maður ætlar sér að vinna; ekki *óviljaverk*. „Ég held að þetta hafi nú fremur verið óhapp hjá honum en ásetningsverk“.

Ásetningur (n, kk) A. Fyrirætlun. „Þetta var nú ekki af ásetningi gert, heldur vildi þetta svona til“. B. Val á sauðfé til vetrarfóðrunar. „Misjafnt er hvaða sjónarmið eru uppi þegar valið er til ásetnings, en taka þarf tillit til fódurs og húsakosts“. „Fjandi er þetta fallegur hrútur; hann verður góður til ásetnings“. C. Heildarfjöldi fjár á fódurum á einum bæ; fjöldi fjár sem ákveðið er að fódra yfir vetur. „Mér fannst þetta nokkuð djarfur ásetningur hjá honum, enda *sýndi* það sig; að hann varð heylaus þegar *kom framá*“. D. Viðmiðun um hæfilegt fódur að hausti til fóðrunar búpenings. Til marks um það eru orð forðagæslumanns á Rauðasandi snemmvetrar 1924: „Sömu reglu með ásetning hefur verið fylgt sem að undanfögnu með ásetning; nefnilega kúm ætlaðar 100 til 120 álnir; kind 3-6 álnir; hesti 25-35 ánir o.s.frv. Eins og skýrslan ber með sér vantar suma til muna fódur og munu þeir reyna að bæta það upp með aðkeyptu fódri“ (Þórður Ó Thorlacius, ásetningsmaður; Skýrsla um skoðun snemma vetrar 1924; Forðagæslubók fyrir Rauðasandshrepp, umdæmi Sjöunda-Keflavík).

Ásettur (l) A. Fullskipaður; með *nóg á sinni könnu*; ofhlaðinn. „Það er orðið full ásett í þessum karmi eftir að útigöngukindurnar heimtust“. „Ég er það ásettur með verk að ég get ekki gert þetta á morgun“. B. Um sauðfé; sem valinn hefur verið til ásetnings/lífs. „Ég er með nóg hey fyrir það sem ásett er“. C. Um verð; það sem sett er á/upp. „Hann greiddi ásett verð eftir að fleiri sýndu áhuga á að kaupa“.

Ásfæri (n, hk) Handfæri með sökku sem ás gengur útúr, og er króknum fest á hann. Þannig færi eru upprunnin í Færeyjum, en voru notuð um tíma í Kollsvíkurveri. Hreyfingar króksins í sjónum verða aðrar þegar skakað er, og töldu sumir ásfærin vera fiskilegri en færi með slóða.

Ásigkomulag (n, hk) Ástand; útlit. „Báturinn er varla sjóklár í þessu ásigkomulagi“.

Ásigling (n, kvk) Árekstur á sjó. „Kappið var svo mikið að ná í bestu lagningarstaðina á grásleppumiðunum að fyrsta daginn lá við ásiglingum. Þó var alltaf borin virðing fyrir óskráðum „einkarétti“ sumra á vissum stöðum. Það gildi t.d. um staðina framundan Sellátranesi, sem töldust tilheyra ábúanda. Sömuleiðis taldist Torfi Jónsson eiga tilkall til bestu lagna undan Landamerkjahlein“.

Ásjá (n, kvk) Greiði; úrlausn; hjálp. „Ég má ekki vera að þessu, þú verður að biðja pabba þinn ásjár“. „Ætli ég verði ekki að leita ásjár hjá þér um örlitla saltlúku, ef þú mátt missa hana“. „Flestir fengu þó einhverja ásjá til næstu kaup tíðar, eða gegn hreppsábyrgð“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). Sjá *biðjast ásjár*; *leita ásjár*.

Ásjálegur (l) Laglegur; fallegur. „Þetta er hinn ásjálegasti bátur“.

Ásjóna (n, kvk) Andlit. „Farðu nú og þvoðu á þér ásjónuna drengur; þú ert eins og kolamokari í framan“!

Áskapaður (l) Náttúrulegt; meðfætt; ákveðið með *forlögum*. „Ég ætla nú ekki að taka þessu þegjandi. Enda því skyldi maður ekki nýta þennan kjaft, fyrst hann er manni áskapaður“?

Áskilja / Áskilja sér (s/orðtak) Tryggja sér; gera að skilyrði. „Hann áskildi sér eitt hangiketslæri fyrir slægjurnar“.

Áskilja sér rétt til (orðtak) Áréttá tiltekinn rétt sinn t.d. í samningum eða reglum.

Áskilnaður (n, kk) Skilyrði; *frágangssök*. „Í samningnum er áskilnaður um góða umgengni“.

Áskipa (s) Manna bát/skip; skipa hásetum í skipsrúm. Það var hlutverk formanns í byrjun vertíðar.

Áskipað (l) Þröngt; fullmannað. „Það er að verða fjári áskipað í þessum dilk; við þurfum að fara að hleypa út“.

Áskorun (n, kvk) A. Eggjun; frýjun; mönun. „Hann fékk margar áskoranir um að bjóða sig fram“. B. Erfitt hlutverk. „Það er vissulega nokkur áskorun að takast þetta á hendur“.

Áskotnast (s) Eignast; fá. „Mér áskotnaðist merkileg bók um jólin“.

Áskrifandi (n, kk) Sá sem jafnan fær eintak af dagblaði/tímariti eða öðru, þegar það er útgefið. Heitið er upphaflega dregið af því að þeir skrifuðu sig á lista sem vildu fá eintak.

Áskrift (n, kvk) Það að vera *áskrifandi*. „Hann hafði það jafnvel á orði að segja upp áskrift sinni að Tímanum ef þeir birtu áfram svona endemis bull“.

Áskynja (l) Sjá *verða áskynja um*.

Ásláttur (n, kk) Það að slá á. „Ég held við staurinn; þú sérð um ásláttinn“.

Ásmundarjárn / Ásmundur (n, hk/kk) Tegund járnsmíðu sem fór að flytjast til landsins á vegum Englendinga í upphafi 15. aldar, og þótti mun betra til smíða en járn unnið með rauðablæstri. Nafnið mun upprunnið í Svíþjóð. Ásmundur (osmond) var lítið járnstykki; ein mörk (217g) að þyngd; flutt í sérstökum tunnum (járnfat). Samkvæmt búalögum hefur þurft fimm ásmunda í einn ljá. Ásmundarjárn útrýmdi rauðablæstri að mestu, en þó var hann áfram stundaður að einhverju marki; síðast af Einari gamla í Kollsvík (sjá *rauðablástur*). Líklega hafa Kollsvíkingar þó átt veruleg viðskipti við Englendinga á fyrri tímum og því fljótt kynnst ásmundarjárn.

Ásókn (n, kvk) A. Eftirspurn; sókn í; ágangur. „Látrabjarg hefur orðið fyrir sívaxandi ásókn ferðafólks“. B. Ónæði af völdum draugs. „Einar í Kollsvík kundi ráð til að losna undan ásókn draugsins“.

Ást (n, kvk) Væntumþykja; elska; kærleikur; ástúð. „Mér skilst að það sé fremur lítil ást milli þeirra nágrannanna þessa stundina“.

Ástaða (n, kvk) Um veiðiskap; hvort færi/lína/net liggur frá borðinu innundir bátinn, beint niður eða út frá borðinu vegna áhrifa straums og vinds. „Þegar fyrsta færinu hefur verið rennt þarf að athuga ástöðuna, og kannski snúa bátinum. Betra er að það *standi á glæ* en liggi undir kjól“. „Hvernig er ástaðan hérna?“

Ástand (n, hk) A. Staða; ásigkomulag; hagur. „Billinn fer varla yfir fjall í þessu ástandi“. „Nú er þó heldur ástand á bænum; haldiði ekki að ég sé kaffilaus“! B. Gæluheiti yfir það sem staðið er á. „Mig vantar eitthvað ástand til að ná upp á silluna“.

Ástarvella (n, kvk) Væmnar/rómantískar bókmenntir sem eiga ekki upp á pallborð raunsæisfólks. „Það er fátt bitastætt orðið á þessu bókasafni. Nú er ekkert keypt nýtt nema einhverjar ástarvellur“.

Ástarþakkir (n, kvk, fto) Bestu þakkir; kærar þakkir. „Ástarþakkir fyrir matinn“!

Ástatt (l) Um stöðu. „Nú er bara þannig ástatt hjá mér að ég er ekki aflögufær með salt“. „Nú myndi ég hlæja ef öðruvísi væri ástatt“.

Ásteytingur (n, kk) Deiluefni. „Þetta hefur aldrei orðið að ásteytingi hjá okkur“.

Ásteytingarsteinn (n, kk) A. Sker sem bátur strandar á. „Segja má að Arnarboðinn hafi orðið landnámsmanningum Kolli ásteytingarsteinn. En um leið varð þar fyrsta skráða björgun úr sjóslysi á Íslandi“. B. Líkingamál: Atriði sem er hindrun/ brotnar á í framkvæmd/málaleitun/samningum. „Minnstu munaði að staðsetning skólahússins yrði óyfírstíganlegur ásteytingarsteinn“.

Ástig (n, hk) Staður sem stigið er á; þrep; pedali; fötfesta. „Þarna í brúninni er lítil brík, sem er upplagt ástig þegar farið er niður í lás“.

Ástkær (l) Elskaður; kær. „...ekki nema smá brot af öllum þeim góðu og skemmtilegu minningum sem ég á frá minni yndislegu æsku, og um okkar ástkæru foreldra“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Ástmenni (n, hk) Sá sem er manni mjög kær/nákominn; ástvinur; skyldmenni.

Ástreymis við (orðtak) Straummegin/forstreymis við; um það sem er nær þeirri átt sem straumur kemur úr. „Ætli við þurfum ekki að snúa bátinum til að færin séu ástreymis við hann“.

Ástríða (n, kvk) Áráttá; mikil löngun/þrá eftir. „Þessi söfnun varð honum allnokkur ástríða“.

Ástríki / Ástúð (n, hk) Væntumþykja; ást; kærleikur. „Það barn verður seint að manni sem ekki nýtur ástríkis í uppeldinu“.

Ástríkur (l) Sem sýnir kærleika/væntumþykju.

Ástsamlega (ao) Elskulega; innilega. „Ég bið ástsamlegast að heilsa þínu fólki“.

Ástsæld (n, kvk) Vinsældir; aðdáun. „Glámur hefur ekki notið verulegrar ástsældar meðal almennings“.

Ástunda (s) Gera; *leggja stund á; leggja í vana sinn*. „Hann er farinn að ástunda það að *rífa sig upp fyrir allar aldir*“.

Ástundun (n, kvk) Natni; iðni. „Þú lærir lítið með svona ástundun“!

Ástunga (n, kvk) Það að stinga á t.d. bólgu til að hleypa greftri/vessum/sulli út.

Ástúðlega (ao) Alúðlega; blíðlega; með umhyggju.

Ástúðlegur (l) Alúðlegur; sýnir blíðu/kærleika.

Ástvinamissir (n, kk) Fráfall nákominnar manneskju. „Það stoðar lítið að syrgja Helgi minn; þetta er nú enginn ástvinamissir“ var haft eftir Manga á Hlaðseyri þegar Blöndal hellti niður heimaframleiðslunni. Var það lengi haft að orðtaki í Rauðasandshreppi.

- Ástvinur** (n, kk) Sá/sú sem er manni kær/ sem manni þykir vænt um.
- Ástæða** (n, kvk) Forsenda; tilefni. „Er nokkur ástæða til að efast um þessa frásögn“? „Af ýmsum ástæðum reyndist þetta ekki mögulegt“.
- Ástæðulaust** (l) Án ástæðu/forsendu/tilefnis. „Ég held að þetta sé ástæðulaus tortryggni“.
- Ásýnd** (n, kvk) Andlit; auglit. „Ég kæri mig ekkert um að hafa svona ryðkláf fyrir minni ásýnd til lengdar“!
- Ásýndar / Ásýndum** (ao) Til að sjá; útlits; *tilsýndar*. „Blakkurinn er ekki síður tilkomumikill ásýndar af sjó en af landi“. „Hann var ekki glæsilegur ásýndar þegar við drógum hann upp úr haugnum“. „Húsið er allt annað ásýndum eftir að það var málað“.
- Ásækinn** (l) Sem leitar/sækir á. „Þessi hugsun hefur orðið nokkuð ásækin í seinni tíð“.
- Ásækja** (s) Sækja að/á; vera aðgangsharður/áleitinn; veita átroðning. „Henni þótti þessi *ófögnuður* vera að ásækja sig í draumnum“.
- Ásækni** (n, kvk) Ágangur; sókn í; löngun. „Það er orðin ári mikil ásækni af fê í nýræktina“.
- Ásælast** (s) Girnast; langa í. „Ekki heyrði ég frá því sagt að huldufólk væri hrekkjótt við fólk, nema hvað það ætti til að ásælast börn frá mennskum mönnum“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Ásælni** (n, kvk) Gleypugangur; frekja; yfiringangur. „Þetta jaðrar við fjárans ásælni í honum“! Líklega hljóðbreyting úr *áseilni*; þ.e. að seilast eftir.
- Ásökun** (n, kvk) Sök/ákæra sem borin er á einhvern. „Þetta er alvarleg ásökun“.
- Ásökunarvipur / Ásökunartónn** (n, kk) Svipur/tóntegund sem gefur til kynna ásökun/tortryggni.
- Át** (n, hk) Það að borða/éta; snæðingur. „Hann sagði ferðasöguna án þess að *draga af sér* við átið“. „Doðakýrin er eitthvað að *koma til* með átið“. „Gemlingarnir læra átið fljótt eftir að þeir eru teknir á hús“.
- Áta** (n, kvk) A. Matur; það sem *ætt* er. „Við hirtum átuna af selnum en grófum afganginn“. „Skarfakál er gott til átu, og hin besta vörn gegn *skyrbjúg*“. B. Smábert svif í sjó; undirstaða lífkeðjunnar.
- Átak** (n, hk) Beiting afls; það sem afl/kraft þarf við. „Ég man ekki eftir neinum átökum við lestrarnám, en læs var ég þegar ég fór að heiman“ (IG; Æskuminningar).
- Átakalaust** (l) Án átaka. „Þetta *gekk* nokkuð atakalaust *fyrir sig*“.
- Átakamaður** (n, kk) Sterkur/öflugur maður. „Mér sýnist hann ekki vera mikill atakamaður“.
- Átakanlega** (ao) Hörmulega; árifamikið. „Mig tók það atakanlega sárt að heyra þetta“.
- Átakanlegt** (l) Sorglegt; áhrifamikið. „Það var atakanlegt fyrir konu og börn að standa í fjörunni og horfa á slysið án þess að neinum björgum yrði við komið“.
- Átakavinna** (n, kvk) Vinna sem krefst átaka/afls. „Þetta var engin atakavinna; meira svona hálfbert dund“.
- Átekinn** (l) Sem búið er að taka af/ opna. „Taktu heldur átekna fernu“.
- Átelja** (s) Ásaka; skamma; ávita. „Ég átaldi hann ekki fyrir þetta; enda var það óviljaverk“.
- Átfrekur** (l) Frekur til matarins; þarf mikið að borða/éta. „Það þarf að ætla töluvert fóður fyrir tuddann; hann er líklega nokkuð átfrekur“.
- Átlaus** (l) Nærist/borðar/étur ekki. „Kýrin er enn átlaus, en hún er farin að komast á fætur“.
- Átleysi** (n, hk) *Lystarleysi; ólyst; óát*. „Kýr eru einnig vanföðraðar í Kirkjuhvammi, sem orsakast af átleysi, sem áður fyr eftir óþurrkasumur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).
- Átmatur** (n, kk) Matur sem borðaður er; *mannamatur*.
- Átreystandi** (orðtak) Sem unnt er að treysta á; öruggt. „Það er varla átreystandi að ég muni eftir þessu“. Sjá *ekki á það treystandi*.
- Átroðningur** (n, kk) A. Yfiringangur; ágengni. „Það var ekki meiningin að vera með neinn átroðning“. B. Gestagangur og umstang t.d. vegna fundahalda. Víða í bókhaldi félaga frá fyrri tíð má sjá greidda þóknun fyrir átroðning.
- Átrúnaðargoð** (n, hk) Sá sem er í miklu uppáhaldi. „Elvis var átrúnaðargoð unglunga á eftirstríðsárunum“.
- Átrúnaður** (n, kk) Trú; einkum notað um trú á veraldleg fyrirbæri eða menn. „Enn er mikill átrúnaður á lækningamátt vatns úr Gvendarbrunninum“.
- Átt** (n, kvk) A. Höfuðáttirnar fjórar og milliáttir þeirra. B. Stefna. „Kindurnar hlupu sín í hverja áttina“.
- Átta** (n, kvk) Spilið átta. „Áttu áttu“? (Spurt í spilinu *veiðimanni*).

Átta sig (orðtak) Gera sér grein fyrir áttum/aðstæðum. „Einnig hafði sunnangoluna lægt og alveg var ládeyðu sjóleysa, svo að eftir engu var hægt að átta sig“ (ÖG; Þokuróður).

Áttadagur (n, kk) Annað heiti á nýársdegi, sem er áttundi dagur jóla. Ekki notað í seinni tíð.

Áttaður (l) Um vindáttir. „Hvernig er hann áttaður núna?“ „Hann gæti nú verið betur áttaður“.

Áttabarningur (n, kk) Þegar vindur blæs af fleiri en einni átt og ekki er fyrirséð hvaða vindátt verður ríkjandi.

Áttamálfar (n, hk) Málfar, oft staðbundið, yfir áttir og stefnur. „Svo eru það áttirnar hér í Kollsvíkinni: Hér er þó til norður, en ekki aðrar höfuðáttir. Við segjum norður í Kollsvík frá Láganúpi; það er í NA, en frá Kollsvík er farið yfir að Láganúpi. Bæir sunnan til í víkinni hétu handanbæir en hinir norðan til voru norðanbæir. Svo förum við fram í Vík sem er dalurinn hér fram af Kollsvíkinni og út á Víkina var róið til fiskjar. Við förum inn á Rauðasand og inn á Patreksfjörð; inn í Hænuvík (sem er næstum í austur) og út í Breiðuvík (suðvestur) og svo áfram út að Látrum. Svo eru aftur nefndar áttir í verðufari t.d. útsunnan er suðvestan og norðangarður er vitanlega hvöss norðanátt. Svo er hér talað um aðlögn (sem annarsstaðar er nefnd innlögn) í fjörðum í sterku sólskini þegar landið hitnar um miðjan daginn. Eitt er nokkuð merkilegt í þessu áttamálvari og það er að þó við förum suður til Reykjavíkur þá förum við alltaf vestur þegar við komum til baka. Líka segjum við norður á Firði. t.d. Ísafjörð, en vestur þegar við komum til baka. Kanska er eitthvað fleira sem ég ekki man í bili“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Í Kollsvík er mest talað um eina af höfuðáttunum fjórum, en það er norður. Allar hinar eiga sér staðgengil sem oft var meira notaður en þær sjálfar. Vestra tíðkaðist það sérstæða mál að segja „norðari“ um þann sem aðrir sögðu „nyrðri“ og „handari“ um þann sem aðrir kölluðu „syðri“. Sá sem kom til Kollsvíkur frá Láganúpi kom „að handan“, og þegar hann fór aftur þangað fór hann „yfir“. **Norðan** (*nordan*) er helsti örlagavaldur um lífsskilyrði í Kollsvík; manna, dýra og ekki síst gróðurs. Í þeirri átt verður að jafnaði kaldast, hvassast, sjóþyngst og mest sandrok og uppblástur. Eftir langvarandi *norðanáhlaup* að vetrarlagi má búast við að sandskaflar séu komnir upp á tún víða *handantil* í víkinni, og jafnvel út á Strympur; *seltumósta* sé á steinum, húsum og öðru; *illfært* sé milli húsa og fyrir þau fennt; vegir frá víkinni séu *kolóferir*; fé hafi verið lengi á *innistöðu*; frosið sé í vatnsbólum og *þústnað* hafi að hjá *mannfólki*.

Norðanátt að sumarlagi þýðir ógæftir til sjóarins og jafnvel *heyskaða* ef hvasst er. Talað var um norðangarra; norðanbelging; norðanrosa; norðansteyting o.s.frv. Hinsvegar getur norðanáttin einnig boðað *bötun*; bjartviðri og þurrka eftir rigningatið og óþurrka. Reki verður stundum mikill eftir norðanáttir. Þegar farið er frá Láganúpi til Kollsvíkurbæjar eða Stekkjarmels er farið norður og það er þar er er fyrir norðan.

Vestur er einnig nefnt „út“ í Kollsvík eins og víðar. „Hann er að *ganga út*“, var sagt ef vindur snerist til vestanáttar frá sunnanátt, því þá var von um óþurrki linnti. Ekki síst á sjó var talað um út; *útsuður* og *útnorður*. Vestanvindáttin getur orðið all hörð, þó sjaldan sé hún jafn skæð eða þaulsætin og norðanáttin. Vestansjór verður oft síst minni en norðansjór, og geta þá verið grunnbrot um alla víkina og brim *upp um miðjar* hlíðar í Blakknum. **Sunnanátt** er nefnd með sínu nafni þegar rætt er um veður, en öðru máli gegnir þegar hún á við stefnu í víkinni. Að fara til suðurs norðan úr víkinni er að fara *yfir*, eða *yfirum*; þeir sem eru sunnantil í víkinni eru *fyrir handan*; *handanmegin*; bæirnir sunnantil í víkinni (Láganúpur, Grundir og Grund) eru *handanbæir* og íbúarnir *handanbæjafólk*. Sunnanáttir eru oftast óþurrkasamar að sumri og auka snjóþyngsli að vetri, en þeim fylgja oft hlýindi, leysingar, *gróðrarskúrir* og gæftir til sjóar. **Austanátt** er eflaust sú átt sem minnst er rædd í Kollsvík, enda eru áhrif hennar minnst. *Austnorðan* vindátt er að öllum jafnaði öruggasti þurrkur sem völ er á; oftast með sólskini og bjartviðri og iðulega einnig góðum *gæftum*.

Stundum var *áttleysan* best, einkum til sjós, en betra var þó að hafa einhverja *flæsu* ef hey var flatt. (VÖ) „Fremur lítið er um það hér í sveit að höfuðáttirnar séu nefndar í daglegu tali, heldur eru notuð heimatilbúin tákni sem munu hafa verið notuð í aldaradur. Á Rauðasandi þar sem ég er uppalin er aldrei talað um norður, suður, austur og vestur nema um meiri fjarlægðir sé að ræða; t.d. suður í Reykjavík eins og er víst sagt um allt land. Svo segjum við þá austur á land, norður á firði (t.d. Ísafj.) en alls ekki vestur á Látrabjarg, heldur út á Bjarg, yfir á Patreksfj. en aftur norður í Tálknafjörð. Aldrei austur á Barðaströnd heldur inn á Barðaströnd. Það er einnig sagt á Patreksfirði inn á Barðaströnd, en það fer kannske að breytast því Vegagerðin segir gjarnan að Kleifarheiði sé fær suður á Barðaströnd“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Áttavilltur (l) Ekki viss um réttar áttir, eða í hvaða átt er rétt að fara. „Maður getur orðið ansi áttavilltur á þessum slóðum í svona þéttri þoku“.

Áttaviti (n, kk) Áhald með segulnál, sem m.a. sjófarendur nota til að átta sig á stefnu. „En þegar sá atburður gerðist, sem nú skal frá sagt, voru ekki komnir vélknúinir bátar, né áttavitinn kominn í hverja fleytu er á sjó var sett“ (ÖG; Þokuróður).

Áttthagaband / Áttthagafjötur (n, hk/kk) Það sem bindur mann/fólk við sína heimaslóð. Oft er átt við þá löggjöf fyrri tíma sem nefnd hefur verið vistarband, og bannaði frjálsa för vinnufólks milli bæja/byggða nema með ströngum skilyrðum. Einnig getur verið átt við skuldbindingar eða einungis tilfinningatengsl einstaklings við sinn heimastað.

- Átthagar** (n, kk, fto) Heimaslóð; sá staður sem maður elst upp á eða rekur kyn til, og er jafnan tengdur tilfinningaböndum. „Kollsvíkingar vitja gjarnan átthaga sinna, þó í mismiklum mæli sé“.
- Átthagatryggð** (n, kvk) Tryggð við uppeldis-/upprunastað sinn. „Kollsvíkingar hafa löngum sýnt vikinni sinni mikla átthagatryggð“.
- Átti ég ekki á von?!** (orðtak) Upphrópun sem lýsir undrun og vandlætingu. „Átti ég ekki á von? Alveg var það eftir ykkur að fara að slóra við brönduveiðar þegar ykkur var sagt að koma strax heim með kýrnar“!
- Áttidagur** (n, kk) Áttundi dagur jóla; helgidagur í fornum kristnum sið, sem fellur á nýársdag í okkar tímatali.
- Áttleysa** (n, kvk) Logn; vindi slær sitt á hvað. „Það er áttleysa og erfitt að átta sig á útlitinu“.
- Áttróinn** (l) Um bát róid á átta árum. Áttæringar voru jafnan áttónir en til var það að tvö aukaræði voru í sexæringum og voru þeir þá áttónir.
- Áttungur** (n, kk) Ílát sem tekur 1/8 af löglegri tunnu, eða 15 lítra.
- Áttæringur** (n, kk) Áttróinn bátur; bátur sem róid er af átta ræðurum; þ.e. með 16 ræði alls. Þeir voru tíðum um 29 fet eða 9m að lengd og með burðargetu um 6 tonn.
- Átvagl / Átvargur** (n, hk/kk) *Matargat; hit.* „Ég hef sjaldan fyrirhitt þvilíkt átvagl“.
- Átveisla** (n, kvk) Veisla/matarboð þar sem mikið er til matar/ mikið er borðað. „Ég lenti þarna í heljarmikilli átveislu“.
- Átylla** (n, kvk) A. Upprunaleg merking, sem enn var notuð í Kollsvík til skamms tíma; fótfesta í brattlendi. „Það þarf að *gá vel að sér* í hörðum og bröttum aurskriðunum. Mikilvægt er að velja góðar átyllur“. B. Afleidd merking; ástæða; tilefni; fyrirsláttur. „Ég held að þetta sé átylla hjá honum til að sleppa við skóla“.
- Átölur** (n, kvk, fto) Ávitur; skammir; atyrði. „Við fengum auðvitað átölur foreldranna fyrir uppátækið“.
- Átölulaust** (l) Athugasemdalaust; án eftirmála. „Þetta er allveg átölulaust frá minni hendi“.
- Ávallt** (ao) Alltaf; ætíð. Fyrrum oft ritað með einu l. „Þeir bera ekki ávallt mest úr býtum er hugsa sér það markmið að hrúga upp hárrí höfðatölu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).
- Ávalur** (l) Rúnnaður; kúptur; afsleppur; aflíðandi. „Steinninn var ávalur og sleipur svo ég náði ekki að *fóta mig* á honum“.
- Ávani** (n, kk) Venja; kækur; siður. „Var það hans ávani, þegar hann kom á fætur, að fara út fyrir húshornið og míga; líta til veðurs og spýta mórauðu tuggunni sem innbyrt hafði verið stuttu áður“.
- Ávanta / Á vanta** (s/orðtak) Vanta/skorta uppá. „Hér finnst mér nokkuð ávanta; var þetta *allt og sumt*“?
- Ávarp** (n, hk) Ræða; tala; boðskapur.
- Ávarpa** (s) A. Tala við; mæla til. „Það þýðir ekkert að ávarpa hann þegar hann er svona þungt hugsi“. B. Minna á; gera viðvart. „Viltu ávarpa mig með þetta á föstudaginn? Ég *gæti átt það til* að gleyma því“.
- Ávarpsgóður** (l) Um mann; sem gott er að ávarpa/tala við. „Þú skalt nefna þetta við hann. Það er óvíst að hann geti hjálpað þér, en hann er alltaf ávarpsgóður“.
- Ávarpsorð** (n, hk, fto) Það sem sagt er í byrjun sendibréfs eða viðtals; gjarnan titill, nafn og/eða kveðja.
- Ávaxta sitt pund** (orðtak) Fá góðan arð af sínum eignum; fá vexti af fjármunum. Líklega upprunnið frá þeim tíma að efni, s.s. góðmálmar voru notaðir sem gjaldmiðill, og þá sem nú var mikilvægara að hagnast en tapa í viðskiptum. Einnig notað í língamáli um það að nýta vel sína mannkosti.
- Ávaxtagrautur** (n, kk) Grautur sem soðinn er úr þurrkuðum ávöxtum. Ávaxtagrautur var snæddur til hátíðabrigða eftir að slík vara varð faanleg. „Aðalmáltíðin var hangikjöt, og ávaxtagrautur með rjóma úta á eftir“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jól í bernsku hans).
- Áveðurs** (ao) Á móti vindátt; vindmegin. „Það er farin járnplata af fjárhúsunum, áveðurs“.
- Áveita** (n, kvk) Veita vatns yfir gróðurlendi til að auka slægjur eða beitargæði. „Á 20. öld voru sumsstaðar í Kollsvík gerðar áveitur, t.d. í Grundamýri og á Miðmýrunum, til að drýgja slægjur“.
- Áveitueingjar** (n, kvk, fto) Slægjuland sem varð grasgefnara með áveitu. Hey sem af þeim fékkst var nefnt *engjahey*. Oft þurfti að flytja það af engjunum vegna bleytu þar, og þurka það á *þurrkvelli*.
- Áveitugarður** (n, kk) Lág torfhleðsla til að auka vatn á áveitum/engjum, og þar með sprettu. Enn má sjá áveitugarða í Kollsvík og víðar, þó engjaheyskapur sé löngu aflagður.
- Áverki** (n, kk) Sár; meiðsli. „Hann fékk nokkra áverka á handlegg og enni við fallið“.
- Ávið** (fs) Til jafns við; í samjöfnuði við. „Hann rignir enn, en það er þó lítið ávið úrhellið í gær“.
- Ávinna** (s) Koma til leiðar; koma í verk. „Hann ávinnur lítið með þessu lagi“!

- Ávinna sér** (orðtak) Gera/skapa sér; fá að launum. „Hann reyndist mjög duglegur og ábyggilegur starfsmaður og ávann sér fljótt traust sinna yfirmanna“.
- Ávinnast** (s) Hagnast; batna; aukast; fara eftir. „Það ávinnst ekkert með þessum aðferðum“. „Mælti hann svo um að ekki skyldi hann gera sér eða sinni ætt mein framar, og hefur það áunnist“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Ávinningur** (n, kk) Gróði; arður; það sem næst fram. „Ég held að ávinningurinn af þessu verði lítill, og gæti jafnvel endað sem tap“.
- Ávirðing** (n, kvk) Yfirsjón; misgerð; það sem manni verður á. „Hann kannaðist ekki við þær ávirðingar sem á hann voru bornar“. Heitið er myndað með hljóðbreytingu af því að „verða á“; þ.e. mistakast; misgera.
- Ávísa** (s) A. Sýna; vísa á/til. „Kindurnar voru á þeim stað sem hann hafði ávísað“. B. Síðari merking; skrifa tilvísun/ávísun á. T.d. ávísar greiðandi fé með ávísun/tékka og læknir ávísar lyfi með lyfseðli.
- Ávísanahefti** (n, hk) Bók með ávísunum/tékkum sem skrifað er uppá við greiðslu og rifnar úr.
- Ávísanareikningur** (n, kk) Viðskiptareikningur í banka, sem innstæðueigandi getur ávísað á. „Í tíð Valdimars Össurarsonar sem sparisjóðsstjóra voru innleidd viðskipti með ávísanareikninga í Sparisjóði Rauðasandshrepps; uppúr 1980. Þetta var nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að halda sparisjóðnum við líði í heimi breyttra viðskipta en útheimti gríðarlega vinnu, þar sem allt var handfært. Þó allir fögnuðu framförunum var lítill skilningur stjórnenda sparisjóðsins á erfiðleikunum sem við þetta sköpuðust, og áttu mikinn þátt í því að sparisjóðurinn lagði upp laupana“.
- Ávísanaviðskipti** (n, hk, fto) Viðskipti þar sem ávísanir eru notaðar sem greiðslur.
- Ávísun** (n, kvk) A. Tilvísun. „Ég fann gleraugun, eftir hans ávísun“. B. Tékki; tilvísun í sérstöku formi sem er ígildi fjármuna og notað í viðskiptum, þó nú hafi rafræn viðskipti leyst slíkt mikistil af hólmi.
- Ávíta** (s) Skamma; atyrða; álasa. „Það má ekki ávíta hann fyrir svona óviljaverk“.
- Ávítur** (n, kvk, fto) Skammir; átölur. „Einhverjar ávítur hlutum við fyrir athæfið“.
- Ávæni** (n, hk) Von; vænting; ádráttur; *hálfildings* loforð. „Hann hafði gefið okkur ávæni um að borið yrði ofaní veginn þá um sumarið“. „Væni“ er hljóðbreyting af „von“.
- Ávæningur** (n, kk) Slitruv/útdráttur/brot af máli; orðrómur. „Ég heyrði einhvern ávæning af því að verið væri að safna í afmælisgjöf og vildi gjarnan vera með“.
- Ávöxtur** (n, kk) A. Afurð; eftirtekja; árangur. „Viða má sjá ávexti af starfi ungmennafélaganna; bæði í verklegum framkvæmdum, s.s. Snorravörðum og vegagerð, sem og í hugarfari og sveitarbrag. Má t.d. þakka þeim það að drykkjuskapur varð ekki eins landlægur í Rauðasandshreppi og víða annarsstaðar“. B. Matarmikil aldin trjáa, s.s. epli og appelsínur.
- Áþekkur** (l) Líkur; svipaður. „Hann er áþekkur á hæð og ég“. „Þeir eru áþekkir, frændurnir, með sérviskuna.“
- Áþján** (n, kvk) Erfiðleikar/þjáningar/kúgun sem maður býr við. „Um aldaðir bjuggu flestir íbúar í Rauðasandshreppi við áþján Bæjarhöfðingjanna, sem þó var auðvitað mismikil, eftir þeim sem á hélt“.
- Áþreifanlega** (l) Greinilega; sem unnt er að þreifa á. „Ég hef orðið áþreifanlega var við það“.
- Áþreifanlegur** (l) Það sem unnt er að þreifa/taka á; raunverulegur. „Í rauninni hefur enginn áþreifanlegur árangur orðið af þessu *brambolti* þeirra“.
- Áætla** (s) Giska á; telja. „Ég áætla að við verðum komnir með fêð í rétt um þrjúleytið“. „Þar sem þetta var í byrjun sláturtíðar þetta haustið, gekk dagsverkið heldur hægar en áætlað hafði verið...“ (PG; Væðmálið).
- Áætlaður** (l) Sem gert er ráð fyrir/ giskað er á. „Komið var langt framyfir áætlaðan komutíma“.
- Áætlun** (n, kvk) Fyrirætlun; hyggja; ráðagerð. „Áætlun hans stóðast í aðalatriðum“.
- Áætlunarbíll** (n, kk) Fólksflutningabíll/rúta sem gengur milli ákveðinna staða á fyrirfram ákveðnum tíma. „Við þurfum að vera komnir inn á Ósa á undan áætlunarbílnum“.
- Áætlunarferð** (orðtak) Reglulegar ferðir t.d. til fólksflutninga, vöruflutninga eða mjólkurflutninga. „Ekki var um neina áætlunar- eða skipsferð að ræða frá Þingeyri til Patró fyrir jólin“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Áætlunarflug** (n, hk) Reglulegt farþegaflug milli ákveðinna staða. „Fátt lýsir betur heimskulegum gerðum stjórnvalda en það að leggja niður áætlunarflug á Sandoddann, um leið og þar var búið að malbika langar flugbrautir og byggja stórt og vandað flugskýli“.
- Áætlunarsiglingar** (n, kvk, fto) Ferðir flutningaskips milli fyrirfram ákveðinna staða á ákveðnum tímum. „Það voru mikil mistök að leggja niður áætlunarsiglingar strandferðaskipa, en beina þess í stað flutningum á vegina; sem alls ekki þola álagið og menga margfalt meira“.

Babb í bátinn (orðtak) Ófyrirséð vandamál; hindrun; strik í reikninginn. „Þegar átti að fara að blóðga kom babb í bátinn; hnífurinn hafði gleymst í landi“. Talið er að babb merki ógreinilegt tal; *babl*. Orðtakið gæti því vísað til þess að óánægjutónn sé kominn í áhöfn báts, t.d. vegna ákvörðunar formanns.

Babl (n, hk) Blaður; óskiljanlegt tal; þvæla. „Maður er litlu nær eftir að hlusta á þetta bévítans babl“.

Babla (s) Segja óhönduglega; blaðra; þvæla. „Um hvað er maðurinn eiginlega að babla“?

Bað (n, hk) A. Stytting úr baðker. „Ég man þá tíð að hvorki var bað né klósett í íbúðarhúsi á Láganúpi. Stutt frá húsinu var útikamar á steyptri þró. Fólk þvoði sinn búk með þvottapoka uppúr vaskafati eins og löngum hafði verið gert. Það var svo uppút 1960 að verkfærahúsið var byggt, og í því var kolakyntur þvottapottur og steinsteyp baðþró. Þetta var mikil framför, jafnvel þó stundum hafi verið kalt að fara þar í bað í hörkufrosti. Síðar kom stutt setbað inni í íbúðarhúsi, ásamt vatnslósetti“. B. Það að baða sig. „Nú er kominn tími á að drífa sig í bað“.

Baða (s) Þvo/bleyta rækilega; þvo í baðkeri. „Mikill ansvíti er nú að sjá þig drengur; varstu að baða þig uppúr drullupollinum“?!

Baða í rósom (orðtak) Lifa í vellystingum; hafa það mjög gott. „Ég held að menn baði ekkert í rósom eftir þessa vertíð“.

Baða út öllum öngum / Baða höndum (orðtak) Vera með mikið handapat; veifa höndum (og fótum) af ákafa. „Hann kom fljótt úr kafi og baðaði út öllum öngum“.

Baða vængjunum (orðtak) Um fugl; blaka vængjunum; hreyfa þanda vængi án þess að fljúga.

Baðaður í drullu/for (orðtak) Ataður skít/for. „Déskoti er nú að sjá þig strákur; af hverju ertu svona baðaður í for? Dastu í fjóshauginn eða hvað“?!

Baðhiti (n, kk) Hitasvækja. „Það verður óþolandi baðhiti í húsinu í þessari mollu“.

Baðlyf / Baðlögur (n, hk/kk) Lyf sem notað í baðvatn við *fjárböðun*. Baðlögur var stundum notað um blandað baðvatnið.

Baðstjóri (n, kk) Stjórnandi *fjárböðunar*, ráðinn af hreppsnefnd.

Baðstjórn (n, kvk) Stjórnun *fjárböðunar*. Til þess var starfandi *baðstjóri* á vegum hreppsnefndar.

Baðstofa (n, kvk) Helsti veru- og vinnustaður fólks innanbæjar á fyrri tíð. Vera kann að Kollur landnámsmaður hafi reist baðstofu við skála sinn. *Í þann tíð* var skálinn sérstakt baðhús sem tengdist skálanum oft með göngum, en síðar varð hún hluti af bæjarsamstæðunni; sá staður sem hlýjastur var og fólk hélt sig helst. Þar svaf heimilisfólk; vann tóvinnu og aðra innivinnu; þar voru lesnir húslestrar, kveðnar rímur og fleira. Baðstofa var við líði í Kollsvík allt til þess að hús fóru að byggjast af steisteypu og timbri á 20.öld. „Baðstofan sem ég man fyrst eftir var með moldargólfi. Loft var yfir og þiljað upp fyrir rúmin; síðan var sett *reisifjöl*. Reisifjöl var sléthefluð borð, óplægð, sett innan á sperrur í gömlum baðstofum; helluþöktum. Stundum aðeins yfir rúmunum“ (H.M; Í Kollsvíkurveri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).

Baðstofuloft (n, hk) Baðstofa á efri hæð húss. Átti einkum við um fjósbaðstofur, sem algengar voru fyrir á tíð. „Sama ár, í ágústmánuði, dreymir mig að stúlka kemur upp á baðstofuloftið svo snemma dags að ég er ekki kominn á fætur“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Baðþró (n, kvk) A. Steinsteyp gryfja til að baða sauðfé. Á 20. öld var bændum gert skylt að baða allt fé gegn kláðamaur. Á flestum bæjum var í því skyni steyp baðþró, fremst í jötu fjárhúss. Þróin þurfti að vera um mannhæð að dýpt og var vanalega með tröppum ofantil svo ærin gæti fótað sig uppúr. Böðun fór þannig fram að vatn var látið renna í þróna; blandað við það snarpheitu til að taka úr því kulið og einnig sérstöku baðefni í duft- eða vökvaformi. Hópur fjár í örðum karmi fjárhússins var rekinn að þrónni, en þar hafði *jötubandið* verið fjarlægð. Þar lyftu tveir menn kindinni upp í þróna; færðu hana á kaf í vatnið og héldu niðri smástund, þó þannig að hún gat andað. Hún var svo fljót að krafsa sig upp þegar hún fann tröppurnar. Í jötunni var vatnshalli niður í þróna og voru ærnar látnar standa þar um stund meðan seig af þeim mesta bleytan, áður en þeim var hleypt niður í karminn hinumegin. Til böðunar var reynt að velja dag með sæmilegu veðri, þannig að féð ofkældist ekki meðan það var að þorna. Eins og um mörg víðameiri verk hjálpuðust Kollsvíkingar að við sauðfjárböðun. Þetta var óþrífaverk og þurftu baðmenn að vera hlífaðir. Sérstakur böðunarstjóri var skipaður í sveitinni sem líta skyldi eftir framkvæmdinni. Sauðfjárböðunum var hætt upp úr 1970, þar sem lyfjagjöf leysti þær af hólm. B. Steinsteyp þró til böðunar á fólk; millistig áður en almennt var farið að setja baðker í íbúðarhús. Þannig baðþró var t.d. steyp í verkfærahús sem byggt var á Láganúpi um 1962. Sérstakt horn í húsinu var ætlað til böðunar og þvotta; nefnt þvottahús, með steypu gólfi og niðurfalli. Baðþróin var í einu horni þess (og er enn 2013) en í gagnstæðu horni var stór þvottapottur þar sem vatn var hitað yfir eldi af kolum eða víði. Tappi var rekinn í baðþróna og ausið í hana vatni úr pottinum, blandað köldu þar til það var hæfilega volgt. Þetta var mikil framför frá þvotti upp úr fati eða bala, eins og áður tíðkaðist. Að vetrarlagi gat orðið nokkuð kaldsamt að koma uppúr baðinu, þar sem húsið var ekki

einangrað, en enginn beið af því tjón. Böðun með þessu móti stóð ekki mörg ár, þar sem fljótlega kom baðker í íbúðarhúsið. Þvottapotturinn mikli var einnig notaður til þvotta á fatnaði og til slátursuðu að hausti.

Baga (s) Há; ama; hindra. „Þessi fótmeiðslí eru dálítið að baga mig núna“.

Bagaður (l) Fatlaður; *hamlaður*; gallaður. „Hrúturinn er eitthvað bagaður. Kannski hornin séu að meiða hann“.

Bagalegt (l) Slæmt; til vandræða/skaða. „Ansi var það bagalegt að bjóta gleraugun“.

Bagga hey (orðtak) Binda hey í bagga til flutnings.

Baggaheyskapur (n, kk) Um tíma tíðkaðist að vélbinda hey í bagga í Kollsvík. Fram að þeim tíma hafði hey verið flutt og geymt laust. Fengin var baggabindivél sem þjappaði fullþurrkuðu heyi í bagga og batt um með *baggaböndum*. Baggarnir voru tindir upp á heyvagn og staflað í hlöðu. Vel þurfti að stafla ef súgþurrkun átti að gagnast, en best var að fullþurrka heyið fyrir hirðingu. Baggaheyskapur lagðist af eftir nokkur ár, þar sem var komin rúllubindivél sem sparaði erfiði og breytti heyskap verulega.

Baggalútur (n, kk) A. Líkingamál um smástrák. B. Litlar kúlur sem verða stundum til við líparítgos, stundum samhangandi. Finnast ekki í blágrýtismyndun.

Baggataekur (l) Vel að manni; burðarmikill; sterkur; ræður við heybagga. „Þetta er einn aflraunasteinninn og heitir Klofi. Er sá vel baggataekur sem lyftir honum *svo vel sé*“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra“.

Baggi (n, kk) A. Böggull; pinkill; hverskonar farangur eða annað sem pakkað hefur verið inn/saman. B. Byrði; þyngsli. „Þessi skuld er allmikill baggi á honum“.

Bagi (n, kk) Ami; erfiðleikar. „Sandurinn hefur stundum orðið töluvert til baga“. Sjá *meinbagi*.

Bak (n, hk) A. Bak á manni, stól, fötum, húsi eða öðru slíku. B. Flettingur utan af tré; kúptur öðrumegin en sléttur hinumegin. Bak má nýta sem máttarvið í hús; brýr o.fl. eða fletta því í *renninga*. Sjá *afbaka*. C. Styttung úr bakborði/bakborð. „Baujan er svolítið á bak“. „Leggðu á hann *hart í bak*“!

Baka (s) A. Um setningu á bát; þegar maður snýr baki í skut eða sax og lyftir undir um leið og bátnum er ýtt í þá stefnu sem ætlað er; annaðhvort upp í sátur eða til sjávar. Venjulega baka a.m.k. tveir í einu; sinn hvoru megin bátsins. Stundum er líka hentugt að baka til að lyfta bátnum upp á hlunna eða annað. Mikilvægt er að vel sé stutt við á meðan. Batar voru bakaðir t.d. þegar þeim var snúið í rétta stefnu og þegar þeim var vent á *hvolftré* til geymslu. „Haltu vel við á meðan við förum undir skutinn til að baka“. „Svo röðuðum við okkur á bátinn og felldum skorður undan. Tveir bökuðu aftan; einn studdi miðskips og einn ýtti að framan“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Um flettingu trjábols; höggva/saga sléttan flöt á eina hlið bolsins, svo unnt sé að strika fyrir sögun. C. Tilreiða brauð og aðra rétti með hitun.

Baka sér erfiði/skaða/tjón (orðtök) Auka sér erfiði; valda sjálfum sér tjóni/skaða.

Bakaferð / Bakaleið (n, kvk) Ferðalag/leið til baka. „Við erum ekkert að þvæla þessari *letibykkju* á rétt; við tökum hana með okkur í bakaleiðinni“. „Bakaferðin gekk áfallalaust“.

Bakatil (ao) Fyrir aftan; *aftanvið*. „Sæktu fyrir mig rekuna. Hún er bakatil við verkfærahúsið“. Tekur oft með sér smáorðið „við“. „Stórhæð er Bakatil við Móbergisdal; fjallbunga sem liggur allt að botni Patreksfjarðar“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Bakbelta sig (orðtak) Setja á sig bakbelta í skinnklæðum. „Menn bakbeltuðu sig ekki nema þegar sjógangur var mikill og í brimlendingu“ (EÓ; Skinnklæðagerð). „Klæðst var brók og skinnstakki nær daglega við að bera fisk úr fjöru til *ruðnings*. Þegar meiri *vöðsluverk* voru unnin, t.d. borinn farmur af skipi, þ.e. stærri *flutningabátum* í nokkru brimi, bjuggust menn svo sem best mátti vera eða bakbeltuðust. Það var þannig að eftir að klæðst hafði verið *brók* og *skinnstakki* og *bróklindi* gyrtur, var öðrum *linda brugðið* utanum stakkinn og hann girtur fast að brókinni, en endanum síðan brugðið fram á milli fóta og festur í mittislindann. Þannig búnir vörðust menn vætu, þótt báru skvettust hærra en brækur náðu“ (KJK; Kollsvíkurver). (Nánar;*skinnkæði*)

Bakborði / Bakborð (n, kk/hk) Vinstri hlið báts; til vinstri við stefnu báts; gagnstætt við stjórnborða. Komið frá þeim tíma þegar stýri skips var á hlið skips, aftantil. Stýrið var alltaf hægra megin og sneri stýrimaður þá oft baki í hitt borðið, sem af því dregur nafn síðan. Stjórnþæki í brú síðari skipa eru jafnan stjórnborðsmegin. „Á sama augnabliki vék Árni bátnum í bak og bað um fulla ferð“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Bakborðsmegin (ao) Á bakborða; vinstra megin báts.

Bakborðssiða (n, kvk) Bakborðshlið á bát.

Bakfiskur (n, kk) Vöðvar í baki. Upprunalega notað um fiskhold í baki, en meira notað nú í líkingamáli um viljastyrk manns. „Það er nú *ekki beysinn* í honum bakfiskurinn; blessuðum *armingjanum*“.

Bakföll (n, hk, fto) Það að reigja sig afturábak. Gerist stundum þegar hlegið er innilega; einnig þegar tekið er á t.d. þegar dreginn er sigari í bjargi eða báti róið. Sjá *róa bakföllum*.

Bakhjarl (n, kk) Stuðningsaðili. „Þau reyndust honum öflugir bakhjarlar á námsárunum“. Líklega er endingin „hjarl“ eldra heiti á hjör á hurð, og bakhjarl er þá staflinn í dyrastafnum sem heldur við hurðina.

Bakhlaðningur (n, kk) Byssa sem hlaðin er aftanfrá; ekki framhlaðningur.

Bakhluti (n, kk) Oftast notað um rasskinnar manneskju. „Réttast væri að dangla aðeins í bakhlutann á þessum þrjúótum fyrir tiltækið“!

Bakholdamikill (l) Sterkur; með mikla vöðva á baki og herðum. „„Stelpurnar mínar“, sagði ég við Guðjón og skyrpti útúr mér söltum sjó. „Voru þær svona fjandi bakhholdamiklar; eins og þessi sem er að koma þarna“? Ég leit fram: Æðandi brotsjór kom á móti okkur og reis hátt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Bakhönd (n, kvk) A. Um röð spilara t.d. í vist; *rasshönd*; síðastur til að láta út. B. Afleidd merking í orðatiltæki; vera með óvænt úrræði. „Maður á nú kannski einhver ráð í bakhöndinni, ef illa fer“.

Bakk (n, hk) Stig það í girskiptingu farartkis sem lætur það ganga afturábak. „Farmallinn vildi festast í bakkinu, vegna slits í girstangarendanum“.

Bakka (s) A. Festa bakka á ljá. B. Um farartæki; fara afturábak. C. Líkingamál um mann; gefa eftir sína málafylgju; láta undan.

Bakkafullur (n, kk) Um læk; fullur upp á bakka, t.d. af vatnavöxtum í leysingum. „Áin er bakkafull og gjörsamlega ófær“.

Bakkaljár (n, kk) Torfaljár; skoskur ljár. Ljár sem Torfi Bjarnason í Ólafsdal kynnti fyrir Íslendingum á síðari hluta 19.aldar. Ljáblaðið var mjög þunnt og úr slitsterku stáli, og var hnoðað á bakka með áföstu þjóí. Með þessum ljáum varð denging óþörf. Voru bakkaljár allmikið notaðir þar til Eylandsljár komu til sögunnar, sem lagðir voru á hverfistein til skerpingar.

Bakkasög (n, kvk) Sög með þykkri styrkingu á bakkanti, vanalega með stuttu og breiðu blaði og gerð til að saga fremur grunnt sagnarfar.

Bakkelsi (n, hk) Meðlæti; kökur. „Vertu ekki að koma með neitt bakkelsi, en það væri gott að fá kaffi“.

Bakki (n, kk) A. Áberandi hækkun í landslagi; brysti; barð. Bakkar er heiti á sjávarbökkunum neðan Grunda og Láganúps. B. Samfelldur láréttur dimmur skýjaflóki. Oftast notað í Kollsvík yfir skýjabykkni sem sést í norðurátt þegar norðanvindur blæs eða er væntanlegur. C. Aftari brún eggjárns. D. Flatt ílát sem t.d. er notað til að bera fram matvæli, s.s. bakkelsi og þorablótsmat. Einnig var rjómi fyrrum látinn skilja sig í bakka, sem síðan var hallað til að hella undanrenninni undan.

Bakki í hafið / Bakki til hafsins (orðtak) Staðbundið skýjafar í Kollsvík; notað þegar dökkur, samfelldur skýjabakki sást við hafsbrún í norðurátt frá Handanbæjunum. Þetta var eitt vísasta merkið um ákveðna norðanátt, en hún var yfirleitt trygging fyrir þurrki. Bakki til hafsins var því góðs viti varðandi heyskap. Hinsvegar þótti uggvænlegt ef hann varð *eyddur til hafsins*, og þá þótti rétt að fara að *raka upp*. „Mér sýnisti hann vera að koma fyrir sig bakka í hafið. Við ættum líklega að fara að *slá meira niður*“.

Baklás (n, hk) Bilun í læsingu, þannig að lykill virkar ekki sem skyldi til að *taka úr lás*. Sjá *hlaupa í baklás*.

Bakmælg (n, kvk) Illt umtal; rógur; *baktal*.

Baknag (n, hk) Baktal; slúður; rógburður; *skolt*. „Mér líkar illa þetta leiðinda baknag hjá þeim“.

Bakpokakútur (n, kk) Plastkútur sem getur fallið ofaní bakpoka. Fremur litlir kantaðir kútar undanmaurasýru hentuðu vel í slíkt. Voru bakpokakútar notaðir til að bera múkka- eða svartfuglseggi og fóru mjög þægilega á baki. Þeir tóku um 100 egg, eftir því hvurrar tegundar þau voru.

Bakpokalýður (n, kk) Fólk sem flækist um í tilgangsleysi, oft með bakpoka. Orðið var stundum notað af heimafólki um ferðafólk þegar það fór fyrst að sjást í ystu byggðum landsins. Heimafólk hafði lifað við það alla ævi, og mann fram af manni, að vinna hörðum höndum frá morgni til kvölds við búskap og sjósókn. Það var því skiljanlega erfitt fyrir það að finna ástæðu eða réttlætingu fyrir þessum flækingi og landeyðuhætti hjá fullhraustu fólki. Ferðafólk áttaði sig ekki alltaf á friðhelgi ræktaðra túna og taldi sig í fullum rétti til að fara um eignarlönd án þess að gera vart við sig að síðaðra manna hætti. Sumir gleymdu jafnvel að loka hliðum! Ofan á það bættist að ferðafólk þurfti stundum að leita aðstoðar eða ásjár heimamanna þegar það varð bensínlaust eða þegar bílar biluðu á misgóðum vegum. Segja má að ferðabjónusta hafi hafist í Rauðasandshreppi þegar Breiðavíkurbændur, Jónas H. Jónsson og Arnheiður Guðnadóttir, hófu gistiheimilisrekstur sem aðalatvinnu. Hneyksluðust flestir á þeirri „firru“ og spáðu þeirri búgrein stuttri ævi. Ferðabjónusta er nú öflugasta atvinnugreinin í gamla Rauðasandshreppi og sumir þeirra sem mest hneyksluðust eru nú sjálfir orðnir ferðabjónustubændur að aðalatvinnu. Segja má að „bakpokalýðurinn“ sé orðinn mikilvægari skepna en búfé og þorskur í lífsafkomu íbúa á þessum ystu byggðum.

Bakpoki (n, kk) Sekkur sem borinn er á bakinu, með hentugum ólum til þess og gjarnan stoðgrind. Bakpokar í þeirri mynd fóru líklega ekki að tíðkast fyrr en á 20.öld.

- Bakpottur** (n, kk) Pottur á eldavél sem í var haft heitt vatn til að grípa til. Tók nafn sitt af því að hann var vanalega bakvið þá potta sem verið var að elda í. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Bakraun** (n, kvk) Erfiðisvinna með álagi á bakið. „Grjóthleðsla er hin mesta bakraun til lengdar“.
- Baks** (n, hk) Puð; erfiði; streð. „Þetta verður eilífðar baks með þessu vinnulagi“.
- Baksa** (s) *Streða*; erfiða. „Ég baksaði við það lengi dags að ná traktornum úr festunni“. Orðið er líklega komið úr sjómanna máli; af þeirri *bakraun* sem fylgir róðri gegn straumum og vindum.
- Baksegl** (n, hk) Sú hlið á bátsegli sem er hlémegin. Sjá *slá í bakseglin*.
- Bakskaut** (n, hk) Katóða; mínuspóll á raftæki. Plúspóllinn nefnist forskaut. Bæði heiti lítt notuð í seinni tíð.
- Bakskauti** (n, kk) Fremri skautinn í *ræði* á bát; skautinn sem veit að róðrarmanni; róðrarskauti. Skautar voru tveir hælur á borðstokk sem árin lék milli þegar róið var, áður en tolluræði kom til. Gjarnan úr hörðu efni.
- Bakslag** (n, hk) A. Það að slá til baka; högg sem kemur til baka. T.d. þurfti að gæta sín á bakslagi þegar bíl-eða traktorsvél var sett í gang handvirkt, þar sem hún gat „*slegið til baka*“ þ.e. gefið neista á röngum tíma og þá slegið illilega í hönd þess sem sveifinni sneri. B. Afturkippur. „Eitthvað bakslag kom í samningaviðræðurnar *undir það síðasta*“.
- Bakstur** (n, kk) A. Það að baka brauð/köku. „Það er með öllu óskiljanlegt hvernig mamma fór að því að koma öllu í verk sem hún gerði. Á sama degi að sumarlagi sá hún að fullu um matseld fyrir fjölmennt heimili; heimilisþrif og þvotta; fataviðgerðir og gestamóttöku; heyskap og hirðingar; mjaltir og mjókurvinnslu og gaf sér jafnvel tíma til að sinna sinni listsköpun eftir að búið var að koma unviðinu í bælið“. B. Brauð, kökur og annað sem bakað er. C. Heitt eða kalt klæði sem sett er við eymsli/bólgu.
- Bakstur** (n, hk) Basl; erfiðismunir; bjástur. „Ég var löðursveittur eftir allt þetta bakstur og basl“. „Það kostaði okkur allnokkuð bakstur að *bjarga* trénu *undan sjó*“.
- Bakstursofn** (n, kk) Bökunarofn í eldavél. almennt nefndur svo áður, en nú veður uppi orðskrípið „bakarofn“.
- Baksund** (n, hk) Sú aðferð sunds að snúa brjósti og andliti upp og aftur meðan synt er.
- Baksvipur** (n, kk) Svípmót manneskju, séð aftanfrá. „Ég þekkti hann strax á baksvipnum“.
- Baksýn** (n, kvk) Það sem sést aftanvið það sem er í forgrunni, t.d. á mynd.
- Baktal** (n, hk) Rógur; *bakmælgj*; *baknag*.
- Baktala /Baknaga** (s) Tala illa um einhvern sem ekki er viðstaddur. „Ég vil ekki heyra svona baktal“!
- Baktería** (n, kvk) Dreifkjarna fruma sem lifir sjálfstæðu lífi og telst því sérstök lífvera. Hún vinnur sér næringu og fjölgar sér. Algeng stærð er 1/1000 mm. Talið elsta form lífs á jörðinni. Tegundafjöldi baktería er gríðarlegur og svo er einnig um áhrif þeirra á umhverfið. Sumar bakteríur teljast meindýr í samlífi við menn og skepnur, og valda jafnvel alvarlegum sýkingum. Aðrar teljast skaðlausar og sumar jafnvel nauðsynlegar, s.s. mjólkursýrubakteríur. Í einum millilítra af sjó eða grammi af mold geta verið margar þúsundir baktería.
- Baktjaldamakk** (n, hk) Brall/ráðabrukk *bakvið tjöldin*.
- Bakveikur** (l) Slæmur í baki; með bakverk; þolir illa átak á bakið.
- Bakverkur** (n, kk) Eymsli í baki, t.d. vegna brjóskloss, giktar eða annars.
- Bakvið** (fs) Fyrir aftan; aftanvið.
- Bakvið lás og slá** (orðtak) Í fangelsi.
- Bakvið tjöldin** (orðtak) Um það sem ekki er gert *fyrir opnum tjöldum*/ opinberlega.
- Bakþankar** (n, kk, fto) Eftirþankar; eftirsjá; efi. „Ég var með bakþanka yfir því hvort ég hefði nóg bensín fyrir alla þessa leið“. Sjá *fá bakþanka*.
- Baldera** (s) Sauma út skrautsaum, stundum með gull- eða silfursaumi; bródera.
- Baldering** (n, kvk) Útsaumur; skrautsaumur; bródering.
- Baldinn** (l) Óþægur; uppreisnargjarn; illur viðureignar. „Gummi var á æskuárum sínum nokkuð baldinn eins og títt er um fjörmikla krakka“ (PG; Veðmálið).
- Baldni** (n, kvk) Óþægð; uppreisn; mótspyrna. „Ansans baldni er í kálfskrattanum“!
- Baldursbrá** (n, kvk) *Matricaria maritimum*. Fjölær jurtt af körfublómaætt; algeng á þurrum stöðum t.d. á holtum og börðum; víða í Kollsvík sem annarsstaðar um norðanverða Evrópu. Ber áberandi stóra hvíta blómkörfu með gulu auga. Jurtin verður 10-60 cm há; stöngull uppréttur með stofnstæðum fjaðurskiptum blöðum. Blómgast í júní-júlí. Þekkt lækningajurt; sögð góð við mörgum kvensjúkdómum; einnig til að leggja við eyra við tannpínu. Seyðið var notað í te og blöðin í súpur. Björn í Sauðlauksdal segir baldursbrá

vera afleita til fódurs, þar sem hún þorni illa og gefi frá sér fælandi lykt. Nafnið vísar til augnaráðs Baldurs hinn góða; ássins sem skotinn var til bana af Höður blinda fyrir áeggjan Loka Laufeyjarsonar.

Bali (n, kk) A. Harður gróinn og gjarnan sléttur jarðvegur; barð/mishæð í landslagi. B. Stórt ílát, vítt í hlutfalli við dýptina.

Bali á ermi (orðtak) ...óljós merking....(e.t.v. óvandaður saumaskapur) (Orðasafn IG).

Ball (n, hk, linur frb) Dansleikur; skemmtun; fjör. „Fólk lagði ýmislegt á sig til að komast á böllinn fyrir á tíð. Eftir að traktor kom í Kollsvík var honum beitt fyrir kerru sem tjaldað var yfir, en í henni var þrúðbúið fólk flutt á ball, t.d. í þinghúsinu á Leiti í Örlygshöfn“.

Ballarhaf (n, hk) Opið haf; rúmsjór. „Þeir fengu töluverðan afla einhversstaðar lengst úti á ballarhafi“. Böllur vísar líklega til hinna sveru sjóa sem algengari eru á úthafi en við land; líking við böll (getnaðarlim) eða bullu. „Inni á grunni unni ég þunnu fangi,/ meðan þeir um þanið haf/ þrælast út í ballarhaf“ (JR; Rósarímur).

Ballest (n, kvk) *Kjölfesta* í skipi. Upprunaleg stafsetning er líklega „barlest“

Ballfær / Ballklár (l) Hæfur/tilbúinn til að fara á ball/dansleik; vel þrífinn/þveginn. „Þú ert varla ballfær fyrir en þú ert búinn að skrúbba af þér mestu skítaskánirnar“. „Þá held ég að maður sé að verða ballklár“.

Balli (n, kk, linur frb.) Stór poki. „Ég sendi tvo stóra balla af hvítu upp og einn af mislitri; auk eins *pokaskjatta*“.

Bambus (n, kk) *Spanskreyr*; stóraxin hitabeltisjurt af grasaætt, með holum stönglum. Holrúmið skiptist í mörg hólf. Bambusjurtir finnast í mismunandi loftslagi, en einkum kringum og sunnanvið miðbaug jarðar. Bambus er notaður til margra hluta; smíða, vefnaðar, lækninga og matar. Hérlandis er bambus notaður allmikið við fiskveiðar; í baujur og krókstjaka. Slíkt tynist oft, og rekur þá á fjörur t.d. í Kollsvík. Sjá *bambussöng*. Í Kollsvík og víðar var bambus oft nefndur *spanskreyr*, en í raun er þar um aðra jurt að ræða.

Bambuskarfa (n, kvk) Karfa fléttuð úr bambustágum. Bambuskörfur voru mikið notaðar undir fisk áður en plastílát leystu þær af hólmi. Mikið rak af þeim í Kollsvík og víðar, og voru þær mjög hentugar til gjafa á votheyi. Heyið var þá borið í þeim frá votheysgryfju að jötu. Mælieiningin var þá *svo og svo* margar körfur á jötuna, en átt var við nokkuð kúfaðar körfur.

Bambusleggur (n, kk) Hluti úr *bambusstöng*. „Fyrstu prjónar sem ég man eftir voru stálprjónar, og svo man ég eftir kopar- eða eirprjónum sem ég held að hafi verið heimasmiðaðir. En aðallega voru notaðir tréprjónar, heimasmiðaðir. Voru þeir úr bambuslegg sem mikið rak af á Rauðasandi. Þetta var einstaklega heppilegt efni í prjóna. Leggirnir voru klofnir niður og skornir til eftir því hvað þeir áttu að vera grófir. Notað var ysta lagið á leggnum. Svo voru prjónarnir skafnir vel og vandlega og þússaðir með sandpappír þar til þeir voru alveg örðulausir og hálir. Við systkinin smíðuðum okkur prjóna og mér fannst mun meira gaman að framleiða prjónana en prjónlesið! Þessir tréprjónar þóttu fara mun betur með hendur prjónakvenna en stálprjónarnir sem voru taldir orsaka handadofa“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Bambusstöng (n, kvk) Bambusstengur voru notaðar í baujur áður en álið leysti þær af hólmi. Stórar stengur voru notaðar á stærri línubátum og ráku oft á fjörur í Kollsvík. Minni stengur voru notaðar á baujur smábáta, t.d. á niðristöður grásleppuneta. Einnig notuðu börn þær í sköft á brönduháfa; í dorg o.fl..

Bana (s) Deyða; slátra. „Enginn vissi í raun hvað hafði banað honum“. „Ég skýt helst ekki á veiðidýr ef ég er ekki nokkuð viss um að geta banað því í fyrsta skoti“.

Banabeður / Banasæng (n, kk/kvk) *Dánarbeður*; andlátslega; það að *liggja fyrir dauðanum*. „Hann uppljóstraði þessu á banabeði“.

Banabiti (n, kk) A. Manndrapsbein; lítið bein neðst á kjálkafiskinum innanverðum í *þorskhaus* (sjá þar). Það var numið burt úr kjálkafiskinum, en væri það ekki gert átti sá hluti sem beinið var í að valda dauða þess sem á, og því nefnt *banabiti* (LK; Ísl sjávarhættir IV). B. Afleidd merking; orsök þess að eitthvað endar eða eyðileggst. „Það gleymdist að setja frostlög á vélina og það varð hennar banabiti þegar kólnaði í tíðinni“.

Banaklefi (n, kk) *Skotklefi*; klefi í sláturhúsi þar sem sláturfé er skotið. „Í nokkur haust í kringum fermingaraldurinn vann ég sem *réttarmaður* í sláturhúsinu á Gjögnum. Mitt hlutverk var að ná sláturlömbum í réttinni; athuga mörk á þeim og stundum skrá númer; og síðan rétta þau *skotmanni* fram í banaklefann; eitt og eitt í einu. Þess var gætt að láta lömbin í réttinni verða sem minnst vör við slátrun hinna og var lokuð hurð á milli. Faðir minn var oftast skotmaður á þeim tíma. Ég leysti hann af einhverja dagstund, en kunni því starfi ekki vel. Mikilvægt er, þegar lamb hefur verið skotið með *rotbyssu* sem þá var notuð, að skera strax á hálsæðar og láta blæða til að ketið verði ekki *blóðhlaupið*. Stundum vann ég við að *hræra í blóði*, sem hirt var til sláturgerðar. Þá er fat sett undir blóðbununa strax og banaklefinn hefur verið opnaður og svo þarf að hræra rösklega í meðan blóðið er að kólna til að ekki myndist *blóðlifrar*. Til öryggis er blóðinu hellt í gegnum grisju í stærra ílát, og það síðan kælt betur. Þegar blætt hefur nóg er hausinn skorinn af og síðan

vippar skotmaður skrokknum uppá hæklnarbekkinn þar sem hækclarar eiga næsta leik. Lengst vann ég sem *hækclari* í sláturhúsinu, bæði á Gjögnum og lítilega á Patró; þar sem nú er hótél“ (VÖ).

Banakringla (n, kvk) Efsti liður í hálsi hryggdýra. Þegr grip er slátrað er hausinn skorinn frá banakringlunni, þannig að hún fylgir skrokknum. Alþjóðaheiti hennar er „atlas“, eftir rísanum sem ber jörðina.

Banalega (n, kvk) *Banabeður*; það að liggja fyrir dauðanum.

Banamaður (n, kk) Morðingi; sá sem drepur.

Banani (n, kk) Bjúgaldin; íbjúgt grænt aldin bananaplöntu. Verður gult og síðast brúnt þegar það þroskast. Bananar sáust fyrst í verslunum vestra uppúr 1960.

Banasár (n, hk) Sár sem leiðir til dauða.

Banaskot (n, hk) Skot sem dauði hlýst af. „Ég held ég hafi komið banaskoti á tófuna áður en hún hvarf í urðina“.

Banaslys (n, hk) Slys þar sem andlát verður.

Banaspjót (n, hk) Spjót til manndrápa. Sjá *berast á banaspjótum*.

Band (n, hk) A. Hverskonar þráður/festi sem unnt er að binda með. B. Garn til prónaskapar. „Band var notað um garn úr íslenskri ull, en garn úr innfluttri ull þótti mýkra og betra í barnaföt og slíkt. Band var oftast heimaspunnið og spunakonur voru hreinir listamenn við rokkin. Börn og unglíngar (og karlmenn) kembdu ullina. Ef nota átti bandið í vinnupeysur karla eða grófari *sokkaplögg* var kempt saman *tog* og *þel* eða notað eingöngu *tog* en *tekið* var *ofan af* sem kallað var þegar *tog* og *þel* var aðskilið. Svo var send ull í Gefjun á Akureyri til að vinna úr henni lopa. Fólk gat fengið unnið úr sinni ull og þá ýmist *óofanaftekin ull* eða *þel* og var þá þó nokkur vinna að taka ofan af mörgum reyfum. Ekki þarf að taka fram að ullin var öll þvegin heima; úr *keytu* fyrst eftir að ég man eftir mér.... Þelband var mest notað í nærföt, *einspinna* í nærskyrtur, allt frá ungbarnaskyrtur og upp í kven- og karlmannaskyrtur og nærbuxur á yngstu börnin (bleyjubuxur). Annars var „*föðurlandið*“ úr smáu tvinnuðu bandi. *Prjónaklukkur* á stelpur voru úr hárfínu *tvinnuðu bandi* eða *einspinnu*, þær voru prjónaðar með *klukkuprjóni*.“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms). C. Stoðviður í báti/skipi; röng; rangaviður. Bönd heita þverviðir þeir sem liggja þversum í bátnum; þvert á byrðing bátsins. Hvert band hefur sitt nafn eftir staðsetningu, t.d. bitapóftuband/sigluþóftuband/hálsband/miðskipsband. Þau geta verið í heilu lagi eða mörgum þörtum og hefur þá hver partur sitt nafn. Í botni var bunkastokkur/botnband; á miðsíðu síðuband/miðröng; þar ofar kálfur, en efst heitir rangarauki/rangargrís/eyra/gripröng/rangarhald. Bönd geta verið höggvin eftir borðunum eða sveigð; svigabönd. Band í botni heitir búkkastokkur eða kjalband. Að setja bönd í bát heitir að benda eða bandfella. Mælt er fyrir böndum eftir að súðað/byrt hefur verið með rangakvarða. (úr LK; Ísl. sjávarhættir II).

Bandalag (n, hk) Samtök; náinn félagsskapur. Hugsanlega er upprunaleg merking sama og fóstbræðralag.

Bandamaður (n, kk) Náinn vinur/félagi/samherji. Upphafleg merking er líklega fóstbróðir; sá sem er manni bundinn með bræðraböndum.

Bandfesta (s) Festa með bandi/taum; tjóðra. „Ekki tókst honum að bandfesta heimasætuna“.

Bandbrjálaður / Bandóður / Bandvitlaus / Bandsyngjandivitlaus / Bandsjóðandivitlaus (l) Kolvitlaus; stjörnuvitlaus. „Það er komið bandbrjálað veður og best að halda sig heima“. Einnig *bandvitlaus* í svipaðri merkingu.

Bandhnöta / Bandhnykill (n, kvk/kk) Rúlla/hnykill af bandi/snæri.

Bandhönk (n, kvk) Hönk/vafningur/lykkja af bandi.

Bandingi (n, kk) Sá sem bundinn er: T.d. tjóðraður kálfur.

Bandormur (n, kk) Sníkjudýr sem lifað getur í fólki og dýrum og valdið sullaveiki. Sjá *sullur*.

Bandítt (n, kk) Æstur maður; ruddi; ökufantur. „Hann hentist upp í bílinn og ók eins og bandítt á eftir þeim“.

Bandlaus (l) A. Á ekki snæri/band/spotta. B. Laus; *vaðlaus*; *spottalaus*; fer um kletta óbundinn og án þess að styðjast við vað. „Gastu komist þarna neðan bandlaus“? „Í Bjargleitina þurfti að velja menn sem ekki veigruðu sér við að fara niður fyrir bjargbrún á þeim stöðum sem voru vel gengir bandlausum manni; svo sem á Stíginn, í Saxagjá og fleiri staði“ (PG; Veðmálið).

Bandreipi (n, hk) Reipi/vaður úr bandi/hampi. Heitið var meira notað áðurfyrr, til aðgreiningar frá svarðreipi sem var reipi/vaður úr nautshúð.

Bandshald (n, hk) *Puma*; *æsa*; skurður sem skorinn er á stirtluenda fiskflaks til að unnt sé að ráfesta það; hengja það til herslu/signingar/þurks upp á rá/nagla eða bregða í það bandi (sjá m.a. *steinbitur*).

Bandsokkar / Bandvettlingar (n, kk, fto) Sokkar/vettlingar prjónaðir úr bandi en ekki lopa.

Bandspotti (n, kk) Stutt band; bútur af bandi; *þarfaband*. Band var dýrmætt fyrir á tíð, enda *vafstursamt* að afla þess, en notagildið mikið til sjávar og sveita. Menn gættu því vel sinna bandspotta og litu það alvarlegum augum ef aðrir ágirtust þá (sbr. dauðadóm Jóns Hreggviðssonar á Reyn).

Bandstuðningur (n, kk) Um bjargferðir; stuðningur/hjálp af bandi/vað. „Það er kannski möguleiki að komast yfir *ófaruslefruna* með bandstuðningi“.

Bandvefur (n, kk) Einn af fjórum helstu tegundum vefjar í lífverum, en hinar eru þekjuvefur, vöðvavefur og taugavefur. Bandvefur er úr frumum trefjum og utanfrumuefnum og hefur einkum það hlutverk að binda saman og styðja aðra vefi líkamans.

Bandþreifandi (l) Áhersluorð, oftast tengt dimmviðri. „Það var kominn bandþreifandi skafmoldarbylur uppi á Hálsinum“.

Baneitraður (l) Lífshættulega eitraður; verulega viðsjárverður. „Maður veit aldrei hvað er í þessum unnu matvælum sem eiga að þola nær ótakmarkaða geymslu í stofuhita. Þetta getur verið baneitrað“.

Bang / Bank (n, hk) Barsmíðar; það að banga/banka/lemja/slá. „Hættu nú þessu bangi meðan ég hlusta á veðurfréttirnar“! „Mér fannst ég heyra eitthvað bank“.

Banga (s) Smíða; lemja; slá í/saman. „Skyldi ekki vera hægt að banga saman þennan stólgarm“?

Banginn (l) Hræddur; smeykur. „Hann var *hvergi banginn*; sagðist geta sigið í bjarg alveg eins og aðrir“.

Bangsi (n, kk) Gæluheiti á birni.

Banhungraður (l) Sárhungraður; mjög svangur/*soltinn*; *glorhungraður*. „Ertu ekki banhungraður eftir þetta ferðalag“?

Bani (n, kk) Dauði; andlát; aldurtíli. „Enn er ekki vitað hvað *varð* honum *að bana*“.

Banka (s) Slá létt högg, t.d. á hurð til að gera vart við sig. Fyrrum var það til síðs að gestur bankaði þrjú högg í röð á dyr. Þrír var tala heilagrar þrenningar, sem draugar og forynjur forðuðust að nota.

Bankabók (n, kvk) Sparisjóðsbók. Þegar fé var lagt inn á bankareikning áður fyrr fékk innstæðueigandi í hendur litla bankabók/sparisjóðsbók með nokkrum auðum síðum. Í hana var færð innstæðan og síðan vextir og aðrar hreyfingar sem urðu á innstæðunni. Sparisjóðsbækur voru við líði framundir lok 20.aldar.

Bankabygg (n, hk) Gróft heilt bygg. Mikið notað til matar.

Banki (n, kk) A. Hverskonar uppsöfnun eigna, verðmæta eða annars, t.d. reynslubanki. Notað um mikil fiskimið, t.d. Selvogsbanki. B. Fjármála fyrirtæki sem stundar bankaviðskipti, t.d. innlán og útlán fjármuna.

Bann (n, hk) Forboð; synjun. „Enginn þorði að brjóta gegn þessu banni“. Sjá *leggja blátt bann við*.

Banna (s) Meina; synja; forbjóða. „Ég bannaði þeim að aka yfir túnið“.

Bannfæra (s) Leggja á *bannfæringu*.

Bannfæring (n, kvk) Stórmæli; forboð; útskýfun tiltekins einstaklings; eitt öflugasta refsíúrræði kaþólskrar kirkju. Biskupar beittu bannfæringarvopninu nokkuð í deilum sínum við höfðingjavelðið vegna valda og eignayfirráðum. Tvö stig voru á bannfæringu. Hið minna forboð; *excommunicato minor*, útilokaði menn frá kirkjusókn og þjónustu presta. En hin meiri bannfæring; *excommunicato major*, útilokaði menn frá samneyti við annað kristið fólk; útskýfaði þeim í raun úr samfélaginu; synjaði þeim um leg í vígðri mold og gerði eignir þeirra meira og minna upptækar til kirkjunnar. Páfi hafði þó vald til enn öflugri aðgerða, en hann gat bannfært heilu löndin og landsvæðin, þannig að þar mætti engin prestverk vinna. Bannfæring var numin úr lögum með konungsbréfi árið 1782.

Bannorð / Bannyrði (n, hk) Orð eða hugtök sem ekki má nefna. Sjómenn hafa löngum verið sérlega hjátrúarfullir, enda byggir þeirra líf og afkoma á heppni með veiði, veður og sjólag í hættulegu umhverfi. Því var trúað að sum orð kölluðu ólukku yfir bát og bátsverja og spilltu aflabrögðum. Sumir höfðu guðsorð mjög uppi. Aldrei mátti nefna botn, heldur var talað um grunn, hraun, fōðurlandið og fleira. Hafa orðatiltæki haldist frá þeim tíma, þó bannhelgin sé ekki lengur virt. „Það er fast í grunni“. „Ég held ég sé að draga fōðurlandið/fōsturjörðina núna“. Ekki mátti telja fisk sem sást á slóða eða línu áður en hann kom í bátinn.. Þess í stað var tíðum höfð yfir þessi þula: „Einn fer að heiman“ (ef einn fiskur sást á slóða/línu); „tveir hafa það verið“ (um 2 fiska); „nei, heilagur andi“! (um 3 fiska); „... og hefur staf“ (þegar fjórir fiskar voru í sjónmáli). (KJK; Kollsvíkurver). Lík þula var til í öðrum verstöðvum, t.d. í Eyjafirði. Þegar við átti var stundum sagt að *fiskur væri á hverju járn*. Sá sem taldi fiskana var *kjastaprestur*. Eftirfarandi vísuþrot er frá vermönnum í Útvíkum: „Ein er kindin, önnur sést; andinn, prikið, strollan, lest“. Þegar lóð flaut upp vegna veiði hét það *stagur*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; m.a. eftir ÓETH).

Bannsettur (l) Áhersluorð/blótsyrði. „Bannsettur auli get ég verið að gleyma goggnum í landi“. „Hann ætlar að trassa þetta *eina ferðina enn*, bannsettur“!

- Bannsyngja** (s) Bölsótast; blóta. „Það þýðir víst lítið að bannsyngja þessar íþróttir“. Merkti fyrrum trúarlega athöfn þar sem maður var *settur út af sakramentinu/ bannfærður*.
- Bannsöngur** (n, kk) Blót; bölbætur. „Það mátti heyra bannsönginn í karlinum um allan dalinn, þegar hann missti kindina framhjá sér“.
- Bannvara** (n, kvk) Hlutur sem bannaður er. „Hvítlaukur ætti að vera bannvara í síðuðu þjóðfélagi“.
- Bannvítans / Bannvítis** (l/uh) Vægt blótsyrði/áhersluorð, oftast notað með nafnorði. „Ég hef sjaldan heyrt álíka bannvítans endaleysu“! Sjá *benvítans/benvítis*.
- Banvænn** (l) Sem líklega veldur bana/dauða; lífshættulegur. „Fyrr á tíð voru margir þeir sjúkdómar banvænir sem nú er unnt að lækna fólk og skepnur af“.
- Bara** (ao) Aðeins; einungis. „Þetta er bara einhver kvefsskítur í mér“. „Bara að hann muni nú eftir þessu“. „Þetta er bara ágætis grautur“. „Komdu bara ef þú þorir“!
- Bara í nefinu á honum** (orðtak) *Ristir ekki djúpt*; bara látalæti. „Hann á það til að rífast svona og skammast þegar eitthvað fer úr skorðum, en það er bara í nefinu á honum; hann meinar ekkert með þessu“.
- Barasta** (ao) Bara. „Ég held barasta að ég kæmist þetta bandlaus“. „Oj barasta; þetta er viðbjóður“!
- Barátta** (n, kvk) Viðureign; bardagi; deila. „Það er nú ærið fyrir bændur að standa í eilífri baráttu við veðráttuna, þó þeir þurfi ekki líka að kljást við heimsku og fordóma í stjórnkerfinu“!
- Baráttuglaður** (l) Tilbúinn að standa í baráttu; þrasgjarn.
- Baráttuhugur / Baráttuvilji** (n, kk) Vilji til að berjast fyrir sínu málefni/hugðarefni.
- Baráttulaust / Bardagalaust** (l) Án mótmæla/andstöðu/varnar. „Ég gef þetta ekki eftir bardagalaust“.
- Baráttuþrek / Baráttuþróttur** (n, hk) Dugur/afli/úthald til að heyja baráttu/viðureign.
- Barbari** (n, kk) Villimaður; ribbaldi; illa síðaður maður. „Þeir hafa sölsað undir sig þjóðarauðlindirnar eins og algerir barbarar“. Upphaflega notuðu Forn-Grikkir orðið yfir þá sem ekki töluðu grísku.
- Barbarí** (n, hk) Vafasamur staður; útlönd. „Og þú hefur sloppið úr Barbaríinu þarna í sólarlöndunum“.
- Bardagaefni** (n, hk) Tilefni bardaga/orrustu. „Í Bardagalágum segir sagan að hafi barist eitt sinn Tungu- og Sellátranabóndinn, og var bardagaefnið Urðavellirnir“ (KJK; Örn.skrá Tungu).
- Bardagaglaður** (l) Tilbúinn til átaka ef þörf er á. „Ég segi kannski ekki að ég sé bardagaglaðari en aðrir, en ég er ekki tilbúinn að láta traðka mikið á mér eða mínum“.
- Bardagalukka** (n, kvk) Stríðsgæfa; almennt um gæfu/velgengni. „Eitthvað virðist bardagalukkan nú vera að snúast honum í hag“.
- Bardagi** (n, kk) Viðureign; slagur. „Við lentum í bardaga með að koma fénu uppúr hliðinni“.
- Bardónur** (n, kvk, fto) A. Band til að festa hluti niður, t.d. til varnar foki; sig. „Þú ert búinn að setja feikna bardónur á bátinn; hann ætti varla að fjúka úr þessu“. B. Rammgerð smíði; t.d. slagbrandar fyrir hurð eða *hrútabardónur* í hrútaskíu.
- Bardús** (n, hk) Sýsl; dund. „Það liggur við að karlgarminum finnist það spennandi, eftir allt hans amstur og bardús, að eiga nú að upplifa einn af þessum frægu skellibyljum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Bardúsa** (s) *Bauka; dunda*. „Hvað ert þú að bardúsa þessa dagana“?
- Barð** (n, hk) A. Bakki í landslagi. „Mundu að líta undir börðin þegar þú gáir að lambfénu“. B. sundfæri/fiskmeti á skötu. „Börð sem veruð voru til útflutnings voru lögd í saltþækil; þveginn; söltuð og þurrkuð.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). C. Kantur/brik af ýmsu tagi, s.s. hattbarð. D. Barð eða barði hefur líklega merkt sama og bjarg í eina tíð. Líklegt er t.d. að Barðaströnd dragi nafn af björgum þeim og sæbröttum nesjum sem þar skaga fram, t.d. Látrabjarg, Breiður og Blakkur.
- Barða** (s) Slægja skötu; taka innan úr skötu bakið, kviðinn, hlaunirnar og halann, svo eftir verði börðin sem voru veruð til matar. „Algengast var að skata væri börðuð í landi“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Barði** (n, kk) A. Fornt heiti á skipi. Ein hugsanleg skýring á nafninu Barðaströnd/Barðastrandasýslu er sú að forliðurinn vísi til skipa, og þá líklega til þess að þar hafi orðið meiri skipsskaðar en annarsstaðar á landnámsöld. Núna er vitað um tvö sjóslys frá þeim tíma. Annað er strand Kolls í Kollsvík sem frá er sagt í Landnámu, en hitt er mannskætt sjóslys sem líklega varð í Vatnsdal. Þar fannst nýlega bátskuml sem gæti bent til slíks. Fleiri slík kuml gætu enn verið ófundin. B. Gamalt heiti á *beinhákarli*.
- Barefli** (n, hk) Það sem notað er til að berjast með, t.d. lurkur, kylfa, hamar, sleggja. „Réttu mér eitthvað barefli til að slá niður staurinn“. Síðari liðurinn vísar til þess að efla högg þegar barið er.
- Barinn** (l) Laminn. Sjá *eins og barinn hundur*.

- Barka** (s) A. Um sár; skurma; mynda hrúður þannig að lokist. „Sárið er strax farið að barka“. B. Súta; garva; verka skinn o.fl. svo þau geymist án þess að rotna. C. Fletta börk af tré; *barkfletta*.
- Barkakýli** (n, hk) Liffæri framaná barka/hálsi manna og dýra, gjarnan útstandandi og er líkingin dregin af grafrarkýli. Barkakýlið er úr brjóski og í því eru raddböndin, en neðanvið það er skjaldkirittlinn sem gegnir mikilvægu hlutverki í hormónaframleiðslu.
- Barkandi** (l) A. Súrt; með sýruvirkni. B. Græðandi; flýtir því að sár *barki*. „Elfting er barkandi og græðandi. Lögur hennar lækna lífsýki og jurtin sjálf, ef vel er marin milli steina og stungið í nef manni eða lögð við enni, stillir nasablóð...“ (BH; Grasnytjar).
- Barkarúm** (n, hk) Fremsta rúmið í báti, að frátöldum stafni. Sjá *barki*.
- Barkapófta** (n, kvk) Þóftan framanvið barka í báti; fremsta þóftan í báti.
- Barkfletta** (s) Fletta börk af tré; *barka* tré.
- Barki** (n, kk) A. Öndunarvegur á mönnum og skepnum, frá munn í lungu. Barki af sláturfé var nýttur til matar framyfir 1960, t.d. á Láganúpi. Barkar voru skornir upp langseftir; skafnir upp; soðnir og einkum étnir nýir; þótti sæmilegur matur. B. Fremsta rúmið (hólf milli þófta) í báti. „Svo reri hann á tvær árar fram í sagði mér að vera í barkanum, sem er fremsta rúmið í bátum, og kasta í land tauginni þegar að væri komið því nægur mannskapur var í fjörunni að taka á móti okkur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). C. Sveigjanleg slanga með þveröldottri styrkingu sem að minnir á mansbarka.
- Barkskip / Barkur** (n, hk/kk) Stórt seglskip. Oftast notað um þau hafskip sem notuð voru á tíma landafundanna miklu, en þau voru gjarnan þrimöstruð og með rásegjum.
- Barlómur** (n, kk) Kvartanir; væl; bölsýni. „Það þýðir víst ekkert að hafa uppi einhvern barlóm“. Leit af orðtakinu að *berja lóminn*.
- Barma sér** (orðtak) A. Um manneskju; *fárust*; bera sig illa. „Það þýðir víst ekkert að fárust yfir þessu“. Orðtakið er innflutt, en t.d. í fornsænsku er það „barme sik“. B. Um fugl; draga athygli frá hreiðri sínu eða unga með því að þykjast vera vængbrotinn.
- Barmafullur** (l) Um ílát; fullur uppá barma; fleytifullur. „Balinn er að verða barmafullur af regnvatni“
- Barmafylla** (s) Fylla ílát upp að barmi; fleytifylla.
- Barmur** (n, kk) A. Kantur; brún; brik; þröm; jaðar. B. Brjóst. Mun upphaflega hafa átt við kvenbrjóst, en á nú fremur við jaðar/op klæðnaðar á bringusvæði. Sjá *stinga hendinni í barminn* og *líta í egin barm*.
- Barn í brók** (orðtak) Raunveruleiki; afurð. „Hann ætlar að smíða sér kerru úr þessu. Ég er samt hræddur um að það verði aldrei barn í brók hjá honum; þar vantar meira til“.
- Barna** (s) Geta barn við konu. „Sagt var að hann hefði á efri árum barnað vinnukonuna á bænum“.
- Barna söguna** (orðtak) Bæta við sögu/frásögn. „Honum hefur aldeilis tekist að barna þessa sögu; þetta er bara alls ekki það sem gerðist“!
- Barnabrek / Barndómsbrek** (n, hk, fto) Ungdómsbrek; óknyttir/skammir sem menn gera af sér sem börn, og litið er mildum augum vegna ungs aldurs.
- Barnadauði** (n, kk) Andlát ungbarna. Barnadauði var geigvænlega mikill fyrr á tímum; fyrir tíma bólusetninga og annarra lækninga sem nú þykja sjálfsagðar; ekki síst á fátækum heimilum og á þrengingatímum.
- Barnafræðsla** (n, kvk) Kennsla barna. „Ég man ekki eftir neinum átökum við lestrarnám, en læs var ég þegar ég fór að heiman. Það var frekar snemma eftir því sem þá tíðkaðist því kennt var á Rana og því stutt að fara, en kennt var að hálfu í Kollsvík og svo að Látrum. Þrjá vetur fyrir fermingu fylgdi ég kennaranum að Látrum og var þá fyrri tvo hjá Guðbjarti Þorgrímssyni og Guðmundínu, en einn hjá Daníel og Önnu. Alla barnafræðslu fékk ég hjá Kristjáni Júlíusi Kristjánssyni, sem var mjög góður kennari“ (IG; Æskuminningar). Sjá *barnaskóli*; *farkennari*.
- Barnagaman** (n, hk) Skemmtun/leikir barna; *barnaleikur*. „Það verður ekkert barnagaman að eiga við þetta“.
- Barnaglingur** (n, hk) Leikföng barna; það sem börn leika sér með.
- Barnagæla** (n, kvk) A. Barngóð manneskja. „Hann er mikilbarnagæla og fljótur að kalla fram brosið“. B. Vísur ætlaðar börnum; vögguvísur. Sú merking er líklega eldri, en minna notuð í seinni tíð.
- Barnakennsla** (n, kvk) Kennsla barna; barnafræðsla. Skipuleg fræðsla barna var lítil fyrir aldamótin 1900 og miðaðist einkum við lestrar- og kristindómsfræðslu til fermingar. Samkvæmt tilskipun Danakóns frá 1790 var prestum bannað að ferma börn sem ekki kunnu að lesa á bók. Alþingi samþykkti 1789 lög um fræðslu barna í lestri og reikningi, og barnafræðslulög voru sett árið 1907. Eftir það var fyrst farið að stunda skipulega barnafræðslu, sem a.m.k. til sveita var í formi *farkennslu*.

Barnalán (n, hk) Það að eiga mikið af börnum; það að börn manns séu heilsuhraust og efnileg. „Þau áttu miklu barnaláni að fagna, en 18 þeirra komust til fullorðinsára“.

Barnalegur (l) Eins og barn; þröngsýnn; skammsýnn; einfeldningslegur. „Mér finnst þetta ósköp barnalegur hugsunarháttur“.

Barnaleikfang (n, hk) Leikfang barna. „Láttu byssuna kjurra; hún er ekkert barnaleikfang“!

Barnaleikur (n, kk) Upprunalega merkingin er augljós, en orðið var mest notað um hvaðeina sem var auðvelt í framkvæmd. „Þetta er bara barnaleikur“.

Barnamaður (n, kk) Sá sem á mörg börn. Oftast notað í seinni tíð í orðtakinu *bláfátækur barnamaður*.

Barnameðfæri (n, hk) Sem barn getur höndlað/ ráðið við. „Tréð er ekkert barnameðfæri; ég býst við að við þurfum þriðja mann til að bjarga því undan sjó“.

Barnamosi (n, kk) Sphagnum; *dýjamosi*. Mosi sem algengur er í dýjum og mýrum og var því oftast nefndur dýjamosi í Kollsvík. Oft skærgrænn að lit og með grófari blöðum en t.d. gamburmosi. Vaxi mosinn í blautlendi er vatnsinnihald hans áttföld eigin þyngd. Hann er því mjög gleypur eftir þurrkun og rakadrægur. Því var hann fyrrum notaður sem undirlag barna til að taka við vætu, og af því er nafnið dregið.

Barnapía / Barnfóstra (n, kvk) Stúlka/kona sem gætir barns/barna.

Barnaskapur (n, kk) Einfeldingsháttur; bjánagangur. „Óttalegur barnaskapur er þetta; að fara á þessum tunnubátum á sjó“! „Það er barnaskapur að halda að ríkisstjórnin lifi út kjörtímabilið“.

Barnaskóli (n, kk) Stofnun til menntunar barna, sem rekin er af hinu opinbera í hverjum hreppi. Fyrr á öldum var barnafræðsla almennt ekki sinn nema af heimilisfólki og því sem þau lærðu við fermingarundirbúning, sem mest var trúarlegs eðlis. Fyrsti barnaskólinn var stofnaður í Vestmannaeyjum 1745, en lagðist af eftir nokkur ár. Sömuleiðis barnaskóli stofnaður á Álftanesi 1791. Einkakennsla og kennslurit urðu algengari á 19.öld. Miðbæjarbarnaskóli hóf starfsemi í Reykjavík 1862, og Eyrarbyggðaskóli 1852 sem er sá elsti sem enn starfar. Á næstu áratugum fjölgaði skólum, einkum í þéttbýli, og fræðsla varð lög- og kerfisbundin. „Í upphafi 20.aldar voru jafnan nokkrir farkennarar í einu í Rauðasandshreppi (sjá *farkennsla/farskóli*) oftast einn í hverri sókn. Í þéttbýlinu á Eyrum tók barnaskóli til starfa árið 1900... Í sveitinni var oftast kennt á Rauðasandi; á Látrum; í Kollsvík og í Örlygshöfn. Eins var oft kennsla í prestssetrinu í Sauðlauksdal“ (BB; Fólkið landið og sjórin). Kringum 1930 varð mikil umræða um stofnun heimavistarskóla í hreppnum og stofnaður var sjóður í því skyni 1945 með framlögum hreppsþúa og burtfluttra. Ýmislegt tafði þó bygginguna, einkum þref um staðsetningu; hvort byggja skyldi í Sauðlauksdal eða Örlygshöfn. Ákvörðun var tekin á almennum fundi í Kvígindisdal 18.sept 1963 um að byggja skólann við Félagsheimilið Fagrahvamm sem þá var risið í landi Tungu í Örlygshöfn. Allir unnu einhuga að byggingunni, sem var heimavist og kennaraíbúð. Byggingarkostnaður hans nam um 9,8 milljónum króna á þeim tíma, en af því greiddi hreppurinn um helming á móti ríkinu. Kennsla hófst 1965 og var félagsheimilið einnig nýtt til kennslu, þar sem eiginlegar skólastofur voru aldrei byggðar. Skólinn í Örlygshöfn starfaði til 2002, þegar hann var lagður niður í kjölfar sameininga hreppa á svæðinu í Vesturbyggð. Skólastjórar barnaskólans í Örlygshöfn voru: Ingólfur Þórarinnsson 1966-68; Magnús Gestsson 1968-70; Guðmundur Friðgeirsson 1970-92; Gunnar Þór Jónsson 1992-95; Arndís Harpa Einarsdóttir 1995-96 og Björg Baldursdóttir 1996-2002. Allmargir fengust við stundakennslu á starfstíma barnaskólans. (Farkennurum í Rauðasandshreppi eru gerð skil undir *farkennarar*).

Barnatrú (n, kvk) Trúarlegur skilningur barna. Börn eru móttækileg fyrir þeim trúarboðskap sem þeim er innrættur, og eru oft laus við þær efasemdir og þá rökhyggju sem sækir á suma hina fullorðnu. Sumum tekst þó vel að halda í sína barnatrú framá efri ár.

Barnaútburður (n, kk) Morð ungbarns á þann hátt að það er skilið eftir út til að deyja. Þessi siður tíðkaðist í norrænum samfélögum í heiðni og var við lýði fram eftir öldum hérlendis. Í huga nútímafólks eru þetta óskiljanlegir og hryllilegir glæpir. Við eigum þó erfitt með að setja okkur fyllilega inn í aðstæður þessara tíma. Sambúð manns og konu fylgir löngun til samræðis og þegar ekki er völ á getnaðarvörnum eða fóstureyðingum fæðast börn í kjölfarið. Þegar vart er unnt að framfleyta heimilisfólki sem fyrir er má velta fyrir sér hvað var til bragðs að taka. Inn í þetta blandast svo trú fólks á guðs náð, framhaldslíf o.fl. Við kristnitökuna árið 1000 var áfram leyfður barnaútburður eins og verið hefði, en sú undanþága var afnumin á 11.öld. Alltaf var þó eitthvað um slíkt, eins og kemur fram í dómum, en mál af þessu tagi nefndust *dulsmál*.

Barnaveiki (n, kvk) Diphteria; smitandi bakteríusjúkdómur sem áður fyrr var landlægur og olli dauða fjölda ungbarna. Skóf myndast á kokeitlum, sem í alvarlegum tilfellum breiðist út í kok, barka og lungu og getur valdið köfnun. Byrjað var að bólusetja við veikinni 1941 og er hún nú skaðlaus hérlendis.

Barndómur (n, kk) Hegðun/látbragð barns. Sjá *genginn í barndóm*.

Barneign (n, kvk) Geta til að eignast barn. Sjá *komin úr barneign*.

Barngóður (l) Sá sem er góður við börn / börn laðast að. „Bæði voru þau hjón sérlega barngóð“. Eldra orð er „barnelskur“.

Barnið vex en brókin ekki (orðatiltæki) Lýsandi um það að fót þarf ört að endurnýja þegar barn stækkar. Einnig notað um annað sem vex og fær nýjar þarfir.

Barningsbúskapur (n, kk) Erfiður búskapur; hokur.

Barningsfærð (n, kvk) Þæfingur; erfitt færi; *barningur*. „Það var barningsfærð yfir *háhálsinn*“.

Barningsróður (n, kk) Erfiður róður í t.d. miklum sjó og/eða mótvindi.

Barningssteinn (n, kk) Stór steinn nærri húsum sem nýttur er til að berja á harðfisk. Þetta heiti var almennt notað í Kollsvík, en virðist ekki þekkt annarsstaðar, sbr; „...hverju býli fylgdi fiskasteinn/barsmiðasteinn/börðusteinn/börslusteinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Barningstíð / Barningstíðarfar (n, kvk/hk) Erfitt/slæmt tíðarfar; harðindi. „Þetta fer að verða bölvuð barningstíð ef svona gengur áfram“.

Barningsveður (n, hk) Mótvindur, einkum notað þegar róa þurfti móti veðri. „Við fengum árans barningsveður yfir heiðina“.

Barningur (n, kk) A. Það að berja *harðfisk*; mýkja hann til neyslu. „Áðurfyrri fór barningur fram á steini, með harðfiskhnalli, en nú er fiskurinn valsaður í vélum“. B. Torsóttur/erfiður róður á báti. „Gátum við notað segl suður að Boða en þaðan var barningur í land og miklar ágjafir“ (GG um Kollsvíkurver). „Komust þeir svo á venjulegri *bátaleið* fyrir Bjargtanga og tóku barning að Brunnum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). Algengt var einnig að tala um barning þegar hafa þurfti mikið fyrir því að berjast gegn veðurofsa, einkum í ófærð; *barningsfærð*. C. Erfiðleikar; mótlæti. „Þetta er *æði* barningur hjá þeim, blessuðum“. D. Um fjárbeit; krafsvörð; fé þarf að krafsa til beitar.: „Það var barningur hjá því í dag“.

Barnlaus (l) Á engin börn; er ekki með börn. Sjá *hljóður er barnlaus bær*.

Barnmargur (orðtak) Á mörg börn. „Barnmargir fátæklingar voru hreppsnefndinni og efnameiri mönnum mikið áhyggjuefni“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Barnsaldur (n, kk) Ungur aldur; aldur þess sem ekki er orðinn fullorðinn.

Barnsburður (n, kk) Fæðing barns.

Barnsfaðir (n, kk) Faðir barns utan hjónabands. Heitið er oftast notað þegar rætt er um móður barns. „Eftir að hún giftist slítnuðu að mestu tengs hennar við barnsföður sinn“.

Barnsfarir (n, kvk, fto) Fæðing barns. „Hún mun hafa látist af barnsförum“.

Barnslegur (l) Eins og barn; hrekklaus. „Ég trúði þessu, í minni barnslegu einfeldni“.

Barnsnauð (n, kvk) Erfið fæðing; *jóðsótt*.

Barnsvani (n, kk) Það sem maður venst við á barnsaldri.

Barnungi (n, kk) Gæluorð um ungbarn/ lítið barn. „Lítu eftir barnunganum andartak fyrir mig“.

Barnungur (l) Á barnsaldri. „Ég var barnungur, fimm ára, en áhugi á hestum var mér í blóð borinn“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Barnæska (n, kvk) Tíminn þegar maður er á barnsaldri; ungdómsár.

Barokk (n, hk) Listastefna sem upp kom uppúr 1600 í Róm og breiddist út um Evrópu. Hennar gætti í húsbýggingum, húsgagnahönnun, tónlistarsköpun, myndlist og fleiru. Einkenni barokks og rókókkó, sem var náskyld stefna, var íburðarmikið flúr; flókin mynstur og tilfinningahiti.

Barómet / Barómeter (n, hk) Loftvog. Fyrir daga útvarpsveðurspárinnar var barómet eitt mesta þarfþingið á hverju bændaheimili, líklega næst á eftir klukku og vasahníf. Fyrsta verkefni bónda þegar hann reis úr rekkju var að *dumpa* á barómetið; fara út fyrir húshorn og míga og líta til veðurs. Af samspili veðurmerkja og barómetsstöðu voru menn furðu *glúrnir* að spá rétt fyrir um veður, að minnst kosti þann daginn. Barómet hefur tvo vísa; annan sem fylgir loftþrýstingi og hinn sem er samræmdur honum, handvirkt. Þannig mátti sjá hvort loftþrýstingur hafði fallið eða stigið frá síðasta álestri. Þegar dumpað var á barómetrið hrökk það örlítið í þá átt sem loftþrýstingurinn stefndi til í það skiptið, sem gaf viðbótarupplýsingar. Fallandi loftþrýstingur bendir til þess að lægð sé á leiðinni og því hætta á versnandi veðri. Hækkandi þrýstingur veit á hæð, með stöðugra og bjartara veðri, en e.t.v. einnig norðanátt og ógæftir. „Hvernig stendur mælirinn“ spurði Guðbjartur gamli á Láganúpi og átti þá við barómetið. Viðeigandi svar gat verið; „hann er heldur fallandi“ eða; „mér sýnist hann frekar vera á uppleið“. Í seinni tíð „barómet“, en fyrr heyrðis „barómeter“. „Arni lokaði glugganum; leit á barómetið; sló á það með tveim fingrum hægri handar; ók sér svoltið en stakk sér svo undir sængina meðan hitnaði á katlinum.... „Það er besta veður eins og er, og getur orðið það í dag.

- Mælirinn hefur fallið og sjáanlega er norðanált í aðsigi, en hann er sjólaus ennþá“. Svo fórust formanninum orð, en hann var mjög veðurglögur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Barsmiðar** (n, kvk, fto) Högg, annaðhvort í slagsmálum eða með verkfæri. „Í logninu heyrðust að Láganúpi barsmiðar smiðanna þegar þeir járnðu þakið á nýju hlöðunni í Kollsvík“.
- Bartskeri** (n, kk) Gamalt heiti á hárskera. Algengt var fyrr á öldum að bartskerar gegndu ýmiskonar læknisstörfum, enda áttu þeir að jafnaði betri og hentugri bitjárn en aðrir t.d. í skurðaðgerðir og aflimanir, auk þess þeir þurftu tíðum að græða sár af völdum eigin rakhnífa. Urðu þeir mikilvæg læknastrétt í Evrópu á síðmiðöldum og komu stundum hingað til lands.
- Basalt** (n, hk) Blágrýti; basískt gosberg. Algengasta bergtegund jarðar og ráðandi bergtegund í hinum tertíera jarðlagastafla Íslands, á Austfjörðum og Vestfjörðum. Einnig helsta bergtegundin á Tunglinu. Helstu steindir basalts eru kísill, plagíóklas og pýroxen, en einnig ólivín, magnetít o.fl. Basaltið í blágrýtisstaflanum t.d. í Kollsvík er gosberg, þar sem skiptast á hraunlög og millilög úr gosefnum og jarðvegi. Í Kollsvík má einnig sjá basískt berg í lóðréttum göngum sem nefnist díabas, en í fjörum má finna flökkusteina m.a. úr grænlenku gabbró sem er grófkristallað basískt djúpberg.
- Baskar** (n, kk, fto) Þjóð í Baskalandi, sem talist hefur hluti Spánar á síðari tímum. Baskar hafa þó allmikla sérstöðu, t.d. varðandi tungumál. Á 17.öld hófu Baskar að stunda hvalveiðar hér við land og munu jafnvel hafa verið með einhverja bræðslu á Ströndum. Samskipti þeirra við landsmenn voru lengst af friðsamleg, eða þar til kóngur fyrirbaud veiðar þeirra með konungsbréfi 1615 og fyrirskipaði sýslumönnum að reka þá úr landi. Af því hlutust hin frægu *Spánverjavíg* sama ár, þar sem Ari Magnússon sýslumaður í Ögri og menn hans drápu meirihlutann af áhöfn þriggja Baskneskra hvalveiðiskipa eftir eltingaleik um allan Vestfjarðakjálkann. Sjá *hvalveiðar*.
- Basl** (n, hk) Erfiðisvinna við slæmar aðstæður án verulegs árangurs. „Þetta er óttalegt basl á þeim blessuðum“. Upphafleg ritun hefur líklega verið barsl; dregið af því að berjast.
- Baslari** (n, kk) Sá sem leggur hart að sér án þess að ná tilætluðum árangri; sá sem puðar en er ekki *lagtækur*.
- Baslbúskapur** (n, kk) Erfiður búskapur; hokur. „Þetta er orðinn hálfgerður baslbúskapur hjá þeim“.
- Bassi** (n, kk) Maður eða hljóðfæri með dimma rödd/ lága tóntegund. „Hver kirkjugestur söng með sínu nefi, en úr því varð furðu góður kór. Þeir sem voru ófeimnari við að sýna söngsnilld sína sungu gjarnan tenór, sópran og barítón, en hinir óframfærnari drundu bassann þó slítrótt væri. Nokkuð var þó takturinn á reiki, einkum í sálum sem sjaldan voru sungnir, og misjafnt hve lengi menn héldu tóninum“.
- Bast** (n, hk) A. Himna sem umlykur heilann. B. Seig trefjahimna milli barkar og viðar í tré. C. Tágar sem notaðar eru til að flétta muni. Sjá einnig *á tvist og bast*.
- Basta** (ao) Sletta sem notuð er í upphrópunarsetningum: „Ég sagði að þetta væri nóg, og þar með punktur og basta“! „Nú nenni ég þessu ekki lengur; bara búið og basta“! Upprunnið úr ítölsku; bastare = nægilegt.
- Bastarður** (n, kk) A. Lausaleiksbarn; kynblendingur. B. Fyribæri sem sett er saman úr tveimur ólíkum hlutum. „Pétur Stefánsson á Hvalskeri keypti þá Fordson traktorinn af Barðstrendingum og byggði upp úr honum og leifum af Dentor eitthvað sem líktist dráttarvél. Mun sá bastarður hafa borið beinin suður í Hraungerðishreppi“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Bata** (s) Bæta; laga; gera betra/meira; *bæta úr skák*. „Hann er eitthvað að auka þennan veltingsfjanda; og ekki batar innlögnin“! „Það batar lítið að biðjast afsökunar; næst þegar þú þarft að reka svona fúlt við þá gerir þú það utandyra“!
- Bata má verk þó ei bætt verði** (orðatiltæki) Sumt má laga/ lappa uppá þó ekki verði það gert eins og nýtt/ betra en upphafleg smíði.
- Bata sig** (orðtak) A. Um manneskju; verða betri/leiknari/færari í einhverju. „Strákurinn hefur heilmikið batað sig í reikningi þennan veturinn“. B. Um sauðfé; verða í betri holdum; *slást við*. „Lömbin náðu að bata sig dálítið síðsumars, þegar ánum var hleypt á slétturarnar“. C. Um mjólkurkúr; hækka í nyt; *græða sig*.
- Bata til** (orðtak) Bæta við; bæta úr; auka við. „Heyin eru hálf léleg sem ég er að gefa núna, svo ég bata fénu dálítið til með fiskiméli“.
- Bata um** (orðtak) Bæta úr; laga; auka við; framlengja; greiða fyrir. „Ég er hræddur um að þetta bati lítið um“.
- Bata um fyrir** (orðtak) A. Auðvelda; greiða fyrir. „Það er fjári mikið verk að hreinsa netin eftir svona velting; og það batar nú ekki um fyrir manni þegar aðrir hafa lagt ofaní“. B. Afsaka; bera í bætifláka fyrir. „Það stóðaði lítið þó við reyndum að bata um fyrir honum og segja að þetta hafi verið *óviljaverk*“.
- Bata upp** (orðtak) Bæta upp; bæta fyrir; gera bragabót. „Signa grásleppan er frekar *rýr í roðinu* svo ég bata þér það upp með einni spyrðu af reyktum rauðmaga“.
- Batamerki** (n, hk, fto) Merki um framför/bata/gróanda. „Ég sé enn engin batamerki á þessum kalblettum“.

- Batavegur** (n, kk) Bati; bót; leið til bata. „Ég er búinn að vera bölvaður ræfill, en held ég sé á *batavegi* núna“.
- Batavon** (n, kvk) Von um bata/gróanda/framför. „Þessi nýju meðöl gætu gefið einhvað meiri batavon“.
- Batavottur** (n, kk) Merki um að eitthvað, t.d. tíðarfar, sé að batna. „Það er þó batavottur ef hann kemur sunnanáttinni fyrir sig að einhverju gagni“.
- Bati** (n, kk) A. Bötnun veikinda. „En þó átti hann að hafa ráðið niðurlögum draugsins með kunnáttu sinni, og eftir það náði hann fullum bata“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). B. Betra veðurfar/grassprettaholdafar búfjár/nyt kúa. „Dimma er komin í sæmilegan bata núna eftir jógurbólgu“.
- „Það var leiðindaveðráttá í vetur en svo kom bati um páskana“.
- Batna** (s) Verða betri; skána; lagast. „Ég held að veðrið sé eitthvað að batna“. „Mér er óðum að batna þessi pestarskratti“. „Ekki batnar ástandið“!
- Batnaður** (n, kk) Lagfæring; bót; úrlausn. Sjá *bíður sér ekki til batnaðar*.
- Batnandi manni er best að lifa** (orðatiltæki) Sá lifir betra lífi sem bætir sig / sýnir framfarir í hegðun eða skoðunum. „Nú segist hann vera orðinn Evrópusambandsinn. Batnandi mönnum er best að lifa, segi ég nú bara“!
- Batterí** (n, hk) A. Rafhlaða. Nýleg merking en sú algengasta í seini tíð. B. Virki; varnargarður. Tökuorð úr dönsku, sem vísar til bardaga.
- Battingur** (n, kk) Planki; burðarviður. „Það rak fjári mikinn batting í vetur, líklega úr bryggjusmíði eða *álíka*“.
- Baugur** (n, kk) Hringur; hluti af hring; hringur til að setja á fingur eða arm; hnitakerfi jarðar. Baugur er algengur forliður í kvenkenningum í skáldskap; t.d. baugalín, baugahrund. Sjá *efst á baugi*.
- Bauja** (n, kvk) Ból; dufl; flot; flotholt; belgur. „Algengasta notkun á baujum er á veiðarfæri, s.s. net eða línu; eða á bólfæri/legufæri. Bauja getur verið einn belgur/kúla eða flotholt með stöng í gegn, sökku á neðri enda en flaggi á toppi; þá nefnt *stangarbauja*“.
- Baujubelgur** (n, kk) Belgur á neta- eða línubauju. „Baujubelgir hafa iðulega rekið á fjörur í Kollsvík. Núorðið eru þetta plastbelgir, ýmist með auga eða gegnumstungnir, en áður voru notaðir tjörubelgir. Þeir voru úr tjörubornum striga, með tréloki sem fest var í. Lengi mátti sjá leifar slíkra belgja í Láganúpsfjöru“.
- Baujuflagg / Baujustöng** (n, kk/kvk) Hlutar stangarbauju. Hún er þannig að stöng gengur gegnum kúlu eða belg. Á neðri enda stangarinnar er lóð en efst er fest flaggi. Stangarbaujur sjást oft lengra að en belgur eða kúla, einkum í ylgju, og voru allnokkuð notaðar t.d. á grásleppunet.
- Baujuljós** (n, hk) Batterisknúið blikkljós sem í seinni tíð er farið að setja á stórar baujur. Stundum vill svo til að afslitnaðar ljósabaujur reka á fjörur og í myrkri má þá sjá blikkið langt að.
- Bauk** (n, hk) Dund; róleg vinna; sýsl. „Hann er að einhverju bauki úti í verkfærahúsi“.
- Bauka** (s) Bjástra; dunda; dedúa; hafa fyrir stafni. „Hann er að bauka við að fella net“.
- Bauka hver í sínu horni** (orðtak) Um það þegar hver vinnur að sínu án samvinnu við aðra.
- Baukari** (n, kk) Dundari. Skelfing er hann *verkasmár* þessi baukari, þó hann sé *siúðrandi*“.
- Baukur** (n, kk) A. Lítið ílát; askja. Sbr. sparibaukur. B. Aflagt heiti á munn. Til þeirrar notkunar vísar orðtakið að *fá á baukinn*.
- Baul** (n, hk) Hljóð sem kыр/nautgripur gerur frá sér. Líkingamál um sambærileg hljóð.
- Baula** (s) Gefa frá sér baul.
- Baula** (n, kvk) A. Gelgjubein; baulubein; þrjónlaga kinnbein í fiski. B. Bogin festing; oftast fyrrum notað um gjörð þá sem festir mastur við þóftu báts. C. Gæluheiti á kыр.
- Baun** (n, kvk) A. Erta; fræ blóma af ertublómaætt. Einnig í líkingamáli um það sem er smátt; „Ég *skil ekki baun*“.
- B. Styttling á kaffibaun.
- Bauna á** (orðtak) A. Skjóta á með byssu. B. Líkingamál; skjóta athugasemdum á; demba á. „Ég baunaði á hann hverri spurningunni á fætur annarri“.
- Baunabyssa** (n, kvk) Leikfang barna; byssa sem gerð er úr þvottaklemmu með því að hagræða hlutum hennar. Með slíkri byssu má skjóta smáhlutum, s.s. þurrkuðum baunum, af nokkru afli.
- Baunakaffi** (n, hk) Kaffi sem lagað er úr brenndum kaffibaunum en ekki með kaffibæti. Notkun heitisins lagðist af þegar hætt var notkun kaffibætis.
- Baunarækt** (n, kvk) Ræktun bauna til manneldis. Var stunduð að einhverju marki á Rauðasandi um tíma. „Utan við Helgulind eru grasbakkar, nefndir Hvanngarðar. Líklega hefur verið þarna baunarækt“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Baunasúpa (n, kvk) Súpa soðin úr gulum þurrkuðum hálfbaunum sem áður höfðu verið bleyttar upp; oft borin fram með saltketi, þó það væri ekki einhlítt. Nú heyrir heitið sjaldan, heldur talað um „saltkjöt og baunir“.

Bauni (n, kk) Uppnefni yfir Dani. „Enn lifa mörg orð sem fyrri tíðar fólk tamdi sér frá Baununum“.

Bábilja (n, kvk) Hjátrú; kredda. „Ekki skil ég hverskonar fólk trúir svona bábilju“!

Báðar höndur/hendur við axlir fastar (orðtak) Eitthvað verður ekki gert vegna anna við annað; vera bagaður/upptekinn. „Ég myndi gjarna vilja koma með til berja, en ég þarf að bíða eftir þessu símtali svo mér eru báðar höndur við axlir fastar“.

Báðir (fn) Allir tveir. „Hún missti bæði lömbin“. „Mér fannst ketið bæði of salt og illa soðið“. „Hver á sneitt framan hægra og bitið aftan bæði“? „Báðir eru þeir öndvegismenn“. „Oft er best að *fara bil beggja*“

Báðumegin (ao) Á báðum hliðum; *beggjamegin*. „Báðumegin við máfshreiðrið er mikið múkkavarp í ganginum. Einn múkki er á hreiðri um hálfan metra frá máfnum, en þó ekki í sjónlínu; þar er barð á milli“.

Bágborinn (l) Í slæmu ástandi; bágur; lélegur. „Þetta finnst mér heldur bágborin afsökun“.

Bági (n, kk) Andstreymi; mótlæti; óhagræði. Eingöngu í orðtökum s.s. *fara/koma í bága við*.

Bágindabasl (n, hk) Miklir erfiðleikar; mikill hokurbúskapur.

Bágindalega (l) Illa; aumlega. „Hann ber sig dálítið bágindalega, sem vonlegt er“.

Bágindalegur (l) Aumur; vesældarlegur. „Ósköp finnst mér það bágindalegur búskapur að hafa enga hrífu í góðu lagi“!

Bágindi (n, hk, fto) Fátækt; aumingjádómur; slæmt ástand. „Fólk flúði þá í verin úr eynd og bágindum“.

Bágstaddur (l) Illa staddur; í vondri stöðu; hjálparþurfi; *á vonarvöl*. „Maður hefur nú lagt það í vana sinn að hjálpa bágstöddum ef maður hefur tæk á því“.

Bágt (n, hk) Gæluorð um minniháttar meiðsli/sárindi. „Á ég að kyssa á bágtið hjá þér stubbur minn“?

Bágt er að gera svo öllum líki (orðatiltæki) Alltaf má eitthvað að öllu því finna sem gert er.

Bágt er að hnoða brauð af steinum (orðatiltæki) Matur er ekki gerður úr hverju sem er. Einnig notað í líkingamáli um hvaðeina sem þarfnast réttara meðala/ rétts hráefnis.

Bágt er að vera tveggja vinur og báðum trúur (orðatiltæki) Erfitt getur verið að eiga tvo góðvini, einkum þegar þeir eru ekki sammála eða þeim sinnast.

Bágur (l) Aumur; slæmur. „Fjárhagurinn er bágur núna“. „Það er bágt af þingmanni að villast í kjördæminu“!

Bákn (orðtak) Ferlíki; það sem er mjög stórt/umfangsmikið.

Bál (n, hk) A. Mikill/ákafur eldur; *bálviðri*. „Það kviknaði vel í þurrum kestinum, og varð brátt *heilmikið* bál“. B. Mikið hvassviðri; *afspyrnurok*; ofsaveður. „Hann er að rífa upp bál af norðan. Það verður innistaða í dag“. „Etlar hann ekkert að lægja þetta *norðanbál*“?

Bálandi (l) Bálhvass. „Hann verður kominn með bálandi norðanrok þegar líður á“.

Bálfrost (n, hk) Hörkufrost; mjög mikið frost. „Féð hefur lítið í fjöru í þessu bálfrosti“.

Bálgarður (n, kk) Ofsaveður; *hifandi rok*. „Féð hefur lítið gagn af fjöru í þessum bálgarði“.

Bálhvasst (l) Mjög mikið *hvassviðri*. „Það er orðið bálhvasst“.

Báلكuldi (n, kk) Mjög kalt, oftlega í frosti og *norðanbáli*. „Búðu þig vel í þessum báلكulda“.

Báلكynda (s) Auka kyndingu mikið í húsi. „Það er óþarft að báلكynda þegar hlýnar svona í veðri“.

Báللillur / Bálvondur (l) Mjög reiður; *sóttillur*. „Hann var orðinn bálvondur og hótaði öllu illu“.

Bálhvasst (l) Mjög hvasst; rok; stormur; mikið hvassviðri. „Það var orðið svo bálhvasst að við urðum að hætta“.

Bálhvessa (s) Hvessa mjög mikið; verða bálhvasst; *rjúka upp*. „Hann er að bálhvessa allt í einu“!

Báلكuldi (n, kk) Mikill kuldi; bálfrost. „Vertu ekki að *glænapast* svona illa klæddur úti í þessum báلكulda“!

Báلكur (n, kk) A. Uppbyggður stallur, t.d. undir rúmstæði; annaðhvort hlaðinn eða gerður af timbri. „Í Hesthúsinu er steinhlaðinn báلكur fyrir innri gaflinum“. B. Hluti af *handvað* til *hákarlaveiða*; kaðall úr *vaðsteininum* í *hákarlavaðinn*. C. Klásúla; lagagrein.

Báلكynda (s) Kynda/hita mjög mikið. „Húsið var illa einangrað og í köldu veðri þurfti að báلكynda það til að fá þolanlega velgju“.

Báلreiður / Báللillur / Bálvondur (l) Mjög reiður; *saltvondur*. „Hann varð bálvondur yfir þessu“.

Báلكotinn í (orðtak) Mjög ástfanginn/hugfanginn/hrifinn af; fellir ástarhug til. „Hann er báلكotinn í stelpunni, þó hann vilji ekki viðurkenna það“.

Bálstyggur (l) Um skepnu; mjög fælin; mjög *var um sig*. „Tvævetlan var bálstygg og *tók á rás* þegar ég kom fram á klettabrúnina“.

Bálviðri / Bálrok (n, hk) Stormur; ofsaveður; *norðanbál*; *bál*. „Hann ætlar ekki enn að hægja þetta bálviðri“.

Bára (n, kvk) Alda. „Það hvítnar í báru“. „Það er hæg norðlæg átt og *bárulaust*“ (IG; Niðjatal HM/GG).

Bárótt (l) Um yfirborð; gárótt; líkist bárum á sjó. „Þar sem fellur út af skeljasandinum; neðan mesta hallans, verður yfirborð hans sérkennilega gárótt eftir ölduna“.

Bárufaldur (n, kk) Öldufaldur; efsti hluti báru á sjó, einkum ef þar hvítnar.

Bárufall (n, hk) Stórsjór; alda sem hvítnar í toppinn. „Það var bárufall um alla vik og hvergi orðið vært“.

Bárufleygur (n, kk) Ílát. oft belgur, með lýsi og opi sem það getur smitað útum. Notaður kringum aldamótin 1900 sem öryggistæki á bát. Þar sem lýsi er á yfirborði sjávar minnkar yfirborðsspennan og öldur ná ekki að rísa hátt áður en þær brotna. Séra Oddur V. Gíslason kom með þessa nýjung frá Noregi og beitti sér mjög fyrir notkun bárufleygs, ásamt fleiru í slysavarnamálum sjómanna.

Bárugjálfur (n, hk) Hljóð/niður í báru. „Ég lagði mig aðeins frammi við lúkarinn, en ég hlýt að hafa sofnað út frá bárugjálfrinu“.

Bárugutlandi (n, kk) Nokkur sjógangur; *ófriður* við veiðar. „Hann reif upp dálítinn bárugutlanda með norðangolunni“.

Bárujárn (n, hk) Bylgjað og galvaniserað blikkjárn sem notað er sem klæðning á húspök. Ekki er ljóst hvenær bárujárnsklæðning leysti helluþök af hólmi í Kollsvík; líklega var það snemma á 20.öld. Þegar KJK byggði sér íbúðarhús á Rana á Grundum sótti hann bárujárn á Patreksfjörð sjóleiðis og lagði það þversum yfir bátinn. Ekki tókst þó betur til en svo að í Blakknesröstinni tapaðist járníð. Var síðan ákveðið að klæða þakið með báruáli, sem var á því síðan. GG á Láganúpi keypti síðar þetta hús og dró það uppundir Flötina á Láganúpi þar sem það stóð framundir 1980.

Bárukast (n, hk) Um sjólag; sjór nokkuð úfinn og jafnvel sumsstaðar hvítt í báru. „Það er dálítið bárukast frammi, en ef hann versnar ekki þá væri svosem hægt að *hanga* eitthvað á þessu“.

Bárulaust (l) Sjólaust. „Að kvöldi dags hafði storminn lægt og bárulaust að kalla við sandinn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Það er hæg norðlæg átt og bárulaust; ákjósanlegt sjóveður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Báruorpinn (l) Allnokkur sjór. „Hann var hvass og báruorpinn og skipið valt mjög“ (VÖ eldri; bréf 1930).

Báruskel (n, kvk) Ætt skeldýra, Cardiae, sem eru nær kringlóttar, samhverfar og all kúptar, með gildu nefi. Með áberandi bárum eða rifflum sem ganga frá nefi aftur á brún. Sumar tegundir báruskelja eru algengar á grunnsævi í Útvíkum, t.d. krókskel (*Serripes groenlandicum*); grýtuskel (*Cardium minimum*); báruskel (*Cardium ciliatum*); Pétursskel (*Cardium fasciatum*) og hjartaskel (*Cardium edule*). Út frá fjölda skelja sem reka á fjörur má ætla að báruskelin sé þeirra algengust á Útvíkum. Hún er hvít að lit þegar hún hefur velkst í sjónum, oft um 5-7 cm.

Báruskot (n, hk) Skyndilegur veltingur/sjógangur. „Hvaðan kemur þetta báruskot allt í einu“?

Báruskvaldur (n, hk) Töluverð bára; nokkur sjór. „Heldur er hann að rífa sig upp með þetta báruskvaldur“.

Bárusláttur / Bárusperringur / Vindbárusperringur (n, kk) Allmikil vindbára, sem oft lifnar þegar gerir golukast þó sjólaust sé að öðru leyti. „Eitthvað er hann að auka bárusláttinn af vestri“. „Hann er að rífa upp einhvern bölvaðan vindbárusperring; það fara að verða leiðindi að hanga á netum ef hann eykur þetta meir“.

Bárutoppur (n, kk) Efsti hluti báru. „Mér sýndist ég sjá baujuna *rétt í svip* þarna uppi á bárutoppi“.

Bárutyppinugur (n, kk) Typingur; brött bára, en þó ekki stórsjór. „Hann er eitthvað að ganga niður með þennan bárutyping sýnist mér“.

Bárusláttur / Báraveltingur (n, kk) Veltingur; nokkur sjór; *ófriður*. „Bölvaður bárusláttur er þetta í koppalogni; þetta hlýtur að vera langt að komið“. „Það gerði dálítinn báruvelting þega leið á daginn“.

Báruvottur (n, kk) Dálítill bára, en þó ekki til ama. „Ekki þýddi að sjóstja tunnubát ef einhver báruvottur var“.

Bás (n, kk) A. Stía í fjósi sem kýr er höfð á. Milligerðir/veggir eru beggja vegna og jata framanvið en flór aftanvið. Í básinn er oft sett undirlag til að mýkra sé að liggja; t.d. torf eða básamotta. B. Vik milli kletta/hleina í fjöru. T.d. Bellubás sem er innanvert við Blakkinn; kenndur við skútuna Bellu sem þar strandaði.

Bása sig (orðtak) Um kýr; fara á sinn bás. „Kýrnar eru furðu glöggar á að bása sig. Þær raða sér hver á sinn bás þegar þær eru settar inn, án teljandi árekstra þó auðvitað geri þær eldri kröfu um virðingu þeirra yngri“.

- Báshella** (n, kvk) A. Upprunalegt heiti; stór hella sem reist er upp á rönd og notuð sem milligerð milli bása í fjósi. B. Afleidd merking sem allsráðandi er á síðari tímum: Harður bjúgur í júgri á kúm ef þær liggja lengi á hörðum bás. Getur verið sýking (júgurbólga) en þarf ekki að vera. Var læknað með því að bera undir kýrnar þara, en talið var að joðið í honum linaði bólguna, ásamt því að básinn var mýktur með moði eða öðrum undirburði.
- Bássteinn** (n, kk) Aftari brún á bási, við flórin, áður úr stórum steinum en steyp t á síðari tímum. „Mikilvægt er að básar séu ekki of langir, til að kúin mígi síður og skíti upp á bássteininn“.
- Básúna** (n, kvk) Blásturshljóðfæri; lúður; gjallarhorn.
- Básúna** (s) Æpa; slúðra. „Það er alveg óþarfi að básúna þetta út um alla sýslu“.
- Bátafiskur** (n, kk) Fiskur af bátum (ekki togarafiskur). „Aðal verluarvaran var bátafiskur, ull og kjöt, sem þá var fyrst að verða eftirspurn var hér“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Bátafloiti** (n, kk) Safnheiti um marga báta. „Bátafloiti í Kollsvíkurverri var allstór kringum 1920, þegar þar reru 25 bátar“.
- Bátaleið** (n, kvk) Siglingaleið smærri báta. „Komust þeir svo á venjulegri bátaleið fyrir Bjargtanga og tóku barning að Brunnum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Bátasaumur** (n, kk) *Bugningur; rónagli*; saumur sem ætlaður er til bátasmiða. Í víðtækri merkingu nær heitið bæði yfir bugning/rónagla, sem ætlaðir eru til að halda borðum/skeytum saman, og lengri saum/nagla sem notaður er t.d. til að negla bunkastokka og borð í stefni. Leggur bátasaums er kónískur og hausinn oftast demantslaga að ofan.
- Bátasmiður / Bátasmiði** (n, kk/ kvk) Smíði báta. Nokkrir kunnir bátasmiðir hafa búið í Kollsvík. Þeirra kunnastur á síðari árum var Andrés Karlsson frá Stekkjarmel. Hann smíðaði allmarga báta, bæði meðan hann var í Kollsvík og eftir að hann flutti á Patreksfjörð. Þeirra á meðal var hans eigin bátur; Farsæll, og Reynir, sem Marínó í Tungu átti. Þegar Árni Magnússon heimsótti Kollsvík 1703 bjó á Kollsvíkurfjörðinni Halldór Jónsson, en hann var einn svonefndra Sellátrabæðra sem allir voru frægir atorku- og hagleiksmenn. „Bjarni var skipasmiður mikill og formaður. Fór hann margar viðarferðir á Strandir á teinæringi sem hann smíðaði 19 ára gamall“ (TÓ; Ábúendatal Rauðasandshrepps). Eigandi Kollsvíkur var þá séra Páll Björnsson í Selárdal, sem smíðaði sér haffæra skútu og stýrði henni sjálfur. Ekki er ólíklegt að við smíði hennar hafi hann notið kunnáttu Kollsvíkurbóndans. Fyrsti skipasmiður í Kollsvík kann þó að vera Kollur landnámsmaður eða skipverji hans. Samkvæmt Landnámu braut Kollur skip sitt en varð eftir það landnámsmaður í Kollsvík. Allt bendir því til þess að hann hafi komið sér upp báti til að geta nýtt hin gjöfulu fiskimið sem þar eru skammt undan landi. Til þess hefur hann annaðhvort þurft að smíða sér bát eða nota eftirbát af knerri sínum. Sjá *bátur*.
- Bátaspil** (n, hk) *Gangspil*, sjá þar. „...og eftir þeirri braut var kassinn síðan dreginn með venjulegu bátaspili og látinn rúlla á sverum rörbútum...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Bátavél** (n, kvk) Ekki skal fullyrt hvenær fyrst kom vél í bát í Kollsvík. Vera kann að fyrsti vélbáturinn þar hafi verið flutningaskipið Fönix. „Um 1920 var síðari Fönix, 3ja lesta vélbátur, keyptur. Var hann smíðaður fyrir Kollsvíkinga af Gísla Jóhannssyni skipasmið á Bíldudal. Var bátur þessi nær eingöngu notaður til flutninga, þar til útgerð dróst svo mjög saman úr Kollsvíkurverri uppúr 1930, ásamt því að fólk fluttist þaðan burt. Þá var báturinn seldur til Patreksfjarðar; tveim Kollsvíkingum, sem áður höfu verið, þeim Guðmundi Gestarsyni og Andrési Karlssyni“ (KJK; Kollsvíkurver). „Viknamenn tóku vel við sér með þessa nauðsynlegu nýjung, og má sjá í pappírnum frá Rauðasandshreppi að einir sex eigendur báta bjóða í flutninga í Rauðasandshrepp árið 1921; allir úr Rauðasandshreppi. Það er fróðlegt að líta yfir listann og skoða stærð bátanna og vélanna. Sennilega hafa fleiri vélbátar verið komnir í Rauðasandshrepp en þessir hafa sennilega verið stærstir. Bátur nr 1 er 4 tonn og 6 hestöfl; ... gæti hafa verið út Kollsvík. Hann var flutningaskip þeirra og stærri en gerði, og bar nafnið Fönix. Hann var með Ford bílvél, sem síðast var að velkjast í fjörunni á Hvalskeri“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Líklega hafa Kollsvíkingar þó vélvæðst fyrir. T.d. var snemma komin vél í bát Helga Árnasonar frá Tröð og sona hans, og einnig í Rut Guðbjartar á Láganúpi. „Gamla Rut er sett á flot í Kollsvíkurverri. Sólóvélin sett í gang og keyrt suður á Bæi“ (ÖG; minningabrot).
- Bátaviður** (n, kk) Viður til smíða eða viðgerða á báti; einkum átt við efni í byrðing. „Guðbjartur afi byggði sér kofa niðri við sjó, þar sem hann hugðist efna rekavið niður í bátavið til viðgerða á gömlu Rutinni. Þar undi hann löngum við sögun meðan honum entist heilsa til“ (VÖ).
- Báthróf** (n, hk) Naust; hlaðið geymsluhús eða tóft fyrir bát. „Sagt er að veiðistöð hafi verið við Bjarnanes og mikið er af báthrófum utan við nesið“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms). Dæmi orðabókar HÍ annarsstaðar af landinu sýna aðra merkingu, eða bátskrifli/lélegur bátur. Slík var ekki merking þess í Rauðasandshreppi.
- Bátkoppur** (n, kk) Gæluheiti á bát.
- Bátríli / Bátræna** (n, hk) Mjög lítill bátur. „Ekki fer maður langt niður á haf á svona bátríli“.

Bátkuml (n, hk) Gröf frá heiðnum sið, þar sem maður hefur verið jarðaður/heygður í báti; oft með ýmsum grafarmunum og stundum hesti, hundi eða jafnvel fleiri manneskjum. Nokkur bátkuml hafa fundist á Íslandi, t.d. í Kaldárhöfða; Dalvík og á Litlu-Núpum. Eitt hið forvitnilegasta var þó Vatnsdalskumlið, sem fannst 1964 á sjávarbökkum Vatnsdals í Patreksfirði. Þar höfðu sjö manneskjur verið heygðar í litlum bát á landnámsöld, ásamt ýmsum munum. Sjá *Vatnsdalskumlið*.

Bátlaus (l) Á ekki bát; hefur engan bát. „Ekki er vitað til þess að Kollsvíkingar hafi nokkurntíma verið bátlausir um langan tíma, þó þeir hafi e.t.v. ekki alltaf átt sínar fleytur sjálfir.

Bátpungur (n, kk) Niðrandi heiti á bát; lítill bátur. „Mér sýnist að þarna sé einhver bátpungur við hleinina“.

Bátsferð (n, kvk) Ferð með bát. „Þá fengum við úr Rauðasandshreppi leyfi skólastjóra til þess að fara fótgangandi vestur yfir heiðar og fá bátsferðir yfir firði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Bátshorn / Bátskel / Bátskæna (n, hk/kvk) Lítill bátur; skekta. „Flestir bátar í Kollsvíkurveri voru það sem kalla mætti líl bátshorn, enda henta illa stórir og þungir bátar þar sem setja þarf upp eftir hvern róður“. „En nú var það erfiðasta eftir; að koma stórhveli að landi með árunum einum saman, á lítilli bátskel“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Bátskast (n, hk) Báts hlutur; skipshlutur; sá hlutur (kast) við aflaskipti sem síðast er bent á (sjá *skipti*).

Bátskrifli (n, hk) Mjög lélegur bátur; hættulegur bátur. „Þetta bátskrifli er ekki sjöhæft lengur“.

Bátskuml (n, hk) Kuml/gröf úr heiðnum sið þar sem jarðsett hefur verið í báti. „Eitt merkasta bátskumls sem fundist hefur hérlendis er *Vatnsdalskumlið*“.

Bátslengd (n, kvk) Lengd báts. „...nema hvað þokubikið var slíkt að ekki sást nema fáar bátslengdir frá bátnum“ (ÖG; Þokuróður). „Stórar brimskeflur brotnuðu á hleinum á stjórnbörða, en í þær voru nokkrar bátslengdir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Bátsmaður (n, kk) A. Áhafnarmaður skips; háseti. B. Fyrirliði háseta á skipi.

Bátsrúm (n, hk) Bil milli þófta á bát. „Báturinn reis að aftan og hallaðist mikið í bak, svo við lá að hann tæki sjó um bátsrúmið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Bátur (n, kk) Bátar sem gerðir voru út frá Kollsvíkurveri (sjá þar) voru yfirleitt 1 ¼ til 1 ½ tonn að stærð. Stærsta skipið var Fönix, en hann (eldri Fönix) var eini áttæringurinn í Barðastrandasýslu um sína daga; 32, fet á lengd; 9,2 á breidd og 2,9 fet á dýpt; notaður til hákarlaveiða og flutninga. Hér verða nefnd fáein nöfn bátshluta, en það er langt í frá tæmandi upptalning. Helstu hlutar súðbyrta trébáts eru *kjöllur*, en undir honum var oftast *drag* úr járn til hlífðar; *framstefni*, en efsti hluti þess var *hnýfill* sem á var hnýtt *kollubandi*; *afturstefni*, sem á var fest *stýri* með *stýrissveif*; *kjalsíður* voru neðstu *borðaumförin* nefnd, en síðan komu *farborð*, *fráskotsborð*, *undirúfur*, *yfirúfur*, *hrefna*, *sjóborð*, *sólborð* og *rimaborð*. Þessi borðaheiti hefur Ólafur E. Thoroddsen í Vatnsdal eftir Sigurði Sigurðssyni Breiðvíkingi sem var á 19. öld kunnur *bátasmiður* í Útvíkum“ (LK; Ísl.sjávarhættir II). Utan á ofanverðu rimaborði er *slettulisti* en ofan á því er *borðstokkur*, og *hástockkur* þar ofan á. *Krappi* heitir stykki sem tengir borðstokka og stafna. *Borðin*, *umförin*, eru sköruð lítillaga og fest saman með *bátasaum*, sem oftast nefnist *bugningur*, með skífu sem nefnd er *ró*, innanvert sem *hnjóðuð* er á með *súg* og *hamri*. *Bönd* eða *rangir* eru innan á bátnum til styrktar, þvert á umförin með nokkru millibili; þar sem band er á lofti við *skarir* myndast *holröng*. Þvert yfir bátinn eru svo *þóftur* til styrktar og til setu fyrir bátsverja; þær hvíla á *langböndum* sem eru innan á böndum. Niður undan hverri þóftu er stoð niður í kjöllinn eða *bunkastokkinn* sem nefnist *stelkur*. Milli þóftanna eru bil sem nefnast *rúm*. Framanfrá talið hafa rúm og þóftur þessi nöfn: *Barki*; *barkapófta*; *fyrirrúm*; *miðskipsþófta*; *austurrúm*; *bitapófta*; *skutur* og aftast *skutlok*. Á þóftunum, úti við *lunninguna*, eru þríhyrnd stykki sem nefnast *kollharðar*. Á borðstokkum eru *tollur* (stundum nefnd *ræði* eða *keipar*), járnteinar sem *árar* leika á þegar bátnum er *róið*, en þá er *járnlykkju* í árinni brugðið á tollu á borðstokknum. Ofan á böndin í botni bátsins er festur plankabútur sem heitir *stelling*; í hann og utaná þóftu festist siglan. *Farviður* nefnast einu nafni lausir hlutir sem fylgja þurfa báti. Það eru *árar*; *stýri*; *stýrissveif*; *akkeri*; *festar*; *sigla*; *segl*; *reiði*; *austurtrog*; *negla*; *stjaki* ef er; *plittar* í botni og *fiskifjalir* milli rúma (séu þær ekki fastar). Til farviðar teljast hvorki veiðarfæri báts né *hlunnar*, *búkkar* eða annað sem tilheyrir *uppsetningu* og *uppsátri*. Hlutar árinna eru *blað*, *leggur*, *stokkur* með lykkju og *hlummur* sem haldið er um. „Á einmánuði, eða nokkru fyrir sumarmál, voru bátarnir búnir undir vertíðina; vor- og sumarróðra. Þeir voru vandlega hreinsaðir og búnir undir *bikun* eða *málningu*. Allir voru þeir *bikaðir*, *tjörubornir*, innan og sumir einnig að mestu utan. Hástockkar, borðstokkur og slettulisti voru oftast málaðir að sjólínu, og stundum eitt umfar. Aðrir voru málaðir að sjólínu og bikaðir eða málaðir í öðrum lit þar fyrir neðan. Enn aðrir voru e.t.v. málaðir utan í einum lit. Þar fyrir var útlit bátanna mjög *sundurleitt*“ (KJK; Kollsvíkurver). Að tjörubera skip var einnig nefnt að *bráða* þau. „Við vestanverðan Breiðafjörð var löngum *þversegl*...Hákarlaskip Vestfirðinga voru með einu þversegli. Á þeim þekktist reyndar *loggortusigling*, t.d. í Víkum norðan Látrabjargs, en þar var þó hinsvegar þversegl á öllum venjulegum fiskibátum...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II). Sjá *bátasmiður/bátasmiði*.

- Beddi** (n, kk) Gæluheiti á rúmi. Fremur notað um óvandað rúm; svefnbekk; svefnsofa. Tökuorð úr ensku; bed.
- Bedrift** (n, kvk) Verkefni; atvinnurekstur. „Hverskonar bedrift *hefur* hann með höndum“?
- Bedrifa** (s) Gera, aðhafast. „Hvað fórst þú að bedrifa eftir að þú hættir á síðasta vinnustað“?
- Beð** (n, hk) Matjurtareitur í garði, t.d. kartöflubeð, rófubeð o.fl. Eftir að garður hefur verið stunginn upp og settur í hann húsdýraáburður er honum skipt upp í beð sem hvert er tæpur metri á breidd; aðskilin með götum. Eigi að setja niður kartöflur eru oftast gerðar 4 holur þvert á beðið og með sama millibili langsum. Til að gera holurnar var oft höggvið með horninu á hrífunni sem beðið var sléttað með. Í holuna var útsæðiskartaflan sett og e.t.v. skítaköggull með. Eftir að kartöflur voru komnar í allar holur var rakað yfir beðið og holunum með því lokað. Síðan var e.t.v. stráð lítilliga af áburði yfir.
- Beðja** (n, kvk) Hrúga; haugur; flækja. „Það eru beðjur af þara út um alla fit eftir þarahreinsunina úr grásleppunetunum“. „Það þyrfti að hreinsa arfabeðjuna úr garðinum“. „Grasið er allt *lagst* í beðju.
- Beður** (n, kk) Rúm; uppþúið rúm. Sjaldan í mæltu máli nú á tímum. Sjá *dánarbeður*.
- Befala (einhverjum)** (s) Fela (einhverjum); láta í hendur (einhvers). Dönskuletta sem *brá* enn fyrir í munni sumra framá síðarihluta 20.aldar.
- Befalingsmaður** (n, kk) Umboðsmaður; fulltrúi; fullmektugur. Sjá *kóngsins befalingsmaður*.
- Beggja blends / Beggjablands** (orðtak/l) *Á báðum áttum*; óákveðinn; efins. „Ég er enn beggja blends um það hvort ég á að fara“. „Ég er dálítið beggjablands varðandi þessa ákvörðun“. Sjá *efast sundur og saman* og *bland*.
- Beggja skauta byr** (orðtak) Byr sem kemur hornrétt á segl. Hann var talinn geta verið viðsjárverður.
- Beggjahandajárn / Beggja handa járn** (n, hk/ orðtak) Einstaklingur sem getur leikið tveimur skjöldum. Ötraustur. Einnig sagt; *tveggja handa járn*, en bæði orðtök merkja það sama. „Ég myndi nú ekki leggja trúnað á allt sem hann segir í þessu efni; hann getur stundum verið beggjahandajárn“.
- Beggjamegin / Beggjavegna / Beggja vegna** (ao) Báðumegin „Gömlu mennirnir sem stunduðu fiskveiðar á árabátum sínum beggjavegna Rastarinnar sögðu að hún *læggi niðri*, sem þeir svo kölluðu, einstaka sinnum“ (MG; Látrabjarg). „... upphækkaður vegur með skurðum beggja vegna“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). „Bitanum var fest þannig að hann var bundinn niður í þóftuna beggja megin út við borðstokkana“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Begrafelsi** (n, hk) Jarðarför; erfidrykkja. „Ég hitti mikið af gömlum sveitungum í begrafelsinu“. Dönskuletta.
- Behagar** (s) Hentar; kemur vel. „Þessu liggur ekki á; þú hefur þetta eins og þér best behagar“.
- Behollning** (n, kvk) *Útgangur*; útlit; afkáralegur klæðnaður. „Hvers konar behollning er eiginlega á þér drengur? Þú ferð ekki út í náttfötunum þó þú sért með húfu!“ „Það var orðin frekar larfaleg behollning á karlinum þegar hann fór af þorrablótinu“.
- Beiða / Beiðast** (s) A. Biðja; fara fram á. Var að öllum líkindum ráðandi áður í máli Kollsvíkinga, þó síðar yrði það sögnin að „biðja“. „Ég beiddi hann um að fá lánaðar hjólbörur“. „Það þýðir ekki að beiða hann nokkurs“. „Vatnaðirðu hrútinum eins og ég beiddi þig“? „... sagði honum að afhenda mér það sem ég beiddi um“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Hann beiddist þess af mér að fá hrútin lánaðan nokkra daga“. Gerdirdu það sem ég beiddi þig um“? B. Ganga; verða yxna. „Mér sýnist að hún Skjalda sé farin að beiða“. Notkun í þessari merkingu hefur haldist.
- Beiða upp** (orðtak) Um kýr; ganga upp; verða yxna aftur. „Ég er hræddur um að hún Skjalda hafi beitt upp“. Algengara var þó í Kollsvík hugtakið að „ganga“; ganga upp“ og að það sé „gangur á kýrinni“.
- Bekkinn** (l) Stríðinn; *hrekki*; óútreiknanlegur. „Varaðu þig á naukálfinum; hann getur verið ári bekkinn“.
- Bekkni** (n, kvk) Hrekkir; stríðni. „Af bekkni við karlinn földum við annan inniskóinn í stígvélinu“. Algeng var sögnin að bekkjast við einhvern í merkingunni að hrekkja einhvern.
- Beiða** (s) Biðja. Fyrrum var þessi framburðarmynd algeng, en heyrir ekki nú til dags. „Ég gekk til hennar, lagði hendur um háls henni og beiddi hana að koma heim“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Beiða/biðja fyrir** (orðtak) Sjá um; koma til skila. „Ég beiddi hann fyrir bréf til þeirra“.
- Beiða/biðja lengstra orða** (s) Biðja innilega; leggja áherslu á. „Ég beiddi hann þess lengstra orða að koma ekki með þetta inn í hús“. „
- Beiða upp** (orðtak) Um kýr; *ganga upp*; verða aftur *blæsma*/ með *gangi* eftir að hafa verið *haldið* undir naut. „Höktu í foldarhupp/ harðsvíruð ægistól./ Búsmalinn beiddi upp/ bændur litu ei sól./ Rak fólk í rogastans/ riðaði foldin við/ er ribbaldinn Rósinkrans/ ruddist úr móðurkvið“ (JR; Rósárimur).
- Beiðast** (s) Biðja um; fara framá. „Hann beiddist afsökunar á þessu atviki“.

- Beiðast ásjár** (orðtak) *Biðjast gistingar*; biðja um greiða. „Ætli ég verði ekki að biðjast ásjár hjá ykkur aftur fyrst ekki verður flogið vestur í dag“.
- Beiðast/biðjast gistingar** (orðtak) Biðja húsráðendur um leyfi til gistingar; fá að gista. „Það var orðið áliðið svo ég beiðdist gistingar, sem var *auðsótt mál*“.
- Beiðni** (n, kvk) Það sem um er beiðið; ósk; tilmæli. „Hann hefur ekki enn *orðið við* minni beiðni“.
- Bein** A. Fiskbein sem til féllu við fiskverkun í Verinu voru notuð sem skepnufóður. „... hryggirnir eru líka hirtir. Hausar og fiskur eru hengdir á *trönur*; hryggirnir þurrkaðir á reitunum. Þessi bein voru notuð fyrir skepnur næsta vetur. Þau voru bleytt upp; barin og höggvin“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). B. Um mann/skepnu; niðrandi heiti. „Nú er rolluskattinn kominn út á Stíg aftur, árans beinið“! „Skyldi hann ekki nenna að hefла hér yfir vikina, herjans beinið“.
- Beina** (s) Vísa; setja í stefnu. „Það mætti beina fénu framá Axlarhjallana; ef það skyldi vilja kroppa eitthvað“.
- Beina för sinni að/til** (orðtak) Fara til; ætla að. „Að Vesturbotni beindi ég för minni þá fyrst;/ þar frændur veit ég tvo, svo káta og hressa./ Ég heyrði sagt að þeir hefðu konu aldrei kysst/ og komst í stuð og hlakkaði til þessa“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Beina (einhverju) inn á aðrar brautir** (orðtak) Leiða eitthvað í aðra átt. „Með þessu tókst mér að beina samræðunum inn á aðrar brautir“.
- Beina sjónum að** (orðtak) Beina athygli að; taka eftir; skoða. „Menn beina helst sjónum að þeirri ástæðu“.
- Beina skotspónum að (einhverjum)** (orðtak) Beina árásum/ásökunum að; *beina spjótum að*. *Skotspónn* hefur almennt verið talið merkja skotmark (sjá þar). Sú orðskýring fellur þó illa að þessu orðtaki, þar sem ólíklegt er að skotmarki sé beint að einhverjum. Hugsanlegt er annaðvegja; að á einhverjum tíma hafi orðið „skotspónn“ komið inn í stað orðsins „spjót“, eða að merking „skotspóns“ hafi um tíma yfirfærst á örvar og önnur skotvopn; og síðar á *boðörvar* og *boðaxir* sem notaðar voru til að koma boðum milli bæja. (sjá *þingboðsöxi* og *rétt boðleið*). Það útskýrir þá einnig orðtakið *heyra á skotspónum* (sjá þar). Sbr.einnig *hafa að skotspæni*; *vera skotspónn*.
- Beina spjótum að (einhverjum)** (orðtak) Beina árásum/ásökunum að; *beina skotspónum að*. „Mér kemur þetta ekkert við; þú verður að beina spjótum þínum að þeim sem ábyrgðina bera“.
- Beina (orðum sínum) að/til** (orðtak) Segja við. „Fundurinn beinir því til næsta sýslufundar að hann beiti sér fyrir að dreift verði áburði úr lofti á næsta ári“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Beinaber** (l) Mjög magur/grannholda. „Mikið er hún Búkolla gamla orðin beinaber og hrum“.
- Beinagarður** (n, kk) Regluleg röð beina; var einkum notað um fisk. „Það er ekkert mál að hreinsa fiskinn sjálfur strákur. Þú þarft bara að átta þig á hvernig beinagarðurinn liggur“.
- Beinagrind** (n, kvk) A. Beinasamsetning/stoðkerfi lífveru. B. Líkingamál um mjög horaða skepnu/grannholda mann. „Hann er nú ekkert að verða nema beinagrindin“!
- Beinahjasl / Beinahjastur / Beinamusl / Beinarusl** (n, hk) Úrgangur sem að uppistöðu er bein; beinflísar. „Hér er eitthvað beinahjarsl fyrir hundinn“. „Það situr eitthvað beinahjastur fast milli tanna á mér“. Óttalegt beinamusl er í þessum harðfiski“. Líklega hafa orðin áður verið notuð um fiskbein sem barin höfðu verið til skepnufóðurs.
- Beinakerling** (n, kvk) Varða sem hlaðin er við alfaraleið. Beinakerlingar voru við suma hestavegi fyrr á tíð; einkum hátt á fjalli; fjarri mannabyggðum; þar sem gjarnan var áningarstaður. Nafn þeirra er tilkomið af því að sá sem átti leið um, stakk stundum beini í hana. Oft rituðu menn þá vísu á bréfmiða sem stungið var í brotinn legg, og skilin eftir í vörðunni; þeim til skemmtunar eða heilabrota sem síðar fundu. Vísurnar voru með ýmsu móti; sumar ortar til vörðunnar og gátu þá orðið nokkuð klúrar. Sjá *klofavarða*.
- Beinakex** (n, hk) Hart matarkex. „Það er munur að fá almennilegar kökur með kaffinu, en ekki beinakex“.
- Beinakjanni / Beinakjammi** (n, kk) *Kjannaður/kollaður/klofinn* og hertur steinbítshaus; tveit kjannar sem hanga saman á granabeinum/kjaftabeinum (sjá *steinbítur*).
- Beinakvörn** (n, kvk) Vél sem mylur bein. „Stundum komu líka skip er sóttu þurrkuð fiskbein og fluttu þau á staði þar sem beinakvarnir voru, og þau voru möluð“ (JB; Verstöðin Kollsvík).
- Beinamél / Beinamjöl** (n, hk) Mjöl sem unnið er úr með hitun/brennslu og mölun beina og notað sem skepnufóður eða áburður.
- Beinasleggja** (n, kvk) Stórvaxin en grannholda manneskja. „Ekki var hún neitt smáfríð, þessi beinasleggja“.
- Beinasni** (n, kk) Niðrandi heiti; hálfviti; fábjárni; fáráðlingur. „Hverskonar beinasni getur maðurinn verið“!
- Beinastór / Beinasmár** (l) *Stórbeinóttur/smábeinóttur*.

- Beinatínsla** (n, kvk) Það að tína bein/ taka bein úr mat/munni. „Vissulega fylgir *hausastöppunni* mikil beinatínsla, en samt er þetta besti veislumatur sem hugsast getur“.
- Beináta** (n, kvk) Meinsemd í beini.
- Beinbrot** (n, hk) Brot beina/beins t.d. vegna slyss.
- Beinfeiti** (n, kvk) Feiti fiskbeina/lúðubeina; *spildingur* úr lúðu. „Vani var að sjúga beinfeitina vel úr beinunum áður en þeim var hent“ (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Að undanskildum flökum var allt annað af flyðrunni sem kom til skipta kallað beinfeiti.... Mikill matur var í höfuðkinnnum af stórum flyðrum og þær voru því taldar afbragðs beinfeiti.“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: Guðbj.Guðbjartsson Lágnúpi).
- Beinfreðinn / Beinfrosinn / Beingaddaður** (l) Mjög frosinn; gaddfreðinn. Notað til áhersluauka.
- Beinfrost / Beingaddur** (n, hk) Hörkufrost; heljarfrost. „Féð gerir lítið í fjöru í þessu beinfrosti“.
- Beinfrysta / Beingadda** (s) A. Um veðráttu; hlaupa í mjög mikið frost. „Hann er að beinfrysta um leið og hægir vindinn“. B. Verða mikið frosinn. „Það er hætt við að beingaddi í drykkjarílátunum núna“.
- Beinharður** (l) A. Mjög harður. „Steypan var orðin beinhörð eftir fæina klukkutíma“. B. Um peninga; fullgildur; raunverulegar. „Hann greiddi víst traktorinn í beinhörðum peningum“.
- Beinhákarl** (n, kk) *Cetorhinus maximus*. Stórvaxin tegund hákarls og næststærsti fiskur heims; stærsti fiskur við Íslandsstrendur. Getur orðið nær 12 metrar að lengd. Algengur um öll heimshöf, sem og við Ísland. Nærast á svifi og syndir þá um með gríðarstóran gapandi kjaft og síar allt að 2000 lítra af sjó á klukkustund. Þess á milli getur hann legið tímunum saman í yfirborðinu. Beinhákarlinn er eina hákarlstegundin sem hefur beinkennda stoðgrind, og af því er nafnið dregið. Annað sem gerir þá frábrugðna er að þeir gjóta ungum en ekki eggjum/pétursskipum. Meðgöngutíminn er allt að þrjú ár, og kvendýr verða ekki kynþroska fyrir en við 15 ára aldur. Got fer fram á miklu dýpi og er fátt um það vitað. Lifrin er afarstór, eða allt að fjórðungur af þyngd dýrsins, líkt og í öðrum háfiskum. Var hann veiddur vegna lýsisins áður fyrr. Kringum 1970 sást beinhákarl stutt undan landi við Melsendakletta í Kollsvík, en ekki er óalgennt að sjá til ferða hans utar. Stendur þá bakugginn gjarnan uppúr yfirborðinu.
- Beini** (n, kk) Veitingar, matur; þjónusta; greiði. „Konur komu nú á stjá og var mönnum veittur beini og hressust þeir nú fljótt“ (MG; Látrabjarg).
- Beiningamaður** (n, kk) Betlari; þurfalingur. „Svo freklega hafa stjórnmöld þjarnað að þessari blómlegu sveit að ekki alleina leggjast jarðir flestar í eyði, heldur þurfa íbúar að hrökklast þaðan sem beiningamenn“!
- Beinkröm** (n, kvk) Sjúkdómur sem orsakast af D-vítamínskorti og einkennist af linum beinum.
- Beinlaus** (l) Án beina. „Ég held að þessi flök séu alveg beinlaus“.
- Beinlínis** (ao) Alveg; beint. „Það er kannski ekki beinlínis hægt að fullyrða með „vísindalegum“ röksemdum að þarna sé nafli alheimsins, en býsna margir hallast þó fremur að þeirri kenningu“.
- Beinn** (l) Án hlykkja/sveigju. „Eftir að komið var fyrir Djúpboðann var siglt í beina stefnu fyrir Blakknesboða“.
- Beinskeyttur** (l) Rökfaster og hvassyrstur. „Doddi kútur gat verið býsna beinskeyttur í garð yfirvalda“.
- Beint** (ao) Mjög; afar; alveg. „Það er ekki beint *félegt* veðrið þessa stundina“. „Þetta var ekki beint fallett“.
- Beint af augum** (orðtak) Í beina stefnu eins og horft er; beint áfram. „Þótt nú gerðist harðla hvasst/ hrikti í rámm og taugum;/ segladótið set ég fast,/ sigli beint af augum“ (JR; Rósarímur).
- Beint á að ganga** (orðtak) Greiðlegt aðgöngu; *liggur beint við*; augljóst hvernig á að framkvæma. „Hann hafði sorterað fiskinn eftir stærð, svo það var beint á að ganga hjá mér að *spyrða*“.
- Beint strik** (orðtak) Áhersla á beint; *rakleiðis*. „Kindurnar settu sig beint strik neðan Hænuvíkurtó þegar ég hóaði í Gálgasteinabrekkunum“. Í seinni tíð stundum „blátt strik“.
- Beinvaxinn** (l) Um mann; hnarreistur; beinn í baki; keikur. „Snæbjörn var fremur lágur maður; beinvaxinn og bar sig vel“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).
- Beinverkir** (n, kk, fto) Eymsli sem virðast eiga upptök sín í beinunum. „Pestinni fylgdi hár hiti og beinverkir“.
- Beiskja** (n, kvk) A. Beiskt bragð. B. Sárindi við einhvern; þungur hugur til einhvers; reiði; kali.
- Beiskjublandinn** (l) Með vott af biturleika; sárindum; þykkju. „Eftir að hann tapaði kosningunum óskaði hann aðndstæðingi sínum til hamingju, en sumum fannst ræðan þó nokkuð beiskjublandin“.
- Beiskjulaus** (l) *Reiðilaust*. „Það er beiskjulaust að minni hálfu þó þarna séu hirtir einhverjir *eggjakoppar*“.
- Beisklega læturðu drottinn minn** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað gengur í móti; þegar á móti blæs; þegar verk gengur illa. „Ætlar hann svo að fara að hellirigna á okkur? Ja, beisklega læturðu nú drottinn minn“!

Beisklyndur (l) *Beiskur* í lund/huga.

Beiskur (l) A. Bitur/sterkur á bragðið; með beisku bragði. B. Bitur; reiður; sár. „Lengi eftir þetta var hann beiskur í garð hreppsnefndarinnar“.

Beiskur bikar/kaleikur (orðtak) Það sem erfitt er að sættast á/ sætta sig við. „Ætli maður verði ekki að sitja uppi með þennan beiska bikar“. „Mér þótti það skolli beiskur kaleikur að vera svikinn um þetta“.

Beiskur ertu drottinn minn (orðtak) Viðhaft þegar maður smakkar eitthvað mjög bragðsterkt, sýpur t.d. á sterku víni. „Beiskur ertu nú drottinn minn; hvaða andskotans *metall* er þetta eiginlega“?

Beiskyrði (n, hk) Reiðileg orð; fúkyrði. „Frekari beiskyrði eru ekki til þess fallin að *sétla* þetta mál“.

Beisla (s) A. Leggja beisli/band við hest. B. Koma böndum/stjórn á eitthvað. „Valdimar á Láganúpi vann að þróun hverfils til að beisla orku sjávarfalla í annesjaröstum“. Til er nafnorðið beisla, sem merkir milligerð/hella milli bása, en það var ekki notað í Kollsvík í seinni tíð.

Beisli (n, hk) A. Taumur sem lagður er í munn hests til að stjórna honum. Þá er útbúinn múll á hestinn, sem beislið festist í; jármél eru í munni hestsins og taumar ganga úr þeim sem reiðmaður hefur hönd á. B. Búnaður aftaná farartæki, t.d. traktor, til að festa tæki/kerru aftaní til dráttar. Á flestum traktorum nútíðs er þrítengibeisli með vökvalyftu, en með henni er unnt að lyfta tæki sem tengt er á það, s.s. múgavél.

Beit (n, kvk) A. Það að búfenaður bíti gras sér til fôðrunar. „Kýrnar voru á *beit* í Túnshalanum“. B. Svæði/graslendi þar sem búfé getur bitið sér til fôðrunar. „Fénaði var ávallt haldið til fjöru- og hagabeitar í Útvíkum“. C. Samfella. „Hann dró marga stórþorska í beit meðan ég fékk ekkert nema titti“. Í þessari merkingu er heitið líklega dregið af því að sigla beitivind í einum samfelldum legg, en beit var fyrrum sumsstaðar notað um að sigla beitivind.

Beita (n, hk) A. Agn; það sem sett er á krók til að egna fyrir fisk. Í Kollsvík hefur verið nýtt margskonar beita í gegnum tíðina. Gamlar heimildir greina frá notkun *fjörumaðks*, og er hans getið í Jarðabókinni, þar sem rætt er um jarðir í Útvíkum. „Beita er maður og *brandkóð*. Ítem heilagfiski á vor“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). Hluti útgerðar hefur því falist í að grafa eftir maðki og grípa bröndur, sem nóg var af í lækjum. Lúða sem nýtt var til beitu nefnist *beitulok*. Notuð var hrognkelsbeita þegar lóðir voru uppteknar í Kollsvík á 19. öld. „Beita á lóðirnar þetta fyrsta vor var svokölluð hrognkelsbeita; þ.e. innfli og hýði utan af hrognum, ásamt því sem í því loddri af hrognunum“ (Guðbjartur Guðbjartsson; veiðar í Kollsvíkurverri; viðtal EÓ 1962). Fljótlega fóru menn þó að nota *kúfisk* á lóðir (sjá þar). Kúskelin var opnuð með *útbrotakutta*, en hann var einnig nýttur á öðu og krækling sem rak á fjörur og var nýttur til beitu. *Ljósabeita* var alltaf notuð töluvert. Helst var þá tekinn *kverksigi/gella* af þorski, og nefndist þá *Pétursbeita* eða *lubbi* þegar hafður var í beitu. Einnig var tekinn *lifoddinn* og skorið í mjóan fleyg aftureftir kvið; helst þannig að hjartað fylgdi. *Gormur* (görn) úr steinbít var mikið notaður fyrir beitu í Útvíkum, enda óvíða meiri steinbítveiði. Lúðunnar hefur þegar verið getið. Rauðegni nefnist sú beita sem rauðleit er, en það getur verið nýtt fuglakjöt; hnúsugarnir; selgarnir; sauðainnyfli og brandkóð (bröndur). Af þessu hafa sennilega fuglsgarnir og brandkóð helst verið notuð í Kollsvíkurverri, enda nærtæk beita. Ekki fer sögum af notkun sílis sem beitu í Kollsvík, þó það kunni að vera, og ekki er vitað til að þar hafi verið beitt síld. Smokkfisköngull gamall var lengi til á Láganúpi, en ekki er vitað til að smokkfiskur hafi verið nýttur til beitu á þar. Eftir að lóðafiskiríi lauk, fyrir miðja 20. öld, urðu fljótlega algengir skakkrókar með gervibeitu og hafa þeir mest verið nýttir síðan. B. Stykki/*lykkja* af hákarli. „Hann lét mig hafa hálfu beitu af girnilegum *skyrhákarli* og bita af *glerhákarli*“. Fremur var talað um lykkjur í Kollsvík fyrrum.

Beita (s) A. Egna fyrir fisk. (sjá *beita fiskilega*). „Þá var lóðin stokkuð upp og tilbúin að beita hana“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri oddbeittur. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Sjá einnig *bugbeita*; *oddbeita*; *roðbeita*. B. Halda fé til beitar. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá *staðið hjá* yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var, og bitfjöru yfir stórstraum. Mest sótti féð í sól og mariukjarna“ (ÖG; Niðjatal HM/GG). C. Sigla *beitivind*. „Oft þurfti að beita uppí, og jafnvel *nauðbeita*“. D. Berjast fyrir. „Hann beitti sér fyrir mörgum framfaramálum“. E. Draga. „Traktornum var beitt fyrir heyvagninn“.

Beita blekkingum/brögðum/kænsku/klækjum/klókindum (orðtök) Viðhafa skipulagningu/brögð/blekkingar til að koma ætlunarverki í framkvæmd. „Ég þurfti að beita nokkrum klókindum til að sannfæra karlinn“.

Beita fiskilega (orðtak) Beita krók þannig að líkur séu á þeirri veiði sem óskað er. Misjafnt var hve menn voru lagnir við þetta; bæði að skera góða *tálbeitu* og *egna* hana haganlega. „Hann kenndi honum að búa út færi sitt og beita fiskilega í samræmi við dýpi á miðunum og þá stærð fiskjar sem mest var af...“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Beita fyrir (orðtak) Láta draga. „Farmallnum var beitt fyrir vagninn“.

- Beita hörðu** (orðtak) Vera harður; sýna hörku. „Ég þurfti að beita mig hörðu til að leggja út í hríðina“.
- Beita sér** (orðtak) A. Um sauðfé; bíta gras; vera á beit. „Féð beitt sér lítið í þessu skítaveðri“. B. Um mann; berjast fyrir framgangi málefnis. „Þetta fór fyrst að ganga eftir að hann hóf að beita sér í málinu“.
- Beita sér fyrir** (orðtak) Vinna ötullega að; einbeita sér að því að fá fram. „Össur beitti sér fyrir stofnun héraðsskjalasafns á Patreksfirði“.
- Beita uppi** (orðtak) Sigla beitivind; sigla nærri vindi; sigla bát í stefnu eins nærri mótvindi og unnt er.
- Beita út** (orðtak) Beita línu um leið og hún er lögð á miðin. „Formaðurinn dró. Aðstoðarmaðurinn, eða einhver sem til þess var valinn, beitti út sem kallað var. Á meðan legið var yfir þá var búið að brjóta úr skelinni sem höfð var með og skera í bita, og þessu var beitt út; kastað út jafnóðum og dregið var. Og hálmennirnir urðu að róa til að hafa áfram“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Við höfðum skeljar í poka og skárum úr meðan legið var yfir. Þegar var stórstraumur var þetta erfitt verk því alltaf var „beitt út“; þ.e. línan var dregin með borði; ekki innbyrt, og beitt jafnóðum og fiskurinn var tekinn af henni“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Beita tannbyrðing** (orðtak) Beita þannig á krók að raðað sé mörgum beitum saman; helst sinni af hvor tagi; t.d. fuglaketi, ljósabeitu og e.t.v. skel eða maðki á víxl. ÖG á Láganúpi sagði að slíkt hafi stundum verið gert í Kollsvíkurveri þegar útbúa skyldi tálbeitu, t.d. fyrir lúðu. Sjá *tannbyrðingur*.
- Beita þögninni** (orðtak) Svvara engu; *svara með þögninni*. Orðtakið var allmikið notað seint á 20.öld í Rauðasandshreppi, og einkum notað um vissa persónu sem var all hnýsinn um annarra hagi en svaraði engu væri hann spurður um það sem að honum sneri. GJH hélt þessu allnokkuð á lofti.
- Beitarhefð** (n, kvk) Hefð fyrir því að bóndi beiti fé sínu á jörð í eigu annars. „Þannig var hefð fyrir því að fé úr Kollsvík nýtti bithaga í Breiðuvík; einkum fé frá Láganúpi og Grundum“.
- Beitarhús** (n, hk, fto) Fjárhús eða skýli nærri *bithaga* eða *bitfföru*, þar sem fé gat *legið við opið* og fengið skjól. Yfileitt var fé þá á *útigangi* og án *gjafa*, nema *tæki fyrir beit* í mestu harðindum. „Á Dalshúsum munu síðar hafa verið beitarhús frá Bæ“ (PJ; Örn.skrá Rauðasands). „Fjarðarhornið er fallelgur grösugur blettur í skjóli fyrir norðri... Þarna sér fyrir beitarhúsátóttum og fjárrétt, og ef til vill kofa fyrir sauðamann“ (IG; Sagt til vegar I).
- Beitarítak** (n, hk) Réttur eins aðila (oftast kirkjujarðar) til beitar á land annars. „Sauðulauksdalskirkja á beitarítak fyrir 60 sauði í landi Hvallátra. Sagt er að einn vetur hafi sauðamaður horfið þar, ásamt fénu, og síðan hafi ítakið ekki verið nýtt“.
- Beitarjörð** (n, kvk) Jörð sem hentar vel til hagabeitar fyrir sauðfé; *föðurlétt* jörð; jörð sem einkum er nýtt til beitar en ekki annarra búskaparntýja.
- Beitarland / Beitarsvæði / Beituland** (n, hk) Svæði sem fé gengur á til beitar. Mjög er misjafnt hvar fé af einstökum bæjum velur sér beituland, en kindur eru fastheldnar á beitarsvæði ár frá ári. Þannig gekk Láganúpsfé mestmegnis í kringum Láganúpstúnið; á Vatnadalssvæðinu; í Breiðnum; í Breiðuvík og lítilsháttar á Bjarginu. Hinsvegar gekk Kollsvíkurfé í kringum Kollsvíkurtúnið; í og á Blakknum; inn um Gjárdal; fram um Húsadal; Keldeyrardal; Hafnardali og Hvolf og lítilsháttar á Hlíðunum. Breiðavíkurfé; Hænuvíkurfé og Hafnarfé heimtist stundum í Kollsvíkur- eða Láganúpsréttum, en þó furðu lítið.
- Beitarntýjar** (n, kvk, fto) Notkun til beitar. „Nágrannabóndinn hafði beitarntýjar af jörðinni“.
- Beitarskortur** (n, kk) Ekki næg beit fyrir sauðfé. „Kom allur fénaður á innistöður með desembermánuði, sem helst sökum beitarshorts fram á fyrstu viku góu“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).
- Beitartollur** (n, kk) Gjald fyrir afnot af beitulandi.
- Beitiás** (n, kk) Seglás; ástré; stangi; stöng sem er hluti af seglabúnaði sumra b'ra með þversegl. Öðrum enda beitiássins er stungið fremra skaut (neðra horn) seglsins og í hinn enda í kollharðskverki á fyrirrúmsþóftu og skipfestur (bundinn) þar. Beitiásinn kom einkum að notum þegar sigldur var beitivindur, og var nefnt að *leggja í áslag*, þegar hann var notaður. (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Beitilyng** (n, hk) Calluna vulgaris. Litill fjölær runni sem verður 20-30 cm hár og er algengur hérlendis sem og í Evrópu og Asíu. Finnst um allt Ísland en þó síst á Vestfjörðum. Vex best í þurrum, tiltölulega súrum jarðvegi á opnum svæðum og er ríkjandi gróður á heidum og í móum, en þó síður á láglendi. Blómstrar bleikum, drúpanði blómum að hausti. Þykir gott til vetrarbeitar sauðfjár, en var einnig haft í húsum til að fæla mýs frá. Þótti gott við þvagfærasýkingum og sem svefnlyf.
- Beiting** (n, kvk) A. Það að beita fénaði á land eða í fjöru. B. Það að sigla beitivind. C. Neyting; notkun. „Þetta er ekki rétt beiting á skóflunni“. „Mikilvægt er að kunna rétta beitingu orðanna“.
- Beitinn** (l) Um beitu; fiskin; *tálbeita*. „Við Hvilft er Hilftarlækur og Hvilftartjörn, full af bröndum sem voru svo beittar að það var vís spraka ef þeim var beitt“ (Kristján Jónsson; Örn.skrá Raknads).

Beitivindur (n, kk) Mótivindur í siglingu. Til að *sigla beitivind* þurfti að *krusa*, þ.e. fara skáhallt móti honum í krákustígum. „Spritsigling...var betri í beitivindi, og var það aðallega klyfinum að þakka“ (IN; Barðstrendingabók). „Stæði vindur um *saxið* var kominn beitivindur, og ef hann stóð enn framar var *naudbeit*. Þá var þess skammt að bíða að vindur tæki ekki segl“ (LK; Ísl. sjávarhættir III).

Beitning (n, kvk) Egning króks til fiskveiða, á línu eða handfærum. Fyrir daga gervibeitu var ýmiskonar *beita* notuð (sjá þar). Miklu skipti að vanda til beitunnar; að hún væri fersk; rétt skorin og rétt sett á krókinn. Væri *ljósabeita* skorin af kviði náði hún oft frá eyrugga aftur á gotrauf. Þegar beitt var *lubba* var króknum stundið í hann framanvert og hann síðan skorinn frá; helst með hjartanu. Gott þótti að blóðrjóða ljósabeitu. „Þegar handfæraöngull var beittur fyrir steinbít var *gorminum* úr honum snúið við og hann fikaður/fitjaður upp á öngulinn. Sumir skáru þá ferning úr steinbítiskinn og höfðu á leggnum fyrir ofan gorminn agnhaldsmegin; á Vestfjörðum kallað *fastabeita*. En á oddinn létu menn oftast steinbítslifur. Sami háttur var hafður á þegar steinbítsmaga var beitt. En aðrir fiskar en steinbítur fengust einnig á slíkt agn“. Handfæraönglar voru oftast *roðbeittir*; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri *oddbeittur*. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að *bugbeita*. Sumir hræktu á beituna áður en færi var rennt, og þótti ekki lakara ef það var tóbaksslumma. Brandkóði þarf að krækja þannig að gangi í gegnum roðið báðumegin. Þegar öðu eða kræklingi var beitt voru oft hafðir 2-3 á hverjum krók og krækt í gegnum tungu og trjónu, en einn kúfiskur nægði á handfæraöngul. „Meðan veitt var með hinum stóru sildarlausu handfæraönglum þótti fiskilegast að hafa fleiri en eina beitungund, t.d. ljósabeitu og fuglakjöt á víxl; allt frá oddi að ávafi; kallað að beita *tannbyrðing*; öðru nafni tálbeita. Gott þótti að hafa sprökuhjarta á oddinn. *Fjörumaðki* var þannig beitt að önglinum var stungið í bolinn við halamótin og maðurinn fitjaður upp á öngulinn, uns oddur og agnhald komu framúr hausnum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir m.a. ÓETH og ÞJ).

Ekki er kunnugt að neinn hafi beitt tannbyrðing þann sem þjóðsagan tilgreinir: „Fuglsfóarn og flyðrubita;/ mannaket á miðjum krók/ og mús á oddi;/ Komi þá enginn kolmúlugur úr kafi/ þá er ördeyða á öllu Norðuratlantshafi“. Þjóðsögur voru lífseigar um að Fransmenn sæktust eftir rauðhærðum drengjum í beitu. Sölmundargjá á t.d. að draga nafn af því að þar hafi hinn rauðhærði Sölmundur bjargað lífi sínu á flóttu undan Fransmönnum sem höfðu keypt hann í beitu, með því að klífa upp gjána.

Eftir að lóðafutgerð frá Kollsvíkurvei komst á skrið á 19. öld var beitt *kúfiski* (sjá þar). „Línan var beitt í landi að kvöldi hvers dags sem róið var, og fyrir fyrsta róður. Var þá einn skipverja sem veitti; tók fiskinn úr skelinni og skar beituna“. Eftir að línan hafði fyrst verið lögð var „skorið úr skel og beita brytjuð“. Línan var síðan dregin og beitt jafnharðan út aftur. Ef gaf var farið í annan róður samdægurs. (KJK; Kollsvíkurvei). Þegar lína var lögð um leið og dregið var hét það að *fara með* eða *fara með borði*.

Beitningarmaður (n, kk) Sá sem beitir krók eða fiskilínu.

Beitningaraðstaða / Beitningarpláss / Beitningarskúr (n, kk) Staður þar sem lína er beitt.

Beitningarborð (n, hk) Borð sem fiskilína er beitt við. Línan/bjóðið er þá haft uppi á borðinu ásamt beitunni en beitt í bala við borðhlíðina. Á borðinu er beitan skorin og þar eru krókar réttir.

Beitningartrilla (n, kvk) Búkki með snúningsborði, sem línubali er hafður á meðan lína er beitt í hann. Unnt er að snúa balanum og með því ná auknum hraða við beitninguna.

Beitningarvettlingar (n, kk, fto) Vettlingar sem henta til að hlífa höndum og ná betra taki á beitunni. Vanalega þunnir bandvettlingar.

Beitningarvinna (n, kvk) Vinna við beitningu fiskilínu.

Beittur (l) A. Um eggjárn/hníf; bitur; skarpur; með góðu biti í eggina; vel hæfur til að skera með. „Ekki fannst mér ljárin nóg beittur hjá þér“. „Gættu þín á hnifnum; hann er *flugbeittur*!“ B. Afleidd merking um t.d. háð, níð, skáldskap o.fl. „Hann átti til þennan beitta hómur, þó fámáll væri oftastnær“.

Beitufjara (n, kvk) Fjara þar sem beitu er aflað (t.d. maðks eða kúfisks). „Fyrst var farið í beitufjöru í Bugnum á Hvalskeri og krafsað þar með höndunum kúffiskskeljarnar uppúr sandinum“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvei; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004).

Beituhnífur / Beitukutti (n, kk) A. *Kúfiskhnífur*; hnífur sem hentar til að ná innanúr kúskel og skera í hæfilega beitu. Hentugur beitukutti er með stuttu blaði og voru oft notaðir oddbrotnir hnífir. B. Líkingamál um oddbrotninn hníf. „Þessi vasahnífur er nú orðinn hálfgerður beitukutti“.

Beitukóngur (n, kk) Buccinum undatum. Ætikóngur; nákóngur. Stór sæsnigill/kuðungur af kóngætt. Var áður fyrr veiddur og nýttur til beitu og til matar. Algengur um allt N-Atlantsha og finnst allt í kringum Ísland, einkum grynna en 50 m dýpi en hefur fundist niður á 1200 metrum. Litur er breytilegur; hvítur, gulleitur eða brúnleitur. Traustlegur með nokkuð oddregnu horni; vindingar 7-8 og sá stærsti oft meirihlutinn af lengdinni. Kaðalmynstur liggur í reglulegum bugðóttum röðum þvert á vindingana. Munnopið er egglega og ytri vör sveigð útávið. Baugarnir á lokunni segja til um aldur kuðungsins, en sá elsti veiddur hér við land var um 13 ára. Verður 7-10 cm á hæð og er breiddin um 60% hæðarinnar. Skelin oft þakin ásætum s.s.

hrúðurkörllum og kalkpípuormum. Skyldasta tegundin er hafkónugur (*Neptunea despecta*). Beitukóngur er veiddur til matar víða í Evrópu og í Kanada. Svo var einnig hér við land fyrrum, en auk þess var hann veiddur til beitu eins og nafnið ber með sér. veiðiaðferðin var þannig að net var strengt á gjörð og þorskroð bundið í netið. Gjörðin var lögð frammi á útfiri og dregin með útfallinu, en þá var roðið oft þakið kuðungum. Í dag er beitukóngur veiddur í sérstakar gildirur.

Beitulok (n, kvk) Lítil lúða sem nýtt er í beitu/agn, m.a. í Kollsvík. „Beita er maður og brandkóð. Ítem heilagfiski á vor“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). „Oft var hausinn skorinn af, síðan sporðurinn; að því búnu var *hnakkaflatt* og úr tekinn *spildingurinn*. Á kviðinn var gerð *puma* og síðan var lokið *ráfest* og geymt þannig þangað til því var beitt. Tíðum var það þá orðið hálfhert, enda var algengt á Vestfjörðum að tala um að beita riklingi“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Beitumaður (n, kk) Annað heiti á *sandmaðki*, sem mikið var notaður til beitu áður fyrr.

Beitupoki (n, kk) Þegar róið var með línu úr Kollsvíkurvei var beitt kúfiski, sem að mestu var sóttur inn í Skersbug. Hann var tindur í strigapoka og geymdur lifandi í nokkra daga í sjó. „Nú vorum við með beitupokana í bátum, svo tókum við salt eins mikið og hægt var“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurvei).

Beitusmökkur (n, kk) Smokkfiskur; *Ommatostrephes todarus*. Þekktasti og algengasti smokkfiskurinn af 10 tegundum hér við land, enda nytjaður til beitu eins og nafnið ber með sér. Með 10 arma sem sitja framaná hausnum og eru alsettir sogskálum. Tveir armar eru lengri en hinir og hjá karldýrum geta þeir breyst í getnaðarlim. Tenntur skolturinn situr milli armanna, en fiskurinn er beinlaus. Kápa umlykur bolinn og innan hennar eru tálknin. Smokkfiskurinn getur dælt sjó og spýtt honum af krafti til að knýja sig áfram; eða réttara sagt afturábak, því armar og augu eru undan stefnunni sem synt er í. Þá getur hann spýtt svörtu bleki til að hylja sig og rugla andstæðing í ríminu. Beitusmökkur kemur upp að Íslandsströndum í ætisleit uppúr miðju sumri og dvelur fram eftir hausti. Elstu heimildir um hann eru frá Vestfjörðum fyrir 1700, en þar gekk hann á land. Hann er tálbeita fyrir fisk eins og nafnið bendir til. Fyrrum var hann mest tindur þegar hann hljóp á land, en eftir 1880 lærðu sjómenn af Frökkum að veiða hann á sérstaka smokkfisköngla. Veiðarnar eru helst stundaðar á haustkvöldum og þá brugðið upp ljósi til að laða smokkfiskinn að.

Beitutollur (n, kk) Gjald sem greitt var fyrir að afla beitu úr annars manns landi. „Sjaldan var meiri skel en svo að hver maður næði í 1-2 poka í ferðinni. Beitutollur var 2 kr fyrir hvern mann yfir fjöruna“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir GG; KJK o.fl.; sjá *kúfiskur*).

Beituöflun (n, kvk) Það að afla/ ná í beitu til að geta veitt. „Þegar byrjað var á vorin að leggja línuna, þurfti beituöflun áður að hafa átt sér stað. Beita sú er nær eingöngu var notuð var kúfiskur“ (KJK; Kollsvíkurvei).

Bekenna (s) A. Viðurkenna; meðganga. „Hann vill nú ekki bekenna að hafa gert þetta“. B. Um spil; taka undir í sömu sort og forhandarmaður leggur út.

Bekenndur (l) Viðurkenndur; samþykktur; álitinn. „Hann var bekennur sem fullgildur dýralæknir af öllum í sveitinni, þó engar hefði hann prófgráðurnar í því“.

Bekkfella (s) *Fella/setja inn* net í *fellingabekk* (sjá þar og *hrognkelsi*). Önnur aðferð var að *nálfella* netin.

Bekkfelling (n, kvk) Felling nets í bekk. Sjá *setja inn*.

Bekkinn (l) Hrekkjóttur. „Hann var alræmdur hrekkjalómur og þótti oft bekkinn við sambýlinga sína“.

Bekkjast (til) við (orðtak) Hrekkja; gera óskunda. „Í verinu fengust menn við það meðal annars að bekkjast hver til við annan með misjafnlega gráu gamni“. *Í seinni tíð* heyrir stundum sleppt milli orðinu „til“. „Verið nú ekki að bekkjast við nautkálfinn strákar; það getur heft sín síðar“.

Bekkni (n, kvk) Hrekkir. „Þeir gerðu þetta af eintómri bekkni við hann“.

Bekkur (n, kk) A. (Almennt) Sylla/hilla/barð í brattlendi. „Við sigum tveir niður til hans. Bekkur þessi var ekki breiður, og auk þess afsleppur“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Örnefni á tveimur stöðum í Kollsvíkurlandi. Annað er Bekkurinn ofanvið Sandahlíð í Núpnum. Hinsvegar heitir Bekkur, lágir klettur í með fjörunni ofan og heimanvið Straumsker undir Blakk. C. Set; sæti fyrir marga, hlið við hlið; t.d. kirkjubekkur/elhúsbekkur. D. Rúm; dívan; t.d. svefnbekkur. „Ég svaf um tíma á bekk við austurgafllinn uppi á lofti í gamla Láganúpsbænum. Viðir voru orðnir það feysknir að gaflinn sveiflaðist verulega í hvassviðri. Hann datt svo úr húsinu stuttu eftir að flutt var úr því“ (VÖ). E. Vinnuborð, t.d. hefilbekkur. F. Lárétt mynstur í fatnaði, t.d. peysu. F. Hópur sem fylgist að í námi í skóla. Orðið er samstofna heitinu „bakki“, um hækku í landslagi, og hefur líklega snemma færst yfir á upphækkun/set/flet í íveruhúsi. Þaðan hefur það svo færst á aðrar ofangreindar líkingar.

Bekri (n, kk) Hrutur. Ekki notað í daglegu tali í seinni tíð.

Belgður (l) Þaninn; útblásinn; þembdur; ævareidur; skömmóttur. „Nú er ég svo belgður út af ketsúpunni að ég hreyfi mig ekki á næstunni“! „Hann var fokvondur og belgður útaf þessum mistökum“.

Belgflá (s) Sjá *flá* í *belg*.

Belgfullur / Belgtroðinn (l) *Pakksaddur; sprengsaddur*; útroðinn. „Nú er maður alveg belgullur af góðum mat“. „Ég tíndi húfuna mína belgulla af eggjum og tókst að klöngrast með þau til baka, sömu leið“.

Belgfylli (n, kvk) Magafylli; metun. „Ég held að féð hafi fengið sæmilega belgfylli í fjörunni í dag. Það þyrfti kannski samt að *hára* því aðeins til viðbótar“.

Belgi (n, kk) Maður frá Belgíu; einstaklingur af belgísku þjóðerni. (Ft; Belgar).

Belgingsgola / Belgingskaldi / Belgingsvindur (n, kk) Allhvass/stífur vindur. „Hann var farinn að leggja upp belgingsgolu“. „Uppi á brúninni mætti okkur norðan belgingsvindur“.

Belgingsháttur (n, kk) Mont; spjátrungsháttur; stærilæti. „Þessi belgingsháttur er leiðinlegur til lengdar“.

Belgingshvass (l) Allhvass; nokkuð mikill vindur. „Búðu þig nú almennilega; hann er belgingshvass“!

Belgingslegur (l) Um veður; garralegur; rembingslegur; vindasamur; hvass. „Ári er hann enn belgingslegur í *norðurloftið*“.

Belgingur (n, kk) A. Stífur og langvarandi vindur; hvassviðri. „Það er stöðugur norðan belgingur“. Svipuð merking og *þræsingur*, sem þó merkti e.t.v. enn þrálátari vind. B. Mont; þus; raus. „Vertu nú ekki með neinn bölvaðan belging“!

Belgja (s) Þenja; blása út; þamba.

Belgja sig (orðtak) A. *Gera sig breiðan; þenja sig*; vera með *merkilegheit*; sýna yfirlæti/mont. „Ég held að hann ætti bara ekkert að vera að blelgja sig um það sem hann hefur ekki hundsvit á“! B. Um veður; vinda. „Eitthvað er hann að belgja sig af norðan“.

Belgja sig út (orðtak) A. Borða mikið; verða saddur. „Það þýðir ekki að belgja sig svo út að maður verði óvinnufær á eftir“. B. Vera montinn; guma af sínu.

Belgmikill (l) Kviðmikill; með þaninn kvið; feitlaginn.

Belgnef (n, hk) Sá hluti á lóðabelg sem hann er festur með í bandið/niðristöðuna. Í belgnefinu er oftast auga sem bundið er í.

Belgur (n, kk) A. Upphafleg merking; skinn/húð sem þannig er flegin af skepnunni að sem minnst göt séu, t.d. eftir útlími og haus, og síðan verkað og notað sem ílát eða flot. Sbr *flá* í *belg* og *betri er belgur en barn*. „Hvert ár voru drepnir nokkrir tugir uppkominna yrðlinga og voru belgir þeirra seldir fyrir kaffi og klúta“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). B. Húð/skrokkur/kviður. „Hann strauk á sér belginn eftir matinn og sagðist hafa étið yfir sig“. „Kettinum finnst ósköp gott að láta strjúka á sér belginn“. C. Bauja; flot á veiðarfæri, t.d. línu eða net. Notað í seinni tíð um baujur úr plastefnum. „Sagan tygjar sóknargand./ sviðið vígja líf og grand./ Belgi nýja ber á land/ brims í gný við rauðan sand“ (JR; Rósarímur).

Belgvettlingar (n, kk, fto) Vettlingar með sameiginlegan belg fyrir alla fingur nema þumla. Belgvettlingar eru það sem nú er almennt nefnt „lúffur“. Á sumum belgvettlingum voru tveir þumlar, í þeim tilgangi að unnt væri að snúa vettlingnum. Þannig entist hann lengur, en slitið verður mest í lófánum þegar mikið er unnið.

Belja (n, kvk) Kýr. Belja var einungis notað í niðrandi merkingu áður fyrir þó nú sé það breytt.

Belja (s) A. Um vatnsfall; ólga/vella fram í stríðum straumi. B. Líkingamál um það að öskra/baula.

Beljaki (n, kk) Rumur; stór maður. „Hann var æði mikill beljaki og sterkur eftir því“.

Beljandi (n, kk) A. Mikill vatnsflaumur. „Varaðu þig á Ánni; það er árans beljandi í henni í vatnavöxtunum“. B. Stífur vindur; oft notað um hvímléiða norðanátt. Svipuð merking og *sveljandi*.

Beljandi (s) Flæðandi; sveljandi. „Það er enn sami beljandi norðansvarrinn“.

Beljugrey / Beljukvikindi (n, kvk) Gæluorð um kú. „Það er ekki hægt að ætla beljukvikindinu að stökkva yfir lækinn; eins síðjúgra og stirð og hún nú er“!

Bellibrögð (n, hk, fto) Töfrabrögð; hrekkir. „Það þyrfti að beita ýmiskonar bellibrögðum við þetta“.

Beltagrafa / Beltaskófla / Beltavél (n, kvk) Skurðgrafa á beltum.

Beltasleði (n, kk) Búnaður sem belti í beltavél gengur eftir.

Beltishali (n, kk) Endi rafabeltis af lúðu (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: ÞJ Hvallátrum).

Belti (n, hk) A. Ól sem maður hefur um mitti til að halda uppi buxum. B. Samfelldur uggi langseftir jaðri flatfisks. T.d *rafabelti*. C. Ræma af einhverju tagi, t.d. gróður- eða landræma; klettabelti. D. Akstursbúnaður vélar, t.d. jarðýtu eða skurðgröfu.

Beltisspenna / Beltissylgja (n, kvk) Hespera til að læsa mittisbelti í æskilegri stöðu.

- Beltispari** (n, kk) *Laminaria saccharina*. Parategund sem algeng er á grunnsævi í Kollsvík og nágrenni. Leggurinn verður oft um 1m langur og flöt, slétt blaðkan allt að 2m. Festir sig á grjót og klappir neðansjávar með greinótttri rót. Vex neðan lægsta fjöruborðs en kemur þó uppúr á stórum fjörum. Agætur til matar, þó ekki hafi verið nýttur þannig áður fyrr nema í harðindum. Var eitthvað verkaður til skepnufóðurs um tíma, og t.d. gerði GG á Láganúpi tilraun til þess. Myndar, ásamt *hrossaþara* og *stórþara*, miklar breiður þarabelta sem eru aðalhygningarsvæði t.d. grásleppu. Í brimi losnar mikið af þessum þara og berst uppí fjöru sem *þarabunkar*.
- Bemerkja** (s) Greina; vita eftirtekt. „Ég gat ekki bærkt að nein kind væri *í tilferð með burð*“. Dönskuletta.
- Ben** (n, hk) A. Sár; oftast notað um gróið sár. B. Stakt eyrnarmark á fé. „Hér gætu verið einhverjar benjar; aftan vinstramegin“. „Í markaskrá skal vera ... (3) skrá um ben þau sem heimilt er að nota í sýslunni...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). Benjar í fjármörkum eru af tvennum toga: Yfirmark er það sem er á toppi eyrans, s.s. sneyðing, stýfing og blaðstýfing, en undirbenjar eru á hlið eyrans, s.s. biti og fjöður.
- Benda** (n, kvk) A. Beygja; sveigja. Notað t.d. um það þegar lásvaður beygist fyrir nef, en það getur skapað hættu fyrir bjargamanninn ef af skreppur. „Varaðu þig; vaðurinn er kominn töluvert á bendu“! B. Haugur; kös. „Það þýðir ekki að henda fataplöggunum svona í eina bendu! Berðu þig að sortera þetta drengur“! C. Kaðlar í skipsreiða, sbr höfuðbenda.
- Benda** (s) A. Gefa merki með því að vísa í áttina, t.d. með útréttum fingri; vísa á; eru líkindi til. „Hann benti mér á grenið“. B. Beygja; sveigja; spenna. „Þú mátt ekki benda glerið, þá brotnar það“.
- Benda til** (orðtak) Vísa til; eru líkur til. „Margt bendir til að þetta hafi verið óviljaverk“.
- Bendifingur** (n, kk) Visifingur.
- Bendill** (n, kk) A. Vöndull, t.d. úr ull. „Stundum voru kindur og lömb spjaldmerkt áður en þau fóru í sláturhúsið. Var þá snúinn bendill í ullina á bakinu og þar í hnýtt pappa- eða krossviðsspjaldi“. B. Stuttur borði; bendlaband. „Bendlar voru áður m.a. notaðir til að loka sængurverum, en nú er tölvuheimurinn búinn að eigna sér orðið og notar það yfir sýnilegt og stýranlegt merki á skjá“.
- Bending** (n, kvk) Það að benda; það að gefa merki/ vísa í ákveðna átt; merkjagjöf. „Sigarinn gaf bendingu um að hífa sig upp“.
- Bendla** (s) Binda við; tjóðra.
- Bendla við** (orðtak) Tengja við; orða við. „Hann vildi ekkert láta bendla sig við þessa ákvörðun“.
- Benjaður** (l) Meiddur; slasaður. „Það er eitthvað að þessum lambhrút. Mér sýnist hann eitthvað benjaður“.
- Bennaður / Bennvaður** (l) Mild blótsyrði; bölvvaður; fjárans; skrattans; béans. „Bennuð vandræði eru þetta; að hafa ekkert eggjalát við hendina“. „Bennvaður hrafninn hefur stolið frá mér skærnum“!
- Bensín** (n, hk) A. Eldfimur vökvi; kolvetni sem unnið er úr hráolíu og notað t.d. sem eldsneyti á sprengihreyfla. Oft blandað ýmsum efnum til að fá fram æskilega eiginleika. Brennsla bensíns og annarra kolvetna á meginþátt í stóraknum gróðurhúsaáhrifum jarðar af mannavöldum á síðari tímum, og er því leitast við að draga úr notkun þess, t.d. með notkun rafbíla. Fyrstu sprengihreyflar í Kollsvík, bæði í bátum og traktorum, notuðu bensín. Kringum 1960-1980 var algengt að á hverju bóndabýli væri stór bensíntankur í jörð fyrir vélanotkun, og var bensíninu dælt upp með handdælu. B. Styttling á „bensíngjöf“; pedali sem stigið er á til að auka eldsneytisinnngif vélar, og þar með afl/hraða. „Sumir sem lærðu seint að aka bíl höfðu aðra síði í akstrinum en þeir sem yngri voru. Einn góðbóndi í Rauðasandshreppi fór helst úr stígvélunum til að geta ekið. Fannst honum hann þá vera mikið næmari á bensíngjöfina.“
- Bensínafgreiðsla / Bensínstöð / Bensínsla** (n, kvk) Staður þar sem bensín er til sölu fyrir vegfarendur. Kringum 1970 voru fjölmargar bensínstöðvar í Rauðasandshreppi. Ein var í Kirkjuhvammi á Rauðasandi; önnur á Hvalskerri; þriðja á Hnjóti og sú fjórða á Hvallátrum. Sett var upp bensínafgreiðsla í „rúsinubúðinni“ á Hvammsholti, kringum 1985, sem síðar vr rekin af versluninni Valborgu.
- Bensínbrúsi / Bensíndunkur / Bensínkútur** (n, kk) Ílát til að geyma og flytja bensín í. Mikilvægt er að unnt sé að loka tappanum þétt og tryggilega.
- Bensínlaus** (l) Þrotið bensínið; eldsneytisgeymir tómur. „Hafðu þennan bensínkút með í bátinum; það er bölvað að verða bensínlaus og þurfa að róa í land“.
- Bensínstífla** (n, kvk) Stífla í lögn frá bensíntanki að blöndungi/vél. „Ég síaði bensínið gegnum nælonsokk til að vera laus við bensínstíflur“.
- Bensíntankur** (n, kk) Stór geymir fyrir bensín. Bensíntankar voru á flestum bæjum í upphafi vélvæðingar í sveitum, enda voru fyrstu traktorar og bílar bensínknúnir; langferðir erfiðar og bensínverð mun lægra en síðar varð. Á Láganúpi var stór tankur, líklega 1 eða 2000 lítra niðurgrafinn stutt frá íbúðarhúsinu, og á honum handdæla. Auk þess var eitthvað bensín oft til á járntunnum.

Bensla (s) Binda; hefta. „Einkum var talað um að bensla fyrir enda á kaðli, sem frágang til að ekki trosnaði upp; og bensla net á þin við netafellingu eða –viðgerðir“.

Benslagarn (n, hk) Grannt sterkt garn, sem hentar til að bensla með; trollgarn; seglgarn.

Benslavír (n, kk) Vír sem hentar til að bensla/festa með. Benslavír var t.d. notaður til að festa *símalínu* við *símakúlu* meðan *loftlínur* lágu um sveitir.

Bensli (n, hk) A. Festing; binding. B. Þráður/vír til að bensla. T.d. til að festa við eða gera fyrir kaðalenda til að aekki trosni.

Benvaður (l) Bölvaður; árans; *bönnvaður*. Vægt blótsyrði; notað enn af Kollsvíkum til áhersluauka. „Benvaður hrúturinn hefur brotið jötufjölna“. „Benvaður hávaði er nú í ykkur strákar“!

Benvítans / Benvítis (n, kk, ef.m.gr.) Áhersluorð/ milt blótsyrði á undan nafnorði. „Benvítans vandræði eru þetta“! „Ég missti af benvítans tófunni ofaní urð“!

Benvíti (n, hk) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Manni finnst það benvíti hart þegar framhjá manni er gengið“! Hljóðbreyting úr *bannsettur*; *bannvítans*.

Ber (n, hk) Ávöxtur á lyngi og sumum runnum/trjám. T.d. krækiber, bláber, aðalbláber, jarðarber, stikilsber. „Hún rölti með fötu út í Kjóavötn til að tína ber“.

Ber ekki á öðru (orðtak) Annað er ekki að sjá; annað er ekki sýnilegt. „Það bar ekki á öðru en að hún kynni vel við þetta“.

Ber er hver að baki nema (sér) bróður eigi (orðatiltæki) Mönnum gengur betur í allri baráttu með aðstoð félaga. Líking við orrustu; betra er að tveir snúi bökum saman í návígi og verji hver annan. Mjög forn speki.

Ber nýrra við (orðtak) Upphrópun; eitthvað nýtt á ferð; óvanalegt. „Nú ber nýrra við; nú er Pósturinn kominn á jeppa“!

Ber vel í veiði (orðtak) Óvæntur fengur; mikið happ. „Nú bar vel í veiði. Fyrst þú ert kominn þá getur þú kannski upplýst mig um þetta mál“.

Bera (n, kvk) Annað heiti á hámeri (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild; DE). Bera er einnig annað heiti á birnu.

Bera (s) A. Halda á; flytja á höndum. „Ég skal hjálpa þér að bera þetta“. B. Eiga lömb (um ær). „Féð hefur verið að bera ört í þessari vætu og stórstreymi. Það eru fleiri bornar nú en á sama tíma í fyrra“. C. Gera; hafa sig í; koma sér að. „Berðu þig nú að verki drengur“! D. Hafa skyldur; vera skyldugur. „Honum ber að sinna sínu verki“! E. Gera beran/nakinn. „Í óvirðingarskygni settist hann á borðstokkinn þegar hann sigldi framhjá og beraði á sér sitjandann“.

Bera að (orðtak) A. Gerast; ske. „Enginn veit hvernig slysið bar að“. B. Koma að; mæta. „Fjármanninn bar að í þessu og var útlit hans hið sama og kvennanna“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Bera að sama brunni (orðtak) Leiða til sömu niðurstöðu/ályktunar; bera sama árangur. „Það er sama hvernig litið er á þetta mál; það ber allt að sama brunni með niðurstöðuna“.

Bera að höndum (orðtak) Ske; verða. „Veit nokkur í dag hvernig þetta slys að höndum“? „Þetta hlýtur að hafa borið brátt að“. „Hvergi munu heiglar mér/ hugar frýja lengi./ Hvað sem oss að höndum ber./ hræddan sér mig engi“ (JR; Rósarímur).

Bera af (orðtak) A. Bera afla/farm á land úr báti; landa. „Stöku sinnum kom það fyrir að veður breyttist eftir að borið hafði verið á skip, svo ekki varð af ferð í það skiptið. varð þá að bera af; ofan að söxum að minnsta kosti“ (PJ; Barðstrendingabók). „Formenn hafa tal af þeim sem eru á Fönix og segja, sem auðsætt var, að ekkert annað sé fyrir hendi en bera allt af honum aftur“ (KJK; Kollsvíkurver). „Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft handfestu á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í lendingu meðan borið var af (borið frá borði)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). B. Skara framúr. „Hann ber af öðrum í þrifnaði“. „Blakknes, Hæð og Breiðurinn/ bera af hæstu fjöllum./ Hnífar Leiti og Lynghjallinn/ Láganúpi og Hjöllum“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík). Hinsvegar er samsetta orðið „*afbera*“ með allt aðra merkingu. Sjá þar. C. Skyggja á; hindra sýn. „Það sést vel niður á Grundir frá Láganúpi en Kaldibrunnur ber af í lautum á milli“. D. Um bát; reka/drífa af fiskislóð á veiðum, eða frá rétttri stefnu á siglingu. „Okkur hefur borið af *gerinu*, við þurfum að kippa“. „Skiptið bar af leið í storminum“. E. Bera af velli; bera taðköggla af túni sem ekki hafa leyst upp og nýst sem áburður. Þeim var rakað saman og þeir bornir burtu í pokum, pilsföldum eða hjólbörum.

Bera/taka af (einhverjum) högg (orðtak) Bera hönd eða annað fyrir þegar högg ríður að manni; draga úr þunga höggs.

Bera af leið (orðtak) Fara frá ætlaðri leið/ upphaflegri stefnu. „Þegar élinu létti sáum við að okkur hafði borið verulega af leið“.

Bera af sér sakir (orðtak) Afneita sakaraburði/sakarefnum; verjast ásökunum. „Hann bað um orðið og sagðist vera tilneyddur að bera af sér þessar sakir“.

Bera aldurinn vel (orðtak) Líta vel út/ vera hress miðað við aldur; vera *ern*.

Bera á (orðtak) A. Dreifa áburði á tún. „Fyrrum var búfjárúrgangur og fiskslóg eini áburðurinn sem teltækur var. Eftir miðja 20. öld var farið að bera á tilbúinn áburð. Þurfti fyrst að blanda saman innihaldsefnum í duftformi, en síðar kom kornaður marggildisáburður“. B. Mála; einkum notað um fúavörn víðar. C. Smyrja smyrslí/áburði á sár. D. Koma með; færa að. „Það þýðir ekki að bera á mig meira en ég hef undan að vinna úr“. E. Vera óðamála. „Honum var mikið niðrifyrir þegar hann sagði frá þessu, og bar ótt á“. F. Hlaða af/ flutningi á skipsfjöli. „Auk þess er einnig borið á minni bát frá Vesturbotni“ (KJK; Kollsvíkurver). F. *Bera sakir uppá* einhver. „Vertu ekki að bera þetta uppá mig; ég er saklaus“! G. Vera áberandi/sýnilegt/greinilegt. „Þrátt fyrir langvinna innistöðu bar mjög lítið á kvillum í sauðfénaði. Munu hin ágætu hey eiga mikinn og góðan þátt í því“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Bera (eitthvað) á bál (orðtak) Brenna eitthvað; kasta einhverju á eldinn.

Bera á boða (orðtak) Stranda; lenda uppi á skeri. „En er Magnús hugði í land að halda bar skipið á boða norðan lendingarinnar; fyllti þegar og hvoldi. Fórust allir er á voru nema einn... Fengu Breiðvíkingar sem á eftir komu borgið honum“ (TÓ, frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Bera á borð (orðtak) A. Bera fram mat; *bera fram*; setja mat á borð til neyslu. Sjá *leggja á borð*. B. Líkingamál; segja/fullyrða eitthvað, sem öðrum finnst vafasamt. „Svona lygar þýðir ekki að bera á borð fyrir nokkurn mann“!

Bera (einhverjum eitthvað) á brýn (orðtak) Ásaka; kenna um. „Hann bar mér það á brýn að ég hefði ekki komið þessu til skila“. Brýn merkir þarna augabrúnir, og því er merkingin sama og „segja *upp í opið geðið*“, sem einnig heyrir. Þegar eitthvað er borið manni á brýn þyngjast augabryr hans og þær síga.

Bera á endum (orðtak) Aðferð við að bera langan þungan hlut, s.s. við að bjarga rekatré undan sjó í fjöru. Þá er annar endinn borinn í einu í þá stefnu sem tréð á að fara í; síðan tekið undir hinn endann og hann borinn í hálfhring. Þannig færir tréð um lengd sína í hvert sinn, með mun minna átaki en væri því öllu lyft. Oft var þó rekatrjám einnig bjargað á *skríftóg* (sjá þar).

Bera á góma (orðtak) Vera um rætt/talað; berast í tal. Gómur merkir hér tanngómur. „Þar bar margt á góma“.

Bera á háhesti (orðtak) Bera manneskju á öxlum sér, sem situr þá klofvega um háls burðarmanns og heldur sér um enni hans.

Bera á langabaki (orðtak) Bera manneskju á bakinu, sem heldur um háls burðarmanns en hann heldur undir rass þess sem borinn er.

Bera á/í milli (orðtak) A. Skyggja á; vera í sjónlínu. „Ekki er sjónlína af Núpnium að Breiðavíkurbænum; þar ber Breiðinn á milli“. B. Vera ósammála. „Okkur bar nokkuð í milli í þessum efnum“.

Bera á móti (orðtak) Andmæla. „Það þýddi ekkert fyrir hann að bera á móti þessu“.

Bera á sjálfum sér (orðtak) Bera sjálfur. „Menn þurftu að leggja mikið á sig við aðdrætti fyrir á tíð. Dæmi eru um að menn hafi borið mjölsekki á sjálfum sér útyfir Hænuvíkurháls“.

Bera á stöfnum (orðtak) Aðferð við að setja bát án þess að nota hlunna. Þegar bátur er borinn á stöfnum *ganga* tveir menn *undir* annan stafn hans; sinn undir hvorn kinnung; snúa baki í súðina; grípa annarri hönd í stafn; beygja sig í hnjám og lyfta bátnum með samstilltu átaki; hvor á móti öðrum. Síðan er bátnum snúið sólarinnis um hinn stafninn, þar til kjölur er kominn í rétta stefnu. Þá er gengið undir hinn stafninn, og sama aðferð endurtekin. Báturinn flyst þannig til um lengd sína í hverjum burði. Þessi aðferð var gjarnan notuð ef um fremur léttan bát var að ræða. Hún var enn viðhöfð af Össuri og Ingvari í Kollsvíkurveri rétt fyrir 1970.

Bera á torg (orðtak) Um hugsanir/hugarangur/sorg; segja opinskátt; láta uppskátt um það sem maður hugsar/ manni finnst, eða hvernig manni líður; *bera tilfinningarnar utaná sér*. „Hún er ekki þannig gerð að hún beri sínar tilfinningar á torg“. „Ég hafði allt aðrar skoðanir á þessu máli, þó ég hafi ekkert verið að bera þær neitt á torg“.

Bera ábyrgð á (einhverju) / Taka ábyrgð á (einhverju) (orðtök) Hafa trúverðugleika sinn, getu og samvisku að veði fyrir einhverju; ábyrgjast eitthvað. „Ég vil ekki bera ábyrgð á þessum frágangi ef mikið hversir“. Sjá *ábyrgð* og *kominn úr ábyrgð*.

Bera árangur / Bera ávöxt (orðtak) Verða til gagns; ná tilgangi sínum. „Við hefðum kosið að þessi ferð okkar hefði borið meiri árangur“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Bera beinin (orðtak) Láta lífið; deyja; *verða til*. „Í hallærum lögðu margir leið sína í verin á útnesjum landsins. Margir náðu þó ekki í áfangastað, heldur báru beinin við steina sem þeir áðu við; *aðframkomnir* af hugri“. „

- Bera blak af (einhverjum)** (orðtak) Verja; *forsvara*; halda uppi vörnum fyrir einhvern. „Ég reyndi að bera *blak* af tíkinni; sagði að hún hafi verið orðin *langsoltin* og því hafi freistingin verið mikil að teygja sig í keppinn“. „Blak“ er hér í merkingunni „högg“, og er bókstafleg merking að „verja einhvern höggi“. Einnig heyrðist myndin „*bera skjöld fyrir*“, í sömu merkingu.
- Bera brátt að** (orðtak) Gerast fljótt; vera allt í einu brýnt; koma fljótt í ljós. „Þetta bar svo brátt að að ég hafði ekki tíma til að hugsa áður en ég svaraði“.
- Bera brigður á** (orðtak) Efast um; draga í efa; væna um ósannindi. „Ekki dettur mér í hug að bera brigður á skyggni fólks, og þekki nokkra slíka sem ég veit að eru trúverðugir“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Bera ekki sitt barr** (orðtak) Vera ekki heill/eðlilegur/í góðu formi. „Sagt er að hann hfi aldrei borið sitt barr eftir þetta slys“. Líking við það að tré nær ekki að jafna sig.
- Bera ekki vitið í hripunum** (orðtak) Þykja heimskur; *stíga ekki í vitið*; *reiða ekki vitið í þverpokum*. „Þeir bera nú ekki allir vitið í hripunum þessir blessaðir aular sem slysast inn á þing“!
- Bera fé á (einhvern)** (orðtak) Greiða einhverjum. Helst notað um vafasamar greiðslur eða mútur.
- Bera fram** (orðtak) A. Bera mat á borð; *bera á borð*. B. Segja. Vísar til þess hvernig orðin eru sögð. „Aldrei get ég skilið hvernig Danskurinn fer að því að bera þetta fram“!
- Bera frá** (orðtak) A. Um færi í sjó; *glæja*; *fara á glæ*; *stínga frá*; standa út frá bátnum vegna mikils reks. B. Um bát; reka frá stað, t.d. lendingarstað eða dufli. „Festið nú bátinn einhversstaðar við hleinina áður en hann ber frá“. „Okkur hefur borið dálítið frá; leggðu snöggvast út og róðu að baujunni“.
- Bera frá borði** (orðtak) Hafa í eftirtekju; bera úr býtum. „Ekki held ég að hann hafi borið mikið frá borði, miðað við það sem hann lagði á sig“. Vísun í afla/feng eftir róður. Sjá *bera skarðan hlut frá borði*.
- Bera fyrir** (orðtak) A. Birtast; verða á vegi. „Það er sjaldan sem þingmann ber fyrir hér á bæ“. B. Afsaka sig með; *hafa til blóra*. „Hann mætti alltof seint, en bar því fyrir sig að sprungið hefði á bílnum“. C. Um fiskimið; sjást fyrir. „Vorur þeir á svonefndum Flosa, sem er aðallega steinbítismið á Látravík, og dregur nafn af því að Flosagil í Breiðavík ber fyrir Bjarnarnúp“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). D. Benda á sem heimild; *hafa fyrir*. „Hann ku hafa borið mig fyrir þessari sögu, sem ég kannast alls ekkert við“.
- Bera fyrir augu/sjónir** (orðtak) Sjást; vera sýnilegt. „Hann fylgdist vel með öllu sem fyrir sjónir bar“.
- Bera fyrir borð** (orðtak) Kasta fyrir róða; sóa; sólunda. „Honum þótti sinn hagur nokkuð fyrir borð borinn með þessari ákvörðun“.
- Bera (eitthvað) fyrir brjósti** (orðtak) Sýna einhverju umhyggju/alúð/meðaumkun. „Ég sé ekki að þessi ríkisstjórn ætli að bera hag bænda verulega fyrir brjósti“. Sjá *brjóst*.
- Bera fyrir sig** (orðtak) *Bera við*; skýla sér á bakvið; nota sem fyrirslátt/afsökun. „Hann er enn ekki farinn að smala sitt land, og ber því fyrir sig að hann sé í *mannahallæri*“.
- Bera (einhverjum) góðgerðir** (orðtak) Bera fram mat/kaffi á borð fyrir einhvern; bjóða einhverjum mat/drykk. „Þarna voru okkur bornar góðgerðir sem við *þáðum með þökkum*“.
- Bera greiðu í hárið/lubbann** (orðtak) Greiða hár sitt; greiða sér. „Þú mættir nú alveg bera greiðu í lubbann á þér stöku sinnum góði minn; það myndi varla saka þig“.
- Bera harm sinn í hljóði** (orðtak) Vera dulur á sitt hugarangur/hugarvél; *bera ekki hugsanir sínar á torg*.
- Bera hátt krikana** (orðtak) Sýnast meiri á velli en maður er; lyfta sér í herðum og rétta úr baki.
- Bera hempuna á báðum öxlum** (orðtak) Vera *tvöfaldur í roðinu*; vera *beggja handa járn*; vera ekki einlægur; *leika tveimur skjöldum*. „Ekki treysti ég honum fullkomlega í þessu. Mér finnst hann bera hempuna dálítið á báðum öxlum“. Hempa í þessu sambandi merkir yfirfat; kápu; frakka.
- Bera hitann og þungann af** (orðtak) Halda uppi; sjá að mestu um. „Enn hef ég ekki minnst á það hver bar hitann og þungann af öllu umstanginu og vinnunni sem þessum jólaundirbúningi fylgdi“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Bera hvolpana** (orðtak) Ganga með hendur lausar frá síðum, líkt og verið sé að bera eitthvað. „Þarna kemur yfirvaldið; og ber hvolpana“. Stundum haft; „bera baggana“.
- Bera hærri hlut (úr býtum)** (orðtak) Fara verr útúr viðskiptum en sá/þeir sem skipt er við; *bera skarðan hlut frá borði*. „Séð var til þess að enginn bæri hærri hlut úr býtum en honum bar“. Vísar til hlutaskipta (sjá skipti). Til er orðtakið að „ber efri/hærri skjöld yfir (einhvern)“, sem merkir svipað, en vísar til þess að hafa yfirhöndina í bardaga. Ekki vitað til að það hafi tíðkast í Kollsvík.
- Bera höfuðið hátt** (orðtak) *Bera sig borginmannlega/vel*; vera stoltur/sjálfsöruggur; vera ánægður með sjálfan sig. „Hann getur borið höfuðið hátt eftir þessa frammistöðu“!

Bera hönd fyrir höfuð sér (orðtak) Verjast. „Maður verður að reyna að bera hönd fyrir höfuð sér ef á mann er ráðist“.

Bera hönd fyrir/yfir augu (orðtök) Leggja hönd lárétta ofanvið augu sér til að skyggja á sólina þegar horft er undir sól; *skyggna hönd fyrir augu*.

Bera (einhverjum) illa/vel söguna (orðtak) Lasta/lofa einhvern í frásögn. „Biblían ber Júdasi fremur illa söguna“.

Bera í (orðtak) A. Notað einkum til að segja til miða. „Milli Bjarnarklakks og Miðklakks er Miðleið. Hún var þannig *miðuð* að Leiðarhjalla í Hæðinni sunnan við Kollvíkurtún átti að bera í Klettabúð, sem var ein búðin á Norðari-klettunum“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). B. Koma ífæru í lúðu eða annan stórfisk við borðstokk báts, til að ná henni innfyrir. C. Hafa við; gera veglega; kosta til. „Nokkuð mikið þótti henni borið í brúðkaupsveisluna“.

Bera í bakkafullan lækinn (orðatiltæki) Bæta við það sem nóg var fyrir. „Það væri nú að bera í bakkafullan lækinn að koma nestaður inn á það heimili“. Sjá *bakkafullur; eins og að gefa bakarabarni brauð; ekki þarf að bera bakarabarni brauð*.

Bera í bætifláka fyrir (orðtak) Afsaka; *bera blak af*; tala máli einhvers. „Það þýðir ekkert hjá þér að reyna að bera í *bætifláka* fyrir þessa ríkisstjórn; hún er komin með öll koningaloforðin niðrum sig“. Sjá *bætifláki*.

Bera í fötlum (orðtak) Sérstök aðferð til að bera klyfjar á baki, þannig að sem best færi og minnst reyndi á. „Jafnan var borið í fötlum, sem kallað var. Þá var kaðli brugðið í lykkju utanum byrðina; síðan handleggjunum stungið undir böndin, þannig að þau lágu sitt á hvorri öxl, en lykkjan ofaná byrðinni. Lausu endana lagði maður svo fram yfir axlirnar og herti að með þeim; þannig að byrðin lagi hæfilega þétt að baki manns“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Fatlar eru lykkjur í byrðina sem smeygt er uppyfir handleggi og framyfir axlir...“ (MG; Látrabjarg). „Þessi aðferð var m.a. notuð til að bera egg af Stíg í sprengiefnakössum í fyrstu ferðum mínum þangað“ (VÖ) „

Bera í loftið (orðtak) Draga upp ský; þykna upp. „Hann er nú eitthvað farinn að bera í austurloftið; ég gæti trúað að hann rigni í nótt“. Einnig talað um að „bera á himininn“ í sömu merkingu.

Bera í milli (orðtak) Mismuna; vera munur á. „Þeir voru alls ekki sammála um þetta; þar bar allmikið í milli“.

Bera í sig (orðtak) Auka velting. Heimild; Jón Torfason, Kollsvík (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Bera í vænginn (orðtak) Biðjast afsökunar; *biðja gott fyrir sér*. „Ýmislegt var látið fjúka í þessu hitamáli; hætt er við að einhverjir þurfi að bera í vænginn við sína mótherja“. „Hún reyndi að bera í vænginn fyrir karlinn“. Ortakið mun upphaflega verið líkingin „að bera skarn í vænginn“, en skýring er óljós.

Bera kala/þela til (einhvers) (orðtak) *Bera þungan hug til einhvers; vera í nöp við einhvern*; hata einhvern; *leggja fæð á einhvern*. „Hún bar lengi kala til hans útaf þessu“. „Ég ber engan þela til hans“. Sjá *þeli*.

Bera keim af (orðtak) Hafa svipmót með; vitna um; *draga dóm af*. „Svona fullyrðing ber keim af fáfræði“. Keimur merkir bragð.

Bera kennsl á (orðtak) Þekkja; kannast við. „Ég komst ekki nógu nálægt ánni til að bera kennsl á markið“.

Bera klæði á vopnin (orðtak) Hindra frekari víg/vopnaviðskipti; sætta deiluaðila. Vísar til þess í bardaga að fötum sé kastað yfir vopn þeirra sem berjast, til að stöðva frekari víg.

Bera kvíðboga fyrir (orðtak) Kvíða fyrir; vera uggandi um. „Ég ber dálítinn kvíðboga fyrir þessu ferðalagi“.

Bera ljá í gras (orðtak) *Bera út*; hefja slátt. „Ekki gat ég séð að farið væri að bera ljá í gras á þeim bæ“.

Bera lof á (orðtak) Hrósa; slá gullhamra. „Nemendur báru mikið lof á hann sem kennara“.

Bera lægri hlut (úr býtum) (orðtak) Sjá *bera hærri hlut*.

Bera með sér (orðtak) Sýna; láta koma fram. „Það skal hér tekið fram að á öllum bæjunum mega skepnur heita í ágætisstandi, eins og skýrslan ber með sér...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Bera milli (orðtak) „Þar sem Stekkavörðu ber milli Hauga..er miðið Stekkar; djúpt á svokölluðum Kollsvíkursandi“.

Bera nafn með rentu (orðtak) Bera nafn við hæfi/af augljósri ástæðu; *standa undir nafni*. „Blettur í Láganúpstúni nefnist Þrjótur og ber nafn með rentu, eins og þeir vita sem reynt hafa að slá hann“.

Bera niður (orðtak) A. Setja niður æti/agn til að lokka veiðibrað; bera út. „Annarsvegjar báru menn niður fyrir tófu, en þá var kindarhræ eða anna girnilegur *niðurburður* rústaður í stuttri fjarlægð frá tófubyrgi. Slíkar *rústir* má enn víða finna í grennd við hin fjölmörgu *tófuhús* í kringum Kollsvík. Hinsvegjar var stundum borið niður fyrir hákarl á hákarlaveiðum. Þá var æti sökkt á veiðislóðinni, stundum í götóttri tunnu, til að laða hákarlinn á slóðina áður en veiðar hófust. „Þarna á blábrúninni er mjög gamalt skothús sem notað var til skamms tíma. Þar var borið út hræ og legið fyrir tófu“ (IG; Sagt til vegar I). B. Gera atlögu að; glíma við;

grípa niður. „Alltaf er það eins með skattþíninguna; fyrst er borið niður þar sem veikast er fyrir!“ „Mér fannst að prestur hefði mátt bera niður í Biblíunni á öðrum stað“.

Bera nýrra við (orðtak) Vera nýlunda; ekki eins og vant er. „Þá þykir mér bera nýrra við ef hann hefur ekki áhuga á að tala um sauðfé“! Stundum „*bregða*“ í stað „bera“.

Bera ofaní (orðtak) Um vegagerð; setja fingerða mól ofan á veg sem slitlag og til að mýkja veginn.

Bera ofurliði (orðtak) A. Vera sterkari/liðsterkari í bardaga/viðureign; bera hærrí hlut. B. Í líkingamáli; yfiringanga; vera yfirsterkari. „Stórseglið hafði verið mjög stórt og þótti bera skipið ofurliði“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Oft mér virðast lífs míns leiðar/ liggja beint í æðri heim./ Allar mínar götur greiðar/ geng ég hárvissst eftir þeim./ En stærstu er hyggst ég stíga sporin/ stefna fram til sigurs vil;/ ofurliði er ég borinn./ unninn hníg svo jarðar til“ (EG; Misstigin spor).

Bera ótt á (orðtak) Vera óðamála; tala mjög hratt. „Hann bar ótt á þegar hann talaði um refaveiðarnar“.

Bera (einhvern) ráðum (orðtak) Taka ráðin af einhverjum; sýna yfiringang; bera ofurliði í deilu/atkvæðagreiðslu. „Ég varaði við þessu og vildi hafa þetta öðruvísi, en ég var borinn ráðum á félagsfundum“.

Bera sakir á (einhvern) (orðtak) Saka einhvern um eitthvað; ásaka um.

Bera saman (orðtak) A. Bera í einn stað það sem aðskilið var. „Við bárum saman grjót og hlóðum vörðu“. B. Standast á. „Hér á rifinu handan til við Kollsvíkurver er gömul lending og þar eru tvær vörður sem bera saman þegar bátar voru komnir í stefnu á lendinguna. Þær heita Snorravörður...“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). C. Bera við; máta; skoða mismun. „Þetta er ekki eins þegar ég ber það saman“. Stundum í nokkurskonar upphrópun eða lýsingu: „Ég ber það ekki saman hvað tíðin var miklu rýsjóttari á þessum tíma í fyrra“! D. Stemma við; vera í samræmi við. „Þeim bar ekki saman um ártalið“.

Bera saman bækur sínar / Bera saman bækurnar (orðtak) Ráðfæra sig við; ráða ráðum sínum; bera saman sína þekkingu/vitneskju; ráðgast. „Réttarstjórar báru saman bækur sínar áður en leyft var að hlypa úr dillkum“.

Bera sér í munn (orðtak) *Taka sér í munn*; segja; nota í töluðu máli. „Hún sagði að sér væri illa við að bera sér hans nafn í munn; það væri óbragð af því“!

Bera sig (orðtak) A. Gera; framkvæma; (sama og „ber sig til“ -B). „Það segir enginn svona; berðu þig að tala eins og maður“! B. Um rekstur; skila arði; *standa undir sér*/kostnaði.

Bera sig að... (orðtak) A. Reyna nú að...; fara að koma sér að því. „Hvað er að sjá til þín strákur; á sokkaleistunum úti! Berðu þig bara að fara inn og fara í stígvél“. „Ætli það sé ekki best að bera sig að því að kasta á skepnurnar“. B. Haga sér; bera sig til. „Ekki veit ég hvernig skal bera sig að við svona verk“.

Bera sig aumlega /illa /fjandalega (orðtak) Kvarta; vera aumur. „Hún bar sig aumlega yfir letinni í karlinum“.

Bera sig borginmannlega/vel/furðuvel/karlmannlega/mannalega/mannborulega (orðtök) Vera hress; láta vel af sér.

Bera sig eftir (orðtak) Reyna að fá/ná; sækja. „Maður fær harla lítið ef maður ber sig ekki eftir því“.

Bera sig eftir björginni (orðtak) Bjarga sér; vera sjálfbjarga. „Hér er nógur fiskur á öllum miðum. En hann syndir ekki upp í pottinn; menn verða að bera sig eftir björginni“!

Bera sig fiskilega að (orðtak) Nota rétt vinnubrögð við veiðiskap. „Mér þykir þú ekki bera þig fiskilega að við þetta drengur. Þú þarft að kasta krókunum vel útyfir borðið þegar þú rennir“.

Bera sig illa (orðtak) *Kvarta; láta illa af sér*; vera aumur/sár. „Hann bar sig illa yfir þessu óréttlæti“.

Bera sig rétt/rangt/vitlaust að (orðtök) Gera/vinna á réttan/rangan hátt; standa rétt/ekki rétt að verki. „Þetta er auðvelt ef þú berð þig rétt að“. „Þetta tekst aldrei ef þú berð þig svona vilaust að“!

Bera sig til (orðtak) A. Haga sér; fara að. „Það er ekki sama hvernig menn bera sig til þegar farið er í lás“. B. Gera; framkvæma. „Berðu þig til að fá þér eitthvað með kaffinu“.

Bera sig upp (við) (orðtak) Kvarta. „Hann var að bera sig upp við bankastjórnann vegna auraleysis“.

Bera sigur úr bítum (orðtak) Sigrá; *hrósa sigri; hafa betur*. „Hann var sneggri og liðugri, og bar því sigur úr bítum í glímunni, þó andstæðingurinn væri nær höfðinu hærrí“.

Bera skaða/tjón af (orðtök) Bíða tjón vegna; skaðast vegna. „Hann tók þetta tjón allt á sig, svo ég beið engan skaða af því“.

Bera skal nokkuð til hvernar sögu (orðatiltæki) Vísar til þess að sögu verður að segja á áhugaverðan hátt, þó eitthverju þurfi að bæta við og „krydda“. Sumir hafa þessa speki í miklum heiðri, meðan aðrir leggja meira uppúr nákvæmni og sannsögli.

- Bera skarðan/lítinn/rýran hlut frá borði** (orðtak) Vera hlunntfarinn; bera ekki það úr bítum sem vert er talið. „Vill fundurinn í því sambandi benda á að á seinustu árum hefur þessi vegur (Kollsvíkurvegur) borið mjög skarðan hlut frá borði hvað varðar fjárveitingar“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 24.03.1962; ritari ÖG). Líkingamál við það að fá lítinn hlut úr aflaskiptum. Sjá *hlutskarpur*; *skipti*.
- Bera/varpa skugga á** (orðtak) A. Skyggja á. „Settu fiskinn einhversstaðar þar sem skugga ber á“. B. Líkingamál; verða til leiðinda; koma uppá. „Aldrei bar skugga á okkar vináttu“.
- Bera skyldu til** (orðtak) Vera skyldugur; hafa skyldu við. „Honum ber skylda til að greiða á gjalddaga“.
- Bera skynbragð á** (orðtak) Hafa þekkingu á; kunna til verka. „Hann ber meira skynbragð á þetta en ég“.
- Bera sundur með (einhverjum)** (orðtak) Einhverjir fjarlægjast hvorn annan. „Fljótlega hætti ég að heyra orðaskil hjá honum, enda bar hratt í sundur með bátunum“.
- Bera (illa/vel) söguna** (orðtak) Láta af; vitna um. „Honum féll ekki viðskipstjórnann og bar honum illa söguna“.
- Bera til / Bera til tíðinda** (orðtök) Ske; verða fréttæmt. „Fátt bar til tíðinda fyrr en komið var út í röstina“.
- „Nú þykir mér nokkuð nýrra bera til“!
- Bera til baka** (orðtak) Afneita; leiðrétta. „Hann ber það allt til baka í dag sem hann sagði um þetta í gær“.
- Bera til sjóar** (orðtak) Bera niður í fjöru, það sem á að fara um borð í bát. „... en útróðrarmenn í heimferðarhug fóru að bera fiskifang og aðrar föggur sínar til sjóar“ (KJK; Kollsvíkurvegur).
- Bera til sögu/tíðinda** (orðtak) Vera frásagnarvert. „Nokkuð þarf til hvernar sögu að bera“. „Það bar lítið til tíðinda í ferðinni“.
- Bera til þurrks** (orðtak) Bera fisk frá ruðningi að þurrkret til þurrkunar. „Steinbítshausar voru ... bornir til þurrks á reitina“ (KJK; Kollsvíkurvegur).
- Bera tilfinningarnar utan á sér** (orðtak) Sýna mikla tilfinningasemi; vera opinskár um sína líðan; *bera sorgir/tilfinningar sínar á torg*. „Erfitt er að vita hvernig honum líður; hann ber tilfinningarnar ekkert utan á sér“.
- Bera traust til** (orðtak) Treysta; vera öruggur um; *reiða sig á*.
- Bera um** A. Votta; staðfesta; bera vitni um. „Ég get borið um að þetta var gert áður en fresturinn rann út“. B. Hagræða skauti segls; færa skaut af einu borði yfir í hitt þegar vent er seglum. „Þegar borið var um var ekki meira kul en það að þeir ákváðu að róa báðir undir og binda skautið“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Arb.Barð. 2003). C. Snúa bát á þurru landi áður en sett er fram, til að stefni komi fyrst í ölduna í stað skuts. Yfirlit ekki gert nema í verulegri báru. D. Smita; dreifa bréfum o.fl. „Ég ætla ekki að bera þessa pest um alla sveitina og fer því ekki á ballið“.
- Bera undan** (orðtak) Fjarlægjast; sleppa frá. „Ég hljóp af stað í ofboði, en tófuna bar hratt undan“.
- Bera undan sjó** (orðtak) Bera afla, farvið og annað uppúr fjöru til að forða því frá að lenda í sjónum þegar fellur að. „Hann bar af bátum, en ég bar undan sjó“.
- Bera undir** (orðtak) A. Leita álit; spyja. „Að lokum var það borið undir Hálfán...“ (ÖG; Þokuróður). B. Vilja til; standa á. „Það er vissara að hafa eitthvað með til að ausa, ef svo ber undir“.
- Bera undir atkvæði / Bera upp til atkvæðagreiðslu** (orðtak) Láta atkvæði ráða; greiða atkvæði um; láta kjósa um. „Síðan bar oddviti reikningana upp til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða“ (Gerðabók Rauðasandshr; ÖG).
- Bera undir sig** (orðtak) Viða/sanka að sér; safna. „Hrafninn ber ótrúlegustu hluti undir sig í laupinn“.
- Bera upp** (orðtak) A. Um veður; draga upp ský á himinn; *þykkna upp*. „Mér sýnist að hann sé byrjaður að bera upp“. B. Um rek á báti; reka nær landi. „Við þyrftum aðeins að kippa frá; okkur hefur borið dálítið upp. C. Um heyskap; *bera upp í hey/galta*. D. Bera afla og annað úr bát í fjöru að verkunarstað í veri. „Þá er að huga að fiskinum. Strengurinn er dreginn að landi og seilarólarnar dregnar upp í lækinn; svo er borið upp. Fimm fiskar eru bundnir af á enda ólarinnar og þeim lyft yfir hægri öxl; aðrir fimm hafðir við hnappinn; þeim lyft yfir vinstri öxlina; og fimmtán á bakinu. Þannig er aflinn borinn upp í ruðning“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). „Þegar komið var að landi var aflinn borinn upp og saltaður...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Bera upp á sker** (orðtak) Lenda í óvæntum vandræðum; lenda í fjárþröng. „Ég þigg þína aðstoð ef mig ber aftur uppá sker, en ég bjarga mér í þetta sinn“. Líking við það að bát beri/reki að skeri, svo hann strandi.
- Bera upp bónorð** (orðtak) Biðja sér eiginkonu. „Hann er eitthvað ragur við að bera upp bónorðið“.
- Bera upp erindi** (orðtak) Segja tilgang heimsóknar; segja það sem manni *liggur á hjarta*. „Ætli það sé þá ekki tímabært að bera upp erindið, fyrst maður er búinn að fá kaffi“.

- Bera upp í galta** (orðtak) Setja upp galta; hlaða galta. „Ekki voru allir jafn lagnir við að bera upp í galta. Það er sérstök list, ef galtinn á til langs tíma að geta staðið vel af sér veður án þess að í hann *dropi*“.
- Bera upp í hey** (orðtak) Setja upp í galta eða hey. „Berið þið tveir uppí; einn lagar til og treður“.
- Bera upp í höfuðið** (orðtak) Láta sér detta í hug; koma til hugar; áætla. „Það þýðir ekkert að bera það upp í höfuðið að fara á sjó í svona útliti“. „Maður er að bera það upp í höfuðið að endurnýja traktorinn“.
- Bera uppá** (orðtak) Um dagsetningu; hittast á; gerast sama dag og annar viðburður. „Afmælið hans bar uppá hlaupársdag“.
- Bera (sakir) uppá** (orðtak) Ásaka; *álasa*; *liggja á hálsi*; *bera á*. „Ég vil ekki með þessu bera sakir uppá einn né neinn, en ég held að svona liggi í þessu“.
- Bera uppí** (orðtak) Setja sláturhræru í vömb/iður við sláturgerð. „Við erum búnar að bera uppí 30 iður“.
- Bera (lítið/mikið) úr býtum** (orðtak) Hafa úr skiptum; fá í laun. „Hvað báru menn úr býtum sem hér sóttu sjóinn og lögðu á sig strangt erfiði“? (KJK; Kollsvíkurver). „Þeir bera ekki ávalt mest úr býtum er hugsa sér það markmið að hrúga upp hárrí höfðatölu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933). „Býti“ er annar ritháttur á „býtti“ og vísar til skipta á afla/feng. Sjá *skipti*; *bera skarðan hlut frá borði*; *slæm býti/býtti*.
- Bera út** (ortak) A. Notað um það þegar sláttur hófst, en þá voru orf borin til slægna. Undantekningarlaust var borið út á laugardegi; hvernig sem tíðarfar var. Væri þá t.d. húðarrínging, var lítill blettur sleginn til málamynda. Þessi trú á „laugardag til lukku“ var afar rótgróin og átti við um fjöldamargt annað, s.s. flutning í nýtt hús; sjósetningu báts o.fl. „Heyannir hófust oftast í 12. viku sumars með því að borið var út, en svo var kallað þegar byrjað var að slá. Var það alltaf gert á laugardegi. Oftast bakaði mamma þá pönnukökur með kaffinu“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). B. Viðra innanstokksmuni, t.d. sængur. Oft var tekinn í það góðvindrísdagur síðsumars, þegar heyannir voru að baki. Hjátrúin segir að ekki megi bera út sæng hjóna á sunnudagsmorgni; þá verði hjónaskilnaður (JÁ; Þjs). C. Dreifa söguburði/*slúðri*. „Hver er að bera út svona kjaftæði“? D. Deyða ungbarn með því að skilja það eftir ósjálfbjarga utandyra. Útburður barna mun töluvert hafa tíðkast fyrir daga kristnitöku og var látinn óátalinn nokkru eftir hana. Þykir nútímafólki það einn svartasti bletturinn á fyrri síðum, en þá þarf að hafa í huga að erfitt er að setja sig að fullu inni aðstæður, trú og hugarfar þess tíma.
- Bera útaf** (orðtak) Víkja frá venju; bregðast. „Slíkir dagar urðu sem betur fór allmargir á hverri vertíð. En útaf þessu vildi líka bera alloft“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ekki mátti mikið útaf bera til að illa færi“.
- Bera vatn í nefinu** (orðtak) Um *gorhljóð* í hrafni; sagt var að hrafn spáði fyrir rigningu þegar í honum heyrðist gorhljóð; „klunk“ í stað „krunk“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Bera vel í veiði** (orðtak) Komast í góða veiði; fá gott tækifæri. „Nú ber vel í veiði. Þarna er helvíta mikill mávahópur á leiðinni, að bera í Hreggnesann“.
- Bera við** (orðtak) A. Reyna. „Ekki var borið við að róa nema á háfjöru...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Ég ber það ekki við að fara yfir fjallið í þessari ófærð“. B. Nota til afsökunar; *hafa til blóra*; *bera fyrir sig*. „Formaður skólaneftndar viðurkenndi nauðsyn þessa, en bar við veður og færð að ekki hefði orðið úr því sl vetur“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). C. *Bera í*; sýnast koma saman við. „Sérðu ekki tófuna; hún ber þarna við vörðuna“. „Haugar nefnist miðið þar sem Stekkavörðuna ber við Haugana“. D. Snúa bát fyrir sjósetningu, og eftir að hann hefur verið *settur niður*, þannig að stefni snúi í ölduna; en bátur í hrófi/skorðum snýr jafnan skut að sjó. „Viða var skutur látinn ganga á undan í setningunni, nema ef brimaði; þá var borið við; þ.e. skipinu snúð sólarinnis á landi. Var það gert þar sem skip voru yfirleitt *viðtakameiri* að framan“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.
- Bera við himin** (orðtak) Sjást á efstu brún, móti himni. „Nónvörðuna ber við himin á Hjallabrúninni“.
- Bera virðingu fyrir** (orðtak) *Sýna virðingu*; vera auðmjúkur gagnvart.
- Bera vitni/vott um / Vitna um** (orðtök) Vera staðfesting á; staðfesta; sanna. „Ásýnd staðarins ber vitni um snyrtimennsku og alúð ábúendanna“.
- Bera víurnar í** (orðtak) Hafa tilburði til að eignast; langa í; hafa áhuga á. „Það er sagt að hann sé eitthvað farinn að bera víurnar í vinnukonuna á næsta bæ“. Líking við það að fiskifluga fái áhuga á fiski eða öðru æti; suði í kringum það og endi með því að vía í það. (Sjá *vía*).
- Bera von í brjósti um** (orðtak) *Vonast eftir*; *gera sér vonir um*; vænta. „Ég ber litla von í brjósti um að þessi kind skili sér nokkurntíma; fyrst hún kom ekki með hinum“.
- Bera yfir** (orðtak) A. Vera yfir; að sjá yfir. „Kóngshæðina ber yfir Grænubrekku, séð frá Láganúpi“. „Keipað um stund; síðan kippi fram á Stekka. Vörðuna (Stekkvörðu) ber þá yfir Strengberg“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). B. Um netaveiði; ná efra neti ofanaf því neðra eftir að lagt hefur verið yfir í ógáti. „Hér hafa þessir djöflamergir lagt yfir okkur fyrir helvítis klaufaskap. Mér sýnist stutt í endansteininn hjá þeim; við ættum

líklega að bera yfir, heldur en að setja *sýslumanninn* í þetta“. C. Fara um. „Bátinn bar hratt yfir; með segl að húni í góðum byr“.

Bera þungan hug til (orðtak) *Vera illa/ í nöp við; bera kala/pela til*; vera reiður við. „Ekki er að undra að bændur beri þungan hug til þeirra sem þannig ráðslaga um þeirra hagsmuni“.

Bera ægishjálmu yfir (orðtak) Drottna yfir; vera langtum æðri/fremri. Ægir merkir ógn/sá sem ógnar. Ægishjálmur er hjálmur drottunarans; oft með tilvísun í söguna af drekanum Fáfni.

Berangur / Bersvæði (n, kk) Autt/skjóllítið/gróðursnautt svæði. „Ekki skil ég hversvegna féð hangir á þessum berangri“. Var ávallt haft í kk í Kollsvík, en annarsstaðar mun það stundum hafa verið í hvorugkyni.

Berangurslegur (l) Auðnarlegur; skjóllitill; gróðurlaus. „Það er nokkuð berangurslegt þarna á melunum“.

Berast (s) A. Vera borinn; hrífast með. „Tréð barst norðurmeð ströndinni í brimgarðinum“. B. Fá til sín. „Mér barst ábyrgðarbréf með póstinum“.

Berast af (orðtak) Þola við. „Hann berst illa af vegna verkjanna“.

Berast á (orðtak) A. Um bát; lenda í áföllum; fá á sig brotsjó. „Bátinn barst á þegar hann átti skammt ófarið í lendinguna, og hvolfdi honum þar“. B. Lifa hátt; vera eyðslusamur.

Berast á banaspjót (orðtak) Berjast upp á líf og dauða; há mannskæða orrustu; ráðast hvor á annan. „Ég held að samflokksmenn ættu fremur að *lumbra á* andstæðingum en berast á banaspjót innbyrðis“. Oftast notað sem líkingamál um hatrammar deilur.

Berast á fjörur (orðtak) A. Reka á fjörur. „Oddviti gat þess að mikið bæri á því að sorp og annar óþrifnaður frá sorphaugum Patreksfjarðar bærist á fjörur hér sunnan fjarðar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). B. Líkingamál; koma í hendur/eigu manns; berast að. „Þetta handrit barst á mínar fjörur nýlega“.

Berast bæ frá bæ (orðtak) Um boð/*fallskilaseðil* o.fl; berast rétta *boðleið* (sjá þar) milli bæja. Sá sem boðið fær er skyldugur að koma því án tafar til næsta bæjar í boðleiðinni. „Gangnaseðillinn sem barst bæ frá bæ, kom að Láganúpi um hálfum mánuði fyrir göngur og þaðan varð pabbi að senda með hann út að Breiðavík“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Berast eins og logi í sinu (orðtak) Um sögu/slúður/frétt. „Þessi orðrómur barst út eins og logi í sinu“.

Berast í tal (orðtak) *Koma til tals*; vera nefnt í samtali; *bera á góma*. „Þetta barst dálítið í tal milli okkar“.

Berast mikið á (orðtak) Lifa í óhófi; lifa í vellystingum praktuglega; *slá um sig*.

Berast til eyrna (orðtak) Heyrast; fréttast. „Skutull hafði fundist í hvalnum; merktur Benedikt Gabríel Jónssyni í Arnarfirði, og barst honum þetta til eyrna“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Berast ört á (orðtak) Vera *óðamála*; vera *mikið niðrifyrir*; *vaða á*. „Hann barst svo ört á þegar hann sagði mér tíðindin að ég náði ekki nema öðruhverju orði“.

Berbakt (ao) Sjá *ríða berbakt*.

Berbrjósta (l) Með nakin/ber brjóst sín.

Berbeinóttur (l) Svo grannholda að beinabygging er áberandi. „Óttalega er hún orðin berbeinótt og ræfilsleg hún Rauðka“. Orðið var notað í þessari mynd vestra, en annarsstaðar þekktist „berbeinaður“.

Berdreyminn (l) *Draumspakur*; sem dreymir fyrir því sem koma skal. Það fólk hefur löngum verið til sem telur sig sjá óorðna hluti í draumum sínum, og þó mun fleiri sem taka mark á því. Fyrrum ræddu menn drauma sína mun opinskár en nú er gert. „Halldóra amma taldi sig oft sjá ýmislegt fyrir í draumum sínum“.

Berfrost (n, hk) Frost án þess að snjór hlífi jörð. „Það er mikill klaki í jörðu eftir þetta langvarandi berfrost“.

Berfættur / Berlappaður (l) Hvorki í sokkum né skófatnaði. „Yfir Vaðalinn varð að vaða berfættur þegar farið var gangandi til kirkju“ (IG; Sagt til vegar II). „Best fannst okkur að vera berfættir við þessar hornsilaveiðar í Litlavatninu, enda er leirbotn á grynningunum heimantil“. „Við vorum berlappaðir og rollurnar voru tregar til að hreyfa sig“ (IG; Æskuminningar).

Berg / Bergtegund (n, hk/kvk) Steintegund; steinn; bjarg; klöpp. „Sumsstaðar á Hnífunum, t.d. á Flögunni, er bergið mishart. Í því eru harðar æðar en linara berg á milli, sem veðrast og molnar með tímanum. Eftir verða tilkomumiklar holumyndanir“. „Í grennd við þykka bergganga, t.d. í Strengbergsgjá, er grannbergið myndbreytt af hitanum“.

Berg (n, hk, fto) Björg; lágir kletta-/klapparhjallar. Á a.m.k. þremur stöðum í Rauðasandshreppi finnst þetta heiti sem örnefni; sunnan við Kollsvíkurtúnið (ofan Stöðuls); innantil í Hænuvík, undir Hænuvíkurnúp, og á Raknadalshlíð. Ekki er vítað til að það finnist víðar í fleirtölu. „Í bökkunum út af Raknadal eru tvö samliggjandi berg, nefnd Bergin“ (Magnús Jónsson; Örn.skrá Raknads).

Bergbrík / Berggangur / Bergrimi (n, kk) Yngra innskot bergs í eldra bergi; lárétt eða lóðrétt. Beggja megin við Kollsvík má sjá fjölda misjafnlega áberandi bergganga, þar sem kvika hefur að fornu fleygast í sprungur. Mest áberandi er berggangurinn í Stengbergsgjánni í Blakknum, en hann nær úr sjó upp úr og í gegnum Blakkinn. Sami gangur er sýnilegur í Sölmundargjá; Patreksfjarðarmegin. Í honum er bergið stuðlað með lagskiptu bergi og í kringum ganginn er eldra berg myndbreytt af hita. Annar gangur er utar; í Nibbugjá. Berggangar eru einnig í Hreggnasa og víðar.

Berglag (n, hk) Lag af bergi; bergtegund. „Jarðlagastaflinn kringum Kollsvík, sem annarsstaðar á blágrýtissvæðum, er myndaður af lagskiptu blágrýti, með millilögum af rauðleitum ösku- og jarðvegslögum.“

Bergmál (n, hk) Endurkast hljóðs frá hlut, t.d. klettavegg, aftur til þess sem kallaði/mælti. „Í kyrru veðri skemmtum við okkur við að kalla af hlaðinu á Laganúpi og hlusta eftir bergmálinu úr Hjallaklettunum“. Fyrrum var notað orðið „dvergmál“ um það sama. Skemmtilegt orð sem vísar til þess að dvergarnir í klettunum endurtaki það sem þeir heyra.

Bergmála (s) Um hljóð; endurkastast; gjalla til baka. „Ópin í honum bergmáluðu um allan dalinn“.

Bergnuma / Bergnuminn (l) Heillaður; hugfanginn; hrifinn. „Drengurinn starði bergnuminn á jólasveininn“.

Bergrisi (n, kk) Jötunn; tröllkarl; stórvaxinn vættur sem býr í björgum/klettum. Má vera að tröllkarlinn í Tröllkarlshelli í Hnífum sé þeirrar ættar. Einhver greinarmunur var gerður á bergrisum, jötnum og tröllum, en þær skýringar hafa líklega verið mjög mismunandi.

Begröðull (n, kk) Klettaþil; vegghamrar. „En brátt hefur sig upp að nýju stakur begröðull, uppmjór sem klakkur, og liggur niður hlíðarjaðarinn sem þunnur kambur, frambrýndur, allt niður í fjöru, og endar í strengbergi. Má í raun heita ógengur um þvert, en hefur þó verið klifinn en þykir glæfraför“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Bergskil (n, hk, fto) Skil á milli láréttra berglaga í standbergi/bjargi/klettum. „Bergskilin sem Miðlandahilla er í, liggja um allt bjargið“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Bergvatn (n, hk) Kaldavermsl; vatn sem sprettur úr jörðu en kemur ekki beint af regni, snjó- eða jökulbráð.

Bergveggur / Bergþil (n, kk/hk) Klettaveggur; bjarg. „Þegar aðeins rofaði í þokuna sá ég bergvegginn gnæfa yfir og béturinn stefndi upp í brimið við urðirnar“.

Berhausaður / Berhöfðaður / Berhöbbdaður (l) Húfulaus; án höfuðfats. „Maður fer ekki berhausaður út í þennan fimbulkulda“. „Fardu nú ekki út svona berhöbbdaður drengur“!

Berháttu (s) Háttu sig úr öllum fötum. „Við berháttuðum okkur og lögðumst til sunds í volgum sjónum“.

Berhentur (l) Vettlingalaus; með berar hendur. „Við förum að reyna að grafa þar niður, berhöfðaðir og berhentir, en jafnóðum fylltist þó allt“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Berháttuður (l) Farinn úr hverri spjör. „Þegar hann kom inn úr gegningunum um kvöldið var nýja ráðskonan berháttuð í rúmi hans og var hin blíðasta. En karlinn kundi lítt á þannig aðstæður og spurði; „hvar á ég þá að sofa““!

Berhentur (l) Með berar hendur. „Fáðu þér góða vettlinga. Þér verður undireins skítkalt í þessu beinfrosti“.

Berhögg (n, hk) Högg (t.d. með vopni) sem engar varnir eru við. Nú til dags lifir orðið eingöngu í orðtakinu *ganga í berhögg við (eitthvað)*, þ.e. ganga augljóslega gegn vilja/fyrirmælum/lögum einhvers.

Berja (s) A. Lemja; slá. „Varstu að berja bróður þinn“? „Nú er einhver að *berja að dyrum*“. B. Mýkja harðfisk með því að merja hann með hamri á steini eða öðru föstu undirlagi. „Viltu berja fyrir mig tvö *harðfiskstrengslí*“? C. Róa án þess að vel gangi vegna *andstremmis* eða *mótvinds*. „Þeir tóku þá til að berja í land“ (BS; Barðstrendingabók). D. Slá með orfi án þess að vel gangi. „Ég ætla að reyna að berja eitthvað *að gamni mínu* hérna frammi í Mógnum“.

Berja að dyrum / Berja/knýja dyra / Berja/banka uppá (orðtak) Banka á dyr íbúðarhúss þegar maður er gestkomandi, til að vekja athygli á komu sinni og láta bjóða sér inn. Hefur ávallt þótt sjálfsögð kurteisi, og virðing við húsráðendur. Fyrrum var nokkuð lagt uppúr því að rétt væri barið að dyrum. Ávallt átti að berja þrjú högg. Væru þau færri var líkast til draugur eða heiðinn maður á ferð. Fleiri högg voru ókurteisi. Fyrrum var það vani, ef gest bar að garði eftir dimmingu, að hann færi nærri glugga og kallaði „Hér sé guð“. Kallað að *guða á glugga*. Þá var gjarnan svarað að innan; „Guð blessi þig; hver er kominn“? „Hver er að berja uppá á þessum tíma dags“?

Berja augum (orðtak) Líta á; skoða. „Þetta var í fyrsta sinn sem ég barði hann augum“.

Berja á (einhverjum) (orðtak) Berjast við, fara illa með. „Þá var farið að berja á lögreglunni; kasta grjórti í Alþingishúsið og...“ (SG; Bankahrúnið - búsáhaldaþynging; Þjhd.Þjms).

Berja á móti (orðtak) Róa/sigla á móti hörðum straumi/ miklum vindi.

- Berja á móti veðrinu** (orðtak) Róa/ganga á móti vindáttinni. „Það gengur hægt að berja svona á móti veðrinu“.
- Berja bumbu** (orðtak) Berja á trumbu; gera mikil og reglubundin slög.
- Berja fótastokkinn** (orðtak) Sveifla fótum að/með síðum hests þegar riðið er. Þessi síður hefur lengi legið í landi hérlendis og verið talinn einkennandi fyrir reiðlag Íslendinga. Sumir hafa talið það stafa af slæmum fótabúnaði og kulda, og skal hér ósagt um það. Ekki finnst skýring á heitinu „fótastokkur“, en hann kann að hafa verið þvertré í hestvagni eða sleða sem fætur ekilsins hvíla á. Kann þá málshátturinn að vera sprottinn af því að sparka í sífellu í þvertréð, t.d. til að halda hita á fótum.
- Berja (eitthvað) fram** (orðtak) Ná fram markmiði með mikilli eftirfylgni/málafylgju.
- Berja/slá frá sér** (orðtak) Verjast; berjast í sjálfsvörn. „Mig langar ekkert að munnhöggvast við þessa háu herra þarna fyrir sunnan; en það verður stundum að berja frá sér ef ekki er hlustað á röksemdir“.
- Berja gaddinn** (orðtak) Um sauðfé; reyna að krafsa í snjó/skara/klaka sér til beitar. Fé er mjög duglegt að krafsa snjó ofanaf grastoppum meðan ekki er hörð frostsқан yfir. „Það er þýðingarlaust að láta féð berja gaddinn í úthögum í þessari glæru. Settu það bara inn þegar það kemur úr fjörunni“.
- Berja hausa** (orðtak) Mýkja herta fiskhausa með því að berja þá, en þeir voru fyrrum nýttir til skepnufóðurs. „Þeir voru ýmist seldir eða bleyttir upp og barðir fyrir skepnurnar næsta vetur“ (IG; Æskuminningar).
- Berja harðfisk/fisk** (orðtak) Mýkja harðfisk með því að berja hann með slaghamri/ lítilli sleggju á hörðu undirlagi. Oft var harðfiskur barinn á sérstökum stórum steinum nærri íbúðarhúsum.
- Berja hausnum/höfðinu við steininn** (orðtak) Neita að horfast í augu við staðreyndir. „Það þýðir víst ekkert að berja hausnum við steininn með þetta verðlag“. Til er orðatiltækið „hart er að berja höfðinu við steininn“.
- Berja í borðið** (orðtak) Raunmerking er augljós, en oft notað í líkingamáli um það að vera fastheldinn á sína skoðun og láta ekki aðra ráðskast með sig. Sjá *setja/reka hnefann í borðið; spyrna við fæti*.
- Berja í brestina** (orðtak) Bæta úr; lagfæra; afsaka. „Það er heldur seint fyrir stjórnvöld að ætla að berja í brestina þegar byggðin er hruninn og fólkið farið“! Sennilega dregið af því að hnoða upp í göt á ílátí.
- Berja í nestið** (orðatiltæki) A. Útbúa nesti til ferðalags eða sjóferðar. Það fólst gjarnan m.a. í því að berja harðfisk sem er létt og næringarríkt nesti. B. Oft notað sem líkingamál um það þegar einhver liggur fyrir dauðanum. „Ég er hræddur um að hann sé nú að berja í nestið, blessaður karlinn“. Notað enn vestra; oftast í síðari merkingunni. Jafnan þar með „í“ sem víða annarsstaðar er sleppt.
- Berja lóminn** (orðtak) Bera sig illa; barma sér. „Það þýðir víst lítið að berja lóminn; maður verður bara að reyna að *bjarga því sem bjargað verður*“. Ekki er ljóst hver er uppruni orðtaksins, en líklega vísar hann til hins ámátlega væls sem lómur gefur frá sér; líkt og hann hafi verið barinn rækilega.
- Berja (eitthvað) niður** (orðtak) Þagga eitthvað niður; þagga niður í einhverjum.
- Berja/hnoða saman vísu/ritverki** (orðtak) Yrkja vísu/ljóð með erfiðismunum; basla við að setja saman texta. „Stundum tekst manni að berja saman einhverja nothæfa ferskeytlu“.
- Berja sér / Berja sér til hita** (orðtak) A. Aðferð til að halda á sér hita; slá höndunum lárétt saman og utanum kroppinn. „Hann stóð uppréttur eftir því sem við varð komið og reyndi að halda á sér hita með því að berja sér“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Afleidd merking; bera sig illa; barma sér. „Það er nú *enginn bóndi nema að hann kunnir að berja sér*“!
- Berja sig (allan) utan** (orðtak) Synja alveg fyrir; neita alfarið; viðurkenna ekki. „Ég spurði hann hvort hann hefði tekið hnífinn en hann barði sig allan utan og sagðist ekki hafa séð þann hníf; *hvað þá annað*“. Líklega vísun í að menn leggi áherslu á orð sín með því að t.d. *skella sér á lær*.
- Berja strauminn** (orðtak) Róa gegn miklum straumi.
- Berja/lemja sundur og saman** (orðtök) Berja/lemja í klessu/ til óbóta. „Þeir segja að kerlingin hafi brið karlinn sundur og saman á leiðinni út í bílinn, og sagt að hún færi aldrei með hann aftur í svona *sukksamkvæmi*“.
- Berja sig allan utan** (orðtak) Þverneita; þræta fyrir. „Stýrimaðurinn (af Sargon) hafði komið síðastur. Við buðumst til að fara um borð og aðgæta með ástand hinna mannanna, en hann barði sig allan utan og sagði að það kæmi ekki til greina; þeir væru allir látnir“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Berja (einvern) til blóðs** (orðtak) Lúskra svo á einhverjum með barsmíðum að úr honum blæði.
- Berja (einvern) til bókar** (orðtak) Kenna einhverjum harðneskjulega, með því að lemja hann þegar hann tekur illa eftir eða gerir villur. Slíkt mun hafa viðgengist fyrr á öldum. Frá því sagt í sögu Guðmundar biskups góða að hann hafi verið barinn til bókar. Af sömu rót er málshátturinn; *enginn verður óbarinn biskup*.
- Berja til lands** (orðtak) Taka landróður; fara í land. „Nú er hann farinn að tregðast dálítið aftur. Ætli við *segjum þetta ekki bara gott í dag og förum að berja í land*“.

- Berja/lemja til óbóta** (orðtök) Lumbrá á; berja í spað. „Hann var laminn til óbóta á þorablótinu“.
- Berja um allan sjó** (orðtak) Reyna veiðar allsstaðar án árangurs. „Ég er búinn að berja um allan sjó en fjandakornið að maður *verði* nokkursstaðar almennilega var“!
- Berjablár** (l) Blár um munn og varir eftir að hafa borðað krækiber/bláber. „Hann þurfti ekkert að skýra fyrir mér hversvegna hann varð ekkert var við fjárhópin; berjablár útundir eyru“!
- Berjabox / Berjadolla / Berjadós / Berjakrukka** (n, hk/kvk) Lítið ílát sem ber eru tínd í. „Berjabox okkar strákanna voru oft tómar blikkdósir eða krukkur undan tóbaki eða mat. Minnstu berjadollurnar oru annaðhvort neftóbaksdósir eða flatar dósir undan reyktóbaki; með loki í endann. Þar fyrir ofan voru niðursuðudósir; stærri reyktóbaksdósir eða lítill gerbox. Næsta stig voru teningslaga, stór gerbox og þar fyrir ofan fötur með haldi. En þá voru menn komnir í „fullorðinsflokk“ í berjatíslunni“. „Berjadósinn var orðin *axlafull*“.
- Berjabrekka / Berjalaut / Berjaland / Berjamór** (n,kvk/ hk) Svæði með miklu af berjum. „Þar var gott berjaland og stutt að fara“ (IG; Sagt til vegar II).
- Berjafata** (n, kvk) Stórt ílát sem ber eru tínd í. „Þú mátt hafa mjólkurfötuna sem berjafötu, en *ég ætla að eiga það við þig* að beygla hana ekki“!
- Berjafærð** (n, kvk) Ferð til berja; ferð til að tína ber. „Iðulega var farið í berjafærð inn í Gyltuból á Rauðasandi; í Botnsskóg í Vesturbotni; í Holtsdal á Barðaströnd eða austur í Kjálkafjörð; jafnvel norður í Arnarfjörð. Að jafnaði voru þá tínd bláber. Þó var einnig farið langferðir til krækiberja, t.d. að Naustabrekku. Þá var yfirleitt farið að *sjá fyrir endann á* heyskap, og mátti e.t.v. líta á þetta sem töðugjöld“ (VÖ)“
- Berjahrat** (n, hk) Hrat (hýði) af krækibejum. „Berin voru pressuð í hakkavél; síðar berjapressu, og saftin látin síga af hratinu í grisju, sem oft var hengd yfir föru á handfangið á strokkinum eða skilvindunni“.
- Berjailát** (n, hk) Ílát sem ber eru tínd í. T.d. *berjafata, berjabox, berjadolla*.
- Berjakoppar** (n, kk, fto) Gæluorð um ber, oftast þá í litlu magni. „Ég tíndi fáeina berjakoppa í nestisboxið ef þið vilduð smakka“. Sjá einnig *eggjakoppar*.
- Berjalyng** (n, hk) Lyng sem ber (krækiber, bláber, aðalbláber) vaxa á. „Vermenn í Láganúpsveri höfðu fritt lyngrif í landi Láganúps, en lyng var notað sem tróð í þök; sem eldiviður og í rúmpletin. Þó liðnar séu nær 4 aldir síðan verstöðu lauk er berjalyng enn ekki búið að ná sér fyllilega á strik aftur, en framum 1960 sást varla lyngkló á svæðinu heimantil við Smávötn, Litlavatn og Sandslág“.
- Berjasaft** (n, kvk) Saft af krækiberjum. Berjatínsla og saftgerð var hluti af matargerð Kollsvíkinga, og eftir hvert haust voru iðulega tugir af saftflöskum í hverju búi. Saftin var notuð í matargerð; til drykkjar og sem útálát á grauta, búðinga og annað.
- Berjasía / Hratsía** (n, kvk) Sía/poki úr ofnu efni sem berjahrat er sett í eftir að ber hafa verið hökkuð. Hún er síðan hengd upp yfir ca eina nótt, til að láta saftina renna úr hratinu í ílát. Oft var notað sama grisjuefni í síuna eins og var í ketpokum eða taubleium, og tók það gjarnan varanlegan lit af saftinni.
- Berjaskyr** (n, hk) Skyr sem ber; gjarnan bláber en stundum krækiber, eru höfð útá eða hrærð samanvið. Það þykir herraþannsmatur; ekki síst ef einnig er rjómi útá.
- Berjaspretta** (n, kvk) Spretta berja er misjöfn ár frá ári, og er háð vindum, hitastigi, úrkomu, sólfari og snjóalögum.
- Berjast** (s) A. Eigast við í orrustu/stríði. B. Afla berja. „Okkur berjaðist mun betur í þessari ferð en hinni fyrri“. Orðið finnst ekki í orðabókum í síðari merkingunni, þó hin fyrri sé algeng.
- Berjast einarðlega/ötullega / Berjast eins og ljón** (orðtök) Beita sér af hörku/þrautseigju.
- Berjast fyrir (einhverju)** (orðtak) Beita sér fyrir einhverju með orðum og stundum gerðum. Stundum aukin áhersla með; „berjast fyrir einhverju með hnúum og hnefum“.
- Berjast fyrir lífi sínu** (orðtak) Beita aðgerðum til að halda sér á lífi. „Ég sá að hann hafði fallið í dýið og barðist þar fyrir lífi sínu“.
- Berjast í bökkum** (orðtak) Eiga í basli vegna fátæktar. „Oft var efnalítið á þessu kotbýli og þau börðust lengst af í bökkum, þann tíma sem þau dvöldu þar“. E.t.v. á orðtakið rætur í bardögum fyrr á tíð; þegar vígamenn gerðu innrás/árás. Þeir sem voru til varnar nutu þess oft að hafa búið um sig á hærri stöðum, þannig að árasarlíð þurfti að sækja upp á sjávarbakka eða uppundir kastala; sem þýðir verri aðstöðu í bardaga. Hér er því um sama uppruna að ræða og í orðtakinu að *eiga undir högg að sækja*. Þar sem orðtakið er eingöngu notað um fátækt og vesöld kann það þó að eiga aðrar vísanir. Má vera að það vísi til sagna um að örkumlafólki og gamalmönnum hafi í fornöld verið varpað fyrir björg. Sjá *ganga fyrir ætternisstapa*.

- Berjast til síðasta blóðdropa / Berjast til þrautar / Berjast þar til yfir lýkur** (orðtak) Fá niðurstöðu í viðureign/bardaga/deilu; berjast þar til sigur eða tap fæst fram. Sjá *þraut*.
- Berjast um / Berjast um á hæl og hnakka** (orðtak) Reyna að losna úr einhverri þrisund með því að beita öllum útlimum.
- Berjast við dauðann** (orðtak) Vera í andarslitrunum/dauðateygjunum; heyja dauðastríðið.
- Berjast við** (orðtak) Basla við; eiga í erfiðleikum með. „Ég ætla ekki að láta þig vera einan að berjast við þetta“.
- Berjast við öndina** (orðtak) Reyna að *ná andanum*; eiga í erfiðleikum með öndun, t.d. vegna mæði eða köfnunar.
- Berjasumar** (n, hk) Sumar með tilliti til berjasprettu. „Mér sýnist að þetta geti orðið gott berjasumar“.
- Berjatími** (n, kk) Tíminn frá því að ber eru orðin þroskuð; oft síðarihluta ágúst, þar til þau skemmast vegna frosts eða þroska, oft í september-október. Á berjatímanum voru farnar berjaferðir.
- Berjatína** (n, kvk) Áhald til að auðvelda og flýta berjatínslu. Langir tindar eru tinaðir í hluta ops á málmgjörð; léreftspoki er aftaná gjörðinni og hald ofaná. Tíunni er rennt undir berin á lynginu og henni lyft upp. Renna þá berin aftur í *tínupokann*. Líklega hefur ekki verið byrjað að nota berjatínur í Kollsvík fyrr en á 20.öld. Nú á dögum eru tínur að miklu leyti úr plasti og án poka; enda vildu bláber kremjast í honum.
- Berjatínsla** (n, kvk) Söfnun/tínsla berja, annaðhvort beint uppí sig eða í ílát. „Það gengur ekki að liggja svo í berjatínslu að maður sjái ekki féð sem á að smala“!
- Berjaveður** (n, hk) Veður sem unnt er að nýta til berjatínslu. „Þetta er nú ekki heppilegt berjaveður, meðan hann gengur á með *þyngslaskúrum*“.
- Berjavín** (n, hk) Vín úr berjum; gerjuð berjasaft. Þó víngerð væri óþekkt í Kollsvík þá kom það fyrir að berjasaft gerjaðist svo hún varð áfeng. Þótti það vín misgott.
- Berklaplástur / Berklapróf** (n, kk/hk) Skimun fyrir berklaveiki með því að límdur er plástur á brjóstið með efnun sem valda roða ef einstaklingurinn er berklaveikur. Berklapróf með plástrum voru framkvæmd í barnaskólum eftir miðja 20.öld.
- Berklar / Berklaveiki** (n, kk/kvk) Hættulegur smitsjúkdómur sem lengi var landlægur á Íslandi og olli dauða eða örkuðum fjölda manna. Hérlandis náði berklafaraldurinn hámarki með aukinni þéttbýlismyndun um 1900 en lyf komu ekki til sögunnar fyrr en hálfri öld síðar. Berklar eru bakteríusjúkdómur sem smitast um öndunarfæri en leggst einnig á önnur líffæri.
- Berleggjaður** (l) Með bera fótleggi. „Skelfing er að sjá stelpubarnið svona berleggjað í kuldanum“!
- Berlega** (ao) Greinilega; sýnilega. „Hann hefur berlega ekki skilið það sem ég sagði“.
- Bermilega** (ao) Bærilega; vel. „Ekki ætla þetta að ganga bermilega hjá honum“.
- Bermilegt** (l) Bærilegt; gott. „Ekki er það bermilegt með hann Jón; ég frétti að krabbinn hafi tekið sig upp“.
„Ætlarðu að gripla gólfötuna mína í eggjaferð? Þú ert ekki rétt bermilegur“!
- Bernska** (n, kvk) Æska; ungdómsár. „Ég var í bernsku þegar þetta gerðist og man ekki eftir því“. Orðstofninn er barn. „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).
- Bernskubrek** (n, hk, fto) Yfirsjónir/óhöpp/uppátæki sem verða hjá börnum.
- Bernskudagar / Bernskuár** (n, kk, fto) Æskuár; barnsár. „Um tilganginn með þessum skrifum er það helst að segja að hann er fyrst og fremst að njóta ánægju af að rifja upp svipmyndir frá bernskudögnum“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Bernskujól** (n, hk, fto) Jólaupplifun á barnsaldri. „...gefa börnum okkar og barnabörnum innsýn í okkar bernskujól“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Bernskuminni** (n, hk) Barnsminni; það sem maður man frá barnsárum sínum. „Mér er þetta í bernskuminni“.
- Bernskur** (l) Barn að aldri; barnungur. „Ég var enn bernskur að árum þegar þetta gerðist“.
- Bernskuslóðir** (n, kvk, fto) Staður þar sem maður elst upp; heimaslóðir í barnæsku. „Honom fagnar bóndabær og bernskuslóðir;/ foreldrar og frændur góðir“ (JR; Rósarímur).
- Bernskuvinur / Berskuvinkona** (n, kk/kvk) Vinur/vinkona sem maður átti á barnsárum.
- Berorður** (l) Talar tæpitungulaust/skýrt; segir það sem aðrir þukrast með. „Hann var mjög berorður í sinni frásögn og dró ekkert undan“.

- Berrassaður** (l) Allsber; nakinn. „Við fórum úr fötunum uppi á Rífi og hlupum svo berrassaðir úti. Það var skratti kalt, þó sjórinn hefði volgnað nokkuð við að falla á sólsteiktan sandinn“.
- Berrassað kaffi** (orðtak) Kaffi sem borið er fram án mjólkur og meðlætis. Orðtakið er upprunnið hjá Kristni Ólafssyni í Hænuvík. Hann var lengi landpóstur í Útvíkum og notaði þetta í fyrirlitningartón ef svo illa vildi til að honum voru bornar slíkar traktingar. Venja var að gera vel við póstin, enda átti hann það skilið“.
- Berserkjasveppur** (n, kk) *Aminita muscaria*. Sveppur af ættkvísl reifasveppa. Ber rauðan hatt með hvítum doppum og hvítum beinum stilk. Hatturinn getur orðið allt að 30 cm en oftast mikið minni. Sveppurinn er baneitraður og veldur meltingartruflunum og ofskynjunum; jafnvel dauða. Sú söguskýring komst á flot á 18.öld að víkingar hafi neytt sveppsins fyrir orrustur, en er ólíkleg. Sveppurinn vex helst í birkikjarri og fjalldrapa; algengastur á NA-landi. Hefur líklega fundist í Víðilækjum í Vatnadal.
- Berserksgangur** (n, kk) Æði sem getur runnið á menn; líking við æðisengna framgöngu í bardaga. Sjá *ganga berserksgang*.
- Berskallaður** (n, kk) Með beran skallann. „Réttu mér nú *húfulæpuna* mína; manni verður kalt að vera lengi berskallaður í þessum næðingi“.
- Berskjaldaður** (l) Varnarlaus; án nokkurs til hlífðar. „Íbúar Rauðasandshrepps voru berskjaldaðir fyrir þeirri einhliða ákvörðunum sveitarstjórnar Vesturbyggðar að leggja skólann niður“.
- Bersköllóttur** (l) *Nauðasköllóttur*; alveg hárlaus á höfði.
- Bersnauður** (l) Bláfátækur; allslaus. „Maður er kannski ekki svo bersnauður að geta ekki staðið í skilum“.
- Bersvæði** (n, hk) Opið svæði; svæði þar sem hvergi er skjól. „Ég sá fyrst til tófunnar þegar hún vogaði sér úr urðinni út á bersvæði“.
- Bersyndugur** (l) Augljóslega sekur; hafður fyrir sök; sökudólgur. „Mér sýnist að þessi bersynduga *túnrolla* sé aftur komin inná“.
- Bersýnilega** (ao) Augljóslega; sýnilega; greinilega. „Hér hefur bersýnilega eitthvað gengið á“. „Þeim hefur eitthvað seinkað; það er bersýnilegt“.
- Berum orðum** (orðtak) Umbúðalaust; án þess að fegra. „Ég sagði bara mína meiningu; berum orðum“.
- Besefi** (n, kk) Þrjútur; kauði. „Nú hefur hann gleymt þessu alveg, bannsettur besefinn“! Komidd úr dönsku og var notað yfir sjöur í spilinu alkort. Þar eru besefarnir (sjóurnar) einskis gildir fyrir en handhafi þeirra hefur fengið einn slag.
- Bessaleyfi** (n, hk) Leyfi sem menn taka sér án þess að fá það frá öðrum; óleyfi. „Ég tók mér það bessaleyfi að færa grunnendann á strengnum þínum; hann hafði lagst dálítið í skakka stefnu“. Líklega vísar orðið til þess að björn (bersi) spyr ekki um leyfi til þess t.d. að drepa fê sér til matar ef hann gengur á land.
- Bessi** (n, kk) Bersi; annað heiti á birni/ísbirni.
- Best er að búa að sínu** (orðatiltæki) Farsælast er ef maður er sjálfbjarga með það sem maður hefur/ með sitt bú. Vísar til sjálfsþurftabúskapar fyrri tíðar. Heimilisfólk þurfti að vera sjálfu sér nægt um allar nauðsynjar, en til þess þurfti bæði útsjónarsemi, elju, natni og fyrirhyggju. Oft notað styt: „Hann býr að sínu og þarf ekki að vera *upp á aðra kominn*“.
- Best er að hætta hverjum leik þá hæst hann ber/stendur** (orðatiltæki) Betra er að hætta leik/verkefni/skemmtun þegar hápunkti er náð heldur en að bíða þar til allir hafa misst áhuga eða eru orðnir ósáttir.
- Best er að vera birgur vel** (orðatiltæki) Heilræði úr Sláttuvísu Hallgríms Péturssonar, sem oft var viðhaft. „Best er að vera birgur vel/ Baula mikið étur/ Ósköp þarf fyrir eina kú um vetur“.
- Best er það ketið sem beini er næst** (orðatiltæki) Vísar til þess að bragðmesta og fingerðasta ketið er oftast það sem er innvið beinin, t.d. á hryggnum. Var stundum viðhaft þegar lögð var áhersla á að *vinna vel að*; þ.e. kroppa allar kettægjur af beinum.
- Besta grey/sál/skinn** (orðtak) Vorkunnaryrði um manneskju; góð manneskja. „Hann *stígur* kannski *ekki í vitið*, en þetta er nú samt besta sál“.
- Bestikk** (n, hk) A. Sett með teikniáhöldum; blýanti, sirkli, gráðuboga o.fl. B. Leiðakort/sjókort skips. C. Kortaklefi, aftantil í brú skips.
- Bestilla** (s) Gera; aðhafast. „Hvað ert þú að bestilla“? „Hvað á nú svonalagað að bestilla“?! Allmikið notað í Kollsvík framá lok 20.aldar.
- Bestía** (n, kvk) Ótemja; skrattinn. „Hún hellti úr sér skömmum og *lét* alveg *eins og bestía*“! Allmikið notað í Kollsvík til skamms tíma.

- Bestiúlæti** (n, hk, fto) Ólæti; *djöflagangur*. „Skelfingar bestiúlæti eru í kvíginni! Réttu mér *sparkvörnina*“.
- Besögelsi** (n, hk) Heimsókn. Heyrðist einstaka sinnum notað af sumum. „Hvað er að fréttu úr þínu besögelsi“? Dönskuslettur í seinni tíð má e.t.v. að hluta rekja til tímaritanna Familie Jorunalen og Hjemmet sem voru nokkuð lesin. Sumt kann þó að vera ættað frá dönskum samskiptum og dönskunámi.
- Betala** (s) Borga; greiða. „Leigur (af Láganúpi) betalast í kaupstað með fiski, með smjöri heim, eður eftir samkomulagi“ (ÁM/PV Jarðabók). Orðið heyrðist notað framundir lok 20. aldar.
- Betl** (n, hk) Það að biðja um framlag annarra til sín eða sinnar fjölskyldu vegna fátæktar; vergangur. Betl var landlægt fyrr á tímum þegar fólk flosnaði unnvörpum upp vegna harðinda, sjúkdóma eða náttúruhamfara og félagslegur stuðningur var af skornum skammti. Í slíkri neyð flyktist fólk gjarnan í verstöðvarnar í von um matarbita. Um það var reyndar oft notað heitið *vergangur*. Nú á dögum er betl helst nefnt í tengslum við ágengni eða safnanir af einhverju tagi.
- Betla** (s) Stunda *betl*; óska framlags fyrir sig og sína vegna fátæktar.
- Betlari** (n, kk) Sá sem betlar.
- Betlikerling** (n, kvk) Kona sem betlar. Notað sem líkingamál jafnt um karla sem konur. „Hann segist ekki ætla að fara eins og betlikerling um allar sveitir vegna föðurskorts; hann *fækki* þá heldur á *föðrum*“.
- Betlimunkur** (n, kk) Föromunkur; munkur sem lifir af betli/ölmusu, t.d. grábróðir af reglu Fransiskusar eða svartmunkur af reglu dóminíkana. Á síðari tímum einkum notað sem líkingamál, líkt og *betlikerling*.
- Betlistafur** (n, kk) Stafur betlara/manns sem bjargast af sníkjum. „Enn er maður ekki svo vesæll að maður gangi við betlistafinn, þó lítið standi útaf“.
- Betra** (s) Bæta; gera virkara/betra/heilla. Meira notað fyrrum, en bregður þó fyrir nú. „Þó þetta sé ansi gott þá mætti nú kannski betra það eitthvað enn“.
- Betra að hafa (einhvern) með (sér) en (á) móti** (orðtak) Betra að hafa einhvern að samherja en andstæðingi. „Hann hefur meiri áhrif en maður gæti haldið. Mér hefur alltaf fundist betra að hafa hann með en á móti“.
- Betra/skárna en ekki neitt** (orðtak) Til einhvers gagns; munar um. „*Ekki má það* nú *minna vera*; en þetta er samt betra en ekki neitt“.
- Betra en nýtt (og bilar aldrei)** (orðtak) Oft sagt um hlut í kjölfar viðgerðar/lagfæringar á honum, eða um gamalt í samanburði við nýtt. „Það held ég að þessi viðgerð hafi tekist vel; þetta er betra en nýtt og bilar aldrei“!
- Betra er að biðja en stela** (orðatiltæki) Auðskilin speki.
- Betra er að bjargast við sitt en biðja aðra** (orðatiltæki) Lýsing á stolti/sjálfstæði, sem ekki krefst skýringa.
- Betra er að bogna en bresta** (orðatiltæki) Betra er að gefa eftir en láta brjóta sig niður. Sjá *það tré er betra sem bognar en hitt sem brestur*.
- Betra er að iðja en biðja** (orðatiltæki) Betra er að vinna fyrir sér en vera á annarra framfæri.
- Betra er að veifa röngu tré en öngvu** (orðtak) Betra er að notast við það verkfæri/efni o.fl. sem maður hefur við hendina en ekki neitt. „Það er nú fremur lítið lið að honum í smalamennsku, en það er kannski betra að veifa röngu tré en öngvu“. Vísar líklega til þess að ýmislegt má nota sem barefli í bardaga, en gæti einnig átt við það að bjargast við lélega/óhentuga ár í róðri. Tré merkir hér líklegast ár á báti og veifa merkir að róa. Spekin vísar til þess að betra er að hafa einhverja ár til að róa með en öngva á annað borðið. Röng ár getur t.d. verið varaár sem jafnan er höfð á báti, og er stundum annarrar gerðar en hinar.
- Betra er að vera ógiftur en illa giftur** (orðatiltæki) Gegnsæ speki sem mun stundum hafa verið notuð til að réttlæta einlífi eða hjónaskilnað, en getur eflaust í mörgum tilvikum verið sönn.
- Betra er að þiggja ráð en gefa** (orðatiltæki) Viturlegra er stundum að hlusta á aðra en þykjast vita allt betur sjálfur.
- Betra er autt rúm en illa skipað** (orðatiltæki) Úr sjómannaamáli; betra er að láta einn háseta vanta en hafa gagnslausan mann í áhöfn. Vísar til *rúms* á bát, en hver háseti reri í vissu rúmi.
- Betra er brjóstvit en bókvit** (orðatiltæki) Betra er oft að gera það sem manni finnst eða vanalegt er heldur en það sem af bókum er lært. E.t.v. svipuð meining og í „*ekki verður bókvit í askana látið*“
- Betra er geymt en gleymt** (orðatiltæki) Sjá *gleymt en ekki geymt*.
- Betra er heilt en brotið (þó bætt sé) / Betra er heilt en bætt / Betra er heilt en illa gróið** (orðatiltæki) Viðgerður hlutur verður sjaldnast jafn góður og heill/nýr; það sem brotnað hefur verður sjaldnast jafn sterkt, þó gróið/viðgert sé.

Betra er illt að gera en ekki neitt (orðatiltæki) Mikið notað orðtak; vísar annarsvegar til þess að allt sé betra en sitja aðgerðalaus og hinsvegar að allt sé betra en úrræðaleysi í slæmum aðstæðum. „Mér fannst betra illt að gera en ekki neitt, svo ég fór að festa á blað nokkur orð sem ég þekkti úr málfari Kollsvíkinga, en vissi jafnframt að *feru í glatkistuna* ef enginn héldið þeim til haga“. Vísar til þeirrar vinnuhörku sem tíðkast hefur um allar aldir, og er í hrópanði andstöðu við letlíf og skemmtanaárattu margra nútímamanna. Ekki þótti mannsbragur á öðru en vera sívinnandi, og láta sér helst aldrei verk úr hendi falla. Jafnvel þótti betra að vinna að einhverju sem ekki var aðkallandi en vera verklaus; og til þess vísar spakmælið. Annað spakmæli var ekki eins þekkt í Kollavík; „betra er iðjulaus að vera en illt að gera“. Það er *af allt öðru sauðahúsi* og vísar til þess að betra sé að halda að sér höndum en vinna illvirki.

Betra er kál í koti en krás á herrasloti (orðatiltæki) Vísar til þess að betra sé að búa að sínu, þó lítið sé, en þiggja það sem ófrjálsum vinnumanni er skammtað.

Betra er kál í koti í kyrrð og ró en fullur bolli af floti í fjandakló (orðatiltæki) Gamalt vísubrot sem gjarnan var haft um hönd sem heilræði. Vísar til þess að betra sé að njóta vel þess litla sem menn hafa en sækjast eftir auðæfum/vellýstingum með miklum fórnnum.

Betra er lítið en ekkert/ ekki neitt (orðatiltæki) Segir sig sjálft.

Betra er ólofað en illa efnt (orðatiltæki) Betra er að vera spar á lofordin en svíkja þau oft.

Betra er yndi en auður (orðatiltæki) Gömul sannindi um að unaður og vellíðan sé betri en ríkidæmi.

Betra (er) seint en aldrei (orðtak) Viðhaft þegar eitthvað síðbúið kemur, sem vænst var fyrr. „Það er mikið að þú hefur þig á lappir! En betra er seint en aldrei“. „Ég skila þér herna klippunum; betra seint en aldrei!“

Betraður (l) Bættur; lagaður; gerður betri. Nokkuð notað fyrrum, en bregður fyrir nú á dögum.

Betrast (s) Batna; lagast; verða betra. „Ekki veit ég hvort skóflan hefur nokkuð betrast við þessa viðgerð“.

Betrekki (n, hk) Veggfóður. „Fyrrum voru dagblöð notuð fyrir betrekki, og málað yfir“.

Betrekki (s) Klæða með veggfóðri. „Við vorum nokkurn tíma að betrekki herbergið“.

Betri bæir (orðtak) Fyrimyndarheimili. „Svona sóðaskapur tíðkast ekki á betri bæjum!“

Betri bændur (orðtak) Vandað/siðað/velmegandi fólk; góðbændur. Oftast notað í samanburði og gjarnan í háði. „Nú er maður farinn að stunda ferðalögin eins og betri bændur, og láta ráðsmann sjá um búið!“

Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi (orðatiltæki) Betra er að una við lítið en vænta hins meira, sem ótryggt er. Auðskilin speki.

Betri er gæfa en gjörvuleiki (orðatiltæki) Betra er að vera gæfusamur/ að eiga góða ævi en hafa gott útlit eða aðra mannkosti.

Betri er hálfur skaði en allur (orðatiltæki) Oft notað þegar eitthvað *bjargast betur en á horfist*. Menn reyna að líta á björtu hliðarnar þegar áföll verða.

Betri er krókur en kelda (orðatiltæki) Bókstafleg merking er sú að betra sé að fara kringum fenið en yfir það. Líkingin er notuð um ýmislegt það sem getur þurft að fara krókaleiðir að.

Betri en ekkert/ekki (orðtök) „Það er varla hægt að kalla þetta hamar, en hann er betri en ekkert“.

Betri er belgur en barn (orðatiltæki) Erfitt er að treysta þagmælsku barna eða að þau hafi ekki uppi hávaða. Vísar til þess að *belgur* (í upprunalegri merkingu) þegir, en börn eiga það til að endurtaka af fullri hreinskilni það sem þau hafa heyrt talað, þó það henti ekki alltaf þeim sem á heyrta. Skinnbelgir á stærð við börn voru notaðir sem geymslulát, og segja fátt.

Betri er bið en bráðræði (orðatiltæki) Hyggilegra er að bíða en vera of fljótur á sér; frumhlaup og flumbrugangur skilar oftast minna en þolinmælin.

Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að betra sé að setta sig við lítið og vera öruggur um að fá það, en missa öll tækifæri fyrir það að ætla að verða of stórtækur.

Betri er frægð en fé (orðatiltæki) Betra er að vera þekktur að góðu en safna auði; gott orðspor er gulli betra.

Betri er hálfur skaði en allur (orðatiltæki) Auðskiljanleg og mikið notuð speki; betra er að bregðast strax við en bíða þar til allur skaðinn er á orðinn.

Betri er krókur en kelda (orðatiltæki) Betra er að fara lengri leið í öryggi, en hætta á að lenda í drápsdýi. Notað í ýmsum samlíkingum.

Betri er lítill/smár fenginn en stór enginn (orðatiltæki) Betra er að fá einhvern, þó lítill sé, en engan. Mikið notað t.d. af þeim sem fást við skakveiðar í tregfiski.

Betri er mjór/smár fenginn en stór enginn (orðatiltæki) Betra er að fá lítinn (t.d. fisk) en engan.

Betri er skaði en illur ábati (orðatiltæki) Betra er að sæta tjóni en hagnast á óföllum/tjóni annars manns.

Betri er þögn en þarflaus ræða / Betri er þögn er þarflaust hjal / Betur er þagað en þarflaust mælt / Þeim er list sem þegja kann (orðatiltæki) Betra er að þegja en segja einhverja vitleysu.

Betri fötin / Skárrí fötin (orðtök) Spariföt. „Maður ætti kannski að bregða sér í betri fötin fyrir svona virðulega samkomu“.

Betristofa (n, kvk) Stásstofa; bestastofa. Á heimilum fólks sem fyrr á tímum taldi sig til velmegandi yfirstéttar var oft sérstök stofa inn af stofunni sem daglega var notuð, sem notuð var á hátíðum og móttöku betri gesta. Var þar allur búnaður íburðarmeiri en annarsstaðar í húsinu. Stofur af þessu tagi voru við lýði frameftir 20.öld, t.d. í Kvjgindisdal efri og í Kollsvíkurbúsinu.

Betrumbót (n, kvk) Endurbætur; *gegnumtekt*; *yfirhalning*. „Augljóst má vera að gera þarf miklar betrumbætur á varðveislu íslensks máls“. „Það mætti gera á þessu einhverja betumbót“.

Betrumbæta (s) Bæta við; gera betra; fullkomna; laga; lagfæra; endurbæta. „Eitthvað mætti kannski betrumbæta þessa hurð“. „Það má lengi betrumbæta þetta orðaregistur“.

Betrun (n, kvk) Batnaður; framför. Einkum notað nú í orðtakinu *lofa bót og betrun*.

Betrunarheimili (n, hk) Hugtak sem notað var um vistheimili fólks sem þótti til vandræða í þjóðfélaginu. Stundum notað um vistheimili sem ríkið rak um tíma í Breiðuvík, fyrir drengi sem lent höfðu utangarðs.

Betrunarhús (n, hk) Tukthús; fangelsi fyrri tíma, þar sem fólk var látið vinna. Því var staðfastlega trúað að með því yrðu fangarnir betra fólk. *Vinnan göfgar manninn*.

Betrunarvinna (n, kvk) Vinna sem afbrotamenn fyrr á tímum voru látnir framkvæma til að gera þá að betri samfélagsþegnum.

Betur að fyrr hefði verið (orðtak) Betra hefði verið ef framkvæmd/atvik hefði gerst/orðið fyrr. „Er hann loksins kominn með lyfin. Betur að fyrr hefði verið; ég veit ekkert hvort kýrin hefur þetta af“.

Betur að satt væri (orðtak) Óskandi að væri sannleikur. „Er nú skellinaðran loksins búin að segja af sér? Ja, betur að satt væri! Þú átt annars eftir að stórslasa þig á þessu apparati“!

Betur farið en heima setið (orðtak) Heilladrýgra að drífa sig af stað en biða. „Þetta er bara þokkalegur afli á stuttum tíma. Þú ættir núna að geta viðurkennt að það var betur farið en heima setið“!

Betur heima setið (orðtak) Betra að vera heima/vera aðgerðalaus en tefla í tvísýnu/lenda í hættu/skaðast. „Ég ætla ekki að sigla suður á Breiðuvík í þessu útliti, og þurfa svo að snúa við vegna veðurs án þess að vitja um nokkurn netstubb. Þá er nú betur heima setið“.

Betur má ef duga skal (orðtak) Betur þarf að gera ef viðfangsefnið á að takast/klárast.

Betur mega tveir en einn (orðatiltæki) Tveim veitist auðveldara að vinna verk en einum.

Betur sjá augu en auga (orðatiltæki) Oft er betra að fleiri skimi eftir hlut en einn; það kann að fara fram hjá einum sem annar sér.

Bevis (n, kk) Sönnun; skírteini. „Einhversstaðar á ég bevis uppá það að ég megi aka vörubíl af stærstu gerð“.

Bevisa (s) Sanna. „Það verður erfitt að bevisa hvor ók heim af þorablótinu; annar próflaus og hinn fullur“.

Beygaldi / Beygur (n, kk) Ótti; óhugur. „Það er alltaf einhver beygur í mér þegar ég fer þarna um í myrkri“. „Einhver ónota beygaldi læðist að manni við þessa tilhugsun“. Ekki er ljóst um uppruna orðsins, en e.t.v. vísar það til þess sem veldur beyg/hræðslu; „beygvaldi“, sem hefur breyst lítillega í framburði og notkun.

Beygður (l) Niðurdreginn; sorgmæddur. „Hann er býsna beygður eftir að hún féll frá“.

Beyging (n, kvk) Það að beygja. „Börn voru alin upp við það að vanda málfar sitt um leið og þau öðluðust orðaforða; og var m.a. lögð áhersla á réttar beygingar orða“.

Beygja (n, kvk) Sveigja; hlykkur; bugða; stefnubreyting. „Sumum þykir Beygjan í Hæðinni ógnvænlegasti farartálminn á Kollsvíkurveginum. Hún hefur þó verið löguð mikið og breikkuð frá upphafi vegalagningar“.

Beygja (s) Breyta stefnu; sveigja; taka beygju.

Beygja af / Beygja skafi (orðtak) *Sejta upp skeifu*; mynda grátvipru á munninn; fara að skæla/gráta. „Strákurinn beygði af þegar uppáhaldslambið hans var sett á bílinn“.

Beygja gjarðir / Beygja koppagjarðir (orðtak) Gæluyrði yfir það að beygja sig útfryrir borðstokk til að æla á sjó vegna sjóveiki; skila matnum; tala við Jónas; leggja lóðir o.fl. Þegar trégjarðir voru sveigðar utanum tunnu þurfti að lúta vel og ítrekað fram, og er líkingin af því dregin. Sjaldan notað í seinni tíð.

Beygja sig í duftið fyrir/vegna (orðtak) Lúta fyrir; sýna mjög mikla lotningu/undirgefni/virðingu. „Ég er ekki vanur að beygja mig í duftið fyrir svona hrokagikkjum“!

Beygla (n, kvk) Það sem er beyglað/aflagað. „Ég þarf að fá nýja fötu til að vatna kálfunum í; það er varla hægt að nota þessa beyglu öllu lengur“. Stundum notað í líkingamáli sem niðrandi heiti á bíl.

Beygla (s) Böggla; aflaga; dælda; sveigja. „Gættu þess að beygla ekki myndina“!

Beyglaus (l) Kvíðalaus; óhræddur; geiglaus. „Hann virtist alveg vera beyglaus; sitjandi á bjargbrúninni“.

Beygur (n, kk) Geigur; hræðsluvottur; *beygaldi*; ótti. „Einhver ónota beygur er í mér útaf þessu ferðalagi“.

Beyki (n, hk) Fagus. Ættkvísl lauftrjáa sem vaxa einkum í tempraða beltí Evrópu og N-Ameríku. Verða allt að 35 m há; laufblöð egglega, heilrend með smábugðáotta jaðra; blóm í hnoðum milli blaða; börkur sléttur og gráleitur. Beyki þrífst illa á Íslandi. Beykiviður er auðveldur í vinnslu og mikið notaður, t.d. í húgögn og parket. Beyki er meðal þeirra trjáviða sem rekið hafa á fjörur, m.a. í Kollsvík. Talið er að orðið „*bækistöð*“ hafi upprunalega átt við hús sem byggð voru úr beyki.

Beykir (n, kk) Tunnusmiður; sá sem lært hefur iðngreinina tunnusmiði og smíðar trétunnur. Þó nú sé horfin stétt voru beykjar ómissandi stétt fyrir á tímum, einkum eftir að skútuöld hófst og á dögum síldarsöltunar.

„Þóroddur Þóroddsson nefndist beykir á Vatneyri, fæddur 1772; sonur Þóroddar Þórðarsonar heyrara á Hólum. Hann og bræður hans tóku fyrstir upp ættarnafnið „Thoroddsen“ sem mikil ætt kennir sig við“.

Beysinn (l) Mikill; öflugur. „Hann er nú ekki beysinn *bógur*, þessi *armingi*“. Uppruni óviss en orðið er þekkt í færeysku og norsku.

Bé (n, hk) Óþverri; óhollusta; óhreinindi. Einkum notað við ungbörn til að vara við slæmum mat eða benda á óhreinindi. Um það eru einnig stuttheitin *bjakk*, *ullabjakk*, *oj* og *ojbarasta*.

Béaður / Bévaður (l) Bölvaður; árans. „Béaður bófi hefur hann verið, þessi Stalín“. „Bévaður hávaði er nú í ykkur drengir“.

Béans (l) Upphrópun; stytting úr bévítans. „Béans ekkisens vandræði eru þetta; það er orðið lítið til af kaffi“.

Bésefans / Bésvítans / Bévítans / Bévítis / Bévíti / Bévítis (upphrópun) Áhersluorð; nokkurskonar mildir blendingar af *bölvður*; *andskotans*. „Bésefans hávaði er nú í ykkur strákar; það heyrir ekki mannsins mál“! „Ég held þetta hljóti að vera bésvítans lygasaga“. „Bévítans vandræði eru þetta“. „Bévítis kvikindið; hann hækkaði sig fljótt þegar hann sá byssuna“!

Bévítansári (uh) Upphrópun til áhersluauka; vægt blótsyrði. „Það var bévítansári sárt að fá þetta ofaná fótinn“.

Bévíti (uh) Áhersluorð, mildun á helvíti. „Það þarf að koma þessu bévíti í burtu“.

Biblía (n, kvk) A. Trúarrit kristinna manna. Orðið er grískt og merkir bækur, enda er biblían safn margskonar rita frá ýmsum tímum og af ýmsu eðli. Ritskoðanir kirkjuvaldsins hafa sett sitt mark á ritið, auk misgóðra og endurtekinnna þýðinga. Skiptist einkum í tvo hluta; Gamla testamentið, sem er safn arfsagna um sköpun jarðar, upphaf mannkyns og sögu Ísraelsþjóðar. Og Nýja testamentið sem samanstendur af ritum nokkurra höfundu um ævi, starf, dauða og kraftaverk Jesú Krists. Líklega hafa íslenskar þýðingar orðið til fljótlega eftir kristnitökuna, en fyrsti nafngreindi þýðandi Nýja testamentisins var Oddur Gottskálksson á 16.öld. Fyrsta útgegna heildarþýðing Biblíunnar var Guðbrandsbiblía, árið 1584. B. Líkingamál um hverskonar rit sem einhver leggur til grundvallar í lífi/starfi sínu.

Biddu fyrir þér! (orðtak) Upphrópun sem notuð er sem andsvar, til neitunar á fullyrðingu/spurningu sem þykir fráleit, og fylgir oft nei á undan. Þó er til í því að já eða jú fylgi á undan, ef leiðrétt þarf fullyrðinguna.

„Nei, biddu fyrir þér; Það er nú lítillar aðstoðar að vænta úr þeirri áttinni“!

Bið er sjaldan/sjaldnast til batnaðar (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að sjaldan er betra að fresta því sem gera þarf. Þó er einnig til önnur sem segir; *frestur er á illu bestur*.

Bið er ekki/sjaldnast til batnaðar (orðtök) Ekki er ráðlegt að bíða með það sem gera þarf. „Ég held að okkur sé *ekkert að vanbúnaði að drífa í þessu*; biðin er sjaldnast til batnaðar í svona málum“.

Biðill (n, kk) Sá sem biður sér konu; sá sem biður konu að giftast sér.

Biðilsbuxur (n, kvk) Buxur biðils. Eingöngu notað í orðtakinu á *biðilsbuxunum*; sjá þar.

Biðja (s) Fara framá; óska; *nunna að*. „Ætli ég verði ekki að biðja þig um að *rétta mér hendi* við þetta“. Í Kollsvík tíðkaðist iðulega þátíðarmyndin „beiddi“, í stað „bað“. „Ég beiddi hann um þetta fyrir löngu síðan“.

Biðja að heilsa / Biðja fyrir kveðju (orðtök) Biðja einhvern að heilsa öðrum fjarstöddum fyrir sína hönd. „Ég bið innilega að heilsa foreldrum þínum“. „Hún bað mig fyrir alúðarkveðjur til þín“.

Biðja ásjár (orðtak) Biðja um greiða/vist/gistingu; leita til. „Ætli ég verði ekki að biðja þig ásjár eins og fyrr“.

Biðja bóna (orðtak) Biðja um einhvern tiltekinn greiða. „Einnar bóna langar mig að biðja þig“.

Biðja bænir (orðtak) Bera fram óskir/langanir sínar til æðri máttarvalda/ guðs; ymist í hjóði eða upphátt, en jafnan með einbeitingu og oft í sérstökum stellingum, t.d. með spennar greipar. Sá síður var mjög almennur

áður fyrr að fólk bæði bænir oft á dag og við hin ýmsu tilefni, enda var þá trúin einlægari og almennari. Undantekningarlaust báðu menn bænir fyrir svefn; áður en haldið var í ferðalag; áður en lagt var í sjóferð og áður en sigið var í bjarg. Þessi siður var enn við lýði að miklu leyti fram á síðarihluta 20. aldar, og enn er það regla í Kollsvík að biðja sjóferðabæna. Eftir bæn er siður að *signa sig*.

Biðja forláts (orðtak) Biðjast afsökunar. „Ef einhverjum finnst að sér vegið þá biðst ég forláts á því“.

Biðja (einhvern) fyrir (eitthvað) (orðtak) A. Biðja einhvern að koma einhverju til skila fyrir sig. „Ég bað hann fyrir bréf til faktorsins“. B. Biðja einhvern að þegja yfir leyndarmáli. „Ég sagði honum *hvernig í pottinn væri búid*, en bað hann fyrir það“.

Biðja fyrir kveðju (orðtak) *Biðja að heilsa*; biðja einhvern um að skila heilsun/kveðju. „Hann bað mig fyrir kveðju til þín“.

Biðja fyrir sér (orðtak) Biðja Guð um vernd/velfarnað. „Fyrri tíðar fólki var það eflaust tamara að biðja fyrir sér, enda trúarlíf þá almennara og í fastari skorðum. *Frá alda öðli* hefur það þó tíðkast í Kollsvík, þegar búid er að *hrinda bátii á flot* og áður en haldið er í róður, að biðja *sjóferðabæna*. Þeim sið er enn haldið“.

Biðja gott fyrir sér (orðtak) Biðjast vægðar; afsaka sig; biðjast *afbötunar*. „Hann þurfti víst að fara til nágrannans og biðja gott fyrir sér, daginn eftir fyllerið“.

Biðja (einhverjum) gríða (orðtak) Biðja um að einhverjum sé hlíft/ gefið líf.

Biðja guð fyrir sér (orðtak) Biðja guð að hjálpa sér. „Ég sá að það þýddi ekki annað en að reyna; bað guð fyrir mér og hélt svo áfram“ (SbG; Að vaka og vinna).

Biðja guð og (allar) góðar vættir (orðtak) Áherslusetning og fyrirbæn. „Ég ætla nú að biðja guð og góðar vættir um að forða okkur frá þessu Evrópusambandi“!

Biðja lengstra orða / Biðja í lengstu lög (orðtak) Biðja innilega; sárbiðja. „Ég bið ykkur bara lengstra orða að vera ekki að gefa mér neinar afmælisgjafir“. „Ég bið þig í lengstu lög þ að nefna ekki svona vitleysu“.

Biðja lífs (orðtak) Biðja um að einhver fái að halda lífi. „Gimbrin hafði fest hornin í netum sem hengu uppi í fjörufokanum hans afa, og var orðin svo máttfarin að rætt var um að slátra henni. Ég bað henni lífs og var það látið eftir mér. Gimbrin jafnaði sig að fullu, að því frátöldu að annað hornið var að hluta brotið af. Hún hlaut nafnið Lifgjöf og átti einhver vænstu lömbin í öllu fénu alla sína tíð. Frá henni kom frjósamur stofn frjósamra og vænna kinda sem margar voru flekkóttar eða eyglóttar; t.d. gæðaskepnan Skrauta og Eygla sem Egill bróðir eignaðist ungur“ (VÖ).

Biðja sér vægðar / Biðja um náð og miskunn (orðtak) Biðjast vægðar; *biðja gott fyrir sér*; *biðjast afbötunar*. „Ætli ég þurfi ekki að ræða þetta við hann og biðja um náð og miskunn fyrir að hafa gleymt þessu“.

Biðja um orðið (orðtak) Um fundarsköp; biðja um að fá að *taka til máls* á fundi. „Ég bað um orðið eftir ræðu hans, og reyndi að leiðrétta þessar rangfærslur“.

Biðja vel að lifa (orðtak) A. Í bókstaflegri merkingu; biðja einhverjum langra lífdaga. B. Í neitandi merkingu; Hafna boði einhvers; segja einhverjum að boð hans sé fráleitt. „Hann sagðist kannski geta aðstoðað mig í næstu viku, svo ég bað hann bara vel að lifa; ég gæti þá alveg eins klárað þetta sjálfur“!

Biðjast afbötunar / Biðjast afsökunar (orðtak) Biðjast þess að lítið sé framhjá mistökum eða lítilsháttar ávirðingum; *biðja gott fyrir sér*. „Hann var eitthvað hræddur um að hafa *skammað sig upp* í fylleriinu, og ætlaði að fara til þeirra og biðjast afbötunar“. „Ég biðst afsökunar á þessum mistökum“. Sjá *afsökun* og *hafa einhvern afsakaðan*.

Biðjast fyrir (orðtak) Gera bæn sína til æðri máttarvalda; *biðja guð fyrir sér*. Sá siður var almennur og sjálfsagður fyrrum að beina bænum til guðs í hvert sinn sem lagt var í ferð, róður eða aðra óvissu. Menn tóku mismikinn tíma í þetta og bað hver með sínum hætti og í hljóði. Eflaust hefur trúarhitinn einnig verið mismikill, en með þessum góða sið var ekki eingöngu verið að varpa ábyrgð á æðri máttarvöld; heldur var þarna um skipulagningu að ræða. Menn gerðu sér grein fyrir viðfangsefninu og hættunum sem því fylgdu, og bjuggu sig undir að takast á við þær. Með minnkandi trú í flaustri síðari tíma hefur þessi siður aflagst hjá flestum. Afleiðingin er líklega minnkandi fyrirhyggja og sjálfsbjargarviðleitni.

Biðjast undan (einhverju) (orðtak) *Færast undan* því að *takast eitthvað á hendur*; afþakka. „Hann baðst undan endurkjöri í hreppsnefnd“.

Biðla til (orðtak) A. Biðja sér einhverrar fyrir konu. Aflögð merking. B. Beina beiðni til einhvers; biðja.

Biðlund (n, kvk) Þolinmæði; eirð; hæfileikinn til þess að biða rólegur. „Nú er mín biðlund á þrotum“!

Biðröð (n, kvk) Röð þeirra sem biða. Nýyrði sem líklega varð til með þéttbýlismyndun, fjölgun starfsgreina og breyttu „skipulagi“ á mörgum sviðum stjórnkerfisins.

Biðskák (n, kvk) Tafl sem sett er í bið til síðari tíma.

- Biðukolla** (n, kvk) *Fifill* (sjá þar) sem myndað hefur fræ. Fræin sitja í grárri knúplaga hvirfingu efst á stönglinum og hefur hvert þeirra litla fallhlíf. Í vindi geta þau því borist langar leiðir. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal segir í Grasnytjum sínum 1783 að biðukolla, eða „bifikolla“ sé einnig nefnd „húsfreyjuhrellir“, því sagt væri að búpeningur græddi sig ekki meira á sumri eftir að fifillinn væri kominn í biðukollu. Nafn biðukollunnar segir Björn dregið af því að þegar hún myndast fyrst þá er jurtin „uppðregin eins og byða“. Byða er ílát sem oft er uppmjótt; þ.e. samandregið að ofan. Líklega er þó upprunalegt heiti „bifukolla“ sem vísar til hinna lausu fræja sem svífa af festingu sinni við minnstu golu.
- Bifa** (s) Hreyfa; mjaka. „Þetta er svo þungt að þú bifar því ekki einn“. „Aðeins hefur það bifast“.
- Bifanlegt** (l) Sem unnt er að bifa/hreyfa/mjaka. „Þetta bjarg er ekki bifanlegt af einum manni“.
- Bifreið** (n, kvk) Heiti á bíl sem einkum er notað í lagamáli og öðrum formlegheitum, en einnig sem gæluheiti. „Varstu að fá þér nýja bifreið“? Slettan „bill“ er annars allsráðandi í málinu.
- Bifröst** (n, kvk) A. Forn heiti á regnboga. Orðstofnin er „rösti/vegur sem færast“, enda færast regnboginn til eftir afstöðu áhorfandans til sólar. Bifröst var í Ásatrú talin brú guðanna, sem þeir riðu á milli síns heims; Ásgarðs, og mannheima; Miðgarðs. Í regnboganum er m.a. rauður litur sem verndar Ása fyrir hinum illu jötnum, en einnig vaktar Heimdallur þar alla umferð. B. Heiti á viðskiptaskóla í Borgarfirði sem stofnaður var í anda samvinnustefunnar og er nú á háskólastigi. Þar hafa numið margir Kollsvíkingar.
- Bifur** (n, kk) A. Annað heiti á nagdýrinu bjór. B. Forn heiti sem merkir „hugur“. Eingöngu notað nú til dags í orðtakinu *hafu illan bifur á (einhverju)*.
- Bifvél** (n, kvk) Nýyrði um sprengihreyfil sem aldrei náði útbreiðslu sjálfstætt, en er notað sem forliður orða, t.d. „bifvélavirki“ og „bifvéla viðgerð“.
- Bik** (n, hk) A. Tjara; sorti unninn úr olíu eða kolum. Var mikið notað sem viðarvörn á t.d. báta og húspil framá 20.öld. B. Líkingamál um mikla dimmu, t.d. myrkur eða þoku. „Maður sér ekki rassgat í þessu biki“! Sbr t.d. *bikaþoka/biksvarþoka/bikþoka* og *bik af þoku*.
- Bik af þoku** (orðtak) *Biksvarþoka; bikaþoka; bikþoka*. „Við fengum bik af þoku við landið“.
- Bika** (s) *Bráða; tjörubera; tjarga* (sjá þar). „Þegar fór að batna tíð var farið að huga að bátunum, en þeir voru á hvolfi frá því um haustið. Það þurfti að bika þá innan og mála utan...“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).
- Bikar** (n, kk) A. Kaleikur; vínglas. B. Íðulega notað almennt um drykkjarglas. „Strákinn vantar bikarinn sinn“. C. Blöð jurtar sem mynda skál undir blómkörfuna; bikarblöð.
- Bikamyrkur / Biksvarþamyrkur** (n, hk) Niðamyrkur; svartamyrkur. „Það varð bikamyrkur í hlöðunni þegar slökknáði á ljósinu“.
- Bikkja** (n, kvk) A. Dróg; meri. B. Skammaryrði um ær. „Helv. bikkjan setti sig neðan hjallana og slapp“.
- Biksvarþoka / Bikaþoka / Bikþoka** (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Það skall á okkur þreifandi biksvarþoka svo við tókum snarvitlausu stefnu“. „Við fengum bik af þoku inneftir...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Biksvarþur** (l) Mjög dimmur; alveg svartur; sótsvarþur. „Ég sá ekkert til í þessu biksvarþa myrkri“.
- Bil** (n, hk) A. Aðskilnaður milli hluta/efnis; sund; op. B. Óvissusvæði í tíma eða rúmi. „Ég er um það bil hálfnaður með verkið“. „Ég kem klukkan tvö, eða um það bil“. „Þetta er nóg í bili“. „Hann reyndi að sætta þessi sjónarmið og fara bil beggja“.
- Bila** (s) Verða óheilt; gefa sig; brotna; skaðast. „Billinn bilaði uppi á miðjum Hálsi“. „Maður skyldi þakka fyrir meðan heilsan bílar ekki“.
- Bilast á geði/sönsum** (orðtak) Verða sturlaður/geðbilaður/geðveikur. „Ertu eitthvað bilaður á sönsum drengur; að láta þér detta þessa fjarstæðu í hug“!
- Bilbugur** (n, kk) Veikleiki; undanlátssemi. „Það var engan bilbug á honum að finna“.
- Bilgjarn** (l) Tilleiðanlegur; undanlátssamur; sanngjarn. „Ekki er hann jafn bilgjarn á öllum sviðum“.
- Bilírí** (n, hk) Bilun/ gangtruflun í vél. „Það kom upp smá bilírí, en mér tókst að laga það“.
- Billega** (ao, linur frb) Ódýrt; án mikils tilkostnaðar. „Heldur fannst mér hann sleppa billega frá þessu“.
- Billegur** (l) Ódýr. „Mér fannst þetta nú bara billegt, miðað við margt annað“.
- Bilt við** (orðtak) Um skyndilegt viðbragð; hverft/felmt við. „Mér varð töluvert bilt við þegar ég heyrði skothvellinn“. „Nú gerðirðu mér dálítið bilt við“. „Mér varð bara illilega bilt við þessi tíðindi“. Bilt er stofnskylt sögninni að bila.
- Bilun** (n, kvk) Lömun; óvirkni; það að vera ekki í lagi. Notað einkum um vél eða burðarvirki, en einnig um heilahrörun og heilsu, sbr heilabilun.

- Binda** (s) A. Festa með bandi/taug/festi. „Ég batt fötuna í spottann og lét hana síga niður á sylluna“. B. Um bátasmíði; festa bönd innani bát til styrkingar.
- Binda að (einhverju)** (orðtak) Herða að einhverju með bandi og setja á það hnút.
- Binda á bás** (orðtak) A. Binda löghelsi á kú á bási í fjósi. B. Líkingamál um það að hefta frelsi/val manneskju. „Hann segist ekki láta neinn binda sig á bás í þessu efni“.
- Binda á borð** (orðtak) Um bátasmíði; festa kollharða á þóftu og í borðstokk. „Með festingu kollharða var lokið við að binda skipið á borð, eins og það var nefnt“ (LK; Ísl.sjávarhættir II).
- Binda á sig skóna** (orðtak) Binda skóreimar sínar.
- Binda á streng** (orðtak) Binda á (strekkt) band. Einkum notað um það að fuglakippur voru bundnar á band til að draga þær út í bát, þegar alda var við urðir undir Bjarginu. Mun áður fyrr hafa verið notað um það að binda hesta saman í haga til að þeir strykju ekki. Sjá einnig *draga á streng*.
- Binda ekki sína bagga sömu hnútum og aðrir** (orðtak) Vera sérlundaður; fara sínar eigin leiðir; hafa sjálfstæðar skoðanir. „Hér áður voru alls staðar í hverri sveit einhverjir sem eftir var tekið, vegna þess að þeir bundu ekki bagga sína sömu hnútum og fjöldinn gerði“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Vísar til þess að *hver er sínum hnútum kunnugastur*, og sá er færastur um að leysa hnútana sem batt þá.
- Binda endahnútinn á** (orðtak) Reka smiðshöggið á; klára verkefni/viðfangsefni. „Við erum rétt að binda endahnútinn á þetta“. Mikilvægt er, þegar vaður er skorinn, að binda á hann endahnút eða ganga öðruvísi frá, svo ekki trosni upp þættirnir. Fyrr er vaðurinn ekki tilbúinn til notkunar.
- Binda enda/endi á** (orðtak) Ljúka; hætta. „Kindin hafði setið lengi föst í dýinu og var illa kroppuð af hrafninum. *Ekki var um annað að gera* en sækja ríffilinn og binda endi á kvalir hennar“.
- Binda fastmælum** (orðtak) Ákveða. „... segir hann við þá að þeir skuli ekki skilja eða missa sjónar hvor á öðrum fyrr en landkenning sé fengin, og var það fastmælum bundið“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum).
- Binda framaf/afturaf** (orðtak) Um frágang báts; setja bönd fram og aftur af stöfnum til festingar.
- Binda fyrir** (orðtak) A. Binda hnút á band í opi poka til að ekki fari úr honum innihaldið. B. Setja hnút á vélinda/vælinda eftir að skepnu hefur verið slátrað og hún hausskorin, til að gorinn renni ekki úr vömbinni og spilli ketinu.
- Binda hendur (einhvers)** (orðtak) Setja einhvern í þrönga/erfiða aðstöðu; takmarka möguleika einhvers. „Ég vil ekki binda hendur mínar með neinum loforðum á þessu stigi“.
- Binda hey** (orðtak) Setja hey í bagga til flutnings eða geymslu. Fyrrum var hey flutt á hestum á þann hátt að það var fyrst bundið í bagga sem síðan var lyft á klakk á hesti. Á síðari tímum komu til vélar sem bundu heyið í bagga. Það var síðan flutt í hlöðu og geymt þannig þar til gefið var. „Tvær konur og unglingar önnuðust heyskapinn. Konurnar bundu heyið. ... Já, ég batt oft“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Binda inn** (orðtak) Festa blöð saman á kili svo úr verði bók, og festa spöld og kjöl á.
- Binda (eitthvað) í ljóð/kvæði/skáldskap** (orðtak) Gera ljóð/skáldverk um eitthvað.
- Binda jarðveg/sand** (orðtak) Hefta uppblástur/sandfok með gróðri. „Þegar þekjan er orðin of þurr og veikburða til að binda jarðveginn eykst hættan á uppblæstri“.
- Binda niður** (orðtak) Binda hluti fasta svo þeir fjúki ekki. „Við þurfum svo að binda bátinn niður fyrir veturinn“.
- Binda sér bagga** (orðtak) Auka sér erfiðleika; taka á sig verk/skuld sem erfitt verður að ráða við. „Ég vildi ekkert vera að binda honum bagga með þessu“. Vísar í það að auka klyfjar sínar/ farangur sinn til ferðalags.
- Binda sig við** (orðtak) Vera háður; setja að skilyrði; *setja fyrir sig*. „Það þýðir ekki að binda sig við einhverja sérvisku í þessum efnum“.
- Binda sig yfir** (orðtak) Vera upptekinn við; hefta gerðir/ferðir sínar. „Þú skalt ekki binda þig yfir þessu ef þú þarft að fara í annað“.
- Binda (sitt) trúss við** (orðtak) Leggja lag sitt við; tengjast; vera háður. „Maður þarf kannski ekki að binda sitt trúss við þennan flokk um aldur og ævi“. Trúss er farangur; gæti þýtt að eiga samflutning á farangri.
- Binda sína bagga við** (orðtak) Vera háður; gera sig háðan/ bundinn af. „Ég er þá ekkert að binda mína bagga við þennan árans flokk lengur; ef þeir ætla að *fara svona að ráði sínu*“
- Binda um** (orðtak) A. Setja band utanum bagga/böggul. B. Setja sárabindi um sár/ plástur á sár. Sjá *ekki þarf um að binda*.
- Binda vegg/hleðslu** (orðtak) A. Hlaða vegg þannig að steinar leggist sitt á hvað, til að auka styrk hleðslunnar þegar hún hleðst upp. B. Tyrfa vegg og veggfyllingu í lok hleðslunnar til að loka og hlífa fyrir rofi.

Bindandi (l) Órjúfanlegt; heftandi; *ffötur um fót*. „Þessi formennska í félaginu var orðin of bindandi fyrir mig“. „Samkomulagið er bindandi fyrir báða aðila“.

Bindast fastmælum (orðtak) Sammælast; verða ásáttir; „Við bundumst fastmælum að hittast hér í fyrramálið“.

Bindi (n, hk) A. Bók. Oftast notað um eina bók í ritröð. „Ég er að lesa síðara bindið af Bör Börsson“. B. *Hálstau*. C. Vafningur sem bundinn er um, t.d. sárabindi.

Bindindi (n, hk) Það að ákveða að neyta ekki tiltekinnar vöru, t.d. tóbaksbindindi; áfengisbindindi.

Bindindisfélag (n, hk) Stúka; félag fólks sem ekki neytir áfengis og oftast er tóbak og önnur fíkniefni þar einnig bönnuð. *Ungmennafélögin* voru í upphafi bindindisfélög, ekki síður en íþróttafélög, auk þess að vinna að félagsmálum og standa fyrir framfaramálum. Í Kollsvík starfaði Umf. Vestri mjög ötullega að bindindismálum, og tekið var hart á brotum félagsmanna í þeim efnum.

Bindindismaður (n, kk) Sá sem er í bindindi, sem oft er tilgreint. „Hann er bindindismaður á neftóbak“.

Bindindisstarf (n, hk) Starf að bindindismálum; varnir gegn misnotkun áfengis og tóbaks. „Drukkið! Ég minnst þess ekki að ég sæi vín á manni í Verinu. Hér starfaði þá ungmennafélag sem Valdimar Össurarson var driffjöðrin í. Hann gekkst fyrir bindindisstarfi; bæði á vín og tóbak, og mun enginn maður í sveitinni hafa notað vín eða tóbak“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Binding (n, kvk) A. Festing með bandi. „Það bilaði bindingin á eggjakútum svo við máttum horfa eftir honum niður alla kletta“. B. Það að vera bundinn yfir skylduverkum. „Árans binding er að þurfa að bíða eftir þessu símtali“. C. Festa/viðloðun. „Helst þarf að vera dálítið af aurblandinni mól með til að gefa ofaniburðinum góða bindingu, en þó ekki svo að vaðist upp í bleytu“.

Bindingalaus (l) Án bindinga. „Skíði pantaði Einar frá Noregi; *furuskíði*, bindingalaus“ (IG; Æskuminningar).

Bindingsverk (n, hk) Algeng byggingaraðferð við stoðgrind timburhúsa. „Algengasta uppbygging timburhúsa frá 18. öld og fram í byrjun þeirrar 20. er bindingsverkshús. Grind í bindingsverki er gerð úr jafnhliða 5-6 " heilviði. Bindingsverk dregur nafn sitt af því að fótstykki, stoðir, lausholt, skábönd og syllur er bundið saman með hefðbundnum timbursamsetningum eða bindingum“ (Magnús Skúlason; Gömul timburhús; útg. 2007).

Bindingur (n, kk) Festa. „Hlaða þarf vegginn á þann veg að steinar skarist vel og góður bindingur náist“.

Bindur hvað/hvert/hvort annað (orðtak) Er hvað/hvert/hvort bundið af hinu/öðru, hvert/hvort öðru háð.

Bindur (nú) sá er leysa skyldi (orðatiltæki) Notað um þann sem fremur eykur við vandamál en leysir þau.

Bingur (n, kk) Hróga; haugur. „Hnausunum var kastað í bing við hliðina á gryfjunni“.

Birgðir (n, kvk, fto) Forði; safn. „Jafnan voru að hausti til birgðir af saltfiski til vetrarins“.

Birgja sig upp (orðtak) Afla sér forða; eiga nægar birgðir. „Ég birgði mig upp af salti fyrir vertíðina“.

Birgur (l) A. Almenn um að eiga nógar birgðir. „Ég er vel birgur af salti og get sem best séð af einhverjum lúkum“. B. Með nægar fóðurbirgðir handa búfé. „Forðagæslumenn töldu að ég væri vel birgur“.

Birki (n, hk) Ættkvísl jurta af birkiætt, sem auðþekktar eru á smágerðu tenntu laufi og ljósum berki. Tvær tegundir birkis vaxa hérlendis; *ilmbjörk* og *falldrapi* (sjá þar).

Birkikjarr / Birkiskógur (n, hk/kk) Skógur af birki. Kjarr merkir fremur lágvaxinn/lítillfjórlegan skóg.

Birkja (s) A. *Afbarka* tré; taka börk af trjából. B. Flá hest.

Birna (n, kvk) Kvenkyns bjarndýr.

Birta (n, kvk) Ljós; dagsljós; skíma. „Við skulum nýta birtuna og reyna að klára þetta“. „Aðeins var farið að *bregða birtu*, en vel *ratljóst*“.

Birta (s) A. Verða bjartara; koma dagsljós; sjást til. „Það birti mikið í karminum þegar hann kom með luktina“. „Við leggjum af stað um leið og birtir“. B. Létta éli/þoku/dimmviðri. „Ég ætla að láta birta þetta él áður en ég fer norður í hús með hrútinn“. C. Gefa út á prenti.

Birta af degi (orðtak) Verða bjart að morgni. „Það var að birta af degi þegar við komum í land“.

Birta af sér (orðtak) Um veður; *birta til*; *glæðna fyrir sól*; létta dimmviðri. „Hann er eitthvað að birta af sér“.

Birta fyrir sól (orðtak) *Glæðna/rofa til* í dimmviðri, þannig að sól nái að skína; bræða af sér. „Hann er nú aðeins að rofa í þokuna. Mér sýnist bara að hann sé að birta fyrir sól“.

Birta í (orðtak) *Létta í/til*; minnka þoku/él/skúr/rigningu. „Hann er eitthvað að birta í élið, sýnist mér“.

Birta í lofti / Birta til (orðtak). Notað í eiginlegri merkingu um dagsbirtu, en einnig þegar rigningu eða éli slotaði; „nú birtir hann til“; „ég held að hann sé eitthvað að birta í þetta“. Sama merking og *létta/létta til*. „Ef skýjað var og reif skyndilega úr suðurlofti, svo að heiðbirti í hásuðri stutta stund, var norðan hvassviðri í aðsigi“ (LK; Ísl.sjávarhættir III)

- Birta upp** (orðtak) Hætta að rigna eða birtir til eftir hríð. „Nú er hann að birta upp; það gæti orðið þurrkflæsa seinnipartinn“.
- Birta uppaf** (orðtak) Verða svo *bjart í veðri* að fjallahringur sjáist. „Hann er mikið að *létta til*. Ég gæti trúað að hann birti uppaf fyrir hádegisd“.
- Birting** (n, kvk) Tíminn þegar birtir af degi. „Við leggjum af stað í birtingu“.
- Birtutími** (n, kk) Tíminn sem dagsbitu nýtur. „Það verður að halda á eins og kostur er því birtutíminn er stuttur“. (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Bis** (n, hk) Streð; erfiðismunir; amstur. „Ég átti í árans bisi við þetta“.
- Bisa / Bisa við** (s/orðtak) Erfiða við; rogast; bjástra. „Þeir eru að bisa við að bjarga stóru tré undan sjó“.
- Biskví** (n, hk) Sjóarakex sem *fransmenn* höfðu til nestis í skútum sínum á Íslandsmiðum, ásamt *pompólabrauði* og fleiru. „Afi talaði um að stundum hefði fengist pompólabrauð og biskví hjá fransmönnum“.
- Biskup** (n, kk) A. Æðsti yfirmaður kirkjunnar í landinu. „Aðeins er vitað um einn biskup sem hafði tímabindið aðsetur í Kollsvík. Var það Guðmundur biskup góði Arason (1161-1237), sem leitaði þar skjóls ásamt liði sínu þegar höfðingjavelðið sótti sem fastast að honum. Þar vígði hann Gvendarbrunn; predikaði af Biskupsþúfu og áði við Gvendarstein í Dalbrekkum“. B. Einn af mönnum í manntaflí. Gengur á ská.
- Biskupaður** (s) A. Fermdur; *genginn fyrir gafl*. „Hlakkarðu ekki til að verða biskupaður í vor drengur“? B. Laminn; lúskrað. „Hann var eitthvað biskupaður á þorrablótinu“.
- Biskupsnefna** (n, kvk) Gæluorð um biskup. „Mér fannst biskupsnefnan standa sig rétt bætilega í jólamessunni“.
- Biskupsþúfa** (n, kvk) Þúfa sem biskup hefur setið á. „Biskupsþúfa nefnist steinn í Kollsvíkurtúni; milli núverandi bæjarhúss og Gvendarbrunn. Henni fylgja tvær sagnir fornar. Önnur er sú að undir henni eigi Kollur landnámsmaður að hafa fólgið vopn sín og sjóði. Þúfan er í sjónlínu við Kollsléiði á Blakknibbunni, þar sem Kollur á að vera heygður. Ógæfa liggur við ef þúfunnier raskað eða í hana grafið. Hin sögnin segir að á þúfinni hafi Guðmundur biskup góði áð, á leið sinni til að vígja Gvendarbrunn og af honum dragi þúfan nafn. Ekki er ólíklegt að biskup hafi haldið ræðu frá þúfunni yfir fylgdarliði sínu og heimamönnum, enda aðstaða til þess góð þarna á túnbrekkunni og biskup þekktur fyrir bænir og predikanir með almenningi. Má vera að þar hafi hann minnst Kolls og hinna forgengilegu auðæfa hans“ (VÖ).
- Bismark** (n, kk) Heiti á brjóstsykri á síðarihluta 20.aldar. Þá var seldur, t.d. í Gjöggrabúð, „beiskur bismark“ með piparmyntubragði og „brenndur bismark“ með einskonar púðursykursbragði. Kenndur við Otto von Bismarck kanslara í Þýskalandi (1815-1898).
- Bit** (l) Hissa; hlessa. „Ég er nú alveg bit á þessari vitleysu“. Orðið er komið úr spílinu *lomber*, en var nokkuð notað á þennan hátt. Meiri áhersla var þó í orðinu *krossbit*, sem virðist eingöngu hafa verið notað vestra.
- Bit** (n, hk) A. Verknaðurinn að bíta. „Er þetta mark eða bit eftir tófu“? B. Skarpleiki hnífseggjar. „Það er lítið bit eftir í hnífnum; ég þarf að *leggja* hann á“.
- Bitamunur en ekki fjár** (orðtak) Mismunur sem ekki skiptir máli. „Það *stóð á stöku* þannig að þú fékkst einum meira í hlutinn núna, en það er nú bitamunur en ekki fjár“.
- Bisness** (n, kk) Gæluorð um viðskipti eða fyrirtæki.
- Bisnessmaður** (n, kk) Maður með viðskiptavit. „Ég er enginn bisnessmaður, og kann ekki að græða“.
- Bit** (n, hk) A. Það að bíta af/úr; nart; nag. B. Það hvernig tennur standast á í gómum. „Lambið var vanskapað að því leyti að það hafði skakkt bit“. C. Um eggjárn; það að hafa skarpa egg. „Það er fljótt að fara bitið úr ljánum ef þú slærð í stein“! D. Sekt fyrir að tapa í spilum. Af því er dregið orðtakið „að vera alveg bit“, sem merkir að vera mjög undrandi.
- Bitá** (s) A. Brytja; skera í bita. „Ég er að hita vatn en á eftir að bita fiskinn niður í pottinn“. B. Marka skepnu með bita í eyra. Sbr tvíbitað; gagnbitað.
- Bitahöfuð** (n, hk) A. Endar bitaþóftu í bát. B. Upphækkun á vegglægju í húsi, þar sem sperrufætur koma á hana.
- Bitamunur en ekki fjár** (orðtak) Um mismun sem ekki hefur mikla þýðingu. „Kannski er ekki rétt að leggja álkuegg á móti *stórfuglseggi* þegar skipt er. En ég held að það sé nú bitamunur en ekki fjár“.
- Bitapófta** (n, kvk) *Biti*; þóftan milli austursrúms og skuts á bát.
- Bitbein** (n, hk) Þrætufni; deilumál. „Þessi eignarhluti úr jörðinni varð bitbein erfingjanna“.
- Bitfjara** (n, kvk) Sá hluti fjörunnar, þá helst stórstraumsfjöru, þar sem fé náði að bíta fastan þara sér til föðurs. Fjörubeit var mikilvæg undirstaða fjárbúskapar í Kollsvík. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá staðið hjá“.

yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var, og bitfjöru yfir stórstraum. Mest sótti féð í söl og mariúkjana“ (ÖG; Niðjatal HM/GG).

Bithagi (n, kk) Svæði eða blettur þar sem fé gat verið að beit. Víða í Kollsvík og umhverfi hennar eru ágætir bithagar. Jafnan var staðið yfir fé þegar því var haldið til beitar að vetrarlagi, hvort sem það var í fjöru eða haga. Víða í Láganúpslandi sjást vörður eða aðrar hleðslur sem hjástöðumenn hlóðu sér til dundurs, s.s. á Strypum; Axlarhjalla; Foldum; Sandsláarkjafi og víðar. Margar þeirra eru handaverk GG og GÖ.

Biti (n, kk) A. Munnbiti; það magn af mat sem maður setur upp í munninn í einu; það sem bitið er í einu af stærri matareiningu, s.s. brauðsneið. „Viltu ekki fá þér bita af þessu“? B. Gæluheiti á máltíð; nesti; nestisbiti. „Við förum ekki á sjó án þess að hafa með okkur bita“. C. Slá sem liggur þversum í húsbýggingu; loftbiti; gólfbiti. D. Höfðuðbiti; slá sem liggur þversum milli borðstokka í bát, til styrkingar. Oftast hjá *bitaþófsfu*. Talað er um bitabyr/höfðuðbitabyr þegar vindur stendur frammeð kinnungi, um bitann, en það er vanalega *óskabyr*. E. Eyrnamark skepnu. Markað í hlið eyrans þannig að brotið er upp á eyrað og skorið lítillega í annað hornið á brotinu. Verður því sem sýling þvert í brúnina. Biti getur verið aftan eða framan á eyra, einnig á gagnstæðum jöðrum og heitir þá *gagnbitað*. F. Líkingamál um mikið verð; mikil upphæð. „Ég er hræddur um að þetta verði alltof stór biti fyrir hann“.

Bitjárn (n, hk) *Eggjárn*; hnífur; öxi; sög eða hvaðeina sem beitt egg er á. „Ég var ekki með neitt bitjárn, svo ég marði bandið sundur milli steina“.

Bitjörð (n, kvk) Nægilegur gróður til beitar. „Það er að verða sæmileg bitjörð úti í Vatnadal; við rekum nokkrar lambær þangað á morgun“. „Ég get nú ekki séð mikla bitjörð á þessum berangri“.

Bitlaus / Bitlítill (l) Mikilvægt var að eggjárn bitu til þeirra verka sem þau voru ætluð, jafnt hnífar til aðgerða; slátrunar; matseldar; tálgunar eða annars sem skæri til aftektar; klæðagerðar o.fl.; ljáir til sláttar og krókar til veiða. Mjög var misjafnt hvað menn voru lagnir brýnslumenn, en sagt var að saman færi sú lagni og hæfileikinn til að ljúga. „Það er kannski hægt að ljúga í þetta eitthvað bit“.

Bitleysi (n, hk) Skortur á biti í hníf/eggjárn. „Árans bitleysi er í þessum hníf“.

Bitlingur (n, kk) Merkir upphaflega lítill biti, en er í dag notað um góða viðbót, t.d. launauppbót, styrk eða starf. Gjarnan um það sem þegið er sem vinargreiði.

Bitmý (n, hk) Mýfluga sem bitur; mývargur. Ekki hefur orðið vart við bitmý vestra.

Bitna á (orðtak) *Mæða á; koma niður á; leika grátt; fara illa með*. „Það er hætt við að þetta slugs við námið bitni á frammistöðunni í prófunum“.

Bitra / Bitrukuldi (n, kvk/kk) Mikill kuldi í veðri; gaddur. „Kæddu þig vel; það er bitrukuldi“.

Bitsár (n, hk) Sár/far eftir bit. „Er þetta bitsár á snoppunni á lambinu þarna“?

Bitstál (n, hk) Eggjárn, s.s. hnífur, ljár, skæri o.fl. sem gott er til brýnslu. „Andskoti er þetta lélegt bitstál“.

Bittinú! (uh) Upphrópun sem táknar undrun; *jahérna!* „Bittinú; hver haldiði að sé nú kominn í heimsókn“?

Bitur (l) A. Beittur; um hníf, kveðskap o.fl. B. Beiskur í huga; sárreiður. „Enn er hann bitur vegna skilnaðarins“. C. Mjög kaldur/napur í veðri. „Það er skolli biturt frostið þó hann sé hægur“.

Biturð / Biturleiki (n, kvk/kk) Líflsleiði; reiði. „Hann sagðist finna fyrir biturð eftir þessa meðferð“.

Bituryrði (n, hk) Reiðiorð; neikvæð ummæli. „Aldrei heyðist hún mæla bituryrði í garð nokkurs manns“.

Bitvargur (n, kk) Bitur; tófa sem leggst á lifandi sauðfé. „Þetta sár virðist vera eftir bitvarg“.

Bía út (orðtak) Óhreinka; sóða út. „Kálfarnir hafa komist í hlöðuna og bíað út heyið“.

Bíddu (nú) hægur! / Bíddu (nú) við! (orðtak) *Farðu hægt; andaðu rólega*; ekki þennan æsing; hér þarf athugunar við. Ýmist notað þegar einhver sýndi óþolinmæði eða sem hikorð. „Nei bíddu nú hægur; er ég kannski að segja þér einhverja vitleysu“? „Bíddu nú við; hvar lét ég hnífinn frá mér“?

Bíddu mín séra Jón (orðatiltæki) Sjá *stattu aldrei argur*.

Bíða (s) A. Hinkra; *doka við*. „Ég beið þarna nokkurn tíma“. B. Verða fyrir; hljóta. „Ég held að hann hafi ekkert beðið tjón af þessu“.

Bíða (einhvers) (orðtak) Bíða eftir einhverju; vænta einhvers. „Lömbin voru rekin til réttar við slátruhúsið, þar sem þau hvíldust eftir reksturinn og biðu slátrunar sem fór fram hinn næsta dag“ (PG; Veðmálið).

Bíða (einhvers) bætur (orðtak) Fá bót á einhverju; verða heill af einhverju; batna eitthvað. „Þetta varð honum svo mikið áfall að hann beið þess aldrei bætur“.

Bíða lags (orðtak) Bíða eftir að lag gæfist milli sjóa til lendingar.

Bíða af sér (orðtak) Bíða meðan líður hjá: „Það er að gera ansi mikla skúr. Ég held við bíðum hana af okkur“.

- Bíða á sig** (orðtak) Bíða/hanga/tefja þar til versnar. „Við skulum drífa þetta af og koma okkur heim; það er óþarfi að bíða á sig rigninguna“. „Ég held þeir ættu nú að koma sér í land, en ekki bíða á sig bræluna“.
- Bíða átekta** (orðtak) Bíða þar til tekið er á/ lagt er til atlögu. „Bíddu nú átekta þar til allir eru klárir; þú setur ekki bátinn einsamall“.
- Bíða bana** (orðtak) Deyja; látast. Oftast um það að látast af slysförum. „Þess eru dæmi að menn hafi beðið bana af steinkasti úr Hnífunum“.
- Bíða byrjar** (orðtak) Bíða eftir að byr gefist; bíða hagstæðrar vindáttar fyrir siglingu.
- Bíða eftir (einhverju)** (orðtak) Bíða einhers. „Ég er ekkert að bíða eftir þessu lengur“!
- Bíða ekki boðanna** (orðtak) Láta ekki bíða; *hafu öngvar vöflur á*. „Biðum við þá ekki boðanna, en settum á fulla ferð; með stefnu á Blakk“ (ÖG; Þokuróður). Merkir bókstaflega að byrja/fara áður en fyrirskipað er.
- Bíða fram í ragnarökkur / Bíða til eilífðarnóns** (orðtak) Bíða mjög/alltof/óhóflega lengi. „Það er nú ekki til bót að bíða með þetta fram í *ragnarrökkur*“! „Ætlaðu að bíða með þetta til *eilífðarnóns*“?!
- Bíða færís** (orðtak) Bíða eftir tækifæri/lagi. „Þegar menn höfðu búið að sér var aðeins beðið færís að fara í róður“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Bíða hnekki** (orðtak) Skaðast; verða fyrir tjóni. „Það biðu ýmsir hnekki af þessu gjaldþroti“.
- Bíða í ofvæni** (orðtak) Bíða spenntur/óþreyjufullur. „Á aðfangadag biðu börnin í ofvæni“. „Mennirnir.. biðu í ofvæni eftir að sjá hverjir af félögum þeirra kæmu utan af Bjargi“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Bíða lags** (orðtak) Um sjóferð; bíða eftir *lagi* til að *ýta úr vör* eða *róa í land /fara upp*. „Þegar komið er upp fyrir boðann er smálægi þar sem sæta má lags áður en rennt er upp í sandinn“ (PJ; Brimlending í Kollsvík). „Komið gat það fyrir að bátur var settur til sjávar og beðið lags með að ýta á flot; lags sem þó aldrei kom nægilega öruggt...“ „Það er beðið lags, en þegar það er tekið varir það svo stutta stund að fyrsta bára á næsta ólagi kemur undir bátinn í því að hann rennur upp yfir hleinabrunina“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þeir bíða lags uns róður er tekinn til lands, en verða of seinir fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Bíða lægri hlut** (orðtak) Verða undir í baráttu/átökum. „Það er engin kömm að því að bíða lægri hlut fyrir svona köppum“.
- Bíða með útsperrtar klærnar** (orðtak) Bíða reiðubúinn; *bíða í ofvæni*. „Það er sagt að sonurinn bíði með útsperrtar klærnar eftir arfinum“.
- Bíða með öndina í hálsinum** (orðtak) *Bíða í ofvæni*; þora varla að anda vegna eftirvæntingar.
- Bíða milli vonar og ótta** (orðtak) Bíða án þess að vita afdrif þess sem beðið er eftir, t.d. ástvinar.
- Bíða/bíður sér ekki til batnaðar/bóta** (orðtak) Batna ekki með biðinni. „Þú ættir að láta lækni líta á þessa ígerð sem fyrst; það bíður sér ekki til batnaðar“. „Ég greiði þetta strax. Það bíður sér ekki neitt til bóta“.
- Bíða/bíður síns tíma** (orðtak) Bíður eftir réttum tíma. „Ég skildi vaðinn eftir á brún. Hann bíður síns tíma“.
- Bíða skal byrjar þá blæs á móti** (orðtiltæki) Ekki er skynsamlegt að róa í mótvindi þegar von er á meðbyr. Þá er betra að bíða í landi. Meðan bátar voru knúnir árum og segli var þessi speki í hávegum höfð; ekki síst í verum, s.s. í Kollsvík.
- Bíða svars** (orðtak) Bíða eftir svari.
- Bíða um stund** (orðtak) Bíða í nokkra stund.
- Bíða von úr viti** (orðtak) Bíða lengur en skynsamlegt er. „Við getum ekki beðið von úr viti eftir úrbótum“.
- Bíða þess ekki bætur** (orðtak) Jafna sig ekki á því; ná sér ekki. „Þó hann bjargaðist úr slysinu þá beið hann þess aldrei bætur að fullu“.
- Bíður sér ekki til batnaðar/bóta** (orðtak) Nokkuð notað orðtak í Kollsvík. „Ég ætla að fara að fara að létta aðeins á haughúsinu; það bíður sér ekkert til batnaðar“. „Þú ættir nú að skreppa út með ruslið; það bíður sér ekki til bóta“.
- Bífur** (n, kvk, fto) Tær. „Mikið asskoti eru skítugar á þér bífurnar drengur“.
- Bígera** (s) Fyrirhuga; áætla. „Ertu að bígera eitthvað í þessum efnum“?
- Bígerð** (n, kvk) Ráðagerð; áætlun. „Hann var með ýmislegt í bígerð en fæst af því er komið í framkvæmd“.
- Bílda** (n, kvk) A. Klessa; óhreinindi. Einkum í andliti. Orðið heyrst sjaldan nú á dögum. Líklega nefnist Bíldudalur eftir áberandi dökkum berggangi í fjallinu gegnt kaupstaðnum. B. Stór blaðbreið öxi; bíldöxi.
- Bíldóttur** (l) A. Krimóttur/flekkóttur/skálaldaður af skít eða öðrum lit. „Mikið skolli ertu bíldóttur eftir skítmoksturinn“! B. Um lit á sauðfé; með dökka bletti á höfði, einkum kringum augu og niður á kjammana, en annars hvítt. *Kinnótt* var sú kind sem einungis hafði blett í kinn.

Bíldrúsla (n, kvk) A. Lélegur bíll. B. Gæluheiti á bíl. „En ekki gekk bíldrúslan vel undir Þórði; enda kannske ekki við að búast“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Bíldherfi (n, hk) Jarðvinnslutæki; herfi með hníflaga blöðum. Slíkt herfi var lengi til á Láganúpi.

Bíldur (n, kk) Eggjárn sem fyrr á öldum var notað til að taka fólki blóð í lækningaskyni. Læknar sem töldust hafa réttindi til þess voru nefndir bíldskerar. Ekki viðurkennd lækningaaðferð nú á dögum.

Bílfar / Bílferð (n, hk) Ferðalag með bíl; pláss í boði til bílferðar. „Fæ ég bílfar með þér inneftir“?

Bílfarmur (n, kk) Það sem hlaðið er á/i bíl til flutnings; það sem flutt er með bíl.

Bílfært (l) Fært að aka á bíl. „Þessi vegur hafði verið notaður sem hestavegur um nokkurra ára skeið, aður en bílfært varð yfir hálsinn; en þá nýttist hann á kaflanum úr Húsadal og inn að Aurtjörn sem bílvegur“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Bílgarmur / Bílskrjóður (n, kk) Gæluheiti á bíl; lélegur bíll. „Bílgarmurinn fékk fulla skoðun“.

Bíll (n, kk) Farartæki sem algengast er nú á dögum til ferðalaga/flutninga á landi. Fyrsti bíll í Rauðasandshreppi kom að Breiðavík um 1926; áður en þangað kom *bílvegur*. Hann var af gerðinni Ford-T, í eigu Einars Jónassonar sýslumanns. Eyjólfur Sveinsson á Lambavatni keypti Ford-A árið 1934, og stuttu síðar kom á Rauðasand Ford-T. Um stríðsárin jókst mjög innflutningur bíla til landsins. Magnús Ólafsson í Vesturbotni keypti þangað fyrsta Willysjeppann árið 1946, ásamt Ásbirni bróður sínum. Stuttu síðar fékk Agnar Sigurbjörnsson í Hænuvík notaðan Chevrolet-vörubíl. Bílvegur kom ekki að Kollsvík fyrr en 1953, og var ekki kláraður yfir vikina fyrr en eftir 1960. Ýmsir bíleigendur hlupu undir bagga fyrstu árin, þegar flutninga var þörf; s.s. Arni Helgason í Tungu og Jón Hákonarson á Hnjóti. Fyrsti bíll í eigu bræðranna Össurs og Ingvars Guðbjartssonar í Kollsvík var Willysjeppinn „Sigga dýra“ sem þeir keyptu líklega um 1963. Ingvar hafði áður unnið við akstur strætisvagna í Reykjavík, en Össur hafði lokið bílprófi á Hvanneyri. Þegar bræðurnir hófu mjólkursölu fengu þeir sér Rússajappa með blæjum, en fengu Bjarna Sigurbjörnsson í Hænuvík til að smíða yfir hann vandað hús nokkrum árum síðar. (Heimildir m.a. AÍ.)

Bílljós (n, hk, fto) A. Ljósabúnaður á bíl. B. Bjarmi af ljósum bíls. „Hann er að koma; ég sé bílljós upp á Núp“.

Bíltúr (n, kk) Far/ferð í bíl; bílfar. „Ég ætla að fá mér bíltúr og athuga hvað er margt fé uppi á Hálsi“.

Bílvegur (n, kk) Bílfærir vegir komu í Rauðasandshrepp eftir seinna stríð. „Fyrsta jarðýtan kom á svæðið 1946 og urðu þá straumhvörf í vegagerð. 1949 var kominn bílfær vegur alla leið frá Brjánslæk á Barðaströnd, um Patreksfjörð og Tálknafjörð á Bíldudal. Út með Patreksfirði náði hann að Hvalskerri og nýr vegur varð kominn yfir Skersfjall. 1952 náði vegurinn að Hafnarvaðli í Örlygshöfn og einnig var kominn akfær vegur frá Tungu að Hænuvík, sem náði að Kollsvík 1953. 1954 var gerður vegur yfir Hafnarfjall að Breiðavík, og að Hvallátrum 1955, en fyrst að Bjargtöngum 1960. 1956 mátti segja að jeppafært hafi verið á alla byggða bæi í hreppnum“ (BÞ; Fólkið, landið og sjórin). Þessir fyrstu vegir voru mikið afrek með þeim tækjum sem þá voru tiltæk, en þeir væru þó vart nefndir akfærir bílvegir nú á dögum; krókóttir, brattir, stórgrýttir og víða ófærir af aurbleytum og snjóum um stóran hluta ársins. Víðast var farið yfir ár og læki á vaði og fjölmörg hlið í misjöfnu ástandi voru á leiðinni, þar sem farið var í gegnum túnlönd margra jarða. Með árunum var hver kaflinn eftir annan lagaður, svo ástand hefur stórum lagast. Enn er þó nánast ekkert komið af bundnu slitlagi á vegi sunnan Patreksfjarðar, og viðhald þeirra á undir högg að sækja vegna fámennrar byggðar. Ört vaxandi vinsældir svæðisins í augum ferðafólks hefur þó skapað mikinn þrýsting á úrbætur. „Áður en jarðýtur komu hingað í hreppinn var byrjað að leggja bílveg yfir Hænuvíkurháls“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Bílveikur (l) Með ónot/ógleði vegna mikilla hreyfinga í bíl. „Rútan var rétt komin austur á Þingmannaheiði þegar hún var orðin illa haldin af bílveiki“. Bílveiki var algengari fyrrum, þegar vegir voru ósléttir og bílar ekki eins þægilegir og nú er. Líkt og sjóveiki stafar hún mestmegnis af skynturflunum.

Bílæti (n, hk) Mynd; eftirmynd; stytta. Gömul dönskusetta (bild) sem nú er að mestu aflögð.

Bírópenni (n, kk) Kúlupenni. Var mikið notað um tíma, fyrst eftir að þannig *raritet* urðu fáanleg.

Bírafinn (l) Hugaður; forhertur; áráðinn. „Hrafinn var svo bírafinn að hann stal hænuunga úr girðingunni“. Tökuorð úr dönsku; beræven, sem merkir þrjúskur; hrokafullur.

Bírafni (n, kvk) Djörfung; áráði. „Mér fannst það fjandi mikil bírafni af honum að ætla að stela af mér hnífnum *án þess að depla auga*“!

Bísa (s) Hnupla; *gripla*. „Nú hefur huldufólkið bísað gleraugunum mínum eina ferðina enn“. „Hann hefur bísað vasahnífnum mínum, árans *melurinn*“. Líklega tökuorð, t.d. er „bitsa“ svipaðrar merkingar á sænsku.

Bíslag (n, hk) Viðbygging; sérbyggt anddyri. Algengt varð á fyrstu árum timburhúsa að byggja sérstakt anddyri við innganginn til að minnka súg og fá aukið geymslupláss. „Bærinn á Lambavatni var úr grjóti og torfi á þrem veggjum en framhlíð var steipt, ásamt inngangi (bíslagi)“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Bísperrtur (l) *Hnarreistur; kokhraustur*. „Þú ert nógu bísperrtur núna, við sjáum hvað verður eftir róðurinn“! Gæti verið tökuorð úr gamalli dönsku; „bespærret“.

Bíta (s) A. Um munn; grípa um með tönnum og jafnvel klippa í sundur. „Hann beit í sundur girnið og hóf að setja upp slóðann“. B. Um grasbít; éta gras af jörðu eða þara í fjöru. „Það er orðið lítið fyrir kýrnar að bíta þarna í hólfinu“. C. Um tófu; leggjast á fê; naga lifandi sauðkind svo hún slasast. „*Sjaldan bítur tófa nærri greninu*“. D. Um eggjárn; vera biturt; með skarpa egg. „Hnífbrókin er löngu hætt að bíta“!

Bíta af sér (orðtak) Fæla frá /losa sig við ágenga/óæskilega manneskju; *snúa af sér*. „Ég held að ég hafi náð að bíta af mér þessa blessaða trúboða. Skelfing gátu þeir verið uppþrengjandi“!

Bíta á agnið (orðtak) Líkingamál; ganga í gildruna; falla á bragðinu. „Ég held að maður sé ekkert að bíta á þetta agn hjá þeim, þó girnilegt sé. Þeir gleyma þessu strax eftir kosningar“!

Bíta á jaxlinn og bölvu í hljóði (orðtak) Harka af sér; standast mótlæti/erfiðleika. „Það verður litla vorkunnsemi að fá eftir að á sjóinn er komið; þá er ekkert annað en bíta á jaxlinn og bölvu í hljóði þegar á móti blæs“. Oft var einungis notaður fyrripartur orðtaksins.

Bíta á vörina (orðtak) Gæta sín að segja ekkert/ svara engu.

Bíta frá sér (orðtak) Verja sig; svara fyrir sig. „Það þarf stundum að bíta frá sér ef að manni er vegið“.

Bíta höfuðið af skömminni (orðtak) Keyra enn frekar fram úr hófi; gera vont enn verra; fara úr öskunni í eldinn. „Þeir svíkja gamla fólkið um réttmætar uppþætur á lífeyri og bíta svo hausinn af skömminni með því að skattþína það í ofanálag“!

Bíta í sig (orðtak) Taka *ófrávikjanlega* ákvörðun; telja sér trú um; vera þrjóskur varðandi sínar skoðanir. „Hnn hafði bitið það í sig að örbylgjuofninn hefði skaðvænleg áhrif og því varð ekki *bifað*“.

Bíta í það súra epli (orðtak) Sætta sig við svo slæman kost. „Ætli maður verði ekki bara að halda kjafti og bíta í það súra epli að þjóðin hefur kosið þessa vitleysinga yfir sig“!

Bíta og brenna (orðtak) Sjá *hafna nóg að bíta og brenna*.

Bíta úr nálinni (orðtak) Hefnast; taka afleiðingum. „Hann hélt að hann kæmist upp með þessi vinnubrögð; en hann á nú eftir að bíta úr nálinni með það“. Einnig í annarri merkingu, sjá; *ekki búið að bíta úr nálinni*.

Bíta við (orðtak) Borða með. Oftast um feitmeti/smjör. „Brauðið er nú hálf þurrætt ef maður hefur ekkert til að bíta við því“. Vísar til þess tíma að þurrmeti, t.d. harðfiskur, og feitmeti, t.d. smér eða bræðingur, var látið sitt í hvoru lagi í askana og bitið í sitt á hvað. Sjá *viðbit*.

Bítast um (eitthvað) (orðtak) Togast á um eitthvað; vera ósáttir um rétt til einhvers; deila; rífast. „Nú eru þeir farnir að bítast um það hvor átti upptökin að rífrildinu“!

Bítlagarg (n, hk) Hneykslishugtak eldri kynslóða yfir þeim „óhljóðum“ sem upphófust með nútíma popphljómsveitum, s.s. Bítunum, Rollingunum og fleiri „garghópum“ sem glumdu í útvarpi í *tíma og ótíma*.

Bítur (n, kk) A. Tófa sem komist hefur upp á bragðið með að ráðast á sauðfé og slasa það erða drepa; dýrbítur. B. Töng sem ætluð er til að klippa í sundur; klippitöng; síðubítur; naglbítur; *markatöng*.

Bítur ekki á blautan skít (orðtak) Um bitjárn/hníf; bítur mjög illa. „Leyfðu mér nú aðeins að draga á eggina fyrir þig; þessi hnífur bítur ekki á blautan skít“!

Bítur stolinn hnífur (orðatiltæki) Sú hjátrú hefur líklega lengi verið viðloðandi að hnífar og önnur eggjárn lánist best séu þau þjófstolin. Í Kollsvík þótti það enginn glæpur að stela hníf ef hann lá á glámbekki (í hirðuleysi). Stuldur á vasahnífum, taldist því fremur íþrótt eða skemmtilegur hrekkur, en skammarstrik. Því gættu menn sinna vasahnífa betur en nokkurs annars dýrmætis, því hníflaus maður er illa settur. Fyrir kom að einhver bað um að fá hníf lánaðan, en þá var fylgst vel með á meðan hann var notaður. Orðatiltækið var stundum spyrt aftan við aðra hjátrú: „*Lyginn maður brýnir best* – bítur stolinn hnífur“.

Bjaga (s) Aflaga; afbaka; beygla; kjaga. „Þessa vísu hefur einhver bjagað; upphaflega var hún öðruvísi“.

Bjagaður (l) Aflagaður; skakkur; ekki eins og vera ber. „Skelfing leiðist mér svona bjagað mál“!

Bjalla (n, kvk) A. Lítil klukka í líkingu kirkjuklukk. B. Áhald sem gefur frá sér hljóð, t.d. dyrabjalla. C. Ættbálkur skordýra. T.d. maríuhæna, brunnskukka og járnsmiður. D. Sjávargróður. Einkum notað um stöngul marínkjarna. „Bjöllur eru þar (í Láganúpsfjöru)“ (ÁM/PV Jarðabók). E. Síðari liður máfsheitis; *veiðibjalla*.

Bjalla / Bjöllufiskur (n, kvk/kk) Augnfiskur; annar stærsti fiskvöðvinn í *þorskhaus* (sjá þar).

- Bjarg** (n, hk) A. Mjög stór steinn. „Það þarf örugglega ýtu til að hreyfa bjargið sem er fallið á fjörunnar“. B. Hár og langur klettaveggur, t.d. Látrabjarg.
- Bjarga** (s) Frelsa/forða frá hættu/skaða.
- Bjarga andlitinu / Halda andlitinu** (orðtak) Halda virðingu sinni/ áliti sínu meðal annarra; *bjarga eigin skinni*. „Stjórnin reyndi með þessu að bjarga andlitinu“.
- Bjarga á streng** (orðtak) Um það þegar menn í skipi bjargast með því að þeir koma línu/streng í land, þar sem mannskapur heldur við meðan þeir fara eftir línunni í land. Fyrrum urðu menn að reyna að handstyrkja sig eftir línunni, en síðar var farið að nota fluglínutæki og björgunarstól sem dreginn var á milli. „Í mars 1920 srandaði enskur togari í Hænuvík. Þrír skipverjar drukkuðu; hinum var bjargað á streng í land“ (ES; Skipströnd í Rauðasandshreppi).
- Bjarga báti** (orðtak) Setja bát úr fjöru í skorður upp á kamb. „Nýr fiskur hafði verið settur á prímusinn strax og búið var að bjarga bátinum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Bjarga brókum / Bjarga buxum** (orðtak) *Bregða brókum; gera að brókum*; hægja sér; flytja lögmenn; kúka. „Hann sagðist ætla að skreppa niður fyrir klettinn til að bjarga brókum sínum. En ég bað hann nú að gá fyrst framaf, því þar væri líklega fimmtugt standberg“!
- Bjarga eigin skinni** (orðtak) Um eigingirni; komast af sjálfur. „Þeir hugsa nú mest um það, þessir stórbændur fyrir sunnan, að bjarga eigin skinni; þeim er nokk sma um þessa *útkjálkabaendur*“!
- Bjarga sér** (orðtak) Komast af; slampast. „Þeim er ekki láandi þó þau reyni að bjarga sér í þessum efnunum“. „Ég er ágætur í ensku og norðurlandamálum og get bjargað mér á þýsku“.
- Bjarga um** (orðtak) *Hjálpa um*; lána/gefa þegar vantar. „Ég var að lenda í vandræðum af saltleysi, en hann bjargaði mér um einn poka þar til skipið kemur“.
- Bjarga undan sjó / Bjarga úr sjó** (orðtak) Koma bátum eða reka upp fyrir fjöruborð, þannig að ekki taki út eða laskist. „En ef brimaði snögglega um stórstreymi varð að hafa hraðar hendur að bjarga bátum undan klettunum til beggja handa, norður eða suður fyrir klettana“... „Ólarnar með fiskinum voru dregnar að landi og bjargað úr sjó“... Hver hönd var viðbúin að taka á móti bátinum, og var hann á skömmum tíma affermdur og bát og farmi bjargað undan sjó. „ (KJK; Kollsvíkurver). „Þeim hefur tekist að bjarga bát og farmi undan sjó. Þeir anda léttar, en þó sveittir og blautir. ... Eftir að bátinum hafði verið bjargað úr sjó, fóru menn að heilsast“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Mjög erfitt er að bjarga reka undan sjó á þeim stöðum, þar sem brim gengur víðast hvar í kletta sem eru nokkrir tugir metra á hæð“ (HÖ; Fjaran).
- Bjarga því sem bjargað verður** (orðtak) Bjarga eins miklu og hægt er frá eyðileggingu/skaða. „Sneru mennirnir við hið snarasta til að bjarga því sem bjargað yrði...Tókst með harðneskju að ná mönnum og báti úr greipum Ægis...“ (MG; Látrabjarg).
- Bjargaðist/fór betur en á horfðist** (orðtak) Um það þegar skaði verður ekki eins mikill og leit út fyrir eða sýndist ætla að verða. „Þeir fengu brot aftanundir bátinn í lendingunni, en það bjargaðist betur en á horfðist“.
- Bjargarlaus** (l) Hjálparvana; úrræðalaus. „Hann var orðinn fremur bjargarlaus í þessum aðstæðum“.
- Bjargarleysi / Bjargarskortur** (n, hk) Fátækt; umkomuleysi. „Útvíkurnar hafa í gegnum aldirnar vafalaust verið lífsbjörg mörgum þeim sem hröktust milli héraða í harðindatið, nær dauða en lífi af hungri og bjargarleysi“. „Víða bættu hvalrekar nokkuð úr bjargarskortinum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Bjargarvon** (n, kvk) Von um björgun; von um að bjargast/ lifa af. „Ef bátur verður vélarvana í röstinni er lítil bjargarvon“.
- Bjargast á eigin spýtur** (orðtak) Bjargast/ komast af hjálparlaust. Sjá *á eigin spýtur*.
- Bjargast við** (orðtak) Láta sér nægja; láta duga; komast af með. „Hrífugægsnið er orðið fjári lélegt, en ætli maður verði ekki að bjargast við það núna“. „Það má nú kannski bjargast við þetta fyrir sökku“.
- Bjargast við lítið** (orðtak) Komast af með naumt. „Það má oft bjargast við lítið í þessum efnunum“.
- Bjargálma** (l) Hafa *framfærslu*; geta *framfleytt sér/ komist af*. „Hann er víst bjargálma, og vel það“.
- Bjargbrún** (n, kvk) Brún á bjargi/kletti. „En í því hann er að koma fram á brúnina veit ég ekki fyrri til en hann steypist fram yfir sig; og framaf bjargbrúninni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Í Bjargleitina þurfti að velja menn sem ekki veigruðu sér við að fara niður fyrir bjargbrún á þeim stöðum sem voru vel gengir bandlausum manni; svo sem á Stíginn, í Saxagjá og fleiri staði“ (PG; Veðmálið).
- Bjargúi** (n, kk) Vættur sem býr í bjargi; tröll; berggrisi. „Bjargbúar eru líklega í hverju bjargi og stórum hamri vestra, þó ekki séu allsstaðar heimildir fyrir þeim. Sumsstaðar eru þó sögur til vitnis, s.s. um vættina sem

Gvendum góði vísaði til bústaðar í Heiðnabjargi í Látrabjargi; einnig örnefni, s.s. Jötunsaugu í Látrabjargi; Töllkonuhellir í Blakknesi og Tröllkarlshellir í Hnífum“

Bjargfall (n, hk) Fugl sem verður fyrir hruni eða öðru slysi í bjargi og fellur dauður í fjöru. „Og þó fugl sé viðnámssneggri en mannskekpan... þá verður einn og einn fugl fyrir steinkasti úr bjarginu, bíður bana og fellur niður eða í sjóinn... Var það síður áður fyrr, að gengin var fjaran frá Keflavík þegar voraði og hirtir upp þeir fuglar sem fundust dauðir í fjörunni“ (MG; Látrabjarg).

Bjargfastur (l) Óhagganlegur. „Hann stóð bjargfastur á sinni skoðun og *gaf sig* hvergi“. Sjá *bjargföst sannfæring*.

Bjargferð (n, kvk) Bjargganga. Ferð í Látrabjarg; áðurfyrr í fylgling en vanalega til eggja í seinni tíð. Tvenns konar eggjataka var stunduð í Rauðasandshreppi í meginatriðum; fýlseggjataka í núpum og klettum s.s. í Breið og Blakk, og bjargferðir í Látrabjarg eða samliggjandi björg þar austanvið. Ekki var talað um bjargferðir þegar farið var í fýlsegg. Kollsvíkingar áttu ekki eggjatökurétt í Bjarginu, en fóru stundum í leyfi landeigenda. „Þessi er fjárafli margs manns að fara í björgin að taka egg ok fugla. Þessháttar afli fremst á þann hátt að fuglarinn fer í festarenda ofan fyrir bjargið; gerist það oftlega með miklum háska ok bráðum manntapa, því að festinni kann margt að granda“ (Saga Guðmundar byskups góða).

Bjargfesti (n, kvk) *Bjargtóg; bjargvaður*. Fremur var talað um *bjargtóg/bjargvað/vað* eða *sigtóg/sigvað* en bjargfesti í fuglabjörgum á sunnanverðum Vestfjörðum; a.m.k. á síðari tímum. Þó var t.d. talað um festarauga, sem sigari sat í.

Bjargfé / Bjargfénaður / Bjargrolla (n, hk/kk/kvk) Sauðfé sem gengur í eða á Látrabjargi. „Bjargféð er undantekningarlaust vænt, en afföll geta þar orðið nokkur“. „Á seinni árum búakapar í Kollsvík var bjargrollum markvisst fækkað, enda fylgdi þeim gjarnan nokkuð umstang að hausti“.

Bjargfiðringur (n, kk) Eggjafiðringur; löngun til að fara í *bjargferð/eggjaferð*. „Á hverju vori greip mann þessi óviðráðandi bjargfiðringur. Við honum var ekki nema eitt læknisráð“.

Bjargfugl (n, kk) Svartfugl; fugl sem heldur til og verpir í bjargi. Oftast er átt við svartfugl, en stundum nær orðið einnig yfir fyl og ritu sem verpa í fuglabjörgum.

Bjargfuglsegg (n, hk) Egg langvíu, nefskera (stuttnefju) og álku. Öll eru þau áþekkt í lögun og lit, en þó er munur á. Egg Langvíu og nefskera eru svo lík að erfitt er að þekkja þau í sundur; bæði dökkdröfnótt á grænum eða brúnleitum grunni; mjög oddmjög í annan endan, sem varnar þeim að velta fram af tæpum syllum. Þó má stundum greina að langvíuegginn eru oddmjörri en nefskeraegginn. Álkuegginn eru áberandi minni en egg hinna (sem stundum voru nefnd stórfuglsegg) og mun breiðari, hlutfallslega, í mjörri endann. Langvían verpir fyrst, en varp hennar er mjög dreift; allt frá því um 18. maí fram undir miðjan júní. Hún velur sér helst syllur í bjarginu með hreinu bergi og er varpið oft mjög þétt. Nefskerinn byrjar oft um 25. maí, en honum líkar best í afsleppum syllum, oft til hliðar við langvíusyllur. Álkan byrjar þeirra síðust; vanalega ekki fyrr en viku af júní og stundum síðar. Hennar kjörlendi eru skriðuflög, urðir; holur og glufur. Stóruurð undir Látrabjargi er stærsta álkuvarp heims, en þar má finna egg í stórgrýtinu lengst inni í urðinni. Enatt var talað um bjargfuglsegg, hvort heldur var um eitt eða mörg að ræða; óþekkt var í Rauðasandshreppi að tala um „bjargfuglaegg“, eins og annarsstaðar virðist hafa þekkt.

Bjargfær / Bjargvanur (l) Brattgengur, vanur bjargferðum. „Álitu þeir að þarna væri ærin lífshætta bjargfærum mönnum. Í Breiðavík, Kollsvík og Hænuvík... voru flestir heimamenn bjargvanir...“ (MG; Látrabjarg). „Einn fór fyrir Breið, og þurfti það að vera sæmilega bjargfær maður, því oft voru kindur á slæmum stöðum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Bjargföst sannfæring/trú (orðtak) Trú/skoðun sem ekki verður breytt/haggað. „Það er mín bjargföst sannfæring að jarðir í Rauðasandshreppi muni aftur byggjast upp, þó lífsafkoma þess fólks byggja á öðru en áður var“.

Bjargganga (n, kvk) Bjargferð; eggjaferð. „Var það venjulega fyrsta bjargganga ungra stráka að fara þarna niður og fram á *standinn*...“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra).

Bjarggengið (l) Um sauðfé; það sem hefur/gengið til beitar í bjargi/Látrabjargi. „Alltaf skila þær góðum lömbum þær bjarggengnu; ef þær misfarast ekki“.

Bjarghlunnindi (n, hk, fto) Hlunnindi af bjargnytjum. „Sem dæmi um hvað mikið var lagt upp úr þessum bjarghlunnindum skal ég segja þér sögu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Bjarghluti / Bjarghlutur (n, kk) Landshlutur; hlutur sem landeigandi fékk úr fugla- eða eggjatöku í hans landareign, og var hann fullur hlutur. Venjulegra var að tala um landshlut en bjarghlut í Útvíkum. „Kollsvík átti ekkert í bjarginu, en við máttum fara í bjargið gegn bjarghluta; þ.e. eigandi bjargsins fékk einn hluta af veiðinni og mátti skilja hlutinn eftir á bjargbrún ef eigandinn var látinn vita“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Bjarghugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir um *bjargferð*, *eggjahugleiðingar*. „Mér skildist að þeir væru í einhverjum bjarghugleiðingum í dag“.

Bjarglega (n, kvk) Nægilega *lygnt* til að *leggja að* undir Látrabjargi til eggjatöku. „Mér sýnist að nú gæti verið komin bjarglega; það *lóar* ekki við hleinina“. Ef ekki hvítnaði við Straumsker í Kollsvík um fjöru voru taldar líkur á bjarglegu. Sama viðmið var í Breiðuvík; ef ekki hvítnaði í Fjarðarhorni var nokkuð örugg bjarglega.

Bjarglegt (l) *Björgulegt*; sæmilegt; viðunandi. „Þetta er ekki meir en svo bjarglegt sjóveður“.

Bjargleiðangur (n, kk) Ferðalag til eggja/fyglinga út á eða undir Látrabjarg; *bjargferð*; *undirbjargferð*. „Ég fór ekki með þeim í þennan bjargleiðangur“.

Bjargmaður (n, kk) A. Maður sem fer á/i bjarg til flyglinga eða í eggjatöku. B. Maður sem er fær í bjargi.

Bjargnibba (n, kvk) Nibba sem stendur upp/út úr bjargi/kletti. Traustar nibbur má oft nota til að bregða á eða festa vað/lásbandi. „Áður en lauk vorum við kommir það langt niður í Bjargið að þraut sextugan vað sem við höfðum fest um stein eða bjargnibbu á grasganginum, þar sem við byrjuðum fuglatekjuna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Bjargnytjar (n, kvk, fto) Not fólks af hlunnindum í fuglabjörgum. Helstu bjargnytjar í gegnum tíðina hafa verið fugla- og eggjataka, og síðustu öldina nær alfarið hið síðarnefnda. Fuglatekja var stunduð að mestu með fjölmennum bjargsigum, stundum langt niður í bjarg, og þá snaraður fullorðinn fugl; gamalfugl, eftir útungun. Einnig var í Keflavík hirt niðurfal; fugl sem rotast hafði af grjóthruni og fallið í fjöru. Eggjataka hefur verið stunduð fram á þennan dag. Mesta tekjan hefur verið af bjargfuglseggjum í Látrabjargi og aðliggjandi björgum, og eggjanna aflað með sigum; lásasnagi í brúnum og með undirbjargferðum á urðir. Þegar múkkavarp náði hámarki í núpum og klettum, á síðari helmingi 20. aldar, var töluvert farið í fýlseggi; mestmegnis í lásam ofanfrá. Sú tekja var t.d. stunduð í Blakk, Hnífum, Breið, Bjarnarnúp, Setnagjá, Brimnesgjá og Skarfastapa við Skor. Auk framangreinds hefur að einhverju marki verið nýttur reki undir björgum og skotinn þar selur, sem vissulega má einnig telja bjargnytjar.

Bjargráð / Bjargræði (n, hk, fto) Bjargræði; úrræði; leiðir til bjargar/til að forða tjóni. „Oft buðust einhver bjargráð í Kollsvík þó harðindi gengju yfir“. „Hann hefur dregið fram og út úr brotinu. Við það hefur lítið batnað um bjargráð“ ... „Það var ömurleg sjón að sjá, þegar bjargræði margra heimila var mokað og dregið uppúr sandskafli (KJK; Kollsvíkurver).

Bjargráðasjóður (n, kk) Stofnun/sjóður í eigu ríkisins, með það hlutverk að veita stuðning vegna áfalla af völdum náttúruhamfara, sem ekki fæst bætt úr tryggingum eða öðrum sjóðum.

Bjargráðasjóðsgjald (n, hk) Gjald sem rennur til *Bjargráðasjóðs*.

Bjargreisa (n, kvk) Gæluheiti á *bjargferð/bjargleiðangri*. „Bjargreisan tók lengri tíma en áætlað var“.

Bjargræðislaus (l) Bjargarlaus; hjálparþurfi. „Eftir þetta áfall stóð fjölskyldan uppi bjargræðislaus“

Bjargræðisleysi (n, hk) Skortur á lífsbjörg; umkomuleysi.

Bjargræðistími (n, kk) Sá tími ársins sem helst er aflað nauðpurfta til heimilis. Á fyrri tímum var oftast átt við heyannir og vertíð, eða frá vori til hausts.

Bjargræðisvegur (n, kk) Leið til bjargar. „Útræði í Víkum var mikilvægur bjargræðisvegur um sunnanverða Vestfirði, en þó einkum Breiðfirðingum“.

Bjargsig (n, hk) Sú aðferð við *bjargnytjar* að láta mann síga í *vað* ofan af brún niður á syllur í fuglabjargi. Bjargsig krefst mikils mannafla, þar sem erfitt er að draga mann, vað og veiði upp aftur. Í það þarf einnig góðan útbúnað; traustan vað, bjarghjól o.fl. Sigmaður þarf að vera vel bjargfær; aðgætinn; lipur; léttur í drætti og úrræðagóður. Undirsetumenn þurfa að vera áreiðanlegir og hraustir og brúnamaður þarf að vera aðgæslusamur og glöggur á merki. Öryggi jókst með tilkomu hjálma, talstöðva og annars nútímabúnaðar. Lengstu sig í Látrabjargi voru á Miðlandahillu og á Barð; vel á annað hundrað metra. Í dag búa fáir yfir þeirri kunnáttu og reynslu sem áður lærðist, mann fram af manni á bjargiörðum.

Bjargskrúði (n, kk) Yfirhöfn bjargmanns í eggjatöku; *eggjaskyrta*. „Sigarinn steypir yfir sig bjargskrúðanum, sem er stór strigakúfl. Á honum eru op fyrir höfuð og handleggi; svo stór að inn um þau geti hann látið inná sig eggin. Hypjar hann svo kuflinum sem best uppá bakið og bindur hann svo með snæri að sér um mittið, svo að eggin hrynji ekki niður. Í þenna bakpoka komast um 150 egg. Ennfremur hefur hann poka undir egg á öðrum handleggnum“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).

Bjargsmölun (n, kvk) Smölun Látrabjargs, Bæjarbjargs, Breiðavíkurbjargs og Keflavíkurbjargs. „Þeir ætla í Bjargsmölun á þriðjudaginn“.

Bjargstokkur (n, kk) Kefli/tré sem lagt er á bjargbrún þegar sigið er, til að verja vaðinn frá því að skerast eða festast í brúninni. Í seinni tíð er fremur notað *brúnahjól*.

Bjargtóg / Bjargvaður (n, kk) *Bjargfesti; sigtóg; sigvaður; mannvaður; vaður*; festi sem sigara er slakað í niður í bjarg til eggja eða *fyglinga*. Á fyrri öldum var notuð niðurríst nautshúð í bjargvað. Bjargfesti í Drangey um miðja 18. öld er svo lýst að hún sé gerð úr 7 þáttum af þykkasta nautsleðri, sem eru 80 faðmar fullteygðir. Í hana fari 16 húðir, og þegar hún er þurr sé hún um 120 pund á þyngd. Verð festarinnar var töluvert, eða um 5 hundruð. Vaðir voru því mjög verðmæt eign, og aðeins til þar sem bjargtekja var mikill útvegur. Þættir í vaðinn voru skornir þannig úr húðinni að hún var strengd á jörðina; stungið gat í miðju og síðan hringristur þriggja fingra breiður strengur út frá miðju; svo lengi sem húðin entist. Eftir að hann hafði verið lýsisborinn og teygður var hann oft um 12 faðmar að lengd. Til voru fernskonar vaðir, eftir notkun þeirra og gæðum; mannvaður til bjargsiga; eggjavaður til dráttar á eggjum; fuglavaður til dráttar á fuglakippum og *leynivaðu/handfesti* til handstyrkingar eða tildráttar (sjá þar). Síðar var farið að nota vaði úr hampi. Í bjargfestina á Látrabjargi voru hafðir tveir kaðlar; þeir voru lagðir saman, og var annar þeirra úr manilluhampi, en hinn úr tjöruhampi og töluvert mjórri. Ein trossa var venjulega tvær vaðarhæðir, eða 30 faðmar. Í Látrabjargi þurfti 110-115 faðma festi, en mannvaðir voru þar oftast 60-90 faðmar, og tvöfaldir eggvaðir 20-30 faðmar. Áður en sig hófust var festin reynd áður en farið var í bjarg, með því að binda annan endann við jarðfastan stein, en nokkrir menn gengu á hinn endann og toguðu í. Mikil áhersla var á að geyma bjargvaði vel; í skuggsælli og þurri geymslu. Sumsstaðar voru vaðarbyrgi á bjargbrún til að geyma þá á milli bjargferða. (Samant úr LK; Ísl.sjávarhættir V).

Bjargvanur (l) Vanur að klifra í bjargi; fær; varfærinn, óhræddur og *fótvis*.

Bjargveður (n, hk) Veður sem hentar til bjargferða. „Eftir spánni verður lítið bjargveður á morgun“.

Bjargvegur (n, kk) Vegur sem farinn er til að komast á bjarg til að nytja það. „Út yfir framanverðan Múlann lá bjargvegurinn frá Breiðavík, fyrst út í Engidal en síðan út Flatir“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Bjargvænlegt (l) Björgulegt; lífvænlegt; burðugt. „Ekki er það bjargvænlegt útlitið núna“.

Bjargvættur (n, kk) Sá sem verndar og/eða bjargar. „Hann reyndist þeim alger bjargvættur í þrengingunum“.

Bjargþrota (l) *Bjargarlaus*; kominn á *vonarvöl*. „Verin í Útvíkum urðu mörgu bjargþrota fólk athvarf“.
„...var veturinn 1802 á Vestfjörðum kallaður Klaki. Mikill fjöldi manna varð bjargþrota og margir bændur flosnuðu upp“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Bjarma af /Bjarma fyrir (orðtak) Birta af; sjást speglun af ljósi; *móa fyrir*. „Mér sýnist bjarma fyrir ljósum þarna uppi á Hálsi“

Bjarma fyrir degi (orðtak) *Skíma*; koma fyrsta dagsljós; byrja að birta af morgni. „Það er aldrei svo dimmur þorrinn að ekki bjarmi einhverntíma fyrir degi“.

Bjarma/móa fyrir sól (orðtök) Sjást móta fyrir sól í gegnum þoku/rigningu/dimmviðri. „Hann er hættur að rigna eins mikið, og jafnvel farið að bjarma örlítið fyrir sól“.

Bjarmalandsferð / Bjarmalandsleiðangur (n, kvk) Ferð í mikilli tvísýnu; óvissuferð. Uppruna orðisins má rekja til vikingatímans, en Bjarmaland nefndu víkingar héruðin í kringum Hvítahaf. Ferðir þangað voru hættulegar og tvísýnar og af því er líkingin dregin. Almenn notað í Kollsvík um slíkar ferðir, allt fram á þennan dag: „Þetta verður líklega einhver bjarmalandsferð hjá okkur“.

Bjarmi (n, kk) Skíma; vottur af dagsljósi. „Við ættum að drífa í þessu meðan enn er einhver bjarmi“.

Bjarnarbæli (n, hk) Hættulegur staður; ljónagryfja. „Hann sagðist hafa fengið óbótaskammir þegar hann kom þar síðast; hann færi nú ekki að hætta sér í það bjarnarbæli á næstunni“.

Bjarnarfeldur (n, kk) Feldur/húð af bjarndýri. „Úlpan er hlý eins og bjarnarfeldur“.

Bjarnargreiði (n, kk) Greiði eða viðvik sem kemur fyrir lítið og veldur jafnvel vandræðum eða skaða. „Hann lánaði mér bát svo ég kæmist í róður. Það reyndist hinsvegar bjarnargreiði því vélin bilaði á útstíminu og ég þurfti að fá mig dreginn í land“. Sjá *gera einhverjum bjarnargreiða*.

Bjarndýr (n, hk) Ísbjörn. Eina sögnin sem fer af landgöngu bjarndýra í Rauðasandshreppi er sú sem tengist örnefnunum Bjarnarnúpi, sem er milli Breiðavíkur og Hvallátra, og Bjarnargjá sem er allmikil gjá framan í honum. Sagt er að bjarndýr hafi verið króað af frammi á brún núpsins, í þeim tilgangi að vinna á því. Björninn hafi hinsvegar bjargað lífi sínu með því að renna sér niður snjóskafli sem þá var í Bjarnargjá; ofan frá brún og niður í fjöru. Þaðan lagðist hann til sunds og urðu menn víst ekki varir við hann á þeim slóðum síðan. Bjarnargjá er annars fær brattgengum mönnum af brún og meira en hálfa leið niður, og þaðan er gengt í hliðina Breiðavíkurmegin.

Bjart (l) Getur þýtt dagsbirta eða betra veður. „Það er bjartara veður í dag en í gær“. „Það er nokkru bjartara norðuryfir“.

Bjart af degi (orðtak) Komin dagsbirta; orðið morgunljóst. „Við byrjum ekki á verkinu fyrr en bjart er orðið af degi“.

Bjart í lofti (orðtak) Léttskýjað; ekki þungbúið. „Það gerði léttu rigningskúr þó bjart væri í lofti“.

Bjart í veðri (orðtak) *Bjartviðri*; ekki *þungbúið*; sést vel til allra átta. „Nú er orðið bjart í veðri, svo við hljótum að koma auga á féð ef það er þarna frammi í dalnum“.

Bjart uppaf (orðtak) Nægilega bjart af náttmyrkri eða dimmviðri til að sjáist til efstu fjalla; vel *fallabjart*. „Þokan hefur legið niðri í miðjum hlíðum í allan morgun en nú er orðið vel bjart uppaf“.

Bjart yfir (orðtak) Um veður; ekki þungbúið. „Eitthvað er bjartara yfir núna en þegar við fórum inn“.

Bjartimorgunn (n, kk) Bjart af degi. „Það var komið fram á bjartamorgun þegar ég vaknaði“.

Bjartleitur (l) A. Um manneskju; björt yfirlitum; ljóshærð og ljós á hörund. B. Um veðurútlit; bjart yfir; ljóst. „Hann er mikið bjartleitari í suðrinu núna en fyrir hádegið“.

Bjartsýni (n, kvk) Það að vera vongóður/ hafa trú á því sem framundan er; léttlyndi. „Manni eykst bjartsýni við svona fréttir“.

Bjartsýnismaður / Bjartsýnismanneskja (n, kk) Bjartsýnn maður; bjartsýn kona/manneskja.

Bjartsýnishljóð / Bjartsýnistónn (n, hk/kk) Um það þegar aukinnar vonar/bjartsýni gætir í því sem sagt er. „Það er ekki mikið bjartsýnishljóð í bændum eftir þessar breytingar“. „Einhver bjartsýnistónn var kominn í hann um árangurinn“.

Bjartsýnn (l) Með góða/mikla tilfinningu fyrir; sannfærður; viss. „Ég er bjartsýnn á að þetta takist“.

Bjartur (l) A. Ljósleitur. „Hann er fremur bjartur yfirlitum“. „Þessar grásleppur eru óvanalega bjartar; þær eru trúlega *nýgengnar*“. B. Um veður; heiðskýr; *eyddur*. „Ekki líst mér á hvað hann er orðinn bjartur í norðrinu; ætli hann fari ekki að þykkna upp fljótlega“.

Bjartur á (brún og) brá (orðtak) Ljóshærður.

Bjartur til hafsins (orðtak) Glenna/glampi/ljós/hreinn/eyddur til hafsins. Norðanátt í aðsigi, sem lýsir sér fyrst með því að ský hverfa í norðri og heiðskír blettur sést fyrir Blakkinn, ofanvið hafsbrún.

Bjartviðri (n, hk) Bjart í lofti; léttskýjað; sólskin. „Hér hefur verið bjartviðri og ágætur þurrkur“.

Bjálfagangur / Bjálfaháttur / Bjálfaskapur / Bjánaskapur (n, kk) Heimska; kjánaháttur. „Skelfingar bjálfagangur er nú í honum“! „Það er bjánaskapur að halda að þetta sé hægt“.

Bjálfalega (ao) Aulalega; asnalega. „Ósköp finnst mér þeir standa bjálfalega að þessu“!

Bjálfalegur (l) Undarlegur; aulalegur. „Ég hef verið dálítið bjálfalegur í hausnum í dag. Ætli ég sé ekki kominn með þessa umfangspest“.

Bjálfast (s) Aulast; fara/gera í tilgangsleysi. „Því í ósköpunum varstu að bjálfast af stað í þessari ófærð“?

Bjálfi (n, kk) A. Skinn; einkum notað í seinni tíð um skinn sem flegið var af nýlega dauðu lambi og saumað tímabundið utanum annað lamb til að *venja undir* móður þess fyrrnefnda. Virkaði vel. B. Líkingamál um kjána/aula/mann sem ekki þykir *stíga í vitið*.

Bjálki (n, kk) Sver biti/staur/máttarviður/þverbiti.

Bjánagangur / Bjánaskapur (n, kk) Aulaháttur; fíflagangur; kjánaskapur. „Hverskonar bjánagangur var í þeim að æða á sjó í svona veðurútliti“?!

Bjánaglott (n, hk) Óviðeigandi/aulalegt bros. „Það ætti að hverfa eitthvað af honum bjánaglottið þegar ég sýni honum þetta svart á hvítu“!

Bjánaháttur (n, kk) Heimska; bjálfaháttur; aulagangur. „Ekki skil ég svona bjánahátt“!

Bjánalega (ao) Heimskulega; aulalega. „Þetta hefði getað lánast ef hann hefði ekki farið svona bjánalega að“.

Bjánalegur (l) Heimskulegur; aulalegur; asnalegur; kjánalegur.

Bjáni (n, kk) Kjáni; heimskingi; auli. „Mikill andskotans bjáni getur maðurinn verið“!

Bjástra (s) Baksa/bauka/basla við. „Ég hef verið að bjástra við að hlaða upp skemmuvegginn“.

Bjástra/bögglast við (orðtak) Brasa við; fást við með erfiðismunum; reyna. „Ég hef verið að bögglast við að skilja þetta *hrafnaspark* hjá honum. Maðurinn er varla skrifandi“!

Bjástur (n, hk) Basl; bauk; bras. „Maður er alveg uppgefinn eftir þetta bjástur í fjörunni með trjábolinn“.

Bjáta á (orðtak) Ama að; valda vandræðum. „Hvað bjátar á hjá þér, stúfur minn; hversvegna ertu að skæla“? „Hún (Ólafía Magnúsdóttir) var líka léttlynd og létt á fótinn og hljóp á næstu bæi til að aðstoða ef þar bjátaði á varðandi veikindi eða annað“ (DÓ; Að vaka og vinna).

- Bjóð** (n, hk) A. Boð; veisla. „Hún hélt fjölmennt bjóð á sextugsafmælinu“. B. Bali af/undir fiskilínu. „Það var beitt í bjóð í landi um kvöldið og vaknað tímanlega, venjulega klukkan fjögur til fimm“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri). Líklegt er að uppruninn sé sá sami. Þ.e. að bjóð hafi í upphafi merkt matarbakka sem borinn var fram. Slíkur bakki hafi einnig/síðar verið nýttur undir beitta línu.
- Bjóða** (s) A. Réttu að einhverjum; hafa í boði. Sjálfsgöð kurteisi þykir, þegar manni er boðið eitthvað, hvort sem það er matur eða annað, að segja „gjörðu svo vel“. B. Skipa. „Sýslumaður bauð Gísla að fara hið snarasta út að Naustabrekku...“ (AE; Ljós við Látraröst).
- Bjóða af sér góðan þokka** (orðtak) Vera viðkunnanlegur/aðlaðandi; sýna vinsemd.
- Bjóða fram** (orðtak) Hafa í boði; *bjóða uppá*. „Hann bauð fram strákinn í smalamennskur í Breiðavíkinni“.
- Bjóða (einhverjum) gull og græna skóga** (orðtak) Bjóða gylliboð; leggja fram girnilegra tilboð en staðið verður undir. „Hann bauð mér gull og græna skóga ef ég vildi gera þetta“.
- Bjóða hinn vangann** (orðtak) Vísar í biblíukenningu um reiðstjórnun: „Ef einhver slær yður á vangann skuluð þér bjóða honum hinn vangann“. „Ég held ég sé andskotann ekkert að bjóða þeim hinn vangann; þeir skulu fá að sjá eftir þessu“!
- Bjóða í bæinn / Bjóða innfyrir** (orðtak) Bjóða gestum að koma í hús. „Má ekki bjóða ykkur í bæinn“?
- Bjóða í grun** (orðtak) Gruna. „Mér býður í grun að hér búi eitthvað meira að baki“.
- Bjóða í nefið** (orðtak) Bjóða neftóbak. Fyrrum þótti það sjálfsgött vinarbragð og góð kurteisi af tóbaksmanni að bjóða nærstöddum í nefið. „Sumir áður sem um Rósa síst var gefið/ blessa hann nú og bjóða í nefið“ (JR; Rósarímur).
- Bjóða (ekki) í það** (orðtak) Upphrópun eða áherslusetning. „Það má þó þakka fyrir að það eru ekki kosningar nema fjórða hvert ár. Ég býði ekki í það ef allur þessi frambjóðendasvermur væri að tefja menn árlega“!
- Bjóða svo við að horfa** (orðtak) Þykja/finnast rétt; hafa löngun til. „Það gengur auðvitað ekki að menn smali bara þegar þeim býður svo við að horfa“
- Bjóða(einhverjum) til borðs/bæjar/stofu** (orðtök) Bjóða einhverjum að setjast til borðs; bjóða einhverjum að ganga í bæinn; bjóða einhverjum að ganga til stofu.
- Bjóða upp** (orðtak) A. Halda uppboð og bjóða hlut eða annað þeim sem hæst verð býður. B. Um dans; biðja dömu/herra að dansa við sig. „Hún hafði séð þá í huganum; laglegustu piltana í sveitinni, sem myndu bjóða henni upp; allir í einu...“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).
- Bjóða uppá** (orðtak) Hafa í boði; bjóða. „Hún bauð okkur upp á kaffi og volgar kleinur“.
- Bjóða uppá skrinuna** (orðtak) Um formann í verum Útvíkna; bjóða gestum mat úr *skrinukosti* sínum. „Í verstöðvum norðan Bjargs var skammturinn (sem vermaður fékk til *mötu*) hálfvættarkind yfir vertíðina; geld ær eða sauður. Nokkuð af kjötinu var reykt en hitt saltað, og síðan stundum búin til kæfa úr hvoru tveggja. Þar var algengt að formaður hefði með sér, auk kæfunnar, huppa bringukolla og síður, því að þegar gestir komu bauð hann uppá skrinuna, eins og það var kallað. Einnig var venja hans að gefa hverjum háseta eitt hangikjötsrif; *formannsrifið*, eftir fyrsta róðurinn, þá er vel aflaðist. Einnig kom það fyrir að formaður gæfi hásetum bita úr skrinu sinni, auk formannsrifsins, þegar þeir komu að landi *dauðlerkaðir* með *punghlaðinn* bát. Slíkum formanni gekk oft betur en öðrum að fá háseta, og jók þetta á vinsældir hans“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÖETH).
- Bjóða við** (orðtak) *Klígja við; verða flökurt* af. „Mér býður við lyktinni af þessum óþverra“. Sjá *viðbjóður*.
- Bjóðast** (s) Vera í boði. „Ég þigg þessa aðstoð fyrst hún býðst“.
- Bjóðast til** (orðtak) Vera reiðubúinn að gera. „Hann bauðst til að færa okkur vöruúttektina í leiðinni“.
- Bjór** (n, kk) A. Skinn. Hin algenga notkun orðsins í Kollsvík. „Hann er ekki andlitsfríður og fremur dökkur á bjórinn“. „Ægisdætur áleitnar/ ýrum væta bjórinn./ Vindar tæta voðirnar;/ verða nætur langdregnar“ (JR; Rósarímur). B. Drykkur. Lítt sem ekki notaður í Kollsvík. C. Stórt nagdýr sem ekki lifir á Íslandi.
- Bjórflaska** (n, kvk) Flaska með/undan bjór. „Gunnsi Öss kom með nokkrar bjórflöskur af ekta pilsner, sem framleiddur er í Plsen í Tékkóslóvakíu“.
- Björgafl / Björpil** (n, hk) Hálfpil; hálfgafl; þríhyrnt pil í húsi, t.d. ofan hlaðinna veggja og dyra í gaflí húss. „Ég hlóð reykkofa uppúr gamalli sauðatóft í Ytragili, með björgaflí beggja vegna“. Bjór merkti að fornu þríhyrningslaga stykki; t.d. gafl í kænu. Bjór merkti í upphafi e.t.v. fleygur sem barið er á, og orðstofninn því sá sami og að „berja“ og e.t.v. einnig „bor“.
- Bjúga** (n, hk) Kjötþylsa; hluti af hinni gömlu íslensku matargerð til sveita. Bjúgu voru búin þannig til að kindakjöt var finsaxað/hakkað og kryddað; því troðið þétt í hreinsaða langa; saltað dálítið og hengt upp í reyk

með öðru hangiketi. Á síðari tímum var notað bjúgnaplast úr verslun í stað langa, og bjúgurnar urðu mun mjórri en áður tíðkaðist.

Bjúghnífur (n, kk) Hnífur með blaði sem sveigt er mjög til hliðar, stundum í nær hálfhring, og notaður er til að tálga innanúr íhvolfum hlutum, s.s. skálum. „Afi hafði útbúið sér forláta bjúghníf með því að sveigja og skefta brot af slitnum ljá. Með hnífnum tálgaði hann fyrir okkur strákana forláta trébáta sem við fleyttum á tjörnum og pollum“ (VÖ).

Bjúghyrnd (l) Um hornalag sauðfjár og nautgripa; hringbogið; *hringhyrnd*; *kúphyrnd*.

Bjúgnakrækir (n, kk) Einn jólasveina í Þjóðtrúnni. Bjúgnakrækir var talinn sitja um að stela bjúgum og öðrum mat úr búri húsfreyju. Varð þó fyrst alræmdur er hann missti vinnuna vegna tilkomu frystigeymslna.

Bjúgnefjaður (l) Með áberandi bogið nef.

Bjúgur (n, kk) Hvakkennd bólga sem stafar af söfnun vessa undir húð.

Bjúgusneið (n, kk) Sneið af bjúga. „Settu nú tvær bjúgusneiðar á diskinn fyrir mig“.

Bjöllusauður (n, kk) Kjáni; viðutan/hugsunarlaus maður. „Skelfilegur bjöllusauður geturðu nú verið; hvernig í ósköpunum tókst þér að fara þessa langferð og gleyma aðalerindinu“?!

Björg í bú (orðtak) Aðdrættir/tekjur/matur til heimilis. „Við vorum nú báðir frá fátækum heimilum og þótti gott að fá björg í bú“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Bjögungun (n, kvk) Skrumskæling; úr lagi; rugl. „Það er einhver bjögungun í þessu útvarpi; ekkert nema suð“. „Það er nú bara bjögungun í þessum pólitíkusum að halda að hægt sé að hafa tekjur af þessum bakpokalýð“!

Björg (n, kvk) A. Hjálp; það sem bjargar. „Hann var fastur og *gat enga björg sér veitt*“. Sjá einnig *matbjörg*; *lífþbjörg*. B. Hlíf; hringur utanum gíkk á byssu; *fingerbjörg*.

Björg í búri (orðtak) Það sem bætir úr skorti. „Grásleppuveiðar reyndust mörgum drjúg björg í búri“.

Björgulega (ao) Gæfulega; vel; álitlega. „Það leit ekki björgulega út með hann um tíma, en hann reyndist furðu fljótur að jafna sig eftir veikindin“.

Björgulegur (l) Álitlegur; lífvænlegur. „Ekki er það björgulegt útlitið með berjasprettuna þetta árið“. „Oft voru þannig tvö til þrjú þúsund steinbítar í einni hrýgju, og voru það allmyndarlegir og björgulegir hlaðar“ (PJ; Barðstrendingabók).

Björgun Hjálp; það að bjargast/ komast af. Fyrsta skráða björgun úr sjávarháská við Ísland varð líklega þegar Kollur landnámsmaður braut skip sitt við Arnarboða, undan Grundagrótum í Kollsvík. Frá þessu greinir í Landnámsbók. Ekki er þar sagt nánar frá atvikum, að því frátöldu að Kollur varð landnámsmaður í Kollsvík og virðist hafa unað þar vel.

Björgunaraðgerðir (n, kvk, fto) „Munu Kollsvíkingar hafa lagt sig í mikla hættu við þessar björgunaraðgerðir (þegar „Croupier“ strandaði)...“ (HÖ; Fjaran).

Björgunarafrek (n, hk) Þrekvirki manna sem unnið er við björgun annarra frá háská. Eitt mesta björgunarafrek síðari tíma var unnið af Útvíknámönnum og fleiri heimamönnum í desember árið 1947, eftir að togarinn Dhoon strandaði við Langurðir undir Bæjarbjargi. Öllum skipverjum nema þremur var bjargað með því að hópur björgunarmanna seig niður bjargið af Flaugarnefi; gekk eftir klakaðri fjörunni á strandstað; skaut línu yfir togarann; dró skipverja í land og var síðan dreginn ásamt þeim á brún. Margt fleira sögulegt gerðist í leiðangrinum en þeirri sögu hafa víða verið gerð skil. T.d. vann Óskar Gíslason í Kollsvík að töku myndar sinnar um björgunina, þegar Björgunarsveitin Bræðrabandið var aftur kölluð út; þá vegna strands togarans Sargons við Hafnarmúla. Einnig þar var unnið björgunarafrek, þó ekki tækist að bjarga eins stórum hluta áhafnarinnar.

Björgunarbátur (n, kk) A. Lítil bátur sem hafður er á stærra skipi, til að áhöfn geti bjargað sér á honum ef skipið sekkur. „Björgunarbát úr vélskipinu Helga VE 333 rak Lambavatnsfjörur á Rauðasandi eftir að skipið fórst við Faxasker 7.janúar 1950“. B. Bátur í landi sem mannaður er til björgunar ef skipi hlekkist á.

Björgunarbelti / Björgunarvesti (n, hk) Flotbúnaður sem sjómaður klæðist að ofanverðu til að hann eigi auðveldara með að haldast á floti ef slys verður. Hefur í síðari tíð vikið fyrir flotbúningum.

Björgunarhringur (n, kk) Hringur úr korki eða öðru léttu efni sem kasta má til manns sem fallið hefur í sjó.

Björgunarlaun (n, hk, fto) Laun/viðurkenning fyrir að bjarga verðmætum eða lífi.

Björgunarmaður (n, kk) Sá sem bjargar öðrum. „Í rauninni veit enginn hvernig björgunarmönnumunum leið í fjörunni, nóttina sem þeir urðu að gista þar“ (Ólöf Hafliðadóttir; Utkall við Látrabjarg).

Björgvinjarverslunin (n, kvk) Verslun Íslendinga við verslunarmiðstöðina Björvin (Bergen) í Noregi. Helstu millilandaviðskipti Íslendinga á 13. og 14.öld, og líklega meginástæða þess að Þjóðin játaðist undir vald Noregskonungs með Gamla sáttmála. Þessi verslun byggði einkum á skreiðarútflytningi héðan, enda óx

eftirspurn eftir skreið mjög mikið á þessum tíma og Björgvin var langstærsti skreiðarkaupstaður Evrópu. Urðu Björgvinjarkaupmenn allsráðandi um verslun við Íslendinga allt fram á ensku öldina. Sigling þeirra til landsins jókst verulega uppúr 1340 og í lok þeirrar aldar sigldu íðulega 12 skip árlega, einkum á þær slóðir þar sem verstaða og skreiðarverkun hafði náð fötfestu. Allar líkur benda til að útgerð og skreiðarverkun; með tilheyrandi útflutningi til Björgvinjar, hafi hafist mjög snemma í Kollsvík og öðrum Útvíkum vestra. Til þess bendir m.a. það að á 14.öld er Láganúpur kominn í eigu Saurbæjarveldisins, en meginástæða þeirrar ásælni er vafalaust þær kjöraðstæður sem þar eru til verstöðu og skreiðarverkunar. Firnamikil fiskbeinalög í Grundabökkum renna einnig stöðum undir þetta. Björgvinjarverslunin hefur því verið mikilvægur þáttur í byggðasögu Kollsvíkur.

Björn (n, kk) Bjarndýr. T.d. ísbjörn. Einnig mannsnafn.

Björninn unninn (orðtak) Fyrirséð að viðfangsefnið klárast; verkefnið komið í höfn. „Ef við náum að velta trénu uppfyri stórgrýtið þarna, þá held ég að björninn sé unninn“.

Blað (n, hk) A. Hvaðeina þunnt efni; t.d. hnífsblað; pappírslað; laufblað; bókarblað; fjaðrarblað; krónublað; bikarblað; árarblað; rakblað; rekublað o.fl. B. Fárra blaða rit, stundum reglulega útgefið. T.d. dagblað; vikublað; flokksblað.

Blaða (s) A. Fletta. Oftast í orðtakinu „blaða í“ einhverju. B. Festa blað á eitthvað. T.d. blaða hníf. C. Skeyta saman tréstykki/bita/fjalir á þann hátt að taka fleðu úr hvoru stykki þannig að saman falli og líma, skrúfa eða negla blöðin saman.

Blað skilur bakka og egg (orðatiltæki) Speki sem vísar til meðalhófsins, milli skerpu eggjarinnar og sljóleika bakkans á eggjárn.

Blaðgræna (n, kvk) Grænt efni (clorophyll) í laufblöðum jurta sem gerir þeim fært að vinna sér næringarefni, s.s. kolvetni og prótín úr næringarsnaudum efnasamböndum s.s. vatni, og koltvísýringi. Til þess notar blaðgrænan orku í formi ljóss. Aukaafurð efnaferlisins er súrefni. Ferlið er nefnt ljóstíllífun og er einn mikilvægasti hlekkurinn í fæðukeðju og súrefnisöflun flestra vistkerfa. Blaðgrænan nýtir einkum lengstu og stystu bylgjur ljóssins; þ.e. rauðar og bláar, en síst græna litinn sem þá endurkastast og veldur grænum lit gróðurs.

Blaðgull (n, hk) Þynna úr gulli sem notuð er til að gylla bækur og fleira til skrauts. Oft svo þunn að hún er nær gegnsæ og þarfnast varúðar í meðhöndlun.

Blaðka (n, kvk) A. Þynna; hlutur úr þunnu og sveigjanlegu efni. B. Blað/laufblað á plöntu. Stundum notað um jurtina alla, einkum um *horblöðku* og um blöð *hófsóleyjar*.

Blaðlangur (l) Um hníf; með löngu blaði. „*Hausunarsveðjan* var blaðlöng og flugbeitt“.

Blaðlús (n, kvk) Aphis; sníkjudýr sem iðulega leggst á plöntur og étur þá blöð þeirra.

Blaðlöm (n, kvk) Löm með blöðum/flipum báðumegin við liðinn, og eru blöðin skrúfuð/negld á undirlagið.

Blaðlamir geta verið af margvíslegum stærðum og gerðum, og notaðar á t.d. hurðir, kassa, kistur, hlið o.fl.

Blaðpinni (n, kk) Nýyrði Valdimars Össurarsonar; eitt af nokkrum sem nauðsyn hefur reynst á, vegna fyrstu þróunar sjávarfallahverfla á Íslandi. Blaðpinni merkir tein/pinna/ás sem gengur því sem næst hornrétt út frá meginá hverfilsins, en á blaðpinnanum leikur blaðið þegar það opnast og lokast í straumnum til að fanga orku straumpungans. Margir blaðpinnar geta verið á sama meginás; tærð þeirra, lögun og halli getur verið með ýmsu móti; sem og festing blaðsins við þá“ (VÖ).

Blaðra (n, kvk) A. Belgur úr þunnu efni. B. Styttling á hlandblaðra. „Ég skrapp frá til að létta á blöðrunni“.

Blaðra (s) Tala mikið og samfelt án mikils tilefnis eða innihalds; rausa; bulla. „Ég tek nú lítið mark á því sem hann er að blaðra um þetta“!

Blaðran springur (orðtak) Mælirinn verður fullur; maður fær nóg. „Loks kom að því að blaðran sprakk og hann sagði sína meiningu hreint út“. Líking við að dæla of miklu lofti í blöðru/belg.

Blaðrari (n, kk) Sá sem blaðrar/bullar/rausar.

Blaðsalat (n, hk) Salatkál sem vex í stök blöð en ekki í haus eins og höfuðsalat. „Þegar ég var svona á táningsárunum þá var farið að rækta höfuðsalat og blaðsalat og þá var það oft borðað eintómt með rjóma og sykri“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Blaðsíða (n, kvk) Hlið á blaði. „Ég las þetta af áhuga; alveg til síðustu blaðsíðu“.

Blaðskella (s) A. Skella árablaði í sjóinn svo greinilega heyrst; róa með látum/atgangi. B. Líkingamál um það að fara um með fyrirgangi/látum; um það að ana/ flýta sér. „Hvert ert þú núna að blaðskella“?

Blaðskellandi (s) Fara um með fyrirgangi; koma óvænt „Hann kom hérna blaðskellandi án þess að gera boð á undan sér“. Upprunaleg merking er þegar ræðari skellir árablaðinu í sjóinn með látum.

Blaðskeyta (s) Setja saman með blaðskeytingu; *blaða* saman.

Blaðskeyting (n, kvk) Aðferð við samsetningu stykkja í timbursmíði, enda í enda. T.d. er u byrðingsborð í báti ýmist blaðskeytt eða stúfskeytt. Borð sem á að blaðskeyta eru þynnt út í nánast ekkert í enda á annarri flathliðinni; sniðin lögð saman og negld. Samskeytin eru stundum styrkt með klampa.

Blaðsnepill (n, kk) A. Lítil afrifa af blaði; *blaðsnifsi*. B. Niðrandi heiti á dagblaði/vikublaði eða öðru riti.

Blaðsnifsi (n, hk) Lítil afrifa af blaði; *blaðsnepill*.

Blaðstoppari (n, kk) Sá hluti *sjávarfallahverfils* sem gegnir því hlutverki að stöðva snúning blaðsins um *blaðpinnann*, þegar blaðið er komið í opna stöðu. Orðið er nýyrði, tekið upp af Valdimar Össurarsyni vegna þróunar fyrstu íslensku hverflanna sem ætlaðir eru til nýtingar *sjávarfallaorku*. Í einkaleyfalýsingum og öðru máli er orðið stundum stýtt í „stoppari“.

Blaðstýft / Blaðstýfing / Blaðstúfur (l/ n, kvk/kk) Sauðfjármark. Hálf stýfing; tekin rifa inni eyrað og ofan í broddinn, þannig að biti fer úr og skurðurinn myndar rétt horn. Blaðstýfing er ýmist aftan eða framan á eyra.

Blaður (n, hk) Málæði; raus; bull; þvaður; samfelld tal án mikils innihalds. „Ég þoli illa svona blaður“!

Blaðurskjóða (n, kvk) Málgefin manneskja; *orðabelgur*; *bullari*. „Hún er stundum óttaleg blaðurskjóða“!

Blak (n, hk) A. Það að veifa/blaka t.d. sporði eða væng. B. Högg. Þekktist helst á síðari tímum í samsetningunni að *bera blak af*; sjá þar.

Blaka (n, kvk) A. Sporðstykki á lúðu. „Kviðarstykkið var kallað vaðhorn en sporðstykkið blaka“ (PJ; Barðstrendingabók). B. Viðliður orða, s.s. *súrblaka*; *leðurblaka*.

Blaka (s) A. Hreyfast hægt upp og niður eða til hliðanna á víxl. Einkum notað um hreyfingar vængja þegar fugl flýgur eða þegar fiskur slær til sporði. B. Slá; lemja. Sjá *blaka við*.

Blaka við (einhverjum) (orðtak) Slá/lemja einhvern. „Hann var orðinn fullur og farinn að blaka við gestum“.

Blakkferð / Breiðsferð (n, kvk) Eggjaferð/eggjaleiðangur í Blakk/Breið. „Við stefnum að Blakkferð á laugardaginn“. „Háfurinn er úti á brún, frá síðustu Breiðsferð“.

Blakkleitur (l) Dökkur yfirlitum. „Ansi er maður blakkleitur eftir þessa moldarvinnu“.

Blakkur (n, kk, sérn) Nafn á formfögurum og svipmiklum múla milli Kollsvíkur og Patreksfjarðar. Hann hét Straumnes allt þar til breskir togarasjómenn fóru að venja komur sínar á miðin fraundan, líklega eftir aldamótin 1900. Þar sem fjallið er sérkennilega dökkt yfirlitum, séð frá hafi og í samanburði við ljósa Sandahlíð Núpsins, þótti þeim við hæfi að kalla það „Black Ness“ sem síðan var tekið upp af Íslendingum sem Blakknes; oft stýtt í Blakkur.

Blakkur (l) Dökkur að lit. „*Legnar* grásleppur eru mun blakkari en þær sem eru *nýgengnar*“.

Blakkur á lagðinn (orðtak) Um saufé; dökkt af skít/móstu eftir mikla inniveru. Sjá *klepraður af skít*. „Gemlingarnir voru blakkir á lagðinn eftir innistöðuna“.

Blakta (s) Sveiflast/slást til, t.d. í vindi. „Fáninn blakti tignarlega við hún“.

Blaktandi skar (orðtak) Líkingamál um þann sem orðinn er veiklulegur/ósjálfbjarga vegna veikinda eða elli. „Hann er orðinn hálfgerð blaktandi skar í seinni tíð“. Líking við skar á kerti, en það er sá kolaði hluti kveiksins sem stendur uppúr vaxinu og er mjög brothætt.

Blaktir ekki hár á höfði (orðtak) Hreyfist ekkert fyrir vindi; logn „Það var blankalogn og blakti ekki hár á höfði“.

Blammera (s) Tala niðrandi um; lítilsvirða. „Það er óþarfi að blammera hann fyrir þessi mistök“. Enkusletta; „blame“.

Blammeringar (n, kvk, fto) Svívirðingar; niðrandi ummæli; ákúrun. „Maður getur nú ekki vel setið þegiandi undir svona blammeringum; alveg sárasklaus“!

Bland (n, hk) A. Blanda; sambland; hræringur. Oft notað um mjólk sem þynnt er með vatni, t.d. til að gefa stálpuðum kálfum. Sjá hinsvegar *beggja blands* og *í bland við*.

Blanda (n, kvk) A. Almennt um efni sem gert er með blöndun tveggja eða fleiri efna. B. Þynnt sýra/skurmýsa sem tekin er með í ferðalög og róðra sem svaladrykkur við þorsta; *drukkur*; *blöndudrukkur*.

Blanda (s) Hræra; mixa; grauta. „Þú mátt ekki blanda nýjum hrognum saman við hrognin frá í gær“!

Blanda geði við (orðtak) Eiga samskipti við; tala við; deila hugmyndum/skoðunum.

Blanda sér í (orðtak) *Hafa afskipti af*; *skipta sér af*; *taka þátt í*. „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu...“ (PG; Veðmálið).

Blandast hugur um (orðtak) Vera í vafa um. „Engum blandaðist hugur um að hér var alvara á ferðum“.

Blandin ánægja/gleði (orðtak) Tregafull ánægja/gleði; ekki sönn/einlæg ánægja gleði vegna málefnis sem á skyggir“.

Blanka (s) Glampa; blika; speglast. „Ofan úr Dalbrekkum blankaði á vötnin í Vatnadalnum“.

Blankalogn (n, hk) **Blankandi logn** (orðtak) Algert logn og blíða. „Það er bara dottidi á blankalogn“.

Blankheit (n, hk, fto) Fátækt; peningaleysi. „Það þýðir ekkert að hugsa um svona lagað í þessum blankheitum“.

Blankskór (n, kk, fto) Spariskór; glansandi, svartir skór. „Farðu varlega hér í forinni á blankskónum“.

Blankur (l) A. Fátækur; allslaus; peningalaus. „Hann sagðist vera ósköp blankur þessa stundina“. B. Í spilum; renus; uppiskroppa með litaröð. „Ég er orðinn alveg blankur í laufi“.

Blasa við (orðtak) Vera augljóst. „Þegar búid er að kippa grundvellingum undan afurðaverðinu þá blasir það við að byggðin er fljót að eyðast“. „Biskupsþúfan blasir við/ með blessað gullið falið./ Henni að hreyfa og yta við/ óráðlegt var talið“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Blaudur (l) Huglaus; ragur. „Ég er ekki svo blaudur að ég hræðist *glorraganginn* í þeim þrjóti“!

Blautfiskur (n, kk) Matfiskur sem ekki er þurrkaður og hefur ekki verið frystur; nýr og saltaður fiskur.

Blautlegur (l) A. Um veðurlag; rigning; vætusamt; vott. „Hann er búinn að vera fjári blautlegur í tíðinni“. Virðist ekki hafa verið notað í þessari merkingu annarsstaðar. B. Klámfenginn (algeng merking)

Blautlegar vísur / Blautlegur kveðskapur (orðtök) Klámvísur; tvíræður kveðskapur.

Blautt á (orðtak) Gras orðið blautt. „Það er þýðingarlaust að rifja þegar er orðið rennblautt á. Við byrjum ekki fyrir en þornar af aftur“.

Blautt um (orðtak) Blautt að fara/ganga um. A. Bleyta á jörð vegna áfalls eða rigninga. „Vertu í stígvélum; það er blautt um eftir rigninguna“. B. Um tún/jarðveg; mýrlent/gljúpt yfirferðar. „Það þýðir ekkert að fara með vél á sléttuna meðan enn er svona blautt um“.

Blautur (l) A. Votur; dreyptur vökva. „Farðu í hlífar svo þú verðir ekki blautur“! B. Ölkær; mikið fyrir áfengi.

Blautur fiskur / Blautfiskur / Blautverkaður fiskur (orðtak/ n, kk) Saltfiskur sem ekki er þurrkaður eftir söltun, heldur geymdur í sínum pækli að miklu leyti. „Árið 1919 var fiskur í afar háu verði. Keypti félagið þá allmikið af blautum fiski, og þar sem ekki vannst tími til að verka hann allan“ (ÍÍ; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Blautur inn að beini/skinni (orðtak) *Gegnblautur*; öll föt rennandi blaut. „Hann setti yfir okkur slíka *rigningarskulfu* að við urðum blautir inn að beini“.

Blautur/votur í fæturna (orðtak) Fótblautur. „Ég er blautur í fæturna eftir að fara um mýrina á strigaskóm“.

Blautur upp í klof/mitti / Blautur uppundir hendur (orðtök) „Það þótti ekki sérstakt tiltökumál þó að flestir sem unnu að uppskipun við þessar aðstæður kæmu frá því blautir upp í mitti eða undir hendur“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Blautt/rakt í rót (orðtök) Um gras; ekki þurrt nema ofantil. „Hann er að *þorna af*; en það er enn blautt í rót“.

Bláalvara (n, kvk) Mikil alvara; að öllu gamni slepptu. „Honum var bláalvara með þetta“.

Bláber / Bláberjalyng (n, hk) Ber/lyng af ættkvíslinni *Vaccinae*, blá að lit og nokkuð algeng í mólendi víða um land; þar á meðal í landi Kollsvíkur. Bláberjaspretta er misjöfn milli ára en vanalega má finna nokkuð af þeim, t.d. í Stóravatnsbrekkum í Vatnadal; í Keldeyradal og víðar. Þau voru nokkuð tínd, og etin ný ein sér; með skyri eða með rjóma. Sum árin voru þau fryst í sykurlegi til vetrarins, eftir að möguleiki varð á því. Þá voru þau tekin fram og snædd hálfþýdd með rjóma. Ásamt venjulegum bláberjum vaxa aðalbláber, *Vaccinium myrtillus* á svipuðum slóðum. Þau eru sýndarmun minni og mun dekkri; lyngið ljósara. Bragð þeirra er nokkuð frábrugðið og þau þola betur hnjask.

Bláberjaskyr (n, hk) Skyr með bláberjum útá; oft einnig rjómalandi.

Blábjáni (n, kk) Fábjáni; vitleysingur; auli. „Hverskonar blábjáni getur maðurinn eiginlega verið“!

Blábroddur / Bláoddur (orðtak) Ysti broddur; ysti hluti á oddhvössum hlut.

Blábrún / Blánibba (n, kvk) Fremst á klettabrún. Stundum borið fram og ritað í tvennu lagi. „Þarna á blábrúninni (á Strengberginu) er mjög gamalt skothús sem notað var til skamms tíma“. (IG; Sagt til vegar). Sjá *blákantur*.

Blábuna (n, kvk) A. Fyrsta buna úr spena þegar kú er mjólkuð. Mjólkin í henni getur verið varasöm og staðin, og því er henni yfirleitt beint fremur í flórinn en mjaltafötuna þegar *handmjólkað* er. B. Fyrsta bunan úr kaffikönnu eftir uppáhellingu. Ekki þótti viðeigandi að bjóða hana gestum.

- Bláendi** (n, kk) Ysti/naumasti endi. „Það var lítil veiði í þennan streng; og allt í bláendann á honum“.
- Bláeygður / Bláeygur** (l) A. Með blá augu. B. Grunnhygginn; hrekkláus; barnalegur. „Skelfing ertu bláeygur á þetta“!
- Bláfátækt** (n, kvk) Allsleysi; neyð; örbirgð.
- Bláfátækur** (l) Eignalaus; *örsnaudur*.
- Bláfátækur barnamaður** (orðtak) Fátækur maður með börn á framfæri. Oftast notað sem líking um þann sem er fjárvana. „Ég vorkenndi honum, bláfátækum barnamanninum, og lánaði honum þetta um stundarsakir“.
- Bláfjara** (n, kvk) Háfjara; mesta fjara áður en fer að falla að. Fremur var talað um háfjöru í Kollsvík.
- Blágómur** (n, kk) Fremsti hluti fingurs. „Ég náði upp á brúnna fyrir ofan með blágómunum og með smá príli tókst mér að ná þar öruggri festu“.
- Blágrár** (l) Litur sem er millistig af bláu og gráu.
- Blágresi** (n, hk) *Geranium sylvaticum*. Litunargras; sortugras; blómplanta sem algeng er um landið; sést víða í Kollsvíkurlöndum; einkum í grónum snjóþungum brekkum móti suðri. Með áberandi stórum fimmdeildum fjólubláum blómum. Blágresi var notað til lækninga, enda inniheldur það óvanalega mikið af barkandi tanníni. Var jurtin lögð við blæðandi sár til að stöðva blóðrás, en einnig til inntöku við mörgum meltingarkvillum og sem munnskol við sýkingu í munni. Þá var það notað til litunar og gefur svartan lit.
- Blágrýti** (n, hk) Basalt; algeng tegund storkubergs, og sú tegund sem myndar að mestu þann hluta berggrunns landsins sem mótaðist á tertíer tímabilinu. Blágrýti er því uppistaða berggrunns Kollsvíkur og flestra annarra hluta Vestfjarða. Storkuberg er annarsvegar flokkað eftir innihaldi kísilsýru og hinsvegar eftir kristalstærð; þ.e. storkunarhraða/myndunarstað. Blágrýti er basískt berg sem storknað hefur tiltölulega hratt; þ.e. á yfirborði jarðar í hraunrennsli. Kornastærð basalts/blágrýtis getur hinsvegar verið nokkuð mismunandi; allt frá því að vera gljáandi basaltgler uppi það að vera smákornótt grágrýti. Algengast í Kollsvík og víðar er steingrátt eða jafnvel blásvart blágrýti. Blágrýtið í berggrunni Kollsvíkur er með rauðleitum millilögum af glerjaðri örku og jafnvel jarðvegsleifum, sem ber vitni um að jarðlagastaflinn hefur hlaðist upp með goshléum fyrir um 16 milljónum ára. Staflinn er víða skorinn af lóðréttum berggöngum með yngra sprungubergi, sem oftast er annarrar gerðar, bæði að samsetningu, hörku og kornastærð.
- Blágrænn** (l) Litur sem er millistig af bláu og grænu.
- Bláhorn** (n, hk) Ysta horn. „Það er erfitt að slá með sláttuvél út í bláhornin á sléttunum“.
- Bláhravn** (n, kk) *Corvus frugilegus*. Hrafnategund sem stundum flækist til landsins. Hefur sést í Kollsvík.
- Bláhvirlfill** (n, kk) Efst á hvirfli/höfði. „Ég hef náð að hruflla mig á bláhvirlfinum þegar ég gekk fyrir nefið“.
- Bláhvítur** (l) Litur sem er millistig af hvítu og bláu; mjög ljósblár. „*Geldmjólk* verður gjarnan bláhvít að lit“.
- Bláhvítalogn** (n, hk) *Staflogn; kjör; stilla; hvítalogn*. „Seint um kvöldið lögðum við af stað frá Patró og fengum bláhvítalogn alla leið í Kollsvík“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Blákaldur** (l) Hiklaus; óvæginn; sannur. „Hann hélt þessu blákalt fram“. Sjá *ljúga blákalt*.
- Blákaldur sannleikur / Bláköld staðreynd** (orðtök) Raunveruleiki; óvæginn staðreynd. „Kannski hefði ég bara ekkert átt að fegra þetta, heldur segja henn blákaldan sannleikann“.
- Blákantur** (n, kk) Mjög tæpt á kanti (t.d. vegkanti). „Honum var illa við að fara bílförin þar sem þau lágu á blákantinum“. Sjá *blábrún*.
- Bláköld lygi** (orðtak) Algjör/samviskulaus lygi. „Þetta getur ekki verið annað en bláköld lygi“!
- Blálandskeisari** (n, kk) Ein margra kartöflutegunda sem ræktaðar voru í Kollsvík. Aðrar voru t.d. gullauga, rauðar íslenskar, helga, Látrakartöflur, prémier, möndlukartöflur, bintje, bláar íslenskar og blálandsdrottning. Blálandskeisari er flöt og aflöng kartafla; fjólublá á hýði og með blárri rönd innaní.
- Blálanga** (n, kvk) *Molva dypterykia*. Fiskur af þorskaætt, sem finnst allt í kringum landið, einkum í djúpsjó.
- Bláliggjandi** (n, kk) *Háliggjandi; blásnúningur*; tíminn sem *fallaskipti* standa á sjó. „Hann gaf sig lítilliga til um bláliggjandann“.
- Bláma** (s) Móa; sjást móta/lýsa fyrir. „Aðeins er farið að bláma fyrir þúfnakollum eftir hlýindin“.
- Blámi** (n, kk) A. Svell; svellbunki. „Neðra sniðið var einn samfelldur blámi og algjörlega ófært keðjulaust“.
B. Heiður himinn. „Aðeins er farinn að sjást blámi í austrinu“.
- Blána** (s) Verða blár. „Hann tók á af öllum sínum *lifs* og *sálar kröftum*, þar til hann fór að blána í framan“.
- Blánótt** (n, kvk) Miðhluti nætur; gæluheiti um nótt. „Féð *liggur* bara við opið og fer ekki inn nema rétt yfir blánóttina“. „Ég gisti þarna yfir blánóttina en hélt svo áfram í *raudabítu*“.

Blár (n, kk) Fjarski; fjarstæða; himinn/haf sem er langt í burtu. „Hann *horfði* bara *út í bláinn* en svaraði engu“. Sjá einnig *svara út í bláinn*.

Blár (l) A. Litur. B. Heimskur; einfaldur; skilningslaus. „Ég er ekki svo blár að ég viti þetta ekki“!

Blár af kulda (orðtak) Um manneskju; svo kalt að húðin er byrjuð að blána. „Farðu nú í eitthvað hlýrra drengur; þú ert orðinn blár af kulda“.

Blár og blóðugur / Blár og marinn (orðtök) Illa til reika; meiddur. „Ég var allur blár og blóðugur eftir fallið“.

Blárefur (n, kk) Undirtegund/litarafrbrigði tófu/refs/fjallarefs (vulpes lagopus), dregur nafn af bláleitum feldi.

Blása (s) A. Vera með vindi. „Ég man ekki hve marga daga stormurinn blés linnulaust...“ (KJK; Kollsvikurvef). B. Anda heyrnlega. „Hann kom síðastur upp á brekkubrúnina og blés þungan“.

Blása af (orðak) A. Um þurrk; þorna af; verða þurrt á jörð í þurrum vindi. „Það blæs fljótt af í þessari golu“. B. Um snjó; festir ekki á jörð heldur fýkur af og hleðst annarsstaðar í skafla. „Hann hafði alveg blásið af í Jökladalshæðinni“. C. Um vind úr tiltekinni átt: „Hann er farinn að blása dálítið af austri“.

Blása á móti (orðtak) A. Um vind; standa framan á göngumann. B. Líkingamál um að lenda í andstreymi. „Það þýðir ekkert að gefast upp þó móti blási“.

Blása (ekki) byrlega (orðtak) A. Eiginleg merking; gott leiði til siglinga. B. Um velgengni. „Það blæs ekki byrlega fyrir þeim núna; hún kasólétt og hann svona veikur“. „Það blés ekki byrlega fyrir starfseminni í upphafi“.

Blása ekki úr nös (orðtak) Vera ekki móður; láta ekki sjá á sér þreytumerki. „Hann lét sig ekki muna um að hlaupa lambið uppi, og blés ekki úr nös á eftir“! „Ég henti pokunum upp á vagninn án þess að blása úr nös“.

Blása í gaupnir sér (Blása (sér) í kaun (orðtak) Aðferð til að koma örlítilli hlýju í kaldar hendur; þá eru lófarnir lagðir kúptir saman, þannig að rifa er á milli þumalfingra; og síðan blásið hlýjum andardrætti inn í holið. „Er þér kalt vinur? Prófaðu að taka af þér vettlingana og blása þér örlítið í kaun; það getur hjálpað aðeins“.

Blása til... (orðtak) Efna til; boða til. „Blásið var til fundar um málið“. „Í þessu tilefni var blásið til veislu“. Sennilega líking við það að lúðrar séu þeyttir þegar lagt er til orrustu.

Blása upp (orðtak) A. Hvessa; auka vind. „Nú er hann eitthvað að byrja að blása upp“. B. Um jarðvegseyðingu svæðis; vindur rífur upp jarðveg og þeytir honum burt. Stýrir oftast þolfalli í máli Útvíknamanna: „Hann taldi sig sjá örugg merki þess að fit þessa væri tvisvar búið að blása upp til agna...“ (ÞJ; Örn.Lýsing Hvallátra). „Melinn er nú að blása hraðar upp en verið hefur“. Einnig „blásast upp“ í sömu merkingu. C. Um belg/blöðru; þenja út með lofti. D. Gera meira úr málefni en tilefni er til. „Andskotans íhaldið er búið að blása þetta kjaftæði upp; algerlega að tilefnislausu“!

Blása úr eggjum (orðtak) Blása innihaldi úr eggjum til að unnt sé að geyma þau, t.d. í *eggjasafni*. Gert er sitt nálargatið á hvorn enda eggsins og innihaldinu blásið úr.

Blása út sólir (orðtak) Gera *rosabaug* um sól; *gill eða/og úlfur* sjást nærri sólu. Sjá *blæs út sólir*.

Blása (við) þungan (orðtak) Andvarpa; gefa frá sér blástur/stunu. „Þórður blés þungan og var djúpt hugsí“.

Blásaklaus (l) Alveg saklaus; hafður fyrir rangri sök. „Það þýðir ekkert að skamma mig; ég er blásaklaus“.

Blásandi byr (orðtak) Góður meðbyr. „Þeir fengu blásandi byr norður yfir Flóann“.

Blásandi fjara / Blásandi stórstraumsfjara (orðtak) Mjög stór stórstraumsfjara (áhersluauki). „Það var blásandi stórstraumsfjara þegar við *komum að*, svo við renndum fyrir fisk á Bótinni meðan við biðum eftir að þægilegar yrði að setja bátinn“.

Blásarareim (n, kvk) Kílreim sem færir afl yfir á blásara frá vél eða rafmótor.

Blásaraskúr (n, kk) Skúr sem hýsir súgþurrkunarblásara.

Blásarastokkur (n, kk) Steyptur stokkur sem lofti er blásið um; hluti af súgþurrkunarkerfi í hlöðu.

Blásari (n, kk) Tæki sem blæs lofti og í sumum tilfellum föstu efni með. T.d. hitablásari, hárblásari, gnýblásari, snjóblásari, súgþurrkunarblásari.

Blásaumur (n, kk) Smágerður járnsaumur (nagli) með flötum haus, oft bláleitur að lit.

Bláskel (n, kvk) Annað heiti á *kræklingi*.

Blásnauður (l) *Bláfátækur*.

Blásnúningur (n, kk) Háliggjandi; fallaskipti; stuttur tíma straumleysu meðan *skiptir falli*.

Blásteinn / Blásteinslútur (n, kk) Koparsúlfíð sem notað var til litunar á skinni. Sjá *gæra*. „Skinnin sem notuð voru til skinnklæðagerðar voru misjafnlega undirbúin. Sum voru blásteinslituð, og þótti það verja fúa“

(KJK; Kollsvíkurver). „Gærur sem nota átti í sjóklæði voru rakaðar með flugbeittum hníf; síðan lagðar í blásteinslút. Blásteinn var fluttur inn í föstu formi, en síðan leystur upp með vatni og notaður sem rotvarnarefni“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Blástur (n, kk) A. Vindur; hvassviðri. „Það er kominn bara þó nokkur blástur“. B. Þungur andardráttur; mäs. C. Gufumökkur á hafi sem stafar af andardrætti hvals. D. Uppblástur lands; landeyðing.

Blásturjárn (n, hk) Járn sem unnið er með *raudablæstri*. Einar í Kollsvík stundaði rauðablástur með hinni gömlu aðferð, síðastur Íslendinga, en aðferðin lagðist almennt niður á 15.öld þegar erlent járn fór að flytjast. Um árið 1100 var járn flokkað í þrjár gæðategundir. Blásturjárn var ódýrast; kostaði 5 aura vættin (34,3 kg); *fellujárn* kostaði 6 aura en *teint járn* var *metfé*; verð á því fór eftir samkomulagi. Talið er að fellujárn hafi verið tvíbrætt járn, og því mun hreinna en blásturjárn. Teint járn hefur sennilega verið stál það sem notað var í t.d. sverðasmíði.

Blásýra (n, kvk) Vetnissýaníð; rokgjarn, litlaus og baneitraður vökvi. Sölt af henni nefnast sýaníð. Örlítið magn blásýru getur dreidd mann á fáum mínútum. Blásýra verður m.a. til við bruna hefðbundinnar einangrunar úr frauðplasti, og því er hún víða bönnuð í byggingum.

Blátt áfram (orðtak) A. Notað til áherslu; alveg; algerlega. „Þetta er blátt áfram bannað!“ „Hún roðnaði blátt áfram niður á háls“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938). B. Í seinni tíð er orðið notað um persónu sem er venjuleg/alþýðleg eða hreinskilin.

Blátungubroddur (n, kk) Fremsti oddur tungunnar þegar hún er rekinn út úr munni. „Ég þorði ekki að smakka á þessu, en rak í það blátungubroddinn“.

Blátær (l) Iveg tær; kristaltær. „Ætlar þú ekkert að drekka nema blátært vatn“?

Blátær sannleikur (orðtak) Alveg satt; *dagsatt*. „Þetta sagði hún að væri blátær sannleikur“.

Blátært vatn (orðtak) Hreint vatn; einungis vatn. „Mér finnst það lélegar veitingar ef þú vilt ekkert þiggja nema blátært vatn“.

Blávatr (n, hk) A. Blátært vatn; hreint vatn. B. Lydda; aumingi. „Hann sýndi það með þessu afreki að hann er alls ekkert blávatr, drengurinn“.

Bláþráður (n, kk) Hárgrannur þráður. „Ég áttaði mig á því eftir á að líklega *hékk* líf mitt þá á *bláþræði*“.

Bláæð (n, kvk) Æð í líkamanum sem flytur blóðið aftur til hjartans.

Bleðill (n, kk) Lítið klæði; lítið blað. „Ég skrifaði heimilisfang og símanúmer á einhvern bleðil, en skammti síu ögnin að ég finni það nokkursstaðar núna“.

Bleiða (n, kvk) Afmarkaður sandblettur á hafsbotni. Stærri sandfláki á botni nefnist *gljá*.

Bleik brugðið (orðtak) Oftast í myndunum „þá var/ nú er bleik brugðið“. Um það þegar einhverjum verður mikið um eitthvað. „Nú þykir mér beik brugðið ef hann er orðinn sáttur við ruglið í íhaldinu!“ Orðið „bleikur“ er augljóslega rímorð, en vísar einnig til þess að maður náfölni þegar honum bregður/ hann bliknar. *Sjá nú er Bleik brugðið*.

Bleikálóttur (l) Litur á hesti; dökkbleikur á bol með næstum svarta mön í faxi, en fætur og hófar dökkir.

Bleiking (n, hk) Það að bleikja.

Bleikja (n, kvk) Salveninus alpinus. Laxfiskur sem lifir bæði í vörnum og sjó. Verður allt að 12 kíló að þyngd. Góður matfiskur. Tvennskonar bleikja hefur fyrirundist í Kollsvík. Annarsvegar smávaxin bleikja í ám, lækjum og skurðum; svonefndar *bröndur* (fyrrum *brandkóð*). Hinsvegar stór bleikja sem sleppt var í vötn sem seiðum á 8.áratug 20.aldar; upprunnin úr Þingvallavatni. Hún dafnaði vel í Stórvatni en fjölgaði sér ekki. Sleppingar í Litlavatni og Kjóavatni skiluðu ekki árangri.

Bleikja (s) Gera hvítt; hvítna; lýsast. „Lérefstið var lagt í klór til að bleikja það“. Stofnskyll *blikna*.

Bleikur (l) Litur; ljósrauður. „Afi hafði illan bifur á *glámhvítu* fé og vildi helst ekki sjá það í sínum fjárstofni. Taldi hann að hinar bleiku granir gerðu féð viðkvæmara og síður fært um að bjarga sér á útibeit“.

Blek (n, hk) Lögur af sterkum lit, notaður til skrifta. Fyrrum var allt blek heimaunnið, einkum úr sortulyngi. Þá voru blöðin soðin lengi í vatni, en sútunarsýran í þeim gengur í samband við bókfellið sem ritað var á. Síðar fluttist erlent blek til landsins ásamt lindarpennum og síðar kúlupennum.

Blekaður (l) Ölvaður; fullur. „Hann var orðinn ansvíti blekaður þegar hann fór heim af ballinu“.

Blekbytta (n, kvk) Lítil, flöt krukka með bleki fyrir blekpenna/lindarpenna. Fyrir daga kúlupennans voru blekbytta, blekpenni og þerripappír þarfapung á hverju heimili.

Blekpenni (n, kk) Sjálfblekungur; lindarpenni; penni sem fylla þarf með fljótandi bleki og með málmfjöður fremst, sem ritað er með.

- Blekpúði** (n, kk) Lítill púði í dós, sem notaður er til að fá blek á stimpil áður en stimplað er með honum.
„Meðan Össur á Láganúpi gegndi starfi oddvita var stimpill hreppsins vandlega geymdur í læstri skúffu ásamt blekpúðanum“.
- Blekkling** (n, kvk) Svík; talar; það að *villa um fyrir* einhverjum. „Sumir trúðu á þetta en ég sá strax að þetta voru tómar blekkingar“.
- Blekkja** (s) Villa um fyrir einhverjum; svíkja; tæla. „Láttu ekki lítinn blekkja þig; þessi kind er *kolmóraud* þó hún sýnist *golsótt* þegar hún er *í reyfinu*“.
- Bleksterkt kaffi** (orðtak) Mjög sterkt kaffi. „Ekki veit ég hvort svona bleksterkt kaffi er hollt, en gott er það“.
- Blekugur** (l) Ataður bleki. „Strákurinn hafði komist í pennan og var allur blekugur um munninn“.
- Blendingur** (n, kk) Sambland; hræringur; hrærigrautur. „Tíkin var blendingur af íslenskum og skoskum fjárhundi“.
- Blesa** (n, kvk) Ljós blettur í dekkra umhverfi. Oft notað um ljósan blett á snoppu/enni hests, en einnig fleira.
„Þú ert með einhverja dökka blesu á kinninni“.
- Blesmæltur** (l) *Blestur í máli*; smámæltur; getur ekki sagt „s“. „Hann var stórgáfaður, en áberandi blesmæltur“.
- Bless** (Uh) Kveðja. Styttling sem algeng hefur orðið í seinni tíð, einkum í mæltu máli; á kveðjuorðinu blessaður/blessuð, sem aftur var styttling á „komdu blessaður“ eða „vertu blessaður“.
- Blessa** (s) Signa; óska blessunar/velfarnaðar; óska velvilja æðri máttarvalda.
- Blessa (einhvern) í bak og fyrir** (ortak) Hlaða lofi á; óska góð; *margþakka*. „Hann blessaði mig í bak og fyrir þegar ég færði honum hákarlsbitann“.
- Blessaður** (l) A. Kveðja. „Komdu blessaður/margþakkaður“. „Vertu nú blessuð og sæl“. B. Áherslu- eða staðgengilsorð. „Blessaður vertu ekki að tefja þig við þetta núna; við athugum það bara á morgun“! „Hann er alltaf jafn hugulsamur, blessaður drengurinn“!
- Blessaður vertu** (orðtak) Aukasetning sem oft er höfð til áherslu. „Blessaður vertu; þetta skiptir engu máli“!
- Blessuð blíðan** (orðtak) Blíðviðri; einstaklega gott veður; sólskin og hæglæti. „Það er blessuð blíðan“! „Enn er sama blessuð blíðan; *dag eftir dag*“!
- Blessun** (n, kvk) A. Það að óska velfarnaðar/blessunar. „Prestur var hálfnaður með blessunina þegar hann fékk hóstakast“. B. Hamingja; lán. „Mikil guðs blessun er það að vera laus við þetta bölvæð borgarþvarg“! Sjá *seinni blessun*. C. Staðgengilsheiti. „Hún sendi mér nokkur egg, blessunin sú arna“.
- Blessun eykst/vex með barni hverju** (orðatiltæki) Auðskilin speki, þó oft hafi ómegðin verið erfið fyrrum.
- Blessunarlega** (ao) Til allrar hamingju; sem betur fer. „Við höfum blessunarlega sloppið við þessa flensu“.
- Blessunarorð** (n, hk, fto) A. Það sem prestur mælir er hann blessar söfnuðinn. B. Líkingamál, oft um ávitur. „Ef þessir túristafjandar vaða yfir sléttuna þá skal ég svei mér láta þá heyra nokkur vel valin blessunarorð“!
- Blestur í máli** (orðtak) *Blesmæltur*; málháltur á einhvern hátt. Oft notað t.d. um þá sem eiga erfitt með að segja einstaka samhljóða, t.d. „s“.
- Blettfaet** (l) Um lit á sauðfé; hvít með svarta(n) blett(i) á fótum. „Blettfóta er að bera uppi undir Hjöllum“.
- Blettóttur** (l) Með blettum. „Ansi er sléttan að verða blettótt“!
- Blettur** (n, kk) A. Dill; blesa; litabrigði á afmörkuðu svæði. B. Túnskiki. „Ég var að slá blettinn kringum fjárhúsin“. C. Veiðisvæði; mið. „Ég fór hér fram á Sandblettina og fékk ágætt yfir snúningin“.
- Bleyða** (n, kvk) Niðrandi heiti á þeim sem er huglaus; raggeit; heigull.
- Bleyðuháttur / Bleyðuskapur** (n, kk) *Raggeitarháttur; heigulsháttur*.
- Bleyja** (n, hk) Stykki af mjúku efni sem haft er til að taka við þvagi og saur ungbarna og annarra sem ekki geta nýtt kamar/salerni. Löngum voru bleyjur úr tauefni sem var þvegið og endurnýtt, en nú eru einnota bleyjur algengastar, sem fleygt er með innihaldinu.
- Bleyta** (n, kvk) A. Væta; vottur af vatni eða öðrum vökva. „Hvaðan kemur þessi bleyta á gólfinu“? B. Sandkvika; aurbleyta. Finkornaður vatnssósa jarðvegur sem ekki heldur þegar gengið/ekið er á honum. „Enn eru víða bleytur í lautum“.
- Bleyta** (s) Væta; gera vætu; rigna; *súlda; falla á*. „Við þurfum að ná heynu inn áður en hann bleytir meira“.
- Bleyta á (jörðu)** (orðtak) Rigna svo jörð blotni á yfirborði. „Hann *dropar* örlítið en þó ekki svo að það nái að bleyta á“. „Við hættem þessu núna; hann er farinn að bleyta töluvert á jörðu“.

Bleyta færi (ortak) Renna fyrir fisk; stunda skakveiðar; fara í róður. „Við erum komnir nokkuð djúpt; er ekki kominn tími til að bleyta færin“? „Það var slík ördeyða uppi á grunninu að menn bleyttu ekki færi fyrr en úti í kanti“. Sjá *dýfa krók í sjó*.

Bleyta sig (í fæturna) (orðtak) Verða votur í fæturna; *vaða*. „Farðu nú í stígvél frekar en gúmmískó, svo þú bleytir þig ekki í fæturna“! Einnige það nefnt að bíll „bleyti sig“ ef bleyta kemst í rafkerfið svo drepst á vélinni, t.d. þegar ekið er greitt yfir læk eða djúpan poll.

Bleyta upp (orðtak) Lina í vatni. „Þeir (þurrkaðir fiskhausar) voru ýmist seldir eða bleyttir upp og barðir fyrir skepnurnar næsta vetur“ (IG; Æskuminningar).

Bleytadrulla / Bleytuslydda / Bleytuskítur (n, kvk) Mjög blaut slydda; slydda sem bleytir mjög föt og annað; nærri rigning. „Þetta er ljóta bleytadrullan; maður er innúr með það sama“! „Er ekkert að draga úr þessum bleytuskít“?

Bleytuél / Bleytukafald (n, hk) Slydduél; slydda sem þiðnar og bleytir þegar hún sest á fénað og annað. „Það verður að setja féð inn. Það verður undireins *forblautt* í þessum bleytuéljum“.

Bleytufor / Bleytuforað (n, kvk/hk) Bleytuseil; forarsvað. Stundum notað um blautt starlendi með meyrum jarðvegi. „Reyndu að missa féð ekki niður í bleytuforina niðri í víkurbotninum“.

Bleytuhríð / Bleytukafald / Bleytuslydda (n, hk/kvk) Slyddukafald; slydda sem bráðnar að mestu um leið og hún nær yfirborði.

Bleytukóf (n, hk) Fingert hríðarkóf í frostlausu veðri.

Bleytuhraglandi (n, kk) Rigningarslítingur/slydduél í hvassviðri. „Féð gerir lítið í þessum bleytuhraglanda“.

Bleytukóf / Bleytusviðringur (n, hk) Skafmoldarbylur í frostlausu veðri, þannig að kófið bráðnar um leið og það sest á föt og hörund. „Maður verður blautari í þessu bölvuðu bleytukófi en í hellirigningu“. „Féð varð forblautt í bleytusviðringnum“.

Bleytukrap / Bleytukrapi (n, hk/kk) Krap; snjór við frostmark með miklu vatnsinnihaldi.

Bleytuseil (n, kvk) Mýrlent svæði; fen. „Björnsáll er mýrarfláki framan og ofanvið Prestavaðið... Þessar mýrar voru með miklum bleytuseilum og alófærar stórgripum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Bleytuslabb (n, hk) Krapasnjór; mikill krapi t.d. á göngu- akstursleið.

Bleytusuddi (n, kk) Suddi; rigningarúði; súld. „Hann gæti gert einhvern bleytusudda með þessari þoku“.

Bleytutið (n, kvk) Votviðrasamt tíðarfar. „Vanalega er Árdalurinn þurr, nema í vorleysingum og mikilli bleytutið á öðrum árstíðum“ (HÖ; Fjaran).

Bleytuvaðall (n, kk) A. Vatnselgur/krapaelgur á jörð, t.d. þegar rignir á *lausasnjó*. B. Ákaft og blautt slydduél. „Féð verður fljótt forblautt í þessum bleytuvaðli“.

Blik (n, hk) A. Ljós blettur á himni. „Mér sýnist eitthvað blik í norðrinu. Hann fer kannski að léttast til“. B. Glampi sem sést stuttan tíma. „Mér sýndist ég sjá blik af billjósum uppi á Hálsi“.

Blika (n, kvk) Skýjafar; háský. Blika var fyrsta vísbending um að þykkna færi upp, og skipti þá öllu um áttina. Blika á suðurhimni var ávísun á rigningu en blika í norðri gat boðað þurrk. „Spurði hann (GG) þá hvaða átt væri úti; hvort blika væri til sjávarins...“ GÖ minningar frá Láganúpi. Sjá *blikurský; lítast ekki á blikuna; blikur á lofti*.

Blika (s) Um ljós með breytilegum styrk. „Langt úti í hafi blikuðu ljós á fiskibátum“.

Bliki (n, kk) Stytting úr æðarbliki; andarbliki; stokkandarbliki; karlfugl af andarætt.

Blikk (n, hk) A. Ljós sem kviknar og slökknar á víxl. B. Þunnt járn eða járnblendur; pjátur.

Blikka (s) A. Um ljós; kvikna og slökkna á víxl. „Af Jökkladalshæð má sjá Bjargtangavita blikka“. B. Um auga; opna og loka auga á víxl.

Blikkbali / Blikkbolli / Blikkdiskur / Blikkfát / Blikkfata / Blikkkanna / Blikkkassi / Blikkkeitill / Blikkpottur / Blikkskál / Blikkskúffa / Blikkstampur / Blikktunna (n, kk) Ílát formuð úr blikki.

Blikkbátur (n, kk) Leikfangabátur sem gerður er úr blikki, sem oftast var fengið úr tómum og uppkliptum *blikkbrúsum*. Tómur brúsi var ristur upp; blikkið lagt tvöfalt; klippt í árabátalag, þannig að brotið myndaði kjölinn; brotið fyrir í stafnana og annaðhvort lóðað þar eða þétt með öðru móti; slegið hæfilega út; oft sett ein eða fleiri þóftur og oft sigla, þversagl úr pappa og ballest. Þá mátti láta bátinn sigla í hæfilegum vindi. Oft var slíkum bátum siglt á Ánni; Torfalæknum; lóni við sjóinn eða á Sandslágavatninu. Talið er að þar á botninum sé mikill skipagrafreitur.

- Blikkbox** (n, hk) Dolla/kyrna/box úr blikki. Blikkbox komu undan margvíslegum varningi á árabili; áður en plast varð algengara. Þau voru notuð í margvíslegum tilgangi; jafnt til geymslu matvæla sem saums, fódurs og fleira; einnig sem berjalát, t.d. stór box undan lyftidufti og tóbaksdósir.
- Blikkbrúsi / Blikkdunkur** (n, kk) Olíubrúsi eða annað lokað ílát úr blikki. Smurólía kom um tíma í 4ra gallona ferköntuðum blikkbrúsum. Hunang kom í stórum blikkdunkum, innflutt af Sigurvin Össurarsyni.
- Blikkklippur / Blikkskæri** (n, kvk/hk, fto) Verkfæri til að klippa blikkplötu, t.d. þakjárn. „Hvar lagði ég nú frá mér blikkklippurnar“.
- Blikksmíði** (n, kvk) Það að smíða muni úr blikki. „Guðbjartur á Lambavatni þótti mjög laginn við blikksmíði og koparsmíði, eins og reyndar alla handavinnu“.
- Blikna** (s) Fölna. „En aldrei þú bliknar né hugdeigur hrædist;/ þó hetjurnar deyi en bölpungi fæðist“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).
- Blikubakki** (n, kk) Bakki af háskýjum/*bliku* (sjá þar). Vanalegra er að tala einungis um bakka.
- Blikur á lofti** (orðtak) Ískyggilegt útlit. Vísar í bókstaflegri merkingu til þess að blikuský dragi á loft, sem boða óveður/óþurrk, en er í líkingamáli notað um ótryggt/slæmt útlit t.d. um gang verkefna/mála.
- Blikuský** (n, hk) Cirrostratus. Tegund háskýja, oft í 6 til 12 km hæð. Þunn samfelld skýjabreiða sem oftast er undanfari lágskýja og jafnvel rigningar. Skíni sól í gegnum blikuský myndast oft rosabaugur um hana þegar geislar brotna í ískristöllum blikunnar. Sjá *blika*; *lítast ekki á blikuna*; *blikur á lofti*.
- Blimskakka augunum** (orðtak) Horfa útundan sér; horfa á ská. Óljóst er um upprunaskýringu sagnarinnar að „blimskakka“. Líklega er um hljóðbreytingu að ræða; orðið hafi áður verið „blindskakka“, og vísað til þess að virðast vera að horfa á annað; sýnast blindur á það sem ekki er beint af augum.
- Blinda** (n, kvk) A. Það að vera blindur; sjónleysi. B. Blindél, kóf eða snjóþoka sem hindrar för. „Það var svo mikil blinda á Aurtjörninni að ég varð oft að stoppa til að fullvissa mig um að halda vegi“.
- Blinda** (s) A. Gera blindan; svipta sjón. B. Loka röri/pípu í endann. „Ég blindaði bremsurörið á þessu hjóli, svo ég kæmist til byggða“.
- Blindaél / Blindél / Blinduél** (n, hk) Blindhríð; blindbylur; svartael; svo dimmt él að ekki/illa sést hvert gengið er. „Það gerði á okkur blindaél uppi á Aurtjörninni, svo við urðum hreinlega að stoppa“. „Við skulum hinkra aðeins með að fara af stað; hann er að koma með blindél“. „Hann er að skella á með blinduéli sýnist mér“.
- Blindandi** (l) A. Sem blindar. „Ég fékk ofbirtu í augun þegar ég kom út úr kofanum í blindandi sólskinið“. B. Með lokuð augun; án þess að sjá. „Hann þekkir þessa leið svo vel að hann gæti farið hana blindandi“.
- Blindbeygja** (n, kvk) Beygja á vegi fyrir nef/hæð/klett, þannig að erfitt er að sjá umferð á móti. „Varaðu þig á blindbeygjunni hjá Gilsklettinum; þar hafa orðið margir árekstrar“.
- Blindboði** (n, kk) Sker/boði sem er á kafi í sjó, en getur verið hættulegt skipum, einkum í sverum sjó og um lágsjávað. Hættulegasti blindboðinn á Kollsvík er líklega Djúpboði, en einnig er Giljaboði viðsjárverður.
- Blindbylur** (n, kk) Svo þétt skafmold, með eða án ofankomu, að ekki sást útúr augum og ekki viðlit að fara neitt gangandi. Oft var einnig notað orðið *blindhríð*. Til áhersluauka heyrðist stundum sagt „Það er *andskotans þreifandi blindöskubylur*“. „Vörður hélt áfram... gegnum blindhríð og úfinn sjó“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Blindfullur** (l) Ofurölvi; *augafullur*. „Það eru ekki nokkrir mannasiðir að koma svona blindfullur í heimsókn!“
- Blindhríð / Blindhríðarbylur / Blindkóf / Blindukóf** (n, hk) *Blindöskubylur*; fingert snjóköf, svo þétt að varla sést út úr augum. „Það var þvítíkt blindkóf að við urðum hreinlega að stoppa *trekk í trekk* til að lenda ekki útaf veginum“. „Við lentum í blindukófi þegar kom niður í brekkuna“.
- Blindhæð** (n, kvk) Hæð/hóll sem byrgir sýn, þannig að ekki sést hvað er handanvið.
- Blindingsleikur** (n, kk) *Skollaleikur*; leikur þar sem bundið er fyrir augu eins, en hann á að ná öðrum úr hópnum.
- Blindmyrkur** (n, hk) Svartamyrkur; niðamyrkur; þreifandi myrkur. „Það sést ekkert í þessu blindmyrkri“.
- Blindni** (n, kvk) Blinda; það að sjá/greina ekki. Oft í líkingamáli um það að vilja ekki sjá/viðurkenna. „Hann trúir sínum flokksformanni í algerrri blindni“.
- Blindófært** (l) Alveg ófært; kolófært. „Næsta morgun ætluðum við yfir fjörðinn með mjólkurbátnum yfir á Gjöggra, en þá var kominn norðanbylur og blindófært yfir fjörðinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Blindraletur** (n, hk) Letur/stafir sem blind manneskja getur lesið. Oftast átt við letur myndað af upphleyptum punktum; Braille letur.
- Blindskák** (n, kvk) Skák sem tefld er án þess að sjá á skákborðið, þ.e. eftir minni.

Blindsker (n, hk) *Blindboði*; sjá þar. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Blindsvartapoka (n, kvk) Mjög dimm þoka; niðapoka. „Það er komin blindsvartapoka og náttmyrkur, svo við komum okkur saman um að fara eftir veginum að Breiðavík“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Blindur (l) Um mið á sjó; notað um aftara mið þegar það hverfur á bak við það fremra. „Við lögðum strenginn á blindum Hnjótnum“. „Ég varð dálítið var á suðurfallinu; mest á blindum Hyrnunum“.

Blindur er bóklaus maður (orðatiltæki) Vísar til almennrar bókhneygðar Íslendinga. Sá sem ekki á bækur hlýtur að vera blindur.

Blindviðri (n, hk) Dimmviðri; veðurlag þar sem maður sér ekki vel frá sér vegna t.d. þétrar snjókomu/ kófs.

Blindþoka (n, kvk) Niðdimm þoka. „...en þá gerir á þá blindþoku og vissu þeir um tíma ekki hvert þeir fóru“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Blindþreifandi bylur / Blindþreifandi stórhrið *Glóruleaus* bylur/stórhrið. „Við vorum varla komnir hálfá leið þegar skall á okkur blindþreifandi stórhrið, svo ekki sá útúr augum“.

Blindöskubylur / Blindöskuhrið (n, kk) *Glóruleaust blindköf*. „Það er kominn þreifandi blindöskubylur; varla fært milli húsa“.

Blint (l) Um veður; svo lítið skyggni að ekki sést hvert halda skal. „Það var svo blint í élinu þarna uppi á Aurtjörninni að ég varð að stoppa; það sá ekki á milli stika“.

Blíða (n, kvk) A. Umhyggja; kærleiksrikt viðmót; ástaratlot. „Ekki mun hann hafa fengið þá blíðu hjá henni sem hann ætlaði“. B. Oftast notað í líkingamáli; mjög gott veður; hægviðri. „Þennan dag var einstök blessuð blíða um allan sjó“ (minning HB um AK, Mbl maí 1980). Sjá *blessuð blíðan*.

Blíðalogn (n, hk) Alveg logn. „...svo dettur hann niður á skírdag; gerir blíðalogn, en kalt var í veðri“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Blíðka (s) Sefa; róa; gera rólegri/ánægðari/sáttari. „Þessar fréttir urðu ekki til að blíðka karlinn“.

Blíðlega / Blíðmannlega (l) Með blíðu. „Ekki get ég sagt að hann hafi tekið þessu blíðmannlega“.

Blíðlegur (l) Sem lýsir blíðu/umhyggju/ástúð. „Við fengum ekki blíðlegar móttökur þegar heim kom; enda *drullugir uppfyrir haus* og orðnir alltof seinir í matinn“.

Blíðmáll (l) Blíður í tali; mjúkmáll. „Þú mátt vera blíðmáll ef þú ætlar honum að samþykkja þetta“.

Blíðmælg (n, kvk) Blíðlegt/vingjarnlegt tal; smjauður. „Hér dugir engin blíðmælg!“

Blíðskapartíð / **Blíðutíð** (n, kvk) Langur blíðviðriskafli. „Það má ýmislegt gera í svona blíðskapartíð“.

Blíðskaparhaust / **Blíðskaparumar** / **Blíðskaparvetur** / **Blíðskaparvor** / **Blíðviðrisumar** / **Blíðviðrisvor** (n, hk/kk) Árstíðir sem þykja mildari/betri/hlýri/lygnari en í meðallagi. „Þetta hefur bara verið blíðskaparhaust, það sem af er“.

Blíðskaparveður / **Blíðuveður** (n, hk) Mjög gott veður. „Við ýttum frá landi í blíðskaparveðri“ (GÖ minningar). „Blíðskaparveður var; logn og ládeyða...“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg) „Ég er fæddur að morgni hvítasunnudags 31.maí 1925, í blíðskaparveðri að því er mér er sagt“ (IG; Æskuminningar). „Eitt sinn er við bræður, ég og Ingvar, fórum í róður (frá Gjögurum) í blíðskaparveðri var ferðinni heitið út á Kollsvík; á gamalkunnug fiskimið þar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Blíðudagur (n, kk) Góðviðrisdagur; dagur með hægu/mildu veðri.

Blíðuhót / **Blíðulæti** (n, hk, fto) Ástaratlot; vinalegt viðmót. „Ég var ekki að sýna þeim nein blíðuhót, þessum háu herrum; enda engin ástæða til“!

Blíður / **Blíðmannlegur** (l) Blíðlegur; mildur; góðmannlegur.

Blíður á manninn (orðtak) Kurteis/þægilegur í viðmóti. „Hann var víst ekki blíður á manninn þegar hann greip þá í landhelgi“. Sjá *óblíður á manninn*.

Blíðusjóveður / **Blíðuveður** / **Blíðviðri** (n, hk) Gott veður; hæglaeti og bjart veður; *logn og blíða*. „Þetta er nú meira blíðviðrið dag eftir dag“! „Blíðuveður og sléttur sjór var þegar þessi ferð var farin“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Blíðviðrisdagur (n, kk) Dagur með blíðu veðri; góðviðrisdagur.

Blíðviðriskafli / **Blíðviðristíð** (n, kk) Tímabil með björtu og stilltu veðri. „Við fengum blíðviðriskafli um *heyskapartímann*“.

Blífa (s) Duga; vara; vera. „Ekki veit ég hve lengi þessi viðgerð blífur, en *er á meðan er*“.

- Blíkka** (s) Sefa; róa. Sjá *blíðka*, sem er önnur framburðarmynd sama orðs.
- Blína** (s) Stara; glápa. „Á hvað ert þú eiginlega að blína?“
- Blístra** (n, kvk) Flauta sem gefur frá sér hátt/hvellt hljóð.
- Blístra** (s) Flauta; stilla talfærum þannig að hvellt hljóð myndist þegar blásið er.
- Blístur** (n, hk) A. Hvellt hljóð sem myndast þegar *blístrad* er. B. Tökuorð úr t.d. ensku; „blister“ sem merkir þanin blaðra. Eingöngu notað í orðtakinu; *standa á blístri* (sjá þar).
- Bljúglega** (ao) Af undirgefni/hógværð. „Nú mátt þú bljúglega biðja hann afsökunar“.
- Bljúgur** (l) Fleðulegur; hógvær. „Ekki treysti ég honum alveg þó hann sé bljúgur og auðmjúkur núna“.
- Blokk** (n, kvk) A. Stór efniskubbur, kantaður stór viðarkubbur. Í seinni tíð notað um fisk sem eftir flökun og roðflettingu er frystur í kassa, og síðar sagaður í sneiðar hjá kaupanda/neytanda. B. Blökk; skoruhjól. C. Hefti af pappír, fest saman á stuttum jaðri, t.d. skrifblokk. D. Margra íbúða hús, oft kassalaga með sameiginlegum stigagöngum og fleiru.
- Blokkflauta** (n, kvk) Tréblásturshljóðfæri; sívöl langboruð pípa með flautu nærri munnstykki í öðrum enda. Á henni eru göt sem fingrum er haldið fyrir en opnað til að stilla lengd holsins og þar með hæð tónsins.
- Blossa** (s) Um eld/loga; fuðra upp; aukast skyndilega að ljósmagni. Notað í líkingamáli um t.d. skapsveiflur eða misklíð. „Ekki veit ég hversvegna þessar deilur blossuðu upp“.
- Blossi** (n, kk) Glampi; leiftur; skyndileg glæðing elds.
- Blota** (s) Þiðna; gera hláku. „Nú gæti ég trúað að hann fari að blota fyrir alvöru“.
- Blotaél / Blotaskítur** (n, hk/kk) Slydduél. „Ég lenti í blotaéli á leiðinni og er alveg *eins og hundur af sundi dreginn*“. Það þýðir ekkert að láta fêð út í þennan blotaskít; við skulum *láta sjá* örlítið“.
- Bloti** (n, kk) Þýða; hláka. „Hann gerði smá blota um páskana en svo herti hann frostið enn meir en áður“.
- Blotna** (s) Vökna; verða blautur/votur. „Blotnaðirðu í fætturna“?
- Blóð** (n, kvk) Dreyri; rauður vökvi í æðum sem flytur m.a. súrefni og næringu um líkamann.
- Blóð krists** (orðtak) Messuvín. Sjá *sakramenti* og *obláta*.
- Blóðbað** (n, hk) Vettvangur mikilla blóðsúthellinga/slysa; mikið mannfall í orrustu.
- Blóðbaki** (n, kk) Grunnt ílát sem blóð úr kind er látið renna í þegar henni hefur verið slátrað, meðan hrært er rösklega í því. Í seinni tíð eru notuð plastföt, en áður hafa líklega verið notuð trog.
- Blóðberg / Blóðbergste** (n, hk) Blóðberg (*Thymus praecox*) er algengt um allt land, og í Kollsvík verða miklar breiður af því, t.d. á grónum sandmelum. Það hefur lengi verið nytjað, og Björn Halldórsson segir um það: „Þessi jurt hefur ágætan kraft til að styrkja sínar. Hverslags vín sem á þessari jurt hefur staðið um nokkra stund og síðan drukkið, læknað sinadrátt; það sama læknað og kvef; hreinsar og styrkir höfuð; þynnir blóð; læknað uppþembing og harðlífi manna. Það vermir kaldan maga og styrkir hann... Seyði af þessari jurt, sem te brúkað, er gott við hósta; læknað ölsýki þeirra manna, að morgni drukkið, sem ofbrúkað hafa vín að kvöldi. Það örvar svita og er gott brjóstveikum mönnum“. Blóðbergste var notað í Kollsvík fram yfir miðja 20. öld, einkum til lækninga á kvefi og til hressingar. Vinsæll leikur barna var að tína blóðberg og sjóða af því te í blikkdós á útihlóðum. Voru þá stundum nýttar ýmsar fleiri jurtir til tegerðar. Blóðberg er sömu ættkvíslar og hið evrópska timjan sem nú er meira notað til matargerðar á Íslandi.
- Blóðblöndun** (n, kvk) Blöndun/vensl fjölskylda/samfélaga/ætta með barneignum. „Allnokkur blóðblöndun varð milli hreppanna við norðanverðan Breiðafjörð, ekki síst vegna sóknar í verin í Útvíkum.“
- Blóðbragð** (n, hk) Bragð af blóði í munni.
- Blóðbrúsi** (n, kk) Ílát sem blóð er kælt í. Meðan mjólkursala var í Kollsvík var mjólk geymt í mjólkurbrúsum sem kældir voru í uppþrettuvatni eins og mjólkín, t.d. í Kaldabrunninum.
- Blóðbönd** (n, hk, fto) Skyldleiki; blóðtengsl; fjölskyldutengsl, t.d. foreldra við afkvæmi sín. Orðið mun fyrrum hafa verið haft um tengingu afkvæmis við móður með naflastreng eftir fæðingu.
- Blóðdálkur** (n, kk) Meginhluti hryggsins í fiski; sá hluti hryggjarins sem mest blóð er í (sjá *flatning fiskis*).
- Blóðdrefjar** (n, kvk, fto) Blóðslikja; leifar af blóði; blóðslóð. „Eitthvað hafði komið á tófuna, því ég sá blóðdrefjar í slóðinni“.
- Blóðdropi** (n, kk) A. Dropi af blóði. B. Lítið eitt af blóði. Sjá *berjast til síðasta blóðdropa*.
- Blóðeik** (n, kk) Eik sem stundum rekur á fjörur og er sérlega dökk/rauðleit og þung í sér; *manndrápsviður*. Þjóðtrúin segir að þannig við megi ekki nota í báta, því þá verði þeir *feigðarfley*. Ekki er vitað hvort hinir mörgu bátasmiðir í Kollsvík hlýddu því, hafi sá viður verið í boði.

- Blóðeitrun** (n, kvk) Sýking/sýklasótt í blóði, en hún er jafnan hættuleg. Sýklar komast í blóðrás t.d. við skurð með óhreinum hníf eða stungu eftir ryðgaðan nagla.
- Blóðfeiminn** (l) Mjög feiminn; óframfærinn. Líkingin er dregin af því að roðna í andliti vegna feimni.
- Blóðferill** (n, kk) Slóð blóðdropa. „Hann rakti blóðferilinn að klettaskoru þar nærri, en þar lá tófan dauð“.
- Blóðforeldrar** (n, hk, fto) Foreldrar barns, sem getið hafa það sjálf og tengjast því *blóðböndum*; ekki *kjörforeldrar kjörbarns*.
- Blóðfórn** (n, kvk) Fórn sem kostar blóðsúthellingar. Einnig í líkingum og áherslum: „Rauðasandshreppur hefur fært ansi miklar blóðfórnir vegna misheppnaðra stjórnvaldsaðgerða“.
- Blóðfroða** (n, kvk) Froða sem myndast á blóði, t.d. þegar *hrært er í blóði* eftir slátrun.
- Blóðga** (s) A. Blóðga fisk; skera á *lífoddann* og láta blæða til að drepa fiskinn og til að fiskholdið verði sem hvítast. „Tekið er undir kjálkabarðið eða yfir það með vinstri hendinni, en með þeirri hægri er skorið á lífoddann og blæðæðar í hálsinum; einkum á tálknaslagæðina“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Blóðga sig; slasa/meiða sig þannig að blæði úr sárinu. „Varstu að blóðga þig“?
- Blóðgaður** (l) A. Um fisk; búið að blóðga. Sjá *dauðblóðgaður*. B. Um manneskju eða skepnu; slasaður, meiddur. „Þú ert eitthvað blóðgaður á hendinni; hvað kom fyrir þig“?
- Blóðgun** (n, kvk) Það að *blóðga* fisk.
- Blóðhefnd** (n, kvk) Sá forni siður, sem var hluti af þess tíma lögum, að ættingjum væri skylt að drepa þann sem vegið hefði ættingja þeirra. *Eimir* enn af þessum sið í t.d. glæpasamtökum og frumstæðum þjóðfélögum.
- Blóðhlaupinn** (l) Um hold/ket; fullir vefir af blóði. „Það þarf að vera handfljótur að skera á hálsæðar eftir að lambinu hefur verið lógað til að láta blæða vel, svo ketið verði ekki blóðhlaupið“.
- Blóðhnífur** (n, kk) *Hausasveðja*; *hausunarsveðja*; stór flugbeitt sveðja sem notuð er til að skera sláturdýr á háls eftir að slátrun. „Í lok sláturdags var tryggilega gengið frá rotbyssu, skotum og blóðhníf í læstri kompu“.
- Blóðhorn** (n, hk) Blóðkoppur; tæki til lækninga með fornum og aflögðum aðferðum. Við mörgum kvillum var talið þjóðráð að taka mönnum blóð. Í því skyni var gerður skurður á einhverjum stað líkamans, með áhaldi sem nefnt er *bildur*, og blóðið sogið út með blóðhorni. Það var líkt og botnlaus tóbaksponta úr horni. Var víðari endinn lagður yfir skurðinn og sogið í hinn endann.
- Blóði drifinn** (orðtak) Ataður blóði/blóðslettum.
- Blóðillur** (l) *Sjóðandi illur*; *saltvondur*. „Hann varð blóðillur þegar hann komst að þessum hrekkjum“.
- Blóðlatur** (l) Mjög latur; *húðlatur*. „Ef þú ætlar að vera svona blóðlatur þá verðurðu aldrei að manni“.
- Blóðlifur** (n, kvk) Þykkildi/hlaup/kökkur sem myndast í blóði ef það kólnar án þess að við því sé hreyft. „Mikilvægt er, þegar blóð er tekið til sláturgerðar, að hræra stöðugt í því meðan það er að renna úr skepninni og fyrst á eftir, svo ekki myndist í því blóðlifrar“.
- Blóðmarka** (s) Marka sauðfé eftir að það er stálpað, svo úr blæðir. Nokkuð gat verið um blóðmörkun á haustin, þegar menn mörkuðu lömb sem ekki hafði náðst að marka um vorið eða útigangsfé sem heimtist; eða þegar kindur skiptu um eigendur. Óútskýrð blóðmörkun var illa séð og gat tengst sauðahjófnaði.
- Blóðmjólka** (s) Síðari tíma orð, sem á að vísa til þess að mjólka kú þar til blæðir úr spenum en slíkt gerist ekki. Notað í líkingamáli um að skattleggja úr hófi eða heimta meiri gjöld en raunhæft er.
- Blóðmör** Einn þeirra rétta sem gerðir eru úr innmat/slátri sauðfjár. Utanum blóðmörskveppinn er hreinsuð vömb, sem skorin hefur verið til og saumuð. Í hana er látin hræra af blóði, niðurskornum mör rúgméli og stundum fjallagrösom og/eða rúsínum. Keppnum er þvínæst lokað og hann soðinn í 2-3 klukkutíma. Það sem ekki var etið nýtt var sett í súr og oft snætt með skyri eða graut.
- Blóðmörssiður / Blóðmörskveppur** (n, hk/kk) Heilt stykki af blóðmör. Málvenja var í Kollsvík að tala um blóðmörssiður fyrir suðu en blóðmörskvepp þegar búið var að sjóða.
- Blóðmörssneið** (n, kvk) Sneið af blóðmörskvepp. „Réttu mér nú eina blóðmörssneið“.
- Blóðnasir** (n, kvk, fto) Um sprungnar æðar í nefi, þannig að blóð rennur úr nös/nösum. „Mér varð ekki meint af byltunni á annan hátt en þann að ég fékk blóðnasir“.
- Blóðónýtur** (l) *Handónýtur*; *liðónýtur*; ónothæfur til flestra verka. „Þessi *hnífbrók* er algerlega blóðónýtt“.
- Blóðpeningar** (n, kk, fto) Fé sem aflað er með ósanngjörnum hætti, s.s. skattþíningu eða okri; fé sem greitt er að óþörfu eða fyrir ósanngirni.
- Blóðrauður** (l) Um lit; rauður eins og nýtt blóð.

- Blóðrás** (n, kvk) A. Æð; æðakerfi. B. Blóðrennsli; blæðing úr sári. „Hún flýtti sér að binda tryggilega um sárið til að stöðva blóðrásina“.
- Blóðrefill** (n, kk) Fremsti oddur sverðs.
- Blóðrisa** (l) Blóðgaður; meiddur svo blæðir. „Sumir voru blóðrisa á baki eftir sand og mól sem farið hafði niður um hálsmálið“ (ÆE; Ljós við Látraröst).
- Blóðrjóður** (l) Mjög rauður í framan. „Hann var orðinn blóðrjóður í framan undir þessum lestri“.
- Blóðrót** (n, kvk) Burnirót. *Rhodiola rosea*. Fjölær jurtt af helluhnoðraett sem algeng er í Kollsvík, líkt og annarsstaðar á norðlægum slóðum. Vestra vex hún einkum í þurrum jarðvegi í klettum, þar sem er afdrepp fyrir veðrum og fénaði, en sauðfé er sólgíð í jurtina. Rótarmikill þykkblöðungur; karlblómin eru gul en kvenblómin rauðleit. Stöngullinn er gjarnan stuttur og settur yddum laufblöðum. Blóðrót, en svo er jurtin jafnan nefnd í Kollsvík, á sér langa sögu sem lækningajurt, og má finna hana í grískri lyfjaskrá frá árinu 77. Hér var rótin notuð við brunasárum eins og nafn hennar gefur til kynna. Blóðrót á að hafa góð áhrif á blóðið; stuðla að vellíðan og jafnvægi í líkamsvirkni. Nútíma rannsóknir benda til að hún gagnist vel gegn streitu, þunglyndi og mígreni, og virðast áhrifin vera lík og af ginsengrót. Jurtin er talin örugg til inntöku en óráðlegt að neyta hennar í miklu magni eða yfir langan tíma.
- Blóðselja** (n, kvk) Rauður rekaviður, fremur mjúkur. Blóselja og blóðeik, sem var harðari, var talin *manndrápsviður* í þjóðtrúnni. Var sagt að þeim skipum væri hætt á sjó sem slíkur viður væri í og ekki mátti blóðselja vera í húsi þar sem fæðing fór fram. Sjá *selja*.
- Blóðskömm** (n, kvk) *Sifjaspell*; samfarir einstaklinga sem eru of skyldir.
- Blóðsótt** (n, kvk) Sjá *lambablóðsótt*.
- Blóðsprengur** (n, kk) Sú tilfinning að æðar séu að springa. Einungis notað í seinni tíð í orðtakinu að *hlaupa í blóðspreng*. „Ég hljóp í einum blóðspreng heim og sótti byssuna“.
- Blóðstokkinn** (l) Ataður blóði; *blóði drifinn*.
- Blóðstorka** (n, kvk) A. Storknað blóð. „Ég þvoði mestu blóðstorkuna eftir blóðnasirnar“. B. Storknun blóðs.
- Blóðstykki** (n, hk) Líkingamál um mjög rjótt andlit. „Hann varð eitt blóðstykki í framan þegar hún kyssti hann“.
- Blóðsuga** (n, kvk) A. Dýr sem sýgur blóð úr annarri dýrategund. T.d. lús og igla. B. Vera í innfluttum ævintýrum sem sagt er að sæki í að sjúga mannablóð en semji sig að háttum leðurglöku. Þeim mun vera illa við hvítlauk, sem einhverjum kann að þykja skynsemisvottur.
- Blóðsúthellingar** (n, kvk, fto) Mannvíg; miklar mannfórnir.
- Blóðtaka** (n, kvk) A. Það að taka mönnum blóð. Fyrrum var það læknisráð, og til þess notaður bíldur og blóðhorn. Nú á tímum gefa menn blóð til nota í slysatilfellum eða til prófunar á heilsu. B. Líkingamál um fórnir, t.d. um það þegar mannfækkun verður í byggðarlagi vegna erfiðra lífsskilyrða.
- Blóðtappi** (n, kk) Blóðstorknun sem veldur stíflu í æð með misalvarlegum afleiðingum. Blóðtappi í kransæð veldur kransæðastíflu eða hjartaáfalli, sem aftur getur valdið hjartadrepni. Blóðtappi sem berst í heila getur valdið *heilablóðfalli*, sem aftur getur valdið heiladrepni og lómum. Blóðtappi í lungum getur einnig reynst alvarlegur og jafnvel lífshættulegur.
- Blóðug móðgun** (orðtak) Mikil/djúpstæð mógun. „Hann tók það sem blóðuga móðgun að vera kallaður gamall“.
- Blóðugar skammir** (orðtak) Miklar skammir/aðfinnslur; yfirlestur. „Ég fer víst ekki á næstunni að hjálpa þessum karhlunki að smala; ef maður fær bara blóðugar skammir við hvert einasta fótmál“!
- Blóðugur** (l) A. Ataður blóði. „Þú ert enn blóðugur á enninu“. B. Óréttlátt; meiðandi. „Mér finnst það ári blóðugt að þurfa að búa við minni snjósmokstur en aðrir!“ „Þetta fannst mér bara andskoti blóðugt“!
- Blóðvöllur** (n, kk) Staður þar sem búfé er slátrað. „Blóðvöllurinn var á balanum framan við fjárhúsin og þangað voru ærnar dregnar; ein í einu“.
- Blóðþyrstur** (l) Sem sækir í dráp; gjarn á að drepa; hættulegur.
- Blóðöfunda** (s) Öfunda mjög mikið. „Ég blóðöfunda hann af þessari bók“.
- Blók** (n, kvk) Niðrandi heiti á manni; skrifstofublók. Enskusletta; „bloke“.
- Blóm** (n, hk) A. Planta; blómhluti plöntu. B. Eggjarauða; blómi. Sjá *lífa eins og blóm í eggi*.
- Blómabeð** (n, hk) Beð með skrautblómum í garði. „Blóma- og matjurtarækt var mikið stunduð í Kollsvík, a.m.k. á síðari tímum. Sigríður á Láganúpi hafði ætíð blómabeð við sín hús, og á síðari æviárum kom hún sér upp myndarlegum skrudgarði“.
- Blómatími** (n, kk) A. Tími blóma; tíminn þegar blóm springa út. B. Líking um besta tímaskeið einhvers.

- Blómfræ** (n, hk) Blómafræ. „Einu sinni útvegaði fjelagið blómfræ og útbýtti því milli fjelaganna“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Blómgast** (s) Um jurt; bera blóm; opna blómakrónu. B. Líking um góðan viðgang/ velgengi.
- Blómi** (n, kk) A. Blómskrúð plantna; fullþroski. Sjá *standa í blóma*; *í blóma lífsins*. B. Eggjarauða.
- Blómkál** (n, hk) Brassica oleracea. Afbrigði garðakáls; með stóran blómknúpp. Plantan er ræktað vegna knúppsins, en hann er hið eina sem hirt er af henni og nýtt til matar. Vinsæl matjurt í görðum Kollsvíkunga.
- Blómkálssúpa** (n, kvk) Súpa elduð af blómkáli, gjarnan með kjötsoði.
- Blómknúppur** (n, kk) Knúppur á jurt sem inniheldur blóm hennar, og springur út við blómgun.
- Blómlegur** (l) Lífvænlegur; í blóma. „Fólksflóttinn frá smábátaútgerð og frumstæðu búskaparbasli er byrjaður. Kollsvíkin fer ekki varhluta af því, þótt hún fáum árum fyrr þætti blómlegasti hluti sveitarinnar til afkomu“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ég hygg að þegar ég fór að muna eftir mér, og fram að fyrra stríði 1914, hafi verið blómlegasti tíminn í Kollsvíkurveri“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Heimakæri frændinn, hann rekur blómlegt bú;/ blessaður hann var að láta út kýrnar./ Ég flýtti mér þá til hans og sagði „sælinú/ ég sest hér að“; hann hvessti á mig brýrnar“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Blómskrúð** (n, hk) Mörg falleg blóm; litrík blómabreiða; mikill blómvöndur. „Í garði Sigríðar á Láganúpi mátti oftast líta litfagurt og angandi blómskrúð fjölmargra tegunda. Sýndi það fádæma natni hennar og þrautseigu að slíkur skrúðgarður fékk þrifist þar sem tíðum gætir þurrka, norðangarra, sandfoks og saltmóstu“.
- Blómstra** (s) A. Um jurt; ofna blóm sín; blómgast; standa í blóma. B. Líkingamál um velgengi.
- Blómstur** (n, hk) Eldra heiti á blómi/blómjurt. „Allt eins og blómstrið eina/ uppveg á sléttri grund;/ fagurt með frjóvgun hreina;/ fyrst um dags morgunstud“ (Hallgrímur Pétursson; um dauðans óvissa tíma).
- Blómur** (n, kk) Framburðarmynd af heitinu „blóðmör“, sem mörgum er töm.
- Blóraböggull** (n, kk) Fyrirsláttur; afsökun. „Ég held að grjóthruðið hafi nú bara verið blóraböggull; hann nennti bara ekki að mæta tímanlega“.
- Blóri** (n, kk) Afsökun; *afbötn*; þrátt fyrir. Notað í ýmsum samsetningum en er löngu hætt að heyrast sérstætt. *Hafa eitthvað til blóra* þýðir að hafa eitthvað til afsökunar. „Hann hafði það sér til blóra þegar hann kom of seint að hrun hefði verið á veginum“. Gera eitthvað *í blóra við* eitthvað eða einhvern þýðir að nota annan/annað sem afsökun fyrir því sem gert er. Uppruni ekki viss en sennilega sami og enska orðsins „blare“ sem merkir að gjalla; kalla. Blóri hefur því upprunalega merkt að úthrópa einhvern.
- Blót** (n, hk) A. Dýrkun; fórnarathöfn. Blót voru helgiathafnir hinna fornu norrænu trúarbragða, líkt og margra annarra trúarbragða fyrr og síðar. Megininntak blóta er hið sama og kristinnar messu; að votta guði undirgefni og hollustu og bera fram óskir til handa sér og sínum; þó aðferðir séu ekki þær sömu. Ekki er vitað í smærri atriðum hvernig norræn blót fóru fram til forna, en talið er að þau hafi verið í hofum og í viðurvist líkneskja af viðkomandi guði/guðum. Þar voru færðar fórnir í einhverju formi; t.d. slátrað skepnu og eða fórnað verðmætum og vopnum. Ekki er ólíklegt að mannfórnir hafi tíðkast að einhverju marki, og þá fórnað handteknum óvinum eða öðrum sem helst töldust mega missa sín. Allt til að öðlast velvild guðanna. Blót voru að öllum líkindum einnig miklar átveislur og jafnvel drykkjusamkomur. Leifar af þeim sið má sjá í *þorrablótum* samtímans, þó þau séu að öðru leyti af allt öðrum toga. Heitið blót er stofnskyld orðinu blóð, sem sýnir mikilvægi blóðsins á einhverjum tíma við slíkar athafnir. B. Formælingar; blótsyrði; bölv; ragn. Þessi notkun orðsins er líklega tilkomin eftir kristnitöku, þegar ákall fornra guða var allt í einu orðinn löstur í stað dyggðar, en líklega hefur mörgum reynst erfitt að láta af sínum siðum í því efni.
- Blóta** (s) A. Tala ljótt; viðhafa blótsyrði í reiði eða heitingum. „Það gagnar ekkert að blóta þessu *í sand og ösku*; þú ættir frekar að skoða hvað er hægt að gera í málunum“! B. Tigna með förnun; t.d. blóta þorra. „Nema muntu nýjan sið;/ nýja guði blóta,/ og í grimmum geiraklið/ glæstan sigur hljóta“ (JR; Rósarímur).
- Blóta/bölv** í sand og ösku (orðtak) Tala mjög ljótt. „Hann blótaði brotinni árinna í sand og ösku“.
- Blótkelda** (n, kvk) Kelda eða mýri, þar sem af trúarástæðum var kastað förnarmunum. Hérlendis hefur slíkt ekki fundist að frátöldum ornefnum, en erlendis eru nokkrir slíkir fundarstaðir. Í blótkeldum hafa fundist munir af ýmsu tagi; vopn sem búið var að eyðileggja á sérstakan hátt og jafnvel fólk; t.d. Tollundmaðurinn á Jótlandi, sem fórnað var um 375-210 fyrir Krists burð.
- Blótneyti** (n, hk) Mannýgt naut; naut sem bölvvar mikið. Oftast notað í líkingum í seinni tíð. „Í þessum málum þýðir ekkert að haga sér eins og mannýgt blótneyti“.
- Blótsamur** (l) Íðulega með blótsyrði á vörum; hættir til að blóta mikið.
- Blótspónn** (n, kk) Spónn sem höggvinn er úr tré til að komast að því hvort um óheillatré/*manndrápsvið* sé að ræða. „Viða var það trú manna að hægt væri að ganga úr skugga um hvort tré væri óheillatré með því að fella blótspón. Ef fyrsti spónninn sem höggvinn var úr tré lagðist á sárið; féll á grúfu, þá var illt í efni“ (LK;

Ísl.sjávarhættir II). Hér er vafalaust um ævaforan sið að ræða. Vitað er að þetta var gert hérlendis en ekki hvort hinir mörgu bátasmiðir í Kollsvík hafi dæmt við með þessum hætti.

Blótsyrðabálkur / Blótsyrðaðflaumur / Blótsyrðaruna (n, kk) Ljótur *munnsöfnuður*; *samantvinnuð* blótsyrði. „Hann las yfir strákunum vel valinn blótsyrðabálk og skipaði þeim að fara til baka og sækja kindahópinn“. „Hann var víst ekki fagur blótsyrðaðflaumurinn, þegar karlinn datt kylliflatur í forina“.

Blótsyrði (n, hk, fto) Bannorð sem mönnum hrökkva af munn til að leggja áherslu á niðrandi umtal um eitthvað eða þegar mjög gengur á móti. Flest eru blótsyrðin með tilvísun í satan eða ríki hans, en slíkt mátti helst ekki ákalla á tímum strangtrúnaðar. Það þótti merki um að menn gengju erinda illra afla. Dæmi um kröftug blótsyrði eru fjandinn; andskotinn; djöfullinn; helvíti og skratti. Verst þóttu *samantvinnuð blótsyrði*. Enn eimir eftir af þessari trú; t.d. liggur opinberlega bann við blótsyrðum í ljósvakamiðlum. Það byggir þó fremur á tilvísunum í mannvirðingu og mannsiði en trúarhita.

Blunda (s) Sofa; sofa létt/stutt. „Honum þótti gott að *fleygja sér* og blunda örlítið eftir matinn“.

Blundar í (einhverjum) (orðtak) Er í undirmeðvitund/hugsun/löngunum einhvers. „Hann sagði að það hefði lengi blundað í sér að komast til Ameríku“.

Blundur (n, kk) Stuttur svefn; *kría*; *lúr*. „Mikið var nú gott að fá sér smá blund í hádeginu, eftir puðið“!

Blúnda (n, kvk) Skrautborði; knippingaborði. Jafnan úr fingerðum þræði; stundum heklud.

Blúss (n, hk) Mikill hraði; flýtir. „Hann ók í blússi inneftir“. Nýlegt í málinu.

Blússa (n, kvk) Þunnur vinnujakki. „Farðu í peysu undir blússuna svo þér verði ekki kalt“.

Blússa (s) A. Um eld; aukast skyndilega. B. Fara mjög hratt. „Mér sýndist hann blússa hér framhá rétt áðan“.

Blússandi ferð (orðtak) Fljúgandi ferð; ofsahraði. „Við renndum okkur niður Hólana á blússandi ferð“.

Blússlampi/ Blússbrennari (n, kk) A. Stór olíulampi með kveik. B. Handbrennari/*mótorlampi* sem gengur fyrir steinolíu. Lofti er dælt í olíugeyminn til að auka þrýstinginn. Þessir lampar voru um tíma notaðir til að sviða svið.

Blússugopi / Blússuræfill (n, kk) Léleg blússa; rifinn/slitinn/þunnur vinnustakkur. „Hefurðu ekkert utanyfir þig annað en þennan blússuræfil“? „Þessi blússugopi er nú ansi skjóllitill í svona brunagaddi“.

Blygðast sín fyrir (orðtak) Skammast sín fyrir/vegna. „Það þarf enginn að blygðast sín fyrir svona frammistöðu“!

Blygðun (n, kvk) Skömm; feimnismál; það sem þarf að blygðast sín fyrir.

Blygðunarlaust (l) Feimnislaust; samviskulaust. „Hún sagði blygðunarlaust frá þessu öllu, í smáatriðum“.

Bygðunarleysi (n, hk) Forherðing; bíræfni; það að kunna ekki að skammast sín. „Hann *laug* þessu *blákalt* og af fullkomnu bygðunarleysi“!

Blys (n, hk) Kyndill; stöng með loga í toppi, notuð til að auka birtu í myrkri. Nú á dögum eru neyðarblys notuð til að vekja athygli á sér í hættuástandi. Stofnskylt sögnunum að *blússa og blossa*.

Blysför (n, kvk) Hópför manna, þar sem margir bera blys.

Blý (n, hk) A. Þungur en deigur málmur; efnatákn Pb. Notaður m.a. í sökkur á færur og netum. Einnig í byssukúllur, byssuhögl, rafmagnskapla, rafgeyma og málningu. B. Netablý; sakka á netateini. Þegar grásleppuútgerð stóð með blóma í Rauðasandsshreppi, fyrir daga flotteina á netum, steypu menn gjarnan sín eigin netablý með því að renna bráðnu blýi í *blýatöng*.

Blýaflækja (n, kvk) Flækja sem verður í neti við það að eitt eða fleiri blý á blýapini/blýateini slæst inn í netið í lagningunni. Sjá *innísláttur* og *kubbaflækja/korkaflækja*.

Blýantsstubbur (n, kk) (Stuttur) blýantur. „Hafðu á þér blað og blýantsstubb í *tilhleyppingarnar*“.

Blýantur (n, kk) Ritblý; ílangt áhald til að skrifa með; langborað mjótt tréprík með kjarna úr grafitblöndu og oft strokleðri á enda.

Blýeitrun (n, kvk) Uppsöfnun á blýi í líkamanum, sem getur verið hættuleg. Þungmálmar eins og blý geta borist í umhverfið af athögnum manna; safnast upp í lífríkinu og reynst hættuleg rándýrum og mönnum sem eru efst í lífkeðjunni. Þá getur bein meðhöndlun á blýi einnig verið fólki varasöm. Helstu einkenni blýeitrunar eru skjálfti, krampar og skortur á samhæfingu, ásamt lysterleysi og magaverkjum. Alvarleg eitrun veldur skemmdum á líffærum og heilastarfsemi.

Blýfastur (l) Pikkfastur; algerlega fastur. „Það er óhætt að nota þennan stein fyrir *festu*; hann er blýfastur“. „Færið stóð blýfast í botni“.

Blýfesta (n, kvk) Festa sem erfitt er að losa/losna úr. „Leggðu ekki of nálægt hleininni. Þar lenti ég einusinni í því líkri blýfestu að ég *flengreif* netið og þurfti að skera á *blýateininn*“.

Blýateinn/ Blýapinur / Blýteinn (n, kk) Neðri *teinn/pinur* á neti nefndist oft svo, meðan hann var þyngdur niður af litlum, blýhólkum; netablýi. Hólkarnir voru steypfir heima; *geymablý* brætt í *deiglu* og *blýbráðin* látin renna í mót á sérstakri *blýatöng*. Blýapinur finnst ekki í orðabókum.

Blýatöng (n, kvk) Mót til að steypa *netablý*, fest framan á töng til hagræðis. Bráðnu blýi er rennt í lokað mótið; því dýft í vatn til kælingar og losað með því að opna töngina. Sumir áttu slíkar tengur á blómatíma grásleppuútgærðar í Rauðasandshreppi, og lánuðu gjarnan öðrum. Þá felldu flestir net sín sjálfir.

Blýbráð (n, kvk) Bráðið blý sem notað var m.a. til að steypa *netablý* á *blýapin* (sjá þar).

Blýlód (n, hk) A. Sakka ur blýi. „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlód með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrókur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). B. Met af nákvæmri þyngd, notuð til vigtnar.

Blýmenja (n, kvk) Málning/menja með miklu blýinnihaldi, notuð til ryðvarnar járnns undir aðra málningu.

Blýsakka (n, kvk) Sakka á færi. Sökkur á færi voru fyrrum úr steini; vaðsteinar, en síðar fóru að berast járnökkur og blýökkur. Þær seinni eru almennt notaðar í dag, og því er forskeytinu oftast sleppt.

Blývatn (n, hk) Aqua saturnina; lyf sem notað var fyrrum á bólgur og marbletti. Oftast borið á með fjuglsfjöður. Blývatn samanstendur af blýi sem uppleyst er í ediki og þynnt með vatni. Sennilega lítið notað nú til dags vegna þekktra eituráhrifa blýs.

Blýþungi / Blýþyngsli (n, kk/ hk, fto) Mikill þungi; mikið farg. „Þú loftar ekki þessum blýþyngslum einn!“

Blýþungt (l) Mjög þungt; *niðþungt*. „Vertu ekki að *rogast með* þetta einn; þetta er blýþungt“.

Blæbrigði (n, hk, fto) Lítilsháttar frávik, t.d. í máli, rödd, lit eða tóni. „Sum orð hafa misjafna merkingu, eftir blæbrigðum í framburði. Má þar nefna hikorðin „jæja“ og „ha““.

Blæjalogn (n, hk) Algjört logn; *stafalogn*; *rjómalogn*. „en heilan sólarhring áður var að hlaða niður fönn í blæjalogni, svo ekki varð komist um jörðina fyrir djúpfenni“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Blæmunur (n, kk) Svo lítil munur að hann greinist varla; örliðill munur á litablæ/töntegund/áferð eða öðru. „Eggin eru nánast eins, en þó er á þeim blæmunur“.

Blæða (s) A. Missa blóð. „Það ætlaði aldrei að hætta að blæða úr þessari *smáskeinu*“. B. Slanguryrði um að borga; greiða.

Blæða (eitthvað) í augum (orðtak) Ofbjóða eitthvað; þykja eitthvað yfirdrifið. „Það þýðir ekkert að láta verðið blæða sér í augum þegar mann vantar þetta nauðsynlega“. Sjá *svíða í augum*.

Blæða út (orðtak) Missa svo mikið blóð að banvænt sé.

Blæðing (n, kvk) A. Blóðrás; útferð blóðs úr sár. „Settu á þetta plástur fyrir mig, til að stoppa blæðinguna“. B. Notað í fleirtölu um tíðir kvenna.

Blæja (n, kvk) A. Þunnur dúkur. Blæja er lögð yfir andlit líks fyrir jarðsetningu. Trúarsíður sumra kvenna í islam er að hylja andlitið með blæju. B. Dúkur sem notaður er sem skýli á farartæki. „Rússajepinn var með blæju fyrstu árin“.

Blæjalogn (n, hk) Algert logn/hægviðri; stilla; kjör. „Það *þornar seint af* í þessu blæjalogni“. Forliðurinn vísar til þess að ekki blakti blæjur.

Blæmunur (n, kk) Mjög lítil munur; sýndarmunur; örliðill munur í lit/hljóði/áferð/bragði o.fl. „Mér finnst nokkur blæmunur á þessari grásleppu og þeirri í Firðinum. Skyldi hafa komið ný ganga“?

Blær (n, kk) A. Hæg vindgola; andvari. B. Svípmót; áferð; litur. „Nokkuð finnst mér annar blær á þessari samkomu en síðasta fundi“.

Blæs ekki byrlega (orðtak) Gengur ekki vel; er ekki hagstætt; lánið leikur ekki við. „Það blæs ekki byrlega fyrir okkur með *vitjanir* þessa vikuna“.

Blæs út sóllir (orðtak) Einnig nefnt *hjasóllir* eða *aukasóllir*, en í Kollsvík var fremur sagt; „Nú blæs út sóllir“ um það þegar ljósbrot urðu sitt hvoru vegar við sólina í vissum skilyrðum. Þetta ljósbrot myndast er sólargeislar fara í gegnum blikuský og brotna þar í ískristöllum. Stundum er ljósbrotið einungis annarsvegar sólar en stundum nær það hring í kringum sólina og nefnist þá *rosabaugur*. Ljósbrotið vinstra megin sólar var kallað úlfur en hægra megin *gill*. Hjárú tengdist þessum fyrirbærum, ættuð úr heiðni. Hvortveggja var talið boða illt, en þó sýnu verra ef einungis sást gillinn. Um það var orðatiltækið „sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur á eftir renni“. „Úlfar fyrir og eftir sólinni, fagrir, eða rauð sól í niðurgöngu, boða oftast þurr þráviðri. Sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur eftir renni. Gangi rauður hali aftur af gílum, boðar stórviðri. Margir úlfar kringum sól, rauðgrænir að lit, boða stórviðri með hreggi eða kafaldi, eftir ársins tíma. Dökkrauðir og grænleitir hringar kringum sólina vita á það sama; helst þegar hún er í upp- eða niðurgöngu. Skær og fagur hringur kringum sólina um miðdegi í björtu veðri, og standi úlfar skærir sem ljós í þeim hringi og sólin lika

skær innan í hringnum, þýðir ætíð veðráttu góða og mjúka. Það merkir og sama þegar hringar um sól dragast af allt í einu, án þess hlið veri á þeim. Sólar þrjár í austri; árla sénar, boða kalt veður, en í vestri á kvöldin blíðviðri. Veðrahjálmur kallast þegar tveir hringar eru um sólina, hvor tutanyfir öðrum og víða úlfar í þeim hringum, hvítir, vita á kalt þráviðri um hríð og stundum til langframa“ (BH; Atli).

Blæsma (l) Um sauðkind; eðlunarfús; *ganga*. Orðið var ekki notað í Kollsvík í seinni tíð, þó það væri þekkt. Þar er einatt talað um að kind gangi, eða það sé *gangur á henni*. Sjá þar.

Blæstur í máli (orðtak) Málhaltur; hljóðvilltur; *smámæltur*. Oftast haft yfir þá sem eiga erfitt með að bera fram einstök hljóð í málinu, t.d. s eða þ og nota þá önnur hljóð í staðinn. Stundum þó notað um þá sem eru mjög stirðir í máli og/eða tala afbakað mál; *rassbögmíði*.

Blöðrubólga (n, kvk) Sýking í þvagblöðru; þvagfærasýking. Stafar oft af bakteríum.

Blöðruselur (n, kk) A. *Cystophora christata*; selategund sem algeng er sunnantil við Grænland en sést hérlandis. Hann er með blöðru eða poka á hausnum sem hann blæs upp t.d. þegar hann er í vörn. Hefur sést í Kollsvík. B. Skammaryrði um mann sem bullar/ talar of mikið.

Blöðruspark (n, hk) Knattspyrna; það að sparka bolta. „Ég hef aldrei skilið hversvegna fullorðið fólk *leggur sig niður við* þetta tilgangslausa blöðruspark“!

Blöðrupang (n, hk) *Bólupang* (sjá þar). Bæði heiti voru notuð í Kollsvík.

Blöðun (n, kvk) Aðferð við skeytignu/semfestingu smíðaviðar. Sjá *blaða saman*.

Blökk (n, kvk) Skoruhjól, notað með reipi til að auka vægi við lyftingu/tog. Stundum eru tvær eða fleiri blakkir í sama búnaði, kallaður talía, og hver blökk þá oft margskorin.

Blökkumaður (n, kk) A. Maður af lituðum kynþætti; svertingi. Af einhverjum ástæðum hefur heitið á síðustu árum og að ósekju fengið á sig yfirbragð kynþáttahyggju, en er þó ekki annað en lýsing á húðlit. B. Gæluheiti á mönnum sem fara til eggja í Blakknesi/Blakk. Sú notkun er mjuög svæðisbundin.

Blöndudrúkkur (n, kk) Blanda; sýrublanda sem höfð er með í röður/ferðalag til að svala þorsta og hungri. Sjá *blanda*.

Blöndukútur (n, kk) Ílát með vatnsblandaðri sýru sem haft var með á sjóinn til hressingar og næringar. Fyrrum mun hann hafa verið eina nestið sem vermenn höfðu meðferðis í dagróðra. Væri hálfdrættingur um borð var það hans hlutverk að sjá um blöndukútinn. „Ekki mátti heldur gleyma drykkjarilátinu; blöndukútnum. Hann var það eina til neyslu sem haft var með í þessa stuttu róðra“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þá er farið að hita kaffi og tekið til nesti; og ekki má gleyma blöndukútnum. Í honum er sýrublanda og er hún góð við þorsta“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Sums staðar var það verk hálfdrættings að hafa allan hampa af blöndukútnum; fylla á hann; bera um borð og frá borði, og sjá um hreinsun hans“ (LK; Ísl.sjávarkhættir; heim; ÓETH).

Blöndun (n, kvk) Það að blanda/hræra. „Hér hefur eitthvað *misfarist* blöndunin á steypunni“.

Blöndungur (n, kk) Sá hluti bensínvélar sem blandar bensíni við loft í hæfilegu hlutfalli.

Blöskra (s) Ofbjóða; hneikslast. „Mér blöskrar alveg svona umgengni“. Mjög gamalt í málinu og uppruni óviss.

Blöskranlega (ao) Ofboðslega; ógeðslega; hræðilega. „Blöskranlega geta menn stundum hagað sér“!

Blöskranlegur (l) Hneykslanlegur; yfirgengilegur. „Alveg er þetta blöskranleg sóun“.

Bobbi (n, kk) A. Annað heiti á *kuðung*. Lítt notað þannig í Kollsvík. B. Líkingamál um það að standa í keng. Einungis þannig í orðtakinu *komast/kominn í bobba*.

Bobbingur (n, kk) Rúlla/hjól sem þrædd er upp á fótreiði botnvörpu í þeim tilgangi að hindra hana í að festast á ójöfnum þegar varpan er dregin eftir botninum. Bobbinga hefur lengi rekið á fjörur í Kollsvík. Fyrst í stað voru þeir úr tré; síðar úr járn og síðast úr gúmmi.

Boddí (n, hk) Síðari tíma heiti á yfirbyggingu bíla, einkum flutningakassa vörubíla (boddíbíla). Sletta úr ensku.

Boð (n, hk) A. Skipun. „Ég fer ekkert nema að ég fái boð um það“. B. Styttung úr *þingboð*, sjá þar. C. Beiðni um að mæta í samkvæmi; á fund eða annað.

Boð og bönn (orðtak) Fyriskipanir; lög; reglur. „Hann virti engin boð, heldur *fór sínu fram*“.

Boða (s) Tilkynna; senda boð um; láta vita af. „Stjórnin hefur boðað lagasetningu í þessum efnunum“.

Boða komu sína (orðtak) Tilkynna fyrirfram að maður sé væntanlegur.

Boða (einhvern) á sinn fund (orðtak) Gera einhverjum boð/orð um að koma til fundar/viðtals.

Boðafall (n, hk) A. Brimskafi; bára sem brotnar; brot báru sem rís á grunn/boða/sker; brot; brimalda. „Gættu að; það geta risið boðaföll á grynningunum þarna framundan“. „Hlés í roða hjöllunum/ hringir voðinn

- bjöllunum;/ steypast goð af stöllum/ stríðs í boðaföllunum“ (JR; Rósarímur). B. Líkingamál um fyrirgang. „Hann ruddist inn á fundinn með boðaföllum og skammaðist yfir því að framhjá sér væri gengið“.
- Boðar ekki gott** (orðtak) Er ekki góður fyrirboði; veit á slæmt/illt; eer ískyggilegt. „Það boðar aldrei gott þegar hann þykkar svona fljótt upp í suðrinu“.
- Boðberi** (n, kk) Sá sem ber/flytur boð/tíðindi/boðskap. „Hann var boðberi nýrra viðhorfa í þessum efnunum“.
- Boðburður** (n, kk) Það að koma boði rétta boðleið milli bæja. Sjá *þingboð* og *boðleið*.
- Boðfall** (n, hk) Sá glæpur að koma ekki boði frá sér, rétta boðleið til næsta bæjar samkvæmt hinum ævafornu lögum og venjum um þingboð. Boðfall varðaði nokkuð háum sektum. Sjá *þingboð* og *boðleið*.
- Boðflenna** (n, kvk) Sá/sú sem mætir óboðin(n) í hús/veislu/samkomu. „Þú ert engin boðflenna fremur en hver annar; ég bauð engum í afmælið en tek á móti þeim sem nenna að mæta“.
- Boðháttur** (n, kk) Málfræðileg skilgreining setningar/sagnorðs; skipun.
- Boði** (n, kk) A. Hlein sem annaðhvort kemur uppúr sjó um fjöru eða er alltaf á kafi; getur þá verið *launboði*. B. „Stór alda sem ýmist hefur sig upp á úthafi eða nálægt landi...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Þegar við komum upp að Blakknesi var um það að ræða hvort fara ætti í Sund eða fyrir framan Nesboðann. Ekki er fært sunðið milli boðans og lands nema lítill sé undirsjór“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Boðinn og búinn** (orðtak) Mjög viljugur/tilbúinn að aðstoða. „Oftast voru hásetar boðnir og búnir til liðsinnis við störf þessi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Það var svo með hvaða verk sem hún (Ólafía Magnúsdóttir) vissi að kæmu sér vel fyrir fólk; hún var boðin og búin að inna þau af hendi, þó nóg væri að gera heimafyrir“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Boðkefli** (n, hk) Kefli sem fyrrum var notað til boðsendinga. Sjá *boðöxi*; *þingboð*; *þingboðsöxi*; *boðleið*.
- Boðlegur** (l) Frambærilegur; sem er hæfur til þess að bjóða/ vera í boði. „Henni fannst ekki boðlegt að láta gestina sitja á *kollustólum*“.
- Boðleið** (n, kvk) Fyrirfram ákveðin leið sem boð gengur um svæði. Hugtakið boðleið er ævafornt og tengist þingboðum til forna. Uppruninn er sennilega frá því löngu fyrir landnám á Íslandi, þegar herkonungar þurftu að senda herútboð. Þá var ýmist „*skorin upp herör*“, þ.e. ör, eða eftirlíking af ör, látin ganga „*rétta boðleið*“ á svæðinu, eða boðinu var vafið um skaft á öxi eða líkneski axar sem nefndist *stríðsöxi* eða *þingboðsöxi*. Þaðan er komið orðtakið að *grafa stríðsöxina* = semja frið; hætta hernaði. Vitað er að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri gaf út tilskipanir um árið 950 varðandi herörvar til herkvaðningar. Þær elstu sem nú eru varðveittar eru með rúnalettri. Líklegt er að strax á Þjóðveldisöld hafi myndast þær boðleiðir á Íslandi sem héldust gegnum aldirnar. Fyrst eftir kristnitöku var notuð eftirlíking af krossi, til að boða kirkjuleg efni. Ávallt var þó við líði hin forna þingboðsöxi; líklega framundir lok 18. aldar eða lengur. Þetta eru litlir trémunir í axarlíki, um 20 cm að lengd, og var boðinu vafið um skaftið. Nokkrar þingboðsaxir eru varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands; þar af ein merkt Villingaholtshreppi. (VÖ fékk Siggu á Grund til að skera fyrir sig eftirlíkingu hennar). Meðan Íslendingar héldu sig við þingboðsaxir og þingboðskrossa fóru Norðmenn að nota lítill kefli til að vefja boðinu um; og síðar hólka til að stinga því í. Voru það nefnd „budstikke“.
- Um þingboð og axarburð giltu ákvæði Grágásar, skráð árið 1117, en þar segir svo í ákvæðum um ómaga: „Ef ómagi er þar færður á hendur manni í hrepp að ólögum, eða er skotið þar í hrepp, þá skal sá maður er ómaginn er færður skera kross ef hann þykist hreppsfundar þarfi, og bera þar til hins næsta húss, og nefna þar hreppsfund til sín á sjö náttu fresti eða meira méli og kveða á hvert hinn skal bera krossinn. Enda skal hver láta krossinn frá sér, svo sem sá mælti er skar, og láta fara sem dagur endist. Ef menn tefja krossförina, eða komi þeir menn eigi til hreppsfundar, þá varðar það hverjum þeirra þriggja marka sekt. En þá dvelja menn krossförina ef þeir færa eigi þegar af hendi er þeir vitu að kross kom, ef eigi bægja nauðsynjar þeirra“ (Grágás).
- Frá 13. Öld giltu þessi ákvæði Jónsbókar: „Sá skal boð bera bæja milli er hyggja kann fyrir orði og eiði. Bónða skal boð í hendur fá, ef hann er heima, en húsfreyju hans ef hann er eigi heima, syni hans ef hann er fulltíða maður, dóttur hans ef hún er vaxin, þar næst bryta eður hinum besta manni er í bæ er staddur. En ef hjú eru öll af bæ gengin þá skal ganga í setuhús bónda, ef það er opið, og setja niður í öndvegi, svo að eigi falli, en ef hann má eigi inn komast, þá skal boð binda yfir miðjar dyr svo að hverr megi sjá sem inn gengur. Engi skal boð bera á hönd öðrum síðan sólu er sett um sumar en degi um vetur“ (Jónsbók).
- Þingboðsaxir voru ýmist hreppstjóraaxir eða sýslumannsaxir. Sá sem boð fékk í hendur frá réttmætum yfirvöldum var skyldugur til að koma því til næsta bæjar á boðleiðinni tafarlaust, en þó mátti boðið aðeins

vera á ferð að degi til. Síðasti bær skyldi skila boðinu aftur í hendur yfirvaldsins. Boðfall varðaði sektum. Eftir því sem pósthjónusta varð skipulagðari á landinu misstu hinar fornu boðleiðir vægi sitt, og enn frekar með tilkomu bílvega; síma og útvaps. Með tímanum féllu þingboðsaxir í gleymsku. Eitt varð þó til að halda uppi minninu um boðleiðirnar, en það var fjallskilaseðillinn. Þeirri venju var haldið í Rauðasandshreppi meðan hann hélt sínu sjálfstæði; að hreppsnefnd lét fjallskilaseðil ganga milli bæja; einn seðil fyrir hverja réttarsókn, þar sem tilgreint var hve marga menn hver bóndi eða landeigandi skyldi leggja til smalana; hvenær skyldi réttað og hvar. Í haus seðilsins var áréttað að hann skyldi ganga „frá bæ til bæjar; rétta boðleið“ og að hver viðtakandi væri skyldugur að koma honum í hendur hins næsta. Fjallskilaseðill fyrir Breiðavíkurréttarsókn fór fyrst að Hvallátrabæjum, síðan að Breiðuvík og að lokum norður eftir Kollsvíkurbæjunum. Má ætla að þannig hafi boðleiðir ávallt verið réttisælir; hver á sínu svæði; enda var sólargangurinn mönnum heilagur í mörgu.

Séra Björn í Sauðlauksdal segir svo í Atla: „Boð áttu víst að upp skera og senda það boðleið um hreppinn undan þér fyrir hreppstjórnarþingið. Sýslumenn láta bera undan sér breiðaxar boð, sem merkir það kóngsvald sem þeir hafa... Það boð á að brúka til allra kóngserinda þar sem um skipan eður kóngs og þegngildi er að höndla, svo sem til manntals, manndrápsleiðar o. fl. þinga. Til allra kirkjusóknarfunda, hreppsnaudsynja og sveitaraskila hafa menn áður brúkað krossboð. En til að boða byggðamönnum rán, hernað eða manndráp þá var skorin upp ör sem sendist gjarnan alla vega frá vettvangi. Það boð skyldi bera í þá líking fljótt sem ör flygi og allir áttu þá strax að þysja saman vegna fráðra nauðsynja“ (BH; Atli). Líklega má rekja til þessara síða ýmsar íþróttagreinar samtímans, s.s. boðgöngu, boðhlaup o.fl. Þar fer hver keppandi með kefli og kemur í hendur næsta keppanda í sínu liði. Í Noregi var lengi við líði sá siður að boðkefli (budstikke) væri boðsent milli bæja, í stað axar eða kross, en aðferð og reglur mest þær sömu. Sjá *axarboð; rétt boðleið; skera upp herör; þingboðsöxi*.

Boðorð (n, hk) A. Skipun; tilmæli. „Ég sendi honum boðorð um að þú hringja í mig fljótlega“. B. Tíu síðareglur sem í biblíunni eru sagðar sendar mannkyninu frá guði.

Boðsenda (s) Senda með boðsendingu.

Boðsending (n, kvk) Skeyti; orðsending; skilaboð; það að *koma* skilaboðum *áleiðis*. „Ég er lítið hrifinn af svona boðsendingum; hann getur *sem best* komið sjálfur og sagt mér þetta“!

Boðsbréf / Boðskort (n, hk) Bréfleg boð um að mæta t.d. á fund eða í samkomu/veislu.

Boðskapur (n, kk) Það sem boðað/predikað/flutt/tjád er; skilaboð; inntak. „Með þessu er hann kominn í andstöðu við sinn eigin boðskap“.

Boðun (n, kvk) Tilkynning; kvaðning; orðsending. „Ég fékk enga boðun um þetta“. Í biblíutilvitnun er boðun oftast nefnd um „boðun Maríu“ og þá átt við það þegar engill guðs tilkynnt henni að hún myndi eignast eingetinn son.

Boðunarbréf (n, hk) Bréf í pósti eða með boðsendingu, sem í er einhver boðun, fyrirskipun eða tilkynning.

Boðunardagur Maríu 25. mars; messudagur í kaþólskum sið, stundum nefndur Maríumessa á langaföstu. Til minningar um að Gabriel erkiengill vitraðist Maríum mey og boðaði fæðingu Jesú að níu mánuðum liðnum. Biblíuhöfundar töldu ekki viðeigandi að hann væri getinn með hinni venjulegu aðferð.

Boðungur (n, kk) Framhlið á jakka/vesti. Oftast átt við svæðið nærri hneppingunni eða ofan hennar. Orðið var áður „boðangur“ og merkti upphaflega það sem var boðið til kaups; vara var höfð á boðangri. Síðari hlutinn vísar til orðsins „kaupangur“ sem er fornt heiti á verslunarsvæði/markaði.

Boðvald (n, hk) Nýlegt orð um vald til að ráðskast með/ fyrirskipa. „Hann hefur ekkert boðvald yfir mér“!

Boðöxi (n, kvk) Styting á *þingboðsöxi*. Sjá *boðleið*.

Bofs (n, hk) A. Lágt gelt í hundi; ógreinilegt hljóð. B. Líkingamál um muldur/nöldur. „Ég heyrði varla bofs í símanum fyrir truflunum á línunni“. „Hann þagði bara og *sagði ekki bofs*“.

Bofsa (s) Gelta lágt. „Á hvað er hundurinn að bofsa núna“?

Boga (s) Um vökva; sprautast í boga; renna. „Svitinn bogaði af okkur þar sem við puðuðum við eggjatöku á Stígnum, enda steikjandi sól og blankalogn“.

Bogadreginn (l) Gerður/teiknaður í boga. „Brúin á Núpnum er sérkennilega bogadregin frá sjó að sjá, og *stingur í stíf* við nesin á svæðinu“.

Bogamínúta / Bogasekúnda (n, kvk) Hlutar úr hringferli í flatarmáls/- rúmfræði. Hring er venjulega skipt niður í 60 jafnar mínútur, og hverri mínútu er skipt í 60 jafnar sekúndur. Þessi aðferð er notuð til staðsetninga á jarðarkúlunni. Henni er skipt upp í 360 ímyndaða hálfhringi; „bauga“, sem ná milli póla; 180 lengdarbauga vestan Greenwich og jafn marga austanvið. Einnig er jarðarkúlunni skipt þvert á þessa lengdarbauga með 180 hringjum; breiddarbaugum. Núllbaugur er miðbaugur, en beggja megin eru norðlægur og suðlægur breiddir. Bilið milli tveggja bauga skiptist í 60° (gráður), hver gráða skiptist í 60'

(mínútur) og hver mínúta skiptist í 60“ (sekúndur). Þannig má staðsetja hvern punkt á jarðaryfirborðinu með allmikilli nákvæmni. T.d. er hnattstaða Kollsvíkur í grófum dráttum; 65°36′ norður (norðlægrar breiddar) og 24°18′ vestur (vestlægrar lengdar). Ein bogamínúta milli breiddarbauga svarar til einnar sjómílu eða 1.852 m.

Bogfimi (n, kvk) Leikni við að skjóta ör af boga. „Við strákarnir bjuggum okkur til boga og örvar úr grönnum spýtum og seglgarni og æfðum bogfimi á mókofagaflinum“.

Bogi (n, kk) A. Bogalöguð/bogin lína; boglína; hlutur sem er boginn. B. Vopn; sveigður grannur teinn með streng milli enda; notaður til að skjóta ör um nokkra vegalengd. C. Dýrabogi; tæki úr járn þar sem bogalagaðir kjálkar eru glenntir í sundur; agn sett á milli og dýr veitt sem tekur það, en við það smella kjálkarnir saman.

Boginn (l) Sveigður; beygður. Sjá *eitthvað bogið við (eitthvað)*.

Boginn og bjagaður / Beyglaður og bjagaður (orðtök) Úr lagi genginn; aflagaður; skemmdur/klesstur/skakkur en þó ekki brotinn.

Boglína (n, kvk) Sveigð lína; bogi; baugur.

Bogmaður (n, kk) Sá sem er með/ skýtur af boga.

Bogna (s) Svigna; kíkna; láta undan. „*Betra er að bogna en bresta*“.

Bogr (n, hk) *Baks*; vinna þar sem maður er álútur. „Maður er þreyttur eftir þetta árans bogr við kartöflurnar“.

Bogra (s) Vera álútur; *baksa*. „Fullorðnir þurfa dálítið að bogra til að komast inn lág göngin, en hesthúskofinn er góð mannhæð þegar inn er komið“.

Bokki (n, kk) Hrokafullur maður. „Þú ert varla orðinn sá bokki að þú heilsir ekki sveitungum á fönnum vegi“! Sjá *stórbokki* sömu merkingar sem oftar er notað. Stofnskylt *búkki*, í merkingunni trjádrumbur; undirstaða.

Bola (s) Ryðja; ýta frá með hörku. „Mér fannst honum bolað úr starfinu á ósamngjarnan hátt“. Sjá *boli*.

Bolakálfur (n, kk) A. Ungur tarfur; nautkálfur. B. Líkingamál; niðrandi gæluheiti um strák/ungling.

Bolast (s) Óleyfileg aðferð í glímu; glíma álútur og skapa sér þannig forskot á andstæðinginn.

Bolatollur / Nautstollur (n, kk) Gjald sem greitt var fyrir afnot af nauti. Fyrir daga sæðingatækni var fyrirkomulag oft með þeim hætti að naut á einum bæ var samnýtt fyrir aðra kúaeigendur, og var þá oft greitt eitthvað gjald fyrir eldi þess. Víða var skinnið af kálfinum talið löggiltur nautstollur.

Boldang (n, hk) A. Upphafleg merking; gróft/þykkt efni; þykkt léreft; segldúkur. B. Í seinni tíð notað um hvaðeina sem er viðamikil/fyrirferðamikil og þungt í meðförum.

Boldangfiskur / Boldangsporskur (n, kk) Stór/vænn fiskur; auli; golþorskur. „Þú dregur hvern boldangfiskinn eftir annan en ég fæ tóma aumingja“! „Þarna dró ég hvern boldangsporskinn eftir annan“.

Boldangflík (n, kvk) Ruðamikil/ fyrirferðarmikil flík. „Þessi úlpa er boldangflík; og mikið helvíti er hún nú hlý og skjólgóð“.

Boldangskoddi / Boldangssæng (n, kk/kvk) Sængurfatnaður úr grófu/þykku lérefti. Í seinni tíð notað um stóran kodda og þykka sæng.

Boldangskvenmaður (n, kk) Stór/myndarlegur/föngulegur kvenmaður. „Hann hefur heldur betur náð sér í boldangskvenmann þykir mér“!

Boldangmikill (l) Umfangsmikill; mikill á velli; *ilagagóður*. „Þetta var boldangmikið rekatré“.

Boldangstré (n, hk) Stórt rekatré. „Þarna var mikið sprek á fjörum og fáein boldangstré“.

Bolfiskur (n, kk) Oft notað um nytjafisk, annan en smáfisk (s.s. titti, síld og loðnu) og flatfisk (lúðu, skötu, kola o.fl.). Stundum þó eingöngu notað um hausaðan og slægðan fisk; óflattan og óflakaðan.

Boli (n, kk) Naut; *nautboli*. „Heldur nú Einar sem leið liggur með bola upp á hálsinn innanverðan“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Bolla (n, kvk, linur frb). A. Hnattlaga lítið stykki af mat/brauði. T.d. fiskbolla; *ketbolla*; rjómobolla. B. Líkingamál um feitlagna manneskju.

Bollaleggingar (n, kvk, fto) *Ráðagerðir*. „Eftir miklar bollaleggingar varð það að ráði að þremmingarnir legðu af stað í leit...“ (MG; Látrabjarg).

Bollaleggja (s) Áætla; skipuleggja; hugsa/ræða um bestu leiðir. Sennilega líking við það að leggja á borð til undirbúnings á kaffidrykkju/gestaboði.

Bollapar (n, hk) Bolli og undirskál. „Ég geri mér enga *rellu* útaf ósamstæðum bollaparöllum“.

- Bollastell** (n, hk, linur frb í enda) Nokkur bollapör í sama stíl/ með sama mynstri. Í seinni tíð var það ýmsum húsmæðrum metnaðarmál að eiga fallett bollastell sem notað var við hátíðleg tækifæri.
- Bolli** (n, kk) A. Lítið ílát; drykkjarílát. Oft með höldu í seinni tíð. B. Skálarlaga djúp laut í landslagi eða efni. „Utantil á Hnífunum eru skjólsælir grösugir bollar“. C. Mælieining t.d. í matargerð; það sem rúmast í bolla. D. Líkingamál um bát. T.d. *manndrápsbolli*.
- Bollok** (n, hk, harður frb) Hokur; búskaparbasl; bauk. „Hann sagðist ekki skilja hvernig menn nenntu að binda sig yfir þessu bolloki, sem engu skilaði nema puðinu“.
- Bolloka** (s) Hokra; búa. „Hann hefur bollokað þarna einn í sínu koti“.
- Bolludagur** (n, kk, linur frb) Mánudagurinn í föstuinngangi, áður en *langafasta* hófst. Föstuinngangur náði yfir sunnudag, mánudag og þriðjudag fyrir páska, og þá skyldu menn „fasta við hvítan mat“, þ.e. ekki borða kjöt. Þá hefur komist á sá siður að borða einhverskonar brauðbollur í staðinn, og hið íslenska nafn er kennt við þann innflutta sið. Þær voru snæddar Kollsvík sem annarsstaðar en einnig gjarnan fiskibollur. Um 1700 tíðkaðist í Danmörku að borða hveitibollur með mjólk og smjöri á föstuinnganginum; sjá *rjómobolla*. Bolluátið virðist upphaflega hafa verið á sprengidegi, sem er á þriðjudag í föstuinngangi, en flust síðar á mánudag.
- Bolmagn** (n, hk) Geta; afl; kraftar; fjárráð. „Þá hafði félagið ekki bolmagn til að kaupa þetta“.
- Bolmikill** (l) Með stóran bol, skrokk, bók.
- Bolta** (s) A. Setja saman með járnbolta/ stórri járnskrúfu. B. Fyrri merking; strauja með *straubolta/straujárn*.
- Boltafiskur / Boltaporskur** (n, kk) Feitur rígaporskur. „Yfir fallaskiptin drögum við þarna hvern boltafiskinn eftir annan; spikfeita aula; sprellfjöruga og með vellandi síli úr kjaftinum“.
- Boltafjandi** (n, kk) Niðrandi heiti á boltaíþróttum; töluvert notað af þeim stóra hópi Kollsvíkinga sem hefur lítinn áhuga eða skilning á þeirri íþrótt. Þar eru þó nokkrar undntekningar á í seinni tíð. „Ekki skil ég hvernig nokkur lifandi sála getur fengið sig til að eyða tíma yfir þessum boltafjanda síknt og heilagt“!
- Boltaleikur** (n, kk) Leikur að/með bolta. „Þá var líka tíðkað að fara í *heimsóknir* á aðra bæi; einnig að *koma saman* og fara í boltaleik og *útilegumannaleik* þegar fór að dimma“ (IG; Æskuminningar).
- Boltatuðra** (n, kvk) Gæluheiti á fót- eða handbolta. „Ég hef aldrei nennt að eltast langtímum saman við einhverja boltatuðru, og skil illa þá sem hafa gaman af svo tilgangslausu hoppi“.
- Bolti** (n, kk) A. Knöttur; uppblásin kúla; snjóbolti. B. Stór járnskrúfa, oftast með ró á enda; ætluð til að festa saman/niður efni. C. Gæluheiti á stórvöxnum manni/fiski/dýri. D. Styttning á *straubolti*.
- Bolungur** (n, kk) Viðarbolur, einkum sem er mikill um sig en nýttist illa, t.d. stuttur, maðksmoginn eða fúinn. Orðið var þekkt í Kollsvík í seinni tíð, en ekki mikið notað.
- Bolur** (n, kk) A. Trjáviður; tré. Rótar- og lmlaust og fremur stórt en lítið. B. Skrokkur; bókur; líkami að frátöldu höfði og útlimum. C. Ermalaus/ermastutt innri skyrta.
- Bolöxi** (n, kvk) Stór öxi með löngu skafti, ætluð til að höggva niður tré í skógi, aflima tré og grófvinna það.
- Bomba** (n, kvk) Tökuorð og gæluheiti á sprengju.
- Bombardera** (s) Kasta sprengjum að; ráðast á.
- Bommerta** (n, kvk) Skandall; hneyksli. „Eftir þessar bommertur lét hann ekki sjá sig lengi á bænum“.
- Boms** (n, hk) Fall; hávaði. „Það varð ári mikið boms þegar bjargið féll í sjóinn, skammt frá okkur“.
- Bomsur** (n, kvk, fto) Skófatnaður til útinotkunar; hærri en lágskór; lægri en stígvél. Um miðja 20.öld var orðið notað um reimaða gúmmiklossa af sérstakri gerð; sem auðvitað voru fengnir úr kaupfélaginu.
- Bopp** (n, hk) A. Hreyfing upp og niður. B. Sífelldur lágvær hósti; hóstakjöltur. „Það er enn eitthvað bévítans bopp í manni“.
- Boppa** (s) A. Dúa upp og niður. „Baujan er dökk og sést illa þegar hún boppar í mikilli báru“. B. Hósta títt en lágt.
- Bor** (n, kk) Nafar; áhald til að gera holu/gat í efni. Stundum í seinni tíð notað um tæki sem snýr bornum.
- Bora** (n, kvk) A. Kytra; lítið rými/herbergi/skot. Hefur í upphafi merkt gat/hola sem boruð er. B. Rass; endaparmur; *rassbora*. „Sestu nú á boruna og fáðu þér kaffisopa með okkur“.
- Bora** (s) A. Búa til gat/holu með bor. B. Troða. Sjá *bora sér*.
- Bora í nefið á sér** (orðtak) Nota fingur til að hreinsa nös sína.
- Bora sér** (orðtak) Troða sér; koma sér í þrengsli; fela sig. „Hvar hefur þessi unghæna nú borað sér“?

Borð (n, hk) A. Hækkaður stallur til að matast á; vinna við eða geyma hluti; sófaborð; matborð o.fl. B. Fjöl; borðviður; nytjatimbur. „Reisifjöl var slétthefluð borð, óplægð, sett innan á sperrur í gömlum baðstofum helluböktum; stundum aðeins yfir rúmum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Af sama meiði eru samsetningar s.s. matarborð, stofuborð, flatningsborð, skákbord o.fl. C. Umfar í báti. Hvert borð/umfar hefur sitt nafn. Neðst, við kjölinn, er kjalsíða. Hún er nánast þríhyrnd í þversnið og fellur ein hliðin að kilinum; önnur veit upp í botn bátsins og þriðja myndar sæti fyrir næsta borð, sem nefnist farborð. Utar því kemur fráskotsborð; næst undirúfur og þá yfirúfur. Hrefna nefnist það næsta, en þá er botninn farinn að sveigja verulega uppávið; næst sjóborð sem er í sjólokunum á tónum báti; þá sólborð og efst rimaborð, en innan á það kemur borðstokkur/hástokkur. (byggt á því sem Ó.E.Th. Vatnsdal skráði eftir Sigurði Sigurðssyni bátasmið í Breiðuvík; LK; Ísl. sjávarhættir II). D. Hlið á efni, fatnaði, ílátum eða öðru. Sbr innra/ytra borð. Af sama meiði eru t.d. yfirborð, fjöruborð, sjávarborð, vatnsborð og að komið sé borð á vökva við það að hann lækkar í ílátum.

Borð á (orðtak) Um vökva í ílátum; ekki fullt. „Passaðu þig að hella ekki í fleytifullt fatið; þar þarf að hafa gott borð á“.

Borð fyrir báru (orðtak) *Friðborð*; það sem uppúr sjó stendur af byrðingi hlaðins báts. „Við hlóðum bátinn þarna á örstuttum tíma, þannig að varla var borð fyrir báru á landstíminu“. Alltaf þykir öruggara að eitthvað standi uppúr af byrðingi báts þegar hann er hlaðinn, þannig að hann þoli dálítinn sjógang. Notað í líkingamáli um að *hafva vaðið fyrir neðan sig*; eiga umfram til öryggis. Sjá *hafva borð fyrir báru*.

Borð í borð (orðtak) Um stýri báts eða annars farartækis; frá því að *leggja* fullt á í annað borðið til þess að leggja fullt á í hina stefnuna. „Við urðum að sigla rólega yfir röstina, með gutlandann á bóginn, og hann sló stýrinu borð í borð til að reyna að halda stefnunni“.

Borða (s) Eta; snæða; matast; *fá sér í svanginn*. „Viltu ekki fá þér eitthvað að borða“?

Borða tvímælt (orðtak) Borða tvisvar á dag /tvær fullar máltíðir á dag. „Þá var oft borðað tvímælt“.

Borðafullur (l) Bátur sem fengið hefur áfall og fyllst af sjó;*borðstokkafullur*. „Aftur veltur báturinn og er nú kjölréttur, en borðafullur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Borðalagður (l) Með gullbryddingar á fatnaði; háðsyrði um suma embættismenn/löggæslumenn. „Hann þorði ekki að setja í hágírinn; ef svo slægist að þeir borðalögðu væru í grenndinni“.

Borðbreiður (l) Um bát; með breiðum borðum í súð.

Borðúkur (n, kk) Dúkur sem breiddur er á borð til að hlífa því og auðvelda þrif.

Borðfast (l) Í spilum. Almenn regla er sú að spil sem látið er út telst vera borðfast og óendurkræft þegar spilarinn hefur sleppt af því hendinni, en þangað til hefur hann færi á að hætta við og taka það aftur.

Borðfletta (s) Fletta/saga tré í borðvið. „Þessi bolur er beinn og kvistalaus; það má vel borðfletta honum“.

Borðhald (n, hk) Það að matast; át. „Mér leiðist svona borðhald; ég er vanur að sitja við borð meðan ég ét en ekki rápa um allt hús með matinn“!

Borðhár / Borðlagur (l) Um bát; með háan/lágan borðstokk; hárlágur á borðið.

Borðhnífur (n, kk) Hnífur sem hentar til að brytja niður mat á diskum þegar snætt er, og koma mat á gaffal áður en munnbiti er etinn. Oft einjárnungur, sljór í oddinn.

Borðhækka (l) Um bát; hækka borðstokka með því að bæta við skíði/umfari/borði. „Hann *ver sig* mun betur eftir að hann var borðhækkaður“.

Borði (n, kk) Lindi; reim; ól.

Borðleggjandi (l) Augljóst; öruggt; liggur ljóst fyrir. Komið úr spilamennsku, t.d. í vist, um það þegar spilarinn leggur spil sín niður strax í upphafi, þar sem augljóst er að hann muni vinna/taka alla alla slagina. „Það er alveg borðleggjandi að við róum ekki á morgun“. Sjá *leggja á borðinu*.

Borðpláss (n, hk) Rými á borði. „Er ekki einhversstaðar borðpláss fyrir jafninginn“?

Borðsalt (n, hk) Fín malað salt, sem hentar til að salta mat stuttu fyrir neyslu.

Borðsálmur (n, kk) Vísa sem kveðin er áður en menn byrja að snæða mat; nokkurskonar borðbæn. Var einkum tíðkað í veislum höfðingja fyrr á öldum. Nú einkum í líkingum: „Þeir eru fallegir borðsálmarnir hjá þér núna! Hættu nú þessum andskotans viðrekstrum við matarborðið“!

Borðsiðir (n, kk, fto) Kurteisilegar venjur/reglur við borðhald/snæðing. „Reyndu nú að halda þig við borðsiðina drengur; það á að nota hníf og gaffal en ekki þetta *úr hnefa*“.

Borðskápur (n, kk) Skápur sem í er geymt ýmislegt það sem þarf til borðhalds, einkum *sparistell* o.fl.

Borðskúffa (n, kvk) Skúffa í borði. Til aðgreiningar frá lausri skúffu.

Borðstíkur (n, hk, fto) Rár sem notaðar voru til að byggja *stakk* á skip í *fiskaferðum*. „Þegar talið var fært ferðaveður var byrjað að ferma skipin. Voru þau sett svo langt niður að þau gætu flotið um flóð, því jafnan var fermt á þurru. voru tekin af tvö rúm; hið aftasta og fremsta, og hlaðið í þau; jafnt í skut og barka. Rennt var ráð ofan með borðunum með nokkru millibili; svo langt sem búlkurinn náði, einkum aftan. Stóðu þær nokkuð upp af borðunum og hölluðust lítið eitt útavið. Voru þetta nefndar *borðstíkur*. Var svo hlaðið að borðstíkunum; var það kallað að *brjóta út*. Það sem ofar var söxum kallaðist stakkur. Var hann lítið eitt breiðari en skipsbreiddinni nam. Borðstíkurnar studdu hann báðumegin svo ekkert haggast. Á stærstu skipunum henti það að stakkurinn tók meðalmanni undir hönd af þóftu“ (PJ; Barðstrendingabók).

Borðstokka (s) Um bátasmíði; setja borðstokk á byrðinginn. „Þetta kvöld var veisla á Miðbæ eins og vanalegt var þegar nýr bátur var borðstokkaður, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Borðstokkafullur (l) Borðafullur; svo mikil hleðsla í báti að eitt eða fleiri rúm eru full. Alltaf var þess þó gætt að hafa austursrúm tóm til að ausa mætti bátinn. „Svo hlaðið var miðrúmið af fiski að heita mátti að báturinn væri borðstokkafullur“. „...bar hann nú að landi borðstokkafullan“ (TÓ; Yfirlit sjólysna í Rauðasandshreppi).

Borðstokkafylla(s) Fylla bát upp á borðstokka, svo hann marar í kafi. „Brotsjórinn óð með hleininni og fram yfir skut bátsins, svo hann borðsokkafyllti á augabragði; áhöfn og farviðir köstuðust ýmist uppá hlein eða í sjóinn, en ekkert tapaðist þó“.

Borðstokkur (n, kk) Viður sem negldur er innan á efsta umfar/rimaborð báts, oft um 3x3½“. Heflað er af neðri kanti, þannig að borðstokkurinn er sem næst láréttur, og hann vanalega heill milli bitaþóftu og andófsþóftu en stundum blaðskeyttar viðbætur til stafnanna. Hnýfilkrappi nefnist stykki við stefnið sem heldur saman borðstokkum á bæði borð. (úr LK; Ísl sjávarhættir II). „...Þarna eru þeir að fara frá Patreksfirði“, segir Árni og spýtti í falletum boga langt útfyrir borðstokkinn“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Borðtau (n, hk) Borðbúnaður; áhöld til að borða með; hnífapör, diskar, glös o.þ.h.

Borðtuska (n, kvk) Borðklútur; rýja sem notuð er til að þurrka og hreinsa matborð/eldhúsbord.

Borðviður (n, kk)

Borðvig (n, kvk) Borðvog, oftast gormavog, sem notuð er standandi á borði, t.d. til að vigta það sem þarf til baksturs eða annarrar matargerðar.

Borg (n, kvk) A. Upprunaleg merking; kastali, vígi; staður þar sem menn geta bjargast. B. Síðari tíma merking; þéttbýli; fjölmennt bæjarfélag. Heitið fékk þessa merkingu þegar borgarvirki urðu stærri og þéttbýli myndaðist innan þeirra, af fólki sem leitaði í öryggið. Af sama uppruna er heitið *fjórberg*.

Borga (s) Greiða; láta endurgjald fyrir verðmæti.

Borga brúsann (orðtak) Síðari tíma slanguryrði; greiða fyrir það sem keypt er. Einkum notað um það að einn greiði fyrir annan. „Þeim þykir það réttlátt kaupmönnum að græða á innflutningi erlends sjúkdómakets og láta bændur borga brúsann“! Vísar líklega til þess að maður ætli öðrum að greiða sín vínkaup á brúsa.

Borga eftir (orðtak) Greiða fyrir; greiða leigu/eftirgjald. „Kollsvíkurmenn byggðu allar búðir; áttu þær og leigðu vermönnum. Gjaldið sem vermenn greiddu var „búðartollur“ og uppsátursgjald. Mig minnir að hvortveggi væri 12 kr; 6 kr búðartollur og 6 kr uppsátursgjald. Við þurftum ekki að borga eftir; amma mín var af Kollsvíkurrætt; átti part í jörðinni og þurfti því ekki að borga eftir búðina. Hrísl og lyng máttu menn fá ókeypis“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Borga sig (orðtak) Vera þess virði. „Það borgar sig ekki að elta þessat *stírrur* í dag. Við förum frekar á morgun og reynum að nudda þeim heim“.

Borga/greiða upp í topp (orðtak) Borga/greiða allt uppsett verð. „Ég borgaði honum þetta strax upp í topp“.

Borga til (orðtak) Borga meira/ í viðbót. „Ég sagði honum að hann yrði að borga til ef vélin reyndist ekki jafn vel og af var látið“.

Borgar sig (ekki) (orðtak) Er (ekki) þess virði; er (ekki) til bóta; *svarar (ekki) kostnaði*. „Það borgar sig að moka aðeins meira undan grindunum svo ekki þurfi að taka þær upp aftur í vetur“.

Borgarbúi / Borgarbarn / Borgari (n, kk(hk)) Sá sem býr í Reykjavík; höfuðborgarbúi.

Borgarís (n, kk) Stór ísjaki sem brotnað hefur af skriðjöklum Grænlands og borist til Íslands. Borgarís hefur oft borist upp á Kollsvík og aðra staði á Vestfjörðum. Um það vitna hinir mörgu „grænendingar“, eða flökkusteinarnar, sem finna má á fjörum. Þeir eru djúpberg sem finnast á Grænlandi en ekki hérlendis, og hafa vafalítið setið neðani borgarís sem bráðnað hefur uppi í vikinni. Nokkuð stór borgarís barst uppá Kollsvík árið 1968 og var m tíma *botnfastur* lengst frammi á vík, þar til hann brotnaði, barst á fjörur og bráðnaði þar.

- Borgarnef** (n, hk) Lyktnáemi aðkomumanns á þá lykt sem fylgir sveitum og búskap, s.s. *ffósalykt* og *votheyslykt*. „Þú verður bara að setja nefklemmu á þitt borgarnef meðan þú gefur votheyið, en annars venst þetta fljótt“.
- Borgarsollur** (n, kk) Slæmur lifnaður í borg. „Ekki veit ég nú hvað menn eru að sækja í borgarsollinn“!
- Borghleðsla** (n, kvk) Hringlaga grjóthleðsla sem dregst saman í hvolfþak. Þannig voru hlaðnar sumar fjárborgir og sum fiskbyrgi annarsstaðar á landinu. Ekki er vitað af borghleðslu í Rauðasandshreppi.
- Borginmannlega** (ao) Hressilega; með reisu. „Nú held ég að þú getir borið þig heldur borginmannlega drengur; búinn að eignast þennan fina vasahníf“.
- Borginmannlegur** (l) *Rogginn; borubrattur*. „Stráksi er *ansi* borginmannlegur með sitt lamb“.
- Borginn** (l) Hólpinn; öruggur; *kominn fyrir vind*. „Ég vissi að okkur væri borgið þegar við vorum komnir inn á voginn; inn úr brimgarðinum“. „Okkur var borgið. Eftir að bátnum hafði verið bjargað úr sjó, fóru menn að heilsast. Þóttust allir okkur úr helju heimt hafa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Borgun** (n, kvk) Greiðsla; endurgreiðsla; laun. „Hann þáði enga borgun fyrir þetta viðvik“.
- Borgunamaður** (n, kk) Sá sem er fær um að greiða; greiðsluhæfur. „Ég kaup þetta ekki nema ég sé borgunarmaður fyrir því“.
- Borgunarmáti** (n, kk) Greiðsluháttur. „Mér er alveg sama hvaða borgunarmáti er hafður á þessu“.
- Borin** (l) Um kind/kú; búin að bera. „Ég fann tvær bornar norður í Langamelaskarði; eina einlembda en hina tvílembda“.
- Borin von** (orðtak) Vonlaust; úti um alla von. „Það er alveg borin von að þessar *stygðarrófur* náist á næstunni“. „Ég hélt að við næðum heyinu í hlöðu fyrir rigninguna, en það virðist nú vera borin von“.
- Borstöng** (n, kvk) Framlenging á jarðbor. „Ingvar frá Kollsvík vann hjá Jarðborunum ríkisins eftir að hann hætti búskap. Hann útvegaði aflagðar borstangir sem notaðar voru til að smíða vagn undir Rutina; skekktu sem Óli á Nesi smíðaði fyrir þá bræður Ingvar og Össur“.
- Borsveif** (n, kvk) Handverkfæri sem algengt var fyrir daga rafmagnsverkfæra til borunar í tré. Trébor var festur í enda þessa u-laga verkfæris; þrýst var á hnúð á hinum endanum og bornum snúid með boganum/sveifinni.
- Borubrattur** (l) Hress; góður með sig; montinn. „Hann var ekki eins borubrattur þegar einkunnin lá fyrir“. Visar til þess að vera uppréttur, en ekki áboginn með rassinn standandi afturfyrir.
- Borulegur** (l) Þröngur; plásslítill. „Baðherbergið þætti líklega fremur borulegt nú til dags“.
- Borvél** (n, kvk) Handverkfæri sem bor er festur í. Oftast rafdrifið nú á tímum.
- Botn** (n, kk) A. Lóðrétt endimörk, s.s. botn á íláti, t.d. tunnu, fötu, könnu o.fl. Einnig hafsbotn, vatnsbotn, hlöðubotn, gryfjubotn, brunnotn o.fl. B. Lárétt endimörk, s.s. dalbotn. C. Huglæg endimörk s.s. vísubotn. D. Líkingamál; rass/rasskinnar á manneskju. „Sestu á botninn og fáðu þér kaffisopa“.
- Botna** (s) A. Ná til sjávarbotns. „Fljótlega fór dýpi að aukast svo að bambusstengurnar botnuðu varla“ (GÖ; minningarbrot frá Láganúpi). „Það hafði verið farið að drífa og reka undan norðanstorminum og botnuðu ekki færin...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). B. Búa til seinnipart vísu. „Fyrrum var skáldskapur og vísnagerð nokkuð stundað sem dægradvöl í Kollsvík víðar. Fóru fram leikir og keppnir í ýmsu formi skáldskapar. Stundum kepptu menn í því að kveða eða fara með sem flestar vísur; stundum í því hver væri fljótastur að *kasta fram vísu*, jafnvel undir flóknum hætti; stundum var *kveðist á*, þannig að vísa byrjaði á síðasta staf eða orði vísunnar á undan; stundum kepptu menn í að botna. Þá kastaði einn fram fyrriparti ferskeytlu, en annar átti að botna þannig að vel færi. Með þessu móti þjálfuðust menn mjög í vísnagerð og rökhugsun“.
- Botna í** (orðtak) Skilja. „Ekki botna ég í þessu stefnuleysi stjórnvalda í orkumálum“.
- Botnbreiður; Botnmikill** (l) Um bát; breiður í botninn í hlutfalli við lengd. Botnbreiður bátur er að jafnaði stöðugur í veltungi og flýtur á grunnnum sjó. Hinsvegar *ver* hann *síg* ekki mjög vel gegn ylgu.
- Botndýr** (n, hk) Dýr sem lifir á eða nærri botni í sjó eða vatni.
- Botnfall / Botngrugg** (n, hk) Það sem fellur til botns í vökva. „Það var komið dálítið botnfall í *gruggglasið* á traktornum“.
- Botnfastur** (l) Fastur í botni. „Mér sýnist að borgarisinn sé orðinn botnfastur þarna frammi á víkinni“.
- Botnfesta** (n, kvk) A. Um það þegar færi/net festist í botni. „Hér er bølvaður hraunbotn og hætt við botnfestum“. B. Hald akkeris eða niðristöðu. „Skipið rak fyrir vedri þar sem stjórninn hafði ónóga botnfestu“.

Botnfiskur (n, kk) Fiskur sem heldur sig allajafna nærri botni. Helstu hefðbundnu nytjafiskar Íslendinga eru botnfiskar; s.s. þorskur, steinbítur, lúða, skata, ufsi, kólí, ýsa og langa. Fisktegundir sem halda sig ofar í sjó nefnast *uppsjávarfiskar*, s.s. síld, loðna og makrill. Ekki er vitað um nytjar þeirra í Kollsvík.

Botnfjöl (n, kvk) Fjöl í botni á rúmi/kistu/tunnu/bát o.fl. „Hér hefur brotnað botnfjöl í rúmbálknum“.

Botnfreðinn / Botnfrosinn (l) Frosinn frá yfirborði niður í botn. „Stampurinn er botnfreðinn“.

Botnfrjósa (s) Þegar vatn frýs frá yfirborði niður í botn. „Það er hörkufrost; Lögmannsláin er botnfrosin.“

Botnfullur (l) Um ílát; með innihald sem hylur botninn. „*Berjadósin* var rétt botnfull“.

Botnfylla / Botnhylja (s) Setja það magn í ílát sem nægir til að hylja botninn. „Hann var svo öflugur í berjatínslunni að hann var búinn að hálfylla meðan ég var varla búinn að botnhylja“.

Botnfylli / Botnhylur (n, kvk/kk) Það þegar komið er svo í ílát að botninn er hulinn/þakinn. „Í fyrstu berjaferðunum þótti manni það skítt að fá ekki nema botnfylli meðan eldri strákarnir voru komnir með hálf sín *berjabox*. En þeir *tíndu* heldur ekki eins mikið *uppi sig*.“

Botngefa (s) Um bíl; stíga bensingjöfina í botn. „Það kom bölvuð bensinstífla í bílinn hér norður á vegi. Ég varð að botngefa honum í lágum gír til að koma honum heim“.

Botngróður (n, kk) Gróður á sjávar- vatnsbotni.

Botnhreinsa (s) A. Hreinsa innanúr botni íláts. B. Hreinsa neðanaf botni. T.d. hreinsa ásætur af botni báts.

Botninn dettur úr (einhverju) (orðtak) Eitthvað verður endasleppt; eitthvað hættir skyndilega. „Nú er ég hræddur um að botninn sé dottinn úr þessari grásleppuvertíð“.

Botnkyrrð (n, kvk) Straumleysi við botn sjávar vegna viðnáms, þegar straumur er í efri lögum vegna t.d. sjávarfalla. Fallastraumur er allajafna mestur í yfirborði sjávar, en fer minnkandi til botns; minnkar örast næst botninum og þar er oft straumleysi/botnkyrrð. Í röstum er óreglan þó mun meiri, enda myndast þar tíðum iðuköst og *straumgöndlar*.

Botnlag (n, hk) A. Lögum sjávarbotns. „Þarna innantil í firðinum er leirbotn, en utar er allt annað botnlag. Þar er hraunbotn“. B. Lögum botns á bát. „Mér líkar mun betur við botnlagið á þessari fleytu en hinu horninu“. C. Neðsta lag efnis, t.d. í íláti eða í sjó.

Botnlangi (n, kk) A. Tota í ristli, sem talinn er úrelt líffæri. Oft fjarlægt úr manni nú á tíðum, með skurðaðgerð; einkum við botnlangabólgu. Heitið hefur líklega í upphafi verið „botnlaki“. B. Líkingamál; blindgata; lokaður gangur í bjargi.

Botnlaus (l) A. Án botns. Gjarnan notað um djúfafen þar sem oft er langt niður á fastan botn. „Þarna eru víða botnlausir pyttir þó allt sýnist gróið“. B. Líkingamál; óseðjandi. „Maður er alveg botnlaus eftir allar þessar smalamennskur“.

Botnlausar skuldir (orðtak) Óviðráðanlegar skuldir.

Botnlaus hit (orðtak) Manneskja eða skepna sem borðar/étur óskaplega mikið; *átvagi*; *matargat*.

Botnlausar skammir (orðtak) Mjög miklar skammir; *húðarskammir*. „Hann fékk botnlausar skammir hjá karlinum fyrir þetta athæfi“.

Botnlaust dý / Botnlaust fen / Botnlaus mýri (orðtök) Ýkjur til lýsinga á djúpum og hættulegum djúpasvæðum.

Botnlaust og vitlaust (orðtak) Endalaust; þrotlaust. Oft notað um vinnu eða át. „Maður getur étið botnlaust og vitlaust af skötunni“. „Menn röðuðu sér í hlíðina með skóflur og svo var mokað botnlaust og vitlaust þar til fært varð“.

Botnleysa (n, kvk) A. Botnlaust fen. B. Líkingamál um endaleysu/vitleysu; það sem enginn *botnar í*.

Botnlýjur / Botnrök (n, kvk/hk, fto) Hey sem er neðsti í galta og hefur dregið í sig raka úr jörðinni eða bleytu af yfirborðinu. Botnlýjurnar þurfa því jafnan meiri þurrk en annað hey í galtanum. Þær eru tíðum bornar útfyrir flekkinn eftir að galtinn hefur verið breiddur og þurrkaðar sér í lagi.

Botnmálning / Botnfarvi (n, kvk/kk) Málning sem notuð er neðan á botn báts. Eftir að farið var að mála báta í Kollsvíkvervi í stað þess að bika þá, var botninn iðulega málaður í öðrum lit en síðurnar. Báturinn var gjarnan málaður að vori; áður en honum var *hvolft upp* og hann *settur niður*.

Botnótt (l) Um lit á sauðfé; Dökkt að lit með ljósa bringu, ljósan kvið og aftur á rass.

Botnplittur (n, kk) Sjá *plittur*.

Botnrek (n, hk) Laus þari sem rekur eftir botninum með sjávarfallinu; getur kjaftfyllt net svo að erfitt verði að ná þeim upp óskemmdum. „Varasamt er að leggja net á sandblettina í Kollsvík vegna botnreks“.

Botnrof (n, hk) „Skerðing botns frostgígs við það að ísferja hrífur með sér flökkuefni. Botnrof birtist t.d. sem gloppur í annars sléttum botni, þar sem vöntun er á efni; barmar óreglulegir og dýpt rofsins nokkuð jöfn í því öllu“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Nýyrði vegna jarðfræðikenningar sem upprunnin er í Kollsvík.

Botnröng (n, kvk) Hluti af máttarviðum báts; *bunkastokkur*; þykkt band þvert á kjölinn.

Botnset (n, hk) Botnfall; það sem fellur til botns af fingerðu efni og hleðst upp, t.d. í stöðuvötnum.

Botnvarpa (n, kvk) Troll; veiðarfæri sem dregið er af togara eftir botni, þannig að fiskur veiðist í op þess og safnast í poka, sem síðan er hífður um borð.

Botnveltast (s) *Kútveltast*; veltast svo mikið að botn kemur uppúr. Mest notað í líkingamáli: „Hvernig sem þetta mál kann að botnveltast þá held ég að niðurstaðan sé augljós“.

Botnvörpungur (n, kk) Togari. Heitið var meira notað í byrjun togaraaldar.

Box (n, hk) A. Lítil kassi/stokkur. T.d. *berjabox*, *nestisbox*. B. Hnefaleikar.

Boxa (s) Stunda hnefaleika; berjja með hnefunum.

Bófaleikur (n, kk) Leikur barna þar sem einn eða fleiri eru bófar, en aðrir löggur sem neyna að ná bófunum eða „drepa“ þá með leikfangavopnum. Af sama meidi eru kúrekaleikir (cowboy-leikir), en hvorttveggja eru nýlegir leikir, tilkomnir eftir að sjónvarp fór að tíðkast í höfuðborg og síðar úti á landi.

Bófi (n, kk) Þjófur; ræningi; glæpamaður.

Bógalda / Bógbylgja (n, kvk) Alda sem hleðst upp framan við bát sem er á siglingu; er hæst við stefni og bóg/söx en streymir síðan afturmeð og ú frá bátnum.

Bógur (n, kk) Hlið í ýmiskonar merkingu. A. Bógur á skepnu, þ.e. síðan fremst, aftanvið háls; efsti hluti framleggs. „Tekið var í reykhelst geldfé; gjarnan valið vænt fé. Tekin voru krof af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftan við bógana og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). B. Kinnungur á bát/skipi. C. Krus; *slagur* í siglingu *beitivinds*. D. Hani á byssulás. E. Pasturslítil maður. „Hann er nú *ekki beysinn bógur*, þessi armingi“. F. Ákveðinn biti í þorskhaus.

Bók (n, kvk) A. Beyki; beykitré. Þetta mun vera upprunaskýring orðsins, eins og glögg sést af erlendum heitum trjategundarinnar, þó það sé ekki lengur nefnt „bók“ í íslensku máli. Vísar til þess að í upphafi var krotað á beykiþynnur. B. Safn blaða sem fest eru nokkur saman í band. Oft merkir orðið tiltekinn blaðafloði; 24 arkir af skrifpappír eða 25 af prentpappír.

Bóka (s) Færa í letur; skrásetja. Oftast í orðtaki; ... *má bóka það að...* , í merkingunni að eitthvað sé öruggt/endanlegt. „Þú mátt alveg bóka það að svona tækifæri gefst ekki aftur“.

Bókæign / Bókakostur (n, kvk) Eign/safn bóka. Bókæign hefur alltaf notið mikillar virðingar í Kollsvík og nágrenni. Lítið er á bækur sem dýrgripur sem þarf að varðveita, en einnig nýta til fulls. Börnum er kennt að fara vel með bækur og lesa þær sér til gagns og ánægju. Bók var alltaf talin vegleg og fullmektug gjöf, bæði á jólum og afmælum, sem endranær. Til marks um virðingu manna fyrir bókum voru þrjú lestrarfélög starfandi af miklum krafti í Rauðssandshreppi um miðja 20. öld; hvert í sinni sókn. Bíðlisti var ávallt um vinsælustu bækurnar. Bókasmekkur manna er misjafn, en margir voru „alætur“ á bækur og lásu allt sem komist varð yfir. Aðrir fúlsuðu þó við „skáldskaparbulli“, og „ástarvellum“ og vildu fremur lesa eitthvað „gagnlegt og uppbyggilegt“. Víða voru til gamlar skræður sem varðveittar voru sem gull. Á öllum Kollsvíkurbæjum voru veglegir bókaskápar með fjölbreyttu efni. Oftar en ekki voru gefnar bækur í jóla- og afmælisgjafir og voru þær bókagjafir ávallt vel þegnar. Bækur komu í verslanir á Eyrum fyrir hver jóla, t.d. í Ingólfsbúð meðan hún var, og voru gerð mikil bókainnkaup í jólaferðinni. Handbók bænda; Árbók Slysavarnafélagsins og Árbók Barðastrandasýslu bárust árlega á hvern bæ, og margir fengu tímarit, s.s. Frey, Ægi, Æskuna; Unga Ísland; Dýraverndarann og jafnvel erlend blöð s.s. Hjemmet eða Familie Journalen; nefnt Familisjúnal í daglegu tali. Dagblöð voru keypt og lesin á langflestum bæjum, oftast þá Tíminn. Að loknum lestri nýttust þau oft sem *skeinibréf* á kömrum, fyrir daga vatssalerna og sérhannaðra þurrkublaða. Sumir söfnuðu vikukálfum blaðanna, s.s. Íslendingaþáttum tímans eða Sunnudagsblaði Þjóðviljans, og fengu það stundum bundið inn. Yfirleitt var einhver sem stundaði bókband í Rauðsandshreppi. Í eina tíð var það Ólafur Sveinsson á Lambavatni og um tíma Ingvar Guðbjartsson í Kollsvík.

Bókahilla / Bókakassi / Bókakista / Bókaskápur (n, kvk/kk) Hirsla til að geyma bækur.

Bókaormur (n, kk) Sá sem liggur langtímum saman yfir bóklestri.

Bókarauki (n, kk) Viðauki; viðbót aftanvið meginefni bókar.

Bókari (n, kk) Bókhaldsmanneskja; skrifstofumaður sem ekki er æðsti stjórnandi.

Bókarkápa (n, kvk) Blað sem oft er haft til hlífðar utanum spjöld bókar; gjarnan merkt og skreytt.

Bókarkorn (n, hk) Gæluheiti á bók; *bókarskræða*; lítil bók. „Það er ótrúlega margt í þessu bókarkorni“.

Bókaskrudda / Bókaskræða (n, kvk) Gælunafn á bók; gamalt rit. „Réttu mér bókaskrudduna þarna“.

Bókarræfill / Bókarlitur (n, hk) Ræfrildi/hluti/lami af bók; léleg bók.

Bókaspennsli (n, hk) Reim/krókur/hespa sem notað er til að læsa saman þykku/stóru riti opnumegin.

Bókartitill (n, kk) Heiti bókar.

Bókasafn (n, hk) Safn bóka. Á jafnt við einkasafn sem safn bóka í opinberri eigu eða sameign margra. Oft stendur *lestrarfélag* bakvið rekstur bókasafns. Sjá *lestrarfélag*.

Bókavörður (n, kk) Sá sem sér um vörslu bóka, t.d. á bókasafni. Tveir nafnkunnir Vestfirðingar störfuðu sem bókaverðir. Annar var skáldið Jón úr Vör sem vann við Bókasafn Kópavogs og hinn rithöfundurinn Guðmundur G. Hagalín sem vann á bókasafninu á Ísafirði og varð síðar bókafulltrúi ríkisins.

Bókaþjófur (n, kk) Sá sem *tekur* bækur *ófrjálsri hendi*. Bókaþjófnaður var fyrrum talinn alvarlegur glæpur, enda var þar ekki aðeins um eignastuld að ræða heldur atlögu að menningu og virðingu eigandans.

Bókband (n, hk) A. Innbinding bókar; frágangur samsetningar á bók. „Ansi finnst mér bókbandið lélegt á annars ágætri bók“. B. Iðngrein; þekking; það að binda inn bækur. „Hann lærði bókband á yngri árum“.

Bókfell (n, hk) Verkað skinn sem notað er til bókargerðar. Bókfell er ósútað skinn sem afhárað hefur verið með rotun; skafið og sléttað. Skinn af kálfum, kindum og geitum var einkum notað í bókfell. Notkun bókfells minnkaði og hvarf þegar pergament og síðan pappír leystu það af hólmi. Fyrstu bækur á Íslandi; handritin, voru skrifaðar á bokfell.

Bókfærsla / Bókhald (n, kvk/hk) Það að skrá og reikna út tekjur og gjöld á reglulegan hátt; hafa reglu/reiður á fjármálum.

Bókhneigður (l) Nýtur bóklesturs; les mikið af bókum.

Bóklegur (l) Sem lýtur að bókum. „Menn geta verið margfróðir þó ekki sé það allt í bóklegum efnum“.

Bóklestur (n, kk) Lestur bóka. Ekki var vel séð að menn lægju yfir bóklestri þegar verk þurfti að vinna, þó honum væri *haldið að* börnum í annan tíma. „Það þýðir ekkert að hanga yfir bóklestri í brakandi þurrki“!

Bóklæs (l) Getur lesið á bók; *læs á bók*. „Menn þyrftu nú að vera bóklæsir sem bjóða sig fram til þings“!

Bókmenntir (n, kvk, fto) Sá fróðleikur sem hafa má af bókum; bókbekking. Heitið er orðið úthvælt og nær merkingarlaust af rangri og of mikilli notkun „menntamanna“ og sjálfskipaðra menningarpostula.

Bókstaflega (ao) *Í orðsins fyllstu merkingu*; alfarið. „Þarinn hefur bókstaflega hreinsast úr fjörinni“.

Bókstaflegur (l) Raunverulegur; raunréttur; eftir orðanna hljóðan.

Bókstafstrú (n, kvk) Trú sem fylgir nákvæmlega því sem stendur í trúarriti, s.s. biblíunni eða kóraninum.

Bókstafstrúarmaður (n, kk) Sá sem fylgir *bókstafstrú*. „Ég er nú enginn bókstafstrúarmaður í þeim efnem“.

Bókstafur (n, kk) Stafur, skrifaður eða prentaður. „Við gerum þetta bara eftir laganna bókstaf“!

Bókun (n, kvk) Bókfærsla; það að skrifa niður/ færa til bókar.

Bókvit (n, hk) Þekking sem fengin er með lestri bóka. Fyrr á öldum var hörð lífsbaráttan víða meira metin en þekkingin, eins og sést af málsháttunum „Ekki verður bókvitið í askana látið“ og „Sjaldan fer saman bókvit og búvit“. Í þeim leynist nokkur sannleikur, svo langt sem hann nær.

Bókvitið verður ekki/seint í askana látið (orðatiltæki) Menn geta ekki lagt sér rituð orð til munnus. Þó bókvit og þekking sé manningum mikilvægt er það samt sem áður dagleg fæða sem er brýnust. Stundum er gripið til spekkinnar þegar mönnum þykir menntahrokinn keyra úr hófi. Spekin er runnin frá Jóni Thoroddsen, sem setti hana fram í skáldverkinu *Pilti og stúlku*. Þetta viðhorf hins vinnandi manns kann að virðast úrelt í nútíma þjóðfélagi sem vill steypa alla í sama mót skólakerfisins. Það hefur þó þann kjarna að lítið yrði til lífsbjargar og framleiðslu ef allir væru sífellt lærandi, og einnig að sú vinna verður seint lærd af bók sem fyrra þjóðfélag byggði lífsbjörg sína á.

Ból (n, hk) A. Bær; bústaður. „Heims um ból; helg eru jól“. B. Flet; rúm. „Ertu búinn að búa um bólið“? „Hann hefur bara séð, þegar kom ég karlmannslaus;! Kannske vissi hann hvað ég vildi segja./ Hann flýtti sér í bólið og breiddi upp fyrir haus/ og bjóst þá við að af hræðslu myndi hann deyja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). C. Dufl á netum eða legufærum/bólfæri. „Þá var kastað bóli eftir því miði sem formaðurinn valdi sér og lóðirnar lagðar“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveiri). D. Staður í endingum, s.s. *vatnsból*. E. Staður þar sem greinilegt er að ær eða annað dýr hefur legið. Heitið er dregið af því að þar er gróður jafnan bældur. „Ég sá ekki útigangsóna, en það var greinilegt ból þarna í hlíðunum“. F. Staður í bjargi þar sem fé liggur gjarnan, milli þess að það er á beit. „Ég fór alla leið inn í Ból, en sá enga kind“.

Bóla (n, kvk) A. Blaðra/misfella/mishæð á annars sléttu yfirborði. T.d. ryðbóla, skjaldarbóla, teiknibóla. „Það eru komnar ryðbólur í lakkið á bílnum“. B. Dökkur/rauður upphleyptur blettur á húð. T.d. hlaupabóla. „Þú

- verður að passa þig að sprengja ekki bólurnar þó þig klæji í þær“! C. Heiti á farsótt sem veldur m.a. bóluútbroti. „Hólar lögðust í eyði í Stórubólu árið 1707, en þá hafði verið búseta þar frá 1650“.
- Bóla** á (orðtak) Votta fyrir; sjást. „Enn bólar ekki á þessum kindum sem vantaði“. Sjá *ekki bólar á barða*.
- Bólakaf** (n, hk) Alveg á kaf. „Hásjávað var og er þeir gerðu tilraun til að komast fyrir forvaðann kentu þeir fremstu á bólakaf í sjó...“ (MG; Látrabjarg).
- Bólfarir** (n, kvk, fto) Rekkjubrögð; samfarir. „Hvað heldurðu að ég viti hvenær von er á barninu?! Ekki fylgist ég svo grannt með bólförum hér í sveitinni“!
- Bólfæri** (n, hk) Niðristaða; strengur niður úr dufli/*bóli* í netum eða legufærum. Í seinni tíð nær orðið stundum yfir botnfestuna; strenginn og duflið. „Þegar komið var á ákvörðunarstað, sem stundum gat þó orðið annar en ætlað var ef margir voru á undan, var belgnum kastað og rakið úr bólfærinu sem fest var í hringinn í drekanum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þá voru lagðar lóðirnar og legið yfir nokkurn tíma, og var þá legið í öðru bólfærinu, á meðan var skorinn beita...“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Bólga** (n, kvk) A. Þroti; upphleypt svæði á húð vegna ígerðar, mars eða annarra meiðsla/veikinda. Einnig þroti innvortis, s.s. lungnabólga; hálsbólga; lifrabólga; blöðrubólga. B. Hverskonar upphleypt afmarkað svæði.
- Bólginn** (l) A. Með bólgu/bólgur. „Höndin var bólginn af kulda“. B. Um vatnsfall/lagnaðaris. „Áin er enn bólginn af leysingunum“. „Ísinn á Lögmannslánni er bólginn og sprungin í frostinu“.
- Bólginn af kulda** (orðtak) Með bólginnar kinnar af kulda. „Ég tók vagninn inn; barnið var orðið bólggið af kulda“.
- Bólgna** (s) Verða bólginn.
- Bólgna upp** (orðtak) Notað um á eða læk í *vatnavöxtum* en einnig um stækkun á *árennsli*. „Augnlækurinn hefur bólgnað upp og rennur yfir veginn“. „Bunkinn við klettinn hefur allur bólgnað upp í frostinu“.
- Bólguhnútur / Bólguproti / Bólgupykkildi** (n, kk/hk) Bólga/mar með tilheyrandi litabreytingum í húð.
- Bólguvottur** (n, kk) Lítilsháttar bólga/þroti. „Lambið bar sig merkilega vel eftir hrapíð. Mér fannst vera einhver bólguvottur í lærinu á því, en það *stakk* þó ekki mikið við“.
- Bólóttur / Bólugrafinn** (l) Þakinn bólum; með mikið af bólum.
- Bólstaður** (n, kk) A. Ból; staður þar sem maður/skepna býr sér svefnað. B. Bær. Var fyrrum bremur notað um reisulega bæi eða höfðingjasetur.
- Bólstjaki** (n, kk) Krókstjaki; bólhaki; stöng með krók/krókum á enda sem ætlaður er sérstaklega til að krækja í bauju/ból frá báti. Krókstjakar reka gjarnan á fjörur í Kollsvík, eftir að hafa tapast á miðum útifyrir.
- Bólstra** (s) Búa til bólstur; setja mjúkt efni í húsgögn/hægindi; um árennsli vatns í frosti, þannig að *klakabólstur* myndast. „Það er byrjað að bólstra yfir veginn undir klettinum í Neðstubrekkunni.“
- Bólstrun** (n, kvk) Það að setja fyllt áklæði á húsgögn; húsgagnaviðgerðir.
- Bólstur** (n, kk) A. Skýjaklakkur/ skýjaþykkni. „Hann er að draga upp *askolli* ljóta bólstra hér suðurum“. B. Svellabunki; *klakabólstur*. „Bólsturinn á Tunguhlíðinni er orðinn varasamur“.
- Bólstur** (n, hk) Fylling undir áklæði á stólum og setbekkjum. „Áklæðið á stólum var rífið og bóltrið sumsstaðar farið að tæst út“.
- Bóluefni** (n, hk) Varnarefni gegn sjúkdómi; vökví með óvirku smitefni sjúkdóms, sem sprautað er í mann/skepnu til sóttvarna. Veldur því að líkaminn kemur sér upp vörnum sem oft eru varanlegar gagnvart viðkomandi sjúkdómi.
- Bólusetja** (s) Sprauta veikluðum sýklum í líkama til að mynda ónæmi og forða frá alvarlegri sýkingu.
- Bólusetning** (n, kvk) Sprautun veiklaðra veira/baktería í líkama í því skyni að líkaminn þrói með sér mótefni og fyrirbyggja með því smit síðar. Fyrstur til að nota bólusetningu var enski læknirinn Edward Jenner, árið 1798 gegn kúabólusótt. Aðferðin hefur haft gríðarlega þýðingu í heilbrigðismálum, bæði manna og dýra, og er nú ein mikilvægasta vörnin gegn útbreiðslu smitsjúkdóma.
- Bólusettur** (l) Búið að *bólusetja*. „Ég er bólusettur fyrir flensunni“.
- Bólusótt / Bólurveiki** (n, kvk) Variola. Bráðsmitandi sjúkdómur sem fyrr á tíðum lagðist á fólk og fór um byggðir sem mannskæður fjaraldur. Talið er að bólusótt hafi herjað á mannkyn í um 10.000 ár. Hérlendis geysaði svonefnd Stórabóla á árunum 1707-1709. Gískað hefur verið á að um 16.000-18.000 hafi látist úr pestinni. Hún varð þess m.a. valdandi að Hólar í Láganúpslandi fóru í eyði árið 1707. Talið er að bólusótt hafi verið að fullu útrýmt úr heiminum árið 1979.
- Bólupang** (n, hk) *Fucus vesiculosus*; *blöðrupang*; algeng þangtegund á grunnsævi við landið, s.s. í Kollsvík. Verður um 40-90 cm að lengd; brún-grænleitt á lit. Á því er mikið af áberandi loftfylltum bólum sem halda þanginu uppréttu þegar það er á kafi. Vex á sömu slóðum og *klóbang*, sem einnig er þar algengt. Í brimi

losnar mikið af þanginu og berst upp á fjörur, en getur einnig sest í net og orðið til vandræða. Sé gengið í bólupangi á hleinum heyrast hvellir þegar bólurnar springa.

Bólverk (n, hk) A. Varnarvirki úr viði; skíðgarður. B. Trébryggja. Hljóðbreyting úr „bolverk“; þ.e. mannvirki úr tré/viði.

Bóma (n, kvk) Mastur. Oftast notað um hallandi mastur; gálga sem m.a. er notaður til hífinga.

Bómosía (n, kvk) Bómullartau; þykkt voðfellt bómullarefni sem notað var t.d. í nærfatnað. Orðið var annarsstaðar skrifað bómesi eða bommesi (sjá t.d. ÁBM; Ísl.orðsifjabók). Ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Bómull (n, kvk) Baðmull; trefjar/fræhár sem vaxa utanum fræ baðmullarrunna af ættkvíslinni *Gossypium* sem vex í hitabeldi og heittempruðum beltum jarðar. Bómull er mikið notuð í vefnað og fleira, en hefur þá eiginleika að við þvott og hita stytast trefjarnar um 10% og þvermál minnkar um 5%.

Bónarvegur (n, kvk) Kurteisleg/lítillát beiðni. „Þú ættir að fara bónarveginn að honum frekar en að heimta þetta“.

Bón (n, kvk) Beiðni; ósk; bæn. „Mig langar að *biðja* þig einnar *bónar*“.

Bón (n, hk) Vaxefni sem nú á dögum er notað til að fá fram gljáa og vernd, m.a. á bílum, gólfum og húsgögnum.

Bónarvegur (n, kk) Sú leið að biðja. „Ætli ég verði ekki að *fara bónarveg* að honum með þetta“.

Bónbjargarmaður (n, kk) Sá sem þarf að biðja annan um aðstoð til að komast af.

Bónbjargir (n, kvk) Gjafir; ölmusa. „Hann var snemma orðinn heyllaus og hefur þurft að *lifa á bónbjörgum*“.

Bóndabeygja (n, kvk) Sérstakt tak/hald á barni eða annarri manneskju. Sá sem ber annan í bóndabeygju heldur með öðrum framhandlegg undir háls en hinum undir hnésbætur. Sjá *taka í bóndabeygju*.

Bóndabýli / Bóndabær (n, hk/kk) Býli/bær sem búið er á.

Bóndadagur (n, kk) Fyrsti dagur þorra; miðsvetrardagur. Bóndadagur var tyllidagur að fornu, og er víða minnst ennþá. Þá átti húsbóndi að bjóða þorra velkominn í garð og húsfreyja átti að gera bónda vel til. Sagt var að bóndi ætti að hoppa á öðrum fæti í kringum bæ sinn; iklæddur annarri buxnaskálminni, meðan hann bauð þorra velkominn.

Bóndakona (n, kvk) Kona bónda; búkona.

Bóndi (n, kk) Búmaður; búkona; maður/kona sem ræður fyrir búi.

Bóndi er bústólpi – bú er landstólpi (orðatiltæki) Um mikilvægi bóndans. Málshátturinn er líklega mjög gamall en Jónas Hallgrímsson notaði hann sem ljóðlínu í „Alþing hið nýja“ árið 1840 (2.erindi): „Traustir skulu hornsteinar/ hárra sala./ Í kili skal kjörviður./ Bóndi er bústólpi;/ bú er landstólpi;/ því skal hann virður vel“.

Bóndi skal beð verma en brúður í fyrsta sinni (orðatiltæki) Vísar til þeirrar venju sem fyrrum var algeng og er e.t.v. sumsstaðar enn, að bóndi gangi allajafna fyrir til hvílu en kona hans, sem vinnur við bústörf, skömmtun, hannyrðir og annað frameftir kvöldi. Hinsvegar er venja að brúður gangi fyrir til rúms á brúðkaupsnóttina. Speki sem e.t.v. átti betur við áðurfyrr, þegar bóndi vaknaði árla til gegninga, sláttar eða róðra.

Bóngóður / Bónþægur (l) Greiðvikinn; lipur. „Hann hefur alltaf reynst mér bongóður í svona tilvikum“.

Bónleiður (l) Neitað um bón; synjað um það sem farið er framá. „Þaðan fór enginn bónleiður“. Sjá *ganga bónleiður til búðar*.

Bónorð (n, hk) Kvonbænir; það að biðja sér eiginkonu. Sjá *bera upp bónorð*.

Bónorðsferð / Bónorsför (n, kvk) Ferð til að biðja sér konu. „Hann ku hafa farið þangað í bónorðsför, en komið *hryggbotinn* til baka. En blessuð hafðu þetta ekki eftir mér“!

Bónorðsbréf (n, hk) Ástarbréf þar sem leitað er eftir bónorði.

Bónus (n, kk) Álagsgreiðsla, t.d. ofan á vel unna vinnu. Síðari tíma tökuorð.

Bónþægðargrey / Bónþægðarmaður (n, hk/kk) Sá sem er bongóður/bónþægur. Hið fyrri var oftast notað sem jákvætt gæluorð um greiðvikinn unglíng. „Hann kannski *stígur* ekki alltaf *í vitið*; en þetta er mesta bónþægðargrey og aldrei *hallar* hann *orði* við nokkurn mann“.

Bór (n, hk) A. Frumefni (efnatákn B og sætistala 5 í lotukerfi) Í duftkenndu formi er það brúnt, en getur einnig verið málmkennt, og þá svart. Í flugeldum gefur það grænan bruna. B. Mikilvægt næringarefni jurta. Í ræktun þarf oft að bæta jarðveg með bóri.

Bórax (n, hk) Natrínbórat; hvítt efnasamband natríum, súrefnis og bórs með vatnssameindum. Selt í búðum til nota sem þvottaefni, sóttþreinsunarefni og bætiefni í jarðveg til ræktunar.

Bósi (n, kk) Leiðigjarn maður. Heitið er stundum notað sérstætt en oft sem viðliður; *bögubósi*; *kvennabósi*.

Bót (n, kvk) A. Gjald/laun fyrir tjón/miska; endurbætur; gróandi; bati. B. Leppur til að loka gati. C. Kriki/vik/vogur þar sem land mætir sjó/vatni. „Í Kollsvík er örnefnið Bót á a.m.k. tveimur stöðum. Annarsvegjar er það Langatangabót, milli Breiðaskers og Langatanga, en hinsvegjar Bótin undan Sandagilinu; milli Bjarnarklakks og Straumskers. Undan Vatnadal er svo Vatnadalsbót.

Bót fylgir böli hverju (orðatiltæki) Ekkert er svo slæmt að ekki megi sjá í því eitthvað jákvætt. Í raun sama orðatiltækið og *fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott*.

Bót í máli (orðtak) Til bóta; uppbót; *sárabót*. „Það var bót í máli að allir björguðust, þó skaði sé að því að missa gott skip“.

Bót við bót (orðtak) Um fatnað sem hefur verið *stagbættur*; hver bótin við aðra. Einnig um mikið bætt stígvél eða bíslöngu. „Slöngufjandinn var *bráðónýtur*; ekkert nema bót við bót“!

Bótafé (n, hk) Fjármunir sem greiddir eru sem bætur fyrir tjón/skaða.

Bótakrafa (n, kvk) Fjármunir sem maður krefur annan um vegna skaða/tjóns sem sá síðarnefndi hefur valdið.

Bótalaust (l) Án þess að fá bætt; án eftirgjalds/kaupverðs/skaðabóta. „Þetta mega bændur þola; bótalaust“!

Bótaréttur (n, kk) Réttur eins aðila til bóta af hendi annars aðila vegna tjóns/skaða. Einnig notað á síðari tímum um rétt einstaklings til greiðslu úr samfélagssjóðum vegna t.d. fötlunar eða elli.

Bótaskylda (n, kvk) Skylda eins aðila til að bæta skaða/tjóns sem hann veldur öðrum aðila.

Bótasteinbítur (n, kk) Steinbítur sem veiddur er á miðinu Bótum; fram af Útvíkum. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimild KJK).

Braga (s) A. Hegða sér; fara af stöfnum. „Ég setti útigangsræina með hinum; það kemur í ljós hvernig hún bragar“. „Hann hefur bragað betur á heimavistinni í seinni tíð“. B. Flökta til og frá; iða. Oft notað um flökt norðurljósa eða *tibrár*.

Bragabót (n, kvk) Úrbætur; lagfæring. „Ég held að það verði að gera á þessu einhverja bragabót“.

Bragarháttur (n, kk) Rím; aðferð við ljóðagerð/vísnagerð. Bragarhættir eru margir og mismunandi í vísnagerð, en oftast eru þeir í fóstum skorðum fyrir hverja vísu.

Bragð (n, hk) A. Venjulegasta merking; bragð af mat; lítið eitt af mat. „Má ekki bjóða þér bragð af hákarlinum“? B. Snör hreyfing, sbr *viðbragð*; *taka til bragðs*; *bregðast við*; *að bragði*. C. Hrekkur; sniðugheit. „Hann kunni ýmis brögð til að verjast ásókn draugsa“. D. Lykkja; snúningur. „Vindurnar... voru erfið dráttartæki. Á þeim var notaður dráttarstrengur úr manillu; brugðið tveim brögðum strengsins á vinduásinn, en síðan einn maður settur í það að draga af vindunni jafnóðum og strengurinn kom inn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Bragð er að þá barnið finnur (orðatiltæki) Greinilegt; það leynir sér ekki. „Hún Gunna hefur grennst segirðu; já bragð er að þá barnið finnur! Hún átti vist tvíbura nýlega“.

Bragða (s) Smakka; finna bragð. „Bragðaðu á þessu og segðu mér hvað þér finnst“. „Ég hef aldrei bragðað betri hákarl“! „Ekki fannst mér þetta bragðast sérlega vel“. „Hann er hættur að bragða vín“.

Bragðarefur (n, kk) Sá saem beitir brögðum/klækjum/*sniðugheitum*; *slóttugur* maður; *viðsjárgripur*. „Það þarf dálítið að vara sig á honum; hann getur verið bragðarefur í viðskiptum“.

Bragðbæta (s) Gera betra bragð. „Aðeins mætti bragðbæta þetta með *sykurlús*“.

Bragðbætir (n, kk) Það sem bætir bragð. „Ekki áttu þess þó allir kost að afla sér þessa bragðbætis og búdrýginda með fábreyttri vermötu, enda ekki á allra færi að fara í egg, eins og það var kallað“ (KJK; Kollsvíkurver).

Bragðdaufur (l) Bragðlítill. „Þetta er nokkuð matarmikið, en fremur bragðdauft“.

Bragðgóður (l) Góður á bragðið; smakkast vel. „Heldur finnst mér nú þessi hákarl bragðbetri“.

Bragðgæði (n, hk, fto) Það hverslu vel/illa matur smakkast.

Bragðlaus / Bragðlítill (l) Með engu/litlu bragði; bragðdaufur.

Bragðmikill / Bragðsterkur (l) Með miklu/sterku bragði.

Bragðvondur (l) Vondur á bragðið; smakkast illa.

Brageyra (n, hk) Næmni á góða hrynjandi, rétta stuðlun og annað sem einkennir góðan kveðskap. „Þeir sem hafa gott brageyra eru ekki þar með góð skáld sjálfir, en þeir kunna vel að meta góðan kveðskap“. „Sunna

Hlín hefur brageyra og það er áriðandi að þjálf það“ (MH um dótturdóttur sína sem hlaut verðlaun í ljóðasamkeppni 10 ára; Mbl 04.01.2017).

Bragfræði (n, kvk) Kunnátta sem lýtur að reglum ljóða- og vísnaðgerðar. „Hér hefur bragfræðin eitthvað brugðist honum“.

Braggast (s) Hressast. „Ég er nú allur að braggast eftir flensuna“. „Lambið var fljótt að braggast eftir að það komst á spena“.

Braggi (n, kk) A. Íverustaður/viðlegustaður til skamms tíma; íverubraggi. Yfir sláturtíð var braggi heiti á íverustað þeirra sem unnu við slátrun og fóru ekki heim að kveldi. Viðbygging í austurenda sölubúðar Sláturfélagsins Örlygur á Gjögurum var slíkur íverustaður, og aldrei nefnt annað en braggi. Halda mætti að slíki vistarvera hefði verið nefnd verbúð; svo skylt sem hlutverk hennar var gömlu verbúðunum, en þær fengu að halda sínu sérstaka nafni útaf fyrir sig. „Farðu nú og sæktu *karlhunkinn* inn í bragga; hann getur reynt að gera eitthvað annað en hanga utaní ráðskonunni í allan dag“! B. Bogalaga hús sem herinn reisti og síðan var brúkað af Íslendingum í Reykjavík og víðar um land.

Bragglegur (l) Hressilegur; líflegur. „Lambið er mikið bragglegra í dag en það var í gær“.

Braghenda (n, kvk) Bragarháttur þar sem vísan er þrjár línur. Þær ríma oft í enda, en þó er ýmis gangur á því. Dæmi um braghendu er þessi: „Sóskríkjan mín situr þarna á sama steini;/ hlær við sýnum hjartans vini;/ honum Páli Ólafssyni“ (Páll Ólafsson; Sólskrikjan).

Bragleysa (n, kvk) Slæmur kveðskapur; *hnoð*; *leirburður*. „Skelfing er nú að heyrva svona bölváða bragleysu“!

Bragliður (n, kk) Kveða/eining í kvæði/ljóði. Bragliður samanstendur oftast úr tveimur atkvæðum (hákveða og lággveða) eða þremur (hákveða og tvær lággveður); og getur verið eitt orð eða fleiri. Til að vísa verði áheyrileg nægir ekki að hún sé með ljóðstafi heldur þurfa þeir að lenda rétt á bragliðum, og er leitast við að hafa þá á hákveðum með vissu millibili.

Braglína (n, kvk) Vísuorð; ljóðlína. Lína í ljóði/vísu sem mynduð er af vissum fjölda bragliða.

Bragur (n, kk) A. Háttur; aðferð; yfirbragð. „Það er allt annar bragur á búskapnum eftir að hann fékk sér ráðskonuna“. „Hann leysti þetta af myndarbrag“. B. Vísa; ljóð. Oftast átt við margra erinda kvæði.

Brak (n, hk) A. Um hljóð; marr; brestur. „Hvaðan kemur þetta brak í húsinu“? B. Bort/efni úr því sem brotnað hefur; spýtnarusl.

Braka (s) Marra; bresta. „Það brakaði í ísnum undir fótum okkar, en hann hélt“. „Þrep stigans í gamla húsinu brökuðu mörg hver; en sitt hljóðið var í hverju“.

Brakandi sólskin/ Brakandi þurrkur (orðtak) Mjög góður þurrkur. „Það var brakandi sólskin og steikjandi hiti í bjarginu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Brakar í hverju tré (orðtak) Heyrast brestir. „Í verstu hviðunum hvein í mæninum og brakaði í hverju tré“.

Brakþurr (l) Skraufþurr; alveg þurr. „Heyið er orðið brakþurrt og tilbúið til hirðingar“.

Brall (n, hk) Pukur; leynimakk; verk sem unnið er í kyrrþey. „Hann er að bralla eitthvað úti í húsi“.

Bralla (s) Bauka; starfa. „Hvað ertu núna að bralla“? „Margt var brallað á þeim árum“. Farmborið hart.

Brallari (n, kk) A. Hrekkjóttur/fiktsamur einstaklingur. B. Andar- eða æðarungi.

Brambolt (n, hk) Fyrirgangur; *gauragangur*; *bras*. „Hættið þessu brambolti strákar; ég er að hlusta á fréttir“! Orðskýring liggur ekki ljós fyrir, en e.t.v. er þarna um hljóðbreytingu að ræða. Fyrri liður gæti hafa verið „brandur“, þ.e. viður; einkum eldiviður, en síðari liðurinn „brölt“. „Brandbrölt“ gæti þá hafa átt við umstang með við; eldivið.

Bramboltast (s) Rótast; vinna eitthvað með látum. „Þeir eru að bramboltast við að fergja votheið“.

Bramla (s) Brjóta; gera hávaða. „Hvað er hann eiginlega að bramla þarna frammi“? Sjá *brjóta* og *bramla*.

Bramsegl (n, hk) Rásegl/þversegl yfir gaffalsegli á skonnortu.

Branda (n, kvk) A. Smásilungur sem algengur er í lækjum og skurðum, t.d. í Kollsvík. „Brönduveiði var helsti veiðiskapur barna sem ólust upp í Kollsvíkinni“. Eldra orð er *brandkóð* (sjá þar). B. Mjög smár fiskur. „Mikið af þessu er falletgur þorskur, en svo eru bölváðar bröndur innanum“. „Það væri óvanalegt ef hér væri ekki einhverja bröndu að hafa yfir snúninginn“.

Brandajól (n, hk, fto) Jól sem falla þannig við sunnudaga að margir helgidagar verða í röð. Vanalegast haft um það þegar jóladag ber uppá mánudag. Stundum er talað um stóru-brandajól, en munurinn er óviss. Sömuleiðis er nafnskýring umdeild en gæti tengst eldibröndum á einhvern hátt; t.d. að meira hafi gengið á eldiviðinn þegar hátíðisdagar eru fleiri.

Brandari (n, kk) Síðari tíma gæluheiti á skrýttu/gamanmálum.

Brandauki (n, kk) Viðbót við bugspjót/brand á seglskipi, til framfestingar á stagegli/stageglum.

Brandkóð (n, hk) *Branda*; lækjasilungur. „Beita er maðurur og brandkóð. Item heilagfiski á vor“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Laganúp). „Milli Vatnsdalsvíkur og Hvalvíkurness rennur Brandkóðalækur; fullur af smásílum sem nefnd eru brandkóð“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).

Brandsegl (n, hk) Eitt stagegla á seglskipi.

Brandugla (n, kvk) Asio Flammeus. Eina uglutegundin sem verpir á Íslandi, svo nokkru nemi. Lengd um 38 cm; þyngd um 320 g; móbrún að ofan með ljósum dílum; þéttar langrákir á bringu og dreifðari á kviði; andlit kringlótt og ljósara; dökkar augnumgjardir og lítil fjaðraeyru sem stundum eru reist; vængir langir og ljósiri undir; stél þverrákótt. Flugíð er rykkjótt og vængjatök silaleg, en þó góður flugfugl. Aðalfæðan er hagamýs, en einnig smáfuglar og ungar. Brandugla hefur af og til sést í Kollsvík.

Brandur (n, kk) A. Sverð. Sbr orðtökin að „begða brandi“ og „með báli og brandi“. B. Stoð; slá; biti; mæniás. „Brandur liggur þvert milli veggjanna og myndar lágur dyr í kofann“. C. Lurkur sem notaður er í eld eða sviðinn af eldi; sbr. *surtarbrandur* og *brandajól*; sbr einnig orðtakið „*eins og eldbrandur*“. Einng sem stytting á „surtarbrandur“. D. Bugspjót á skipi. Ekki notað þannig í seinni tíð. E. Sá hluti hlaðins veggs sem nær upp í risið/ uppundir mæniás (sé ásaþak). „Hesthúsið er *hlaðið í brand* í báða enda“. „Mig vantar eitthvað meira *hleðslugrjót* í brandinn austanmegin“. Þessi notkun orðsins var algeng í Kollsvík og nágrenni, en ekki sést að hún hafi verið annarsstaðar. Orðið vísar vafalaust til þess að „brandur“ var fornt heiti á mæniás. Sú notkun á ekkert skylt við það að á síðari tímum hefur heitið verið notað sem stytting á „brandvegg“ í merkingunni eldhindrandi veggur í byggingu; og er dönskusetta.

Brandhlaða (s) Hlaða steinvegg upp í topp; hlaða brandhleðslu. „Líklega hafa menn haldið þeirri venju að brandhlaða veggum löngu eftir að ásaþök viku fyrir sperruþökum, enda var lögum hörgull á timbri í gafla en gnægð af grjóti“.

Brandhlaðinn (l) Um steinhlaðinn vegg; hlaðinn í topp uppundir mæni. „Aftari veggur kofans var brandhlaðinn en framveggurinn með hálfgafla“. Sjá *hlaða í brand*.

Brandhleðsla (n, kvk) Hleðsla steinveggjar á þann hátt að hleðslan nái upp í mæni/ uppundir mæniás. „Brandhleðsla er í báðum göflum Hesthússins, sem gæti bent til þess að í upphafi hafi verið ásaþak á því“.

Brandveggur (n, kk) A. Upphafleg merking; veggur sem *hlaðinn er í brand*. Sjá *brandur*; *brandhleðsla*. „Hesthúsið er með brandveggjum í báða gafla“. Vísar til þess að heitið „brandur“ var fyrrum haft um mæniás. B. Síðari tíma dönskusetta; eldhindrandi veggur í byggingu. Vísar til elds; „brand“.

Brandönd (n, kvk) *Tadorna tadorna*. Stórvaxin og skrautleg andartegund, sem minnir á gæs í vaxtarlagi. Mjög skrautleg, svo minnir á ædarkóng: Goggur rauðbleikur, sem og fætur; Höfuð og háls dökkgræn; búkur hvítur með brúnum og svörtum flekkjum; axlarfjaðrir svartar; dökk rák niður bringu og eftir kviði; kyn svipuð í útliti en kvenfugl minni. Heimkynni eru við Bretland og Norðursjó; víða við Miðjarðarhaf og sumstaðar í Asíu. Flækingsfugl á Íslandi en nú orðinn varpfugl í Borgarfirði. Hefur sést í Kollsvík.

Bransi (n, kk) Síðari tíma gæluheiti á starfsgrein.

Bras (n, hk) A. Erfiði; mikil fyrirhöfn. „Það kostaði mikið bras að koma kálfunum upp á vörubílinn“. „Hann stóð í brasi við að koma fénu í réttina“. B. Látún. C. Samsuða af einhverju tagi. „Ég gerði plokksfisk úr afganginum; þið verðið bara að *gera ykkur* þetta bras að *góðu*“.

Brasa (s) A. Steikja. B. Aðhafa; brauka; bauka. „Hvað ertu að brasa þessa dagana“? C. Festa saman; lóða; slaglóða. „Honum tókst að brasa stykkið aftur við“.

Brask (n, hk) A. Gróðabrall; vafasamir viðskiptahættir; áhættuviðskipti. B. Bras; brall; bauk; dund; erfiði.

Braska (s) A. *Bralla*; *bauka*; *úðra*; fást/glíma við. „Hvað ertu að braska þessa dagana“? B. Stunda gróðabrall.

Braskari (n, kk) Sá sem stundar brask.

Brattgengur (n, hk) Fær í bjargi. „Ekki töldu þeir ráðlegt að kveðja til menn úr fjarlægð, ókunnuga og lítt vana brattgengi“ (MG; Látrabjarg). „Við hugsum til heimferðar út yfir Skorarskriður, og ég kviði mikið fyrir því að koma Pétri yfir skriðurnar að vetrarlagi. Ég vissi að hann var maður ekki brattgengur“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Bratti (n, kk) Halli; brekka. „Farðu varlega þarna í brattanum“! „Það verður á *brattann að sækja* í þessu máli“.

Brattlendi (n, hk) Brött hlíð; klettar; björg. „Sumir þola illa að ganga um brattlendi vegna lofthræðslu“.

Brattlent (l) Um landslag; mjög hallandi. „All brattlent er á Stígnum“.

Brattur (l) A. Með miklum halla. B. Hress; góður með sig; *mannborulegur*. „Karlinn var hinn brattasti“ „Ég er að verða nokkuð brattur núna, en ansi var þetta hvílið pest“!

- Brattur aftan** (orðtak) Kokhraustur; stóryrtur. „Þú ert brattur aftan þykir mér; rífur bara kjaft“! Sennilega er líkingin dregin af herskipum á miðöldum, sem höfðu mjög hátt afturstefni, en gæti einnig vísað í að maður rétti úr sér og verði beinn í baki þegar hann ber sig vel í orðum.
- Brauð** (n, hk) A. Bakaður matur úr mjöli og fleiru. „Hún skar brauðið í fremur þykkar sneiðar“. B. Prestakall; sókn sem prestur situr. „Sauðlauksdalur mun fyrrum hafa þótt efirsóknarvert brauð“.
- Brauðamatur / Brauðmeti** (n, kk/hk) Brauð; matur sem er að uppistöðu brauð. „Vermatan var þá farin að ganga til þurrðar hjá sumum, enda ótækt að geyma brauðamat svo lengi“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Brauðbakstur** (n, kk) Bökun brauða.
- Brauðbiti** (n, kk) A. Biti/bútur af brauði. B. Lítilsháttar brauð. „Ég hef ekkert borðað í dag, annað en brauðbitann sem ég hafði með mér í nesti“.
- Brauðbox** (n, hk) A. Blikkbox sem brauð er bakað í. Fyrrum tíðkaðist að nýta blikkbox umdan ýmiskonar vöru, t.d. kakóbox eða „makkintosdósir“ sem brauðform, væru þau ekki við hendina. B. Lítil askja sem brauð eða brauðsneiðar eru gymdar í; t.d. *nestisbox*.
- Brauðfæða** (s) Sjá (einhverjum) fyrir mat. „Ekki veit ég hvernig þeir ætla að brauðfæða heiminn um aldamótin ef svona fjölgun heldur áfram“!
- Brauðfætur** (n, kk, fto) Gæluheiti um ótrausta/lína fætur; ótraust undirstaða. „Mér fannst frá byrjun að félagið stæði á brauðfótum“.
- Brauðhleifur** (n, kk) Heilt bakað brauð. „Hún hafði breitt viskustykki yfir tvo nýbakaða brauðhleifa“.
- Brauðhófast** (s) Ryðjast; ganga ógætilega um; *finngálpast*. „Vertu ekki að brauðhófast uppi á þakinu drengur“!
- Brauðlaus / Brauðlítill** (l) Án (mikils) brauðs. „Ég var að panta hveiti; það fer að verða brauðlítið á bænum“.
- Brauðmusk** (n, hk) Brauðmysla. „Sópaðu brauðmuskinu ofaní hundadallinn“.
- Brauðrusl** (n, hk) Niðrandi heiti á brauði. „Honum fannst það fremur þunnur þrettáandi að fá ekkert nema brauðrusl eftir þetta puð“.
- Brauðskorpa** (n, kvk) Hörð brúnleit skán sem myndast á bökuðu brauði; mjög þurrt brauð.
- Brauðsneið** (n, kvk) Þunnur afskurður, oftast skorinn þvert á brauðhleif.
- Brauðstrit** (n, hk) Síðari tíma gæluheiti á erfðisvinnu láglaunamanns.
- Brauðsúpa** (n, kvk) Súpa sem soðin er af brauði/brauðafgöngum, gjarnan nokkru af rúgbrauði og stundum rúsínum. Brauðsúpa var algengur matur áðurfyrr og oft *herramannsmatur*, en er minna á borðum nú.
- Brauk** (n, hk) Bras; fyrirgangur; vesen. „Þetta lánaðist, en kostaði okkur þónokkuð brauk og bras“.
- Brauka** (s) A. *Braska; bralla; úðra; fást/glíma* við. B. Gera hávaða/þrusk.
- Braut** (n, kvk) Vegur; leið; slóð. „Meðan fé gekk á Stígnum var jafnan greið braut ofanúr Sniðum *allar götur* út í Setnagjá. Þar er fljótt að verða torfært fyrir sinu og hvönn þegar þess nýtur ekki lengur við“.
- Brautargengi** (n, hk) A. Ganga eftir vissri leið. B. Jafnan notað núna í líkingamáli um aðstoð/fyrirgreiðslu. Sjá *veita brautargengi*.
- Brautryðjandi** (n, kk) A. Sá sem ryður veg/braut; vegagerðarmaður. B. Líkingamál um frumkvöðul/ þann sem er fyrstur til varðandi þarft málefni/verk og skapar gott fordæmi fyrir aðra. „Segja má að Einar í Kollsvík hafi verið einn af brautryðjendum skútuútgerðar á Íslandi“.
- Brá** (n, kvk) A. Yfirbragð; auga. „Hún var björt á *brún og brá*“. „Hann varð fremur þungur á *brá* þegar við sögðum honum tíðindin“. B. *Brák* á vatni. Sbr *járnbrá*.
- Brá** (s) Bræða. Einkum í orðtakinu *brá af*.
- Brá af** (orðtak) A. Bræða/bráðna af. „Aðeins er hann að byrja að brá af hæstu hólum“. B. Líkingamál um veikindi mannsekju; léttá; hressast; *skriða saman*. „Hann var mættur í vinnu um leið og bráði örlítið af honum“.
- Bráð** (n, kvk) A. Tíminn sem næst er. „Hann kemur nú ekki aftur í bráðina“. B. Veiði. C. Bráðnun; leysingavatn. Sbr *snjóbráð*.
- Bráð** (n, hk) Feiti; flot; smolt. „Hér hefur bráðið úr ketinu runnið út á borðið“.
- Bráð er barns lundin** (orðatiltæki) Börn eru ópolinmóð og gefa yfirleitt ekki langan frest á að fá sínar þarfir uppfylltar. *Á hinn bóginn* eru þarfir þeirra einfaldari en þarfir fullorðinna.
- Bráða** (s) Tjarga; tjörubera; mála bát upp úr tjöru eða biki (LK; Ísl. sjávarhættir II; heimild ÓM) (Sjá *tjarga*)

Bráðabirgða- (forliður) Algengur forliður um það sem ætlað er að duga til skamms tíma. T.d. bráðabirgðaviðgerð; bráðabirgðagirðing; bráðabirgðalög; bráðabirgðasakka o.fl.

Bráðahætta (n, kvk) Aðsteðjandi hætta/vandi sem bregðast þarf strax við. „Mér sýnist að það sé engin bráðahætta á ferðinni, en það þarf að fylgjast vel með framvindunni“.

Bráðapest / Bráðafár / Bráði / Bráðadauði / Bráðasótt / Bráðaveiki (n, kvk/kk) *Bráði*. „Bráðafár eða bráðapest er bráðdrepani bakteríusjúkdómur sem fyrst og fremst kemur fyrir í lömbum og veturgömlu fé á haustin. Hún hefur verið þekkt í landinu frá því á 19. öld og var þá skaðræðissjúkdómur sem olli mjög miklu tjóni. Upp úr 1900 var farið að bólusetja begn bráðapest og síðan hefur mjög mikið dregið úr tjóni af hennar völdum“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). „Skepnuhöld hafa verið góð, að undanskildu því að í haust og fyrri hluta vetrar gjörði bráðapest vart við sig með mesta móti“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Bráðapörf (n, kvk) Knýjandi þörf; mikil þörf. „Mér finnst engin bráðapörf á því að svara svona kvabbi *um hæl*“.

Bráðdrepa (s) Drepa/deyða samstundis. „Smakkaðu þetta aðeins; það bráðdrepur þig ekki“!

Bráðdrepani (l) Það sem drepur fljótlega; hættulegt. „Ekki skal ég segja að gúrkur séu bráðdrepani, en gagnsemi þeirra er að mínu mati umdeilanleg“.

Bráðefnilegur (l) Mjög líklegur til að verða dugandi. „Kennarinn taldi hana vera bráðefnilegan nemandu“.

Bráðfallegur (l) Mjög fallegur; gullfallegur. „Þetta er bráðfallegur bátur“.

Bráðfeigur (l) Mjög *feigur* (sjá þar). „Þú ert nú ekki bráðfeigur fyrst þú gast klórað þig eftir þessum þræðingi“.

Bráðfeitur (l) Mjög feitur; *akfeitur*; *asafeitur*; *spikaður*. „Silungurinn úr Stórvatni var svo bráðfeitur að hnakkaspikið lá í djúpum fellingum“.

Bráðfiskinn (l) Mjög fiskinn; *lúsfiskinn*. „Strákurinn reyndist bráðfiskinn í sinni fyrstu sjóferð“.

Bráðgáfaður / Bráðgreindur / Bráðskarpur / Bráðskynsamur / Bráðsnjall (l) Mjög vel gefinn; skarpgreindur. „Dóri var bráðgreindur maður og lét t.d. oft til sín taka á framboðsfundum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). (Kristín Pétursdóttir var bráðskynsöm kona og eina af þessum konum sem ég kynntist ung og bý að þeim kynnum enn“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Bráðgeðja (l) *Fljótillur*; bráður/ör í skapi. „Hann var hress í viðmóti en mjög bráðgeðja ef honum þótti“.

Bráðgerður (l) Snemmproska; skynsamur; góður námsmaður. „Hún þótti mjög bráðgerð og góður nemandi“.

Bráðhast (n, hk) Mjög mikill flýtir; snarhast. „Ég sneri bátinum uppí brotið í bráðhasti“.

Bráðhasta (s) Kalla mjög að; mjög brýnt. „Þetta bráðhastar ekki, en gott væri að gera það sem fyrst“.

Bráðhastandi (l) Mjög brýnt/aðkallandi. „Ég kem strax ef þetta er bráðhastandi; annars á morgun“.

Bráðhentugur (l) Mjög hentugur/þarfur/þéanlegur. „Þessir skór eru bráðhentugir í bjargferðir“.

Bráðheppinn (l) Mjög heppinn. „Ég var svo bráðheppinn að eiga nóg af salti“.

Bráðhugguleg / Bráðlagleg (l) Mjög lagleg/myndarleg/falleg. „Hún er bráðlagleg og *vel að sér*“.

Bráði (n, kk) *Bráðapest*. „Það liggur ein dauð úr bráða hér úti á Brunnsbrekku“.

Bráðillur (l) Uppstökkur. „Hann brást stundum bráðillur við þessum hrekkjum“.

Bráðinn (l) Þiðnaður. „Flotið er að verða bráðið“.

Bráðkvaddur (l) Andast mjög skyndilega. „Systurnar stumra yfir honum, og töldu að hann hefði orðið bráðkvaddur“ (IG; Sagt til vegar II).

Bráðlaginn (l) Mjög laghentur; *flinkur* í höndum. „Öll eru systkinin bráðlagin í höndum, líkt og foreldrarnir“.

Bráðlátur (l) Ópolinmóður; fljótfær. „Vertu ekki svona bráðlátur. Við skulum skaka dálítið og sjá hvort hann *gefur sig ekki til*“.

Bráðlega (ao) Fljótlega; *rétt strax*. „Við þurfum bráðlega að fara að komast fram, til að ná snúningnum“.

Bráðlifandi (l) Vel lifandi/hress. „Ég hélt hann væri löngu dauður, en hann er víst bráðlifandi enn“.

Bráðliggja á (orðtak) Hasta mjög; vera knýjandi. „Mér bráðliggja á að fá svar við þessu“.

Bráðmyndarlegur (l) Mjög laglegur/fallegur. „Hún er hin laglegasta stúlka, og bráðmyndarleg í höndunum“.

Bráðna (s) Þiðna. „Það er farið að bráðna af húspökum í sólinni“.

Bráðnaudsyn (n, kvk) Það sem er mjög brýnt/naudsynlegt. „Það er nú engin bráðnaudsyn að setja féð inn strax. Það hefur gott af að vera dálítið úti þó það beiti sér lítið“.

Bráðnauðsynlegt (l) Mjög brýnn/nauðsynlegur/aðkallandi. „Það er bráðnauðsynlegt að lagfæra girðinguna“.

Bráðnun (n, kvk) Leysing; það að fast efni bráðnar og breytist í vökva.

Bráðókunnugur (l) Alveg ókunnugt. „Ég skil barnið ekki eftir hjá bráðókunnugu fólki“.

Bráðónýtur (l) *Handónýtur*; gjörsamlega ónýtur; algerlega gagnslaus.

Bráðræði (n, hk) Fljótfærni; það sem gert er í skyndi og hugsunarleysi. „Við skulum nú hugsa málin aðeins og ekki *flana að* neinu í bráðræði“.

Bráðsjúkur / Bráðsjúkur (l) Skyndilega veikur. „Erfitt gæti orðið að koma bráðsjúkum til aðstoðar í mikilli ófærð“.

Bráðsmitandi (l) Um veiki/pest; berst mjög fljótt milli einstaklinga.

Bráðsniðugur (l) Mjög snjall/fyndinn. „Þetta er bráðsniðug uppfinning“. „Þeim fannst þetta bráðsniðugt“.

Bráðum (ao) Mjög fljótlega; alveg á næstunni. „Bráðum koma blessuð jólin...“

Bráður / Bráðlyndur (l) *Fljótillur*; fljóthuga; *þungur í skapi*. „*Dagsdaglega* var hann mjög jafnlyndur og hvers manns hugljúfi, en gat orðið mjög bráður ef verulega gekk framaf honum“.

Bráður bani (orðtak) Skyndilegur dauði. „Þú *bíður* nú ekki bráðan *bana* af því að smakka þetta“!

Bráður bani búinn (orðtak) Í yfirvofandi lífshættu. „Okkur hefði öllum verið bráður bani búinn hefði vélartíkin stoppað þarna í röstinni“.

Bráðvel gefinn (orðtak) Skarpgreindur; *bráðgreindur*.

Bráðþroska (l) Fullorðnast snemma; þroskaður miðað við aldur.

Bráhár (n, hk, fto) Hárin á augnlokunum.

Brák (n, kvk) A. Hlutur sem skinn er dregið um til að elta það, vanalega hrútshorn sem hengt er upp. B. Punnt lag feiti eða olíu sem flýtur á vatni; oft glitrandi í mörgum litum.

Brákaður (l) Brotinn; laskaður. „Vængur fuglsins var brákaður eftir áreksturinn. Afí sagði að við þessu væri ekki nema eitt að gera. Hann hvarf með fuglinn vestur fyrir hús og eftir það var vandamálið úr sögunni“.

Brákast (s) Brotna; bresta. „Heldurðu að þú hafir brákast á fætinum við fallið“?

Brátt (ao) Bráðum; *rétt strax*. „Ég gæti trúað að hann fari brátt að *snúa sér í áttinni*“.

Brátt í brók (orðtak) Mikið mál að kúka. „Mér finnst á lyktinni að þeim litla hafi orðið brátt í brók“.

Bredda (n, kvk) A. Stór hnífur. „Fyrrum voru einungis borðhnífar nefndir „hnífar“ í Kollsvík. Stórir eldhúshnífar nefndust allir breddur, en auk þess var talað um flatningsníf; vasahníf og sax“. B. Kvensvarkur. „Kerlingin er ótaleg bredda við karlinn“.

Breddugangur (n, kk) Yfirgangur og skammir; einkum af hendi kvenmanns. „Skárri er það nú breddugangurinn í stelpunni“!

Bregða (n, kvk) *Svarkur*; frekur/ráðríkur kvenmaður. „Vonandi losnum við við þessa breðu úr stjórn fljótlega“.

Bregða (s) A. Taka/setja fljótt; snara; skjóta; breyta. „Hann var kominn í stakkin; tók upp rjólstubbinn; brá honum undir jaxla og klippti af“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Hætta; hverfa frá. Sbr bregða búi; bregðast; bregða litum; bregða heiti/loforði sínu. C. Binda; prjóna. „Hann brá rennilykkju á steinvöluna; rústaði hana með nokkrum hnellingum og sagði að þetta væri gulltrygg festa fyrir lásbandið“. D. Koma einhverjum að óvörum, þannig að hann hrökkvi við. „Þú mátt ekki bregða mér svona; ég varð dauðskelkuð“! Fyrrum borið fram með hörðum framburði; „breggda“; „bruggdið“.

Bregða á annað ráð (orðtak) Nota annað úrræði; skipta um aðferð. „Nú skulum við bregða á annað ráð: Ég ætla að fara niður í hinn endann á gangnum og reka hana til baka“.

Bregða á leik (orðtak) Fara að leika sér; galsast. „Strákurinn kom skoppandi og vildi bregða á leik“.

Bregða á skeið (orðtak) Hlaupa nokkurn spöl; *taka til fótanna*. „Hann sá að sú mórauða ætlaði að stinga sér útúr hópnum, og brá á skeið til að komast fyrir hana“.

Bregða á það ráð (orðtak) Taka til bragðs; velja það úrræði. „Stjórinn var alveg fastur í botni og við urðum að bregða á það ráð að skera á færið“.

Bregða birtu (orðtak) Dimma/skyggja í lofti; húma. „Það var orðið áliðið dags og farið að bregða birtu“.

Bregða blundi (orðtak) Vakna; rumska. „Ég var rétt að bregða blundi þegar hundurinn fór að *glamra*“.

Bregða brókum (orðtak) *Bjarga brókum*; *gera að brókum*; *leysa brækur*; taka niðurum sig brækur/buxur og hægja sér/kúka; fara á kamarinn/salernið. „Hann þurfti aðeins að skreppa og bregða brókum“.

- Bregða búi** (orðtak) Hætta búskap. „Hilmar brá búi árið 2001, og var þá skepnulaust í Kollsvík í fyrsta sinn frá því Kollur landnámsmaður synti á land með ær sínar“.
- Bregða ekki vana sínum / Bregða ekki venju sinni** (orðtök) Halda sinni venju. Sjá *bregða til vanans*.
- Bregða fyrir** (orðtak) Sjást/heyrast öðru hvoru/ sjaldan; sjást í mjög stuttan tíma. „Þetta orð heyrðist sjaldan notað í Kollsvík, en brá þó fyrir“. „Mér sýndist ég sjá honum bregða fyrir hérna rétt áðan“.
- Bregða fyrir sig** (orðtak) Nota þegar á þarf að halda. „Sigurvin kunnir a.m.k. tólf tungumál reiprennandi. Hann gat meira að segja brugðið fyrir sig mandarín kínversku ef með þurfti“.
- Bregða fæti fyrir** (orðtak) Reyna að hindra; þvælast fyrir. „Hann reyndi að bregða fæti fyrir þessi áform“. „Leik að hellu ber nú brátt/ bregður fæti drengur;/ dólgur fjalla hrín við hátt;/ hryggur sundur gengur“ (JR; Rósarímur).
- Bregða gjarðir** (orðtak) Flétta gjarðir á hnacka/klyfbera o.fl, en þær voru oftast úr hrosshári. „Einstaka maður hafði með sér verkefni að heiman, svo sem að flétta reipi, bregða gjarðir o.fl“ (KJK; Kollsvíkurver). „Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu, eða fléttuðu reipi og brugðu gjarðir. Mamma brá líka gjarðir, svo það voru ekki karlmenn einir um“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Bregða grönnum** (orðtak) *Fýla grön; fitja uppá nefið/trýnið*; bretta uppá efri vör, þannig að hún herpist neðanvið nasirnar. Oftast merki um vandlætingu/ólund/fyrirlitningu/viðbjóð. Hrútar gera það sama þegar þeir skynja þef af kind sem gangur er á/ beiðir í fengitið, en þá gjarnan kallað að þeir *fýli grön*.
- Bregða heiti/loforði við (einhvern)** (orðtak) Svíkja heit/loforð sem gefið var einhverjum. „Þrátt fyrir þetta brá hann ekki heiti sínu við okkur“.
- Bregða hendi fyrir sig** (orðtak) Hlífa sér með hendi. „Hann náði að bregða hendinni fyrir sig og taka af sér mesta fallið“.
- Bregða hníf á (eitthvað)** (orðtak) Skera eitthvað. „Hér þarf líklega að bregða hníf á hnúttinn; ég bara næ ekki að leysa hann öðruvísi“.
- Bregða í brún** (orðtak) Verða undrandi; *hnykkja við*. „Henni brá heldur í brún þegar hún kom utar á Bakkana. Þar hafði sjórinn gengið á land og brotið stór skörð í Garðana“.
- Bregða/sækja í ættina** (orðtök) Líkjast ættingjum sínum. „Honum bregður dálítið í ættina að þessu leyti“. „Þetta sérkenni sækir hann í ættina“.
- Bregða lit á** (orðtak) Færast litur yfir. „Aðeins er farið að bregða lit á tünnum, þó enn sé kalt í tíðinni“.
- Bregða ljósi á** (orðtak) Leiða í ljós; útskýra. „Ég skal reyna að bregða ljósi á þetta mál“.
- Bregða/bera nýrra við** (orðtak) Vera nýlunda/nýjung; vera öðruvísi en vant er. „Nú þykir mér bregða nýrra við; ef hann vill ekki sælgæti hlýtur hann að vera alvarlega veikur“! Oftar með „bera“.
- Bregða sér** (orðtak) Fara; ferðast. „Ekki gáfust þau upp við svo búið, en brugðu sér alla leið norður á Hrafnseyri, þar sem séra Bövar gaf þau saman“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Kvöld eitt... ætlaði Elín að bregða sér niður...“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Bregða sér af bæ / Bregða sér afbæjar** (orðtak) Fara stutta ferð að heiman; *skreppa af bæ*.
- Bregða sér afsíðis / Bregða sér út undir vegg** (orðtak) Fara til hliðar; fara á salernið/kamarinn. „Ég þarf aðeins að bregða mér afsíðis“. „Nú þarf ég að bregða mér útundir vegg og skila einhverju af kaffinu“.
- Bregða sér bæjarleið** (orðtak) Fara í heimsókn / milli bæja. „Við brugðum okkur bæjarleið til Reykjavíkur“.
- Bregða sér frá** (orðtak) Skreppa/víkja frá; fara burt í smátíma. „Ég þurfti aðeins að bregða mér frá, en þegar ég kom aftur hafði hann lokið verkinu“.
- Bregða sér í (föt/úlpu/skó o.fl.)** (orðtök) Fara í (fatnað af einhverju tagi); bregða yfir sig. „Bíddu aðeins meðan ég bregð mér í skóna“. „Þú ættir að bregða þér í úlpu; hann er að kólna núna“!
- Bregða svo við** (orðtak) Verða skyndilega þannig; breytast snögglega. „Eftir að þaraskógarnir fóru að eyðast á grunnsævinu brá svo við að ekki komu lengur *þarabunkar* í fjörur í Kollsvík, eins og jafnan var áður“.
- Bregða til** (orðtak) Um veðurfar; skipta yfir í. „... en um 17. júní brá til úrfella og meiri hlýinda...“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).
- Bregða (kann) til beggja vona** (orðtak) Mál geta þróast með jákvæðum eða neikvæðum hætti; hættuástand getur farið vel eða illa. „Ekki veit ég hvernig hann fer með þurrkinn á morgun; það getur enn brugðið til beggja vona“. Sjá *brugðið getur til beggja vona*.
- Bregða til betri vegar / Bregða til hins betra** (orðtök) Lagast ástand; breyta til hins betra. „Við verðum bara að bíða og sjá hvort ekki bregður til betri vegar með þetta“.

- Bregða til miða** (orðtak) Um veiðiskap; *kippa á mið; taka áróður*. „Ef tók undan meðan straumur var, og þess vegna kippt á, var að taka straumkippi; einnig að róða snertu. Það kölluðu sumir Skagfirðingar að oka á, en Vestfirðingar að bregða til miða; innig að taka áróður“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV). Í seinni tíð var algengast að tala um að *kippa*.
- Bregða til vanans** (orðtak) Gera eins og maður er vanur. „Þó maður sé fluttur á annan stað þá bregður manni til vanans með að vilja röltta til sjávar og *ganga á reka*“.
- Bregða undir sig betri fætinum** (orðatiltæki) Hafa sig í ferðalag; skreppa. „Sú gamla brá undir sig betri fætinum og fór í ferðalag til Ameríku“.
- Bregða (einhverju) upp** (orðtak) Halda einhverju á lofti stutta stund; sýna eitthvað *í svip*. „Þeir brugðu upp hendi þegar við sigldum framhjá, og eins gerðum við“.
- Bregða upp ljósi** (orðtak) Lýsa; kveikja ljós. „Tófan var fljót að hverfa þegar ég brá upp ljósi“.
- Bregða útaf** (orðtak) Verða frábrigði; bregðast; vikja frá. „Svona hef ég alltaf haft það, og ég ætla ekki að fara að bregða útaf mínum vana með það“. „Það má ekkert útaf bregða þegar báturinn er svona hlaðinn“.
- Bregða vana sínum / Bregða af/útaf vana sínum** (orðtak) Breyta frá því sem venja er að gera. „Aldrei brá maður af þeim vana sínum að ganga útmeð Bökkunum en aldrei austurmeð. Þetta lærði ég af honum afa mínum, en hjá honum hefur eflaust ráðið sá vani að fara til sjóar til að hleypa út fénu og e.t.v. reka það útmeð Görðunum í átt til beitar. Slíkur ávani hefur eflaust viðgengist kynslóðum saman“.
- Bregða við** (orðtak) A. Taka viðbragð. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið). B. Gera einhverjum viðbragð. „Þú mátt ekki bregða mér svona við“! C. Skipta yfir/um; verða tíðinda. „Það höfðu menn fyrir satt að draugurinn hafi losað sig skömmu síðar og farið heim til Benedikts og áreitt hann, því svo brá við að hann lagðist sjúkur og lá lengi“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Bregða við hart** (orðtak) Bregða skjótt/strax við. „Maður þessi bregður við hart er bátur nemur við skipssíðuna...“ (MG; Látrabjarg).
- Bregða við þögninni** (orðtak) *Beita þögninni*; þegja þegar maður er ávarpaður/spurður. „Hann bar við þögninni þegar ég spurði hann *úti* þetta“.
- Bregða yfir galta** (orðtak) Breiða *hærun* yfir *galta*. „Ég ætla að fara *snöggvast* og bregða yfir galtana áður en byrjar að rigna“.
- Bregða þurrki/veðri/tíð** (orðtak) Skipta um veður, jafnan til hins verra. „Ekki sé ég að hann sé að bregða þessum þurrki á næsunni“. „Ég er hræddur um að nú gæti hann verið að bregða tíðinni eitthvað“.
- Bregðast** (s) Talað var um að veður brygðist ef það versnaði: „Ég kem um páskana ef veður bregst ekki“. „Þar var leirbotn, og brást varla að fá skötu“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverji; Niðjatal HM/GG). „Hér var stutt á miðin, eða um 10 -15 mínútna keyrsla, og sjaldan brást fiskur“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).
- Bregðast bogalistin** (orðtak) Gera óvænt mistök; takast ekki eins og skyldi. „Karlínum skeikaði vanalega ekki í spýtingum sínum, en í þetta sinn brást honum bogalistin. Mórauð tuggan small beint á gleraugu viðmælandans. Hann þurrkaði og sagði í mestu rólegheitum: „Það er ekkert að afsaka; þetta getur nú alla hent“. Voru þau orð lengi höfð að máltaki í Rauðasandshreppi“.
- Bregðast ókvæða/öndverður/illa/reiður við** (orðtak) Bregðast illa við fréttum/ummælum; verða snefsinn. „Hann brást ókvæða við þegar hann heyrði af þessu, og sagðist aldrei hafa leyft þetta“. „Ég brást náttúrulega öndverður við, þegar hann kom með þessa vitleysu“.
- Bregðast trúnaði** (orðtak) Svíkja einhvern; svíkja það sem heitiðlofað hefur verið.
- Bregðast (vel) við** (orðtak) Sýna viðbrögð/svörun; fara í aðgerð vegna. „Ég vissi ekkert hvernig ég ætti að bregðast við þessum tíðindum“. „Hann brást vel við þessum óskum“.
- Bregður hverjum við banaspjótíð** (orðatiltæki) Viðhaft t.d. þegar maður heyrir stórtíðindi/ótíðindi.
- Breidd** (n, kvk) A. Þvervegur; mál hlutar á þverveg; þvermál; lárétt mál. „Breidd dyranna er ekki næg til að traktorinn sleppi þarna inn“. B. Breiddarbaugur í hnitakerfi jarðar. „Hnattstaða Kollsvíkur er 65°36' norðlægrar breiddar og 24°18' vestlægrar lengdar“ (HÖ; Um Kollsvík; Kollsvíkurvefurinn).
- Breiddarbaugur** (n, kk) Ímyndaður hringur í *hnitakerfi* jarðar, þvert á lengdarbaug; *breidd*.
- Breiddargráða** (n, kvk) Stig í breiddarbaug; hnattstaða til norðurs/suðurs, táknuð með °. Jarðkúlunni er skipt frá miðbaug í 90 breiddargráður (hringi) til norðurs og 90° til suðurs. Hverri breiddargráðu er skipt í 60 breiddarmínútur. Hver breiddarmínúta er ein sjómíla, eða 1.852 metrar.

Breiða (n, kvk) Breitt/vítt svæði. T.d. *snjóbreiða*. „Froðan hafði fokið upp úr fjörunni og lá í breiðum ofavið Rifið“. „*Sóleyjarbreiðurnar* í túninu ljómuðu eins og þar væru sólarblettir, *þrátt fyrir* rigninguna“. „Breiður af svartfugli um allan sjó sýndu að nóg var af æti“.

Breiða (s) A. Almennt; fletja út; opna. „Álftin breiddi út vængina og hóf sig til flugs með nokkurri atrennu“. B. *Kasta úr*; fletja hey úr göltum (sátum) eða görðum til þurrks. „Nú er orðið þurr af; kominn tími til að breiða þessa galta og nýta þurrkinn“. C. Dreifa flöttum fiski, t.d. á *reiti* til þurrks.

Breiða á borðið (orðtak) Setja/breiða dúk á borð til hlífðar eða skrauts. „Þið megið fara að breiða á borðið og leggja hnífapörin, strákar; maturinn er að verða tilbúinn“.

Breiða galta / Breiða garða (orðtök) Kasta úr göltum/görðum sem áður hafði verið safnað/hlaðið til að verjast bleytu, svo heyið geti þornað í þurrki. „Við megum fara að breiða galtana á Fitinni“.

Breiða ofaná (orðtak) *Breiða yfir*. „Hún breiddi ofaná barnið og gaf því pelann“. „Ég ætla að röltu og breiða ofaná galtana áður en hann fer að rigna“.

Breiða til þerris/þurrks (orðtak) Fletja út til þurrkunar. „Að því loknu var ullin borin upp á Torfamel og breidd þar til þerris“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Breiða úr göltum/beðjum/görðum/hlössum (orðtök) Kasta úr; breiða hey úr göltum/beðjum/görðum, þannig að þynnra sé á og þorni fyrr. „Það þyrfti að breiða úr stærstu beðjunum svo heytæflan ráði við þetta“.

Breiða úr sér (orðtak) Fletja/þenja sig út. „Áin rennur gjarnan í þröngum farvegi gegnum Rifið en breiðir svo úr sér niðri á *útfirinu*“. „Þú þarft ekki að breiða svona úr þér yfir allan dívaninn; gefðu mér smápláss“!

Breiða út (orðtak) A. Fletja/þenja út. „Hann breiddi kortið út á borðinu“. B. Um sögusögn/slúður; miðla; *bera út*. „Hann hefur verið sð breiða út allskonar sögusagnir um þetta sem ekki er nokkur *fótur fyrir*“.

Breiða yfir (orðtak) A. Þekja; hylja; *breiða ofaná*. „Breiddu nú yfir þig sængina og farðu að sofa, lambið mitt“. B. *Þagga niður*; dylja. „Reynt var að breiða yfir þetta hneykslismál“.

Breiðavíkurmegin (ao) Nær/tilheyrandi Breiðavík. „Minna er um múkkavarp í Breiðnum Breiðavíkurmegin“.

Breiðfirska bátalagið (orðtak/heiti) Nokkuð sérstakt lag á bátum sem þróaðist hjá breiðfirskum bátasmiðum og tók mið af þörfum þar. Bátarnir þurftu að hafa mikla flutningsgetu, bæði til flutninga á fé og heyi og til fiskflutninga, t.d. úr verstöðvum í Útvíkum; auk þess að vera góð sjóskip. „Höfuðeinkenni skipa með breiðfirsku lagi voru bogin stefni með miklum *undirlotum*, sem hentuðu vel til lendingar í misjöfnum fjörum; léttleiki; töluverður ávali á öllum formum til þess að mæta kröppum sjó; útsláttur á skutum og því samfara góð viðtök, svo að jafnvel mátti sigla mikið jafnt í graföldu sem öðum sjó, einkum á undanhaldi og í bitahöfuðsbyr. En umfram annað einkennir mikill formstöðugleiki breiðfirska bátalagið, en hann er fólgin í því að þau skip hafa, jafnt undir farmi sem seglum, mikið viðnám/uppdrift í þeirri síðu sem þau hallast á“. Margt í þessu bátalagi er skylt byggingu víkingaskipanna. „Viða á sunnanverðum Vestfjörðum voru bátar að nokkru leyti með breiðfirsku lagi. Þeir voru *hringlotaðir*, jafnt að framan sem aftan, en ekki með miklum undirlotum“ (LK; Ísl. sjávarhættir II). Lagið á Rutinni sem Ólafur Sveinsson á Sellátranasi smíðaði fyrir bræðurna Ingvar og Össur í Kollsvík eftir 1970 minnti um margt á breiðfirsku bátalagið. Þó var henni lagt meira út að aftan, til að auka vinnupláss á netaveiðum. Einstaklega vel heppnuð smíði.

Breiðfirskur (l) Íúr Breiðafirði. „Hún er breiðfirsk í báðar ættir“.

Breiðfylking (n, kvk) Upprunalega um vissa aðferð í hernaði, sem þótti lánast vel hjá Rómverjum til forna. Síðar notað almennt um einsleitna hóp.

Breiðleitur (l) Svipur á manni eða sauðkind; með breitt andlit.

Breiðmyntur (l) Með áberandi breiðan munn.

Breiðnefjaður (l) Með áberandi breitt nef.

Breiður (l) Víður; mikill á breiddina/ þversum. „Fjallið Breiður hefur vafalaust fengið nafn sitt af því hve hann er áberandi breiðari en aðrir núpar á svæðinu. Líklega hafa núparnir upphaflega fengið nafngift sína frá sjófarendum, og þá gjarnan út frá einkennum sínum frá sjó séð. Þannig er eðlilegt að Stálfjall taki nafn af sæbröttum himinháum klettum sínum; Barð (uurunalegt heiti Látrabjargs) líkist risastóru rofabarði eða sjávarbakka. Við Brunnanúp hafa menn lent eftir erfiða siglingu í Látraröst og fundið vatnsból/brunna. Í Arnarnúpi kann að hafa orpið örn, eða hann tíðum setið þar. Bjarnarnúpur kann að minna á skógarbjörn, en kann einnig að draga nafn af manni eða ísbirni. Við Enginúp er gróinn sléttur grasbali sem minnir á engi. Breiðurinn hefur að öllum líkindum í upphafi fengið nafnið Breiði eða Breiðinúpur, sem hefur svo í aldanna rás lagað sig í framburði. Breiðavíkin varðveitir þó líklega upprunalegt nafn, þar sem a er í miðju í öllum föllum. Það sem nú nefnist Hnífar hefur að öllum líkindum upphaflega nefnst Láginúpur, enda er hæð klettanna áberandi minni en annarra núpa. Snemma á landnámsstímanum reis býli syðst í Kollsvíkinni sem kennt var við núpinn. Síðar; eftir að Hnífanafnið hafði fest sig í sessi, fóru menn að velta fyrir sér

upprunaskýringu bæjarnafnsins og töldu að það væri dregið af lautum/lágum, annaðhvort í nágrenninu eða Hnífabrúninni. Þá var farið að rita nafnið með a í stað i í miðju í nefnifalli, sem nú er orðin hefð. Núpurinn hefur líklega nefnst Kollnúpur eða Kollí í upphafi, vegna hinnar sérkennilegu lögunar sinnar meðal annarra núpa á svæðinu. Ekki er ólíklegt að vikin dragi nafn af fjallinu. Landnámabók segir að Kollur hafi þar numið land og hafa menn talið vikina draga nafn af honum. Þessu kann þó að vera þveröfugt farið; að landnámsmaðurinn hafi borið annað nafn; hann hafi gefið fjallinu nafnið Kollur eða Kollnúpur og kennt vikina við það, en síðan hafi hann tekið viðurnefni af fjallinu sem hann byggði bæ sinn undir. Það viðurnefni hefur svo borist til eyrna Landnámuritarar þremur öldum síðar; líklega samkvæmt óljósri munnlegri geymd meðal niðja Örlygs hins gamla; fóstbróður Kolls. Líkt brengl í munnlegri geymd kann að búa að baki þess að Kollur er sagður hafa blótað Þór í sjávarhásku sínum, sem er ólíklegt mjög þar sem fóstbræður komu báðir í trúboðserindum til landsins. Inn í þá sögu kann einnig að blandast metnaður afkomenda Örlygs, sem sagður er hafa reist fyrstu kirkju landsins að Esjubergi. Ekki er síður trúlegt að Kollur hafi orðið fyrri til með kirkjubyggingu, en um það voru engir til frásagnar við gerð Landnámu. Núpur sá sem nú nefnist Blakknes nefndist löngum Straumnes; allt þar til enskir togarasjómenn gáfu því núverandi nafn. Ástæða þess hve nýja nafnið náði skjótri útbreiðslu er líklega sú að með því er forðað ruglingi við Straumnes norðar á Vestfjörðum. Ekki er ólíklegt að Kollur sjálfur hafi gefið Straumnesi sitt nafn, eftir að hafa lent í sjávarhásku í hinni straumhördu Blakknesröst (fyrrum Straumnesröst), sem getur reynst hættuleg skipaumferð.

Breikka (s) Gera breiðari; víkka. „Lagður ver nýr vegur í Skarðsbrekkunni og hann breikkaður í neðri sniðunum“.

Breikkun (n, kvk) Sú aðgerð að breikka. „Vegurinn er mun öruggari eftir breikkunina“.

Breim (n, hk) Ámátlegt væl sem breimaköttur gefur frá sér.

Breima (s) Um kattarlæðu; gefa frá sér vælandi og ámátlegt hljóð sem merki um mökunarpörf.

Breimaköttur (n, kk) Kattarlæða sem breimar.

Breiskja (n, kvk) Mikill hiti; hitasvækja; mikill þurrkur í sterku sólskini. „Það er varla verandi í bjarginu í þessari breiskju“.

Breiskjuhiti (n, kk) Hitasvækja; mjög hlýtt í veðri. „Heyið þonar nærri því af ljánum í þessum breiskjuhita“.

Breiskjuþurrkur (n, kk). Mjög góður þurrkur; sól í heiðríkju og (helst) örlítill gola. Einkum var þetta viðhaft um heyskapartímann, enda þá mest þörf á þurrki. Stundum var þetta stytt í *hitabreiskja*, eða bara *breiskja*.

Brek (n, hk, fto) Minniháttar óknyttir; hrekkir eða afbrot. „Það er nú varla hægt að refsa fyrir svona brek, sem þar á ofan eru löngu fyrnd“. „*Ekkert er barn án breka*“. Sjá *barnabrek/barndómsbrek*.

Brekán (n, hk) Ofin rúmabreiða.

Brekka (n, kvk) Halli í landslagi. „Féð rann liðugt *undan brekkunni*“.

Brekkubrún (n, kvk) Efsti hluti brekku. „Kindurnar hrukku af stað þegar ég kom fram á brekkubrúnina“.

Brekkufótur (n, kk) Neðsti hluti brekku.

Brekkulaus / Brekkulítill (l) Um veg/gönguleið; án mikils halla. „Vegurinn um Dalverpi er *mest af* nokkuð beinn og brekkulítill“.

Brella (n, kvk) Bragð; hrekkur; grikkur. „Nú er vélarfjandinn að gera mér einhverjar brellur, eins og vant er“!

Brellinn (l) Erfiður; óútreiknanlegur; hrekkjóttur. „Vélin getur verið dálítið brellinn ef sá gállinn er á henni“.

Bremsa (n, kvk) Hemill; búnaður til að stöðva vél eða farartæki.

Bremsa (s) Hemla/stöðva vél/farartæki.

Bremsufar (n, hk) *Kriulöpp*; gæluorð um það þegar einhver *gerir í buxurnar/ skítur á sig*. Stundum notað í stríðnistón þegar einhver hefur rekið hraustlega við; tekið hraustlega á eða orðið mjög hræddur. „Heldurðu ekki að nú sé bremsufar í buxum“?

Bremsulaus (l) Um farartæki; án virkra hemla. „Viða voru vöð á vegum meðan ár og lækir voru enn óbrúuð. Var bíll oft bremsulaus eftir að hafa farið yfir djúpt vað, þar sem bremsur blotnuðu“.

Bremsusteinn (n, kk) Steinn sem settur er við hjól á bíl til að hann renni ekki í brekku. „Karlinum gekk illa að taka af stað upp brekku; þegar færa þurfti fótinn af bremsunni á inngjöfina. Fangaráð hans var að setja steina við hjólin áður en haldið var af stað, og víða mátti sjá slíka bremsusteina á póstleiðinni“.

Brengla (s) Skrumskæla; aflaga; rugla. „Orðalagið var svo brenglað að bréfið var varla skiljanlegt“.

Brenglaður (l) Aflagaður; ruglaður; skrumskældur. „Þetta finnst mér ansi brengluð röksemdafærsla“!

Brenna (n, kvk) Bál; bálköstur. „Við erum búnir að safna í töluverða brennu á Gilbarminum“.

- Brenna** (s) A. Sviða/elda/eyða með eldi/loga. „Ég held það mætti nú brenna þessum gömlu fatalörfum“. B. Sviðna; meiðast í hita. „Varstu nú að brenna þig? Ég sagði þér að vera ekki að fíkta í kertinu“! C. Þjóta; fara hratt; skjótast. „Ég þar víst að brenna á Patró í hveli“.
- Brenna af** (orðtak) A. Upprunalega mun orðtakið hafa verið notað um luntabyssu af gamalli gerð. Það var framhlaðningur með kveikibúnaði sem færði glóð út luntanum, sem var sérstakt hylki, að púðurrennu eða kveik sem leiddi hana inn í púðrið í brunahólfi byssunnar. Oft mistókst þessi færsla glóðarinnar, þannig að neistinn slökknaði áður en hann gerði sitt gagn. B. Síðar notað um það að skjóta framhjá, annaðhvort með byssu eða í boltaleik. „Nú er ég farinn að brenna af í hverju skotinu á *fætur öðru*“! Sjá *skammarskot*.
- Brenna/bræða af sér** (orðtak) Um það þegar þoku léttir í sólskini. „Hann er að *koma sólinni fyrir sig* og nær örugglega að brenna þennan *þokurudda* af sér fljótlega“ (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Brenna á (einhverjum)** (orðtak) Vera brýnt úrlausnarefni einhvers. „Nú brennur það á stjórnvöldum að leysa þetta vandamál“.
- Brenna baunir** (orðtak) Hita kaffibaunir til að unnt sé að mala þær og nota til uppáhellingar. Fram yfir 1965 var allt kaffi í Kollsvík keypt sem þurrar baunir í strigasekkjum. Það var svo brennt í skúffum í stóru kola- og olíueldavélum sem þá tíðkuðust. Síðan voru baunirnar malaðar í handkvörn, sem til var á hverju heimili. „Gunnar var kaffikerling mikil og átti alltaf kaffibaunir og molasykur. Hún brenndi svo sínar baunir og hellti uppá þegar henni sýndist, sem var nokkuð oft“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Brenna fyrir brjóst** (orðtak) Vera áhugasamur um; hafa áhuga á. „Mér hefur lengi brunnið það fyrir brjósti að fanga eitthvað af þessari gríðarlegu orku sjávar“. Sjá *láta sér ekki (allt) fyrir brjóst brenna*.
- Brenna hjá** (orðtak) Þjóta framhjá. Einkum notað eftir að bílar komu til og renndu framhjá bæ sem stendur nærri vegi. „Var þetta Ólafur í ferðunum sem var að brenna hjá“?
- Brenna/iða í skinninu** (orðtak) Bíða í mikilli eftirvæntingu. „Ég brann í skinninu eftir að fá að vita meira“.
- Brenna sig** (orðtak) A. Meiðast í hita; fá brunasár/brunablöðru. „Ég brenndi mig á heitri eldavélinni“. B. Líkingamál um að hlaupa á sig; gera sér skaða með fljótferni. „Ég ætla nú ekki að brenna mig á því aftur að ala undan þessum bjargrollum, þó þær geri væn lömb“.
- Brenna sinu** (orðtak) Kveikja í sinu og láta eldinn breiðast yfir tiltekið svæði til að nýr gróður eigi auðveldara uppdráttar og fái um lið steinefni sem losna með þessu móti. Sinubrennur hafa nokkuð verið tíðkaðar í gegnum tíðina, m.a. í Kollsvík og nágrenni, en þykja viðsjárverðar. T.d. geta þær valdið skaða á varpi og öðru lífríki; eldurinn getur hlaupið í mosa og rætur í mikilli þurrkatíð, og þá getur eldurinn farið úr böndum og ógnað víðara svæði en ætlað var; jafnvel húsum og öðrum mannvirkjum.
- Brenna til grunna** (orðtak) Um húsbruna; brenna alveg, þannig að aðeins standi grunnurinn eftir.
- Brenna til kaldra kola / Brenna til ösku** (orðtak) Brenna alveg; eyðileggjast algerlega í bruna.
- Brenna upp / Brenna út** (orðtak) A. Brenna algerlega. „Hann gleymdi sér í kjaftæðinu, svo eldspýtan brann upp í fingrum hans og meiddi hann“. Við skulum bara leyfa bálinu að brenna út“. B. Líkingamál um mann sem verður leiður á starfi sínu eða *ofgerir* sér.
- Brenna við** (orðtak) A. Um graut eða annað sem soðið er í potti; mynda fasta brunaskán við botninn. „Passaðu að hræra vel í grautnum, svo hann brenni ekki við“! B. Verða/ske stundum. Sjá *vill brenna við*.
- Brenna yfir** (orðtak) A. Um var/öryggi í raflögn; ónýtast þegar um það fer of mikill straumur (sjá *kortslúttu*). B. Um mann; vera undir of miklu álagi, þannig að menn gefist upp.
- Brennandi heitur / Brennheitur** (orðtak/l) Sjóðheitur; sjóðandi heitur; mjög heitur. „Passaðu þig á kaffinu; það er Brennandi heitt“. „Gættu þín á Brennheitu púströrunu á ljósavélinni“!
- Brennd er jörð til batnaðar** (orðatiltæki) Menn brenna oft sinu af landsvæði til að fá þar upp grænt gras til beitar eða slægna. *Sinubrunar* til ræktunar voru stundaðir frameftir 20.öld og eru sumstaðar enn.
- Brennheitur / Brennandi heitur** (l/orðtak) Svo heitur að maður gæti brennt sig.
- Brenni** (n, hk) Eldiviður; það sem nýta má til brennu/uppkveikju. „Það má nýta þetta kurl í Brenni“.
- Brennimark** (n, hk) Merki sem eigandi notar til að hornmerkja fé sitt; sérstakur járnstimpill sem hitaður er til að bræða brennimark í horn búfjár. „Brennimörk eru notuð til að auðkenna fé á hornum. Margir fjáreigendur eiga brennimörk og brennimerkja allt fullorðið fé sitt til hægðaruaka við sundurdrátt í réttum. Kaupafé brennimerkir kaupandi sér, því brennimarkið sker úr um eignarrétt á kindinni, séu eyrnamark og brennimark ekki skráð á sama eiganda. Kollótt fé er í stað brennimarks auðkennt með plötu í eyra sem á er stimplað brennimark eigandans“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Minna mun nú um brennimerkingar en áður, enda hefur verklag breyst með tilkomu plastmerkja.

Brennimerkja (s) Merkja skepnu með *brennimarki*. Hérlandis tíðkaðist fyrrum að brennimerkja eiganda kindur á hornum, og var það ein ástæða þess að menn vildu fremur eiga hyrnt fé en kollótt. Erlendis hefur víða tíðkast að brennimerkja t.d. nautgripi á bol.

Brennimerktur (l) A. Um kind; sem búíð er að *brennimerkja*. B. Líkingamál um mann sem fengið hefur á sig slæmt orðspor..

Brennisóley (n, kvk) *Ranunculus acris*. Blóm af sóleyjarætt sem algengt er í íslenskri náttúru, m.a. í Kollsvík. Verður iðulega 30cm á hæð eða meira; vex í graslendi, á engjum, holtum, hlíðum og víðar. Blómið er gult með fimm krónublöð. Safi brennisóleyjar inniheldur ranúnkúlín sem breytist í eiturefnið prótóanemónín við vatnsrof. Það veldur því að grasbítar forðast hana ferska, en geta étið hana t.d. þegar búíð er að þurrka hana með þurrheyi. Langtímasnerting við brennisóley getur valdið roða á húð og neysla veldur bólgum í maga. Brennisóley er algeng í túnnum, en þó ekki í sáðgresi. Hún þykir hvítleið í ræktarlandi, þar sem hún er talin spilla hefynd, en lífgar óneitanlega náttúruna þegar hún er í blóma.

Brennisteinn (n, kk) A. Frumefni með efnatáknið S og sætistölu 16 í lotukerfinu. Málmleysingi; lyktarlaus; bragðlaus; kemur oft fyrir hreinn í formi gulra kristalla, en einnig sem efnasambönd; súlfíð og súlföt. Finnst gjarnan á jarðhita- og eldfjallasvæðum, þar sem hann fellur út úr heitum gufum. Notaður í framleiðslu á áburði, byssupúðri og fleiri iðnaðarvörum. Unninn hérlandis á nokkrum stöðum á 19.öld. B. Efnið í haus á eldspýtu, sem kveikir í eldspýttunni þegar henni er núíð við stokkinn. Í reynd er ekki notaður brennisteinn í hausinn, heldur blanda annarra efna, s.s. fosfór. Hluti kveikiefnanna er í hausnum en önnur eru í strokfletinum á stokknum.

Brennisteinsfnykur / Brennisteinsfýla / Brennisteinslykt / Brennisteinsstækja / Brennisteinssvæla (n, kk/kvk) Sterk lykt af brennisteini. „Ferleg brennisteinsstækja er nú af þessum freti; þetta er verra en *stankurinn* af fjandanum sjálfum“!

Brennisteinssýra (n, kvk) Römm sýra af brennisteini, sem mikið er notuð í iðnaði. Hún er notuð vatnsblönduð *geymissýra* á blýrafgeyma, sem notaðir eru við ýmsar vélar t.d. í bílum og traktorum.

Brennivín (n, hk) Vín sem búíð er að eima og er því sterkara en það sem óeimað er. „Viðstaddir votta enn;/ var þar á meðal Steinn,/ allir ágætismenn,/ að hinn ungi sveinn/ bað um fullorðinsföt/ frat í reifa og lín;/ heimtaði hangikjöt/ hákarl og brennivín“ (JR; Rósarímur).

Brennivínsbrugg (n, hk) Sjá *brugg*.

Brennivínsböl (n, hk) Ógæfa sem hlýst af brennivínsdrykkju. „Hún átti ekki nógu sterk orð til að lýsa þeim bágingdum sem brennivínsbölið hafði leitt yfir þetta heimili“.

Brennivínsdauði (n, kk) Meðvitundarleysi vegna ofdrykkju áfengis.

Brennivínsraus (n, hk) *Drykkjuslaður*; rugl/bull sem viðhaft er af drukkinni manneskju. „Ég held að þetta slúður sé nú bara eitthvað brennivínsraus sem varð til á þorablóttinu“.

Brennsla (n, kvk) Það að brenna. „Brennsla jarðefnaeldsneytis er að valda alvarlegum loftslagsvanda“.

Brennt barn forðast eldinn (orðatiltæki) Sá sem skaðast/meiðist mun forðast hættuna framvegis, líkt og barn sem brennir sig í eldi.

Brennt fyrir öll skilningarvit (orðtak) Skilur ekkert; vonlaust að koma í skilning um neitt. „Ég reyndi að tala um fyrir honum, en það var eins og það væri brennt fyrir öll hans skilningarvit“.

Brennuefni (n, hk) Efni sem brennt er á báli/brennu. „Við drógum saman ýmiskonar brennuefni fyrir áramóttin“.

Brennuvargur (n, kk) Sá sem kveikir í, t.d. eignum annarra, sér til skemmtunar.

Breskur (l) Sá sem er frá Bretlandi. „Tveir breskir togarar hafa strandað og eyðilagst nærri Kollsvík“.

Bresta (s) A. Brotna; springa. B. Fallaskipti; þegar fallið er að og byrjar að falla út; norðurfall deyr út en suðurfall byrjar. Notað um snúning frammi á miðum; „Hann ætti nú alveg að fara að bresta“. „Ég þóttist vita að refurinn færi útmeð sjónum því fjörubóðið var svo lítið; aðeins rétt brostið úr flæði“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Bresta á (orðtak) Um veðurlag; skella á stórviðri; *ganga upp*. „En þegar komið var yfir undir miðjan fjörð sáust smá skinnaköst á sjónum, og í sama bili brast á veður af norðaustri svo að við ekkert varð ráðið“ (TÓ; Yfirlit sjólysna í Rauðasandshreppi. Arb.Barð. 2003).

Bresta flótti í lið (orðtak) Hópur leggur á flóttu. „Þegar tuddinn kom bölvandi með hausinn undir sig brast ákafur flótti í liðið“.

Bresta forsendur til (orðtak) Hafa engar ástæður/forsendur til. „Mig brestur allar forsendur til að taka ákvörðun um þetta núna“.

- Bresta í grát** (orðtak) Fara að gráta; tárast. „Hún brast stundum í grát þegar hún minntist á slysið“.
- Bresta minni** (orðtak) Muna ekki; geta ekki munað. „Mig brestur minni í þessum efnum, en þetta á ég að vita“.
- Bresta úr flæði** (orðtak) Byrja að falla út. „Ég þóttist vita að refurinn færi út með sjónum, því fjöruborðið var svo lítið; aðeins rétt brostið úr flæði“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Brestalaus** (l) Gallalaus. „Maður er svosem ekki brestalaus sjálfur í þessum efnum“.
- Brestur** (n, kk) A. Galli, sprunga; veikleiki. „Hér er kominn brestur í glerið“. B. Brak; hávaði. „Við þriðja högg hrundi veggurinn með braki og brestum“. C. *Fallaskipti; snúningur*. „Við skulum hinkra framá brestinn og sjá hvort hann gefur sig ekki til“.
- Brestur** (n, kk) Aftasti hluti lúðustirtlu eftir að sporðurinn hefur verið skorinn af. „Þess voru dæmi að sá hluti fitleikans sem fylgdi bolnum þegar sporðurinn var skorinn frá, væri einungis nefndur brestur, en strabbi parturinn sem var áfastur blökunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimld: Guðbj.Guðbjartsson).
- Bretta** (n, kvk) Beygla; aflögun; gretta. „Hann heyrði ekkert í mér en mér tókst að gera honum þetta skiljanlegt með allskonar *fettum og brettum*“.
- Bretta** (s) Beygla; hnoða; aflaga; brjóta. „Brettu nú upp ermarnar áður en þú byrjar að hræra í blóðinu“!
- Bretta upp ermar** (orðtak) A. Eiginleg merking. B. Hefjast handa við verk.
- Breyskja** (n, kvk) Sterkur sólarhiti; hitasvækja. „Maður er bara léttklæddur í svona beyskju“.
- Breyskja af** (orðtak) Um dög gá jörð; þorna fljótt af í sterku sólskini. „Ég fer að setja heytætluna við traktorinn; hann breyskir fljótt af í þessu sólskini“.
- Breyskjuhiti / Breyskjusólskin / Breyskjupurrkur** (n, kk) Hitasvækja; mjög hlýtt í veðri. „Grasið þornar af ljánum í þessum breyskjuhita“. „Gættu þess að brenna ekki í þessu breyskjusólskinu“. „Líklega varður sami breyskjupurrkurinn á morgun“.
- Breyskleiki** (n, kk) Brestur í fari manns; freisting til að breyta rangt. „Þetta er nú bara mannlegur breyskleiki“.
- Breyskur** (l) Mannlegur; lætur undan freistingum.
- Breyta** (til) (s). A. Skipta; gera öðruvísi. „Ég breytti textanum lítillaga“. B. Breyting á tíðarfari, ýmist til hins betra eða verra. Menn trúðu mjög á veðrabreytingar á vissum dögum áður fyrr. Einkum má þar nefna Höfuðdag, Krossmessu og Hundadaga. „Hann mun breyta til um höfuðdaginn“.
- Breyta bragði** (orðtak) Um mat; ýldast örlítið án þess að skemmast. „Mér fannst mikið meira varið í sviðin áður fyrr, þegar þau voru söltuð í *strjúpann* og geymd þar til þau voru farin að breyta bragði“.
- Breyta sér** (orðtak) Verkast; verpast. „Mér þykir egginn öllu betri þegar farið er að slá í þau“ sagði gamla konan, „...og þau breyta sér fyrr í hlýjunni“ (MG; Látrabjarg). „Viðurinn vill breyta sér þegar hann þornar“.
- Breyta til** (orðtak) A. Gera tilbreytingu. „Hún ákvað að breyta aðeins til útaf afmælinu“. B. Um veður; viðra öðruvísi en verið hefur. „Nú gæti ég trúað að hann væri eitthvað að breyta til“.
- Breyta útaf vananum / Breyta útaf venju sinni** (orðtök) Gera öðruvísi en vant er. „Ég sé enga ástæðu til að breyta útaf vananum þó allir aðrir mígi í sömu skál“!
- Breytandi spraka** (n, kvk) Lúða sem var svo stór að hana mætti taka í 6 hluta, eftir þeim reglum sem tíðkuðust. „Fríðindi háseta voru þau að hver sem dró breytandi spröku átti allt kvíðstykkið og sporðinn fram að röfum“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Breytilegur** (l) Sem breytist; mismunandi. „Hitinn hefur verið breytilegur frá einum deginum til annars“.
- Breyting** (n, kvk) Umskipti; öðruvísi en var; viðbrigði. „Hér hefur heldur orðið breyting á“!
- Breyting er ekki alltaf til batnaðar/bóta** (orðatiltæki) Ekki er alltaf gott að breyta/skipta; stundum er best að hafa hlutina/verklagið/málfarið eins og verið hefur. Sjá *sjaldan er breyting til batnaðar*.
- Breyting til batnaðar** (orðtak) Umskipti til hins betra. „Ég vona að stjórnarskiptin verði breyting til batnaðar“. Sjá *ekki er breyting alltaf til batnaðar*.
- Breytingaraldur** (n, kk) Tíðahvörf; sá hluti æviskeiðs kvenna þegar hormónastarfsemi breytist; blæðingar hætta og konan missir getu til að eignast barn. Tíðahvörf verða á fimmtugsaldri hjá mörgum konum.
- Breytingartillaga** (n, kvk) Tillaga sem borin er upp á fundi, um breytingu á reglu eða annarri tillögu.
- Breytingaskeið** (n, hk) A. Tímabil mikilla breytinga. B. *Breytingaraldur/tíðahvörf* kvenna.
- Breytni** (n, kvk) Hegðun; framferði. „Ég sé ekki að hann hafi á nokkurn hátt valdið þessu með sinni breytni“.
- Breyttur** (l) Öðruvísi; frábrugðinn; búinn að breytast. „Búskaparhættir eru mjög breyttir frá því að menn puðuðu *daginn út og inn* með handaflinu *einu saman*“.

Bréf (n, hk) A. Pappír; þunnt flatt efni sem hentar til að skrifa/teikna á. B. Sendibréf; vottorð; skilaboð sem send eru milli manna. Bréf gengdu höfuðhlutverki í skilaboðasendingum og tjáskiptum yfir vegalengdir; allt þar til síminn tók að hluta við hlutverkinu, og síðar tölvusamskipti af ýmsum toga.

Bréfabindi (n, hk) Mappa; skjalamappa.

Bréfabók (n, kvk) Bók sem inniheldur afrit sendibréfa.

Bréfabunki (n, kk) Mikið safn bréfa. „Það er aldeilis bréfabunki sem oddvitinn er að fá“!

Bréfahnífur (n, kk) Hnífur sem notaður er til að skera upp sendibréf á snyrtilegan hátt, og stundum skreyttari en aðrir hnífar. „Mamma skar út skrautlegan bréfahníf úr harðviði“.

Bréfaskipti / Bréfaskriftir (n, kvk, fto) Ritun bréfa; það að skiptast á bréfum. „Einnig gat hann um þær bréfaskriftir sem hann hefur átt í sambandi við þetta mál“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Bréfaskóli (n, kk) Miðlun fróðleiks á afmörkuðu sviði, sem fer fram með bréfasendingum milli kennara og nemanda.

Bréfburðargjald (n, hk) Oftast stýtt í burðargjald; gjald sem greitt er fyrir að koma bréfi til skila, t.d. til póstpjónustu.

Bréfhaus (n, kk) Áprentaður texti efst í sendibréfi sem gefur til kynna hver sendandi er, ásamt e.t.v. meiri upplýsingum um hann.

Bréfhirðing (n, kvk) Miðstöð þar sem pósti er safnað saman frá mörgum sendendum, til sendingar í stærri dreifingarmiðstöð; ásamt því að flokka aðsendan póst til viðtakenda. Bréfhirðing var lengi á Hnjóti í umsjón Ólafs Magnússonar.

Bréflappi / Bréfmiði / Bréfsnepill / Bréfsnifsi / Bréfsnudda (n, kk/hk/kvk) Lítið/ómerkilegt bréf; afrifa af blaði; gæluheiti á sendibréfi. „Ég held að ég hafi ekki frá fleiru frásagnarverðu að segja í þessum bréflappa, en vonast til að fá svarbréf þitt við fyrsta tækifæri“.

Bréflaga (ao) Með bréfi. Honum var tilkynnt þetta bréflaga.

Bréflegur (l) Með bréfi. „Annar árlegur viðburður á Sandinum var *álfadansinn*. Ég hef fyrir því bréflegar heimildir að þessi álfadans fór fram árin 1907 og 1908....“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Bréfleiðis (ao) Með bréfasamskiptum. „Eg hélt sambandi við hann bréfleiðis í nokkur ár eftir þetta“.

Bréfpoki (n, kk) Poku úr bréfi. „Hann rétti okkur bréfpoka með haltukjafibrjóstsykri“.

Bréfritari (n, kk) Sá sem ritar/skrifar bréf.

Bréfspjald (n, hk) Eldra heiti á póstkorti.

Brigð (n, hk, fto) Svik; það að bregðast. „Ég get ekki tekið undir það að þetta séu nein brigð við kjósendur“.

Brigðmælgí (n, kvk) Lygar; ósannsögli; það að segja eitt við einn en annað við annan.

Brigðull (l) Hætt við að bregðast; stopull; hverfull. „Hætt er við að þurrkurinn geti orðið brigðull á morgun“.

Brigg / Briggskip / Brigantína (n, hk/kvk) Tvímastra seglskip með þverseglum. Sjá *skonnorta*.

Brigsl (n, hk, fto) A. Ásakanir; það að álasa/bregða einhverjum fyrir eitthvað. „Ég ætla ekki að sitja þegjandi undir svona brigslum“! Sbr. *lygabrigsl*; *svikabrigsl*. B. Ör/þykkildi í húð; *samgróningar*.

Brigsla (s) Saka; bregða; bera á brýn. „Maður tekur því ekki þegjandi að vera brigslað um ósannindi“!

Brigslyrði (n, hk, fto) Ásakanir; brigsl. „Honum sárnuðu þessi brigslyrði í sinn garð“.

Brikki (n, hk) Flikki;stórt/þungt stykki; erði. „Við förum nú ekki langt tveir með svona brikki“.

Brillur (n, kvk, fto, linur frb) Gleraugu; *loníettur*. „Hvar lét ég nú frá mér brillurnar mínar“?

Brim (n, hk) Mikill sjógangur; grunnbrot langt fram á Vík. „En útaf þessu vildi bera alloft; brim og vindur ollu mestu um það“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brima (s) Gera brim. „...urðum við að setja bátana upp. Þetta þurftum við oft að gera þegar brimaði...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Öruggasta leiðin inná lægið var Syðstaleiðin talin, hvort heldur brimaði af norðri eða vestri, en það voru helstu *brimaáttirnar*“ (KJK; Kollsvíkurver). „Það vissu allir að þegar mikið brimar, einkum ef það er frá vestri, verður svo sterkur útstraumur á Læginu að talsvert andóf þurfti til að halda á móti honum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brimaátt (n, kvk) Vindátt sem helst er hætt við að brimi úr. „Öruggasta sundið inn á lægið var Syðstaleiðin talin; hvort heldur brimaði af norðri eða vestri, en það voru brimaáttirnar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brimalda / Brimbára / Brimboði / Brimbrot / Brimsjór / Brimskafli / Brimskefla (n, kvk/kk/hk) Stór alda/skafl/holskefla í brimi. „Þarna hefur brimbáran holað bergið og myndað stóran helli“.

- þaraskógurinn var uppétinn af skollakoppi var hann ekki lengur til staðar til að draga úr afli brimsins. Brimbáran átti því greiða leið á háflæði uppyfir hefðbundna sjávarbakka og olli sumsstaðar verulegum skemmdum, t.d. á fornum verminjum og hleðslum“. „Brimið hefur aukist frá í gær. Það er orðið lengra á milli brimskaflanna“. „Stórar brimskeflur brotnuðu á hleinum á stjórnbörða, en í þær voru nokkrar bátslengdir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Brimarhólmur** (n, kk) Bremerholm; upphaflega sá staður á Gammelholm í Kaupmannahöfn þar sem kaupmenn frá Bremen höfðu aðsetur. Frá því á 16.öld og til 1859 var þar verkstæði og skipasmíðastöð danska flotans; rekið að mestu með nauðungarvinnu fanga. Allmargir íslenskir afbrotamenn voru sendir til Brimarhólmsvistar, þar sem þeir þræluðu við hergagnasmíði fyrir kónginn. Frá 1741 tók *Stokkhúsið* við slíkum brotamönnum.
- Brimasamt** (l) Hætt við brimi. „Má nærri geta að þar hafi brimasamt verið, jafnvel stundum skammt verið milli ládeyðu og tvísýnnar landtöku“ (KJK; Kollsvíkurver). „... því að eigi hefir það ósjaldan hent, að menn hafi druknað nærri landi í Víkum; þar er brimasamt“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Brimastóll** (n, kk) Aðsetur erkibiskups í Bremen/Brimum í Þýskalandi, stofnaður árið 864. Hann var æðsti biskupsstóll Norðurlanda til stofnunar erkibiskupsstólsins í Lundi árið 1105.
- Brimbarinn** (l) Núinn af brimi; oftast notað um fjörugrjót. „Veggjahæð var meðalmanni í öxl. Voru þeir hlaðnir úr brimbörðu grjóti einu saman að innan, en úr torfi og grjóti að utan“. (PJ; Barðstrendingabók).
- Brimbrjótur** (n, kk) Hvaðeina sem brimið brotnar á; t.d. náttúruleg hindrun eða manngerður garður. „Sjá má leifar af grunni ævaforns brimbrjóts meðfram öllum Bökkunum neðan Grundatíns; frá fjárhúsunum að austan, að Byrginu að vestan“.
- Brimbrot** (n, hk) Hnútur; brot; brimbára sem brotnar framyfir sig og skellur þá jafnan hvítfreyðandi af miklu afli á það sem fyrir er.
- Brimdunur** (n, kvk, fto) Brimgnýr; hávaði frá miklum sjógangi/ brimi. „Í logninu glumdu við brimdunurnar norðan undan Blakknum; þar sem vestanbrimið gnauðaði við klettana. Af og til sendi það firnamikil sjávargos upp um gatið á Bekknum; sem náðu upp í miðja Hryggi“.
- Brimfroða** (n, kvk) Froða sem verður til í miklu brimi og situr gjarnan eftir í fjöru; stundum nokkuð þykk.
- Brimgarður** (n, kk) Brim sem verður á grynningum undan ströndinni, þegar stórar öldur ná til botns; hækka, þynnast og falla framyfir sig sem brotsjór. „Ferðin gekk samt vel, og var siglt hiklaust gegnum brimgarðinn og í lendingu...“ (ÖG; Þokuróður).
- Brimgnýr** (n, kk) Hávaði í stórbrimi, en hann getur orðið allmikill. Norðanáttin æsir upp brimið og ber gnýinn upp að bæjum; ekki síst í sunnanverðri Kollsvíkinni.
- Brimhjalli / Brimstallar / Brimþrep** (n, kk) Síðari tíma heiti á hjöllum í landslagi, stundum langt ofan núverandi strandar, sem myndaðir eru af sjávarrofi og brimi þegar sjávarstaða var mun hærri eftir lok síðustu ísaldar. Ekki hafa farið fram miklar rannsóknir á fornum strandlínunum í Kollsvík, en líkleg dæmi um brimhjalla eru t.d. Tranthalabrekka og Nautholt norðantil í víkinni; og rætur Brunnsbrekku handantil.
- Brimhroði** (n, kk) Brim; allmikill sjór. „Það var mjög tregt og illt í sjóinn. Það lagði á norðan spænu með hálfgerðum brimhroða“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Brimhrotti** (n, kk) Allmikill sjór; brim. „Þeir voru komnir á undan okkur og lentir þegar við komum upp á Lægið og þá var kominn brimhrotti talsverður“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Brimill** (n, kk) Karldýr sels. Kvendýrið nefnist urta.
- Brimkóf** (n, hk) Mistur sem myndast í brimgarði í miklu brimi; *ýringur* aftur af mikilli brotbáru.
- Brimlag** (n, hk) Hegðun brims; sjólag í sverum sjó. „Nokkur stans verður á meðan brimlag er athugað“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Brimlending** (n, kvk) Lending í brimi, en hún var mjög vandasöm. „Þegar menn hitta fyrir brimlendingar eða verða að lenda þar sem er stórbrim þá er það vanaleg aðferð... að formaðurinn lætur hásetana reyna að halda skipinu kyrru fyrir framan lendinguna meðan hann er að taka eftir nær ólagið gengur á land“ (HE; Barðstrendingabók). „Þetta eru hraustir menn; þjálfaðir við brimlendingu frá barnæsku“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Maður enginn meðal vor af meiri fimi/ kann að lenda bát í brimi“ (JR; Rósárimur).
- Brimlítið** (l) Lítið brim; sjólítið við land. „Eftir að fugl er orpinn og brimlítið er, hafa sjómenn sótt undir bjargið til eggjatöku, bæði innlendir menn og Færeyingar“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).
- Brimlöður** (n, hk) Froða í brimi. „Þá sé ég Gest og Braga koma útúr brimlöðrinu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Brimreykur** (n, kk) Gufa af miklu brimi. Oft sýnileg í Grundagrjótum eftir norðsjó og undir Blakk eftir vestansjó, en greinilegust í logni.

- Brimrosi** (n, kk) Brimhrotti; allmikið brim. „Fjandi ætlar hann að halda þessum brimrosa lengi“.
- Brimróður** (n, kk) Róður í land í *brimlendingu*. „Eins og allir vita er ólagið þrjár báurur eða grunnskaflar sem ganga hver eftir aðra á land, en síðan verður talsvert sléttari sjór á eftir. Þá er tekinn brimróðurinn þegar þriðju og síðustu báruna brýtur á land“ (HE; Barðstrendingabók). „Var svo brimróður tekinn, en er vantaði fáa metra í land þraut seilarbandið og þess vegna bar okkur lítið inn fyrir vörina“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).
- Brimrót** (n, hk) Brim; *brimhroði*. „Bátum hvolfdi þegar og barst til lands, en engum tókst að halda sér við hann vegna brimrótsins“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Brimröst** (n, kvk) Svæði þar sem mikið brim geisar.
- Brimsaltur** (l) Mjög saltur. „Grauturinn er brimsaltur. Eitthver hefur verið helst til óspar á saltið“.
- Brimselta** (n, kvk) Mikil selta; sterkt seltubragð. „Bölvuð brimselta er nú á grautum! Setti ég kannski tvöfaldan skammt í hann“?
- Brimsof / Brimsúgur** (n, kk) Straumiða sem myndast við land í miklu brimi. „Brimsógurinn sveiflaði skipinu til og frá á strandstaðnum“.
- Brimsofínn** (l) Mótaður/molaður af brimi. „Aðra stundina er þarna ægisandur, en hina brimsofín klöpp“.
- Brimsvarrandi** (n, kk) Svarrabrim; mikið brim; hávaðabrim. „Það er alltaf sami brimsvarrandinn; dag eftir dag. Hann hlýtur nú að fara að linast á þessari norðanátt“. Annarsstaðar sagt „brimsvarri“
- Brimvarnargarður / Brimvörn** (n, kk/kvk) Stórgryttur garður sem hlaðinn er í fjöruborði til að varna ágangi brims, t.d. á sjávarbakka eða hafnarmannvirki. Undirstöður forns varnargarðs má sjá neðan Grundabakka.
- Bringa** (n, kvk) Brjóstsvæði á manni eða skepnu. „... margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu; bæði á baki og bringu; taka það upp til að meta skrokkþungann...“ (PG; Veðmálið). „Framundir lok 20.aldar voru reyktar bringur helsti þorlákssmessumatur Kollsvíkinga. Hver heimilismaður fékk eina bringu, og át hann af henni eins og hann gat á þorlákssmessukvöld en geymdi sér restina framyfir jóladag“.
- Bringarabátur** (n, kk) Burðarmikill bátur sem notaður er við uppskipun úr skipi sem ekki getur lagst að bryggju. „Kaupfélagið á hvalskerri áti t.d. tvo uppskipunarbáta; bringarabáta; Loft og Drómund. Voru þeir vélalásir og varð að slefa þeim, hvort sem verið var að flytja vörur af Pateksfirði eða skipa upp á staðnum“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Bringupalir** (n, kvk, fto) Neðri hluti bringu og bringubein. „Ég fékk einhvern árans sting undir bringupalirnar“. Spalir er fyrri fleirtölumynd af *spelur*.
- Bringubein** (n, hk) Frauðkennt bein sem tengir rifbeinin að framanverðu.
- Bringubiti** (n, kk) Ketbiti af bringu. Gjarnan hluti bringubeins og rifs.
- Bringufiður** (n, hk) Fiður af bringu á fugli. „Oft var bringufiðrið plökkað sér...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Bringuhækill** (n, kk) Tota sem myndast á gæru sauðkindarskrokks við það að hækleri ristir frá framfötarliðum uppá bringuna úr báðum áttum; og í stefnu aftureftir miðjum kvið. Þegar rétt hafði verið rist fyrir varð til tota uppi á bringunni sem hækleri reif upp áður en skrokkurinn var fluttur af hæklnarbecknum á fláningsgálga; til að fláningsmaður ætti auðveldara með sitt verk. „Hér hefur gleymst að rífa upp bringuhækilinn“!
- Bringukollar / Bringa** (n, kk) Stykki úr ketskrokk; bringubeinið og neðri hluti aðliggjandi rifja, uppundir framhrygg. Bringukollar eru nú klofnir og síðan oft sagaðir í spað; í súpuket eða súrsun. Áður var bringukollar tekinn heill, a.m.k. þeir stærri; saltaður og reyktur. Fitan á bringukollum er mýkri en annarsstaðar á ketskrokknum; bragðgóð og meinholl eftir nýjustu kennisetningum. Í Kollsvík og víðar í Rauðasandshreppi var alltaf haldið þeim forna sið að sjóða og snæða bringur á Þorlákssessu. Einn bringukollar var ætlaður hverjum heimilismanni sem á hníf gat haldið. Hann merkti sér sína bringu og át af henni eins og unnt var á Þorlákssessu. Afgangurinn var geymdur og kroppað í hann eftir að helstu jólaveislur voru að baki. Þessi siður er líklega mun eldri en skötuátið sem menn vilja kenna við Vestfirðinga. Skata þótti herramannsmatur í Kollsvík, og var sjálfsagður Þorlákssmessumatur ásamt bringukollinum. Siðir varðandi skötu og bringukolla tengjast jólaföstudunni. Hún stóð fjórar vikur fyrir jól og lauk klukkan 18 á aðfangadag. Um föstuna mátti helst ekki eta ket, en þess í stað var snætt fiskmeti; þar á meðal skata. Á Þorlákssessu var jólahátíðin undirbúin með því m.a. að soðið var hangiket. Í hlóðapotinn voru þá um leið settir bringukollar; einn fyrir hvern heimilismann, sem hann skyldi hafa fyrir sig yfir hátíðarnar. Í soðinu var í lokin soðin skata sem snædd var þá á Þorlákssessu. Þegar slakna tók á trúarhita þjóðarinnar (og e.t.v. fyrr í afskekktum byggðum) fóru menn að „þjófstarta“ með því að kroppa í bringukollana heita á Þorlákssessu. Sá siður hélst í Rauðasandshreppi framundir lok 20.aldar. „Á Þorlákssmessukvöld var skata og reyktar bringur og kaffi; og svo var spilað á Þorlákssmessukvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Bringur (n, kk) Kast; ás; haugur; upphækkun í landslagi. „Rifshausamörk voru mörk í Rifið, þar sem lækur rann oft í vorleysingum. Upphækkun eða bringur myndaðist í Rifið“ (AS; Örnefnaskrá Breiðavíkur). Undir Látrabjargi er stór urð sem nefnist Bringsurð.

Bringusund (n, hk) Ein aðferð sunds: Þannig að bakhluti veit upp og aftur og synt með höndum og fótum.

Bris (n, hk) A. Samgróningur; ör; gróandi í sári; ógreinilegt/samgróid mark í eyra sauðkindar. „Hér er eins og eitthvað bris; gæti kannski verið samgróin fjöður“. B. Líffæri; briskirtill. Brisið bramleiðir brissafa sem gengur ofan í skrifugörnina um sameiginlega rás með lífrinni. Safinn stýrir m.a. virkni pepsíns og inniheldur meltingarensím. Brisið stjórnar einnig framleiðslu glúkagens og insúlíns, og stýrir þar með blóðsykri í líkamanum, sem fer úr skorðum við sykursýki.

Brisa (s) Gróa. Eingöngu notað um það þegar bein eru að byrja að gróa eftir brot. „Ærin brotnaði illa þegar hún festist í grindunum, en þetta er eitthvað byrjað að brisa saman. Hún er farin að tylla í fótinn“.

Briarari (n, hk) Sama merking og *briarari*. (Báðar orðmyndir voru notaðar vestra í mínu minni; VÖ) Orðmyndin virðist þó ekki hafa verið notuð utan svæðisins. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Ykkur er það velkomið *geyin* mín; ég mun passa að þið séuð ekki að neinu fíkti eða briarari“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Briari (n, hk) Grín; *rælni*; *briarari*. „Ég gerði það nú bara í einhverju briarari að sækja um stöðuna“. Líklega dönskuletta; bryderie, í merkingunni tilraunastarfsemi; klandur.

Brik (n, kvk) A. Standur; föst uppúrstandandi/framúrskagandi, fremur þunn skil/fjöl; sylla; hilla. „Barð heitir þunn bergbrík sem stendur framúr Látrabjarginu, allmiklu lægra en það“. B. Rúmbrík; sama og rúmstokkur/rúm fjöl. „Þetta var síðasta eða næstsíðasta ferðin sem farin var á Undirhlíð. Bríkin sem farið var yfir til að komast að lásnum sem farið var niður í hlíðina, og fuglinn dreginn yfir, hrundi nokkru eftir þetta. Síðan er talið mjög vont að komast þetta, eða jafnvel ófært“ (SbG; Að vaka og vinna). C. Myndskreytt og útskorin/upphleyp altaríafla. D. Kvenkenning í skáldskap.

Brími (n, kk) Eldur. Einkum um tilfinningahita; t.d. ástarbrími. Stofnskylt orðunum *brim* og *breima*.

Brjáláð veður / Bandbrjáláð veður (orðtök) Snarvitlaust/kolvitlaust/kolbrjáláð veður; mikið óveður. „Það var brjáláð veður; suðvestanrok og stórsjór“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Brjáláður (l) Vitskurtur; ruglaður; æðisgenginn. „Ég er nú ekki svo brjáláður orðinn að ég setji krossinn við íhaldið“!

Brjálæmi / Brjálæði (n, hk) A. Sturlun; vitfíring B. Mjög heimskulegt athæfi/verk. „Þetta væri algert brjálæði“.

Brjósk (n, hk) Sveigjanlegur stoðvefur lífvera. „Þú getur borðað allt eyrað af sviðunum; brjóskið líka“.

Brjóst (n, hk) A. Bringa; svæðið á bók manns að framanverðu. Fyrrum voru tilfinningar og hugsun talin búa í hjartanu, og þar með í brjóstinu. Það skýrir t.d. orðtökin að *segja það sem manni býr í brjósti*; *bera fyrir brjósti*; *kenna í brjósti um*; *hafa ekki brjóst í sér*, og orðin *harðbrjósta* og *þurrbrjósta*. B. Barmur konu; bunga á bringu sem mjólkurkirtlar eru í og geirvörtur eru á. C. Almenn um brík/útbungun; það sem mikið mæðir á. Sbr að vera í *brjósti fylkingar*. Samstofna *brysti* og *bresta á*.

Brjóstagjöf (n, kvk) Það að móðir gefi kornabarni/brjóstmylkingi brjóst að sjúga.

Brjóstahaldari / Brjóstahöld (n, kk/ hk, fto) Það nærfat kvenna sem heldur að brjóstum og hlífir þeim.

Brjóstamjólk (n, kvk) Mjólk úr kvenbrjósti. „Brjóstamjólkinn er kornabörnum hollari en nokkuð annað“.

Brjóstband (n, hk) Hluti búnaðar við bjargsig; band utanum sigarann í brjóstthæð sem brugðið er um vaðinn til að *koma í veg fyrir* að sigarinn snúist í lykkju vaðsins sem hann situr í. Brjóstbelti á síðari tíma klifurbúnaði gegnir sama hlutverki.

Brjóstbirta (n, kvk) Gæluorð um sterkt vín. „Sumir höfðu einhnerja brjóstbirtu á þorrablóttinu“.

Brjóstbæta sér (orðtak) Sjá *bæta sér í brjósti*.

Brjóstdropar (n, kk, fto) A. Lyf sem í litlum skömmtum er talið létt á brjóstþyngslum. T.d. „norskir brjóstdropar“ á síðari tímum. „Breinnivín, sett á einiber, verður að hollum brjóstdropum“ (BH; grasnytjar). B. Gæluheiti á brennivíni/ sterku víni.

Brjóstgóður (l) Umhyggjusamur; hugulsamur. „Hún var sérlega brjóstgóð við þá sem minna máttu sín“.

Brjóstgæska (n, kvk) Umhyggja; hugulsemi. „Sumir sögðu að þetta væri ekki brjóstgæskan ein hjá honum“.

Brjósthimnubólga (n, kvk) Fleiðrubólga; bólga/sýking í brjósthimnu sem er himna sem þekur innan brjótholið. Veldur mæði og verkjum. „Ég reri um vorið með Einari og fór síðan einn túr á togaranum Gylfa frá Patreksfirði. Líkaði mér það vel og ætlaði að vera áfram, en fékk brjósthimnubólgu og var *frá vinnu* um sumarið“ (IG; Æskuminningar).

- Brjósthol** (n, hk) Efra holið í líkama manns, hið neðra er kviðarhol en milli þeirra er þindin. Í brjóstholi eru lungu og hjarta og innanum það er brjósthimna.
- Brjóst hæð** (n, kvk) Sú hæð frá gólfi/jörðu sem samsvarar því er er upp á brjóst fullorðins meðalmanns.
- Brjóst kassi** (n, kk) Hylki líkamans sem myndað er af bringubeini, rifjum og hrygg, og ver m.a. hjarta og lungu.
- Brjóst líkneski** (n, hk) Höggmynd af manneskju sem sýnir höfuð, háls og herðar niður á brjóst.
- Brjóst mál** (n, hk) Vegalengd kringum mann/skepnu um brjostið.
- Brjóst mylkingur** (n, kk) Kornabarn; ungbarn sem enn er háð brjosti móður sinnar.
- Brjóst mynd** (n, kvk) Mynd/málverk af manneskju sem sýnir höfuð, háls og herðar niður á brjóst.
- Brjóst næla** (n, kvk) Skartgripur; næla sem fest er á brjóst. Oftast til skrauts nú á tímum, en var fyrr notuð til að halda fatnaði saman að framanverðu. Gjarnan mikið skreytt.
- Brjóstsykur** (n, kk) Sælgæti; sykur sem bræddur hefur verið og blandaður bragðefnum, litaður og látinn storkna í hæfilega munnbita. „Afi átti gjarnan suðusúkkulaði, dödlur eða brjóstsykur í handraðanum“.
- Brjóstumkennanlegur** (l) Aumkunarverður; vesæll; á mjög bág. „Alveg eru þeir brjóstumkennanlegir þessir blessaðir bjálfar sem sitja á þingi! Hvernig dettur þeim svona fáránleiki í hug“?!
- Brjóstvasi** (n, kk) Vasi á t.d. skyrtu eða jakka, nærri brjosti þess sem í flíkinni er.
- Brjóstveiki / Brjóstmein** (n, kvk/hk) Fyrrum notað um hverskonar verki eða veikindi sem virtust stafa frá brjóstinu. Með bætum greiningum komu til önnur nöfn, s.s. berklar, lungnabólga eða kransæðastífla.
- Brjóstveikur** (l) Með brjóstveiki.
- Brjóstverkur** (n, kk) Verkur fyrir brjóstinu. Getur átt ýmsar orsakir.
- Brjóstvit** (n, hk) Þær gáfur sem hver og einn hefur að upplagi/ af uppeldi en eru ekki lærðar af bókum eða skólum. „Stundum er betra brjóstvit en bókvit“.
- Brjóstvörn** (n, kvk) Upphækkun í brjóst hæð sem ver mann fyrir t.d. árásum eða veðri, eða hægt er að leynast bakvið. „Byrgið var nokkurskonar brjóstvörn sem menn lágu við þegar *skotið var á fluginu*“.
- Brjóstþel** (n, hk) Hugafar; viðhorf. „Það þarf enginn að efast um hans brjóstþel í þessum efnum“. Sjá *brjóst*.
- Brjóstþyngsli** (n, hk, fto) Verkur fyrir brjosti, sem líklega hefur oft stafað af kransæðaþrengslum þó ekki vissu menn það áður fyrr. „Maður má bara ekki taka á núorðið; þá byrja þessi árans brjóstþyngsli“.
- Brjóta** (s) A. Mólva; sprengja; rjúfa í sundur. Hrúturinn var búinn að brjóta jötufjöliná“. B. Um boða/grunn/sker; brotnar stórsjór á. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Brjóta af sér** (orðtak) *Gera skammarstrik; fremja glæp*; gera eitthvað ólöglegt. „Ég get ekki séð að hann hafi neitt brotið af sér með þessu“.
- Brjóta á** (orðtak) A. Um brim/báru; brotna/skella á einhverju. „Það var farið að brjóta á Leiðarboðunum“. B. Um egg; gera brest/gat á. „Brjóttu á þessu egg og gáðu hvort það er mjög stropað“. C. Klekkja á einhverjum; vera brotlegur gagnvart einhverjum. „Honum fannst illilega á sér brotið og hótáði kær“.
- Brjóta á bak aftur** (orðtak) Afstýra byltingu/breytingu/uppreisn. „Þessi *hallarbylting* var brotin á bak aftur“.
- Brjóta fyrir** (orðtak) Gera fyrstu sprungu. „Hún hjálpaði unganum úr egginu með því að brjóta fyrir“. „Það þarf að brjóta fyrir á tjörninni svo féð nái í vatn“.
- Brjóta gegn (einhverju)** (orðtak) Stangast á við eitthvað; ganga gegn.
- Brjóta heilann um** (orðtak) Velta fyrir sér; hugsa um. „Þess vegna brutu allir heilann um það hvað lægi á bakvið hinn skyndilega dauða þeirra er í brúnni voru“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Brjóta í bág(a) við (eitthvað)** (orðtak) Stangast á við eitthvað, t.d. reglu/lög/fyrirmæli.
- Brjóta í blað** (orðtak) Um merkisatburð. Upphaflega var merkingin sú að leggja viðburð á minnið; hafa hann sérstaklega í huga. Líking við það að merkja stað í bók með því að brjóta uppá horn eins blaðsins. Í seinni tíð hefur orðtakið fengið merkinguna „gera eitthvað merkilegt/einstakt“. „Þótti brotið í blað með byggingu þessa neyðarskýlis“.
- Brjóta í smátt/spað/spón / Brjóta/mola/mólva mélinu smærra** (orðtak) Brjóta í marga hluta; mola niður;maska.
- Brjóta land til ræktunar** (orðtak) Vinna sáðsléttu; þurrka, plægja, slétta og sá í landspildu til að fá grasgefið tún/ræktarland.

Brjóta reglu/lög /orðtök) Óhlýðnast reglum/lögum.

Brjóta lög á (einhverjum) (orðtak) Gera einhverjum órétt.

Brjóta odd af oflæti (orðtak) Láta af stærilæti/hofmóði/sérvisku; gerast samvinnufúsari/meðfærilegri/skilningsríkari. „Það endaði með því að ég braut odd af oflæti mínu og féllst á að fara með þeim á samkomuna, en þó með því fororði að ég myndi ekki syngja“.

Brjóta og bramla (orðtak) Skemma og eyðileggja. „Nautið er búið að brjóta og bramla stúna sína“.

Brjóta saman (orðtak) Um t.d. efni; þvott; blað; leggja saman um brot á skipulegan hátt.

Brjóta sér farveg/leið/veg (orðtak) Gera leið með nokkru erfiði.

Brjóta sig (orðtak) A. Um manneskju; brjóta bein sín í slysi. B. Um verkun t.d. á vottheyi, keti, skötu eða öðru; verkast með efnaferlum. „Vottheyið er ekki fullverkað fyrr en það hefur brotið sig og er farið að kólna“.

Brjóta skip (orðtak) Stranda skipi; *skipbrot*. „...en Kollur hét á Þór. Þá skildi í storminum og kom hann þar sem Kollsvík heitir, og braut hann þar skip sitt“ (AF; Landnámabók). Um fyrsta skráða sjóslys við Ísland.

Brjóta til mergjar (orðtak) A. Bókstafleg merking; brjóta leggbein til að ná mergnum, en hann er herramannsmatur. „Ég ætla nú út á hestasteininn að brjóta þessi bein til mergjar“. B. Afleidd merking; kryfja mál; komast nærri kjarna máls.

Brjóta upp ermar/skálmar (orðtak) Rúlla upp ermum/skálum, t.d. til að ekki blotni þegar farið er í vatn.

Brjóta uppá (eitthvað) (orðtak) Gera brot á eitthvað.

Brjóta uppá (einhverju) (orðtak) Taka upp einhverja nýbreytni; gera öðruvísi; gera tillögu að breytingu.

Brjóta úr báru (orðtak) Sjór eykst svo að báru byrja að hvítna og brotna í toppinn. „Hann er að auka kulið og byrjað að brotna úr báru hér og hvar“.

Brjóta úr skel (orðtak) Brjóta skel til að ná í skelfiskinn til beitu. „Á meðan legið var yfir þá var búið að brjóta úr skelinni sem höfð var með, og skera í bita, og þessu var beitt út“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveri).

Brjóta út (orðtak) A. Hlaða fiski í *stakk* á skip sem hækkað hefur verið með *borðstikum* til að flytja heim vertíðarfenginn í *fiskaferð*. „Var svo hlaðið að borðstikumunum; var það kallað að *brjóta út*.“ (PJ; Barðstrendingabók). B. Fletja út fiskhaus/kringluhaus fyrir herslu. „Síðan var hníf brugðið upp í tálknin og kverksiginn skorinn sundur um miðju *langseftir*...Það síðasta var að brjóta hausinn út, sem kallað var, og var fólgið í því að grípa sinni hendinni um hvora kinn og sveigja þær frá *fleygbeininu*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Brjótast inn/út (orðtök) Fara inn í hús/ út úr húsi án leyfis húsráðenda.

Brjótast til áhrifa/valda (orðtak) Ná áhrifum/völdum; sigra í valdabaráttu.

Brjótast um (orðtak) Reyna að hreyfa sig, t.d. þegar maður er hjálparvana/heftur.

Broddlaus (l) Án brodds .

Broddmjólk (n, kk/kvk) Broddur; mjólkinn sem fyrst kemur úr kú/kind eftir burð. Hún er þykkari og gulleitari en endranær, og næringarríkari fyrir ungvíðið. Úr broddmjólk eru búnar til *ábrystir*. Meðan tíðkaðist að mjólka lambær var broddi úr þeim oft blandað saman við kúamjólk; um einn bolli brodds í um 1 pott (lítra) af mjólk. Í broddmjólk er meira af próteinum albúmin og glóbúlín en í venjulegri mjólk.

Broddskita (n, kvk) Ljós-gulbrúnar hægðir sem stundum koma frá unglömbum. Bendir til slæmrar meltingar. Fylgjast þarf vel með þeim, þar sem dindli hættir til að festast og þá myndast hægðastífla.

Broddstafur (n, kk) Göngustafur með járnbroddi í enda til stuðnings t.d. í hálfu. Mörgum þykir broddstafur hið mesta þarfabing, meðan aðrir göngumenn vilja aldrei nota staf.

Broddur (n, kk) A. Oddur; gaddur; fleinn. T.d. broddur á broddstaf eða á ígulkeri. B. Broddmjólk. C. Háð; kaldhæðni; níð. „Ef vel er að gáð er allmikill broddur í þessari vísu“.

Broð (n, hk) Froða sem myndast ofaná súpu. „Heldur er broðið innantómur matur, þó næringarríkt sé“. Myndað af heitunum *bráð* og *sod*. Fita sem sest ofaná í potti er í Kollsvík nefnd *smolt*.

Brogaður (l) Brákaður; skemmdur. „Fóturinn á ærinni er eitthvað brogaður eftir að hún festist í grindunum“.

Brogað við (orðtak) Bogið við; undarlegt. „Mér finnst eitthvað brogað við þessa ferðamenn sem æða hér um allar jarðir án þess að ræða við heimafólk“.

Brok (n, hk) Stör; stargresi. „Þar í er laut með tjörn, broki vaxinni og gras í kring. Laut þessi heitir Gormur“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps). „Var þá slegið út við Litlavatn og brok við Startjarnir og Langasjó“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

- Brokslægjur** (n, kvk, fto) Það sem slegið er af broki. „Brokslægjur eru í Kjóavötnum, Langasjó og Startjörnum“.
- Brokk** (n, hk) Ein gangtegunda hests. Hlaup, þannig að tveir gagnstæðir fætur koma niður samtímis.
- Brokka** (s) Um hest; fara á *brokki*.
- Brokkgengur** (l) Breyskur; *hrösull*. „Hann var nú alltaf dálítið brokkgengur með brennivínið, blessaður“.
- Brons** (n, hk) A. Málmblanda; blanda kopars/eirs (um 88%) og tins (um 12%). B. Lögur/málning af bronsi.
- Bronsa** (s) Bera brons á járn til að ryðverja það. „Þú mættir gera þig kláran í að bronsa tunnugjarðirnar þegar ég er búinn að ná af þeim ryðlitnum“.
- Bronsöld** (n, kvk) Tímabil í mannkynssögunni sem nær frá því að menn hófu að nota brons (um 3500 f.Kr í Asturlöndum en 1500 f.Kr á Norðurlöndum) til þess að farið var að vinna og nota járn í miklum mæli (um 1200 f.Kr í Indlandi og Grikklandi en um 700 f.Kr í norðanverðri Evrópu).
- Bros** (n, hk) Andlitssvipur manneskju sem lýsir ánægju, væntumþykju, vellíðan, skemmtun. Einkennist mest af því að munnvik færast sundur og upp; augabrúnir hækka og augu opnast og blikka. Stundum fylgir hlátur.
- Brosa** (s) Mynda *bros* á andliti.
- Brosa í kampinn / Brosa í laumi / Brosa út í annað** (orðtak) Brosa lítillaga. Kampur merkir þarna skegg, en erfiðara er að greina lítillsháttar brosa hjá skeggjuðum en öðrum.
- Brosa móti/við (einhverjum)** (orðtök) Brosa þannig að annar sjái; sýna einhverjum væntumþykju/ánægju.
- Broshýr / Brosmildur** (l) Gjarn á að brosa; glaðlyndur. „Alltaf var hann jafn broshýr; sama hvað á gekk“.
- Broslegur** (l) Skemmtilegur; aðhlátursefni. „Það er stundum broslegt að fylgjast með þessum aðförum“. „Já, það var mikið kveðið í Kollsvíkurveri; einkum um það broslega sem fyrir kom“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Brosleitur** (l) Gláður á svip.
- Brostinn** (l) Brotinn; sprunginn; eyðilagður. „Mér ýnist að með þessum að gerðum sé brostinn grundvöllur fyrir áframhaldandi byggð á þessu svæði“.
- Brot** (n, hk) A. Það að brjóta. „Þetta er skýrt brot á lögum“! B. Stykki sem brotnað hefur af/frá öðru. „Brot úr borgarísnum dreifðust um alla fjöruna“. C. Felling, t.d. í buxum, dúk, blaði o.fl. D. *Brotsjór*; *hnútur*; myndast þegar báru eru úr takti og tveir kraftar tveggja eða fleiri aldna sameinast í gríðarlegum ölduskafli. Getur orðið til í ofsavæðri; á straumamótum (*straumbrot*); á grynningum (*grunnbrot*) eða við breytta vindátt. „Æðandi brotsjór kom á móti okkur og reis hátt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Einu sinni hóf sig upp brotsjór mikill við borðstokkinn og ógnaði með því að hvolfi sér yfir þá, en fyrir snarræði formanns tókst að víkja bátnum undan.“ (BS; Barðstrendingabók). „Þá sló flötu, ég lenti í broti og það skvettist duglega í Korkanesið“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrá; Árb.Barð 2004).
- Brotabrot** (n, hk) A. Talnagildi; almennt brot þar sem brotinu er skipt upp, og táknað með aukastriki og aukanefnara. B. Líkingamál um það sem er mjög lítil hluti af heild. „Þetta er ekki nema brotabrot af því sem vanalega er“.
- Brotakenndur** (l) Ekki heill/samfelldur; ófullkominn. „Mín þekking á þessum málum er æði brotakennd“.
- Brotalöm** (n, kvk) A. Brotin/biluð löm; brotnar hjarir. B. Í líkingamáli; bilun; vöntun; veikleiki.
- Brotamaður** (n, kk) Afbrotamaður; glæpamaður; sá sem brotið hefur lög.
- Brotasilfur** (n, hk) *Skotsilfur*; silfur sem notað er sem gjaldmiðill, og þá miðað við þyngd málsins en ekki verðgildi sleginnar myntar (mörk silfurs). Fyrir á öldum, t.d. um víkingatímum, byggðu viðskipti einkum á þyngd silfurs. Silfurmunir voru gjarnan brotnir til að auðveldara væri að geyma þá, flytja og veiga. Nú á tímum finnast öðru hvoru sjóðir frá þeim tíma, þar sem uppistaðan er brotasilfur.
- Brotbára** (n, kvk) Bára sem brotnar og freyðir; jafnan smærri en *brotsjór*.
- Brothættur** (l) Viðkvæmur; sem hætt er við að brotni. „Farðu varlega með lampaskerminn; hann er mjög brothættur“!
- Brothinhrnd** (l) Um hornlag sauðkindar; með brotið horn; *brothinhrnd* (ef hornstúfur er eftir); *einhrnd* (ef brotið við rót).
- Brotinn** (l) Sem hefur brotnað; brákaður; sprunginn; laskaður; mölvaður.
- Brotinn í smátt/spón / Brotinn og bramlaður** (orðtök) Eyðilagður; brotinn algerlega; brotinn í smáhluta.
- Brotlegur** (l) Sem hefur brotið reglur. „Ekki vildi hann gerast brotlegur við lög“.

- Brotlenda** (s) Um flugvél; lenda þannig að flugvélin laskist eða eyðileggist. „Flugvélin hafði brotlent á mikilli ferð, rétt neðanvið hábunguna á Brunnahæð. Öll fjögur um borð voru látin er að var komið“.
- Brotna** (s) Verða brotinn; mölvast; eyðileggjast; springa; laskast. „Það brotnaði tindur í sláttuvélargreiðunni“.
- Brotna á** (orðtak) A. Um báru; skella á, t.d. skeri, bát eða kletti. B. Líkingamál um málefni; stranda á; ná ekki framgangi vegna. „Tillagan brotnaði á hans afstöðu“.
- Brotna í spón** (orðtak) Brotna í smátt; *brotna mælinu smærra; maskast*. „Togarinn eyðilagðist strax á næstu flæði og brotnaði í spón þarna undir Strengberginu“.
- Brotna mælinu smærra** (orðtak) Brotna í smátt; *brotna í spón; maskast*. „Glasið datt á gólfið og brotnaði mælinu smærra“.
- Brotna niður** (orðtak) A. Brotna og falla niður. „Vertu ekki nærri klettunum! Grýlukertin eru óðum að brotna niður í hlýjunni“. B. Um efnasambönd; sundrast. „Plastið er mörghundruð ár að brotna niður í náttúrunni“.
- Brotna saman** (orðtak) Um manneskju; *fallast hugur*; láta undan tilfinningum; fara að gráta ákaft. „Hún brotnaði saman við þessi hörmulegu tíðindi“.
- Brotna upp** (orðtak) Þegar ís á ám og vötnum molnar við vatnavexti eða þegar lagnaðaris á sjó molnar. „Bæjarósinn er allur lagður þykkum ísi sem þó er farinn að brotna upp á köflum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Brotsjór / Brotskafl** (n, kk) *Brot*. „Smám saman þokast hann norður á við og nálgast brotið á Þórðarskerjunum. Þar falla brotsjóirnir ekki eins langt frá landi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Æðandi brotsjór kom á móti okkur og reis hátt. Bátinum var vikið leiftursnöggt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Brott** (ao) Burt; af stað. „Kvöldi var tekið að halla þegar við héldum á brott“.
- Brotflutningur** (n, kk) Flutningur af stað; búferlaflutningur; burtflutningur.
- Brotfluttur** (l) Burtfluttur; fluttur af staðnum.
- Brotthlaup** (n, hk) Það að hverfa af stað sem manni er ætlað að vera á. „Ég er ekki hrifinn af þessu brotthlaupi hans úr fyrirstöðunni“!
- Bródera** (s) Sauma út; sauma skrautsaum; sauma; skreyta. Dönskusetta.
- Bródering** (n, kvk) Útsaumur; saumaskapur.
- Bróderskæri** (n, hk, fto) Lítil skæri sem sérstaklega voru notuð við útsaum. „Allar konur og stúlkur áttu nálapúða, broderskæri, fingurbjörg og margar saumakassa...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).
- Bróðerni** (n, hk) Sátt; samlyndi. „Þó deilur yrðu stundum harðar þá kvöddust menn alltaf í mesta bróðerni“.
- Bróðernisbragur** (n, kk) Yfirbragð vináttu/kærleika/bróðernis; auðsýnd vináttu. „Mér fannst nú lítil bróðernisbragur á þessu skítkasti; hann hefði alveg mátt láta þetta ósagt“!
- Bróðir** (n, kk) A. Sá sem á sömu foreldra og annar. B. Góður vinur. „*Enginn er annars bróðir í leik*“. C. Munkur sem tilheyrir tiltekinni munkareglu, klaustri eða klíku. Sbr, reglubróðir; kórbróðir.
- Bróðurhluti / Bróðurpartur** (n, kk) A. Sá hluti sem bróðir á/fær. B. Meirihluti; megnið af. „Ég lét þau hafa bróðurhlutann af aflanum í dag“. Heyrist oftast í síðari merkingunni.
- Bróðurkærleikur** (n, kk) Sátt/hlýhugur á milli bræðra. „Menn gátu tekist á í orðum þarna í bragganum; þar var ekki alltf bróðurkærleikurinn allsráðandi“. Alltaf með þessari endingu vestra, en orðabækur sýna i-endingu.
- Bróðurlega** (ao) Eins og um bræður væri að ræða. „Við *skiptum* þessu *bróðurlega* á milli okkar“.
- Brók** (n, kvk) A. Neðri hluti af *skinnklæðum* (sjá þar) sem vermenn notuðu til hlífðar. „Þegar brók var saumuð var byrjað á því að sauma *ofanásetur* við *skálm* og *loku* við *setskauta*. Þá var *sóli* settur í skálm; byrjað á tá og saumað aftur að hæl, og aftur byrjað frá tá hinumegin sólsins. Þá var *hælsporið* tekið og þurfti vel til þess að vanda; að ekki læki þar sem *oddi* sólsins *enti* í *saumnum*. Var þá haldið áfram með *leggsaum* upp að *klittnaspori*. Þá var skálminn lögð til hliðar og hinni *gerð* sömu *skil*. Að því búnu var setskautinn tekinn og öðrum odda hans stungið milli hinna tvöföldu *miðseyma* í leggsaumnum. Þarna var klittnasporið tekið og *vandað um það líkt og við hælsporið*. Síðan saumað upp með skálm og ofanásetu annars vegar og skálm og loku hins vegar. Á sama hátt var hin skálminn saumuð við setskauta. Allt var þetta *tvísaumað* og þurfti síðari *saumþráðurinn* að fylla vel út í hvert *nálfar* og herða vandlega hvert *nálspor*. Það var talið vel af sér vikið að skila brókinni *fullsaumaðri* á dag“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Buxur. „Értu í *úthverfri* brókinni drengur“? C. Hrogn; gota. „Settu fyrir mig eina brók á diskinn og dálitla lifur með“. D. Stór hnífur; bredda. „Hana! Hefur nú bölvaður klaufinn *lagt yfir* hjá mér! Réttu mér brókina“.
- Brókarband / Brókarbelti / Brókarlindi** (n, hk/kk) Sterkt mittisband sem notað er til að halda skinnbrók að manni um mittið. Það þurfti að vera nægilega sterkt til að halda manni, ef t.d. þurfti að kippa honum brókarfullum inn í bát eftir að hann hafði farið útbyrðis.

Brókarfullur (l) Með fullar brækur (skinnbrækur) af sjó. „Ég fann sjóinn streyma niðureftir bakhlutunum; ekki þó svo mikið að ég yrði brókarfullur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Bróarkrúvísil (n, kvk) Verkfæri til að þurrka skinnklæði. „Mjög gat skipt í tvö horn um þrif og verkun *skinnklæða*. Flestir munu þó hafa átt og notað bróarkrúvísil. Þær voru í fjórum pörtum; *krúvísil* rekinn ofan í jörðina; *krúvísil* með hringlaga gati í miðjunni en *tappi* á fætinum gekk upp um. Önnur tvö göt voru á krúvísilarnum; sinn í hvorn enda frá *hliðarfleti*. Í þessi göt var *skálmsprekum* stungið og brókin færð á krúvísilarnar. Ávallt snerust skálmarnar undan vindi og blés þá inn í brókina svo hún þornaði *næsta fljótt*, en mátti ekki *ofharðna*“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brókarlalli (n, kk) Drullusokkur; auli. „Hvað skyldi þessi brókarlalli vilja uppá dekk?“ Framb. hart.

Brókargerð (n, kvk) Gerð skinnbrókar; sjá *skinnklæði*. „Skinnin sem notuð voru til skinnklæðagerðar voru misjafnlega undirbúin. Sum voru blásteinslituð, og þótti það verja fúa; önnur voru hert ólituð og þannig tekin til brókargerðar, en síðar voru flestir farnir að elta þau vandlega áður en saumað var úr þeim“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brókar sóli (n, kk) Sóli á skinnbrók; sjá *skinnklæði*. „Í hvert skipti er brók var klæðst, varð ekki hjá því komist að binda skó á fæturna til hlífðar brókar sólu. Voru það sjóskór nefndir“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brókar sótt (n, kvk) Niðrandi heiti á löngun karls eða konu eftir samræði.

Bróklindi / Mittislindi (n, kk) Belti; ól/band sem maður hefur utanum mitti til að halda að sér/ uppum sig fötum. „...eftir að klæðst hafði verið brók og skinnstakki og bróklindi girtur, var öðrum linda brugðið utanum stakkinn og hann girtur fast að brókinni, en endanum síðan brugðið fram á milli fóta og festur um mittislindann“ (KJK; Kollsvíkurver). „Í skinnstakkinn fóru þrjú lambsskinn. Hann var hafður í mjaðmasídd og tekinn saman í mitti með bróklinda“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Bruðl (n, hk) Óþörf umframeyðsla; sóun; slæm meðferð verðmæta. „Nú kaupa þessar fínu frúr bara pappírsgrisjur sem eru ónýtar eftir eina uppáhellingu. Þeim þykir það víst ekki nógu fínt að nota léreftspoka eða nærbuxnaskálm. Þvílíkt bannsett bruðl á fólki nútildags!“

Bruðla (s) Sóa/eyða umfram þarfir. „Vertu ekki að bruðla svona með batteriinn drengur!“

Bruðningur / Beinabruðningur (n, kk) Strjúgur; grautur sem búinn er til með því að mauksjóða fiskbein. Fiskbein voru þvegin vel; soðin í syru og vatni uns þau urðu að graut. Hann var ýmist etinn samanvið skyr en stundum eintómur. Heldur var þessi matur talinn fátækra manna fóður, og þeirra sem ekki nutu mikils sjávarfangs. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

(Einhverjum er) Brugðið (orðtak) Einhver er í uppnámi eða mjög skelfdur/óttasleginn/sorgmæddur. „Hann hljóp eins og galgopi til að verða fyrstur inn í stýrishúsið, en kom strax þaðan út aftur og var mjög brugðið. Þar voru þá allir látnir og aðkoman fremur óhugnanleg“.

Brugðið getur til beggja vona (orðatiltæki) Mál geta þróast á betri eða verri veg; jafnt má vænta góðra sem slæmra tíðinda. Sjá *bregða til beggja vona*.

Brugðið vegna/yfir (orðtak) Sleginn vegna; *hnykkt við* vegna; niðurdreginn; sorgmæddur. „Ég játa það að mér er verulega brugðið yfir þessum tíðindum“.

Brugðinn (l) A. Sem hefu verið brugðið upp. Sbr. „með brugðnum byssustingjum“. B. Sleginn; prjónaður; fléttaður. „Gjörðin var brugðin upp á gamla mátann“.

Brugðist hefur betri von (orðatiltæki) Ekki er mikils að vænta; menn hafa áður orðið vonsviknir þó horfur hafi verið betri.

Brugðningar (n, kvk, fto) Uppábrot/stroff/fit á fatnaði. „Hey og kusk vill setjast í brugðningar á buxum þegar fólk er í heyskap“. Framborið „bruggningar“. „Efst í sokkum og vettlingum hét fit eða brugðningar. Þá var ýmist 1 slétt og 1 brugðin eða 2 og 2“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Brugðningarstykki (n, hk) Stykki í hringprjónavél, til að prjóna brugðið. „Ég var búin að nefna hringprjónavél sem var til heima og þótti mikil framför. Í henni voru prjónaðir allir sokkar (nema grófar hosur og snjósockkar) og stundum vettlingar. Þessari prjónavél fylgdi svokallað brugðningarstykki sem féll ofan í hringinn og var þá hægt að prjóna brugðið í vélinni þó ekki nema í hring. Var það notað til að prjóna nærboli á börn og konur“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Brugg (n, hk) Það sem bruggað er: A. Heimagerð vín/öl. B. Ráðabrugg; leynimakk. Sjá *í bruggi*. C. Sú iðja að brugga.

Brugga (s) A. Gera áfengan drykk með gerjun og e.t.v. eimingu. „Á bannárunum var sérlega mikið bruggað. Ótulasir við þá iðju í Rauðasandshreppi munu hafa verið Jón Magnússon á Hlaðseyri og Helgi Fjeldsted í Raknadal. Enda lágu þeir vel við „verslunarleiðinni“ frá Eyrum til Barðastrandar eða Rauðasandshrpps“. B. Skipuleggja; ráðgera. Sjá *ráðabrugg*; *í bruggi*.

Bruggari (n, kk) Sá sem fæst við að *brugga*.

Bruggun (n, kvk) Sú iðja að *brugga* vín.

Brullaup (n, hk, harður frb.) Dönskuletta; brúðkaup. Brugðið upp sem gæluheiti á síðari tímum.

Brum (n, hk) Nýgræðingur, einkum á limi trjáa. Einnig óopnaður blómknúppur plöntu í vexti.

Brun (n, hk) Hraðferð; það að bruna/þjóta. „Hafðu fæturna vel uppi á sleðanum svo þú rekir þá ekki í á bruninu“.

Bruna (s) Þjóta; fara/renna hratt. „Hvert skyldi hann vera að bruna, á þessari *fleygiferð*“?

Brunaáburður / Brunasmýrsl (n, kk/hk) Krem/smyrsl sem borið er á brunasár til kælingar, mýkingar og sóttþreinsunar. „Réttu mér brunaáburðinn þarna í skápnum“.

Brunablaðra (n, kvk) Vessablaðra sem myndast á húð er hún kemst í snertingu við mikinn hita. „Ég fékk brunablöðru á puttann eftir að hafa snert glerið á gasluktinni“.

Brunablettur (n, kk) Kolaður/sviðinn blettur í efni. „Sláðu nú úr pípustertinum annarsstaðar! Ég vil ekki sjá að það komi brunablettur í sparidúkinn“.

Brunabóttagjald (n, hk) Gjald sem fasteignaeigendur greiddu fyrrum til Brunabótafélagsins, sem þá var eina tryggingafélag fasteigna. „Brunabóttagjald af samkomuhúsi, kr 15,65“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1951).

Brunabótamat (n, hk) Virðing eignar til að meta tryggingagjald hennar við hugsanlegan bruna og altjón.

Brunabragð (n, hk) Bragð af mat sem hefur náð að sviðna eða (grautur) *brenna við*.

Brunadæla (n, kvk) Slökkvidæla; tæki sem dælir vatni til slökkvistarfa. „Bensindrifin brunadæla var fengin í Rauðasandshrepp kringum 1980 og staðsett í hundahreinsunarhúsinu í Hnjótshólum“.

Brunafleiður / Brunasár (n, hk) Sár sem kemur á húð við sviðnun í miklum sviða/bruna.

Brunafrost / Brunagaddur / Brunakuldi (n, kk) Hörkufrost; mjög mikill kuldi. „Búðu þig vel í þessum brunakulda“. „Eitthvað er hann að draga úr mesta brunagaddinum“.

Brunagat (n, hk) Gat, t.d. á flík, sem orsakast af sviðnun/bruna.

Brunahiti (n, kk) Mjög mikill hiti. „Maður helst ekki í fötum í svona brunahita“!

Brunahætta (n, kvk) Hætta á ikveikju/bruna. „Það er óþarfi í þessari tíð að *hirða* svo *djarft* að brunahætta sé“.

Brunakalt (l) Svo kalt að sviðatilfinning myndast í húð; *brunagaddur/brunakuldi*.

Brunaleifar (n, kvk) Það sem óbrunnð er eftir t.d. eldsvoða í húsi eða eftir að bál er slökknað.

Brunalykt / Brunafýla / Brunapest (n, kvk) Sviðalykt í lofti. „Hvaðan kemur þessi brunalykt“?

Brunandi (l) Þjótandi; á mikilli ferð. „Hann fór brunandi hér hjá fyrir stuttu“.

Brunanæðingur (n, kk) Mjög kaldur vindur; vindkaldi í miklu frosti.

Brunasandur (n, kk) Vikursandur; gosaska; fingert gjall; sandur á eldfjallasvæði.

Brunatrygging (n, kvk) Húftrygging gagnvart brunatjóni.

Brundhrútur (n, kk) Hrútur sem notaður er til að lemba ær; ekki geltur hrútur/ sauður. Gömul venja er að hrúta skuli taka á hús fyrir marteinsmessu (11.nóvember). Rök fyrir því eru annarsveggar þau að eftir það gætu þeir farið að lemba ær í óþökk bónda, en ekki síður að mikilvægt er að þeir fái gott eldi fyrir fengitímann.

Brundtíð (n, kvk) A. Fengitími sauðfjár. Hefst seint í desember og stendur hæst í janúar. Fremur var talað um fengitíma í Kollsvík á seinni tíð. B. Sá tími ársins sem kvendýr eru firjó og pör maka sig.

Brundur (n, kk) Sæði.

Bruni (n, kk) A. Hitagæft efnaferli sem verður þegar eldsneyti/eldsmatur gengur í samband við súrefni. B. Eldsvoði. C. Stytting á brunahiti, brunagaddur eða brunasandur, brunahraun.

Brunnhús (n, hk) Brunnhús voru við bæi í Kollsvík líkt og almennt var, áður en rennandi vatn var leitt í hús. Víða eru þar uppsprettur með nægu og mjög góðu vatni nálægt bæjum. Nærri Kollsvikurbæjum má nefna sjálfan Gvendarbrunn, þar sem þó var aldrei brunnhús, en einnig er mikil og stöðug uppspretta ofan við núverandi íbúðarhús; neðan við gamla bæjarhólinn. Þar hefur lengi verið brunnhús. Brunnhús var löngum vestan bæjar á Láganúpi; nærri Þrjótnum. Eftir 1950 hlóð GG brunnhús í skurði ofanvið Flötina. Eftir að þar var hætt að þvo þvotta var brunnhúskassinn notaður lengi til að útvatna saltfisk. „Allan þvott þurfti að þvo á bretti; bera svo í körfu út í brunnhús og skola hann þar og vinda í höndum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *rennstokkur*. „Svo vel vildi til að hún hafði sótt vatn út í brunnhús um kvöldið“ (IG; Æskuminningar).

- Brunnklukka** (n, kvk) *Agabus bipustulatus*. Bjalla af brunnklukkuætt sem algeng er í tjörnum og keldum. Brunnklukkan er svört eða dökkbrún; allstór bjalla; syndir allhratt; flöt á skrokkinn; rándýr sem étur hvaðeina sem hún ræður við. Hún lifir við botn en skýst af og til upp í yfirborð og skir loft sem hún geymir í loftbólum undir skjaldarvængjum sínum er hún syndir aftur til botns. Fálmarar eru oftast með 11 liðum en fætur með 5. Aftasta fótaparið eru öflugir sundfætur. Um nætur yfirgefur brunnklukkan vatnið og flýgur um. Á lírfustigi lítur brunnklukkan út sem ormur sem hlykkjast í vatninu og nefnist þá vatnsköttur. Þjóðtrúin ber brunnklukkunni og vatnsettinum illa söguna. Hún er sögð baneitruð og bora sér inn í innyfli þess sem í ógáti gleypir hana. Síðan éti hún manneskjuna innanfrá og þyki lifrin best. Hún er sögð svo lífseig að hún þoli þrjár suður. Kosturinn við hana er þó sá að enginn annar vættur þolir við í brunnklukku tjörn.
- Brunnur** (n, kk) Lind; vatnsból; uppspretta. Uppspretta vatns sem notað er til drykkjar og annarra þarfa. Brunnur getur verið opin og aðgengileg uppspretta í laut, s.s. Gvendarbrunnur í Kollsvík. Annarsstaðar þarf að grafa nokkra holu til að komast í nýtanlegt vatn, líkt og t.d. var á Grundum. Er þá brunnurinn hlaðinn/steyptur upp, þannig að nægt op sé til að sökkva niður fötu til að sækja vatn; og byrgt með brunnlöki eða annarri vörn.
- Brussa / Bryðja** (n, kvk) Svarkur; fljótfær. „Hún getur stundum verið skelfileg brussa við aumingja karlinn“.
- Brussast** (s) Flumbra; klúðrast. „Það má ekki brussast svona innan um féð í réttinni“.
- Brussugangur** (n, kk) Fyrirgangur; læti; *bryðjuháttur*. „Ferlegur brussugangur er nú í þér stelpa“!
- Brú** (n, kvk) A. Ak- eða gangvegur sem tengir leiðir yfir torfæru. „Ingi gerði brú yfir Ána hjá Mikkupytlum, og notaði í hana battinga úr Sargon“. B. Stjórnpallur á skipi.
- Brúa** (s) Gera brú; byggja brú yfir. „Seinfært var kringum Patreksfjörð í fyrstu eftir að vegur komst loksins alla leið í Kollsvík. Vegir voru mjóir, hlykkjóttir, grófir og sumsstaðar niðurgrafnir; fæstar ár brúaðar og víða var ekið í gegnum túngirðingar með misjafnlega góðum hliðum“.
- Brúa á** (orðtak) Nefna lauslega; *færa í tal*. „Hann brúaði á því hvort ég gæti aðstoðað við smölnun í haust“.
- Brúða** (n, kvk) A. Dúkka; leikfang sem gjarnan er einhverskonar eftirlíking manneskju. B. Fremri stoðin undir snældu á spunarokki.
- Brúðgumi** (n, kk) Mannsefni; heitmaður; karlmaður sem er að giftast konu. Umtalaðasti brúðguminn í Útvíkum á síðari öldum var Einar (eldri) Bjarnason, Jónssonar skipasmiðs og stórbónda í Kollsvík. Á fyrstu áratugum 18.aldar felldi hann hug til Guðrúnar Jónsdóttur, heimasætunnar í Breiðavík, og afreðu þau giftingu í Saurbæjarkirkju. Einar hélt um Víknafjall og hugðist biða brúðar sinnar í skarðinu milli Breiðavíkur og Keflavíkur. Brúðurin kom neðan veginn um Stæður upp í skarðið, en þegar þangað var komið fann hún unnusta sinn andvana; hann hafði þar orðið bráðkvaddur. Skarðið var nefnt Brúðgumaskarð til minningar um þennan sorglega atburð. Líklega hefur einhver ættarfylgja orðið Einari að fjörtjóni, því Ólafur bróðir hans varð bráðkvaddur á Hænuvíkurhálsi, rétt rúmlega tvítugur. (T.Ó. Ábúendatal Rauðasandshrepps).
- Brúðhjón** (n, hk, fto) Par sem er að gifta sig eða nýgift.
- Brúðkaup** (n, hk) Gifting; brullaup. Nafnið er frá þeim tíma að maður keypti brúði sína af forráðamanni hennar sem oftast var faðir; greiddi brúðarverð. Sá siður er einnig ævagamall að brúðurin, eða forráðamaður hennar, þurfti að leggja með sér veruleg verðmæti inn í hjónabandið. Morgungjöf var hinsvegar verðmæt gjöf sem brúðguminn gaf brúðinni og var hennar séreign.
- Brúður** (n, kvk) Kona sem er að giftast.
- Brúk** (n, hk) A. Notkun; not; afnot. „Ég hafði ekkert brúk fyrir þetta lengur, svo ég gaf honum það“. B. Parabunki í fjöru. „Lá þá járnklukkan þar í þarabruki“. (Landnámabók; um landnáms Örlygs hins gamla á Kjalarnesi). Minna notað núna í þessari merkingu.
- Brúka** (s) Nota; viðhafa. „Réttu mér hamarinn ef þú ert ekki að brúka hann“. Mun minna notað nú en áður var.
- Brúka munn/kjafi / Brúka sig** (orðtak) *Rífa kjafi; svara uppi*; rífast; *fleygja fúkyrdum; derra sig*. „Hættu svo að brúka munn við mig“! „Það er varasamt að vera neitt að brúka sig við hann“.
- Brúkanlega / Brúklega** (ao) Sæmilega; svo not séu að. „Mér sýnist að þessi penni skrifi alveg brúkanlega“.
- Brúkast** (s) Notast. „Lóðir kunna ei brúkast sökum strauða“ (ÁM/PV; Jarðabók). Þessi ályktun varðandi mat Láganúps var reyndar afsönnuð síðar, þegar lóðafiskur í Kollsvík varð helsta söluvaran á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Brúkhæfilegt / Brúkanlegt / Brúkhæft / Brúklegt** (l) Nothæft; nýtanlegt; sæmilegt. „Mér finnst nú bara að þessi ríkisstjórn sé varla brúkhæfileg eftir þessar *gloríur*“. „Þetta er vel brúkanleg peysa“. „Heyskapur er mun minni en í fyrra, en samt vel brúkanlegur“. „Þessi hnífur er varla brúkhæfur“. „Ég ætti kannski að finna mér einh verjar brúklegar buxur áður en ég fer á fundinn“.

- Brúklegt til síns gagns** (orðtak) Nothæft í afmörkuðum tilgangi. „Hann var í fyrstu tortrygginn út í rafmagnsborvélinu, en taldi að hún gæti kannski verið brúkleg til síns gagns“.
- Brúklegur** (l) Nýtilegur; nothæfur. „Það er nú á mörkunum að þessi skæri séu brúkleg lengur“.
- Brúkun** (n, kvk) Not; nytjar. „Kvíslin er orðin tilbúin til brúkunar“.
- Brúkunarleysi** (n, hk) Notkunarleysi. „Þetta er allt orðið stirt af brúkunarleysi“.
- Brún** (n, kvk) A. Kantur; brík; horn. „Bollinn er hættulega nærri brúninni á borðinu“. B. Efsti hluti kletta/bjargs. „Hreinsaðu vel lausagrjótið úr brúninni um leið og þú ferð niður“! C. Augabrún; loðin rönd ofanvið auga manns. Sjá *þungur á brún*; *bregða í brún*.
- Brúnaléttur** (l) Í góðu skapi; *hýr á brá*; ekki *brúnaþungur*. „Hann er mun brúnaléttari núna; fyrst heyið náðist inn áður en það rigndi“.
- Brúnamaður** (n, kk) *Gægjumaður*; vaðbergsmáður; maður við bjargsig sem hefur það hlutverk að fylgjast með sigaranum. Brúnamaður kemur sér fyrir á snös þar sem sér til sigarans og lætur dráttarmenn vita hvernig honum gengur. Í drætti og sigi situr hann framan við dráttarmenn; hefur hann hönd á vaðnum og greinir merki sigarans. Mikilvægt er að brúnamaður sé vel *vaðglöggur*. Heitið brúnamaður var stundum notað um alla þá sem voru á brún; einnig dráttarmenn alla.
- Brúnamikill** (l) Með áberandi/þykkar augabrúnir.
- Brúnarhjól** (n, hk) *Vaðhjól* (sjá þar) var oftart notað á þessum slóðum, þó þetta heyrðist einnig.
- Brúnaþungur** (l) Ábúðarmikill/ yggldur á svip. „Karlínn var orðinn æði brúnaþungur undir þessum lestri og greinilegt að honum mislíkaði stórum“. „Formaður minn var farinn að verða nokkuð brúnaþungur; sá guli hafði verið honum erfiður í dag“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Brúnás** (n, kk) *Vegglægja*; *sylla*; láréttur viður efst á vegg húss, sem sperrufætur hvíla gjarnan á. Heyrðist sjaldan vestra; þar var *vegglægja* meira notað orð.
- Brúnkaka** (n, kvk) Kaka með kakói eða öðru sem gerir hana brúna að lit.
- Brúnkol** (n, hk, fto) *Surtarbrandur*; lignit; plöntuleifar sem kolast hafa að vissu marki. Dauðar plöntur í mýrlendi, sem ekki rotna vegna sýrustígs og súrefnisskorts, breytast fyrst í mó. Þegar hann lendir undir fargi; t.d. hrauni eða seti, breytist hann fyrst í brúnkol en síðar í steinkol með lengri tíma og auknu fargi. Brúnkol hafa herra kolefnisinnihald (um 70%) en mór (um 60%), og eru því hitagæfari við brennslu. Venja er að kalla brúnkol surtarbrand þegar í þeim finnast greinanlegar plöntuleifar. *Surtarbrandur* finnst á nokkrum stöðum í Rauðasandshreppi; m.a. neðst í Stálfljalli; ofan Rauðasands; í Seljagili og á Högum ofan Raknadal. Gerð var tilraun til vinnslu brúnkola í Stálfljalli í byrjun 20.aldar, en hún var ekki talin borga sig.
- Brúsa** (s) A. Ýra; úðast; skvettast. „Farðu nú í stakk; það getur brúsað yfir þig ef við fáum einhverja ágjöf“. B. Um háralag; fjaðrir o.þ.h; standa upp í loftið; úfið. „Viltu nú greiða á þér hárið drengur; það brúsar allt úti loftið“.
- Brúsaburður** (n, kk) Burður mjólkurbrúsa frá stöðli í mjólkurkæli. „Kýr voru mjólkaðar á stöðli frammi í Túnshala á Láganúpi, um nokkurn tíma eftir að hafin var mjólkursala. Fyrst var seld mjólk úr tveimur kúm, Nótt og Búbót, en fljótlega var þeim fjölgað. Handmjólkað var, og mjólkin var síuð í 20 lítra mjólkurbrúsa við stöðulinn. Að mjóltum loknum var brúsinn borinn milli tveggja manna í kæli í gamla brunnhússtæðinu neðanvið Pallagarð. Þar hafði verið grafinn niður trékassi, og hvolft öðrum yfir til varnar gegn sól. Ef lítið var í kúm, spöruðu menn sér þennan brúsaburð og báru mjókina að kælinum í fötum.
- Brúsabörur** (n, kvk, fto) Hjólbörur, sérstaklega búnar til að aka mjólkurbrúsum. „Ég smíðaði tvíhjóra brúsabörur úr tré, til að létta brúsaburðinn frá fjósinu niður í mjólkurkælinn í Kaldabrunni. Þær voru ekki vel hentugar og voru ekki mikið notaðar“ (VÖ).
- Brúsaflutningur** (n, kk) Flutningur mjólkur í brúsum til sölu. „Mjólk var flutt í mjólkurbrúsum í nokkuð mörg ár eftir að hafin var mjólkursala frá bæjum í Kollsvík og öðrum bæjum í Rauðasandshreppi. Í mörg ár var þessum brúsaflutningi svo hagað að Kollsvíkurbændur fluttu sjálfir sína mjólk inn að Hænuvík, en eftir það fór mjólkurbíll að koma í Kollsvík“.
- Brúsaskortur** (n, kk) Vöntun á mjólkurbrúsum. „Það gæti orðið brúsaskortur á morgun þegar farið verður að hirða úr nýbærunum“.
- Brúsaþvottur** (n, kk) Það að þvo mjólkurbrúsa. „Mikið hagræði var að því að fá mjólkurtankinn; að losna í einu vefangi við brúsaburð; brúsaflutning; brúsaþvott og vandamál við kælingu“.
- Brúsi** (n, kk) A. Ílát, dunkur, t.d. kaffibrúsi, mjólkurbrúsi. B. Ætt fugla, s.s. himbrimi, lómur og flórgoði.
- Brúskur** (n, kk) A. Skúfur af einhverju tagi, t.d. grasbrúskur. B. Ennisbrúskur; loðinn blettur efst í enni sauðkindar og nautgripa. „Er þessi kind frá þér; þessi hvíta kollótta með loðna brúskinn“?

- Brúttó** (l) Síðari tíma sletta; heild; að öllu meðtöldu.
- Brydda** (s) A. Setja odd/brodd á eitthvað. Lítið notað þannig í dag, en lifir í orðtakinu; *brydda á*. B. Setja borða á eitthvað. T.d. brydda skó.
- Brydda á** (orðtak) A. Bóla/kræla á; sjást aðeins í/uppúr. „Það er aðeins farið að brydda á nýgræðingi þar sem skjólsælast er“. B. Færa í tal; nefna; orða; minnst á. „Hann var að brydda á þessu við mig, og mér finnst það ekki vitlaust“. Einnig stundum haft „brydda uppá“.
- Brydding** (n, kvk) Það að brydda; ydding; borðalagning.
- Bryddir á Barða** (orðtak) Kemur sá sem eftir var beðið. Sjá orðatiltækið *ekki bólar enn á Barða*.
- Bryddur** (l) Borðalagður; lagður á brúnum. „Spariskór, jólasakór, voru úr svörtu skinni; bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbítsroði heima fyrir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Sjá einnig *gæra*.
- Bryðja** (n, kvk) Skass; gustumikill kvenmaður. „Hún er ágæt innvið beinið, þó hún geti líka verið bryðja“.
- Bryðja** (s) Mylja stökkann mat milli tanna sér. „Það er lítil næring í því að bryðja brjóstsykur endalaust“!
- Bryðjugangur / Bryðjuháttur** (n, kk) Fyrirgangur; brussugangur. „Skelfilegur bryðjugangur er þetta“!
- Bryggja** (n, kvk) A. Garður/viðlegukantur í sjó fram, sem bátur/skip getur lagst uppá. „Það var hæfilega fallið að bryggjunni þegar við komum að“. B. Upphleypur kantur á efni. „Hér er bryggja í ílögnum sem slípa þarf niður“.
- Bryggjugarður** (n, kk) Grjótgarður í sjó fram með bryggju til að verja hana sjógangi.
- Bryggjuhaus** (n, kk) Fremsti hluti bryggju.
- Bryggjupláss** (n, hk) Viðleguþláss við bryggju.
- Bryggjupolli** (n, kk) Festing á bryggju fyrir landfestar báts/skips.
- Brynja** (n, kvk) Herklæði um líkamann til að verjast atlögu með eggvopni. Oft úr málm. Tíðkaðist lítt sem ekki hérlendis, en var haft í líkingum; t.d. *klakabrynja*.
- Brynja** (s) Verja; klæðast brynju til varnar.
- Brynjað** (l) Fé getur orðið brynjað af snjó eða klaka þegar það er úti í hriðarbyl. *Snjóbrynja, klakabrynja*.
- Brynna** (s) Vatna; gefa gripum/fé vatn að drekka. Á svæðinu var oft talað um að *vatna* (sjá þar). „Tveir hestar voru frá Grundum sem brynnt var þennan dag“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Brynna/vatna músum** (orðtak) Gráta; skæla; tárast. „Komdu nú herna anginn minn; það tekur því ekki að vera að brynna músum yfir svona *smáskeinu*“. Sjá *vatna músum*. „Ýtar finna aukast þrótt/ enginn bryn timer músum./ Hertu sinni, hreysti gnótt/ höldar vinna dag og nótt“ (JR; Rósarímur).
- Brynningarflát** (n, hk) Ílát, t.d. fata, stampur eða vatnsjata sem búpeningur er bryn timer/vatnað í.
- Bryntröll** (n, hk) Lag- og höggvopn; sambland af öxi og spjóti.
- Brysti** (n, hk) Barð. „Við kepptum í því hver gæti stokkið lengst fram af brystinu“. „Stærstu búðirnar voru utaní og á brystinu sem rís upp frá vikinu milli Syðrikletta og Norðarikletta“ (HÖ; Fjaran).
- Bryti** (n, kk) Kokkur; matsveinn; matreiðslumaður.
- Brytja** (s) Skera/hluta í búta. „Strákurinn er orðinn svo stór að hann getur alveg brytjað matinn sinn sjálfur“.
- Brytja í smátt / Brytja í spað** (orðtök) Brytja í smáa bita. Spað er vanalega haft yfir ketbita sem t.d. eru hæfilegir í saltket.
- Brýn** (n, kvk) Eldri orðmynd af *brún*. Varðveitist í orðtakinu að *bera* einhverjum eitthvað *á brýn*; þ.e. saka einhvern um eitthvað.
- Brýna** (n, kvk) A. Hörð og snörp viðureign. „Það *sló* í nokkra *brýnu* milli þeirra“. B. Sú spilda sem slegin var á milli þess sem ljárin var brýndur. „Á Sláttueyrum var stundum slegið frá Saurbæ, t.d. 1918. Þessar Sláttueyrar voru svo loðnar að sátan náðist úr brýnunni“ (Magnfríður Ívarsd. Örnefni undir Skörðum).
- Brýna** (s) A. Festa bát í fjöru með því að draga stefni dálítið upp þannig að hann fljóti ekki burt, t.d. meðan borið er af. „Bátinum var aðeins brýnt, því oft var ekki komin háfjara“ (KJK; Kollsvíkurveg). „Sem þar kemur sögn á fyrsta sumardeg/ brýndi ég mínu fjalars fleyi“ (JR; Rósarímur). B. Skerpa eggjár. „Sagt er að lygnum gangi best að brýna svo vel bita“. C. Hvetja; leggja áherslu á. „Hún brýndi fyrir krökkunum að leika sér ekki í fláinu. Þau gætu sogast út í brimið“.
- Brýna af** (orðtak) Um brýnslu eggjárns; brýna á rangan veg, þannig að bitið minnki *afbrýna*. „Þú brýnir af með þessu móti drengur; þú verður að *bera* þig rétt að“!

Brýna á sig þurrk (orðtak) Snúa sér í átt að sólu þegar ljár er brýndur. Þjóðtrúin segir að með því lagi séu meiri líkur á þurrki fyrir það sem slá skal.

Brýna (eitthvað) fyrir (einhverjum) (orðtak) Leggja áherslu á eitthvað við einhvern; áminna einhvern um eitthvað. „Hann brýndi það fyrir okkur að vera ekkert að egna tuddann“.

Brýna gogginn (orðtak) Um fugl; nudda goggnum ótt og títt við stein.

Brýna raustina/röddina (orðtök) Hækka róminn; skamma; kalla. „Það þarf stundum að brýna raustina við þetta skrifstofulið þarna fyrir sunnan“.

Brýndur upp (orðtak) Um hníf/ljá; brýndur svo mikið og oft að lítið sé eftir af blaðinu.

Brýni (n, hk) Steinn eða efni með svipaða hörku sem notað er til að skerpa/brýna eggjárn. Gott er að brýni hafi mikla kornahörku. Hægt er að brýna með venjulegu blágrýti, en harðkornaðri steinn er betri; s.s. kvarts, granít, dólerít, glimmer o.þ.h. Slík brýni nefnast steinbrýni, en á síðari tímum eru notuð steipt brýni með karbonkornum. Brýni er oftast bleytt fyrir brýninguna, t.d. með olíu eða vatni eða með því að spýta á brýnið. Það kemur í veg fyrir ofhitnun eggjarinnar við núninginn. Ekki er öllum lagið að ná fram góðu biti með brýningu. Sagt er að best biti hjá þeim sem eru vel lygnir, og til er orðtakið að *ljúga biti í eggina*. Góður brýnslumaður viðhefur fumlaus og taktföst handtök og hlustar gjarnan eftir hljóðinu.

Brýning / Brýnsla (n, kvk) A. Það að brýna eggjárn. B. Hvatning; eggjun. „Guðmundur tók brýningum húsfreyju með hinu mesta jafnaðargeði...“ (GíG; Frá ystu nesjum).

Brýnisbrot / Brýnisbútur / Brýnisstubbur (n, hk/kk) Brot af stærra brýni. Til að brýna ljá er æskilegt að hafa nokkuð langt brýni, en brýnisstubby má ágætlega nota t.d. til að brýna hnífa.

Brýnslugaldur (n, kk) Galdur sem, samkvæmt þjóðtrúnni, er unnt að viðhafa til að fá öruggt bit í ljá sinn eða annað eggjárn, þegar brýnt er. Felst í því að rispa tiltekinn galdrastaf á brýnið; snúa sér frá öðrum og draga brýnið létt báðumegin eggjar. Þá flugbitur, en galdurinn dugur einingis á eigin ljá en ekki annarra.

Brýnt (l) Nauðsynlegt; aðkallandi; þarft. „Nú er brýnt að koma heyinu í hlöðu fyrir rigninguna“!

Brýtur á boðum (orðtak) Grunnbrot á boðum í Kollsvík. „Aftur á móti var ósætt á sjó þegar grunnbrot féll á Giljaboða og Þembu, að minnsta kosti með landtöku í Kollsvíkurveri í huga“ (KJK; Kollsvíkurver).

Brýtur úr báru (orðtak) Um sjólag; þegar bára er svo há og kröpp að brotnar úr henni í toppinn. Vindur getur þar aukið á. Talið var illa sætt að veiðum á smæstu bátum þegar farið var að brjóta úr báru.

Bræða (s) A. Gera bráðið; breyta föstu efni í vökva með hitun. „Ég er alveg að verða búin að bræða flotið á fiskinn“. „Hann náði að bræða af sér öll svell í hlýindakastinu“. B. Tjarga bát. Þá er tjaran fyrst hituð. C. Hugleiða; íhuga. „Ég ætla að bræða þetta í smátíma“. Sjá *bræða veðrið*; *bræða með sér*.

Bræða af sér (orðtak) A. Um það þegar þoka/dimmviðri hverfur í sólskini. „Ég held að það sé farið að *móa fyrir* sól. Þá ætti hann fljótlega að fara að bræða þokuna af sér“. B. *Taka upp* snjó. Jörð er farin að hlýna svo mikið að hún bræðir fljótt af sér svona *snjóhulu*“.

Bræða með sér (orðtak) Ræða málin saman til að leita að niðurstöðu. „Þeir bræddu þetta með sér“.

Bræða róðurinn / Bræða veðrið / Bræð'ann (s) Spá í veðurútlit. Notað um það þegar menn hittust og reyndu í sameiningu að spá fyrir um veðurútlit dagsins, ekki sist um sjóveður. Vermenn í Kollsvíkurveri komu gjarnan saman á Norðariklekkunum, horfðu til hafs og skeggræddu um hvort róid skyldi þann daginn. „Þegar ekki þótti einsýnt sjóveður á venjulegum róðartíma, var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til þess að „bræða veðrið“, sem svo var kallað“... „Eins og fyrr er sagt drógust menn í hóp til þess að „bræða róðurinn“, eða eins og stundum var sagt: „Þeir eru að bræð'ann“. KJK; Kollsvíkurver).

Bræða úr sér (orðtak) Um vél; ofhitna þannig að legur bráðni og vélin festist.

Bræði (n, kvk) Mikil reiði; heift; æsingur. „Hann *réði sér varla* fyrir bræði“.

Bræðikast (n, hk) Bræði sem varir stuttan tíma. „Ég lét þetta *útúr mér* í bræðikasti, án þess að meina það“.

Bræðingskrús (n, kvk) Dolla með bræðingi. „Lét þá formaður rétta sér bræðingskrús er með var, og makaði bræðingi á sprungurnar. Minnkaði lekinn svo við það að þeir gátu farið að renna“ (ÖG; Þokuróður).a (óvist hvort heldur er bik eða hinn sami og hafður er með mat).

Bræðingur (n, kk) Viðbit sem algengt var við brauðmeti og harðfiski áður fyrri; brætt er saman tólg og lýsi, en stundum fleira: „Smolt er fuglafeiti. Flotið af fuglunum er fleytt og notað í bræðing...“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Bræðingur var þannig gerður að blandað var saman 1/3 hákarlalýsi og 2/3 bráðnum kindamör“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Oft var þó þorskalýsi tiltækara en hákarlalýsi.

Bræðraband (n, hk) Vinátta sem jafnan er milli bræðra. Bræðrabönd og önnur fjölskyldutengsl hafa jafnan verið sterk í Kollsvík. Þegar jarðabókin er gerð, árið 1703, búa bræður í Kollsvík og Láganúpi: Bjarni

Jónsson í Kollsvík og Einar Jónsson á Láganúpi. Síðar áttu hvora jörð Össur Guðbjartsson á Láganúpi og Ingvar Guðbjartsson í Kollsvík. Bræðrabandið heitir slysavarnadeildin í Rauðasandshreppi.

Bræðrabylta (n, kvk) Eiginleg merking er þegar jafntefli verður í glímu; báðir liggja. Notað í afleiddri merkingu um jafnan hlut í hverskonar samkeppni, m.a. í aflaböggðum eða róðri.

Bræðralag (n, hk) Vinátta eins og jafnan er milli bræðra.

Bræðrungr (n, kk) Sonur föðurbróður. Oftast er þó notað orðið frændi.

Bræðsla (n, kvk) Það að bræða.

Bræðslumark (n, hk) Það hitastig sem fast efni breytist í vökva. Er því einkennandi fyrir hvert efni um sig.

Brækja (n, kvk) A. Reykjarstybba; sterk lykt. „Það gat orðið töluverð brækja þegar sviðið var yfir olíueldi“. B. Fitu- eða grútarlag á sjó eða í potti. „Frá hvalhræinu í fjörinni runnu brækjutaumar langt út á sjó“.

Brækjufýla / Brækjustybba (n, kvk) Þræsin og sterk lykt. „Opnaðu út meðan mörinn er að bráðna, til að losna við þessa brækjufýlu“. „Ekki setja dekkið á brennuna; það verður svo ferleg brækjustybba af því“.

Bræla (n, kvk) A. Brækja; þykkur reykur/ódaunn. B. Hvassviðri. Einkum notað um sjóveður, en í brælum var landlega.

Bræla (s) A. Gera vonða lykt. „Hún bað hann að vera nú ekki að bræla pípustertinn ofani barnið“. B. Gera vont veður; spilla sjóveðri.

Bræluskítur / Bræluskratti (n, kk) Bræla; slæmt sjóveður. „Það var bolvaður bræluskítur og ekkert veiðiveður“.

Brögð að (orðtak) Um miður góð atvik sem oft verða/ vilja gjarnan ske. „Það hafa verið dálítill brögð að *lambaláti* þetta árið“. „Einhver brögð hafa verið að rottugangi þarna á bæjunum“. Sjá *bragð*.

Brögð í tafli (orðtak) Haft rangt við; svindl í gangi. „Hér eru einhver brögð í tafli. Varstu með ásinn uppi í erminni“?

Brögðóttur (l) Sem beittir brögðum; kænn; slyngur; lævís. „Hrafninn er stundum ótrúlega brögðóttur þegar hann vill ná mat af hundinum“.

Brögðum beittur (orðtak) *Leikið* hefur verið á einhvern; einhver er *ginntur*. „Hann hélt því fram að hann hefði verið brögðum beittur í atkvæðagreiðslunni“.

Brölt (n, hk) Umbrot; mikil hreyfing manns; ið. „Hvaða brölt er á þér þarna í geymslunni“?

Brölta (s) Bylta sér; skriða; *skriplast*; *skakklappast*. „Maður ætti kannski að fara að brölta í gegningarnar“.

Bröndóttur (l) Röndóttur. Einkum notað um lit kúa og katta.

Bröndufæri (n, hk) Færi sem börn notuðu til að veiða bröndur á krók; dorg. Misjafnlega útbúið, en oft þannig að lítill krókur var festur, ásamt sökku og stundum floti, með stuttum grönnum þræði (oft netagarni) fremst á stutta stöng. Krókurinn var egndur, oft með ánamaðki, og síðan var dorgað með þessu í hyljum í lækjum, en fyrrum var allmikið af bröndu í öllum lækjum í Kollsvíkinni. Oft var sæmileg veiði, sem börn matreiddu stundum sjálf yfir fljótgerðum hlóðaeldi.

Bröndukvikindi (n, hk) Niðrandi/vorkennandi heiti á bröndu/lækjasilungi. „Minkfjandinn er búinn að drepa hvert einasta bröndukvikindi í Víkinni“.

Bröndunet (n, hk) Smáriðið net til veiða á bröndum í hyljum lækja. Oftast voru þau skorin úr loðnunót sem rekið hafði á fjöru; um 1 fet á dýpt og tvö á breidd; haldið á floti með korkum og við botn með steinum. Lögð frá bakka, en stundum með *tunnubáti*. Oft komu í þetta nokkur kvikindi eftir fárra klukkutíma legu.

Brönduveiðar (n, kvk) Veiðar sem börn stunduðu á bröndu í lækjum. Mikið var um bröndu í flestum lækjum í Kollsvík áður en minkur útrýmdi henni eftir 1980. Börn notuðu ýmsar aðferðir við veiðiskapinn. Bröndur voru gripnar undir steinum og bökkum; þær voru veiddar á stöng í hyljunum og í bröndunet. Oft var þeim sleppt aftur, en stærstu bröndurnar voru borðaðar og þóttu ágætur matur. Einnig var gripinn áll og étinn. Drengjum sem sendir voru eftir kúnum vildi oft dveljast við brönduveiðar á leiðinni, sem var illa séð. „Á sumrin var lítill *frítími*, en hann var notaður í brönduveiðar eða veiðar á *vorseiðum í fjörupollunum*“ (IG; Æskuminningar).

Brönugras (n, hk) *Dactylorhiza maculata*. Blóm af brönugrasaætt; ein tegund orkidea. Heitið er rakið til þess að í Hálfánarsögu Brönufóstra er sagt að tröllkonan Brana hafi gefið fóstra sínum brönugrös til að vekja ástir konungsdóttur. Jurtin finnst í Kollsvík, en er algeng um landið sem og víða í Evrópu og Asíu. Vex gjarnan á sólríkum stöðum á láglandi, s.s. sólarmegin í brekkum en einnig í votlendi. Fjölær jurt; verður oft 15-45 cm að hæð; uppréttur stöngull með ílögum rósrauðum blómbloðum í klasa efst. Þjóðtrúin segir að brönugras megi nota til að ná ástum annarrar manneskju. Þá skal tína jurtina á Jónsmessunótt og er mestur

- krafturinn í rótinni, sem er tvískipt. Lauma skyldi öðrum helmingi rótarinnar undir kotta þeirrar/þess sem ástum átti að ná, en sofa sjálfur/sjálfa á hinum. Önnur heiti brönugrass voru; friggjargras, hjónarót og graðrót.
- Brösótt** (l) Erfitt viðfangs; harðsótt. „Okkur reyndist ári brösótt að koma kindunum rétta leið úr hliðinni“.
- Brösulega** (ao) Illa; böslulega; óhönduglega. „Honum gengur eitthvað brösulega að vinna verkið“.
- Brösur** (n, kvk, fto) Basl; erfíðleikar. „Ég hef átt í mestu brösum með að þoka þessu máli áfram“.
- Budda** (n, kvk) A. Peningapyngja. B. Seinbítmagi; steinbítbudda. „Áður var þó einnig höfð til beitu lifur og gota úr hrognkelsum, og gormur; steinbítgormur; þ.e. garnir úr steinbít en ekki „buddan“; steinbítmaginn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Buðlungur** (n, kk) A. Hlaði af fiski; hluti af verkunarferli *skreiðar* (sjá þar). B. Stafli af viði eða mó.
- Buff** (n, hk) Síðari tíma tökuorð yfir nautaket, og þá helst í þunnum sneiðum og mýkt með barningi.
- Buga** (s) Beygja; sveigja; brjóta saman/niður. „Nú held ég að svefninn sé alveg að buga mig“.
- Bugbeita / Bugfylla** (s) Setja svo mikla beitu á öngul að fyllist bugurinn. Oft var beitt þannig fyrir lúðu og stórþorsk. „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri oddbeittur. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Sjá einnig *beita*; *oddbeita*; *roðbeita*.
- Bugða** (n, kvk) Sveigja; kilpur; lykkja. „Best var brönduveiðin neðanvið bugðuna á Ánni“.
- Buðgóttur** (l) Með mörgum bugðum/sveigjum. „Vegurinn er nokkuð bugðóttur út Fjörurnar“.
- Bugningur** (n, kk) Saumur til bátasmíða; rónagli. Líkur köntuðum þaksaum, með kónískum legg, en tekið þvert af honum að framanverðu. Þegar bátur er *seymdur* er bugningurinn rekinn í gegnum súðina utanfrá, en að innan er slegin upp á hann skifa sem nefnist *ró*, með áhaldi sem nefnt er *súgur*, meðan haldið er við hausinn. Sjá einnig *bátasaurur* og *rónagli*.
- Bugspjót** (n, hk) Útleggjari; *spruð*; sterk stöng sem gengur fram af stefni seglskips; til festu á reiða fremstu segla.
- Bugstór / Bugviður** (l) Um öngul/krók; með stóran bug. „Þú þarft bugstærri krók fyrir stórlúðu“.
- Bugt / Bukt** (n, kvk) A. Lykkja/sveigur á færi/vað/snæri/slöngu o.fl. „Ég náði að seilast í bugtina á vaðnum og draga hann til mín“. „Gáðu að þár að standa ekki inni í bugtinni þegar færið rennur út“! B. Um strönd; flói; breiður vogur. „Við rerum langt suður á Bugt (Breiðafjörð)“.
- Bugta sig / Bukta sig** (orðtak) Hneygja sig djúpt. „Ég hef ekki vanið mig á að bukta mig fyrir *einum né neinum*; og fjandinn hafi það að ég breyti útaf því fyrir einhvert forsetatetur“!
- Bugur** (n, kk) A. Hverskyns sveigur/beygja/sveigja á hlut/strönd o.fl. Sjá *vinna bug á*; *vinda bráðan bug að*. B. Sveigja neðantil á öngli/krók.
- Bukka/bukta sig og beygja** (orðtak) Hneigja; sýna mikla undirgefni. „Ég held ég sé ekkert að bukka mig og beygja fyrir svona pótintátum“!
- Buklari** (n, kk) Lítil kringlóttur skjöldur. Buklarar voru nokkuð algengir á sturlungaöld. Bukl er heiti á skjaldarbólu.
- Buldra** (s) Tauta; rausa. „Hann buldraði eitthvað á lágu nótunum, en var greinilega ekki ánægður“.
- Buldur** (n, hk) Tuldur; muldur; taut; lágt tal. „Vertu nú ekki með þetta buldur; það lagar ekkert“! „Sönghóll heitir hár hóll heiman við Hrísmúlann. Gamlar og nýjar sagnir eru um að þarna hafi heyrst söngur, buldur þéttingshátt, og sumir segja allhávær bassasöngur. Þetta var sett í samband við tröllabyggð og hamrabúa ferlega, en ekki við vatnsrennsli neðanjarðar“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Bull** (n, hk) Þvættingur; rugl; raus; samhengislaust/órökrétt tal. „Ég hlusta ekki á svona bull“!
- Bulla** (n, kvk) Stöng/stangarhaus sem getur hreyfst í hólki. T.d. bulla í bullustrokki.
- Bulla** (s) A. Um vökva; sjóða kröftuglega. „Það er farið að bulla í pottinum“. Um uppsprettuvatn; vella upp. B. Segja bull/þvælu/rugl. „Hættu nú að bulla þessa vitleysu við strákinn“!
- Bullandi** Áhersluorð, notað í ýmsu samhengi: A. Bullandi votur; um það að vera *forblautur* í fætarna. B. Bullandi straumur; um mikinn straum eða stíft sjávarfall. C. Bullandi mýri; um mikið kviksyndi.
- Bullandi stórstraumur/norðurfall/suðurfall** (orðtök) *Hörku* sjávarfall; *mígandi* straumur. „Það var bara ágæt veiði yfir *upptökuna*, og alveg framí bullandi norðurfall“.
- Bullari** (n, kk) Sá sem bullar/blaðrar/ *veður elginn*; *blaðurskjóða*; *orðabelgur*.

- Bullauga** (n, hk) Uppspretta þar sem vatn vellur upp af nokkrum krafti; dý eða lækur með greinilegri uppsprettu. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Bullsjóða** (s) Um vatn; farið að sjóða kröftuglega.
- Bullsjóðandi helvíti** (orðtak) Blótsyrði af þyngri gerðinni; öflugt áhersluorð. „Fari það nú í bullsjóðandi helvíti! Hér hefur hámerarfjandi, eða eitthvað þaðanaf verra, *flengrifid* hálf netið“!
- Bullsveittur** (l) Kófsveittur. „Maður verður fljótt bullsveittur í þessum svækjuhita“.
- Bullukolla** (n, kvk) Málgefinn kvenmaður; kjaftatík. „Hún getur stundum verið ferleg bullukolla“.
- Bullukollur** (n, kk) Málgefinn maður; kjaftaglúmur. „Það tekur enginn mark á svona bullukolli“.
- Bullustrokkur** (n, kk) A. Stokkur af þeirri gerð sem lengstaf var notuð; mjó biða sem smjör var strokkað í með því að hreyfa bullu upp og niður. B. Líkingamál um mann sem bullar; er málgefinn og jafnvel lyginn. „Þú skalt nú ekki trúa öllu sem sá bullustrokkur segir“.
- Bullvotur** (l) Mjög blautur í fætturna. „Ég óð uppfyrir í miðri Ánni og varð bullvotur í annan fótinn“.
- Bumba** (n, kvk) A. Trumba. „Það var eins og einhver væri að *berja bumbu* inni í hausnum á mér“. B. Á manneskju; ístra; ístrubelgur; vömb; mikill kviður. C. Á íláti; kúpa; belgur.
- Bumbult** (l) Illt í maga; *umbult*. „Eitthvað varð honum bumbult af hákarlinum, blessuðum“.
- Bumbur** (n, kk) A. Skinn á fugli; para. „Hamurinn heitir bumbur þegar búið er að plokka fuglinn“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Svo var fyllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fitan undir bumbnum) var bræddur til ljósmetis á kolar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Bumba; bunga á potti eða tunnu. „Leggðu tunnuna gætilega niður á bumbinn“.
- Bumlungur** (n, kk) A. Magi úr skötu. „Skötumaginn/hverfan/skötuhverfan/bumlungur/bumlungur/pjanka/pjanki var víða hirtur. Þegar hann var hafður til matar var hann látinn standa í saltvatni, eftir að hafa verið þrifinn, síðan hleypt að honum; lagður í súr og etinn með flautum. Hann var einnig troðinn út eða blásinn upp og hafður sem ílát. Algengt var að geyma í honum lýsi; þá kallað þjónkulýsi og ílátið lýsispjása. Einnig var skötumaginn notaður sem sýrubelgur og dufl á lagvað“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Þorskhaus sem hertur hefur verið í heilu lagi, með tálknunum. „Þurrkaður/hertur þorskhaus í heilu lagi, að því undanteknu að tálknin hafa verið ririn úr. „Stöku sinnum voru þorskhausar hertir án þess að rífa þá upp, að öðru leyti en því að taka úr þeim tálknið. Þesskonar hausar nefndust *heiðingjar*. Ennfremur voru hausar hertir óupprifnir með tálkninu óhreyfðu; bumlungar Þessi heiti munu ekki hafa þekkt nema á Vestfjörðum. Aðallega voru þetta litlir hausar og jafnan hertir á möl. Þeir voru helst ætlaðir skepnum, en þó kom fyrir að heiðingjar væru rifnir til átu eins og kringluhausar, en sú gerð var algengust um Vestfjörðu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). C. Bumlungur mun einhversstaðar á landinu hafa verið notað yfir *bútung*.
- Buna** (n, kvk) Vökvi sem fellur í mjóum fossi, t.d. úr stút á íláti. „Réttu mér bollann svo bunan fari ekki útum allt borð“.
- Buna** (s) Renna í bunu. „Ósköp bunar hægt úr krananum; skyldi vera að frjósa í lögninni“?
- Buna útúr sér** (orðtak) Segja mikið á stuttum tíma; segja mjög hratt.
- Bundið mál** (orðtak) Ljóð; vísa; hverskonar skáldverk sem lýtur lögmálum ríms og stuðla.
- Bundið slitlag** (orðtak) Yfirborð vegar sem gert er slitsterkara með tjöruefni/malbiki.
- Bundið við** (orðtak) Háð; tengt. „Kaupin eru bundin við það skilyrði að greiðslan berist tímanlega“.
- Bundinn** (l) Reyður fastur. „Nautið er bundið á bás og bátur við bryggju“.
- Bundinn af** (orðtak) Skuldbundinn vegna. „Ég er bundinn af þagnarheiti í þessu máli“.
- Bundinn á klafa** (orðtak) Vera ófrjáls; vera nauðugur bundinn öðrum t.d. vegna skulda, laga eða samninga. „Hann segir það ömurlagt hlutskipti að vera bundinn á klafa bankans vegna skulda annarra“. Klafi eða ok er lagt um háls nautgrips sem bundinn er á bás, eða dráttardýrs sem dregur æki. Stofnskylt klof og klyfjar.
- Bundinn á vað** (orðtak) Festur í taug; *vaðbundinn*. Einkum notað um það þegar maður veður út í sjó til að bjarga manni eða bát við ströndina sem lent hefur í háska.
- Bundinn er sá er/sem barnsins gætir** (orðtiltæki) Sá sem gætir smábarns getur ekki farið annað eða annast ýmis önnur verk, eins og þeir vita glöggst sem reynt hafa.
- Bundinn í báða skó** (orðtak) Heftur af; bundinn yfir; get ekki aðhafst. „Ég er dálítið bundinn í báða skó meðan kýrin er að bera, svo ég kemst ekki með ykkur í róður“. Sjá *báðar höndur við axlir fastar*.
- Bundinn við/yfir** (orðtak) Heftur af; kemst ekki frá vegna. „Ég verð bundinn yfir símanum fram að hádegi“.
- Bunga** (n, kvk) Ás; bumbur; bumba; gúlpur; gúll; hóll; hæð; útbungun.

Bunga (s) Standa út/upp sem bunga.

Bunka / Bunka saman / Bunka upp (s/orðtök) Setja saman í bunka; hlaða upp.

Bunkastokkur (n, kk) Hluti af máttarviðum báts; sá hluti banda sem liggur yfir botn bátsins, þvert yfir kjölinn. Einnig nefnt undirhluti/botnband/*botnröng* og botnstokkur. „Þegar fór að batna tíð var farið að huga að bátunum, en þeir voru á hvolfi frá því um haustið. Það þurfti að bika þá innan og mála utan, og ef til vill skipta um eitt eða tvö skeyti; gera við band eða bunkastokk og setja niður vélina“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Bunki (n, kk) Hlaði; stafli. „Hann hefur sett bunka af þara upp í Gjótin“. Sjá *svellbunki*; *klakabunki*.

Bunustokkur (n, kk) Tréstockur í gegnum vegg brunnhúss. Vatn var leitt gegnum bunustokkinn og fossaði út í brunnhúsinu í nægilegri hæð til að unnt væri að koma vatnsfötu undir. Bunustokkar var í brunnhúsinu á Láganúpi, og er enn í brunnhúsinu í Kollsvík.

Bura (n, kvk) Úlpa; yfirhöfn. Fremur sem gæluheiti. „Var ég ekki í einhverri buru þegar ég kom“? „Farðu úr burunni ef þér er heitt“.

Burðarás (n, kk) A. Máttarviður í þaki húss, t.d. *mæniás*; *brúnás*. B. Líkingamál um mann sem veitir einhverju forystu/ er *potturinn og pannan í einhverju*; *máttarstólpi*.

Burðarbiti (n, kk) Máttarviður, t.d. í byggingu; burðarás.

Burðardagur (n, kk) Fæðingardagur; afmæli; *tal*. Nú eingöngu um dýr, en var áður haft um afmæli manna. „Manstu nokkuð burðardaginn hjá Dimmu“?

Burðargjald (n, hk) Gjald sem greitt er fyrir að koma póstsendingu til skila. Er oft háð þyngd/umfangi.

Burðarleg (l) Um kind/kú; að fara að bera. „Ekki gat ég séð að kýrin væri neitt burðarleg enn, þó hún sé komin þetta framyfir tal“.

Burðarlega (ao) Sjá *láta burðarlega*.

Burðarliður (n, kk) A. Ysti hluti fæðingarvegs kvendýrs eða konu. „Ég þurfti að hjálpa þeirri kind; hornakylfurnar á hrútnum voru fastar í burðarliðnum“. B. Oftast í líkingum um málefni: T.d. *tillaga sem er í burðarliðnum er tillaga sem verið er að móta*.

Burðarlítill (l) Ekki sterkur; aumur; *óburðugur*.

Burðarmaður / Burðarmenni / Burðarjaki (n, kk) A. Sterkur maður; mikill að burðum. „Örn var burðarmaður; gerði hann að því er aflaga fór og snaraði bagganum síðan á klakkinn. Héldu menn þá til hesta sinna, en Örn hneig í sama augnabliki dauður niður í götuna, þar sem nú eru Arnarvörður“ (BPv; Örn.skrá Sauðlaukdals). B. Sá sem ber; þjónn sem ber föggur hótelgesta.

Burðarmikill (l) Með mikla burðargetu. „Lagið á bátunum er þokkalegt, en burðarmikill er hann nú ekki“.

Burðaról (n, kvk) *Fetilband*; *fetlar* (sjá þar) voru algengari heiti vestra. „Þegar komið er að landi er fiskur seilaður á burðarólar; venjulega 20 fiskar á ól. Það þótti hæfileg byrði á mann af lóðafiski, til að bera til ruðnings. Aftur á móti aðeins 10 steinbítar á ól“ (KJK; Kollsvíkurver).

Burðarviður (n, kk) Máttarviður; mikilvægur hluti í stoðkerfi byggingar. „Gættu að því að saga ekki í bitann; hann er burðarviður“.

Burðarþol (n, hk) Það sem tiltekinn byggingarhluti þolir af álagi án þess að láta undan; burðargeta.

Burðast með (orðtak) *Rogast með*; *bisa við*; bera með erfðismunum. „Vertu ekki að burðast með þyngri steina en þú ræður við“.

Burðuglega (ao) Björgulega; beysið; vel. „Hann ætti ekkert að reyna að smala þessu fé einn. Það tókst ekki svo burðuglega hjá honum síðast“!

Burðugur (l) Fær um burð/átök/álag; öflugur. „Ertu nógu burðugur til að halda á tveimur eggjakútum“?

Burðulegt (l) Björgulegt; álitlegt; vel útlitandi. „Ekki er ástandið burðulegt; hér er komið uppundir grindur“.

Burður (n, kk) A. Það sem borið er; þyngsli; fyrirhöfn við flutninga. „Það er allmikill burður með aflann úr báti um háfjöruna“. B. Í fleirtölu (burðir); afl; styrkur; aflsmunir; hraustleiki. „Hann var furðu seigur þó hann væri ekki *mikill að burðum*“. C. Sauðburður; kýr/kindur eignast afkvæmi. „Nú er ekki langt í burð hjá Dimmu“. D. Kast; rek; straumur. „Leggðu netið rétt við baujuna; athugaðu að það er verulegur burður í norður núna“.

Burgeis (n, kk) Ríkisbubbi; auðkýfingur; sá sem þykir ríkur/ *loðinn um lófana*.

Burgeisaháttur (n, kk) Mont; að láta sem stórbokki; *pótintáti*. „Skárri er það nú burgeisahátturinn; þykist ekki sjá mann þegar svona „meiri háttar menn“ eru nálægt“.

Burkni (n, kk) Flokkur jurta sem í eru meira en tíu þúsund tegundir. Burknar fjölga sér með gróum en ekki fræjum, og bera ekki blóm. Þeir eru þó þróaðri en mosar að því leyti að í þeim er æðakerfi, og þeir hafa stofna, eins og æðri plöntur. Algengur burkni hérlendis er t.d. *tófugras*.

Burnirót (n, kvk) *Rhodiola rosea*. Jafnan nefnd *blóðrót* vestra; sjá þar.

Burst (n, kvk) A. Ris; efsti hlutinn á risþaki húss. B. Kambur á baki dýrs. „Kötturinn *reisti burst* þegar hundurinn fór að gelta“. Sjá *draga (einhverjum) burst úr nefi*.

Bursta (s) Hreinsa með bursta. „Það þarf að bursta sviðin vel“. „Ertu búinn að bursta tennurnar“?

Burstabær (n, kk) Ein tegund íslenkra torfbæja. Einkennist af mörgum sambyggðum húsum, sem snúa göflum fram á hlað, með samræmdu útliti og áberandi risi. Burstabæir urðu ekki algengir fyrr en seint á 18.öld, en áður voru gangabæir algengastir. Þeir viku fyrir timbur- og stenhúsum á 20.öld.

Burstaormur (n, kk) Flokkur hryggleysingja; liðorma, sem telur yfir 6000 tegundir. Flestir eru litlir; minni en sentimetri að lengd. Flestir lifa burstaormar í sjó, og margir þeirra grafa sig í botninn og lifa á rotandi leifum. Þeir þekktustu eru líklega *sandmaðkur* og *skerir*; sjá þar.

Bursti (n, kk) A. Litill kústur. B. Kol; hlutur í rafal/rafmótor sem leiðir rafmagn í snúðinn.

Burt / Burtu (ao) Frá; af; brott. „Hann var *á bak og burt* þegar ég kom“. „Rektu nú hundinn burt úr slátrinu“! „Burt með þig“!

Burtferðarbiti (n, kk) „Burtferðar var biti minn / banakringla úr lambi“ (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Orðið finnst ekki í orðabókum í þessari mynd, en annarsstaðar þekktist „burtfararbiti“.

Burtflutningur (n, kk) *Brottflutningur*.

Burtfluttur (l) *Brottfluttur*.

Burtkallaður (l) Látinn; *sálaður*; *farinn á vit feðra sinna*. „Þeir eru nú flestir burtkallaðir sem mundu þetta“.

Burtséð frá því (orðtak) *Þar fyrir utan*; óskýlt því; einnig. „Ég hef engan tíma í þetta verk, en burtséð frá því þá er það mér óviðkomandi“.

Busi (n, kk) A. Hnífur; kuti. B. Líking um strák eða klaufalegan mann.

Buska (n, kvk) Handfylli af heyi; hálm; þangi eða öðru slíku. Stundum einnig notað um tusku/rýju, eða um himnur í grásleppuhrognum ef sigtun var ábótavant. „Það er dálítið um buskur í þessu“.

Busl (n, hk) A. Það að busla. B. Hljóð sem heyrst þegar buslað er.

Busla (s) A. Skvampa/skvetta í vatni eða öðrum legi. B. Svamla; synda án reglulegra sundtaka.

Buslugangur (n, kk) Með skvettum; bægsлагangur. „Selurinn steypiti sér í sjóinn með miklum buslugangi“.

Butra (s) Bauka; baksa; dunda. „Hann er að butra við að bólstra stólgarminn“.

Buxnalaus (l) Ekki í buxum. „Þú getur bara verið buxnalaus meðan ég stoppa í þetta“.

Buxnaskálm (n, kvk) Skálm á buxum. „Skelfingar ósnið er á þessum buxnaskálmum“!

Buxnaskipti (n, hk, fto) Umskipti á buxum. „Ég ætla að hlaupa heim og hafa buxnaskipti áður en við förum á fundinn“.

Buxnastrengur (n, kk) Efsti hluti buxna, sem oftast er faldaður og sterkari en það sem neðar er.

Buxnavasi (n, kk) Vasi/hólf á hlið eða rassi buxna. „Andskotans ósnið er nú þetta! Ég hef aldrei fyrr séð buxur með svo smáum vösum að hvorki sé unnt að troða í þá vasaklút né vasahníf; hvað þá heldur hafa höndur í vösum“!

Buxur (n, kvk, fto) Fatnaður manneskju, sem borinn er neðantil á líkama. „Buxur voru þrjónaðar síðar á karlmenn, stuttar eða hnésíðar á konur en á börn oftast niður undir hné. Svo voru bæði stelpur og strákar í sokkum sem náðu upp á mið læri svo að næði vel saman buxur og sokkar. Sokkar voru með tölum efst og hnepptir upp með sokkaböndum sem aftur voru hneppt upp á kot sem krakkar voru í ... Stelpur voru oftast í pilsum eða kjólum og það var ekki fyrr en um eða eftir 1940 sem síðbuxur á stelpur fóru að vera algengar. Strákarnir voru í stuttbuxum fram á 12 - 13 ára aldur“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). Sjá *ekki á þeim buxunum*.

Bú (n, hk) Umsvif manns á dvalarstað hans. Oftast merkir orðið atvinnurekstur með búfénað, en sífellt verður algengara að það merki heimili eða eignir á heimili eða eignir fyrirtækis. „Hann rak þarna stórt bú áður en hann flutti burt og sneri sér að fyrirtækjarekstri“.

Búa (s) A. Starfrækja bú B. Eiga heima. „Kollur bjó í Kollsvík; líklega þar sem síðan stóð Kollsvíkurbærinn um aldaðir“. C. Hafa til að bera. „Hann sýndi þarna hvað í honum bjó“. D. Gera úr garði. „Búðu þig nú vel; hann er ansi napur í veðri“. „Ertu búinn að búa um rúmið“? „Þetta bjó hann til úr klumbubeini“.

- Búa að (einhverju)** (orðtak) A. Njóta einhvers; hafa það gott vegna einhvers. „Ég hef búið að þessu góða uppeldi alla mína ævi“. B. Hlú að einhverju. „Það þarf að búa vel að bátnum fyrir veturinn“.
- Búa að sér** (orðtak) Koma sér fyrir í t.d. veri; gera umhverfi sitt og aðbúnað eins og þurfa þykir. „Þegar menn höfðu búið að sér var aðeins beðið færís að fara í róður“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Búa að sínu** (orðtak) Hlú að sinni afkomu; vera sjálfum sér nægur. „Kröfurnar voru litlar og búið sem mest að sínu til matar og fata“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Búa í brjósti** (orðtak) Vera í huga. „Nú er mikilvægt að hver og einn segi það sem honum kann að búa í brjósti; áður en gengið er til atkvæða“. Sjá *segja það sem (einhverjum) býr í brjósti*.
- Búa í haginn** (orðtak) Skipuleggja verk þannig að hagfelld verði; undirbúa það sem framundan er. „...er nú tekið til við að tjalda og hita tjöldin upp til að búa í haginnfyrir skipbrotsmennina“ (MG; Látrabjarg).
- Búa í hendur sér** (orðtak) Hagraða fyrir sér svo verk vinnist betur; skipuleggja verk.
- Búa sig** (orðtak) Fara í útiföt áður en farið er út / hlífar áður en farið er á sjó. „Búðu þig nú almennilega. Hann er orðinn fjári *kaldur í tíðinni*“.
- Búa (einhvern) að heiman** (orðtak) Útbúa þann sem er að fara í ferðalag, t.d. með nesti, sokka og skófatnað. „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáls lambinu“ (PG; Veðmálið).
- Búa/rífa sér ból/bæli** (orðtak) Laga til svo maður geti hagrætt sér, t.d. til að hvílast/sofa. „Hænan hafði búið sér ból þarna inni í holunni og var langt komin að *unga út*“. „Þér frjálst er að sjá hve ég bólið mitt bjó/ ef börnin mín smáu þú lætur í ró./ Þú manst að þau eiga sér móður./ Og ef að þau lifa, þau syngja þér söng/ um sumarið blíða og vorkvöldin löng./ Þú gerir það vinur minn góður“ (Þorsteinn Erlingsson; Hreiðrið mitt).
- Búa sig** (orðtak) Fara í fatnað; útbúa sig. „Búðu þig vel; hann er ári kaldur“.
- Búa sig undir** (orðtak) Undirbúa sig; vera viðbúinn. „Bændur búa sig undir enn eitt verðfallið“.
- Búa sig uppá** (orðtak) Fara í betri fötin; þrúðbúast. „Þegar löndun var lokið bjuggum við okkur uppá og fórum að fá okkur bjór,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Búa sig út (með)** (orðtak) Gera sig tilbúinn; búast til. „Maður í landi býr sig út með ár, er hann festir við alllöngu snæri“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Búa svo/þannig um hnútana** (orðtök) Ganga þannig frá; gera svo úr garði. „Ég bjó svo um hnútana að þetta gæti ekki gerst aftur“.
- Búa til** (orðtak) Gera; skapa; ljúga; spinna upp. „Ég bjó til búr fyrir unghænu undir hefilbekknum“. „Ef hann er ekki að búa þetta til þá er þetta alveg hreint lygilegt afrek“!
- Búa um** (orðtak) A. Laga rúmföt í rúmi; setja sængurföt á sængur og lak á dýnu. B. Hlynna að sári; setja plástur eða sárabindi á sár. C. Hnýta hnúta á réttan hátt; ganga frá málum (óeiginleg merking). „Hann bjó svo um hnútana að þetta kæmi ekki fyrir aftur“.
- Búa um hnútana** (orðtak) Gengið frá; í *pottinn búið*. „Sett voru sig á bátinn, og þannig gengið um hnútana að hann ætti ekki að geta fokið“. „Ég hef engar áhyggjur fyrst svona er búið um hnútana í þessu máli“.
- Búa undir** (orðtak) Vera undirliggjandi; vera til staðar þó ekki sjáist. „Hann sagði þetta ekki berum orðum, en ég skildi alveg hvað undir bjó“. „Eitthvað hlýtur nú að búa undir þessari góðmennsku“.
- Búa uppá** (orðtak) Ganga frá flutningi á *reiðingshesti*. „Það var til dæmis erfitt að búa þannig upp á reiðingshest að vel færi í brekkunum beggja megin í Hænuvíkurhálsi. ... Síðan var lögð áhersla á að strax að kvöldi sláturdags væri slátrið búið uppá hesta og flutt heim.“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Búa úr garði /Búa út** (orðtak) Útbúa; ganga frá. „Það þarf að búa þetta mál vel úr garði“.
- Búa við** (orðtak) Sæta; una við. „Það er erfitt að búa við svona aðstöðuleysi í þessum efnum“.
- Búa/lifa við sult og seyru** (orðtak) Búa við bágindi; *eiga hvorki til hniðs né skeiðar*. Sjá *seyra*.
- Búa við** (orðtak) Vera við tiltekna aðstæður; una. „Það er ekki unnt að búa við svona aðstæður endalaust“.
- Búa við konuríki** (orðtak) Láta konu um stjórn á heimilinu; vera undirokaður af eiginkonu og/eða öðrum konum. „Ekki öfunda ég karlgarminn af því að búa við þetta konuríki“!
- Búa við þröngan kost** (orðtak) Una við fátækt/matarskort; hafa *úr litlu að spila*. „Þurrabúðarmenn bjuggu við þröngan kost ef aflabrestur varð“.
- Búa yfir** (orðtak) Vera með; hafa yfir að ráða; *luma á*. „Hann reyndist búa yfir meiri upplýsingum en ég“.
- Búalið** (n, hk) Vinnufólk; heimilisfólk á bóndabæ. Sjá *bændur og búalið*.

Búalög (n, hk, fto) Lagabálkur sem líklega var samþykktur kringum árið 1100. Fjallar um verðlag, mælieiningar og ýmsar venjur í landbúnaði og viðskiptum, en á þeim tímum var vöruskiptaverslun allsráðandi. Varan var mæld í *álnum vaðmáls*, og voru 120 álnir eitt *kúgildi*. Silfur var þá að verða fágætara, en það var líklega nokkuð algengt í viðskiptum á landnámsöld. Þegar leið á miðaldir var farið að nota *gildan fisk* sem verðeiningu, en það var eitt kíló af skreið. Tveir fiskar voru jafngildi einnar álnar, og 240 fiskar eitt *hundrað*. Að stofni til giltu búalög fram á 20.öld, þó ýmsar breytingar yrðu á þeim.

Búandfólk (n, hk) Bændur og aðrir sem stunda búskap. „Stundum gleymist að búandfólk er líka neytendur“.

Búandi (n, kk) Bóndi. „Árið 1812, þegar sá atburður gerðist sem hér verður sagt frá, voru fjórir búendur á Látrum... (GiG; Frá ystu nesjum).

Búandkona (n, kvk) Bóndakona; búkona; kona sem stendur fyrir búi. „Búandkonur hafa alltaf sett svip á mannlífið. Með því orði er oftast vísað til ekkna, enda hefur karlrembusamfélagið íslenska alltaf talið karlinn sem bústjóra, jafnvel þó konan sé öflugri bóndi. Jafnvel þó karlinn væri eilíflega fjarrstaddur í verum eða vinnumennsku var hann alltaf talinn fyrir búinu. Af búandkonum fyrri tíðar má nefna Guðrúnu Eggertsdóttur í Bæ, sem reynar hefur fengið harða dóma sögunnar fyrir fêgræðgi sína“.

Búaostur (n, kk) *Hroгнаostur* (sjá þar).

Búast / Búast að heiman / Búast af stað (s/orðtak) Búa/útbúa sig til ferðalags. „Við bjuggumst í skyndi“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Búast til (orðtak) A. Um kýr eða ær sem er að fara að bera. „Mér sýnist að hún Búkolla sé farin að búast til“. B. Um manneskju; hyggja til ferðar; undirbúa/hefja verk; gera sig kláran; *setja sig í stellingar*. „Ætli maður fari ekki að búast til, *hvað úr hverju*“. C. Um fugl; undirbúa varp. „Múkkinn er *sestur upp* fyrir nokkru og farinn að búast til“.

Búast til að lenda (orðtak) Undirbúa lendingu. „En þá er snúið frá hinni venjulegu lendingu, en búist til að lenda skammt sunnan við Verið, þar sem að fornu fari hefur verið kölluð Snorralending“ (KJK; Kollsvíkurver).

Búast til ferðar (orðtak) Búa sig undir að fara. „Það er komið að vertíðarlokum. Aðkomuformenn með skipshafnir, sem og aðkomuhásetar, fara að búast til heimferðar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Búast við (orðtak) *Eiga von á; vænta; reikna með*. „Ég býst við að verkið klárast á morgun“. „Hann hefur bara séð, þegar kom ég karlmannslaus;! Kannske vissi hann hvað ég vildi segja./ Hann flýtti sér í bólið og breiddi upp fyrir haus/ og bjóst þá við að af hræðslu myndi hann deyjja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Búálfur (n, kk) Álfur sem talinn er búa á heimili fólks. Sumir telja að hulduverur búi á heimilum, auk mannfólksins, sem lifi þar svipuðu heimilislífi en gerir sjaldan vart við sig nema til heilla. Stundum týndi mannfólkið hlutum, en fann þá aftur síðar þar sem þó hafði verið vel leitað. Var þá sagt að þetta hefðu búálfarnir fengið að láni. Sigríður á Láganúpi sagði þetta iðulega þegar hana vanhagaði um eitthvað, og ekki brást að búálfarnir skiluðu henni *fyrir eða síðar* því sem þeir höfðu þurft að nota.

Búbót (n, kvk) *Búhnykkur; búdrygindi*; viðbót við reglulegar nauðþurftir sem bætir hag fólks og lífsafkomu. „Var þessi hvalreki hin mesta búbót á bæjum í Víkinni og fyrir nærliggjandi byggðir“. Búbót er algengt kýrnafn.

Búdrygindi (n, hk, fto) Búbót; það sem drygir mat eða aðrar nauðsynjar heimilis. „Ekki áttu þess þó allir kost að afla sér þessa bragðbætis og búdryginda með fábreyttri vermötu, enda ekki á allra færi að fara í egg, eins og það var kallað“ (KJK; Kollsvíkurver).

Búð (n, kvk) A. Hús sem búið er í. Almennt notað um *verbúð*, en einnig voru búðir á þingi og annarsstaðar þar sem bjuggu um tíma. Sjá *verbúð; þurrabúð*. B. Verslun; sölubúð. Þessi notkun heitisins var sjaldgæf fyrir á tíð, meðanverslunarstaðir voru fáir, og ekki starfræktir mikinn hluta ársins. Hinsvegr er þessi merking allsráðandi í málinu í dag.

Búða sig (orðtak) Að búa um sig í búð/veri. „Þegar komið var í Verið var fyrsta verkið að búða sig: Hreinsa búðirnar, tjalda veggj upp að rúmstæðum, búa um rúmin, koma fyrir matarskrínum og eldunartækjum og bera hreinan og þurran skeljasand á gólfín“ (KJK; Kollsvíkurver). „Fyrsta verkið þegar menn komu í Verið var að búða sig; þ.e. að búa um sig; koma sér fyrir í búðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Búðaráp (n, hk) Flakk milli búða; verslunarleiðangur; innkaupaferð. „Ég vil helst koma strax úteftir aftur þegar erindinu er lokið á Patreksfirði; ég ætla ekki að standa í einhverju búðarápi allan daginn“!

Búðarborð (n, hk) Borð í verslun, sem söluvara er afgreidd á. Fyrir daga kjörbúða var öll vara sótt í hillu eða lager og afgreidd af verslunarmanni yfir búðarborð. Verslun SÖG á Gjögurum var breytt í kjörbúð um 1974, en fram að því hafði verið afgreitt yfir búðarborð.

Búðarloka (n, kvk) Niðrandi heiti á verslunarmanni/afgreiðslumanni.

- Búðartollur** (n, kk) Gjald fyrir afnot af verbúð. „Seint á 19. öld varð Kollsvík allstór *verstöð*, eftir að Kollsvíkurmenn höfðu reist allar *búðirnar* í verinu, áttu þær og leigðu. *Búðartollurinn* varð þá 6 krónur og vertollurinn 6 krónur og samsvaraði því tollurinn af hverju skipi 60 hertum steinbítum (Frásögn GG o.fl.; LK; Ísl. sjávarhættir II). „Kollsvíkurmenn byggðu allar búðir; áttu þær og leigðu vermönnum. Gjaldið sem vermenn greiddu var „búðartollur“ og uppsátursgjald. Mig minnir að hvorttveggja væri 12 kr; 6 kr búðartollur og 6 kr uppsátursgjald“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Búðartóft** (n, kvk) Leifar af bústað/búð; vegghleðslur búðar. Fjölmargar búðartóftir má sjá í Kollsvíkurvegi, frá síðustu tímum útgerðar. Lítið sést til þeirra handar í vikinni, en þeirra sér þó stað hvarvetna sem grafið er ofan sjávarbakkanna. Því má gera ráð fyrir að búðir hafi verið með allri strönd Kollsvíkur á einhverjum tíma sögunnar. Mikilvægt er að kanna þessa miklu útgerðarsögu, án þess þó að raska um of fornminjum.
- Búðarveggur** (n, kk) Veggur á verbúð. „Eldunarkró var hlaðin við búðarvegginn, utandyra“.
- Búðingur** (n, kk) Eftirrættur sem getur verið matreiddur á ýmsan hátt, en jafnan hlaupkenndur þegar hann er borinn fram kaldur. Komið úr latínu; „botulus“, sem merkir pylsa eða magi.
- Búðseta** (n, kvk) Búseta í sjóbúð árlangt. Fyrir kom að lausafólk settist að í búðum og hokraði þar, oftast þá með fæinar kindur sér til framfæris. Fyrrum var slík búseta illa séð af yfirvöldum og bændum, enda vistarbönd á vinnufólki til að halda vinnuaflinu á bæjunum. Vafalítið hefur búðseta tíðkast í verum Útvíkna, og heimildir eru fyrir henni í Kollsvíkurvegi í byrjun 20. aldar. Má t.d. segja að búðseta hafi tíðkast hjá íbúum Grænumýrar; Strákamels (Gestarmels/Stóramels); Grundar (Júllamels/Torfamels) og Grundabakka.
- Búðsetumaður** (n, kk) Þurrabúðarmaður; verkamaður fyrr á öldum sem hélt eigið heimili en átti lítinn eða engan búpening og lifði af því sem hann gat aflað. Einkum urðu búðsetumenn algengir við sjávarsíðuna, þar sem unnt var að afla fiskjar. Hreiðraði búðsetufólk þá gjarnan um sig í verbúð sem ekki var í notkun. Heimildir eru um búðsetufólk frá 13.öld en líklega hefur búsetuformið komið til fyrr. Í máldaga frá 13. Öld eru búðsetumenn nefndir hjábúðarmenn. Frá fyrstu tíð var búðsetufólk illa séð af stjórnvöldum, og í Grágás er m.a. lagt bann við slíku. Þar segir að engir búðsetumenn skuli vera „þeir er búfjárlaust búi, nema hreppsmenn lofi“. Voru menn hræddir um að slíkt fólk færi á flækning ef t.d. aflabrestur yrði, og *segði sig þá til sveitar*. Búðsetumönnum fjölgaði með aukinni skreiðarverkun, en bann við búðsetu var aftur áréttað með Píningsdómi árið 1490; þar var búðseta þó bönnuð öllum sem ekki ættu búfé og eignir til þriggja hundraða. Viðhorfið breyttist dálítið þegar skreiðarútflutningur varð mikilvægari tekjuauðlind á 14.öld, og þá risu upp árstíðabundnar *verstöðvar* s.s. Láganúpsver. Einhver búðseta hefur efalaust viðgengist í tengslum við þær frá upphafi. Eftir að einokunarverslun komst á var lítið hróflað við búðsetumönnum, enda var vinna þeirra sumstaðar mikilvæg tekjulind verslunarinnar. Þetta búsetuform fékk svo almenna viðurkenningu á 19.öld, enda mikilvægt til að uppfylla vaxandi þörf fyrir vinnandi fólk nærri útgerðarstöðum. Má segja að saga þeirrar viðurkenningar sé lík sögu erlends vinnuafls sem sótt hefur til landsins í seinni tíð, og telst í dag nauðsynlegt til að uppfylla þarfar vinnumarkaðarins. Kjör búðsetumanna hafa fyrrum eflaust verið afar bágborin. Í Útvíkum voru búðsetumenn jafnan nendir *þurrabúðarmenn*; a.m.k. á síðari öldum.
- Búferli** (n, kvk) Bústofn/skepnur manns og aðrir búsmunir. Orðið hefur lifað í orðtakinu „að flytja búferlum“, sem merkir að ferja bústofn, innbú og aðrar eigur á nýjan bústað.
- Búferlaflutningar** (n, kk, fto) Flutningur manns eða fjölskyldu úr einu aðsetri/heimili í annað. „Margir höfðu séð það (huldufólk) við heyskap; konur koma með mjólkurfötur af stöðli; búferlaflutningar áttu sér stað, og þar fram eftir götunum“ (Ívar Ívarsson Kirkjuhvammí; Hvatt bæði; grein í Lesbók Tímans 1964).
- Búferli** (n, hk) Lausafé; færanlegt fé; þær eignir sem maður getur flutt með sér. Sjá *flytja búferlum*.
- Búfé / Búfénaður** (n, hk/kk) Búpeningur; á oftast við sauðfé og kýr, en stundum til annars bústofns, s.s. hænsna, svína og geita. „Hann hefur ekki annað að búfénaði en þessar tuttugu kindur“.
- Búfjáraður** (n, kk) Skítur/skarn/tað/úrgangur búfjár. Heitið er ekki gamalt í málinu.
- Búfjarrækt** (n, kvk) Búskapur; skepnuhald. Heitið er fremur nýtt í málinu.
- Búfræðingur** (n, kk) Sá sem lærir til búskapar eða hefur lokið bændanámi.
- Búgrein** (n, kvk) Faggrein innan búnaðarstarfs/bændastéttar. T.d. Sauðfjáraðurbúskapur; mjólkurframleiðsla o.fl.
- Búhagur** (l) Laginn við það sem tengist búskap, einkum þá átt við smíðar; góður smíður. „Hann var búhagur í besta lagi“.
- Búhnykkur** (n, kk) *Búbót*; happ; viðbót við nauðþurftir. „Þessar gengisbreytingar hafa reynst útgerðinni hinn mesti búhnykkur“.
- Búhyggindi** (n, hk, fto) Gott skipulag á búi; reglusemi, fyrirhyggja og sparnaður í búskap.

Búhöldur (n, kk) Bóndi; stórbóndi. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Hann var hreppstjóri; búhöldur góður og athafnamaður hinn mesti“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Búi (n, kk) Fyrri tíðar heiti á bónda/ þeim sem býr. Sbr *búalög*.

Búið og gert (orðtak) Afstaðið; málinu/verkinu lokið. „Það er of seint að *sjá sig um hönd* eftir að allt er búið og gert“. Sjá *ekki tjóar að gráta orðinn hlut; það er búið og gert*.

Búið spil (orðtak) Afstaðinn viðburður; tapaður leikur; *tapað spil*. „Hér er ekki *oddsnerta* lengur; mér sýnist þessi aflahrota vera búið spil“.

Búinn (l) A. Um verknað; kláraður; aflokið. B. Um magn; klárað; uppuríð; uppétið. C. Um viðbúnað/útbúnað; varinn; útbúinn; viðbúinn. T.d. vígbúinn. *Mega ekki við svo búið standa*.

Búinn að (orðtak) Hef lokið við. „Ég var rétt búinn að setja upp síðasta galta þegar byrjaði að rigna“.

Búinn að fá nóg (orðtak) A. Kominn með nægilega mikið. B. Orðinn þreyttur/leiður/pirraður á. „Hann sagðist vera búinn að fá nóg af þessu rugli; nú væri hann bara farinn heim“.

Búinn að fá sig fullsaddan af (orðtak) Orðinn þreyttur á; kominn með nóg af; ofbýður. „Maður er nú búinn að fá sig fullsaddan af þessum innihaldslausu loforðum“!

Búinn að lifa sitt fegursta (orðtak) Orðinn gamall/slitinn/lélegur/ljótur. „Hann var með mórauða derhúfu á höfði, sem greinilega var búinn að lifa sitt fegursta“.

Búinn heyskapur (orðtak) Búið að alhirða/fullhvejja. „Við förum í þetta þegar búinn er heyskapurinn“.

Búinn í húsunum (orðtak) Búinn með dagleg verk í skepnuhúsum (gefa, vatna, mjólka o.fl.). „Ég fór í þetta um leið og ég var búinn í húsunum“.

Bújörð (n, kvk) Jörð sem búskapur er stundaður á.

Búkfylli (n, kvk) *Magafylli; saðning*. „Þú færð litla búkfylli af þessu ansans sælgæti“!

Búkhákarl (n, kk) Stykki úr búk hákarls; ekki *kviðhákarl; skyrhákarl*. „Alltaf finnst mér búkhákarlinn meira sælgæti; þó vissulega sé gott að smakka kviðhákarlinn líka“. Fremur var talað um *skyrhákarl* í Kollsvík.

Búkhljóð (n, hk) Hljóð sem heyrir frá meltingarvegi; t.d. garnagaul; ropi; fretur. „Mér heyrir á búkhljóðunum að þú hafir étið hressilega af þrumaranum“!

Búkhreinsun (n, kvk) *Innantökur*; niðurgangur. „Það þýddi herjansmikla búkhreinsun að éta þessi grænu egg“.

Búkki (n, kk) A. Þrífætt *skorða* til að skjóta undir bát og halda honum á réttum kili í fjöru eða í uppsátri. Búkkar voru til og notaðir í Kollsvíkurvegi fram á árið 1970. B. Hverskonar undirsláttur/skorður til að halda hlutum uppi.

Búkloft (n, hk) Viðrekstur; fretur. „Skelfingar óþefur fylgir þessu búklofti; hvern fjandann settirðu ofan í þig“?

Búkmikill (l) *Skrokkstór*, sjá þar.

Búkolla (n, kvk) Algengt nafn á mjólkurkú.

Búkona (n, kvk) Búandkona; kona sem stendur fyrir búskap. „Þú verður að bera þetta undir búkonuna“.

Búkonuhár / Búkonuskegg (n, hk) Skegghýjungur/hárvöxtur í andliti kvenmanns. Talið merki um bústjórnarhæfileika.

Búksorgir (n, kvk, fto) Áhyggjur af mat, klæðnaði og öðrum veraldlegum persónuþörfum. „Hann er í vel launaðri vinnu, svo þau ættu að vera laus við búksorgir og basl“.

Búktal (n, hk) Sú list að láta sína rödd koma frá annarri manneskju eða brúðu. Meðal Kollsvíkinga merkti orðið hinsvegar viðrekstur/prump. „Farðu nú að hætta þessu bévítans búktali“!

Búkur (n, kk) Skrokkur. Á við menn, skepnur og skip.

Búlaus (l) Sá sem ekki er með búskap heldur býr þurrabúi, t.d. lifir af sjósókn í Kollsvík. „Árni Árnason, þá búlaus á Grundum“ (KJK; Kollsvíkurvegi; formannatal).

Búlða / Búlga (n, kvk) Bólga; blaðra; kúlulag. „Hér er búlga í efninu“.

Búlduleitur (l) *Kúlduleitur*; með bústnar kinnar; *kinnamikill; fullur að vöngum*. „Karlinn var fremur lítill vexti; feitlaginn og búlduleitur“. Líklega er „kúlduleitur“ up þrunalegra, og vísar til kinnfisks steinbits.

Búlétt (l) Um bújörð; góð vetrararbeit fyrir sauðfé, þannig að í góðu árferði þurfi ekki mikla gjöf.

Búlka (s) Ganga tryggilega frá varningi/afla í skipi.

Búlki (n, kk) Hlaði; haugur; staffli.

- Búmaður** (n, kk) Sá sem er laginn við búskap; góður bóndi. „Hann þótti hagur á tré á járn, en síðri búmaður“. Sjá *mörg er búmanns raunin; enginn er bóndi/búmaður nema hann kunni að berja sér*.
- Búmannlega** (ao) Eins og góður bóndi. „Strákurinn bar sig ansi búmannlega að þessu“.
- Búmannlegur** (l) Kunnáttusamur við búverk; fyrirmyndarbóndi. „Það þykir ekki búmannlegt að vera í túnaheyskap fram á gangnatímanum“.
- Búmannsbragur** (n, kk) Bóndaháttur; siður/aðferð góðs bónda. „Mér finnst afskaplega lítill búmannsbragur að því að nenna ekki að smala sínum *eftirlegukindum* þegar til þeirra sést“!
- Búmannsklukka** (n, kvk) Klukka sem er of fljót. Sagt að góðir búmenn stilltu klukku sína þannig til að vera tímanlega í öllum verkum.
- Búmennska** (n, kvk) Búskaparlag; aðferð við búskap/bústörf. „Þetta finnst mér undarleg búmennska“!
- Búnaðarfélag** (n, hk) Félagsskapur sem bændur hafa með sér sem samráðsvettvang og samvinnu um hvaðeina sem lýtur að landbúnaði og búskaparháttum. Í Rauðasandshreppi hefur lengi starfað Búnaðarfélagið Örlygur.
- Búnaðarskóli** (n, kk) Skóli sem kennir greinar á sviði landbúnaðar. Nú á háskólastigi. „Eftir að Össur lauk framhaldsnámi við Búnaðarskólann á Hvanneyri starfaði hann um tíma sem ráðunautur bænda“.
- Búnaðarþing** (n, hk) Samráðsvettvangur bænda á landsvísi. „Össur á Láganúpi var um áratuga skeið fulltrúi á Búnaðarþingi og einnig á þingum Stéttasambands bænda“.
- Búnaður** (n, kk) A. Búskapur; landbúnaður. B. Útbúnaður; búningur; klæðnaður. Við þurftum að bera vað og annan búnað nokkra leið inneftir brúninni“.
- Búnast** (s) Um velgengi í búskap. „Honum búnast bara þokkalega núorðið og *kominn í ágætar álnir*“. „Bóndinn Jón var býsna snjall / og búnaðist eftir vonum...“ (GÓ; Hlekkir hugarfarsins)
- Búningsbót** (n, kvk) Lagfæring; umbót. „Það er þó alltaf búningsbót að bera sig karlmannlega“ (Úr kvæði eftir Kristján Jónsson fjallaskáld).
- Búningur** (n, kk) A. Klæðnaður; útbúnaður. „Er hann úti á skyrtunni í þessum kulda? Þetta er enginn búningur á blessuðu barninu“! B. Seinni tíma merking; einkennisfatnaður; gervi.
- Búnt** (n, hk) Stafli; margar einingar, raðað reglulega saman.
- Búnytjar** (n, kvk, fto) Búskaparnot.
- Búpeningur** (n, kk) Búfé; sauðfé, nautgripir, hestar og aðrar skepnur á bænum. „Farið var á fætur kl 6 og aldrei seinna en kl 7. Oftast var kveikt á morgnana og setið við vinnu. Gegningamenn fóru út ekki seinna en kl 7 og fengu ekkert fyrr en þeir voru búnir að gefa búpeningnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „...því betur sannfærast ég um að föðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Búr** (n, hk) Forðageymsla; herbergi/afhýsi til geymslu matar. Búr hefur verið hluti flestra bæja frá landnámi, og allt til þess að kælikápar, frystikistur, skápar og geymslur leystu þau af hólmi. Í búi var geymt mikið af matarforða heimilisins og þar fór ýmis matarvinnsla fram. Einnig var þar geymsla fyrir búskáld og annað. Súrmatartunnur voru í búi á Láganúpi, allt til þess að nýja húsið var byggt árið 1974.
- Búraháttur** (n, kk) Sérviska; *heimalningsháttur; kauðaháttur*. „Það er til marks um búrahátt ráðamanna
- Búralega til fara** (orðtak) Furðulega klæddur; kauðalegur í útlangi. „Mér finnst einhvernveginn að þú sért svolítið búralega til fara“.
- Búralegur** (l) A. Um svip manns; íbygginn; *undirfurðulegur; hrekkvís*. „Af hverju ert þú svona búalegur á svipinn núna; býr þar eitthvað undir“? B. Um útlit manns; rustalegur; þungbúinn; fráhrindandi. „Hann er nú ekkert að halda sig til þó hann komi á mannamót og mörgum þykir hann dálítið búralegur“.
- Búrborð** 8n, hk) Borð í búi, þar sem matur er *hanteraður* og tekinn til áður en hann fer til eldhúss eða stofu.
- Búrhvalur** (n, kk) *Physeter macrocephalus*. Stærsti tannhvalur jarðar; verður allt að 20 metra langur og 57 tonn; kýrnar þó jafnan mun minni en tarfarnir. Höfuðið er sérkennilega kantað; með mjóum neðri kjálka og blástursopi vinstra megin ofaná höfði. Heilinn er stærri en í nokkru öðru spendýri. Sprorður 4-5 m að breidd og þrýhurndur; bægsli stutt og spaðalaga. Búrhvalur er allur dökkgrár en ívið ljósari á kvið en bak; til eru þó mjög ljós dýr. Fitubólstur er efst og fremst í höfðinu; fullur af vaxkenndri olíu; ambri, sem storknar við stofuhita. Nýtist dýrinu líklega til að stýra flotjafnvægi. Finnst víða um heimshöfin. Aðalfæðan er smokkfiskur, og kafar búrhvalurinn oft niður á mikið dýpi; allt að 2000 metra í fæðuleit. Einnig éta búrhvalir fiska, s.s. grásleppu, karfa, skötusel o.fl.
- Búrkista** (n, kvk) Kista í búi til geymslu matvæla, einkum mels; *mélkista; hveitikista*.
- Búrkompa** (n, kvk) Lítið búr. „Búrkompa var í gamla Melshúsinu; í bíslaginu ásamt anddyri og klósetti“.

- Búrtík** (n, kvk) Hundur/tík sem oft liggur heimavið og þiggur mat í stað þess að nýtask við fjárrag.
- Búsaðdrættir** (n, kk, fto) Aðdrættir nauðsynja til heimilis. „Hér að framan hef ég talað um hina venjulegu búsaðdrætti Kollsvíkinga“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Búseta** (n, kvk) Aðsetur; vera/heimilishald manns/fólks á tilteknum stað. „Föst búseta hefur verið í Kollsvík frá landnámi, þó stopul hafi verið í nokkur ár; eftir að búskap lauk árið 2002“.
- Búsettur** (l) Með heimili/aðsetur. „Kollsvíkingurinn á ávallt heima í sinni vík; hvar sem hann er búsettur“.
- Búsáhöld** (n, hk, fto) Áhöld sem notuð eru við matargerð og önnur heimilisverk.
- Búsforráð** (n, hk, fto) Stjórnun á bæ/býli; umsjón búskapar. „Tók þá faðir minn við búsföráðum með móður sinni því hann var elstur af bræðrunum og á Hnjóti bjó hann allan sinn búskap, á sjötta tug ára“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Búsifjar** (n, kvk, fto) A. Upprunaleg merking orðsins er nábyli; samband við nágranna. Sifjar merkir tengsl. B. Á síðari öldum hefur merking orðsins umturnast og meriir það núorðið „tjón“; „skaði“. „Útvíknamenn hafa löngum notið hagsældar af sjónum, en einnig haft af honum þungar búsifjar af ýmsu tagi“.
- Búsílag** (n, hk) Framlag til búans/framfærslu heimilisins. „Ein er sú tegund sjávarnytja sem hér tíðkaðist, en það er hrognkelsaveiði. Hún var stunduð frá allmörgum bæjum hér í sveit á vorin og var drjúgt búsílag“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms). „Og þótti það mikið búsílag að eiga mikið af harðfiski...“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Búskaparaðferð / Búskaparháttur / Búskaparlag** (n, kvk/kk/hk) Aðferðir við búskap. „Slíkt búskaparlag hrynur fyrr eða síðar“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).
- Búskaparár / Búskapartíð** (n,hk/ kvk) Tíminn sem búskapur stendur. „Einhverntíma í búskapartíð Einars gamla Jónssonar í Kollsvík (1797-1836) eiga eftirfarandi atburðir að hafa gerst“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Búskaparbasl / Búskaparhokur** (n, hk) Erfiði við búskap. „Samhliða því fækkar fólki í Víkinni; það flyst burtu, einkum til Patreksfjarðar eða til Reykjavíkur. Fólksflóttinn frá smábátaútgerð og frumstæðu búskaparbasli er byrjaður“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Búskapur** (n, kk) Það að búa/ reka bú. „Svonalöguðu sagðist hann aldrei fyrr hafa kynnst í sínum búskap“.
- Búskussaháttur** (n, kk) Slæmt búskaparlag; sleifarlag/vanræksla við búskap. „Þetta finnst mér bölsvaður búskussaháttur hjá honum; að láta *kálfakvikindin* ganga úti fram í snjó!“
- Búskussi** (n, kk) Maður sem kann ekki að búa; er ekki *forsjáll*; *skussi* við búskap. „Þessi nýi bóndi er nú hálfgerður búskussi og ætti að fást við eitthvað annað“.
- Búslóð** (n, kvk) Lausamunir sem notaðir eru við búskap/heimili. „Búslóðin var send suður með skipi“.
- Búsmali** (n, kk) Bústofn; skepnur á búi. „Höktu í foldarhupp/ harðsvíruð ægistól./ Búsmalinn beiddi upp/ bændur litu ei sól./ Rak fólk í rogastans/ riðaði foldin við/ er ribbaldinn Rósinkrans/ ruddist úr móðurkvið“ (JR; Rósarímur).
- Búsongir** (n, kvk) Áhyggjur af búrekstri/heimilishaldi. „Það þýðir ekkert að drekkja sér í búsongunum“.
- Bússa** (n, kvk) A. Stórt og burðarmikið seglskip. B. Líkingamál; niðrandi heiti um stórvaxna konu.
- Bússur** (n, kvk, fto) *Klofstígvél*; klofhá gúmmistígvél. Sjaldnar notað en klofstígvél.
- Bústaðaskipti** (n, hk, fto) Búferlaflutningar; skipti á íverustað. „Helst hafði huldufólk bústaðaskipti um áramót eða um fardaga“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Bústaður** (n, kk) Staður sem maður rekur bú sitt á; aðsetur; heimili.
- Bústinn** (l) Feitlaginn; þybbinn; hnellinn; ólétt. „Hún er að verða ansi bústin og sælleg“.
- Bústjóri** (n, kk) Sá sem hefur búsföráð; ráðsmaður; bóndi. „Með vistheimilinu í Breiðavík kom starfsheitið bústjóri í Rauðasandshrepp“.
- Bústoð** (n, kvk) Hvaðeina sem styður við búrekstur/búskap.
- Bústofn** (n, kk) Skepnur á búi; *áhöfn*. „Bústofn foreldra minna á uppvaxtarárum mínum var lengst af þessi: 1 hross, 2 kýr og 70-150 fjár“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Bústólpi** (n, kk) Bústoð. Sjá *bóndi er bústólpi*.
- Bústýra** (n, kvk) Ráðskona; kona sem ræður fyrir búi.
- Bústörf** (n, hk, fto) Vinna við búskap/býli. „Konur sinntu bústörfum samhliða heimilishaldinu“.
- Búsvæði** (n, hk) Svæði sem bú tekur til. Oftast notað um svæði sem tilgreind lífvera lifir á.

- Búsýsla** (n, kvk) Umsýsla/umsjón búskapar; búrekstur.
- Búsæld** (n, kvk) Góð afkoma á búi; gott að búa; velgengni í búrekstri.
- Búsældarlegt** (l) Aðstæður góðar til búskapar. „Búsældarlegt hefur jafnan verið í kollsvík“.
- Búta í sundur / Búta niður** (orðtök) Hluta niður; skera/saga/höggva í búta/hluta. „Ætlarðu að fara að búta niður heila fjöl í þetta? Þú ert alveg frá þér drengur“!
- Bútsög** (n, kvk) Þverskerasög; þverskeri; sög sem hentar til að saga við þversum/ saga þvert á æðar viðarins.
- Bútungsfiskur** (n, kk) Smáfiskur; kóð; undirmálsfiskur. „Hann var sæmilega viljugur þarna. En mestmegnis var það bútungsfiskur“. Verkaður nefndist hann einatt bútungur.
- Bútungssalta** (s) Salta fisk í *bútung*. „Smáþorskur var bútungssaltaður en sá flattur sem *fletjandi* var“.
- Bútungur** (n, kk) Heilsaltaður smáþorskur. Ýmist verkaður í stæðu eða þækil. Skorið var í þá stærri áður en þeir voru útvatnaðir til að ekki yrði of salt við *dálkinn*.
- Bútur** (n, kk) Biti; hluti; stúfur; stykki. „Ég negldi fjalarbút fyrir gatið“.
- Búvara** (n, kvk) Framleiðsluvara bónda; afurð frá býli. Oftast notað í fleirtölu.
- Búverk** (n, hk, fto) Störf sem vinna þarf á býli. „Sumardvalarbörn veittu mikilvæga aðstoð við búverkin“.
- Búvél** (n, kvk) Síðari tíma heiti á vél sem notuð er við bústörf.
- Byða** (n, kvk) A. Almennt; ílát; geymir; stampur; tankur. Byður voru smíðaðar úr stöfum eins og tunnur, en lægri og oft samandregnar að ofan; þ.e. mjókkandi að opinu. B. Flot á lagvað. „Vesfirðingar notuðu aðallega dufl sem þeir smíðuðu sjálfir; mjótt til beggja enda en skotin mjög út um miðju. Dufl þessi kölluðu þeir byður“ (GG; Skútuöldin). C. Á síðari árum í Kollsvík er orðið notað um ýmis ílát, t.d. *gruggglas* á eldsneytislögnum véla. Orðstofninn er úr fornum germönskum málum, en skylt er m.a. „boðn“ sem var nafn á kerri því í norrænni goðafræði sem Stuttungamjóður var geymdur í. Sjá *tala í belg og byðu* og *allt í belg og byðu*.
- Bygg** (n, hk) Kornafurð af grasaætt, sem mjög er ræktað til manneldis og fòðurs víða um heim. Var fjórða algengasta ræktaða kornafurð heims árið 2006. Upprunnið af villibyggi; Hordeum spontaneum, sem vex í Miðausturlöndum. Ræktað við góð skilyrði hérlendis; hefur enn ekki verið ræktað í Kollsvík.
- Byggð** (n, kvk) Staður með íbúðarhúsum. Getur átt við strjálbýl sem þéttbýl svæði.
- Byggðakjarni** (n, kk) Þéttbýll hluti dreifbýlissvæðis, þar sem allajafna er miðstöð þjónustu. „Í oddvitatið Össurar á Láganúpi var skipulagður byggðakjarni í Rauðasandshreppi; í svonefndu Hvammsholti í Tungulandi. Þar hafði þá starfað Grunnskóli Rauðasandshrepps um nokkurn tíma; þar var Félagsheimilið Fagrihvammur; þar var nýbyggð sölubúð Sláturfélagsins Örlygs; þar var trésmíðaverkstæði Byggingafélagsins Hafnar; þar var Sparisjóður Rauðasandshrepps o.fl. Skipulagðar voru nokkrar lóðir og sett upp götulýsing við sameiginlega götu. Byggð var þó á fallanda fæti í hreppnum; stuttí að hreppurinn sameinaðist öðrum í Vesturbyggð og flest aðurnefnt heyrði sögunni til“.
- Byggðalína** (n, kvk) Heiti á háspennulínu sem flytur raforku til byggðarlags sem er fjarri orkuveri. Slík byggðalína, svonefnd vesturlína, liggur frá Vesturlandi til Mjólkár í Arnarfirði og greinist þaðan norður og suður á Vestfirði.
- Byggðarlag** (n, hk) Landsvæði með byggð, vanalega afmarkað með landfræðilegum eða stjórnsýslulegum mörkum. „Rauðisandur hefur löngum verið eitt blómlegasta byggðarlagið í Rauðasandshreppi“.
- Byggðaröskun** (n, kvk) Hófllegt orðalag yfir þær byltingar í búsetu og byggðamálum sem riðið hafa yfir landið frá upphafi vélvæðingar. Má jafna við verstu hamfarir sem yfir landið hafa gengið frá landnámsöld.
- Byggðasafn** (n, hk) Minjasafn sem heldur til haga merkjum minum af tilteknu afmörkuðu svæði. Þannig má segja að Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti sé í raun byggðasafn Rauðasandshrepps og nærsvæðis hans.
- Byggðastefna** (n, kvk) Stofnanamál yfir áætlun stjórnvalds um uppbyggingu eða viðhald mannfjölda og byggðar á tilteknu svæði. Í reynd er byggðastefna einatt marklaust plagg nema til komi bæði vilji íbúanna sjálfra og raunhæf og trygg úrræði til að framfylgja markmiðum stefnunnar.
- Bygggrautur** (n, kk) Grautur úr byggi; einn margra þátta mataræðis fyrri tíðar fólks sem horfnir eru í seinni tíð. „Vakan var til kvöldmatar, klukkan 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrösum“ “ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Byggilegur** (l) Hæfur til búsetu; vel fallinn til ábúðar.
- Bygging** (n, kvk) A. Mannvirki; hús. B. Það að byggja mannvirki/hús.
- Byggingameistari** (n, kk) Húsasmiður; húsasmiðameistari.

- Bygginganefnd** (n, kvk) Nefnd á vegum sveitarstjórnar sem fjallar um byggingamál, leyfaveitingar og oft einnig skipulagsmál og annað á sviði mannvirkjagerðar.
- Byggingarbréf** (n, hk) Leigusamningur um jörð til ábúðar. Samkvæmt fornri venju átti leiguliði að taka jörð á leigu í viðurvist tveggja eða fleiri áreiðanlegra votta. Oft risu þó deilur um leiguskilmála og því var lögfest árið 1705 að jarðeigandi skyldi láta leiguliða í té byggingarbréf þar sem skýrt væri kveðið á um leigukjör.
- Byggingarleyfi** (n, hk) Leyfi byggingarnefndar/sveitarstjórnar til byggingaframkvæmda eða breytinga húss.
- Byggingarefni** af öllu tagi er að finna í Kollsvík, a.m.k. til þeirra bygginga sem tíðkast hafa *lungann úr* Íslandssöggunni. Hleðslugrjót er þar af öllu tagi og öllum stærðum. Menn notuðu ýmist sæbarið hnullungsgrjót, s.s. í garða og búðir nærri ströndinni; jökulnúna steina úr holtum eða skriðurrunnið grjót úr hlíðum; allt eftir því hvað hentaði. Allan við í máttarviði, langbönd, hurðabúnað og fleira mátti fá úr rekavið; ýmist ósöguðum eða flettum; úr hvalbeinum eða úr strandgóssi. Fyrirtaks hellutök voru á nokkrum stöðum; einkum í Stórafelli og í Helluhnjúk. Hellurnar voru líklega oftast dregnar heim á sleðum að vetrarlagi. Tróð í þök var nærtækt í lyngflákum og fjalldrapa, sem einnig var nýttsem eldsmatur. Þau not hafa gengið mjög nærri gróðri í næsta nágrenni, sem á síðari tímum hefur þó náð að jafna sig nokkuð. Torfrista er víða góð í Kollsvík, t.d. á Torfamel/Júllamel, sem líklega hefur áður heitið Torfmelur. Í gluggum höfðu menn skæni, sem ýmist var þurrkaður líknabelgur eða sköturoð. Kollsvíkingar voru jafnvel sjálfbjarga um járn í saum, lamir og fleira, enda var þar stunduð járnvinnsla lengur en á öðrum stöðum landsins.
- Byggja** (s) A. Reisa hús eða annað mannvirki; hlaða upp. B. Vera búandi á/i; sitja; dveljast. „Kollsvíkurætt hefur byggt Kollsvík í meira en 200 ár samfellt“. C. Afhenda einhverjum til ábúðar/búskapar. „Séra Grími var byggður Sauðlauksdalur og hóf þegar myndarlegan búskap“.
- Byggja á** (orðtak) Treysta á; trúna; taka trúanlegt. „Ég held að þetta sé sögusögn sem ekkert er á byggjandi“.
- Byggja (einhverjum) út** (orðtak) Segja einhverjum upp leigu/veru.
- Byggt ból** (orðtak) Staður /bæri byggð. „Það var svo árið 1952 að síminn var lagður á öll byggð ból í Rauðasandshreppi; hnar fyrri 3. flokks stöðvar lagðar niður, og síminn gerður að þessum viðfræga sveitarsíma; á þremur línunum, með þjónustu á Patreksfirði“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Bykkja** (n, kvk) A. Meri sem orðin er léleg til brúks. B. Skammaryrði um kindur, t.d. vegna túnsækni eða annarrar óþægðar. „Skyldi nú ekki árans bykkjan vera komin aftur inná“?!
- Bylgja** (n, kvk) A. Á yfirborði vatns/sjávar; bára; aflíðandi/löng alda en ekki notað um brm/brotsjó. Í Kollsvík var fremur notað *bára*. B. Hverskonar ölduhreyfing, t.d. í hljóði, ljósi, rafseguláhrifum o.fl. T.d. hljóðbylgja; útvarpsbylgja. C. Afmörkuð bylgju- eða tíðnirás til flutnings útvarps-, sjónvarps-, síma- eða talstöðvarsendinga. D. Aukinn straumur einhvers. T.d. bylgja innflytjenda; bylgja mótmæla.
- Bylgjast** (s) Liðast til í straumi; líta út eins og bylgjur. „Hár hennar bylgjaðist langt niður á bak“.
- Bylgjubrjótur** (n, kk) Bárufleygur; lekt ílát með lýsi/olíu, sem sett er í sjó til að lægja öldur kringum skip/bát. „Lét skipstjóri þá út bylgjubrjóta. Það voru strigahólkar með trébotni í endum; alsettir götum. Þessir hólkar voru fylltir með hampi og í þá sett olía“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).
- Bylja** (s) A. Skella af krafti og með hávaða. B. Gera hríðarbyl; ganga á með hríðarbyljum.
- Bylja á** (orðtak) Skella á; heyrast á; dynja á. „Þegar við vorum að draga síðustu mennina upp á brún var komið lemjandi slagveður, og það buldi á okkur núna“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg). „Holskeflurnar buldu, hver á fætur annarri, á hinu ógæfusama skipi...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Bylja í** (orðtak) Um hljóð; taka undir í; bergmála. „Hann sló á tunnubotninn, svo buldi hátt í“.
- Byljahætt Byljasamt** (l) Um stað; hætt við sviptivindum/byljum. „Þarna er yfirleitt skjólsælt, en getur orðið byljahætt í vissum vindáttum“.
- Byljaveður** (n, hk) Veðurlag með hvössum skúra- eða snjóéljum. „Leiðinda byljaveður fylgir stundum þessum útsynningsfjanda“. „Hann er ansi byljóttur, en sæmilegt á milli“.
- Byljóttur** (l) Hætt við byljum; gengur á með byljum/éljum/hríðum.
- Bylmingshögg** (n, hk) Mikið/þungt högg; högg svo mikið að bylur í.
- Bylta** (n, kvk) Mikið/þungt fall/hras. „Ég rak tána í nibbu og fékk slæma byltu“.
- Bylta** (s) Velta; umturna; snúa við. „Ég bylti stærstu sátunum útúr flekknum og breiddi þær þar“.
- Bylting** (n, kvk) A. Hverskonar umskipti/umbreyting; velta; viðsnúningur. B. Uppreisn fólks gegn valdhöfum.
- Byltingamaður** (n, kk) Sá sem stendur fyrir miklum umskiptum/breytingum á einhverju sviði.
- Byltingarkennt** (l) Sem líkist byltingu; sem veldur miklum breytingum. „Þetta er byltingarkennd kenning“.

- Byltingarsinnarður** (l) Hallur undir miklar breytingar; vill alger umskipti.
- Byltingaskeið / Byltingatími** (n, hk/kk) Tímabil mikilla breytinga/umskipta.
- Byltuhætt** (l) Hætt við bylту/falli. „Féð er tregt til að fara út á klakann; það veit að þar er því byltuhætt“.
- Bylur** (n, kk) A. Dimmt og hvasst él. „Það er *glóruleaus* bylur og sér ekki útúr augum“. B. Mjög hvöss vindhviða; roka. „Þú klæddur ert brynju úr köldu grjóti og keikur þú stendur þótt byljirnir þjóti.“ (EG; kvæðið Blakkurinn; Niðjatal HM/GG). „Ekki vorum við komin langt þegar á okkur skall suðaustan bylur, sem síðan breyttist í *rigningarslag*“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Bylur hátt í tómrí tunnu** (orðatiltæki) Notað sem líkingamál um hávaðasama en heimska manneskju. „Um hann á vel við það fornkvæðna; *oft bylur hátt í tómrí tunnu*“.
- Byr** (n, kk) Meðvindur/meðbyr; vindur sem nýtist við *siglingu* báts/skips.
- Byrða** (n, kvk) Stór kista. Orðið var þekkt í Kollsvík en ekki notað þar í seinni tíð.
- Byrða** (s) Smíða byrði/síðu í bát; klæða eitthvað með borðum.
- Byrðarauki** (n, kk) Aukþyngsli; þungt að bera. *Sjá ekki er bagi að bandi né byrðarauki að staf*.
- Byrðaról** (n, kvk) Ól sem notuð var til að bera afla á land í veri. „Byrðarólin var rúmlega faðms langur mjór kaðall, eða þrínúíð snæri, með tölu í öðrum endanum sem kölluð var hnappur, en snærislykkja á hinum sem seilarólin var þrædd á. Venjulega voru hafðir 8-10 steinbítar í byrði, eftir stærð. Voru menn alskinnklæddir meðan borið ar af. Ólarendarnir voru hafðir í fyrir (að framanverðu), og tveir steinbítar í hverjum, en lykkjan í baki með hinum“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Byrði** (n, kvk) Það sem borið er; þungi til að bera. „Hann axlaði byrði sína og hélt af stað“.
- Byrði** (n, hk) Byrðingur; þil; skilrúm; fóður í fatnaði.
- Byrðingsferð** (n, kvk) Sigling á *byrðingi* til flutninga, einkum þá átt við rekaviðarflutninga. „Frægustu byrðingsferðir sögunnar eru ferðir Bjarna Jónssonar í Kollsvík, til Hornstranda á byrðingi sem hann smíðaði sjálfur í byrjun 18.aldar“.
- Byrðingur** (n, kk) A. Skip sem sérstaklega var útbúið til flutninga á rekaviði. Oftast stór skip, t.d. áttæringar eða teinæringar, sem borðhækkuð voru verulega með öflugum fjölum og þétt á milli. Farið var á almenninga á Ströndum og skipið hlaðið svo að sjó tók á hástokka. Oft var einnig viðarfloti í eftirdragi. Síðan var siglt og róid fyrir firði. „Sagt er að Bjarni Jónsson, bóndi í Kollsvík (f. um 1656), hafi níu sinnum farið byrðingsferðir austur fyrir Horn. Í síðustu ferðinni hreppti hann afar vont veður og var tilneyttur að skera frá sér viðarflotann og *hleypa* til *skipbrots* uppundir Bjarnarnúp. Skipshöfnin bjargaðist en skipið, sem var teinæringur, brotnaði í spón og farmurinn flaut um allan sjó“ (LK; Íslenskir sjávarhættir). B. Síða á bát/skipi. „Gat kom á byrðing skipsins við strandið“. „Bylgjan óð um byrðing tróð;/ bila róður náði./ Angurmód í austri stóð/ Ýmisblóði drifin þjóð“ (JR; Rósarímur).
- Byrgi** (n, hk) Lítil borg/stía/tóft/kró; lítið virki. „Byrgi er nafn á grjóthlaðinni tóft við norðari enda hinna miklu Garða á Grundabökkum; neðan Lögmannslágar. Það var gagngert hlaðið á þessum stað til að liggja þar í leyni og „skjóta á fluginu“; þ.e. skjóta mál þegar hann flýgur lágt með görunum í fæduleit í flæðarmálinu. Þá íþrótt iðkuðu þeir af miklum áhuga Einar og Páll á Láganúpi og bræður hans, en allur máfurinn var nýttur til matar“. Ekkert mannvirki í Kollsvík er í dag nefnt fjárbyrgi eða fiskibyrji, þó svo kunni að hafa verið þar áður, líkt og víða er á landinu.
- Byrgja** (s) A. Setja í *byrgi*, t.d. fisk eða fé. B. Loka fyrir; fela; hylja. „Þokan hafði þétt, og byrgði nú alveg alla landsýn“. *Sjá útibyrjja*.
- Byrgja augun/andlitið** (orðtak) Halda fyrir augu/andlitið; grúfa sig. „Ég sá hana ekki gráta, en af og til byrgði hún augun, líkt og í andakt“.
- Byrgja brunninn** (orðtak) *Sjá of seint er að byrgja brunninn þegr barnið er dottið ofani*.
- Byrgja inni** (orðtak) Hafa lokað inni í (byrgi/stekki) húsi. „Veðrið er aðeins að skána. Ég held það sé óþarft að byrgja féð lengur inni“.
- Byrgja (einhverjum) sýn** (orðtak) Hylja eitthvað fyrir einhverjum. „Þokan byrgði okkur sýn til norðurs“.
- Byrja** (s) A. Hefja; *byrja á; hefjast handa*. „Það er best að þú klárir þetta, fyrst þú ert byrjaður“. *Sjá til að byrja með*. B. Fá byr til að geta siglt seglskipi. Einnig í líkingamáli um að velgengni. „Þeim ætti að *byrja bærilega* í eggjunum í þessari blíðu“!
- Byrja á** (orðtak) Um verk/athöfn; hefja; byrja. „Ætli það sé ekki best að fara að byrja á þessu verki“.
- Byrja bærilega** (orðtak) Ganga vel. „Það ætti að byrja bærilega til heyskapar á morgun; ef spáin gengur eftir“.
- Byrjandi** (n, kk) Sá sem er að byrja/hefja. „Hann er enginn byrjandi é þessum efnunum“.

Byrjandabragur / Byrjendabragur (n, kk) Nýgræðingsháttur; reynsluleysi. „Það var dálítill byrjandabragur á honum í fyrstu, en hann vandist fljótt“.

Byrjar ballið (orðtak) Hefst atgangurinn; verður allt vitlaust; *færist fjör í leikinn*. „Þetta e enginn veltingur til sem orð er á gerandi; bíddu þangað til við komum í röstina; þá fyrst byrjar ballið“!

Byrjar hann (orðtak/upphrópun) *Tekur hann til*. Viðhaft gjarnan af einhverjum sem þóttu yfiringilegar raupsögur annars, eða þegar upphófst annarskonar hávaði, t.d. spangól hunds.

Byrjun (n, kvk) Upphaf; það að byrja á. „Þetta var þó bara byrjunin; veðrið átti eftir að versna umtalsvert“.

Byrja (s) Brugga; hella. Oftast t.d. í ævintýrum um að byrja einhverjum eitur, og líkingum af því. Orðstofninn er líklega „byrðla“; þ.e. að hella einhverju í byrðu, en „ð“ fallið út með tímanum.

Byrlega (ao) Sjá *blása byrlega*.

Byrsta (s) A. Setja burst á t.d. hús. B. Líkingamál; búa til brodd; hvessa; ydda.

Byrsta báru (orðtak) Auka sjó; sjór að verða úfinn. „Er hann eitthvað að byrja að byrsta báru“?

Byrsta röddina / Byrsta sig (orðtak) A. Hækka róminn; skammast. „En svo byrsti Árni sig og sagði: „En ég drep þig ef þú lætur hana stoppa“! “ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Um veður/sjólög; versna. „Hann er eitthvað að byrja að byrsta sig. Ætli við verðum ekki að fara að *hafa uppi* fljótlega“.

Byrstur (l) Reiðilegur; höstugur; hranalegur. „Byggðadregur byrstur þá/ bregst við slíkri frýju;/ ræður flagðið aftur á/ afli hertur nýju“ (JR; Rósarímur). „Sá varð nú heldur byrstur og sagði: „Fussum fei;/ ég fer víst ekki að leika mér við skvísu./ Það kemur ei til mála; nei og aftur nei;/ ég var nefnilega að horfa á hana Dísu“!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Byssa (n, kvk) A. Skotvopn fyrir púðurknúin skot. B. Líkingamál um annað sem skotið er með, t.d. naglabyssa; vatnsbyssa; teygjubyssa.

Byssubrenndur (orðtak) Um þann sem orðið hefur fyrir byssuskoti. Sjá *eins og byssubrenndur*.

Byssufæri (n, hk) Fjarlægð sem unnt er að skjóta á bráð úr byssu, í von um að bana henni. „Tófan var ekki komin í byssufæri“.

Byssuhlaup (n, hk) Rör á byssu, sem skotið er úr.

Byssuhólkur (orðtak) Gæluorð um byssu. „Ætli ég þurfi ekki að fara að hreinsa byssuhólkinn“.

Byssukjafur (n, kk) Fremra op á byssuhlaupi; framanvert á byssu.

Byssukúla (n, kvk) Kúla/hagl sem skotið er úr byssu. Gjarnan úr blýi. Ein kúla er í riffli, en mörg og smærri högl eru í haglabyssu. Fyrrum hlóðu Kollsvíkingar sín haglaskot sjálfir.

Byssulás (n, kk) Afhleypibúnaður í byssu. Fjöldur er spennst með því að draga upp bóg/hana; síðan er miðað og hleypt af með því að ýta á gikkinn. Á flestum byssum er lás/öryggi, til að hindra slysskot.

Byssuleyfi (n, hk) Leyfi lögreglu yfirvalda til að eiga og nota byssu.

Byssuóður (l) Sem sækir mjög í að skjóta af byssu.

Byssupúður (n, hk) Svart púður; blanda af mjög eldfimu efni og öðru súrefnissgæfu; drifefni fyrir byssukúlur og flugelda. Byssupúður var fundið upp í Kína stuttu áður en hér hófst landnám. Það er búið til úr saltpetri, viðarkolum og brennisteini í hlutföllunum 15:3:2.

Byssuskefti (n, hk) Handfang á byssu til að þægilegt sé að halda henni rétt þegar miðað er og skotið.

Byssuskot (n, hk) A. Skotfæri sem sett er í byssu og skotið úr. B. Hljóðið sem heyrst þegar skotið er.

Bytta (n, kvk) A. Ílát; byða; krukka. T.d. blekbytta. B. Lítil flatur bátur. C. Styttling á fyllibytta; róni.

Bý / Býfluga (n, hk/kvk) Hunangsfluga; samheiti á nokkrum fremur stórvöxnum flugnategundum. Einungis ein þeirra er líkleg til að sjást í Kollsvík, en það er svonefnd móhumla (*Bombus jonellus*), en í þéttbýli gætu einnig sést húshumla og garðhumla. Drottinnin liggur í dvala yfir veturinn, en aðvori gerir hún s' r lítið bú í holu í jörðinni; t.d. undir steini í veggjarholu. Þar verpir hún eggjum sem úr klekjast ókynþroska þernur, sem sjá um stækkun búsins, en drottningin fæðir þær á blómasafa og frjókornum. Á haustin klekjast úr eggjum hennar karldýr og kvendýr sem ná kynþroska og makast, þannig að ný kynslóð verður til. Karldýrin drepast en kvendýrin leggjast í dvala yfir veturinn. Býflugur eru háðar góðum sumarhita og þurfa að hita sig upp að morgni til að komast af stað í fæðuleit með suði sínu. Því er líklegast að finna þær á skjólsælum, sálríkum og gróðursælum stöðum. Samskiptakerfi býflugna er háþróað og flókið og byggir m.a. á hryfingum og dansi. Telji þær búi sínu ógnað stinga þær með broddi sínum, en hann losnar af og þær deyja eftir atlöguna.

Býli (n, hk) Bær þar sem búskapur fer fram, eða þar sem er *lögbyli*. „Í Kollsvík voru níu býli er Guðmundur og Vilborg voru að alast upp, og þar áttu heima um sextíu manns“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur).

Býsni (n, hk, fto) Feikna fjöldi; undur; ósköp; *kynstur; fæla; aragrúi*. „Það voru býsni af fólki á þessari ráðstefnu“. „Hann er orðinn býsni kaldur“. „Mikil lifandis býsni eru af flugu í garðinum núna“. „Mikil býsni eru að vita þetta“!

Býsna / Býsnar / Býsnarlega (ao/l) Allmjög; fremur. „Hann er að verða býsna kaldur í tíðinni“. „Þú stóðst þig býsnar vel í þessu fannst mér“. „Mér finnst þetta ekki býsnarlega mikið“.

Býsnafallett / Býsnalaglegt (l) Mjög fallett; all fallett. „Þetta er býsnafallett málverk“!

Býsnafast (l) Mjög/all fast; þéttingsfast. „Varaðu þig á krabbanum; hann getur bitið býsnafast“!

Býsnaánægður / Býsnafeginn / Býsnaglaður / Býsnakátur (l) Mjög/all ánægður/feinn/kátur.

Býsnafrost / Býsnakuldi (n, hk/kk) Mikið frost; mjög kalt í veðri.

Býsnafróður (l) Mjög/all fróður; veit mjög margt. „Hann er býsnafróður um þessa hluti“.

Býsnagerðarlegur / Býsnalaglegur / Býsnamyndarlegur (l) Mjög/all laglegur/myndarlegur.

Býsnaglöggur (l) Mjög glöggur. „Hann er býsnaglöggur á mörkin“.

Býsnagott (l) Mjög gott. „Þetta er óttaleg óvera, en það er býsnagott á bragðið“.

Býsnahált / Býsnasleipt (l) Mjög/all hált/sleipt. „Það er býsnahált í hjólförum í hlákunni“.

Býsnahátt (l) Mjög/all hátt. „Hann var kominn býsnahátt upp standinn þegar hann sneri við“.

Býsnakalt (l) Mjög/all kalt. „Klæddu þig almennilega; það er býsnakalt úti“!

Býsnakröftugur / Býsnaöflugur (l) Mjög/all kröftugur/öflugur. „Þetta var býsnakröftug blanda“. „Hann er býsnaöflugur við smalamennskur þó hann sé ekki hár í loftinu“.

Býsnalangt (l) Mjög/all langt. „Þetta var býsnalangt ferðalag“.

Býsnalítið (l) Mjög lítið. „Honum þótti býsnalítið koma í sinn hlut“.

Býsnamikill (l) Mjög/all mikill. „Þetta er býsnamikill afli á svona stuttum tíma“.

Býsnaminnugur (l) Mjög/all/furðu minnugur; man all vel. „Hún var býsnaminnug á svona hluti“.

Býsnast / Býsnast yfir (s/orðtak) Furða sig á; undrast. „Hann býsnaðist mikið yfir stærðinni á hvalnum“. „Honum ferst ekki að býsnast; sjálfur er hann litlu betri“!

Býsnasterkt (l) Mjög sterkt; all sterkt. „Hvað ertu með á pylunni? Þetta er býsnasterkt“!

Býsnastór (l) Mjög/all stór. „Þarna kemur býsnastór máfahópur, útundir Hreggnesa“.

Býsnastraumur (n, kk) Harður/mikill straumur. „Það er kominn býsnastraumur og flugrek“.

Býsnatæpur (l) Mjög tæpt; all tæpt. „Mér þótti þræðingurinn býsnatæpur á köflum“.

Býsnavel (l) Mjög vel; all vel. „Mér þótti þetta býsnavel gert, af svona litlum gutta“.

Býsnaþungur (l) Mjög/all/glettilega þungur. „Við skulum taka tveir á steininum; hann er býsnaþungur“.

Býsnaöflugur (l) Mjög/all öflugur. „Hann var býsnaöflugur við dráttinn“.

Býst fastlega við (orðtak) Reikna ákveðið með; vænti þess mjög. „Ég býst fastlega við að róa á morgun“.

Býti (n, hk) A. Skipti; býtti. Sjá *bera (lítið/mikið) úr býtum*. B. Árla/snemma dags. „Við gerum ráð fyrir að róa í býtið“. Tökuörð úr dönsku; „betids“.

Býtta (s) Skipta; eiga skipti. „Við býttuðum á stígvélum, til að hann blotnaði ekki við að komast í bátinn“. „Þegar faðir minn var 15 ára dó afi minn. Sólveig undi þá ekki hag sínum á Brekku og býttaði jörðinni fyrir Hnjót í Örlýghöfn og flutti þangað búferlum“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Býtta verkum (orðtak) *Hafa verkabýtti*; víxla viðfangsefnum milli tveggja manna.. „Ég held það væri hvíld að því fyrir báða að við býttuðum verkum öðru hvoru“.

Býtti (n, hk, fto) Skipti; viðskipti. „Mér þótti ég heldur hlunnfarinn eftir þessi býtti“.

Bæði (samt.) Að stofni lýsingarorðið *báðir*, en iðulega notað sem samtenging. „Þetta var bæði erfitt og kaldsamt verk“.

Bægja (s) Sveigja af stefnu; beygja. „Það þarf endilega að bægja fénu úr slægjunni“. „Látraröstin bægir öllum ís lengst út á haf sem slæðist suðurmeð Vestfjörðum“.

Bægja (einhverju) frá (orðtak) Halda/sveigja einhverju frá; afstýra. „Ég ætla að fara fram á Mýrar og reyna að bægja fénu frá dýjunum“.

Bægni (n, kvk) Afskiptasemi; ömun; stríðni. Sjá *meinbægni*, sem oftar var notað. Stofnskyllt *buga; beygja*.

Bægslagangur (n, kk) Fyrirgangur; brussugangur; læti. „Bölvaður bægslagangur er þetta í ykkur krakkar“.

- Bæglast** (s) Gera með fyrigangi/látum; gera læti/hávaða; basla; bisa. „Því eruð þið að bæglast með heimalingsræfilinn inn í eldhús“?
- Bægslí** (n, hk) Framlimur á hval/hákarli.
- Bægslislykkja** (n, kvk) Stykki sem skorið er af hákarli við bægslið.
- Bæjafلاك / Bæjaráp / Bæjasnatt** (n, hk) Heimsóknir á bæi, stundum með litlum tilgangi. „En nú verð ég að hætta þessu bæjafلاكki og labba heim að Lambavatni...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Bæjarbóndi / Bæjarhyski / Bæjarhöfðingi / Bæjarslekti / Bæjarveldi** (n, kk/hk) Heiti sem höfð hafa verið um höfðingja þá sem setið hafa í Saurbæ á Rauðasandi og þeirra fjölskyldur. Í Saurbæ hafa löngum setið höfðingjar og stóreignafólk sem átti flestóll býli í Rauðasandshreppi og víðar. Þó erfitt sé fyrir nútímafólk að dæma liðna tíma, má ætla að oft hafi verið um hreina kúgun að ræða. Um það vitna t.d. sögur og heiti sem enn lifa.
- Bæjarbragur** (n, kk) Yfirbragð/mannlíf á heimili/bæ. „Þar fannst mér alltaf viðfelldinn bæjarbragur“. Hefur nú að mestu verið yfirfært á yfirbragð þéttbýlisstaðs.
- Bæjarbruni** (n, kk) Húsbruni. Einkum átt við bruna sambyggðra húsa á býli, líkt og fyrrum tíðkuðust.
- Bæjarburst** (n, kvk) *Burst* á bóndabæ/húsi. „Hrafninn settist á bæjarburstina og krinkaði ákaf“.
- Bæjarbúi** (n, kk) Sá sem býr í Reykjavík eða annarri borg.
- Bæjardyr** (n, kvk) Húsdyr; aðaldyr á bæ. „Hún stóð í bæjardyrum og bauð okkur að koma innfyrr“.
- Bæjareign** (n, kvk) Eign Saurbæjar á Rauðasandi. „Láganúpur tilheyrði bæjareignum frá því að Guðmundur ríki Arason sölsaði jörðina undir sig í byrjun 15.aldar“. Er nú á tímum notað um eign bæjarfélags.
- Bæjarfógeti** (n, kk) Lögregluþingvald í þéttbýli.
- Bæjarfulltrúi** (n, kk) Kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn/bæjarstjórn þéttbýlisstaðar.
- Bæjarhella** (n, kvk) Stór hella sem venja var að hafa í bæjardyrum, þar sem mestur var ágangur fólks.
- Bæjarhlað** (n, hk) Í seinni tíð notað um svæðið framanvið bæjardyrnar. Orðstofninn er sagnorðið *hlaða*, sem bendir til að fyrrum hafi bæjarhlað átt við hlaðinn kamp/vegg við bæjardyr.
- Bæjarhóll** (n, kk) Hóll sem bær stendur á. Bæjum er yfirleitt valinn staður þar sem land liggur hærra en umhverfið, til að forða frá vatni og snjósöfnun. Með endurtekinni uppbyggingu sama bæjar á sama stað hækkuðu bæjarhóllarnir, og víða má sjá myndarlega bæjarhóla frá fyrri tíð þó nýrri bær hafi síðar verið byggður annarsstaðar. Þannig er myndarlegur bæjarhóll ofan núverandi íbúðarhúss í Kollsvík, en á honum hefur líklega verið byggð frá landnáms tíð. Sömuleiðis er reisulegur bæjarhóll uppundir Hjöllum, nokkru ofar núverandi íbúðarhúss á Láganúpi. Á Grundum stóð byggð mun skemur og þar sér lítt fyrir bæjarhól undir tóftunum. Enn skemur varði byggð á Hólum og öðrum hjáleigum.
- Bæjarhús** (n, hk) Hús sem tilheyrir húsasamstæðu á bæ. Fyrrum voru íbúðarhús gjarnan sambyggð útihúsum.
- Bæjarleið** (n, kvk) A. Leið/vegalengd milli bæja. „Það kemur fyrir að maður þarf að *bregða sér bæjarleið*“.
B. Til forna var bæjarleið ákveðin vegalengd; samsvaraði 6 *tólfræðum hundruðum* fadma; 6x120x1,95 m, eða um 1,4 km.
- Bæjarlækur** (n, kk) Lækur sem rennur stutt frá bæ. „Ingvar virkjaði bæjarlækinn í Kollsvík“.
- Bæjarnafn** (n, hk) Nafn bæjar. „Ýmsar líkur benda til þess að býlið Kollsvík hafi í byrjun borið bæjarnafnið Kirkjuból, en svo er það ritað í elstu heimildum. Eins benda margar líkur til að það nafn hafi það fengið þegar á landnámsöld, þegar Kollur landnámsmaður og trúboði reisti þar fyrstu kirkju landsins“.
- Bæjarveggur** (n, kk) Veggur bæjar. „Vel sést móta fyrir bæjarveggjum á Hólum“.
- Bæjarverk** (n, hk, fto) Heimilishald og bústörf. „Magðalena Össurardóttir var 3 vor í Verinu og kvaðst heldur vilja gera það en vinna bæjarverkin...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Bækistöð** (n, kvk) Verustaður; staður þar sem maður hefur komið sér fyrir, án þess að þar sé heimili manns. „Vegageraðarmenn höfðu bækistöð um tíma í félagsheimilinu“. Talið dregið af „beyki“; bækistöð hafi upprunalega verið staður í skóglendi þar sem menn komu sér upp bráðabirgðahúsum úr tré/*beyki*.
- Bæklaður** (l) Bagaður; aflagðaður; vanskapaður; örkumla; lamaður. „Er lambið eitthvað bæklað á fæti“?
- Bæklingur** (n, kk) Lítil bók. *Nútil dags* haft um þunn auglýsingablöð o.þ.u.l.
- Bæla** (s) A. Koma einhverju í ból; svæfa; leggja. Sjá *bæla fé*. B. Leggja/þvinga niður. „Við gengum fram skurðbakkann til að bæla ekki grasið á sléttunni“. „Uppreisnin var bæld niður“. „Ég átti fullt í fangi með að bæla niður í mér hláturinn“.

Bæla fé (orðtak) Fá fé til að leggjast með því að standa yfir því og ganga í kringum það. „Hæst uppi á túni... eru bæli. Þar mun fé hafa verið bælt á nóttunni í fyrri tíð“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Bæla sig niður (orðtak) Fela sig; láta lítið fara fyrir sér; lúta niður. „Við skulum bæla okkur niður svo tófan taki ekki eftir okkur“.

Bæli (n, hk) Ból; rúm; flet; svefnstaður. „Ætli maður fari ekki óðara að *draga sig í bælið*“.

Bæn (n, kvk) A. Bón; það sem beðið er um. B. Trúarlegur formáli; tilbeiðsla til guðs.

Bæna sig (orðtak) Fara með bæn. „Vermenn bændu sig alltaf áður en farið var í róður“. Sjá *sjóferðabæn*.

Bænadagar (n, kk, fto) A. Almenn merkir orðið bænadagur þann dag sem beðið er fyrir því sem tiltekið er. Er það t.d. stytting á heitinu *kóngsbænadagur* (sjá þar). B. Lægri helgar; Skírdagur og Föstudagurinn langi.

Bænagerð / Bænjörð (n, kvk) Það að biðjast fyrir/ gera bæn sína.

Bænakver (n, hk) Lítil bók með bænnum. „Síðan var alltaf lesinn húslestur; sunginn sálmur og lesin bæn úr bænakveri Péturs biskups“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Bænaraugu (n, hk, fto) Biðjandi augnaráð. „Hundurinn horfði á hann bænaraugum meðan hann át nestið“.

Bænaskrá (n, kvk) Skrifleg beiðni til Danakonungs, undirrituð af fjölda manns; undirskriftalisti. Bænaskrár urðu nokkuð algengar eftir að einveldi konungs komst á um 1662; um hin og þessi mál sem menn menn vildu að konungur beitti sér í.

Bændakirkja (n, kvk) Kirkja sem er í eigu bónda/höfðingja sem leggur henni til land, smíðavið, viðhald og oft einnig prestþjónustu. Líkast til voru allar fyrstu kirkjur landsins bændakirkjur, að undanskilinni Þingvallakirkju. Hafí Kollur reist kirkju í Kollsvík hefur hún eflaust verið bændakirkja. Þegar tíund var lögtekin 1066 fengu kirkjur fjórðung hennar. Í staðamálum fyrri (1179) og síðari (1269-1297) náði kirkjuvaldið yfirráðum yfir fjölda bændakirkna. Þó síst þeim sem bóndi átti að helmingi eða meiru, og voru margar kirkjur á Vestfjörðum því áfram bændakirkjur; s.s. Saurbæjarkirkja. Á ýmsu gekk milli bænda og kirkjuvalds um veitingu prestsembættis en æ meira sótti í það far að biskup réði í þeim efnum; þar til á 17.öld, að söfnuðir fóru að kjósa sér prest. Um 1700 voru bændakirkjur 103 að tölu, en á 19. og 20.öld voru þær flestar afhentar viðkomandi söfnuðum til eignar og umsjónar.

Bændasamfélag / Bndþjóðfélag (n, hk) Síðari tíma heiti sem oft er notað til að lýsa þjóðlífi á landinu fyrir daga vélvæðingar og þéttbýlismyndunar. Bændasamfélög eru vissulega enn til á landinu, en í mjög breyttri mynd.

Bænheyra (s) Meðtaka og uppfylla bæn/bón. „Ekki verðum við bænheyrið með sjóveður í dag“!

Bænhús (n, hk) Lítil kapella í kaþólskum sið, gjarnan á fjölmennri jörð sem átti langa kirkjusókn. Í bænhúsum var ekki messað reglulega, eins og í kirkjum. Bænhús voru á nokkrum stöðum í Rauðasandshreppi: Breiðuvík, Hvallátrum, Melanesi, Vesturbotni og Hvalskerri, og voru þau líklega byggð öðrum þræði sem nokkurskonar stöðutákn velmegandi bænda. Í Kollsvík var *hálfkirkja* (sjá þar), en það voru heldur veglegri guðshús. Þar var leyfðar jarðarfarir, sem ekki tíðkuðust í bænhúsum. Bænhús voru aflögð í kjölfar siðaskiptanna. Elsta bænhús sem enn er varðveitt er á Núpstað í V-Skaftafellsýslu, en byggingin er að stofni til frá 1657. Það er því með elstu húsum landsins, en hið elsta er Hesthúsið á Hólum í Kollsvík; talið byggt 1650.

Bændur og búalið (orðtak) Hugtak sem nær yfir alla íbúa bóndabæja; bændur, húsfreyjur, vinnufólk og annað heimilisfólk.

Bælningur (n, kk) Mjög litlar öldur. (JT Kollsvík; LK; Ísl.sjávarhættir III).

Bær (n, kk) A. Hús sem manneskja hefur búsetu í; hýbýli manna. Dæmigerður íslenskur bær hefur tekið allmiklum breytingum gegnum Íslandssöguna. Landnámsmenn byggðu sér stóra háreista skála með byggingarlagi sem hentaði í upprunalöndum þeirra, þar sem gnægð var af byggingatimbri og eldiviði. Þannig var líklega skáli Kolls uppundir Núpnum. Skálinn var helsta íveruhús heimilismanna, með langeldi til að halda hita, en kringum hann hafa staðið t.d. búr, salerni og eldhús í sérstæðum byggingum; auk skepnuhúsa. Þegar skerðast fór um byggingarefni og eldivið breyttist húsagerðin; hús urðu lágreistari og þjöppuðust í húsasamstæðu. Á 11.öld urðu aðalhúsin þessi; skáli, eldaskáli, stofa og búr (t.d. Stöng í Þjórsárdal). Á 14.öld viku skálabærir fyrir gangabæjum, þar sem húsasamstæðan einkenndist af göngum í gegnum samstæðuna (t.d. Gröf í Örafum). Afbriðgi gangabæjarins kom fram á 18.öld; burstabærinn, þar sem gaflar sneru fram á hlað með samræmdu lagi. Þessir bærir af torfi og grjóti viku svo smám saman fyrir timbur- og steinsteypuhúsum, og varð sú breyting í Rauðasandshreppi á fyrri helmingi 20.aldar; sumsstaðar með millistigum s.s. einum eða fleirum steinhlöðnum veggjum og tyrfðu bárujárnsþaki. B. Annað heiti á stórum þéttbýlisstað, t.d. Akureyrarbær.

Bær (l) Sem getur borið; berandi. „Tjónið var metið af til þess bærum mönnum“.

- Bæra** (s) Hreyfa. „Lognið var slíkt að ekki bærðist hár á höfði“.
- Bæra á sér** (orðtak) Hreyfast; rumska. „Tófan lá eins og dauð og bærði ekki á sér“.
- Bærilega** (ao) Vel; sæmilega; viðunandi. „Okkur gekk bærilega í ferðinni“. „Heldurðu ekki að hann leggi sig bærilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? (PG; Veðmálið).
- Bærilegur** (l) Þokkalegur; sæmilegur. „Það er búin að vera bærileg heyskapartíð“.
- Bærlingur** (n, kk) Lítilsháttar sjór. Heimild; Ívar Ívarsson, Kirkjubhvammi (MG; Látrabjarg) Einnig; (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Annarsstaðar þekktist orðið „bælningur“ í sömu merkingu.
- Bæs** (n, hk) Lituð olía/sýra sem borin er á við til að verja hann og líta.
- Bæsa** (s) Bera bæsa á við.
- Bæta** (s) A. Gera betri; setja/vinna bót á. „Lengi má bæta þetta eitthvað“. B. Setja bót á; gera við. „Geturðu bætt stígvélið fyrir mig“?
- Bæta á** (orðtak) A. Almenn um að bæta við. „Það er nú varla á þetta bætandi“. B. Bæta votheysi ofaná í votheysgryfju. Þegar vothey er fyrst sett í gryfju er hún fyllt. Yfir fyrsta sólarhringinn hitnar í því; það linast og sígur. Til að nýta gryfjuplássíð, og til að hitinn „hlaupi ekki uppúr“ er bætt nýslegnu heyi ofaná. Það er endurtekið með 1-2 sólarhringa millibili þar til sigið hættir; þá er heyið fergt eða innsiglað með plasti. „Það þyrfi að bæta á gryfjurnar á Melnum í dag“. C. Auka við snjó sem fallið hefur. „Enn bætir hann á“.
- Bæta (utan) á sig** (orðtak) Fitna; þyngjast. „Fjandi hefurðu bætt á þig síðan við hittumst síðast“!
- Bæta gráu ofaná svart** (orðtak) Gera illt verri. „Þetta myndi bara bæta gráu ofaná svart“.
- Bæta í** (orðtak) A. Auka við. Of notað um það að stigmagna t.d. söguburð eða frásögn. „Heldur hefur hann bætt í, frá því ég heyrði söguna upphaflega“. B. Um veður; herða; ganga upp; auka. Ýmist sérstætt eða með andlagi. „Ekki er hann mikið að lægja; þvert á móti finnst mér hann heldur vera að bæta í“. „Hann hefur heldur bætt í rínginguna“.
- Bæta í vind** (orðtak) Vinda; auka vind. „Við skulum fara að drífa okkur í land áður en hann bætir meira í vind“.
- Bæta ráð sitt** (orðtak) Sýna betri hegðun/vinnulag/framkomu; verða betri. „Hann hefur bætt ráð sitt eftir þessa uppákomu, og gætir sín betur á þessu“.
- Bæta sér í brjósti** (orðtak) Fá sér sopa af víni; verða dálítið kenndur; finna á sér. „Nú held ég að sé fullt tilefni til að bæta sér örlítið í brjosti; fyrst þetta tókst svona skratti vel“! Sjá *brjóstbirta*; *brjóstbæta sér*; *brjóst*.
- Bæta sér í munni** (orðtak) Fá sér gott að borða; gera sér dagamun í mat/fæði. „Í nokkrum verstöðvum gátu menn bætt sér í munni með eggjum eftir að varptíð byrjaði...“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETh).
- Bæta (ekki/lítið) úr skák** (orðtak) Vera til bóta; bæta. „Ég var forblautur upp á mitti þegar ég skreiddist upp á bakkann, og ekki bætti úr skák að ég hafði tapað öðru stígvélinu í dýnu“.
- Bæta (ekki/lítið) um / Bæta um betur** (orðtak) Bæta við; auka; lagfæra. „Hér þarf greinilega eitthvað að bæta um“. „Þú verður að bæta um betur ef þú vilt ná þessum slag“! „Mér þótti grábólvað að missa kindurnar, og ekki bætti tuðið í karlinum um“.
- Bæta upp** (orðtak) Koma í staðinn; bæta missi; bæta við. „Þetta er bara allsæmilegur afli; hann bætir upp ördeyðuna í gær“. „Eins og skýrslan ber með sér vantar suma til muna fóður, og munu þeir reyna að bæta það upp með aðkeyptu fõðri“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Bæta uppá** (orðtak) Bæta krókum á línu, eftir að þeir hafa farið af. „Hér þarf að bæta tveimur uppá“.
- Bæta úr** (orðtak) Laga; leiðrétta; gera ástand betra. „Þetta bætir dálítið úr, en dugir þó ekki“.
- Bæta (ekki/lítið) úr skák** (orðtak) Lagar (ekki/lítið) ástandið; er (ekki/lítið) til bóta. „Ég var orðinn holdvotur, og ekki bætti úr skák að annað stígvélið var *míglekt*“. Vísun í manntafl.
- Bæta við** (orðtak) Auka; gera/láta/segja í viðbót. „Gummi hafði þegar sett fram hluta af skilmálanum og bætti nú við: „Ég er tilbúinn að standa við það sem ég sagði áðan, en hafi ég rétt fyrir mér fæ ég skrokkinn af þínu lambi““ (PG; Veðmálið).
- Bætanlegt** (l) Unnt að bæta úr/lagfæra/bæta fyrir. „Þessi skaði er allur bætanlegur“.
- Bætifláki** (n, kk) Nú eingöngu notað í orðtakinu að *bera í bætifláka* fyrir einhverjum/einhvern (sjá þar). Málfræðingar hafa ekki treyst sér til að skýra orðið, en það er einnig til t.d. í færeysku máli. Hafa menn helst staðnæmst við land sem er verið að bæta/rækta til slægna eða til að stöðva uppblástur. Víst er að t.d. í Kollsvík var það til síðs meðan gert var út, að bera allt rask/slóg á tún; það sem ekki var nýtt til manneldis eða skepnufóðurs. Þannig komst svo góð rækt t.d. í Grundatún, Hólatún, Láganúpstún og Kollsvíkurtún, að þau spretta enn; öldum síðar, líkt og séu fulláborin með tilbúnum áburði. Þar hafa því vermenn borið mjög í

- bætifláka fyrir bændur. Nú vinna jarðeigendur í Kollsvík að því að slá sínu af sömu túnnum til að bera í bætifláka sem eru að blása upp t.d. á Litlufít. Þar er borið í bætifláka fyrir framtíðarkynslóðir.
- Bættur (sé/veri) skaðinn / Bættur sé þá skaðinn / Það er þá bættur skaðinn** (orðtak) Í góðu lagi; farið hefur fé betra. „Það er nú bættur skaðinn þó stjórnin falli“! „Eru trjáplönturnar dauðar? Bættur sé þá skaðinn; hér á ekki að spilla landslagi með trjám“!
- Böðlast** (s) Glíma við; vinna með erfiðismunum/ óvönduðum aðferðum; fara illa með; láta illa. „Hættiði nú að böðlast uppi á kofanum strákar“!
- Böðlast á** (orðtak) Niðast á; fara illa með. „Vertu nú ekki að böðlast svona á traktornum“!
- Böðlast áfram** (orðtak) Ryðjast áfram; ryðja sér braut; *brauðhófast*. „Það þýðir ekkert að böðlast lengur áfram í þessari ófærð. Við verðum bara að bíða eftir mokstri“.
- Böðulgangur / Böðulsháttur** (n, kk) *Ribbaldaháttur; jarvöðulsháttur; fyrirgangur*; það að ganga illa um og eyðileggja það sem í vegi er. „Hvaða andskotans böðulgangur er í þér; reyndu bara að haga þér skikkanlega“!
- Böðull** (n, kk) A. Sá sem tekur fólk af lífi án persónulegra illinda, t.d. eftir líflátsdóm; sá sem framkvæmir þunga líkamlega refsingu. B. Líkingamál; sá sem fer illa með muni; t.d. *skóböðull; verkfæraböðull*.
- Böðun** (n, kvk) Það að baða/ setja í bað/ fara í bað. „Böðun sauðfjár var samviskusamlega stunduð í Rauðasandshreppi, áður en inngjafarlyf leystu hana af hólmi. Á hverjum bæ var baðþró; oftast steipt fremst í fjárhúsjötu“.
- Böðunarstjóri** (n, kk) Trúnaðarmaður hreppsyfirvalda sem stjórnar því að rétt sé staðið að *sauðfjársöðun*. Fyrri starfsheiti var *kláðaskoðunarmaður*. Sjá *baðstjórn*.
- Böggla** (s) Brjóta/kuðla/hnoða saman; beygla; kilpa. „Pósturinn hafði sérstaka skjalatösku fyrir sendibréf og skjöl, til að þau böggluðust ekki innanum dagblöðin í póstpokanum“. „Hann var með sjóriðu þegar hann kom í land, strákgreyið; svo fæturnir böggluðust dálítið undir honum þegar hann gekk“.
- Bögglasala** (n, kvk) Sala á smámunum í ómerktum bögglum í fjáröflunarskyni; bögglaupboð. „Tvisvar hefir fjelagið (Vestri) selt bögla; öðru sinni fyrir sig sjálft, en hitt skiftið til ágóða fyrir Íþróttaskólann í Reykjavík“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi).
- Bögglingalega** (ao) Klaufalega; óhönduglega. „Skelfing ferðu bögglingalega að þessu“!
- Bögglingalegur** (l) Kaufalegur; óhöndulegur. „Þetta finnst mér fremur bögglingalegur frágangur“!
- Bögglingur** (n, kk) Erfiðismunir; troðsla; þvingun. „Það var dálítill bögglingur að koma fénu í réttina“.
- Böggull** (n, kk) Pinkill; pakki; byrði. „Spennurinn var mikill hjá okkur strákunum, þegar pósturinn tindi hvern jólaböggulinn eftir annan uppúr pokanum“.
- Böggull fylgir skammrifi / Oft fylgir böggull skammrifi** (orðatiltæki) Um það þegar hængur er á kosti; *engin er rós án þyrna*; skyldur fylgja ávinningi; gallar fylgja hlunnindum; kvöð fylgir hnossi o.fl. Bókstafleg merking vísar til þess hvernig ketskrokkur er hlutaður sundur. *Skammrif* nefnast fremstu og stystu rifin í brjóstkassanum. Þegar hlutað var í sundur með gamla laginu var fyrst tekinn magáll; heil beinlaus kringla af kvíðnum. Síðan var skrokkurinn sagaður þvert í sundur, þannig að 2-4 rif fylgdu afturhlutanum/*krofínu*. Bógar voru þvínæst teknir frá framhlutanum og bringukollur einnig. Það sem þá var eftir var háls og skammrif/skammrifsbrók. Þegar bógar voru teknir af vildi stundum verða nokkur ketbiti eftir við skammrifið; aftan herðablaðsins. Þetta er sá böggull sem oft fylgir skammrifi. Önnur upprunaskýring er sú að upprunalega hafi orðtakið „böggull fylgir hverju skammrifi“. Það hafi einnig vísað til hlutunar ketskrokks: Ekki sé unnt að fá bara skammrifið, heldur fylgi bógurinn allur.
- Bögubósi** (n, kk) Sá sem afbakar orð/ kemst klaufalega að orði. „Skelfilegur bögubósi er nú maðurinn“. Sjá *bósi; kvennabósi*.
- Bögulega** (ao) Klaufalega; ankanalega. „Ósköp ferðu nú bögulega að þessu“!
- Bögulegur** (l) Klaufalegur; (um ritsmið/kveðskap:) illa orðað/kveðið. „Mikið er þetta bögulegur kveðskapur“!
- Bögumæli** (n, hk) Rassbaga; orðskrípi; ófullkomið, rangt eða óviðeigandi orð. „Það gæti ært *óstöðugan* að ætla að leiðrétta öll þau bögumæli sem viðhöfð eru *dagsdaglega* af fjölmiðlum þessa lands“.
- Bögumæltur** (l) Hættir til að viðhafa bögumæli/rassbögar. „Sumir eru svo bögumæltir að þeir eru vart talandi“.
- Böksulega** (ao) Böslulega; klaufalega; illa. „Óttalega gengur þér böksulega að reima skóna þína drengur“.
- Bökunar-** Forskeyti fyrir eitt og annað sem viðkemur bakstri; t.d. bökunardropar; bökunarvörur.
- Böl** (n, kvk) Óhamingja; mótdrægni; gæfuleysi; ólán.
- Bölbænir** (n, kvk, fto) Blótsyrði; *heitingar*. „Það stoða víst lítið bölbænir; þessi lúða sést ekki meir“!

- Bölbænasöngur** (n, kk) Miklar bölbænar. „Mér leiðist þessi eilífi bölbænasöngur! Viltu ekki heldur fara bara og lumbra ærlega á honum“?!
- Bölmóður** (n, kk) Svartsýni; víl; hugarangur. „Ég hef ekki nennt að eyða ævinni um of í bölmód og vol“.
- Bölmóðshjal / Bölmóðsvol** (n, hk) *Svartagallsraus; vonleysishjal*. „Það gagnast ekkert bölmóðsvol núna; við verðum bara að hreinsa þessar netadulur og koma þeim aftur í sjóinn“!
- Bölmóður** (n, kk) Vonleysi; þunglyndi. „Skelfilega er ergilegt að heyra þennan sífellda bölmód“. „Byggðin færirst böls í móð,/ bændur stefnu halda./ Telja flestir tröllastóð/ tjóni þessu valda“ (JR; Rósarímur).
- Bölsótast** (s) Blóta; fjargviðrast. „Það þýðir lítið að bölsótast yfir þessu; það bætir ekkert“.
- Bölsýni** (n, kvk) Vonleysi; svartsýni; bölmóður.
- Bölsýnismaður** (n, kk) Sá sem bölsýnn; úrtölumaður.
- Bölsýnn** (l) Svartsýnn; vondaufur. „Vertu ekki svona bölsýnn; þetta bjargast alltsaman“!
- Bölv** (n, hk) Blótsyrði; formælingar. „Vel mátti heyra bölvíð í tudda norðan úr girðingunni“.
- Bölv og ragn** (orðtak) Formælingar; *ljótur/ófagur munnsöfnuður*.
- Bölv** (s) Blóta; formæla. „Ég held að Kollsvíkingar hafi andskotann ekkert bölváð meira en aðrir“.
- Bölv/blóta einhverjum niðurfyrir allar hellur** (orðtak) Heitast við einhvern. „Ég bölváði þeim niðurfyrir allar hellur fyrir að missa féð heim hlíðina“.
- Bölv (einhverju / einhverjum) í sand og ösku** (orðtak) Formæla /blóta einhverju; mikið. „Ég bölváði því í sand og ösku að vera ekki með vasahnifinn“. Vísar líklega til hugmynda manna um aðstæður í Helvíti.
- Bölv og sankar/ragna** (orðtak) Blóta mikið; tala ljótt. „Útvíknamenn tóku oft sterkt til orða og notuðu ýmis áhersluorð en ég held, *fjandakornið*, að þeir hafi ekki bölváð og ragnað í hverri setningu“! „Hann gafst loks upp á að greiða netahnúttinn og rólti heim á leið, bölvandi og sankandi“.
- Bölv/sveia sér uppá / Hengja sig uppá** (orðtak) Leggja heitingar við að satt/rétt sé. „Þú getur bölváð þér uppá það að hann verður farinn að rigna eftir stuttan tíma, þó nú sé sólarglenna; *hafðu mín orð fyrir því*“ „Þú mátt hengja þig uppá að hann er löngu búinn að gleyma þessu“.
- Bölváður** (l) Bannsettur; fjárans; fjandans. „Ég kann ekki við þessar bölváðar rassbögur“!
- Bölváð og snúið** (orðtak) Erfitt að eiga við; erfitt í framkvæmd. „Fjári hefur hann *sett niður* af snjó í nótt. Það gæti orðið bölváð og snúið að komast um traðirnar á Fjörunum í dag“.
- Bölvandi og ragnandi** (orðtak) Með blótsyrði á vör; segjandi ljótt. „Hann var bölvandi og ragnandi yfir þessum andskotans landkröbbum sem kynnu ekki að leggja net“.
- Bölvanlega** (l) Skelfilega; illa. „Mér líður bölvanlega í bakinu eftir kartöfluupptökuna“.
- Bölvanlega settur** (orðtak) Í slæmri stöðu; *illa settur*. „Ég er bölvanlega settur ef smalarnir liggja báðir í pest“!
- Bölvuð sú lygin sem það er** (orðtak) Það er alveg satt. „... og bölvuð sú lygin sem það er... að ég sá fjallsbrúnina hinumegin við fjörðinn undir kviðinn á því (sæskrýmslinu); og það í sjóinn“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).
- Bölvun** (n, kvk) Óhamingja; ógæfa; ólán; álög. „Ég er farinn að halda að einhver bölvun hvíli á þessum bletti“!
- Böndin berast að (einhverjum)** (orðtak) Einhver liggur undir grun um eitthvað athæfi; líkur benda til einhvers. „Ekkert var sannað um uppruna sögunnar, en böndin þóttu helst berast að nágriannum“. Vísar e.t.v. til snöru sem glæpamaður var fyrrum hengdur í, eða fjötra sem hann var lagður í.
- Bönnvað** (l) Bölváð; slæmt; *bennvað*. Vægt blótsyrði. „Bönnvað þurrkleysa er þetta dag eftir dag“. „Þetta er alveg bönnvað“. Oft notað með orðinu „ekkisen“. „Bönnvað *ekkisen* vitleysa er nú í þér“.
- Börkur** (n, kk) Ysta lag á trástofni/trjágrein/ávexti. „Viltu *hýða* börkinn *af* appelsínunni fyrir mig“.
- Börur** (n, kvk, fto) Áhald til að bera. T.d. hjólbörur; sjúkrabörur.
- Bösl** (n, hk, fto) Líklega notað eingöngu um skinnklæði fyrrum, en í seinni tíð algengt yfir föt; einkanlega óhreint tau. „Farðu nú úr þessum skítugu böslum krakki, svo ég getið þvegið af þér“.
- Böslulega** (l) Erfiðlega. „Það gengur dálítið böslulega að ná gemlingunum í hús“.
- Böslulegur** (l) Óhönduglegur; klaufalegur. „Skelfing ertu nú böslulegur við þetta“!
- Bötun** (n, kvk) Breyting til batnaðar; bætt ástand; bati. „Það er hætt við að ýmsir verði tæpir með hey ef engin bötun verður á næstunni“. „Þetta horfir frekar til bötunar“.
- Daðra við** (orðtak) Gera sér dælt við; gæla við; gera hosur sínar grænar fyrir; sýna ástleitni; vera ágenur. Bæði í eiginlegri merkingu, þegar daðrað er við gagnstætt kyn, og afleiddri þegar daðrað er við málefni.

- Daður** (n, hk) Ástleitni. „Mér er *meinlega* við þetta daður þeirra við íhaldið“!
- Daðurdrós** (n, kvk) Kvenmaður sem þykir daðra mikið.
- Dafna** (s) Blómstra; sýna góðan viðgang; þrífast. „Þau virðast dafna ágætlega í borginni“.
- Dag eftir dag** (orðtak) *Hvern daginn eftir annan*. „Svona gekk þetta nú dag eftir dag“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Dag frá degi** (orðtak) Frá einum degi til annars. „Hann hefur verið að herða frostið dag frá degi“.
- Dag og dag / Nótt og nótt / Stund og stund** (orðtök) Einn og einn dag; eina og eina nótt/stund. „Þó ég hafi fengið dag og dag þurran, þá hefur aldrei komið samfelldur og gagnlegur þurrkur“.
- Dag skal að kveldi lofa (en ævi að endalykt)** (orðatiltæki) Þó dagur virðist ágætur að morgni er ekki gott að segja hvernig hann verður allur. Síðari hlutinn var *sárasjaldan* notaður.
- Daga** (s) Koma dagur. „Við hugum að þessu þegar dagar; það er ómögulegt að eiga við það í myrkri“.
- Daga uppi** (orðtak) Dragast svo að ekki komi að gagnist; *dragast úr hömlu; fara fyrir lítið; fara í kaldakol*. „Þessar fyrirætlanir dögðu uppi, eins og mög önnur góð áform“. Vísar til þess að tröll þola illa dagsbirtu og eru því helst á ferli að næurlagi. Fáir þau á sig sólarljós daga þau uppi og verða að steini, eins og traustar heimildir eru fyrir í þjóðsögum og örnefnum. E.t.v. stytting úr „daga uppistandandi/uppisítjandi“.
- Dagalína** (n, kvk) Hugsuð lína sem markar skil milli dagsetninga á jarðarhnettinum og er dregin póla á milli. Dögun færast vesturum hnöttinn og því er mismunandi tími sólarhrings eftir staðsetningu. Með alþjóðlegu samkomulagi hafa dagalínur verið dregnar milli landa. Alþjóðlega dagalínan fylgir baug 180° lengdar frá Greenwich í Bretlandi og er oft nefnd Greenwich-línan.
- Dagamunur** (n, kk) A. Mismunandi ástand á einhverju eftir dögum. „Hann er aðeins hressari upp á síðkastið, en það er samt verulegur dagamunur á ástandinu“. B. Glæðningur; um það að gera sér dagamun.
- Dagatal** (n, hk) Almanak; bók eða annað sem sýnir röð daga og mánaða og hvaða dagar teljast merkisdagar/helgidagar. Einnig er þar stundum annar fróðleikur, s.s. tunglkomur. Á 20.öld urðu vinsæl dagatöl þar sem hver dagur var prentaður á sinn eigin litla miða, sem var svo rifinn af bunkanum í byrjun næsta dags. Kubburinn/bunkinn var festur á spjald sem sýndi árið og var gjarnan með stórrí mynd. Fyrsta verk þess sem árrisulastur var, var að líta út; banka í barómetrið og rífa af dagatalinu.
- Dagbatnandi** (ao) Batnandi með hverjum degi; betri í dag en í gær. „Færðin fer dagbatnandi þessa dagana“.
- Dagblað** (n, hk) Fréttablað sem prentað er daglega og gefið út í fjölríti. „Dagblöð komu á hvert heimili. Langflestir keyptu Tímann, sem var mál gagn framsóknarflokksins, en aðeins fáir yfirlýstir sjálfstæðismenn keyptu Morgunblaðið“.
- Dagblaðapappír** (n, kk) Pappír dagblaða. „Dagblaðapappír var til margs nýtanlegur. Regluleg not voru til uppkeiðju og eldsmatar og sem skeini á kamrinum. Einnig var hann nýttur t.d. í veggfóður, en þá var strigi strengdur á panelinn uppi á lofti í gamla húsinu; dagblaðapappír límdur á með hveitilími og svo málað yfir“.
- Dagbók** (n, kvk) Bók sem maður færir í daglega það sem markvert telst.
- Dagbundið** (l) Um verk sem verður að vinna ákveðinn dag. „Þetta er nú ekki svo dagbundið að við getum ekki frestað því til morguns“. Orðið var almennt vestra en eina dæmið í Orðabók háskólans merkir „daglega“.
- Dagdraumar** (n, kk, fto) Þungir þankar; miklar hugleiðingar. „Það gengur ekki að gleyma sér svo í dagdraumunum að kaffið kólni“!
- Dagfarshægur / Dagfarsprúður** (l) Rólegur að eðlisfari; jafnlyndur; yfirleitt prúður/rólegur, en getur stundum orðið æstur//illskeyttur.
- Dagfátt** (l) Nægir ekki dagurinn. „Mér yrði líklega dagfátt ef ég ætti að lýsa öllum kostum Kollsvíkur í hörgul“.
- Daggardropi / Daggarperla** (n, kk/kvk) Dropi sem myndast við það að raki í loftinu þéttist; t.d. á grasi eða innaná húsbekju. Daggardropi er einnig líkingamál um smásopa: „Áttu ekki einhvern daggardropa fyrir mig að drekka“? „Það var ekki daggardropi í flöskunni þegar hann skilaði henni“.
- Daggarður** (n, kk) Rýtingur; langur hnífur. „Þetta er heilmikill daggarður“!
- Daggarmark** (n, hk) Það hitastig lofts sem dökk fer að myndast úr rakamettun þess. Daggarmark er mjög háð hita og loftþrýstingi. Þannig getur rignt úr röku lofti við kólnun, þó rakastig breytist ekki.
- Daggarvotur** (n, kvk) Væta í grasi. Sagt var að það væri daggarvott ef svo mikið áfall var eftir nóttina að döggin perlaði á grasinu. Er þá eins og grá slíkja sé yfir öllum grasflötum og greinilegar slóðir myndast þar sem gengið er um. Það getur einnig gerst í fingerðri súld og hægviðri. Stundum var sagt í þessu efni; „það er dökk í grasi“.

Daginn út og inn (orðtak) Yfir allan daginn; um alla daga; allan liðlangan daginn; *siknt og heilagt..* „Vertu nú ekki að þessu eilífa suði drengur; daginn út og inn“!

Daglangt (ao) Yfir daginn; fram eftir deginum. „Hann var daglangt að gera við traktorinn“.

Daglaun (n, hk, fto) Laun fyrir einn vinnudag. Oft er átt við dagvinnutaxta en ekki eftirvinnutaxta.

Daglaunamaður (n, kk) Sá sem vinnur fyrir launum dag eftir dag. Oft notað til aðgreiningar frá þeim sem er á mánaðarkaupi, þannig að ekki er haldið saman vinnustundum eins nákvæmlega.

Daglát (n, hk, fto) Ferill dagsins. Einungis notað núna í orðtakinu að *dreyma fyrir daglátum* (sjá þar).

Dagleg störf (orðtak) Það sem vinna þarf á hverjum degi, eða þar um bil. „Jafnan var þess gætt heima, að ofbjóða ekki unglíngum með erfðisvinnu. Hinsvegar þótti það sjálfsagt og eðlilegt að allir, jafnt yngri sem eldri, tækju þátt í daglegum störfum; hver eftir sinni getu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Daglega (ao) Á hverjum degi. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Daglegt brauð / Daglegur viðburður (orðtök) Það sem gerist oft/daglega. „Það er nú að verða daglegt brauð að símafjandinn bilar“!

Dagmál (n, hk, fto) Eyktarmark að fornu; klukkan 9.00 að morgni. Dagmálavarða nefnist varða við gamla veginn frá Kollsvík upp í Húsadal, skammt frá klettinum ofan Árnateigs. „Þar voru miðuð dagmál frá gamla bænum í Kollsvík“ (GT;VT; Örnefnaskrá Kollsvíkur).

Dagmáglenna (n, kvk) Um það þegar birtir til úr þungbúnu veðri/ styttir upp með morgninum, en líklegt að fljótlega þykni upp/ fari að rigna þegar líður meira á morguninn. „Þetta er nú líklega bara dagmáglenna“.

Dagpartur (n, kk) Hluti úr degi; stundarkorn. „Ég var góðan dagpart í þessu verki“.

Dagrenning (n, kvk) Sá tími dags þegar dagsbirtu fer að gæta; sólrís; dagmál. „Ætli við segjum þetta ekki gott í dag; það er farið að skyggja. Við byrjum frekar í dagrenningu aftur“.

Dagsbirta (n, kvk) Dagsljós; birta dagsins. „Reynum að klára þetta áður en þrýtur dagsbirtuna“.

Dagsdaglega (ao) Daglega; á hverjum degi. „Hann hafði þann sið að ganga dagsdaglega niður að sjó“.

Dagsatt (l) Alveg satt; *blátær sannleikur*. „...og þetta ku vera dagsatt segir sveitarómur, sem sjaldan lýgur“.

Dagsbirta / Dagsljós / Dagskíma (n, kvk/hk) Birta að degi til. „Ég ætla að reyna að klára þetta meðan dagsbirtan endist“. „Það er nú betra að eiga við þetta í dagsljósi en í rökkri“.

Dagsdaglega (ao) Daglega; á hverjum degi. „Hún er farin að iðka það dagsdaglega að stökkva yfir girðinguna“.

Dagsetja (orðtak) Ákveða að hafi skeð/ muni ske á tilteknum degi. „Ég er enn ekki búinn að dagsetja brottför“.

Dagsetning (n, kvk) Tilgreining dags, t.d. eftir röð hans í mánuði, viku eða tunglviku.

Dagsetur (n, hk) Lok dags; aftann; kvöld. Samsett úr dagur og sólsetur.

Dagsgamall (l) Eins dags gamall.

Dagskipan (n, kvk) Áætlanir/fyrirskipanir um það sem gera skal tiltekinn dag eða yfir ákveðinn tíma.

Dagskrá (n, kvk) Skipulag; röðun verka/viðburða.

Dagskrártillaga (n, kvk) Tillaga um röðun málefna á dagskrá fundar. „Þá kom fram svohljóðandi dagskrártillaga frá Birni Loftssyni“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Dagsláttá (n, kvk) Sá blettur sem sláttumanni var ætlað að slá á einum degi; *teigur*; eyrisvöllur; 10 álna völlur; engjateigur; 30 faðmar á hvern kant í túni, en 40 faðmar á kant í útengi“.

Dagsmerki (n, hk) Eyktamark. „Nónskegg er klettabrák, slétt upp en standar á, eins og Síðaskegg. Það var dagsmerki, og var borðað er sól var þar kl 3.00. Þetta merki var notað víðar af Sandinum“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns). Annarsstaðar segir: „Þegar skugginn af Nónskegginu er kominn á grasteig er farið að borða nónbitann“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).

Dagstund (n, kvk) Stund að degi til; hluti úr degi. „Hver einasta dagstund var notuð“.

Dagsverk (n, hk) Verk sem unnið er yfir einn dag. „Þar sem þetta var í byrjun sláturtíðar þetta haustið, gekk dagsverkið heldur hægar en áætlað hafði verið og voru menn bæði þreyttir og svangir að því loknu“ (PG; Veðmálið).

Dagtími (n, kk) Tími að dagi til.

Dagur (n, kk) A. Tíminn milli sólarupprásar og sólarlags. B. Sólarhringur, t.d. milli miðnætta.

Dagur kemur eftir þennan dag (orðatiltæki) Sjá *kemur dagur eftir þennan dag*.

Dagverður (n, kk) Helsta máltíð dagsins.

Dagversnandi (l) Versnandi með hverjum deginum sem líður. „Verkurinn lagðaðist ekki, heldur fór dagversnandi“.

Dagvinna (n, kvk) Vinna sem unnin er að deginum; verk sem unnið er innan dagvinnutíma, samkvæmt kjarasamningum; ekki yfirvinna/kvöldinna/næturvinna.

Dagþrota (ao) Þegar dagurinn endist ekki til tiltekins verk verður maður dagþrota við það. „Þeir aftaka alveg að fara þetta; segja að við verðum dagþrota fljótlega...“ Frásögn ÁE (MG; Látrabjarg).

Dala (s) Síga/lauta niður; minnka; ganga niður. „Mér finnst að mesti ofstopinn í veðrinu sé farinn að dala“.

Dalalæða (n, kvk) *Sjólæða*; þunn þokuslæða sem liggur oft niðri við jörð í fremur þunnu lagi, en bjart í kring og ofan- og neðanvið hana. Verður til við hitabreytingar, t.d. þegar hlýtt og rakt loft leggst á kalda jörð.

Dalamaður (n, kk) Maður /manneskja úr Dalasýslu.

Dalbotn / Dalsbotn (n, kk) Botn dals. „Úr Kollsvíkurtó sést vel fram í Dalbotn og Dalbrekkur“.

Dalbrekkur (n, kvk, fto) Aflíðandi brekkur beggja megin í dal. „Dalbrekkur er t.d. örnefni í Vatnadal“.

Daldrög / Dalmót (n, hk, fto) Innsti hluti dals, þar sem byrjar að halla niður í hann.

Dalkvos / Dalskál (n, kvk) Lítil skálarlaga dalur.

Dalli (n, kk) Nafn á kunnum draug sem dregur nafn af Sauðlauksdal. Upprunalega var hann sendur séra Gísla Ólafssyni, líklega um 1827 (skv.frás. BÞ). Segir BÞ að Gísli hafi ráðið sláttumann úr Stykkishólmi; Jón bura, en honum hafi fylgt fylgja í barnslíki sem tafði hann við sláttinn. Tók það ekki enda fyrir en Gísli las yfir honum úr Árnastöllu, en sláttuteigurinn í Sauðlauksdal ber það nafn síðan. Eftir að Jón buri var farinn varð Gísli og hans fólk fyrir mikilli draugaásókn og m.a. ærðust börn hans. Draugurinn settist að í Sauðlauksdal; hlaut nafnið Dalli og hefur verið talinn fylgja afkomendum séra Gísla fram á þennan dag. Allt til loka 20.aldar var honum kennt um allt sem úrskæðis fór hjá þeim, og fyrir komu þeirra á aðra bæi.

Dallur (n, kk) A. Kyrna; koppur; skál. „Settu þetta í dallinn hjá hundinum“. B. Niðrandi heiti á skipi.

Dalmót (n, hk, fto) Daldrög; innst í dal; þar sem dalur byrjar; grunnur/ógreinilegur dalur.

Dalsmynni (n, n, hk) Ysti hluti dals; þar sem dalur endar/öppnast.

XXXXXXXXX Dalur (n, kk) A. Ílöng stór lægð/dæld í landslagi, stærri en laut. T.d. Vatnadalur; Húsadalur; Geldingsskorardalur o.fl. B. Dollar; mynt í nokkrum myntkerfum, t.d. Bandaríkjadalur; Kanadadalur o.fl.

Dalverpi (n, hk) Lægð á mörkum tveggja dýpri dala. „Framan við Skeifnabrjót hækkar landið og dalurinn beygir meir og meir vestur í Dalverpið, en það er lægð sem liggur alla leið til Keflavíkur“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Damla (s) A. Róa. „Samúel damlaði á árnar“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík). „Ætli við reynum ekki að damla bara á árum; óþarfi að gangsetna vél til að kippa“. B. Ganga í rólegheitum. „Ég ætla að damla hérna niður að Görðum og gá hvernig flýgur“.

Damla undir (orðtak) Róa með til að flýta för í hæglæti, þegar segl eru uppi.

Damma (s) Sigla sinn sjó; fara sína leið; ónytast. „Þessir skór eru búnir að lifa sitt fegursta; ég held ég láti þá bara damma“. „Ég nenni ekki að eltast við þessa snarvitlauu skepnu; ég lét hana bara damma“.

Dammur (n, kk) For; haugur; *drulludammur*. „Flórinn er skafinn og damminum ekið í hjólbörum út á haug.“

Dampur (n, kk) Gufa. M.a. notað um það þegar gufaði úr þurrhevi þegar hitnaði í því í hlöðu og *stakkur* myndaðist ofan á heyinu. Einnig var talað um að *halda dampi* í einhverju, t.d. pípu, eldavél eða eldi í reykingakofa, og þá átt við að eldurinn/glóðin logaði áfram.

Dandalast (s) Eigra; hangsa. „Hann er að dandalast einhversstaðar á bæjum í stað þess að nýta sjóveðrið“.

Dangl (n, hk) Létt högg, síendurtekið. „Það þýðir ekkert svona dagl; gefðu veggnum almennilegt *drag*“!

Dangla (s) Slá létt; Lemja laust. „Sumir segja að hann hafi danglað lítilsháttar með skeftinu í höfuð kaftsins um leið“ (MG; Látrabjarg).

Danka (s) Vera í reiðuleysi. „Það er ekki undarlegt að féð liggi í túnunum ef girðingarnar eru látnar danka“.

Dannaður (l) Síðaður; uppallinn. „Þeir virtust nú ekki vera vel dannaðir allir í Verinu áður fyrr“.

Dannelsi (n, hk) Mannasiðir; kurteisi. „Hvurskonar dannelsi er þetta í þér drengur“!

Dansa með (orðtak) Gera eins og aðrir í kring. „Ætli maður verði ekki að dansa með samtímanum og fá sér tölvu“.

- Dansiball / Dansskemmtun** (n, hk/kvk) Dansleikur; ball. „Haldnar voru miklar samkomur á hverju sumri. Þær hófust á laugardegi og þá var dansiball um kvöldið í húsi ungmennafélagsins Vonar (á Rauðasandi)“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90). „Eina eða tvær dansskemmtanir hefur það (Umf Von) haft á vetri“ (ES; Ungmennafélag í Rauðasandshreppi).
- Daprast** (s) Verða lélegri; versna. „Mér er farin að daprast sjón með árunum“. „Hrífurnar eru farnar að daprast og týna tindunum“.
- Dasaður** (l) Örpreyttur; velktur. „...menn komu ekki heim fyrir en kl 11 um kvöldið, blautir og dasaðir“ (MG; Látrabjarg).
- Dasast** (s) Verða dasaður/preyttur/máttlaus. „Ég var farinn að dasast af öllum hlaupunum, en lambið líka“.
- Dasfiski** (n, hk) Hausar og slóg úr fiski. Notkun orðsins er lítil í seinni tíð. „Heiter á Vestfirðum allra handa trosfiske; ludur, steinbitar, keilur, qvod alibi matfiske..... Rask og das. Id est höfuðkinnar, steinbitskinnar, þorskhöfuð, slóg fyrir utan lifur. Kallast öðru nafni dasfiski“ (Jarðabók ÁM, PV);
- Datt mér ekki í hug** (orðtak) *Grunaði ekki Gvend*; mig grunaði þetta. „Upphrópun sem viðhöfð er þegar illur grunur verður að veruleika. „Já, datt mér ekki í hug; skrapp hann út í Kofahelli eftir eggjum“?!
- Dauðadoppulegur** (l) Daufur, daufgerður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Dauðadæmt** (l) A. Eiginleg merking. B. Glatað; *fatalt*; dæmt til að mistakast. „Þessi fyrirætlun var svo heimskuleg að hún var dauðadæmd frá byrjun“.
- Dauðafæri** (n, hk) Um það þegar veiðibráð kemur mjög nærri“. „Þegar búið er að skjóta nokkra máfa koma hinir oft í dauðafæri til að frýnast í þá“.
- Dauðakýrrð** (n, kvk) Lger þögn/ró. „Dauðakýrrð ríkti í salnum þegar hann tók til máls“.
- Dauðalegt** (l) Ekki líflegt; dautt. „Asskoti er þetta dauðalegt hérna; ég held við ættum að kippa aðeins norður“
- Dauðans** (ao) Áhersluorð framan lýsandi nafnorðs. „Hvaða dauðans bull er nú í þér“?! „Hverskonar dauðans bjánar geta þessir menn verið; að ætla að æða á sjó í svona útliti“!
- Dauðans matur** (orðtak) *Við dauðans dyr*; nærri dáinn/dauður. „Hefði syllan brosið undan mér örlítið fyrir hefði ég verið dauðans matur“.
- Dauðasjólaust** (l) Alveg sjólaust; engin undiralda. „Það er dálítið gráð í golunni, en alveg dauðasjólaust“.
- Dauðasök** (n, kvk) Mjög alvarleg synd/yfirsjón. „Það er nú kannski engin dauðasök þó maður leysi vind í kirkjunni! Þetta er nú einusinni það sem guð áskapaði manninum“.
- Dauðatregur** (l) Um fiskirí; mjög dræmt; *naudatregur*. „Hann var dauðatregur nema rétt yfir *blásnúninginn*“.
- Dauðaðþögn** (n, kvk) Algert hljóð; alger kýrrð; „Dauðaðþögn ríkti í salnum meðan hann fór með kvæðið“.
- Dauðbilt** (ao) Mjög *hverft/bilt*. „Þú gerðir mér dauðbilt við með þessum hávaða“.
- Dauðblóðgaður** (l) Um fisk; blóðgaður eftir að hann er dauður, þannig að blóð rennur ekki eða illa úr æðum. Slíkt skeður einkum við netaveiði, en þorskfiskar drepast fljótt í netum. Dauðblóðgaður fiskur er gjarnan með blóðhlaupnu holdi og ekki góð mat- eða söluvara.
- Dauðbregða** (s) Verða mjög bilt við; hrökkva við með skelfingu. „Mér dauðbrá þegar öndin flaug upp“.
- Dauðfeginn** (l) Mjög feginn. „Ég yrði dauðfeginn að losna við að fara þetta“.
- Dauðir hlutir** (orðtak) Skiptahlutir af afla (fiski, eggjum eða fugli) vegna kostnaðar við búnað sem til þarf. „Auk *hásetahlutar* var formannshlutur og ennfremur dauðir hlutir, einkum skipshlutur, veiðarfærahlutur og beituhlutur“ (LK; Ísl.sjávarhættir). „Í bjargferðum voru dauðu hlutirnir einkum landshlutur til landeiganda og vaðarhlutur meðan vaðir voru mjög dýrir. Á síðari tímum er, auk landshlutar, tekinn hlutur vegna báta ef farið er undir, eða bíla ef ekið er langt um slæma vegi. Sigari fær áhættuhlut, en það er ekki dauður hlutur“.
- Dauðkalinn** (l) Kalinn til dauðs; dauður úr kulda/ af kalsárum. „... þar sem ekki var dauðkalið tún, þaut grasið upp með ofsahraða, svo innan skamms var komin góð slægja“ (ÞJ; Arb.Barð 1968).
- Dauðlanga** (s) Langa mikið. „Mig dauðlangar að setja báða hrútana á“.
- Dauðleiðast / Drepleiðast** (s) Vera mjög leiður; leiðast mjög mikið. „Mér dauðleiðast þessar sífelldu úrtölur“. „Honum drepleiddist að hanga yfir skræðunum fyrir vorþrófið“.
- Dauðlerkaður** (l) Örpreyttur; *dauðlúinn*. „...þegar þeir komu að landi dauðlerkaðir með *punghlaðinn* bát...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II). Orðið finnst ekki í orðabókum en var notað í Kollsvík.
- Dauðlúinn/ Dauðuppeginn / Dauðpreyttur** (l) Mjög þreyttur; *dauðlerkaður*; *sárlúinn*. „Ég er bara dauðlúinn eftir þessa törn“.

- Dauðrota** (s) Rota til dauðs. „Mávurinn hfði ekki drepist alveg við skotið en ég dauðrotaði hann við stein, og bar hann að Byrginu“.
- Dauðsfall** (n, hk) Andlát; dauði. „Það hafa orðið nokkuð mörg dauðsföll í þeirri fjölskyldu á stuttum tíma“.
- Dauðskammast sín** (orðtak) Verða mjög skömmustulegur /uppfullur af mikilli skömm/effirsjá/sektarkennd. „Ég dauðskammaðist mín eftirá fyrir að þetta, og það hann afsökunar“
- Dauðskotinn** (l) Skotinn til dauðs í einu skoti. „Mér sýnist að þessi máfur sé dauðskotinn; láttu hann liggja“.
- Dauðsmannsgröf** (n, kvk) Legstaður manns. Notað í líkingum: „Hér er hljótt *eins og í dauðsmannsgröf*“.
- Dauðsyfjaður** (l) Mjög syfjaður. „Ég held ég fari bara að *draga mig í bælið*; ég er orðinn dauðsyfjaður“.
- Dauður/daufur er barnlaus bær** (orðdæmi) Börn lífga upp á tilveruna með kátínu sinni, einlægni og leikjum, en einnig þarf að sinna þeirra þörfum.
- Dauður sími** (orðtak) Símasambandslaust; slitin símalína. „Það er alveg dauður síminn. Línan hlýtur að liggja einhversstaðar í jörð því það er fjári þungt að hringja“.
- Dauður úr öllum æðum** (orðtak) Slappur; linur; líflaus. „Ekki var karlinn dauður úr öllum æðum, því barn eignaðist hann í ellinni“.
- Dauðyflisháttur** (n, kk) Dratthalaháttur; sofandaháttur. „Hverskonar dauðyflisháttur er það að ganga ekki betur frá bátum“?
- Dauður hlutur** (orðtak) *Skiptahlutur* úr afla sem ekki er vegna vinnuframlags heldur verðmæta sem einhver leggur fram umfram aðra til að aflinn fái. „...útgerðarmaður, sem oftast var jafnframt formaður, tók tvo hluti fyrir sig og dauðan hlut fyrir bát og veiðarfæri“ (KJK; Kollsvíkurveg). Í bjargferðum var *landshlutur* dauður hlutur og hafði verið frá fornu fari. Hann mega aðkomumenn skilja eftir á brún. Einn maður sem fer í bjarg án aðstoðar þarf ekki að skila landshlut. Þá hafði *vaðhlutur* lengi verið hefð. Í seinni tíma eggjaferðum var skipt út dauðum hlutum fyrir farartæki og ef einhver hafði lagt út annan dýran búnað. *Leskingja* hirðir eigandi skiptavallar. „Hver þátttakandi fékk einn hlut, en *sigarar* fengu auk þess *hættuhlut*; heilan hlut að auki. Svo var *vaðarhlutur* og *bjarghlutur*; hvortveggja „dauðir hlutir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Dauður sjór** (orðtak) Um mikið tregfiski; *ekki branda úr sjó*; ekki kvikindi að hafa; engin veiði; *ördeyða*. „Við börðum bæði grunnt og djúpt, en það var bara steindauður sjór allsstaðar; bara fáeinar pöddur“!
- Dauður tími** (orðtak) Tími aðgerðaleysis. „Við nýttum dauða tímamann til að grípa í spil“.
- Dauðyfli** (n, hk) Yfirmáta *daufgerður*/latur maður. „Þvílíku andskotans dauðyfli hef ég aldrei fyrr kynnst; það *dettur hvorki né drýpur af honum*; sama hvað mikið liggur við“!
- Dauðyflislegur** (l) Eins og dauðyfli; mjög latur/daufgerður. „Skelfing ertu dauðyflislegur í morgunsárið“.
- Dauðþyrstur** (l) Mjög þyrstur; nær dauða af þorsta. „Ég var orðinn dauðþyrstur og *svolgraði* í mig úr tjörninni, þó ekki væri vatnið kannski gott eða heilsusamlegt“.
- Dauðöfunda** (s) Öfunda mikið. „Ég dauðöfundaði hann af þessum dýrindis hníf“.
- Daufgerður** (l) Dauðyflislegur; yfirmáta rólegur/aðgerðalaus að eðlisfari.
- Daufheyrast** (s) *Skella skollaeyrum við*; virða ekki svars; verða ekki við. „Þeir eru vanir að daufheyrast við öllu sem kemur hér vestanað, þessir *skrattakollar* fyrir sunnan“.
- Dauflega** (ao) Treglega; illa; dapurlega. „Mér list fremur dauflega á að þetta takist“.
- Dauflegur** (l) Tregur; ekki líflegur. „Heldur er þetta nú daufleg veiði“.
- Daufur** (l) A. Bragðdaufur. B. Ókátur. „Hún er dálítið dauf í dálkin þessa stundina“. C. Linur (um þurrk). „Þetta er óttalega daufur þurrkur“. D. Lítill (um sjó) „Hann er nú heldur daufari en í gær, finnst mér“.
- Daufur í dálkinn** (orðtak) Niðurlútur; ókátur; dapur. „Hversvegna ertu svona daufur í dálkinn lambið mitt“? Líkingin er dregin af því að bolfiskur getur verið daufur (illa saltaður) við hrygginn (*dálkinn*), og gat þar orðið skemmdur eða bragðlaus þegar hann var snæddur. „Við héldum áfram ferð okkar út í Kollsvík og vorum heldur daufir í dálkinn“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Daufur þurrkur** (orðtak) Ekki mikill/góður þurrkur; *linur þurrkur*; *deyfa*. „Ári er nú daufur þurrkurinn“.
- Daunillur** (l) Illa þefjandi/lyktandi; þefillur; fúll. „Mikið andskoti var þetta daunillur viðrekstur“.
- Daus** (n, kk) Rass; sitjandi. „Sittu kyrr á þínum daus; ég skal sækja sykur í kaffið“. „Rækjum haus og heilabú,/ hæfir dausi fremur/ sálmaraus og svikul trú;/ svona ausið piltar nú!“ (JR; Rósarímur).
- Dausgörn** (n, kvk) Rassgörn. „Rista þarf í kringum dausgörnina áður en tekið er innan úr (skrokknum)“.

- Dautt í** (orðtak) Eldurinn *slokknaður* í bákestinum/sígarettunni/pípunni o.fl. „Nú er dautt í hjá mér; áttu eld“?
- Dautt undir** (orðtak) *Slokknuð* glóð undir torfi í reykhusi. „Mér sýnist að það sé dautt undir í kofanum. Kannski var sprekið ekki nógu þurr“.
- Dádera við** (orðtak) Dekra; þjóna; gæla; *láta með*. „Konfekt með kaffinu! Það er aldeilis dáderað við mann í dag“. „Það ætlar að dádera við okkur veðrið“!
- Dáderingar** (n, kvk, fto) Dekur; þjónusta; *snúningalipurð*. „Heldur eru það nú dáderingarnar! Farðu nú að hætta að bera fleiri tertur á borðið“!
- Dágóður** (l) Töluvert mikill. „Það er dágóður spölur að röлта fram í Víðilæki“. „Þeir fengu dágóðan slatta í tunnu eftir þessa vitjun“. „Þar var berjaland dágott“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). „Þótt línan væri ekki lengri en þetta fékkst oft dágóður afli á hana.“ (KJK; Kollsvíkurver). „Svo þetta var nú dágóður fengur fyrir okkur, og við vorum ánægðir með þetta“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Dálaglega** (ao) Mjög vel/fallega. Notað í kaldhæðni í seinni tíð: „Þetta fór dálaglega; að missa kindurnar“!
- Dálaglegt** (l) Upphrópun; merkir mjög fallett, en notað í öfugri merkingu. „Þetta er dálaglegt uppákoma; hrúturinn sloppinn úr stíunni og eflaust búinn að embætta í alla nótt“! „Það er dálaglegt, eða hitt þó heldur“!
- Dálkhelmingur / Meyjarhelmingur** (n, kk) Helmingar flatts og herts steinbíts (með gamla laginu). Dálkhelmingi fylgir hluti dálks/hryggs, en meyarhelmingi gotraufarugginn. „Steinbítur var borðaður nýr og saltaður, en þó oftast harður... Þegar honum var *sundrað* í tvennt var tekið í hvorn helming og rífið um hnéd. Markið fylgdi þá *dálkhelmingnum* ásamt sporði og bekugga. Kroppað var úr hryggjarliðunum og þar í kring; kallað að *vinna að markinu*. Konum var ætlaður *meyjarhelmingurinn*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÖETH).
- Dálkur** (n, kk) A. Hryggur í fiski. Þegar þorskur er fluttur er meirihluti dálksins skorinn úr. Dálkar voru áður gefnir sauðfé ásamt öðrum *ræksnum*, eða þau voru notuð sem áburður á tún. B. Lóðrétt afmarkað svæði á blaði eða í bók. C. Hnífur sem hafður er í slíðri í belti. „Lánaðu mér aðeins dálkinn þinn“.
- Dáma** (s) Líka. „Ja, nú dármar mér ekki“ var stundum notað sem upphrópun þegar fólki kom eitthvað illilega á óvart. Orðið heyrðist lítið þar fyrir utan nema í samsetningunni *ódámur*.
- Dámikill** (l) Nokkuð mikill; all verulegur. „Við fengum bara dámikinn afla þarna yfir snúninginn“.
- Dámur** (n, kk) Þefur fnykur; lykt. Lítið notað nema sem orðhluti, t.d. *ódámur*, og í orðasamböndum; *dregur hver dám af sínum sessunaut*.
- Dánarbeður** (n, kk) Rúm sem maður liggur *banaleguna* í. „Á dánarbeði sínum upplýsti hún um raunverulegt faðerni stúlkunnar“.
- Dáraskapur** (n, kk) Hrekkir; óþokkabragð. „Ég kann ekki að meta svona dáraskap“!
- Dásama** (s) Dást að; lofsyngja. „Hann þreytist seint á að dásama þessa vonlausu ríkisstjórn“.
- Dásemdartíð** (n, kvk) Einstaklega gott tíðarfar. „Þetta er nú meiri dásemdartíðin“.
- Dásemi/ Dásemd** (n, kvk) Finheit; gæði; gersemi. Oft notað í háði. „Það er nú engin dásemi þetta hreysi“.
- Dável** (ao) Mjög vel/snoturlega/lipurlega. „Honum *först* þetta dável *úr hendi*“.
- Dedúa** (s) Dunda; hafa fyrir stafni. „Hann er eitthvað að dedúa við hrífur í óþurrkinum“. Hvað hefur þú verið að dedúa upp á síðkastið? Oftast með endingunni „við“. „Ég hef verið að dedúa við bílinn“.
- Defekt** (l) Bilað; óeðlilegt. „Það er nú eitthvað defekt við ganginn í vélinni núna“.
- Deiggeðja** (l) Meir í lund; ekki hugaður; óstaðfastur. „Bakkus hefur oft verið erfiður deiggeðja sálum“.
- Degi hallar** (orðtak) Komið framyfir miðjan dag; kominn seinnipartur dags. „Degi var farið að halla þegar við komum með reksturinn að réttinni“.
- Deginum ljósara** (orðtak) Mjög augljóst. „Það er orðið deginum ljósara að hann hafði rangt fyrir sér“.
- Deigja** (n, kvk) Raki; væta. „Það þarf að taka ofan og undan göltunum og breiða það sem einhver deigja er í; hitt má hirða strax í hlöðu“.
- Deigla** (n, kvk) Hitabolið ílát sem málmur er bræddur í þegar unnið er úr honum, t.d. við málmsteypu. „Blýið bræddi hann með gasbrennara, í deiglu úr blikki“. Sjá í *deigluinni*.
- Deiglumór** (n, kk) *Smiðjumór*; *smiðjuleir*; hvarfleir; ísaldarleir úr *móhellu* sem notaður var til þess m.a. að búa til steypumót til málmsmiði og þetta afl í smiðjum.
- Deigur** (l) Linur; meyr; mjúkur. „Það er svo deigt járníð í bitanum að hann bognar eins og smér“. Sjá *svo má brýna deigt járn að bita*.

Deila um keisarans skegg (orðtak) Deila/rífast um það sem ekki skiptir máli. Mun vísa til deilna um það hvort einhver valdamaður hafi verið skeggjaður eða skegglaus, sem vissulega skiptir minna máli en stjórnarhættir hans. „Nú erum við farnir að deila um keisarans skegg“!

Deildar meiningar (orðtak) Skiptar skoðanir; aðilar ósammála. „Upphófst nú mikið skvaldur og voru uppi deildar meiningar um ágreiningsefnið“ (PG; Veðmálið).

Deildarmyrkvi (n, kk) Myrkvun tungls að hluta; sjá *almyrkvi*; *sólmyrkvi*.

Deildarstjóri (n, kk) Stjórnandi deildar, t.d. í kaupfélagi/pöntunarfélagi. „Ég var þá orðinn deildarstjóri hjá Pöntunarfélagi Rauðasandsshrepps, og geymdi ég skjöl deildarinnar í kistlinum og hafði hann jafnframt fyrir skrifborð“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Deiluefni / Deilumál (n, hk) Tilefni þrætu. „Alltaf virðast þeir geta fundið sér nýtt deiluefni þó önnur séu leyst“. „Ekki man ég eftir neinu meiriháttar deilumáli fyrir á tíð sem sundraði byggðinni, líkt og síðar varð“.

Deilugjarn (l) Þrasgjarn; hættir til að lenda iðulega í deilum. „Nýi bóndinn á höfuðbólínu reyndist deilugjarn í meira lagi. Hann lenti fljótlega uppá kant við flesta nággranna sína og aðra í hreppnum; missti konuna frá sér og endaði með því að flosna upp sjálfur“.

Dekk (n, hk) A. Hjólbarði. B. Á báti; þilfar; þekja sem lokar bátsskrokknum.

Dekka (s) Þekja; ná yfir. „Málningin dugir varla til að dekka allan flötinn“. „Fjárveitingin dekkar allan útlagðan kostnað“.

Dekkbátur (n, kk) Bátur með *dekki*/þilfari; trilla; trillubátur. „Skip landnámsmanna hafa eflaust að hluta verið dekkuð að einhverju leiti. Skútur voru í raun dekkskip, þar sem þilfar lokaði rýminu niðri í skipinu; lestum, áhafnarrýmum og öðrum. Hinsvegar var ekki farið að tala um dekkbata fyrir en með tilkomu trillanna; um 6-12 tonna vélknúinna báta, þar sem fáir voru í áhöfn; oft einn maður. Kollsvíkurveg hafði lagst af sem útgerðarstaður þegar dekkbátar urðu algengir, enda óhægt um vik að taka þá daglega á land“. „...fengum við því lítinn dekkbát til þess að fara með okkur til Þingeyrar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Dekksel (n, hk) Strokklok á vél; „head“. „Það þarf að festa dekkselið niður á réttan hátt“.

Dekstra (s) Lokka; beita fortölum; ganga eftir sérvisku. „Það þurfti dálítið að dekstra hann í byrjun, en svo vann hann af áhuga“

Dekstur (n, hk) Dekur; velgjörðir. „Mér þykir það óhóflegt dekstur að roðfletta flökin í kjaftinn á þeim“.

Dekurdýr (n, hk) / **Dekurrófa** / **Dekurskjóða** (n, kvk) Dýr eða manneskja sem dekrað er við. „Hún er nú að verða ferlegt dekurdýr, stelpa“.

Delerí (n, hk) Rugl; *della*. „Þetta er nú bara hálfgerð delerí hjá þér, þetta evrópudaður“!

Deli (n, kk) Skúrkur; þrjótur. „Hvað vill nú þessi deli upp á dekk“?!

Delíkvent (n, kk) Þrjótur; sakamaður. „Hvað eru svona delíkventar að gera á þorrablót“. Oft stytt í „deli“.

Della (n, kvk) Rugl; vitleysa; delerí. „Óttaleg della er nú þetta; að halda að við getum náð einhverjum hagstæðum samningum við þetta Evrópusamband“!

Demba (n, kvk) Skyndileg hellirigning. Til frekari áherslu var stundum talað um *hellidembu*.

Dembúll (n, kk) Höfuðfat; eingöngu notað um kuldahúfu með eyrnaskjólum sem ýmist var bundin undir kverk eða yfir hvirfil. Var m.a. haft yfir loðföðraðar skinnhúfur með þessu lagi.

Demón (n, kk) Skratti; djöfull. „Það kemur stundum í hann þessi demón um helgar; að þurfa að fá sér í glas“.

Dempa niður (orðtak) Róa; hægja á; lækka hljóð. „Dempaðu nú aðeins niður í þessu gargi í útvarpinu“!

Dengilegur (l) Dægilegur; efnilegur; til einhvers nýtur. „Mér sýnist hann ekki dengilegur þessi lambkægill. Það er óvíst að hann hjari“. „Hann er vel dengilegur drengurinn; varð hæstur í sínum bekk“! Orðið finnst ekki í orðabókum en var sumum tamt í munni í Kollsvík.

Dengja (s) Slá heitt járn til í æskilega lögun. Dengja þurfti ljái sem tíðkuðust á fyrri tíð, til að fá í þá bit. „...viðarkol voru notuð til járnvinnslu og smíða áður, og til að hita gömlu ljáina svo hægt væri að dengja þá. Við denginguna var egginn þynnt, svo ljárinn biti“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Dengja saman (orðtak) Hróga/hauga saman; blanda saman. „Við skulum dengja þessu hér saman í haug“.

Dengja úr (orðtak) Ná út úr; nýta. „Við skulum sjá hort ekki er hægt að dengja eitthvað úr stráknum; hann getur allavegana nýst til snúninga“. „Hrífan er orðin léleg, en kannski má dengja úr henni einn dag enn“.

Densilegur (l) Kræsilegur; álitlegur. „Þú ert nú ekki beint densilegur eftir þennan skítmokstur“. Orðið er annarsstaðar þekkt sem „tensilegur“; sjá orðtakið *tensa sig til*.

Der (n, hk) Skyggni/barð framan á húfu/*derhúfu*.

Derhúfa (n, kvk) Húfa með deri; pottlok; húfupottlok; sixpensari. „Á sjöunda áratug 20. aldar mátti heita að hver einasti karlaður væri með derhúfu útvíð í Rauðasandshreppi. Til voru þó þeir sem aldrei settu slíkt upp. Húfurnar voru oftast tiltölulega flatir „sixpensarar“, en aðrar með smellu framaná, þannig að læsa mátti framhluta ofaná derið. Einnig sáust líka svartar húfur með glansderi og borða yfirum; voru kallaðar „kaskeyti“ eða „faktorshúfur“. Þá síðustu átti líklega GJH á Hnjóti. Misjafnt var hvernig menn báru derhúfuna, og mátti jafnvel greina af því ýmis persónueinkenni. Sumir höfðu hana eins kyrfilega ofanyfir höfuðið og unnt var; aðrir eins lausa aftur á hnakkanum og hún tollði; enn aðrir framan í enni. Sumir voru iðulega með húfuna utan í höfðinu öðrumegin. Þann sið hafði t.d. Bjarni í Hænuvík, sem GJH nefndi góðlátlega „Bjarni með skakka húfu“. Í hryssingsveðri smelltu menn derinu niður, en í miklum hitum var því smellt upp, og jafnvel brett uppá það eða derið látið vísa aftur á hnakka. Derhúfur mátti nýta í ýmsum tilgangi. Sumir neftóbakskarlar snýttu sér í húfuna, sem gjarnan bar sýnileg merki um það. Þá kom hún stundum að notum í eggjasnagi, þegar einn maður var að klórast eftir fáum eggjum. Mátti vel setja allt að 10 eggjum í eitt húfupottlok og fikra sig með það að íláti eða á brún. Man ég eftir einu tilviki þar sem maður hafði klórast þannig með tvö egg í húfu, en þegar á brún var komið gleymdi hann sér; sveiflaði húfunni á hausinn með eggjunum í og varð að vonum fremur *saurljótur* yfir sig við það“.

Derra sig (orðtak) *Steita görn; setja sig á háan hest; rifast; brúka sig*. „Vertu bara ekkert að derra þig“!

Derringur (n, kk) A. Vindsteitingur. B. Reigingur (í manneskju eða skepnu) „Hrúturinn var með derring“.

Detta af andlitið (orðtak) Verða mjög hissa; verða forviða. „Það datt alveg af mér andlitið þegar ég sá hver var kominn í heimsókn“.

Detta af gullhringarnir (orðtak) Hneykslunaryrði um *pempíuhátt*. „Ætli það dyttu nú af henni gullhringarnir þó hún færi einu sinni og hj'lpaði karlinum í fjósinu“!

Detta/falla allur ketill í eld (orðtak) Fallast hendur/ verða lé magna/gefast upp vegna atviks. „Mér féll allur ketill í eld þegar réttarveggurinn gaf sig og féð ruddist út“.

Detta/falla á (orðtak) Um veður; myrkur; koma. „Nú fer myrkið að detta á; við klárum þetta bara á morgun“.

Detta/falla í dúnalogn/logn (orðtak) Kyrrast fljótt; lygna; detta niður; minnka hávaði. „Hann er allt í einu dottinn í *dúnalogn*“!

Detta í hug / Detta til hugar / Falla til hugar (orðtak) Koma til hugar; fá hugmynd. „Mér datt í hug að skreppa hér fram á vikina og vita hvort maður fær ekki í soðið“. „Datt þér aldrei til hugar að gá að þessu?“ „Þá datt mér allt í einu í hug að best væri að fara í bað“ (IG; Æskuminningar).

Detta í lukkupottinn (orðtak) Verða heppinn. „Þú dast aldeilis í lukkupottinn að krækja í þessa lúðu“! Upphaflega var orðtakið að „grípa í lukkupottinn“, en lukkupottur var nokkurskonar lottó; „kerhald sem snúið er með sveif, það brúkast í lotteríum eða hlutfallsleikjum“ (Eggert Ólafsson; Kvæði, útg. 1832).

Detta í það (orðtak) Fara á fylleri/kenderi. „Það má mikið vera að þeir séu ekki báðir dottnir í það“.

Detta mér nú dauðar lýs úr höfði! (orðtak) Nú er ég hissa; þetta er mjög óvænt (svo óvænt að lýsnar fá slag og drepast!). „Detta mér nú allar dauðar lýs úr höfði! Haldiði ekki að ég hafi fengið endurgreiðslu frá skattinum“!

Detta niður (orðtak) Um veður/sjólög; lægja snögglega. „...svo dettur hann niður á skírdag; gerir blíðalogn, en kalt var í veðri“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Eitthvað er hann að detta niður með þennan *rosta*“*. Sjá ganga niður*.

Detta ofaná (orðtak) Koma í hug; finna; rekast á. „Ég datt ofaná hugmynd að hverfli til að nýta þessa orku“.

Detta ofanúr skýjunum (orðtak) Birtast/koma óvænt; finnast án þess að skýring sé á.

Detta ofanyfir (orðtak) Verða mjög hissa/dolfallinn. „Það datt ofanyfir mig þegar hann birtist í dyrunum“.

Detta undan (orðtak) Um veiðiskap; hverfa fiskur undan báti; hætta að fiskast. „Við vorum í *rótarfiskirtí* yfir snúninginn, en hann datt snögglega undan þegar *tók upp fallið*“.

Detta/falla uppfyfir (orðtak) Gleymast; falla niður; verða útundan; *fara í útideyfu*; dragast; verða ekki úr framkvæmdum. „Ég ætlaði að ger þetta í gær en það datt alveg uppfyfir hjá mér“.

Detta úr/niður nytin (orðtak) A. Um kú; hætta að mjólka; geldast. „Það datt alveg nytin úr kúnni við þessi veikindi“. B. Í líkingum; verða fyrir áfalli; lamast. Oft í kaldhæðinni og neitandi merkingu: „Ætli það dytti nokkuð úr honum nytin þó hann þyrfti að taka hendur úr vösum, og hreyfa sig eins og aðrir við smalamenskuna“!

Detta útaf (orðtak) *Renna í brjóst; gleyma sér; dotta*. „Ég datt útaf smástund meðan ég sat og beið þarna við steinin“.

- Dettinn** (l) Gjarn á að detta/hnjóta; *hrösull*. „Maður er orðinn dálítið dettinn í seinni tíð“.
- Dettur botninn úr** (orðtak) Verður *endasleppt*; hættir skyndilega. „Eftir þessi slagsmál datt botninn fljótlega úr dansleiknum“.
- Dettur hvorki né drýpur af** (orðtak) Með mikið jafnaðargeð; mjög *jafnlyndur* heldur stillingu. „Það datt hvorki né draup af honum meðan hann hlustaði á þessa skammarræðu“.
- Deyða** (n, kvk) Ördeyða; fiskleysi. „Við skulum kippa aðeins; hér er orðin algjör deyða“.
- Deyfa** (n, kvk) *Daufur þurrkur*; lognmolla. „Það þornar hægt í þessari deyfu“.
- Deyfa** (s) A. Minnka/ draga úr sjó. „Ég held að hann sé eitthvað að deyfa þetta núna“. „Bjarnarklakkar koma ekki uppúr nema um stórstraumsfjöru, en deyfa töluvert norðanbrim þegar lágsjávað er“ (HÖ; Fjaran). B. Minnka þurrk. C. Minnka tilfinningu, t.d. við högg eða skurð. „Höggjið deyfði fingurinn um stund, en síðan kenndi hann mikið til“.
- Deyfð** (n, kk) Um háttalag manns; framtaksleysi; þunglyndi; leti. „Óttaleg deyfð er yfir honum“. B. Um aflabrogð; tregfiski. C. Um veðurlag; hæglæti; molla; lítill þurrkur; deyfa. „Enn er sama deyfðin í honum“.
- Deyfðardrungi** (n, kk) Þungi/örþreyta í höfði. „Það kom yfir mig einhver deyfðardrungi og syfja“.
- Deyfðarlegur** (l) Daufur; þunglyndur; fár. „Mér finnst hann dálítið deyfðarlegur þessa dagana“.
- Deyja ekki ráðalaus** (orðtak) Hafa einhver úrræði; vera úrræðagóður. „Ég dó nú ekki ráðalaus þó spottinn næði ekki alla leið. Ég batt bara peysuna mína í neðri endann og það dugði“! Sjá *illt er að deyja ráðalaus*.
- Deyja niður** (orðtak) Um báru; lægja; minnka sjógangur. „Ég held að norðansjórinn sé alveg að deyja niður“.
- Deyja út** (orðtak) Um vind/sjógang/sjávarfall; minnka og verða að engu. „Suðurfallið var að deyja út, og í hönd fór besti tíminn til fiskjar; liggjandiinn, enda lét sá guli það á sér finna“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Deyja útaf** (orðtak) A. Um loga; slökkna; brenna út. „Mér sýnist að kertið sé alveg að deyja útaf“. B. Um skepnu; drepast; sálast. „Þessi lambvesalingur sýnist mér að muni bara deyja útaf“.
- Deyr fé, deyja frændur, deyr sjálfur hið sama** (orðatiltæki) Alkunn speki úr Hávamálum, sem e.t.v. er inntak allra trúarbragða og hin æðsta speki: „Deyr fé;/ deyja frændur;/ deyr sjálfur hið sama./ En orðstír/ deyr aldregi,/ hver er sér góðan getur“ (Hávamál; gestapáttur).
- Défilári** (uh) Upphrópun/áhersluorð. „Mikið défilári er gott að setjast niður og pústa eftir þessi hlaup“.
- Déskotakornið** (n, hk, m, gr) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Þú ferð déskotakornið ekki að leggja af stað í þessum fjárans blindbyl“!
- Déskotans** (uh) Upphrópun; blótsyrði. „Déskotans hávaði er þetta; það heyrir ekki mannsins mál“!
- Déskotansekkisen** (l) Vægt blótsyrði/áhersluorð í lýsingum. „Lækkiði nú niðuri þessu déskotansekkisen bitlagargi strákar; þetta er að gera mann vitlausan“!
- Déskotansnær** (fs) *Andskotansnær; fjandansnær*; staðið nærri; farið betur. „Þér var déskotansnær að búa betur um egginn í byrginu eins og ég sagð þér; þá hefði hrafnskattinn ekki komist í þetta“!
- Déskoti** (n, kk) Áhersluorð/blótsyrði í mildari kantinum. „Déskoti eru þetta nú fallegir tvílembingar“! „Ja hver déskotinn; hvenær gerdist þetta“! „Þetta er déskoti mikið hrun“. „Déskotans vandræði eru þetta“!
- Digna** (s) Verða deigur/linur, t.d. af raka eða hita; mýkjast. „Það þýðir ekkert að raka upp eftir að heyið er farið að digna“. „Járnið var hitað þangað til það fór að digna svo að hægt var að slá það til“.
- Digna í fætur** (orðtak) Verða blautur í fæturna. „Farðu nú í stígvél drengur; það er hætt við að þú verðir fljótur að digna í fæturna í strigaskóm í þessari rekju“!
- Digna undir fæti** (orðtak) Verða mjúkt undir fæti. Um göngu í mýrlendi. „Við skulum ekki fara nær seilinni; hér er farið að digna nokkuð undir fæti“.
- Digur** (l) Sver; *ruðamikill*. „Þetta rekatré er all digurt, en ekki nema fimm fet að lengd“.
- Digurbarkalega** (ao) Af hroka/yfirlæti/miklu sjálfstrausti. „Menn geta talað digurbarkalega um þetta sem ekki voru á staðnum þegar slysið varð“.
- Dimmanótt** (n, kvk) Nótt; náttmyrkur. „Við verðum að drífa í að klára þetta svo við verðum ekki alveg fram á dimmanótt“.
- Dik** (n, hk) Struns; hlaup. „Hann tók dikið út á hlað og sagði nokkur vel valinn orð við piltana“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Dikta upp** (orðtak) Skálda; ljúga; spinna sögu. „Hugsanlega hefur karlinn diktað upp þessa sögu um óvættinn til að afsaka einhverja byltu í fylleriinu“.
- Diktur** (n, kvk, fto) Tilbúningur; ýkjur. „Ég er nú hrædd um að þetta séu tómar diktur“.

- Dilkur** (n, kk) A. Hólf í rétt. „Kollsvík átti sinn dilk í NA-horni Breiðavíkurréttar“. B. Sláturlamb. „Þaðan skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“ (PG; Veðmálið).
- Dilla** (s) A. Skemmta; láta með; *dádera*; *hossa*. „Þeim varð óneitanlega dálítið dillað þegar karlinn datt flatur“. B. Um lamb/gæludýr; veifa dindli/skotti við gælur eða þegar lamb sýgur. „Heimalingurinn dillaði dindlinum ákaft meðan hann saug pelann“. „Tíkin dillaði skottinu þegar hún þekkti hver var kominn í heimsókn“.
- Dilla** (n, kvk) A. Spyrðustæði á lúðu; einatt nefnt *strabbi* í Kollsvík og því ekki notað þar; a.m.k. ekki í seinn tíð. Hinsvegar var þar notað orðið *dylla* yfir sporstykki steinbíts (sjá þar). B. Fyrirtekt; della; sérviska. „Þetta er bara einhver dilla í honum“. „Vertu nú ekki með þessar dillur og skelltu þessu bara í þig“! Framborið lint.
- Dimm** (þoka) (l) Þétt þoka. „...en dimm þoka lá á fjöllum þó nóttin væri annars björt“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Einnig gat þoka verið *niðadimm*.
- Dimma** (n, kvk) Myrkur; húm. „Við vorum komnir heim fyrir dimmuna“.
- Dimma** (s) Verða myrkur; verða skuggsýnt; húma. „Þá var líka tíðkað að fara í heimsóknir á aðra bæi; einnig að koma saman og fara í boltaleik og útilegumannaleik þegar fór að dimma“ (IG; Æskuminningar).
- Dimma að með skúr/él / Dimma í lofti / Dimma yfir** (orðtök) Um veður; syrta í lofti; syrta að.
- Dimming** (n, kvk) *Dimmumót*; þegar verulega fer að bregða birtu. „Við komum heim rétt fyrir dimmingu“.
- Dimmumót** (n, hk, fto) Þegar dimmir að kveldi. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Komum við svo um dimmumót að Mið-Tungu í Tálknafirði“ (ÖG; Harðsótt heimferð í jólafrí).
- Dimmviðri** (n, hk) Veður þar sem dimmir í lofti af éli, rigningu, þoku, lágskýjum eða slíku. „... en ekki sáu þeir lengi til bátsins fyrir dimmviðri“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Dindill** (n, kk) A. Rófa á sauðfé. B. Niðrandi líking um undirlægjuhátt/*augnaþjón*.
- Dinglumdangl** (n, hk) Óþarfa skart/prjál/viðhengi. „Gamla konan fussaði yfir því *fordildarinnar* dinglumdangli sem nútíma kvenfólk þætti fínt að hafa skröldandi neðanúr eyrnasneplunum“.
- Dinta sér** (orðtak) Vagga/dilla sér; skemmta sér; sýna af sér kæruleysi. „Það er ekki mikið að gera í búskapnum ef menn geta verið að dinta sér í höfuðborginni um heyskapartímann“! (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Dirfska** (n, kvk) Framfærni; þor; áráðni. „Hann þótti með þessu hafa sýnt fádæma dirfsku“.
- Dirfskufullur** (l) Djarfur; óhræddur. „Jón hafði verið afar dirfskufullur og áráðinn“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Diskaskápur** (n, kk) Skápur sem matardiskar eru geymdir í. „Settu þetta upp í diskaskápinn“.
- Diskbarmur** (n, kk) Diskrönd; kantur á matardiski. „Viltu ekki losa þig við beinin af diskbarminum“?
- Diskúsjón** (n, kvk) Umræður; *vangaveltur*. „Hann var með einhverjar diskúsjónir á fundinum um tiltekna lausnir, en enginn tók verulega undir þær“.
- Diskútera** (s) Tala saman um; *skeggræða*. „Bæri gest að garði var oft diskúterað fram á nótt um eitt og annað“.
- Distillera** (s) Tuska til; koma lagi á; meðhöndla. „Er nú hundfjandinn að distillera köttinn eina ferðina til“? „Mér tókst að distillera bíldrúsluna svo hún gekk þar til heim var komið“. Orðið er líklega leitt af danska orðinu „destillere“ (eima), og virðist ekki hafa verið notað utan svæðisins á síðari öldum, en mikið notað í Útvíkum. „Nú svo tóku aðrir við að kryfja, höggva af vængi og lappir; og enn aðrir að distilera fuglinn til áður en hann fór í saltið“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Distilleraður** (l) Meðhöndlaður; tuskaður til. „Grásleppan reyndist hinn besti matur eftir að hún hafði verið distilleraður á þennan hátt og steikt“. „Hann hafði víst eitthvað verið distilleraður eftir ballið“.
- Distilleringar** (n, kvk, fto) Meðhöndlun; meðferð; útreið. „Ekki láí ég frambjóðandanum þó hann sé uppburðalítill eftir þær distilleringar sem hann fékk á fundinum“. „Það þarf sterk bein til að þola svona distilleringar“.
- Dittinn og dattinn** (orðtak) Merkir eitthvað það sem er óákveðið; *hitt og þetta*. „Maður hefur verið að fást við dittinn og dattinn meðan ekki gefur á sjó“. Sjá *út um dittinn og dattinn*.
- Dífekt** (l) Bilað; gallað; ófullkomið. Úr ensku; „defect“. „Það var eitthvað dífekt við *karbaratorinn*“.
- Díki** (n, hk) Dý; pyttur; *auga*. „Hestkeldan er stundum talin botnlaust díki“
- Díll** (n, kk) Rák; blettur. „Það hafði snjóað svo mikið að hvergi sá á dökkan díll“.
- Díselmótor / Díselvél** (n, kvk) Vél/sprengihreyfill sem gengur fyrir díselolíu. Orðin eru 'tlend að uppruna en voru borin fram með greinilegu e-hljóði í seinna atkvæði í máli Kollsvíkinga. Orðabók HÍ hefur þar i-hljóð.
- Diskútera** (s) Tala um; ræða. „Þeir voru eitthvað að diskútera ástandið í pólitíkinni“.

- Dísætur** (l) Mjög sætur. „Mér finnst kaffið ekki sérlega gott svona dísætt“.
- Dívan** (n, kk) Sófi/rúm með hringvöfðum gormum undir strigaborðum og áklæði.
- Díxill** (n, kk) Beykisöxi; botnhamar. Verkfæri sem er millistig axar og hamars; með ferköntuðum flötum skalla og íbjúgu skeggi. Notað til að slá gjarðir til á tunnum og slá lok og spons í og úr. Sjá einnig *drifholt*.
- Djarfa fyrir** (orðtak) *Móa fyrir*; grilla í; sjást óljóst. „Þokunni er að léttu; það er aðeins farið að djarfa fyrir sól“.
- Djarfsækinn** (l) Djarfur/kræfur í sjósókn; fifldjarfur sjómaður. „Andrés Karlsson frá Stekkjarmel þótti all djarfsækinn, en einstaklega farsæll og snjall sjómaður“.
- Djarftækur** (l) Gjarn á að taka meira en honum ber; hirðusamur um annarra eigur. „Lá orð á að hann væri nokkuð djarftækur í sínum eggjaferðum og hirti lítið um landamerki“.
- Djákni** (n, kk) Embættismaður kirkjunnar sem hefur ákveðna vígslu og getur framkvæmt ýmsar kirkjulegar athafnir. Í kaþólskum sið var djákni presti til aðstoðar, en dæmi um djákna voru m.a. Jón Loftsson og Páll sonur hans, sem varð biskup. Fyrst eftir siðaskipti voru þeir nefndir djáknar sem lokið höfðu prestsnámi en voru ekki orðnir prestar, en nú eru djáknar sumsstaðar þjónandi í kirkjum við hlið presta.
- Djúpból/ Djúpufl** (n, hk) Það flot á netastreng sem fjær er landi. „Það er að hefjast norðurfall svo við förum í djúpbólið“.
- Djúpendi** (n, kk) Sá endi línu/netastrengs sem fjær er landi. Einnig talað um „dýpri enda“ og „grynnri enda“.
- Djúpfenni** (n, hk) Djúpur snjór. „... heilan sólarhring áður var að hlaða niður fönn í blæjalogni, svo ekki var komist um jörðina fyrir djúpfenni“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). „Veturinn verður að teljast í meðallagi harður og heyrkur. Á tímabili jarðbönn sakir áfreða og djúpfennis“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).
- Djúpir eru Íslands álar, en þó munu þeir væðir vera** (orðatiltæki) Komið úr þjóðsögunni um skessuna norsku sem hugði á landnám hérlendis, en misreiknaði dýpið. Viðhaft þegar einhver þykir *færast heldur mikið í fang*.
- Djúpmegin** (ao) Fjær landi; dýpra. „Nokkrir bátar hugðust forðast Röstina með því að fara að henni djúpmegin“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Djúpmið** (n, hk, flo) Fiskimið sem eru fjær landi en *grunnið*. „Mun þetta einkum hafa verið notað á þilskipum er sóttu djúpmið“ (KJK Kollsvíkurver). „List mér ei á ljóðafleyi klénu/ elta þá sem óðarsvið/ alltaf sækja á dýpstu mið“ (JR; Rósarímur).
- Djúprist / Djúpskreitt** (l) A. Um skip; þarf mikið dýpi til að sigla um án þess að taka niðri. „Stærri og djúpristari skip fara vanalega nokkuð djúpt fyrir Blakkinn“. B. Í líkingum er stundum sagt um grunnhygginn mann að hann sé ekki mjög djúpristur.
- Djúphöfn** (n, kvk) Fornt heiti á færi til skakveiða. Þetta orð er notað í Guðmundar sögu góða, og telur LK að það kunni að hafa verið elsta heiti veiðarfæris hérlendis. Önnur gömul heiti eru úthald og umbúð.
- Djúpslóð / Djúpsævi** (n, kvk) Hafsvæði fjarri ströndu; hafsvæði með miklu dýpi. „Grásleppan hverfur öll af grunninum þegar líður að hausti, og heldur til á djúpslóð fram á næsta sumar“.
- Djúpt/grunnt** (l) Meðal sjómanna í Kollsvík eru þessar lýsingar notaðar fyrir fjarlægð frá landi fremur en dýpi. „Hann var ekki mjög langt frá landi, eða djúpt eins og sjómenn kalla það“ (VÖ eldri; Einn á bát 1955).
- Djúpt að** (orðtak) Langt utanaf sjó. „Þessi ylgja hlýtur að koma djúpt að, því það hefur ekki *hreyft vind* uppi við landið í marga daga“.
- Djúpt á** (orðtak) Langsótt; erfitt að fá/finna. „Ég hélt að þessir pappírar væru hér í handraðanum, en það er eitthvað djúpt á þeim sýnist mér“.
- Djúpt hugsandi** (orðtak) *Þungt hugsu; í þungum þönkum; utan við sig*.
- Djúpvitur** (l) Gáfaður; víðsýnn; alvitur. „Hann er kannski ekkert djúpvitur, en þetta er vænsta skinn“.
- Djöfla** (s) Láta; gera. Forskeyti ýmissa forsetninga til að auka áherslu. „Veriði nú ekki að láta hundinn djöfla fénu út um allar jarðir“!
- Djöfla áfram** (orðtak) Atast; koma áfram með látum; láta ganga fljótt. „Hann á heiðurinn af því að djöfla þessu máli svona fljótt áfram“.
- Djöfla í sundur** (orðtak) Eyðileggja; fara illa með. „Hrútskrattinn er þá búnn að djöfla stíunni í sundur aftur“!
- Djöflagangur** (n, kk) Mikil læti. *Djöflgangur/andskotagangur* (sjá þar) var oftast notað.
- Djöflakollur/ Djöflamergur/** (n, kk) Þrjúotur; skrattakollur. „Þessi árans djöflamergur ætlaði að rukka mig tvöfalt“!

- Djöflast** (s) Láta mjög illa; hamast. „Hundfjandinn er að djöflast í fénu“. „Karlinn djöflaðist í mokstrinum svo margar rekur sýndust moka í einu“.
- Djöflast í** (orðtak) Atast í; láta illa í; fara illa með. „Nú er hundurinn farinn að djöflast í fénu“!
- Djöfuldómur** (n, kk) *Aragrúí*; mikið magn; *fæla*; *býsn*. „Það hefur fokið djöfuldómur af sandi uppá túnið“.
- Djöfulgangur** (n, kk) Mikil læti; gauragangur; *djöflagangur*. „Ekki veit ég hvar þessi djöfulgangur í veðrinu ætlar að enda“. „Skárri er það nú, andksotans djöflagangurinn“!
- Djöfulinn ráðalaus** (orðtak) Í óðakappi; í miklu magni. „Hann er búinn að rigna djöfulinn ráðalaus í nærri viku, og ekkert *linunarmót* á“!
- Djöfullega** (ao) Mjög illa; *bölvánlega*; *helvitlega*. „Það gengur djöfullega að koma niður staurum hérna; það er svo fjandi stórgrýtt og víða grunnt á klöpp“.
- Djöfulli** (ao) Áhersluorð. „Ég lendi í döfulli mikilli botnfestu; það endaði með því að ég tapaði slóðanum“.
- Djöfullin danskur** (orðtak) Upphrópun. Þetta var e.t.v. eitt kröftugasta blótsyrðið, meðan Íslendingar voru undir valdi danakóns. Einkanlega hefur það þótt kraumgott meðan hér ríkti einokunarverslun danskra kaupmanna og þeir ömuðust við svokallaðri launverslun sem gat verið útkjálkafólki mikilvæg. Enn er þetta eitt af kröftugri blótsyrðum sem Kollsvíkingar grípa til þegar í harðbakkann slær.
- Djöfulinn ráðalaus** (orðtak) Baki brotnu; þrotlaust; í óðakappi. „Hann hefur verið að slá djöfulinn ráðalaus í allan dag“. „Það er búið að rigna alveg djöfulinn ráðalaus“.
- Djöfulmóður** (n, kk) Óðakapp; hamsleysi. „Við kepptumst í djöfulmóð við að ná inn heyinu fyrir rigninguna“.
- Djöfulóður** (l) *Andsetinn*; haldinn illum anda; kolvitlaus. „Ég hef sjaldan séð mann jafn djöfulóðan“!
- Djöfulsbeinið** (n, hk, m.gr) Blótsyrði. „Tófufjandinn er búinn að éta undan kollunni. Sú skal nú ekki kema hærurnar, djöfulsbeinið“. Stundum haft án s í miðju orði.
- Djöfulskapur** (n, kk) Illvilji; kvikindisskapur. „Það er óþarfi að sýna honum einhvern djöfulskap“.
- Dobía** (n, kvk) Mikill fjöldi; *urmull*; *aragrúí*; *fæla*. „Það er heil dobía af eggjum þarna í flesinu“.
- Doðadæla** (n, kvk) Lítil handdæla til að blása lofti í júgur *doðaveikrar* kýr. Með því var um tíma stöðvuð mjólkurframleiðsla, en doði tengist efnaskiptum í kalkframleiðslu kýrinnar. Einnig var sprautað kalki í æð.
- Doðakýr** (n, kvk) Kýr með *doða*.
- Doðalegur** (l) Daufgerður maður; kýr með doðaeinkenni. „Hann virtist doðalegur og utan við sig“.
- Doði / Doðaveiki** (n, kk) Efnaskiptasjúkdómur sem mjólkurkúm er hætt við að fá, einkum strax eftir burð þegar hlutfall kalks lækkar hratt í blóðinu vegna skyndilegrar mjólkurframleiðslu. Kýrin missir þá mátt og endar með því að liggja hjálparvana; eyrun verða köld, sem og granir. Gangi sjúkdómurinn lengra deyr kýrin. Um tíma var reynt að hamla mjólkurmyndun með því að sprauta lofti í spena með *doðadælu*. Eftir að orsakir sjúkdómsins urðu kunnar var farið að gefa doðakúm kalkupplausn undir húð. Fáir doðakýr rétta meferð í tíma eru miklar líkur á að hún hressist mjög fljótt. Doði kemur einnig fyrir í kindum, en mun sjaldnar.
- Doðrantur** (n, kk) Stór og þung bók.. „Væri Kollsvíkurrætt frá Einari í Kollsvík gefin út nú; með öllum afkomendum, þá yrði það efalaust firna mikill doðrantur“.
- Dofinn af kulda** (orðtak) Í kulda dofna hendur og kreppast, og síðan dofna tær og aðrir líkamshlutar.
- Dofna yfir** (orðtak) A. Um þurrk; minnka; linast. „Það er farið að dofna yfir þurrkinum og farið að þykkna upp“. B. Um veiði; tregðast; minnka. „Eitthvað er farið að dofna yfir þessu í suðurfallinu“.
- Doggaróður** (s, kk) Stuttur róður til hákarlaveiða; oft dagróðrar en ekki útilega. Í doggaróðrum var komið með hákarl og lifrina úr honum í land, en í leguróðrum var oftast bara hirt lifrin, en hákarlinn skorinn niður. Ekki fara sögur af tilhögun hákarlaveiða í Kollsvík, en líklega hafa bæði verið farnir doggaróðrar og skurðarróðrar, t.d. meðan Eldri Fönix var gerður út sem hákarlaskip. Doggur var heiti á litlum hákarli, og er orðtakið „að rísa/sitja upp við dogg“ líklega dregið af því þegar hann sveigðist í bátnum eftir að hann var innbyrtur.
- Doka við** (orðtak) Bíða; hinkra. „Dokuðu menn við fram eftir degi eftir batnandi veðri“ (MG; Látrabjarg).
- Dokka** (n, kvk) A. Höfn; skipalægi (komið úr e; dock). B. Hnota/rjúpa af garni/bandi.
- Doktor** (n, kk) A. Gæluheiti á lækni. „Ég held þú ættir að fá doktor til að líta á þetta“. B. Gráða menntamanns í tilteknu fagi.
- Doktora** (s) Gæluorð um það að lækna; laga; gera við. „Mér tókst að doktora klukkuna“.
- Dolfallinn** (l) Steinhissa; dáleiddur. „Hún sat bara dolfallin og hlustaði á sönginn“.
- Domm** (l) Dasaður; utan við sig; e.t.v. dregið af e. dumb. „Hann sat bara alveg domm og vissi ekki í þennan heim eða annan“.

Dontur (n, kk) Varðstaða. „Maður verður að standa sinn dont í þessu máli“.

Doppleráhrif / Dopplerfærsla (n, hk/kvk) Fyrirbæri sem varðar tíðni/bylgjulengd ljóss og hljóðs, og er kennt við C.J. Doppler sem skýrði það fyrstur. Fólk verður helst vart við doppleráhrif hljóðs þegar hávær hlutur, t.d. bill, fer hratt framhjá áheyranda. Hljóðið í honum er í mun hærri tóntegund þegar hann nálgast en þegar hann fjarlægist. Það er vegna þess að hljóðbylgjurnar þjappast saman fyrir framan hlutinn en gisna fyrir aftan hann. Sömu áhrif eru í ljósi, að því frátöldu að þegar hluturinn nálgast verður ljós frá honum bláleitara en rauðleitara þegar hann fjarlægist. Það greinist þó ekki nema við mikinn hraða og helst með mælitækjum. Stjórnur sem fjarlægjast okkar sólkerfi sýna þannig áhrif, sem nefnd eru rauðvik. Þannig hefur komið í ljós að alheimurinn er að þenjast út á miklum hraða; sólkerfin fjarlægjast hvert annað á sama hátt og deplar á yfirborði blöðru sem blásin er upp. Þetta telja vísindamenn vera eina helstu sönnun um að heimurinn hafi orðið til í Miklahvelli fyrir um 13,7 milljörðum ára. Doppleráhrif eru einnig nýtt í mælitækjum, t.d. í hraðamælum.

Dordingull (n, kk) *Fiskikarl*; húsakönguló (svört). Líklega er orðið dordingull upphaflega „dorgdingull“, enda hanga þessi kvikindi iðulega í þræði líkt og þeim sé dorgað. Framundir þennan dag hefur sú þjóðtrú verið virt í Kollsvík að ekki megi slíta niður dordingul; það sé ólánsmerki. Sama er um það að rífa *köngulóarvef*. Dordingull var talinn hafa spádómsgáfu. Getur maður brugðið handarbaki undir hann og sagt: „Róðu nú fiskikarl; upp ef þú veist á gott; niður ef þú veist á illt“.

Dorg (n, hk) A. Einfalt færi, oftast til veiða í ám og vötnum. B. Það að dorga.

Dorga (s) Veiða með dorgi/færi.

Doría (n, kvk) Kæna; flatbytna; lítill flatbotnaður bátur til fiskveiða. Doriuveiðar voru lítið stundaðar hérlendis en töluvert af erlendum fiskiskipum. Doriur, oft með einum manni hver, voru þá sendar til skakveiða frá stærra móðurskipi. „Með mér á Núpnum var gamall Portúgali; Manúel að nafni. Hann hafði fyrrum verið á doriuveiðum með löndum sínum á Grænlandsmiðum. Minntist hann þess með hryllingi þegar doriurnar hurfu út í koldimma þokuna, því lítið var leitað þó einhverja vantaði að kveldi“.

Dorma (s) Slappa af; taka það rólega; lúra. „Það þýðir ekkert að liggja og dorma þegar nóg er að gera“. „Æða stormar, úfnar hlér/ eigi dormar hrönn við sker./ Margt úr formum molna fer;/ Miðgarðsormur byltir sér“ (JR; Rósarímur).

Dornikur (n, kvk, fto) Þrjónaðir inniskór með skinnsóla. „Sigríður Guðbjartsdóttir gerði sér dornikur; þær síðustu sem gerðar voru í Kollsvík“. Orðab. Mennt. segir að „dorningur“ merki (lítill) skinnsokkur. Orðið var framborið hart í Kollsvík og ætti því e.t.v. að skrifast með tveimur k-um.

Dorri (n, kk) Annað orð yfir hrút.

Dos (n, hk) Værð; syfja; *mók*. „Það kemur alltaf dálítið dos á mann í svona fýluveðri“.

Dosa (s) *Móka*; slaka vel á; *renna í brjóst*. „Mér finnst ágætt að leggja mig og dosa aðeins eftir matinn“.

Dott (n, hk) Syfja; slen; mjög stuttur lúr. „Nú er orðið framorðið; það fer að koma í mann dálítið dott“.

Dotta (s) Sofna stutta stund; láta sér *renna í brjóst*; *halla sér* lítilega; *draga ýsur*. „Ég held bara að ég hafi dottað eitthvað“.

Dól (n, hk) Hangs; hægagangur. „Verið svo ekki að neinu dóli í bröndum, heldur komið strax með kýrnar“.

Dóla (s) Fara sér hægt. „Ég dólaði í rólegheitum norður Leirana“.

Dólgsháttur (n, kk) Ruddaskapur; ókurteisi; yfirgangur. „Hann sýndi með þessu af sér ótrúlegan dólgshátt“!

Dómadags (fs) Ferleg; óskapa. Forskeyti til áhersluauka; stöku sinnum með blótsyrði tvinnað á milli orðhluta til að hnykkja enn á. „Mikil dómadags læti eru þetta í ykkur krakkar; ég er að reyna að hlusta“. „Ég hef sjaldan heyrt aðra eins dómadags andskotans vitleysu“.

Dómadagsandskotanskjafæði (n, hk) Yfirgengilegt bull; rakalaus þvæla; staðlausir stafir. „Ég hef nú sjaldan á minni ævi heyrt annað eins dómadagsandskotanskjafæði og þettað; hvað á nú svona tal að fyrirstilli“?!

Dómadagsblíða / Dómadagsveðurblíða (n, kvk) Mjög/óvanalega stillt/kyrrt veður; rjóma-blíða. E t.v. líking við þá kyrrð sem menn ímynduðu sér að yrði eftir dómisdag. „Hún er nú bara með eindæmum, þessi dómadagsblíða dag eftir dag“.

Dómadagshávaði / Dómadagslæti (n, kk/hk) Óskapa/ógnarmikill/skelfilegur hávaði/fyrirgangur. „Verið nú ekki með þennan dómadagshávaða krakkar; hafiði ögn lægra meðan ég hlusta á fréttirnar“!

Dómadagsmyrkur (n, hk) Svartamyrkur; niðamyrkur. „Dómadagsmyrkur getur þetta verið; maður sér bara ekki handa sína skil“.

Dómadagsrigning (n, kvk) Mjög mikil rigning; *skýfall*; *úrheili*. „Varstu úti í þessri dómadagsrigningu“?

Dómadagsrugl/ Dómadagsþvæla/ Dómadagsvitleysa/ Dómadagskjaftæði/ / Dómadagsbull Yfirgengilega vitlaust hjal; kolvitlausar staðhæfingar. „Dómadagsrugl getur þetta verið í þér“!

Dómadagsvesen / Dómadagsvandræðagangur (n, hk) „Það er nú óþarfi að gera eitthvað dómadagsvesen út af þessu“. „Reynum nú að finna leiðir í þessuog hættum þessum dómadagsvandræðagangi og svartagallsrausi“.

Dómari (n, kk) Titill og starf þess löglærða manns sem skipaður/settur hefur verið af hinu opinbera til að dæma í dómsmálum. Heitið þekktist ekki fyrr á tímum. Til forna voru menn skipaðir í nefndardóma án sérstakra krafna um menntun. Dómara er fyrst getið í Járnsíðu 1271, en embættisheitið komst fyrst á með stofnum Landsyfírréttar árið 1800.

Dómbær (l) Fær um að dæma; hæfur til að velja. „Mér finnst þetta vitlaust, en þú ert nú dómbærari á það“.

Dómgreindarleysi (n, hk) Skilningsleysi; fljótferni. „Þetta ber vott um algjört dómgreindarleysi“.

Dómsdagur (n, kk) Heimsendir; endalok. „Ætlið þið að hangsa við þetta alveg fram á dómsdag“?! „Þetta voru áreiðanlegir menn. Ég man aðeins eftir einni undantekningu. einu sinni fékk pabbi bréf frá manni sem ekki hafði skipti við hann áður. Maðurinn pantaði steinbít og kvaðst skyldu standa í skilum; og endaði svo bréfið þannig: „Að minnsta kosti skal ég borga daginn fyrir dómsdag“. Hann fékk fiskinn, en greiðslan er ókomin enn; enda líka orðið dráttur á dómsdegi“! (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Dónalega (ao) Ruddalega; ekki kurteislega. „Ég kannast ekki við að hafa sagt þetta neitt dónalega“.

Dónalegur (l) Ruddalegur; ókurteis. „Maður er aldrei dónalegur meðan maður er hreinskilinn“.

Dóni (n, kk) Ruddi; ókurteis maður. „Var hann dóni eða var hún bara *pempía*“?

Dósamatur (n, kk) Matur í/úr niðusuðudós. „Það getur verið gott að eiga dósamat að grípa til“.

Dóta sér (orðtak) Dunda; slóra. „Maður er nú bara að dóta sér eitthvað þessa stundina“.

Dótari (n, hk) Drasl; hafurtask. „Fariði nú og takið saman allt ykkar dótari af gólfunum strákar“.

Drabba (s) Draslast; liggja í reiðileysi. „Það gengur ekki að láta þetta bara drabba“!

Drabbast niður (orðtak) Skorta viðhald; ónýttast. „Þessari vél var lítil *sómi sýndur* undir lokin, og segja mátti að hún drabbaðist niður“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Drafa í sundur (orðtak) Verða laus í sér; verða lausholda (um fisk); morkna. „Þessir pokar eru handónýtir; þeir drafa í sundur við minnsta átak“. „Fiskurinn hefur má ekki soðna í sólinni, þá drafar hann í sundur“.

Drafla (s) Um mjólk; hlaupa. „Mjólkinn er farin að súrna; hún draflar þegar henni er helt í kaffið“.

Draflaábrystir (n, kvk, fto) *Ábrystir* sem soðnar eru í potti og verða því frauðkenndar. Önnur gerð ábrysta eru könnuábrystir, en þeim er hleypt án suðu í ílát sem stendur í sjóðandi vatni eða með hitun í ofni.

Drafli (n, kk) Mjög kekkjóttur matur; yst mjólk. „Þessi mjólk er öll hlaupin í drafla“.

Drafna í sundur (orðtak) Trosna/losna í sundur; leysast upp; fúna niður. „Tógin var svo fúin að hún drafnaði í sundur þegar á reyndi“.

Drag (n, hk) A. Afliðandi lægð; laut; dalur eða hæð. B. Slitkjölur/strákjölur undir báti, vanalega úr járn; eða ræmur sem settar eru undir meiða á sleða, ýmist úr járn eða hvalbeini. C. Högg. „Gefðu veggnum eitt drag enn með sleggjunni, þá brotnar hann örugglega“.

Draga (s) A. Draga eitthvað á eftir sér, t.d. sleða. B. Raga fé, t.d. í réttum: „Draga skal fé eftir mörkum...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). C. Teikna. „Honum líkaði ekki sú mynd sem dregin var“. D. Fresta: „Þetta má ekki dragast öllu lengur“. E. Ná: „Ég hafði skolla í færi en þessi handónýtu skot drógu ekki“ „Snjórinn jókst eftir því sem ofar dró“. F. Draga fisk á færi: „Hann hefur varla undan að draga“. G. Um bát sem dregur akkeri í vindi eða straumi. „Hann er að auka strauminn hér út með bjarginu. Mér sýnist að báturinn sé byrjaður að draga“. H. Um kind; draga á eftir sér reyfið. „Mér sýnist hún vera farin að draga. Það þyrfti að ná henni áður en hún fer í *ullarhaff*“. I. Draga sigara upp bjarg. „Við urðum að vera komnir nógu snemma til að hægt yrði að byrja að draga strax í birtingu...“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Draga að landi (orðtak) A. Bókstafleg merking; draga bát/hval/reka eða annað að landi. B. Hjálpa einhverjum við að klára verk/mat. „Viltu ekki draga mig að landi með grautinn? Ég er orðinn pakksaddur“.

Draga af (orðtak) Linast; gefast upp; verða mæddur/preyttur. „Ég elti rolluskattann ofan frá Stórahnjót og niður allan Vatnadal. En farið var að draga af okkur báðum niðri á Breiðsholti, þegar ég loksins *hafði* hana“.

Draga af sér (orðtak) *Slá slöku við; hlífast við; spara sig*; beita ekki fullu afli/ fullri hörku. „Hann dró ekki af sér í hlaupunum, og endaði þannig að hann náði tvævetlunni“.

Draga af vinding/snúning (orðtök) Draga band/vað/línu til, jafnvel ítrekað, til að ná af henni snurðu/snúningi/vindingi, svo liðugri sé til notunar.

- Draga augað í pung** (orðtak) Þíra auga; draga saman vöðva kringum augað, þannig að auga lokist eða rífi lítið í það. „Hann dró augað í pung og var greinilega ekki hrifinn af þessu“.
- Draga á** (orðtak) A. Minnka forskot, t.d. á hlaupum eða við verk. „Mér sýnist hundurinn vera að draga á tófuna“. B. Veiða fisk með því að draga net fyrir hann og króa þannig af, t.d. uppi við land. C. Brýna; *draga á eggina*. „Það er rétt að draga aðeins á ljáinn áður en farið er að slá“.
- Draga á eggina** (orðtak) Brýna eggjárn, t.d. hníf eða ljá. „Hnífbrókin er vita bitlaus hjá þér. Leyfðu mér nú að draga dálítið á eggina; ég er kannski lygnari en þú“! Andstaðan var að *draga fyrir egg*.
- Draga á langinn** (orðtak) Láta dragast; vera lengi að framkvæma. „Ég ætla að klára að ganga frá þessari greiðslu; það er ekkert betra að draga hana á langinn“.
- Draga á streng** (orðtak) Draga hlut/mann/skepnu með tildráttartaug, þannig að þunginn hvílir í streng sem strekktur er yfir dráttarleiðina. „Eggjakútarnir voru dregnir á streng uppúr Stóðunum“.
- Draga (einhvern) á talar** (orðtak) *Táldraga* einhvern; ginna einhvern til einhvers; fífla stúlku.
- Draga (einhverjum) burst úr nefi** (orðtak) *Ganga á hluta* einhvers; *gera einhverjum til ergelsis*; reita til reiði. „Ég ætla nú ekki að draga honum burst úr nefi *visvitandi*, með því að leggja á hans veiðislóð“.
- Draga dóm af** (orðtak) Líkjast; sverja sig í ætt við; leiða af. Dámur er eldra orð yfir bragð/keim, og því er eiginleg merking sú sama og í orðtakinu að *bera keim af* einhverju.
- Draga dilk á eftir sér** (orðtak) Hafa miklar afleiðingar; verða upphaf mikilla eftirmála. „Svona ákvörðun gæti dregið mikinn dilk á eftir sér“. Líking við að vænt sláturlamb fylgi á eftir móður.
- Draga (enga) dul á** (orðtak) Dylja/leyna (ekki). „Ég dreg engu dul á mínar skoðanir í þessu efni“.
- Draga ekkert af sér** (orðtak) Vinna/gera af fullum krafti; draga ekki úr dugnaðinum.
- Draga fisk á færi** (orðtak) Vera að skakveiðum. Helsta undirstaða byggðar og velsældar í Kollsvík og öðrum verstöðvum gegnum aldirnar. Þeir menn voru ekki mikils virtir sem ekki gátu dregið fisk á færi, óhamlaðir. „Fannst þar engi ýta honum af sem bæri/ er menn drógu fisk á færi“ (JR; Rósarímur).
- Draga fjöður yfir** (orðtak) Fela; leyna; draga úr; *fara í grafgötur með*. „Það er til mikils að vinna, en ég dreg ekki fjöður yfir að þetta verður erfitt“. Komið frá þeim tíma þegar ritað var með fjöðurstaf.
- Draga fósturjörðina/fjöðurlandið** (orðtak) Reyna að draga inn færi sem fast er í botni; *setja í þann stóra*. „Nu hefurðu annaðhvort sett í stórlúðu eða þú ert að draga blessaða fósturjörðina“!
- Draga fram** (orðtak) A. Sýna; koma með. „Hann dró fram frímerkjasafnið“. B. Leggja áherslu á.
- Draga fram lífið** (orðtak) Lifa; komast af; hafa viðurværi. „Einhvernveginn þarf að draga fram lífið“.
- Draga frá** (orðtak) A. Finna mismun tveggja talna í útreikningi. B. Í réttum; sortera fé. „Við þurfum að draga aðkomuféð frá, áður en við hleypum hinu út“. C. Í tali; vinsu úr það sem ofsagt er. „Lýsingarnar hjá honum eru stundum nokkuð yfirdrífna; það má alveg draga þriðjunginn frá“. D. Draga tjöld til hliðar, t.d. á gluggum svo birta komist inn. E. Birta fyrir sólu; draga ský frá sól. „Mér sýnist eitthvað vera að glaðna fyrir sól; allavega hefur dregið frá í bili“.
- Draga fyrir egg** (orðtak) Brýna eggstál þannig að brýnið lendi ofaní eggina og taki úr henni bitið. „Skelfilegt biteysi er þetta í ljánum; það er engu líkar en dregið hafi verið fyrir eggina“!
- Draga fyrir sól (u)** (orðtak) Um það þegar ský fer að byrgja sól á himni. „Nú er eitthvað að draga fyrir sólu; ætli við förum ekki bráðum að *raka upp*“.
- Draga í dilka** (orðtak) A. Draga í sundur (flokka/sortera) sauðfé í fjárrétt, t.d. eftir eigendum. B. Líkingamál um að flokka fólk eftir einhverjum geðþótta, t.d. eftir mannvirðingum. „Ég reyni að forðast að draga menn í dilka á þennan hátt“.
- Draga í efa** (orðtak) Efast um; vera í vafa. „Ég dreg það mjög í efa að þetta sé rétt“.
- Draga í gegn** (orðtak) Um teikningu; leggja hálfgegnisæjan pappír ofaná teikningu/mynd og teikna það sem sést í gegn. Einnig notað um það þegar kalkipappír er hafður ofan á auðu blaði, þannig að það sem teiknað/skrifað er á blað ofaná honum komi einnig á neðra blaðið.
- Draga í land** (orðtak) A. Draga upp net sín og fara með þau í land. „Við förum nú bara að draga í land í næstu vitjun ef veiðin heldur enn áfram að minnka“. B. Líkingamál; draga fullyrðingu til baka; gera lítið úr því sem áður var sagt. „Mér heyrir að þeir séu eitthvað að draga í land með þessa úrkomuspá; það gæti líklega orðið þurrkur á morgun“.
- Draga í skafla** (orðtak) Um skafrenning; setja snjó í skafla. „Hann var farinn að draga í skafla í Hæðinni“.

Draga (í) sundur / Draga í dilka / Draga (orðtak) *Sortera/raga fé í rétt; draga ær og lömb hvers eiganda í hans dilk úr almenningi í rétt.* „Eftir kaffið var farið að draga í sundur“. Oft stýtt í „draga“. „Eigum við ekki að fara að byrja að draga“? Í líkingum er notað orðtakið „draga í dilka“ um það að skipa fólki í hópa.

Draga í sundur með (orðtak) Verða lengra bil á milli. „Þeir voru nokkuð jafnir framan af kapphlaupinu, en svo dró í sundur með þeim á lokasprettinum“.

Draga létt (orðtak) Um netadrátt; draga hratt. „Bátinn rekur á netið; við þurfum að draga dálítið létt“.

Draga lærdóm af (orðtak) Læra af; nýta reynslu af. „Hann ætti að draga lærdóm af þessu og fara öðruvísi að hlutunum næst“.

Draga nafn af (orðtak) Vera *kenndur við; heita utaní.* Kollsvík er sögð draga nafn af Kolli landnámsmanni. Hinsvegar má snúa þeirri kenningu Landnámu við, og halda því fram að Kollsvík dragi nafn af Núpnunum sem heitið hafi Kollur í upphafi; og að kollur hafi síðan orðið viðurnefni þessa landnámsmanns“.

Draga niður í (orðtak) Þagna. „Hann *skammaðist* fyrst, en svo dró fljótt niður í honum þegar hann sá aflann“.

Draga ofan (orðtak) Draga vír út af gangspili niður í fjöru, til að festa honum í bát með spillkrók. „Ég skal snarast upp og draga ofan, ef þú heldur við bátinn á meðan, og strákurinn sækir hlunna“.

Draga saman með (orðtak) Minnka bilið á milli. „Ég elti tvævetluna fram allan dalinn, og heldur dró saman með okkur þegar kom framfyrir Stórvatn“.

Draga saman seglin (orðtak) A. Eiginleg merking; minnka segl sem uppi eru á bát/skipi. B. Líkingamál: Minnka umfang þess sem gert/unnid er. „Maður er farinn að draga saman seglin í vinnu með aldrinum“.

Draga seyminn (orðtak) Um framburð í töluðu máli; hafa sérhljóða langan; teygja úr orði/orðum. „Sumir drógu mjög seyminn þegar þeir hóuðu á fé í fjarlægð“. Líkingin vísar til saumaskaps; til þess að draga langan tvinna (seym) í saumfari. Orðtakið er vanalega ritað með einföldu i í stað y eins og vera skyldi. Stafar það líklega af því að orðið „seymur“ hefur vikið fyrir „saumur“ áður en ritun varð almenn og samhæfð. Á síðari tímum hafa fræðimenn *lagt sig í framkróka* við að skýra orðtakið eftir öðrum leiðum en þessari; sem þó liggur í augum uppi. Sjá *seymur*.

Draga sig í bólið/bælið/fletið/háttinn/lúsina/rúmið / Draga sig til kojs/ Draga sig til hlés / Draga sig í sængina / Draga sig í lúsina (orðtak) Fara í rúmið að sofa; *ganga til hvílu; taka á sig náðir.* „Ætli maður fari nú ekki bara að draga sig til kojs, heldur en að sitja hérna áfram; geispanði og gapandi“.

Draga sig í skel (orðtak) Vera óframfærinn í samskiptum við annað fólk; forðast samskipti; einangra sig. Líking við skelfisk eða snigil sem dregur sig í skel sína eða kuðung. Sjá *halda sig til hlés*.

Draga sig saman (orðtak) Um tilhugalíf karlmanns og kvenmanns; verða ástfangin; vera saman. „Þau eru víst eitthvað að draga sig saman; vinnumaðurinn og heimasætan; eða *svo er sagt*“.

Draga sig til kojs / Ganga til kojs (orðtök) Fara að háttá/sofa; koma sér í rúmið. „Nú er ég orðinn syfjaður. Ég held bara að maður fari að draga sig til kojs“. „Nú fer senn að verða tími á að ganga til kojs“.

Draga taum (einhvers) (orðtak) Fylgja einhverjum að málum; halda með; styðja einhvern. „... en jafnan dró hann taum þeirra sem *minni máttar* voru ...“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).

Draga til (orðtak) A. Myndast hrotur. „Eitthvað er hann þreyttur eftir þessa törn; mér heyrir að það sé farið að draga til í honum þarna í sófanum“. B. Draga þráð í þrjúnuðu/ofnu efni þannig að kilpur/gat/lykkjufall myndist. C. Draga eggjakút, fuglakippu eða mann í björgunarstól á *vaðdrætti* með *tildráttartaug*. D. Um landslag; nálgast; liggja lautardrög uppað. „Inn af Miðdegislautum taka við Augnholtslautir og fer þá að draga til Hnjótsheiðar...“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Draga til dauða (orðtak) Verða orsök andláts; leiða til dauða. „Berklarnir drógu hann að lokum til dauða“.

Draga til hjól (orðtak) Um bíl/traktor; spóla lítilla án þess að komast áfram, t.d. í sleypu/festu. „Förin liggja þarna á *blákantinum*, svo það verður að fara mjög gætilega og alls ekki draga til hjól“.

Draga til lautar (orðtak) Um landslag; myndast lægð. „Þarna uppi á Breiðnum, utan við Grenjalág, dregur aðeins til lautar og þar er Breiðsvatn; allmikið stöðuvatn“.

Draga til stafs (orðtak) Gæluorðtak um það að skrifa/ byrja að skrifa. „Strákurinn er farinn að stauta ágætlega og líka byrjaður að draga til stafs. Hann á eftir að spjara sig ágætlega í skólanum“.

Draga til tíðinda (orðtak) Gerast/ske fréttæmt. „Fátt dró til tíðinda í ferðinni“.

Draga undan (orðtak) A. Halda frá; skilja eftir. B. Mest notað í líkingamáli; segja ekki frá öllu. „Hann var mjög berorður í sinni frásögn og dró ekkert undan“. Sjá *segja fullum fetum; segja hreint út*.

Draga undir borð (orðtak) Veiða; afla. „Hálfdrættingar eru sjaldan, og hafa hálf þad sem þeir draga undir borð“ (Jarðabók ÁM VI).

- Draga undir sig** (orðtak) Um bjargsig; draga vað til sín þegar maður hefur sigið niður á syllu, t.d. til að geta leyst sig úr vaðnum eða til að festa fuglakippu fyrir ofan sig. „Slysið vildi til með þeim hætti að verið avar að draga fugl frá honum (Albert Engilbertssyni). Hann hafði dregið undir sig svo mikið af vaðnum að hann ætlaðist til að fuglakippurnar væru komnar á loft áður en hann færi á loft...“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Draga upp** (orðtak) A. Draga veiðarfæri úr sjó án þess að ætlunin sé að leggja þau strax aftur. „Og sagan endurtók sig; dregið og beitt út; lagst við stjórnann svona um straumaskiptin og enn dregið. En nú var dregið upp; lóðin hringuð niður í bjóðin. Þegar því var lokið þá voru niðristöðurnar gerðar upp; belgirnir innbyrtir og róið í land“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004). „Við drógum upp strengina á Bótinni; þar hefur varla sést grásleppa upp á síðkastið“. Sjá *taka upp*. B. Um veðurlag; þykkna upp; bera upp; ljókka; draga úrkomuský uppá himininn. C. Trekkja klukku; *vinda upp* klukku. „Nú hefur gleymst að draga upp klukkuna; hún er farin að *standa*“. D. Draga bjargmann eða feng upp úr bjargi/klettum. „Ég skal fara á brún og draga upp, ef þú verður noðri og *heldur frá*“. E. Teikna; skissa; gera endurmynd með því að leggja hálf gagnsæjan pappír yfir fyrirmynd. Einnig í líkingamáli; sýna slæmt ástand hluta/mála. „Hann dró upp dökka mynd af ástandinu“.
- Draga uppi** (orðtak) Fara svo hratt að maður nái þeim/því sem er framanvið og fer hægar í sömu stefnu. „Þeir lögðu af stað nokkru á undan mér, en ég var fljótur að draga þá uppi“.
- Draga uppúr** (orðtak) Bjarga sauðkind uppúr dýi/feni. „Það var ein föst ofani þarna í seilunum, en hún var þokkalega spræ þegar ég dró hana uppúr“.
- Draga úr** (orðtak) Letja; hafá uppi úrtölur. „Ég ætla ekki að draga úr þér með þetta ef þú vilt það“. B. Gera lítið úr. „Það er ástæðulaust að draga úr þessu; þetta var bara ágætur afli“. C. Um úrkomu; veðurhæð; minnka. „Skyldi hann ekkert ætla að fara að draga úr þessu árans éli“? D. Draga kindur úr fjárhóp. „Ég er búinn að draga mínar kindur úr“.
- Draga von úr viti** (orðtak) Trassa mjög lengi. „Hann dró það von úr viti að skila framtalinu; því *fór sem fór*“!
- Draga ýsur** (orðtak) Dotta; draga til; sofna og anda nokkuð djúpt og reglulega, jafnvel hrjóta dálítið. Dregið af samlíkingunni við að skaka færi reglulega við ýsuveiðar. „Ýttu nú við karlinum áður en hann dettur framúr stólnum; mér heyrir hann vera farinn að draga ýsur“. Sjá *ýsa*.
- Dragast afturaf** (orðtak) Farast fyrir; fara í útideyfu. „Það hefur nú dregist aftur af mér að klára þetta“.
- Dragast afturúr** (orðtak) Lenda fyrir aftan annan/aðra á göngu/ferðalagi. „Við skulum bara fara rólega með reksturinn norðuryfir, svo gömlu kindurnar dragist ekki afturúr“.
- Dragast á** (orðtak) Fallast á/samþykkja með semingi. „Ég dróst á að gera þetta fyrir hann að þessu sinni“.
- Dragast á langinn / Dragast úr hófi** (orðtak) Dragast *meira en góðu hófi gegnir*; dragast úr hömlu. „Það dróst á langinn vö við kæmumst af stað“. „Láttu þetta nú ekki dragast úr hófi“!
- Dragast áfram / Dragnast áfram** (orðtak) Staulast/drattast áfram. „Það er eitthvað að þessari kind; hún dregst varla áfram“. „Reyndu nú að dragnast áfram drengur“!
- Dragast upp** (orðtak) Veslast upp; svelta. „Það er skelfilegt að sjá hvernig féð á kotinu er að dragast upp; ærnar allar með skitu; ekkert stungið út úr húsum og allt orðið föðurlaust fyrir löngu“.
- Dragast úr hömlu** (orðtak) A. Bókstafleg merking: Ár dregst úr festiól; hömlu, sem áður tíðkaðist. Keipur var lengi notaður fyrr á öldum. Þá var keipstokkur, festur ofaná borðstokkinn og í hann keipurinn sem árin nam við þegar áratog var tekið. Til viðhalds í framtakinu var hömluól/hamla; smeygur sem dregin var í gegnum keipinn og árinna var stungið í. Ef ræðari missti árina gat hún dregist úr hömlu, og ferð bátsins tafist. . B. Afleidd merking: Dragast óhóflega; á eftir áætlun. „Láttu það ekki dragast úr hömlu að byrja á þessu verki“.
- Dragast ekki/varla úr ... orð** (orðtak) Vera mjög fámáll/þegjandalegur. „Hann var eitthvað niðurdreginn í gær og dróst varla úr honum orð, en í dag er allt annað uppi á teningnum. Það *kjaftar* á honum *hver tuska*“.
- Dragbítur** (n, kk) Notað í afleiddri merkingu um þann sem dregur úr því sem gera þarf eða tefur fyrir. Upprunaleg merking mun vera nagli sem stendur niður úr dragi á sleða og dregur úr rennsli.
- Dragðu aðeins andann!** (orðtak) Bíddu aðeins hægur/við; ekki neinn æsing!; vertu rólegur. „Dragðu aðeins andann drengur! Það er nú *ekki* alveg *úrhattis* með að þú komist í þessa ferð“.
- Draghaltur** (l) Mjög haltur; stingur mikið við. „Hvað er að henni Buddu? Hún er draghölt, sýnist mér“.
- Dragjárn** (n, hk) Drag úr jámi undir báti.
- Dragna** (s) Draga; *drösla*. „Vertu ekkert að dragna þessu heim; þetta er bara drasl sem flækist fyrir“.
- Dragnast** (s) Slóðast; silast. „Reyndu nú að dragnast á lappir“. „Hópurinn er að dragnast hér yfir víkina“.
- Dragnast/drattast á lappir** (orðtök) Koma sér á fætur. „Ætlarðu ekki að fara að dragnast á lappir“?!
- Dragnast með** (orðtak) Druslast með; draga á eftir sér. „Hvað er hundurinn að dragnast með þarna“?

- Dragnót** (n, kvk) Snurvoð. „Þessu hefur öllu hallað á ógæfuhlið síðan dragnótin kom til sögunnar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Dragnótaveiðar** (n, kvk, fto) Veiðar með snurvoð/dragnót. „Meðan dragnótaveiðar voru ótakmarkaðar var orðið fisklaust að kalla inni í fjörðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Dragreipi** (n, hk) Hluti seglabúnaðar á báti; falur; reipi til að hækka og lækka segl. „Guðbjartur losaði dragreipið er hann sá hvað verða vildi, en það var um seinan“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi).
- Dragsíður** (l) Um fatnað eða annað; svo síður að dregst með jörðu við gang. „Það er ekki vel heppilegt að vera í dragsíðum fatnaði í svona færð“.
- Dragspil** (n, hk) Annað heiti á harmónikkju; lítið notað í seinni tíð.
- Dragsteinn** (n, kk) Steinn sem hafður var sem sjálfvirkur lokunarbúnaður á hurð. Bandi er fest í gat á steininum og hurðarhornið efst og rennur í lykkju á stafnum. Steinninn lyftist við opnun og dregur svo hurð að stöfum.
- Dragsúgur** 8n, kk) Trekkur; gustur inni í húsi. „Lokiði nú hurðinni; það er bölvaður dragsúgur hérna“.
- Dragúldinn** (l) Mjög úldinn; *kasúldinn*. „Hundurinn er kominn með dragúldið fuglshræ upp á hlaðið“.
- Dramb** (n, hk) Yfirlæti; hroki. „Skárta er það nú bölvað drambið“!
- Dramb er falli næst** (orðatiltæki) Hroki leiðir oftast til ófarnaðar og er ekki til vinsælda fallinn.
- Drambsamur** (l) Hrokafullur; *lítur stórt á sig; góður með sig; stærilátur*.
- Drangfiskur** (n, kk) Augnfiskur; bjalla; fiskvöðvi innanvert á kinn þorskhauss (sjá *þorskhaus*).
- Drasla** (s) A. Að drösla einhverju til: „Ég veit nú ekki af hverju ég var að drasla þessari kerru hingað“. B. Að láta eitthvað dagast eða sitja á hakanum: „Ætlarðu bara að láta það drasla“?
- Draslarabragur** (n, kk) Yfirbragð óreiðu; lítil reglusemi „Það er alltaf dálítill draslarabragur á útgerðinni“.
- Draslaragangur / Draslaraháttur / Draslararí** (n, kk) Skortur á snyrtimennsku; slóðaskapur. „Óttalegur draslaragangur er þetta í karlinum; að geta ekki gengið frá áhöldunum eftir sig“! „Skelfing leiðist mér þetta draslararí, síknt og heilag“!
- Draslaralegt** (l) Söðalegt; mikil óreiða. „Skelfing er að verða draslaralegt hérna í skúrnum“.
- Draslarí** (n, hk) Söðaskapur; rú og stú. „Skelfilegt draslarí er þetta hjá ykkur strákar; farið nú að taka til“!
- Drastískur** (l) Róttækur; afgerandi; hættulegur. „Það getur þurft einhverjar drastískar aðferðir til að ná önglinum úr fingrinum“. „Aðgerðir stjórnvalda höfðu drastískar afleiðingar“.
- Dratta** (s) Slæpast; slóra. „Hann var bara að dratta í berjalautum þegar hann átti að standa fyrir fénu“.
- Drattast** (s) Koma sér; hafa sig. „Við þurfum nú að drattast af stað ef við eigum að ná þangað tímanlega“.
- Dratthalagangur** (n, kk) *Sleðaháttur; slóðaskapur; leti*. „Þú kemur engu í verk með svona dratthalagangi“!
- Dratthalast** (s) Drattast; koma sér. „Reyndu nú að dratthalast á fætur! Þú ert að verða of seinn í skólann“.
- Dratthali** (n, kk) Slóði; ódámur. „Karlinn er óttalegur dratthali við alla skepnuhirðingu“.
- Draugagangur** (n, kk) Slæðingur; reimleikar. „Ekki hefur orðið vart draugagangs í Kollsvík á síðari tímum; allavegana *ekki svo orð sé á gerandi*. Engar sögur fara heldur af slíkum vættum þar á fyrri tíð“.
- Draugalegur** (l) Skuggalegur; óhugnanlegur; dimmur. „Heldur fannst okkur strákunum draugalegt þarna inni í saggafullum og dimmum hellinum; með brimöldurnar hvæsandi og drynjandi rétt fyrir utan“.
- Draugast** (s) *Dratthalast; drattast*; vera seinfær/*hengilmænulegur*. „Ætlarðu nú ekki að draugast til að gera þetta fyrir hádegið“?!
- Draugatrú** (n, kvk) Trú á drauga og önnur slík hindurvítni. Ýmislegt bendir til að draugatrú hafi ekki verið jafn rötgróin í Kollsvík og víða annarsstaðar fyrir á tíð. Til þess bendir m.a. það að engin örnefni tengjast draugum og draugasögur eru mun færri í Kollsvík sögur sem tengjast öðrum dulmögnum, s.s. tröllum, huldufólki, álagablettum, fjörulöllum og galdramönnum. Þetta kann að skapast af því raunsæi sem var nauðsynlegt í viðureign við sjósókn; því að sjaldan ríkir fullkomin kyrrð í nálægð við hafið, eða því að ala börn fremur upp í rökhyggju en æra þau með draugasögum.
- Draughræddur** (l) Myrkfælinn; hræddur í myrkri. „Vertu nú ekki að lesa þessa vitleysu; þú verður bara draughræddur og ruglaður af því“.
- Draugsíður** (l) Þungur á sér; *drumbsíður; rasssíður; vögusíður*. „Ég er hræddur um að hrútarnir verði draugsíðir í rekstri norðuryfir Breið“.
- Draugslegur** (l) Seinfær; hægur; seinclátur. „Mér finnst hann alltof draugslegur við að koma þessu í verk“. Orðið virðist ekki hafa verið notað í þessari merkingu annarsstaðar, þó vel sé þekkt í annarri meiningu.

Drauja (s) Snúa; snúa við. „Kúnstin er að drauja pönnukökunum við áður en þær brenna“.

Drauja sér (orðtak) Koma sér af stað; *haska sér*. „Ætli ég verði ekki að fara að drauja mér bráðum“. „Þú ert orðinn grútsyfjaður; ég held þú ættir bara að fara að drauja þér í rúmið“.

Draumatrú (n, kvk) Fullvissa um að fyrirbæri í draumum hafi forspárgildi eða aðra þýðingu. Þessi trú var mjög sterk hjá mörgum fyrr á tíð, og allt fram undir lok 20. aldar ræddi fólk í allmikilli alvöru um túlkun drauma sinna sem fyrirboða um það sem koma skyldi. Sumir voru býsna vel að sér í þeirri túlkun, en hún fléttaðist oft saman við aðrar fræðigreinar sem nú eru að falla í gleymsku, s.s. forspár um veður eftir fornum messudögum, tungli, hegðun dýra o.fl. Fyrirboðar í draumum voru margvíslegir og túlkanir á þeim misjafnar. Algengt var að menn *dreymdi fyrir daglátum*; þ.e. gátu ráðið á draumnum hvað myndi ske daginn eftir. Mikið hár í draumi merkir auðlegð hans, en hármíssir fátækt. Sama gilti um fatnað. Sá myndi einnig efnast vel sem birtist lúsugur eða saurugur í draumi. Saur merkti einnig aflasæld. Í draumi boðar grátur gleði en gláumur sorg. Gull og silfurpeningar eru fyrir góðu veðri. Hestar í draumi eru fyrir hvassviðri. Ljósir hestar og ljósar ær eru fyrir snjó, en rauðir hestar og mórauðar ær fyrir blota og rigningu. Skyr boðar harðindi, sömuleiðis trjáreki. Sumir áttu draumamann eða draumakonu sem sagði þeim óorðna hluti.

Draumórar / Draumórahjal (n, hk) Órokréttar væntingar. „Það er lítið að marka þetta draumórahjal“. Sjá *órar*.

Draumórakennt (l) Fráleitt; óraunhæft. „Þessi stefnuskrá flokksins finnst mér dálítið draumórakennt“.

Draumspakur (l) *Berdreyminn*; sem sér óorðna hluti fyrir í draumum sínum.

Draumsýn (n, kvk) A. Það sem maður sér í draumi. B. Það sem maður lætur sig dreyma um/ væntir.

Drápsauga / Drápsdý / Drápsfen / Drápspyttur / Drápsseil (n, hk) Dý/kviksyndi sem hættulegt er skepnum. „Hér var stórhættulegt drápsfen áður en *ræst var fram*“. „Eftirlitið fólst í því að reka frá Mýrunum kvölds og morgna því mikið er af drápsdýjum í Láganúpsmýrum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Drápsklyfjar (n, kvk, fto) Óviðráðanlegar byrðar. „Þessi verðhækkun er bara drápsklyfjar fyrir bændur“.

Dráptól (n, hk) Tæki til að drepa með; vopn. „Farðu varlega með byssuna; þú ert með dráptól í höndunum“!

Dráttarband / Dráttartaug (n, hk/kvk) A. Band sem notað er til að draga eggjalát á *vaðdrætti* neðan úr bjargi og upp á brún. „Sextíu fuglar voru dregnir upp í einu; notuð voru sérstök kippubönd, sverari en venjuleg dráttarbönd“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Taug sem notuð er þegar eitt faratæki/vinnuvél dregur annað.

Dráttarfólk (n, hk) Undirsetumenn; fólk sem situr undir vað við bjargsig; fólk sem sér um að slaka sigara niður og draga hann upp. Í hópnum voru oft bæði karlar og konur; t.d. var það hluti starfs kvenna í seli á Seljadal að sitja undir vað á Látrabjargi. „Vaðurinn hefur nú verið rakinn frá brúninni og *hjólmaður kallar dráttarfólkið á vaðinn*. Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofan við hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. Hann *situr undir*, sem kallað er; lætur vaðinn renna yfir læri sér... *Vaðbergsmaður/gægjumaður* er kominn á sinn stað...“ (MG; Látrabjarg).

Dráttarmaður (n, kk) Sá sem dregur fiskilínu/net/færi. „Eftir að straumur harðnaði var erfitt að hafa áfram svo ekki yrði erfitt hjá dráttarmanninum. *Útbeitingarmaðurinn* varð að vera fljótur til að forðast áherðing“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Dráttarstaður (n, kk) Staður/rúm í báti þar sem færi er rennt og fiskur dreginn. „Mörgum þótti illt að vera frammi á *bógnum*. Þar mátti helst búast við *ágjöfum*, auk þess sem færið fór mest á *glæ* hjá þeim sem fremstir voru. Hættast var við *færaflækjum* á miðsíðu. *Fiskilegust* þóttu öftustu plássin. Sú var föst regla á flestum skipum að skipstjóri *renndi* aftastur og stýrimaður næst honum“ (GG; Skútuöldin).

Dráttarvél (n, kvk) Fjölhæf vinnuvél til sveita, knúin sprengihreyfli. „... á flatlendinu innan Víkurinnar voru auk þess notaðir hestvanar til flutninga, þar til 1944 að dráttarvél sem keypt var í Víkina leysti þá af hólmi að mestu. Þessi dráttarvél var sameign allra bænda í Víkinni“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Dráttarvinda (n, kvk) Vinda/spil til að draga bát á land. „Spilið (eða fyrst framan af dráttarvindan) stóð á tveim þóftum bátsins og var rammlega njörfað fast við þær“ (KJK; Kollsvíkurver).

Drátthög (l) Fær/listfeng við teiknun, skrautskrift ofl. „Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi er talin drátthögust af sínu samtímafólki í Rauðasandshreppi, og þó víðar væri leitað. Var mikið til hennar leitað um teiknun, málverk, skrautskrift, útskurð og aðra list, en einnig vann hún fjölda listaverka fyrir sig og sína. Hún var m.a. sú fyrsta sem vitað er til að hafi náð tókum á málun á náttúrulegar steinhellur, og gerði mikið af því.“

Dráttur (n, kk) Það að draga, t.d. fiskilínu eða annað. „Ef átakið á lóðinni breyttist þegar leið á dráttinn var einhver annar stærri dráttur með; oftast lúða“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Dregari (n, kk) Láréttur burðarbiti, t.d. undir húsgólfi/lofti í húsi. „Dregarinn virðist alveg ófúinn“.

- Dregin tóg** (orðtak) Tóg sem hefur verið í notkun, þannig að hún er laus við snúðspennu og orðin mött áferðar. „Dregin tóg þykir betri sem lásband en ný tóg. Hún er meðfærilegri og gefur betra grip.“
- Dregur hver dóm af sínum sessunaut** (orðatiltæki) Hverjum manni hættir til að líkjast þeim sem hann umgengst mikið. *Dámur* merkir lykt, og vísar orðtakið til þess að maður taki lykt af þeim sem næst er.
- Dregur í lautir** (orðtak) Fyllist í lautir og lægðir í skafrenningi. „Það hefur dregið í allar lautir í látunum“.
- Dregur sjór til sín** (orðatiltæki) Matarkistur sjávar draga fólk að ströndinni. Sannindi sem líkast til hafa lifað með þjóðinni frá upphafi vega, enda var sjaldan langvarandi hallæri við sjávarsíðuna.
- Dregur til lautar** (orðtak) Landslagi hallar niður í laut. „Túnið er slétt en dregur þó sumsstaðar til lauta“.
- Dreif** (n, kvk) A. Um eitthvað sem hefur fokið og dreift, t.d. hey: „Við þurfum að raka upp dreifarnar“. B. Jafnfallinn snjór sem ekki nær þó að hylja jörðu; snjódreif.
- Dreifa** (s) A. Almenn um það að strá/útbýta/láta á mrga staði. B. Sáldra áburði/skít á tún/slægjulönd. „Ætli sé ekki rétt að fara að dreifa á fyrstu sléttunum“.
- Dreifingur** (n, kk) Reitingur; það sem er dreift/ á stangli. „Það er dreifingur af fé um allan Vatnadalinn“.
- Dreitill** (n, kk) Lögg; leki; lítilsháttar vökvi. „Einhvern dreitil átti hann eftir í flöskunni“.
- Drekaflaug** (n, kvk) Armur á stjóra/dreka sem grípur í sjávarbotninn og heldur við.
- Drekahnakki** (n, kk) Sá endi stjóra/dreka sem er gagnstæður festarauganu. Stundum var sérstök lína bundin í drekahnakkann og fest við lítið ból; til að auðveldara væri að ná honum úr botnfestu. Heitið drekahnakki náði þá einnig yfir það ból; einnig nefnt *hnappmiði* (sjá þar).
- Dreki** (n, kk) Stjóri; akkeri; legurfæri skipa eða botnfesting nets/línu. „Akkeri þetta kölluðu Norðlendingar dregg en Vestfirðingar dreka eða stjóra. Við drekan var fest svonefndum *forhlaupara*, en það var mjó og liðlega keðja, 20-30 faðmar að lengd. ... Síðan kom stjórafærið, eða hin svonefnda *perllína*; gildur kaðall úr besta hampi. Stjórafærið var 300-350 faðmar á lengd (sem akkeri á skútum)...“ (GG; Skútuöldin). „Þegar komið var á ákvörðunarstað, sem stundum gat þó orðið annar en ætlað var ef margir voru á undan, var belgnum kastað og rakið úr bólfærinu sem fest var í hringinn í drekanum (stjóranum)“ (KJK; Kollsvíkurver). „Samúel skyldi vera í bátnum, og lagðist hann við dreka“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík). „Steinar voru notaðir í stað dreka við enda lóðanna“ (GG; Kollsvíkurver).
- Drekka eins og blávatn/vatn/mysu** (orðtak) Augljós líking. „Farðu varlega í þennan metal; það þýðir ekki að þamba þetta eins og hvert annað blávatn“!
- Drekka stinnt** (orðtak) Þamba; drekka af áfergju/ákafa; vera á fylleri.
- Drekkhlaðinn** (l) Þungfermdur/ siginn bátur. „Þótti lítil fyrirhyggja að sigla bátnum svona drekkhlaðnum“.
- Drellir** (n, kk) Hlunkur; *ruðamikill* hlutur. „Rafstöðin var niðþungur drellir og minnst fjögurra manna tak“.
- Drengskapur** (n, kk) Réttýni; heiðarleiki. „Sýnir þetta e.t.v. betur en flest annað fórnarlund hans, ósérhlífni og drengskap“ (ÖG; minn.grein um AK).
- Dreif** (n, kvk) A. Snjódreif; vart greinanlegur snjór á jörðu. B. Heydreif; þegar hey hefur fokið t.d. úr gördum eða göltum eða frá *töðugati*.
- Dreifhuga** (l) Utanvið sig; annarshugar; með athyglisbrest. „Hann getur verið skýrasti náungi og snillingur með afbrigðum, en hann er svo dreifhuga að stundum fylgist hann ekkert með því sem honum er sagt.“
- Dreifhugi** (n, kk) Sá sem er mjög/oft dreifhuga. „Skelfilegur sauður geturðu nú verið. Það er til lítills að ræða yfirhöguð nokkuð við svona dreifhuga sem ekki geta fylgst með“!
- Drekkhlaða** (s) Hlaða bát svo hann verði *drekkhlaðinn*. „Við erum ekkert að drekkhlaða bátinn; hann er að leggja upp einhvern árans velting núna“.
- Drekkhlaðinn** (l) Um bát; svo hlaðinn af afla/farmi að hann þolir litla báru/ferð; með mikinn *hlaðning*. „Það er ágætis veiði þessa dagana; þeir eru að koma drekkhlaðnir dag eftir dag“.
- Drekkhleðsla** (n, kvk) Mjög mikil hleðsla báts af afla/farmi. „Með þessa drekkhleðslu lögðu þeir í Röstina“.
- Drellir** (n, kk) Rumur; það sem er stórvaxið/þunglamalegt. „Ári væri nú gott að fá þennan drelli neðst í *veghleðsluna*“.
- Drembinn** (l) Sýnir drammb/fordóma. „Sumum þykir hann full stjórnsamur; stundum jafnvel drembinn“.
- Drengnokki / Drengstauli / Drengsnáði** (n, kk) Gæluorð um lítinn dreng.
- Drengilega** (ao) Heiðarlega; höfðinglega; af förnfýsi. „Hann kom drengilega fram í þessu máli“.
- Drengskaparbragð** (n, hk) Höfðingskapur; förnfýsi; góðverk. „Þótti mikið drengskaparbragð hjá þeim hjónum að bæta þessum börnum við sína eigin ómegð, þrátt fyrir lítill efni“.

- Drengskaparheit** (n, hk) Loforð með heiður í húfi. „Sá sem svíkur drengskaparheit nýtur ekki framar trausts“.
- Drengskapur** (n, kk) Heiðarleiki förnýsi; það að vera trúr/sannur/ samkvæmur sjálfum sér.
- Drepa** (s) A. Deyða; slátra. B. Dropa; koma raki í hey. „Sumsstaðar haf hey drepíð, og er *ekki gott að vita* hve mikið það er“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Drepa á** (orðtak) A. Minnst á; nefna. „Drap hann á margt fleira í sambandi við reksturinn“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG). B. Stöðva vél. „*Leggðu út og hafðu örliðið framá*, svo ég nái baujunni; ég drap *fullsnemma* á vélinni“.
- Drepa á sér** (orðtak) Um vél/sprenghreyfil; stöðvast. „Olían kláraðist af tanknum hjá ljósavélinni, svo hún drap á sér“.
- Drepa í dróma** (orðtak) Þagga niður; frysta. „Andstæðingar reyndu að drepa tillöguna í dróma“.
- Drepa niður báru** (orðtak) Þegar suðlægar eða austlægar vindáttir verða til þess að viðvarandi norðan- eða vestansjór minnkar. „Nú er hann búinn að snúa sér; hann verður fljótur að drepa niður þessa báru“ Einnig var talað um að *drepa niður sjó* í sömu merkingu.
- Drepa niður fæti** (orðtak) Stíga niður. „Svo mikið var af eggjum á syllunni að varla varð drepíð niður fæti“.
- Drepa niður sjó/vind** (orðtak) Viðvarandi *sjógangur*/vindur minnkar. „Mér sýnist hann vera að drepa niður vestansjóinn eftir að hann gekk í austnorðan“. „Hann er að drepa niður þessa norðanflæsu“.
- Drepa tittlinga** (orðtak) Blikka/depla augunum. „Hún hafði þann kæk að drepa tittlinga ótt og títt“. Vísar e.t.v. í örur höfuðhreyfingar smáfugla/tittlinga í æti. Gæti einnig vísað til þess að drepa smáfisk/*tittling*.
- Drepa tímann** (orðtak) Eyða tímanum; láta tímnn líða; gera sér til dundurs; dóta sér. „Halldóra amma sagðist bara vera að drepa tímnn þegar hún þrjónaði hvert parið á fætur öðru af vettlingum og sokkum“.
- Drepa undan sér** (orðtak) Um kind; skila ekki þeim lömbum *til frálags* sem hún á; missa lamb/lömb. „Það fer nú að stytta fyrir henni ef hún drepur undan sér ár eftir ár“. „Hún drap undan sér á Hlíðunum“.
- Drepa úr dróma** (orðtak) Leysa úr fjötrum. Orðtakið vísar til þess tilviks í goðafræðinni þegar æsir hugðust fjötra Fenrisúlfr með því að búa til fjöturinn dróma eftir að honum hafði tekist að *leysa sig úr læðingi*. En úlfurinn fór létt með að losa sig, og neyddust æsir til að fá dverga til að gera fyrir sig fjöturinn gleipni. Hann mun halda Fenrisúlfr til Ragnaraka.
- Drepa útaf** (orðtak) Lífláta; drepa; skjóta. „Kindin sem *fór ofani* var það illa *hrafnéttin* að ég varð að drepa hana útaf“.
- Drepast frá (einhverju)** (orðtak) Gefast upp; hætta við óunnið verk. „Ekkisen aumingjar geta þeir verið; að drepast frá þessu svona strax í byrjun“!
- Drepkalt** (l) Mjög kalt; mikið frost. „Búðu þig almennilega; það er drepkalt“! „Hann var orðinn drepkaldur“.
- Drepfrost / Drepkuldi** (n, hk) Hörkufrost; hættulega mikið frost. „Farðu í tvenna vettlinga og hafðu góða húfu; það er drepfrost og heldur að bæta í vindinn“. „Það þýðir ekkert að hafa féð lengi úti í þessum drepkulda“.
- Dreplanga** (s) Langa/girnast mikið. „Mig dreplanga að fara þangað einhverntímann“
- Drepleiðast** (s) Leiðast mikið; vera mjög leiður. „Alltaf drepleiðist manni að þurfa að hanga lengi í borginni“.
- Drepleiðinlegur** (l) Mög leiðinlegur; *illþolanlegur*. „Mikið andskoti er þetta kjaftæði drepleiðinlegt“.
- Drer** (n, hk) Ský á auga; gláka sem veldur skýi á auga. „Hrúturinn er kominn með drer í hægra augað“.
- Drepur** (n, kk) *Lensa*; tvíeggjað áhald sem notað var til að leggja hákarlinn með. „Drepirnir voru tvíeggjaðir stingir, hin biturlegustu vopn, með hálftrar alinar löngu blaði og fjögurra álna skafti. á vestfirskum skipum tíðkuðust svipuð áhöld og kölluðust þar lensur. Drepirnir voru til þess notaðir að stinga í sundur mænu hákarlsins þegar hann kom uppúr sjónum“ (GG; Skútuöldin).
- Dreyma fyrir daglátum** (orðtak) Vera forspár með draumum sínum; ráða í drauma sína þannig að þeir spái um ókomna tíð. „Sagt var að hana dreymdi fyrir daglátum“. *Daglát* merkir það hvernig dagurinn mun láta/verða, þ.a. hvernig deginum vindur fram. Sjá *draumatrú*.
- Dreyvniorka** (n, kvk) Osmósuorka; sjávarorka sem unnt er að virkja með því að aðskilja sjó og ferskvatn með dræpri himnu og nýta þrýstingsmun sem verður til við að ferskvatn leitar gegnum himnuna í saltvatnið. Tæknin er öll á tilraunastigi erlendis og virðist eiga mjög langt í land með að verða hagkvæm.
- Dreyrrjóður** (l) Blóðrauður; dreyrrauður. „Hann sat steinþegjandi undir þessum reiðilestri, en var orðinn dreyrrauður í framan. Loks kom að því að *blaðran sprakk*, og hann rak bylmingshögg í borðið“.
- Drif** (n, hk) A. Gírbúnaður í bíl eða öðru tæki. B. Rek vegna sjávarstrauma eða vinda. „Það er hörkudrif í sunnanáttinni þegar tekur upp norðurfallið“.

Drifblaðra (n, kvk) Vessafyllt blaðra sem myndast oft í skinni í lófa við sífellt nudd og álag, t.d. þegar unnið er lengi með hrifu, skóflu eða öðrum verkfærum. Óvanir fengu oft drifblöðrur eftir að byrjað var að vinna, enda skinnið þá mjúkt og illa varið. Drifblöðrur tæmast og springa ef þær eru látnar óhreyfðar og eftir nokkra vinnu myndar húðin sigglað sem ver hana. Það þótti því hálgerður *pempiuháttur* að hafa vettlinga til að verjast drifblöðrum meðan Íslendingar gátu enn valdið handverkfærum.

Driffjöður (n, kvk) Sá sem helst drífur áfram verk/viðburð/félagsstarf o.fl. „Eyjólfur á Lambavatni var, held ég, driffjöðrin í þessum íþróttæfingum hjá unglingunum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Drifhvasst (l) Rok; svo hvasst að rýkur úr ölduföldum. „Hann er orðinn drifhvasst á sjóinn“.

Drifhvítur (l) Skjannahvítur; alveg hvítur. „Þessi skyrta er nú ekki drifhvít lengur“. Drífa = él.

Drift (n, kvk) A. Framkvæmdasemi; rekstur. „Á tímabili var heilmikil drift í pöntunarfélögum þarna á svæðinu“. B. Fremur litill skafli sem verður til þar sem snó *drífur* t.d. yfir veg. Er þá eingöngu notað í fleirtölu: „Það voru víða allmiklar driftir á veginum, en þó ekki ófærð“. C. Rek á sjó. „Við látum driftina um að skola okkur hér norður á Hyrnurnar“. Sögnin að *drífa* var notuð um sömu tilefni.

Drít (n, hk) Fuglaskítur. „Stéttin er orðin hvít af dríti úr álkunni“.

Drita (s) Um fugl; skíta. „Það dritaði fugl á húfuna þína“.

Drífa (s) A. Um bát; reka undan straum/vindi. „Það hafði verið farið að drífa undan norðanstorminum og botnuðu ekki færin, en þá átti ég að andæfa á tvær árar á hálsþóttun“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Var síðan andæft framá vegna straums, svo ekki drífi“ (ÖG; Þokuróður). B. Reka fé. „Við skulum drífa féð allt inn í rétt áður en við förum að hvíla okkur“. C. Snjóá (oftast í logni). „Hann er farinn að drífa aftur. Ekki bætir það færðina“. D. Um byssu; bíl; ná; draga; komast. „Byssan drífur ekki svo langt að ég reyni að skjóta selinn“. „Heldurðu að jippinn drífi upp skaflana í Hæðinni“? E. Dreifast; ýra. „Báturinn geystist áfram, og sælðrið dreif yfir“ (ÞJ; Brímlending í Kollsvík).

Drífa (n, kvk) Þétt snjócoma í logni eða hægum vindi; verður oft þegar frost er lítið.

Drífa að (orðtak) Safnast að/saman; koma í hópum. „Seinnipart dags fór svo fólk að drífa að, vegna þess að jólatréð var núna á okkar heimili, og klukkan sex til sjö var kveikt á trénu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Drífa af (orðtak) Um verk/verkefni; klára/ljúka fljótt; *hespa af*. „Eigum við ekki að reyna að drífa þetta af fyrir hádegið“?

Drífa á dagana (orðtak) Gerast yfir tímabil. „Hann sagði okkur frá því sem hefði á daga hans drifið síðan hann fór suður“. Sjá *margt hefur á dagana drifið*.

Drífa í (einhverju) (orðtak) *Gera gangskör að* einhverju; bíða ekki með framkvæmd einhvers. „Nú held ég að þú ættir að drífa í þessu ef þú ætlar að gera það í dag“!

Drífa saman (orðtak) Um heyskap; *raka upp/ setja upp* í flýti. „Hann er farinn að ljókka verulega; við verðum að drífa þetta saman í hveli“.

Drífa sig (orðtak) Flýta sér; *haska sér*; koma sér af stað. „Ætli maður fari ekki að drífa sig af stað heimleiðis“.

Drífandi (l) Röskur; duglegur; framtakssamur. „Hann er bæði drífandi og útsjónarsamur“.

Drífholt (n, hk) Flatt stutt járnstykki, oft með handfangi þvert á flatinn; notað til að slá tunngjöf af tunnu eða á hana. Drífholtinu er þá haldið þannig að annar endi þess nemur á brún gjarðarinnar, en síðan er slegið á hinn endann með hamrí eða *díxil* (sjá þar).

Drísildjöfull / Drísill (n, kk) Púki; ári; skammaryrði. „Ég held anú ð þeir drísildjöflar ættu að skammast sín“!

Drjóli (n, kk) A. Það sem er svert og ruðamikið. „Þessi trjádrumbur er firnamikill drjóli“. B. Rumur; stór maður; þrjótur.

Drjúg eru morgunverkin (orðatiltæki) Gullvæg regla sem alltf heldur sínu gildi. Mönnum verður meira úr verki sé vaknað snemma. Rismál eru kl 6 að fyrra tímatali. Af sama meidi er spekin *morgunstund gefur gull í mund*. Af öðrum toga er máltækið; *misjöfn eru morgunverkin*.

Drjúgan spotta/spöl (orðtök) Nokkra vegalegnd; góðan/dágóðan spotta/spöl. Við eigum enn drjúgan spöl eftir. „Ég fylgi honum drjúgan spotta af leiðinni“.

Drjúgar eru innansleikjurnar (orðatiltæki) Það fæst oft mikið með því að hreinsa vel; eftirhreyturnar skila oft miklu. „Ég vissi að það borgaði sig að fara aftur á Stíginn; þær eru oft drjúgar innansleikjurnar“.

Drjúgari hluta dags (orðtak) Meirihlutann úr deginum. „Talsverða þolinmæði þurfti til að stíga bekkinn drjúgari hluta dags, en sumir t.d. Magnús Torfi höfðu stundum með sér bók til að lesa meðan bekkurinn var stíginn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

- Drjúgduglegur** (l) Nokkuð/fremur duglegur; duglegri en sýnist. „Hann er drjúgduglegur drengurinn“.
- Drjúglangt** (l) Nokkuð langt; lengra en í fyrstu virðist. „Það er drjúglangur gangur upp Fuglagötturnar“.
- Drjúglengi** (l) Nokkuð/fremur langan tíma. „Mér finnst hann vera drjúglengi að sækja þetta“.
- Drjúglyginn** (l) Nokkur/fremur lyginn/skreytinn. „Gættu þín dálítið á honum; hann er drjúglyginn“.
- Drjúgmikill** (l) Nokkuð/fremur mikið; allmikið. „Hann var bara með drjúgmikinn afla“.
- Drjúgmontinn** (l) Fremur drýldinn; drjúgur/góður með sig. „Hann var leiðinlega drjúgmontinn“.
- Drjúgum meira** (orðtak) Mikið meira; mun meira. „Það er drjúgum meira á þessum vagni en þeim fyrri“.
- Drjúgur** (l) A. Endingargóður; dugir lengi; „Það er ótrúlega drjúgt í þessari feitisdós“. „Hann er alltaf drjúgur, síðasti spottinn af leiðinni“. „Við fengum væna báru og það skvetti drjúgt í“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „En líklegt er að hey séu laus og verði þar af leiðandi ekki drjúg til gjafa hjá allflestum“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1929). B. *Drjúgur með sig*. „Hann er drjúgur núna, enda full ástæða til“.
- Drjúgur/góður með sig** (orðtök) Montinn; sjálfhælinn. „Strákurinn er duglegur, en nokkuð drjúgur með sig“.
- Drjúgur/góður spotti/spölur** (orðtök) Allnokkur vegalengd; töluverður spölur. „Við eigum enn drjúgan spotta eftir“. „Hann var kominn góðan spöl á undan okkur“.
- Droll** (n, hk) Hangs; slór. „Ansans droll var þetta við að sækja kýrnar; var verið að slóra í brönduveiðum“?
- Drolla** (s) Hangsa; slóra. „Þið eigið ekki að drolla í berjum þegar verið er að smala“.
- Dropa** (s) A. Talað var um að „byrjað væri að dropa úr lofti“ þegar fáeinir dropar féllu í aðdraganda rigningar. B. Sagt var að dropaði í hey þegar væta komst í hey eða galta vegna slæmrar hleðslu þess eða vegna leka á hlöðupaki: „Það hefur dropað í heyið í rigningunni“. Einnig *drepa*; sjá þar.
- Dropar / Dropar á stangli** (n, kk, fto/orðtak) Mjög lítil rigning; varla að *bleyti á jörðu*; *rigningarslítingur*.
- Dropinn holar steininn / Dropinn holar harðan stein** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að ávinningur getur orðið ef þolinmæði og úthald er nægt, þó lítið sýnist ganga. Í sömu átt hnígur spekin *kemst þó hægt fari*.
- Drossía** (n, kvk) Bílgerð sem nú nefnist fólksbíll. „Drossiur voru sjaldséðar í Útvíkum fyrst eftir að þær komust í vegasamband, enda óvíða færir vegir fyrir þær.“
- Drottinn gaf og drottinn tók** (orðatiltæki) Um missi; oft viðhaft við andlát eða jarðarför, en einnig oft. „Nei, missti ég nú lúðuhelvítið! Ja það gengur svona til; drottinn gaf og drottinn tók“!
- Drottinn gefi dauðum ró; hinum líkn er lifa** (orðatiltæki) Hinir dauðu skulu hvíla í friði en hinum lifandi skal farnast vel.
- Drottinn minn dýri!** (orðtak) Upphrópun sem lýsir mikilli hneykslun eða undrun.
- Drottins dýrðarveður** (orðtak) Einstakt blíðviðri. „Þvílíka drottins dýrðarblíðu hef ég aldrei fyrr upplifað“.
- Drottinsblíða** (n, kvk) *Drottins dýrðaveður*. „Það er sama drottinsblíðan dag eftir dag núna“.
- Drottinsdagur** (n, kk) Upphafleg merking er helgidagur/sunnudagur. Notað um daga almennt á síðari tímum, þá sjaldan það er notað; einkum í þvílíku orðasambandi: „Hvað skyldi sá drottinsdagur heita þegar ríkisstjórnin stendur við sín loforð“?!
- Drottinsorð** (n, hk) Orð drottins/Guðs; oftast notað nú í orðatiltækinu; „*dýrt er drottinsorðið*“.
- Drottinssvik** (n, hk, fto) Svik við drottin/ sinn höfðingja/stjórnanda. „Það geta nú varla talist drottinssvik þó þú kjósir einusinni eftir þinni sannfæringu en ekki af skyldurækni“.
- Drotningarrass** (n, kk) A. Áberandi miklar rasskinnar/mjaðmir á manneskju. B. Viðtakamikill skutur á báti. „Þetta er ekki ólaglegur bátur, en hann er varla gangmikill með þennan drotningarrass“.
- Dróg** (n, kvk) A. Meri. B. Tægja; slitur; arða. „Það var ekki dróg af keti eftir á beinunum þegar hann hafði lokið sér af“. „Það sést varla *snjódróg* á hálsinum“. Mikið notað í þeirri merkingu í Kollsvík.
- Dróttá að** (orðtak) Væna um; ásaka undir rós; ýja að. „Að hverju ertu nú að dróttá“?
- Drukna** (s) Farast/látast af köfnun í sjó/vatni. Druknanir hafa sjálfsagt oft orðið á fyrri tímum útgerðar í Kollsvík, líkt og annarra stórra útgerðastaða. Tveir drukknuðu frá aldamótum 1900 þar til útgerð leið undir lok í Kollsvíkurveri; Torfi Össurarson árið 1904 og Guðmundur Össurarson 1919. Má þó merkilegt heita, og ber vitni um góða sjómennsku, að ekki skuli hafa orðið fleiri slík slys á hafnlausri strönd fyrir opnu hafi; þar sem fljótt brimar og fast er sótt á fjölmörgum litlum fleytum.
- Drukklangur tími** (orðtak) Nokkuð/drjúgt langur tími. „Það leið drukklangur tími þar til þeir komu aftur“.

Drulla (s) Skita; hægja sér; bjarga buxum. „Ég ætla að skjótast og drulla áður en við förum“.

Drullast til (orðtak) Skrattast til; skammast til. „Skyldi hann ekki ætla að drullast til að klára þetta“?!

Drullublautur (l) Rennandi blautur; holdvotur. „Ég var bara í strigaskóm og varð drullublautur í fætturna“.
„Það er ótækt að hirða votheið svona drullublautt“

Drulludeli (n, kk) Skíthæll; þrjótur. „Ég hef ekkert við þann drulludela að segja“!

Drulludammur / Drulludý / Drullufor / Drulluforað / Drullusvað (n, kk) Dammur; forarpyttur; kviksyndi; drullupollur. „Nú er allt að vaðast upp í drullufor fyrir utan fjárhúsið“. „Það var ljóti drulludammurinn sem hundurinn lenti í“. „Ferlegur drulludammur er að verða hér utanvið fjárhúsdýrnar“.

Drullugalli / Drullularfar / Drulluleppar (n, kk) Mjög skítugur/óhrein fatnaður; skítagalli; skítaleppar.
„Blessaður farðu úr drullulörfunum úti á stétt; helst þyrfti að pusa á þig einni vatnsfötu áður en þú verður í húsum hæfur“! „Ég held það megi nú bara setja þessa drulluleppa í eldinn eftir egg tíðina“.

Drullugur (l) Skítugur; *ataður*; *forugur*. „Fjári er maður orðinn drullugur á höndunum eftir þetta“!

Drullugur uppfyrir haus (orðtak) Mjög ataður óhreinindum; allur óhrein. „Hvað í veröldinni voruð þið nú að gera; allir drullugir uppfyrir haus“?!

Drulluhali (n, kk) Drulludeli/ drullusokkur; drulluhálestur; eitt lægsta stig mannvirðinga sem hinn skrautlegi mælikvarði mannlýsinga náði yfir. „Ég sé ekki að þessi drulluhali nýtist til nokkurs hlutar“!

Drullulofthræddur (l) Mjög lofthræddur. „Hann viðurkenndi fúslega að hann væri drullulofthræddur, en lét sig hafa það að skríða yfir á nefið“.

Drulluóánægður (l) Mjög óánægður/vonsvikinn; þykir slæmt/*hundfúlt*; *skítóánægður*. „Ég er drulluóánægður með þessa niðurstöðu; og finnst það bara ræfildómur í þeim að *láta þetta yfir sig ganga*!“

Drullupest (n, kvk) Niðurgangur; ræpa; skita. „Ég held ég sé ögn að lagast af þessari drullupest“.

Drullusjóveikur (l) Mjög slappur/sljór af sjóveiki. „Ég varð svo drullusjóveikur að ég gat ekkert unnið“.

Drulluslappur (l) Mjög slappur/vesæll; veikur; með hita/slen. „Ætli ég sé ekki kominn með þessa fjandans pest; ég er eitthvað svo drulluslappur orðinn“.

Drullusokksháttur (n, kk) Leti; *ómennska*; *landeyðuháttur*. „Öðrum eins drullusokkshætti hef ég sjaldan kynnst! eru þessir menn á launum hjá almenningi eða hvað“?

Drulluhaugur / Drullusokkur / Drullustampur (n, kk) Niðrandi mannlýsingar. Drullustampur hefur líklega fyrrum verið heiti á íláti til að bera mykju úr fjósi, og á útá skíthaug/drulluhaug.

Drullusyfjaður (l) Mjög syfjaður/svefnþurfi; *grútsyfjaður*. „Nú fyrst finn ég hvað ég er orðinn drullusyfjaður“.

Drulluþreyttur (l) Útkeyrður; máttlítill af þreytu. „Þó hann væri drulluþreyttur eftir vitjunina, settist hann upp á traktorinn um kvöldið og sló alla sléttuna“.

Drumbnefja (n, kvk) Annað og minna notað heiti á álku/klumbunefju.

Drumbs / Drums (ao) Mótfallinn; tortrygginn; fúll. „Hann varð dálítið drums við þessari beiðni“.

Drumbsháttur (n, kk) *Þumbaraháttur*; *þegjandaháttur*; fýla. „Það var drumbsháttur af honum að heilsa ekki“.

Drumbslegur (l) Orðfár; þegjandalegur; fáskiptinn; fúll. „Skelfing þótti mér hann vera drumslegur“.

Drumbsíður (l) Seinn/hægur til; þungur á sér; *rasssíður*; *vögusíður*; *draugsíður*; „Ég er hræddur um að maður verði eitthvað drumsíður í fyrramálið, þegar maður vinnur svona fram á nótt“.

Druna (n, kvk) Þruna; mikill hávaði í stuttan tíma. „Það heyrðist þessi líka litla druna þegar raketan þaut af stað í lognkyrrðinni þarna á Melnum. Okkur fannst bergmálið koma jafn snemma úr Blakknum, Breiðnum, Fellnum og Undirhlíðarnefinu. Á eftir sat kolsvartur reykjarmökkur í lofti; svo mikill að dró fyrir sólu“.

Druna (s) Heyrast drunur. „Í logni má stundum heyra til Kollsvíkur drunandi sunnanbrimið undir Bjarginu“.

Drundrímur (n, kvk, fto) Viðrekstur; fretur. „Hættu nú að kveða þessar drundrímur innanhúss“.

Drungalega (ao) Skuggalega; þungbúinn. „Mér fannst hann líta svo drungalega út að ég *galtáði* garðana“.

Drungalegur (l) Þungbúinn; dimmur. „Skelfing er hann að verða drungalegur í *suðurloftið*“.

Drungalegur (l) A. Um veður; dimmt í lofti; rigningalegur. „En þó að hætt væri að snjóa var loft þungbúið og drungalegt“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). B. Um manneskju; þungbúinn eða alvarlegur.

Drungi (n, kk) A. Þyngslí í höfði; höfuðverkur; vanki. B. Dimmviðri.

Druntalegur (l) Fúllyndur; ómannblendinn. „Vertu nú ekki svona druntalegur og drífðu þig í sparifötin“.

Druntaralegur / Druntslegur (l) Þegjandalegur; með ólund; fúll. „Vertu nú ekki svona andskoti druntaralegur og drífðu þig með okkur“. „Það bætir lítið að vera eitthvað druntslegur“.

Drunti (n, kk) Fýlupoki; ólundarlegur maður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Druntur (n, kk) Fýla; ólund; ergelsi. „Það er einhver bannsettur druntur í honum þessa stundina“.

Drukkur (n, kk) A. *Sýra; sýrublanda*. „Alls staðar þar sem var *mylkur peningur* var safnað sýru; fyrst og fremst til *þorstadrykkju* heima fyrir, en jafnframt til sölu að sjávarsíðunni, einkum í verstöðvar, því sýra var hluti *lögúterðar* samkvæmt *skýlausum* dómi frá 16. öld og enn lengri hefð að því er virðist. Sýrunni var safnað í *tvíbytnur* eða *ker* sem höfð voru í *skoti* við búrið, eða í sérstöku *hýsi*. Í verstöðvum norðan Bjargs var *sýrutillag*...einn *fjórðungur* sýru til 3ja vikna, en það samsvarar 80 *mörkum* miðað við tólf vikna vertíð. Algeng blanda var *tólftarblanda*; ellefu merkur af vatni en ein af sýru.... Á Vestfjörðum höfðu menn alltaf með sér drukk á sjó.... Drykkjarilátið hafði ýmis nöfn; *blöndukútur*; *drykkjarkútur*; *sýrukútur* og *kægill*. Það var hlutverk *hálfdrættings* að hafa allan *hampa* af blöndukútnum; fylla á hann, bera um borð og frá borði og sjá um hreinsun hans“ Frásögn ÓETh o.fl (LK; Ísl. sjávarhættir II). B. Orðið var stundum notað eingöngu um *súrinn*/botnfallið sem settist undir í sýrutunnunni.

Druslulegur / Druslulegur til fara (l/orðtak) *Illa til fara*; í druslum. „Mikið skelfing ertu nú orðinn druslulegur til fara“!

Drúldinn (l) Fúll; afundinn. „Andskoti ertu drúldinn í dag. Fórstu öfugu megin framúr“?

Drúpa höfði (orðtak) Lúta höfði; vera álútur. „Hann draup höfði eins og í bæn, en mér er nær að halda að honum hafi bara runnið í brjóst“.

Drynja (s) Rymja; öskra. „Í logninu mátti heyra drynjandi svarrann í briminu“.

Drykkfelldur / Drykkhneigður (l) Mikið fyrir vín; vínhneigður. „Hann er víst orðinn ansi drykkhneigður“.

Drykkjarblanda (n, kvk) Sýrublanda, notuð til drykkjar; einkum á sjó. „Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; ein sér, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð drykkjarblanda“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Drykkjarfantur / Drykkjarkrús (n, kvk) Drykkjarkanna; drykkjarmál; *fantur*. „Réttu mér eina drykkjarkrús“.

Drykkjarilát (n, hk) Drykkjarkanna; drykkjarmál; drykkjarkrús; glas, eða annað sem drukkið er úr.

Drykkjarstampur (n, kk) Stampur, bali eða annað ílát með drykkjarvatni sem haft er hjá skepnum. „Milli básanna í gamla fjósinu á Láganúpi var drykkjarstampur; *treikvartunna* sem söguð hafði verið ofanvið miðju. Þar hjá var krani, en í miklum hörkum vildi fjósa í lögninni“.

Drykkjarvatn er víða mjög gott í Kollsík, og aðgengilegra en víða annarsstaðar í Rauðasndshreppi. Uppspretur/kaldavermsl eru á nokkrum stöðum, með hreinu og heilnæmu vatni sem komið er mjög langt neðan úr jarðlögum. Af nafnkenndum slíkum uppsprettum má nefna Gvendarbrunn og uppsprettu neðan gamla bæjarhólsins í Kollsvík; Árósa, norðan Hestkeldu; Brunnhúsupsprettuna og Kaldabrunn á Láganúpi. Vatnið í þessum uppsprettum er um 4°C og þykir mjög heilsusamlegt til drykkjar og böðunar. Mikill átrúnaður var á lækningamátt Gvendarbrunnvatnsins, og er það enn notað til lækninga.

Drykkjudá (n, hk) Brennivínsdauði. „Menn hafi jafnvel verið í drykkjudái þegar félagar þeirra voru að yfirgefa skipið“ (Guðrún Grimsdóttir um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).

Drykkjurútur (n, kk) Fyllibytta; sá sem misnotar áfengi verulega. „Hann var víst óttalegur drykkjurútur“.

Drykkjuskapur hefur ekki þekkt í Kollsík, svo lengi sem sögur herma. Má ætla að fyrir á öldum hafi slíkt vandamál verið nánast óþekkt á verstöðvum sem voru svo langt frá „sollinum“ í kaupstöðunum; enda hefur ónytjungum lítt verið vært þar sem unnið var undir drep við að draga lífsbjörg í bú. Þegar um hægðist með vinnuhörkuna á 20. öld, upphófust bindindis- og ungmennafélög, og í Kollsvík voru þau sérlega öflug. Fundargerðir frá þeim tíma bergmála enn hneykslunarviðhorfin sem upp risu þegar einhverjum varð það á að hafa áfengi um hönd. Síðustu íbúar Kollsvíkur hafa fylgt ákveðinni stefnu í viðhorfum til drykkjuskapar og því má fullyrða að Kollsvíkin sé eitt af (fáum?) landnámmum Íslands sem verið hafi laust við áfengisvanda frá upphafi byggðar. Óskandi væri að svo gæti áfram haldist.

Drykkjuslaður (n, hk) *Brennivinsraus*; bull sem sagt er í ölaði. „Ég nenni ekki að hlusta á það drykkjuslaður“!

Drykkjuskapur (n, kk) Það að drekka áfengi í óhófi. „Drukkið! Ég minnst þess ekki að ég sæi vín á manni í Verinu. Hér starfaði þá ungmennafélag sem Valdimar Össurason var driffjöðrin í. Hann gekkst fyrir bindindisstarfi; bæði á vín og tóbak, og mun enginn maður í sveitinni hafa notað vín eða tóbak“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Drykklangur (l) Um tíma; nokkuð/töluvert langur. „Það leið drykklöng stund þar til hann svaraði“.

Drynjandi (l) Hafa hávaða; öskra. „Getur þetta helvítis svokallaða varnarlið ekki verið annarsstaðr með sínar drynjandi flugrellur en ofaní hausnum á friðsömum bændum“!

- Drýgindahljóð** (n, hk) Íbygginn, mont; drýldni „Það er alltaf sama drýgindahljóðið, sé hann spurður um afla“.
- Drýgindalega** (ao) Íbygginn; gefur í skyn að meira búi undir. „Hann lét drýgindalega yfir því að nóg væri til“.
- Drýgindalegur** (l) Drýldinn; íbygginn. „Mér fannst hann vera nokkuð drýgindalegur yfir *aflabrögðunum*“.
- Drýgindi** (n, hk, fto) Aukning; viðbót. „Meltan er ágætis drýgindi í föðrið“.
- Drýgja** (s) Auka; bæta við; ger meira úr. „Kálfarnir eru orðnir það stórir að það er í góðu lagi að drýgja mjólkina þeirra mun meira með vatni, sérstaklega ef þeir fá smá *fóðurmél* úti“.
- Drýldinn** (l) Montinn; drjúgur með sig. „Þú mátt nú vera dálítið drýldinn yfir þessari veiði“.
- Drýldni** (n, kvk) Dálítið mont; íbygginn; drýgindahljóð. „Það vottaði fyrir nokkurri drýldni hjá honum“.
- Drýli** (n, hk) A. Hverskonar lítill hrúga; lítill hlaði. „Sandmaðurinn skilur eftir sig dálítill drýli í fjörunni“. B. Lítill *galti*. „Heyið var varla nógu þurrt til að *galta* það, en við settum upp í drýli“. C. Lítill varða; *vöröudrýli*; *hjástöðudrýli*.
- Drýsildjöfull** (n, kk) Blótsyrði; andskoti; mjög illa innrættur maður. „Þetta eru ær og kýr þeirra drýsildjöfla; að hrúga öllum á einn vesælan handkollublett við Arnarhól og leggja blómlegar byggðir í rúst!“
- Drýsill** (n, kk) Púki; skratti. „Einhver bannsettur drýsill hefur étið undan kollunni“! Einnig *drýsildjöfull*.
- Drægsni** (n, hk) Drusla; tuska. „Gáðu nú hvaða drægsni hundurinn er kominn með upp á hlað“.
- Drægt** (l) A. Unnt; mögulegt; fært; unnt að draga (framkvæma). „Ég tel varla drægt að koma þessu máli í höfn að svo stöddu“. B. Um siglingu báts; unnt að róa/sigla/ komast áfram. Í Kollsvík er eitt dæmi um orðið *hnifadrægt*: „Þeir fóru af stað í ágætis veðri; voru komnir á mið og búnir að fá einhvern lítillsháttar fisk. Þá setti á suðaustan moldbyl og hvassviðri, og það var alveg *hnifadrægt* í land. Þeir fóru nú af stað og reyndu að berja á móti veðrinu. Þá var báran strax svo mikil að báturinn varði sig ekkert. Þá tóku þeir það ráð að sigla og ætluðu að reyna að hitta á Kópinn. Það var eina *landvonin* hjá þeim. En þegar þeir höfðu litla stund siglt þá sjá þeir enskan togara...“ (TÓ; upptaka á Ísmús 1978; um sjóhrakninga Valdimars bróður hans og þriggja annarra).
- Dræmast** (s) Um aflabrögð; tregðast; minnka. „Nú er farið að dræmast verulega hjá okkur; við kippum“!
- Dræmlega** (l) Fremur illa; ekki af ákafa. „Hann tók fremur dræmlega í það að koma með okkur“.
- Dræmur** (l) Slakur; lélegur; lítill. „Veðrið var ágætt en aflinn var frekar dræmur“. „Þátttakan er dræm“.
- Dræsa** (n, kvk) A. Drusla; tuska. „Það er rekin einhver heljarlóng dræsa af vörpu“. B. Léleg/gömul ær. C. Gamalt orð yfir færi. Ekki vitiða til að það hafi verið notað í þeirri merkingu í Kollsvíkurverri.
- Dröfnur** (n, kvk, fto) Freknur; litlir dílar af öðrum lit. „Svartbaksungar eru í fyrstu með gráar dröfnur“.
- Dröfnóttur** (l) Með dröfnur/freknur/ litla díla. „Þú ert allur hvítdröfnóttur á bakinu eftir árásir kriunnar“.
- Drögur** (n, kvk, fto) A. Miklir sjóar/ stór grunnbrot með löngu bili á milli og sjór allur hvítfyssandi. „Það eru fjandi miklar dögur hér fram alla vikina“. B. Útbúnaður til flutninga, þannig að það sem flytja á er fest á milli tveggja kjálka; síðan lyft öðrum enda þeirra, t.d. sínum með hvorri hendi eða sitthvorumegin á hest, og dregið þannig að hinir endarnir dragast eftir jörðinni. Þegar slíkur útbúnaður var notaður til líkflutninga nefndist hann „kviktré“. Orðið var einkum notað í fyrri merkingunni í Kollsvík, en hefur ekki heyrst notað þannig annarsstaðar.
- Dröngull** (n, kk) *Skanki*; stöpull; grýlukerti. „Vörður tvær á leiðinni yfir Hænuvíkurháls heita Dyrsgja og Dröngull“.
- Drösla** (s) Draga; druslast með. „Hann dröslaði heilmikilli línuflækju heim úr fjörunni og er að greiða hana“.
- Drösull** (n, kk) Aumingi; óreglumaður. „Ég held að þessi drösull gagnist lítið við slárunina“.
- Drösullegur / Dröslulegur** (l) Druslulegur; illa útlítandi. „Ósköp ertu drösullegur til fara; hlauptu nú upp og skiptu um buxur“. „Þú getur ekki farið inneftir svona dröslulegur“.
- Dubba upp** (orðtak) Gera fínt; lagfæra; snyrta. „Það þyrfti að dubba dálítið upp gömlu tréhjóbörurnar“. Dubba er fornt orð og merkir að klæða; skryða.
- Duðra** (s) Dunda; seiglast; puða. „Enn duðrar hann við að fletta þessu tré“.
- Dufl** (n, hk) A. Ból; belgur; flot á niðristöðu. „Við förum fyrst í grynna duflið“. B. Tundurdufl. „Eitthvað var um að dufl ræki á fjörur um og eftir stríðsárin. Eitt slíkt var notað fyrir oliutank í Kollsvík“.
- Dufla við** (orðtak) Gæla við; gera sér dælt við. „Eitthvað eru þeir að dufla við þessháttar hugmyndir“.
- Duftsandur** (n, kk) Mjög fingerður sandur; svifryk. „Duftsandurinn og *seltumóstan* smýgur inn um smæstu rifur í miklu *sandfoki*; jafnvel stundum svo að leirlit slíkja sest á alla hluti inni, með tilheyrandi tæringu“.

- Duga** (s) Nægja; hrökkva til; vera nóg. „Þetta fer langleiðina með að duga“. Ýmist sagt „dugir“ eða „dugar“ í framsöguhætti. „Öllum dugðu heyin; nokkrir fyrna“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Duga eða drepast** (orðtak) Halda út eða gefast upp; halda áfram eða hætta. „Nú er annaðhvort að duga eða drepast; eigum við að leggja í röstina svona úfna eða bíða þar til dregur úr fallinu“?
- Duga engin vettlingatök** (orðtak) Taka verður á af festu. „Hér/nú duga engin vettlingatök“.
- Duga framúr** (orðtak) Um heyforða; duga út veturinn. „Mér sýnist að stabbinn í neðri hlöðunni muni duga vel framúr, þó farið sé að minnka í votheysgryfjunni“.
- Dugandi** (l) Sem dugir; úthaldsmikill. „Í svona svaðilfarir þarf dugandi menn“.
- Dugga** (n, kvk) Skúta; seglskip. „Talið var að Eggert í Saurbæ hafi komist í hollenska duggu“.
- Duggaraband** (n, hk) Gróft ullarband; grófur lopi.
- Duggarabandsár** (n, hk, fto) Yngri aldursár; unglingsár. „Ég hefði eflaust verið duglegri í svona leikjum á mínum duggarabandsárum“. Hvorki virðist fyllilega ljóst hvenær þetta orð varð almennt notað né nákvæm merking þess. Sjá *sokkabandsár*.
- Duggarabandspeysa** (n, kvk) Peysa úr grófu bandi/ grófum lopa; *ruðamikil* peysa. „Þetta er *herjansmikil boldangsflik*; er þetta ekki það sem kallað er duggarabandspeysa“?
- Duggarapeysa** (n, kvk) *Sjórapeysa*; notað í seinni tíð yfir bláar ullarbandspeysur með háu hálsmáli, sem algengar voru á síðari hluta 20 aldar og mikið notaðar, a.m.k. í Rauðsandshreppi.
- Duggari** (n, kk) Gamalt heiti á skútusjómanni; skylt hollenska orðinu dogger.
- Duggunarlega lítill/smár** (orðtak) Agnarsmár; örlítill. „Þú mættir gefa mér duggunarlega lítið af rommi úti teið, og *skeiðarblað* af hunangi“.
- Duggunarlítill** (l) Dálítill; smár. „Það er einhver duggunarlítill sletta enn í málningardósinni“. „Ég er nú duggunarlítill ánægður með sjálfan mig að hafa náð þessu marki“.
- Duggunarögn** (n, kvk) Örlítið; smávegis; *agnarögn*. „Nei, bíddu nú duggunarögn hægur“! „Hér ekki nokkur duggunarögn“.
- Dugir ekki til** (orðtak) Nægir ekki; er ekki nóg. „Ég sæki bara meira ef þetta dugir ekki til“.
- Duglaus** (l) Óduglegur; latur; linur. „Hann er helst til duglaus til átakavinnu þessi nýi vinnumaður“.
- Duglega** (l) Vel; hraustlega. „Hann bætti duglega á eldinn áður en torfið var sett yfir“. „Þá sló flötu, ég lenti í broti og það skvettist duglega í Korkanesið“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurverri; E.Ó. skrá; Árb.Barð 2004).
- Dugleysi** (n, hk) *Linka*; *aumingjadómur*. „Það er ekkert annað en dugleysi að nýta ekki svona *kjör*“.
- Duglítill** (l) Úthaldslítill; þreklítill; gagnslítill. „Ég er hræddur um að hann yrði duglítill í svona vinnu“.
- Dugmikill** (l) Úthaldsmikill; endingargóður. „Klárinn reyndist dugmikill í þessum flutningum“.
- Dugnaðarforkur / /Dugnaðarmaður / Dugnaðarkarl / Dugnaðarkona** (n, kk/kvk) Mjög duglegur maður. „Hún var dugnaðarforkur í öllu sem hún tók sér fyrir hendur“. „Faðir minn var dugnaðarkarl...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Systurnar voru dugnaðarforkar þegar þær stálpúðust nokkuð...“ (S.G; Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Sigríður(á Hvallátrum) var dugnaðarkona hin mesta, og lét vinnumenn sína stunda búskap og útræði af miklu kappi (GiG; Frá ystu nesjum). „Gummi var lægri og grennri maður en Liði, en kvikur á fæti, ákafa- og dugnaðarmaður, fljóthuga og gat átt það til að vera dálítið fljótfer“ (PG; Veðmálið).
- Dugnaðarlegur** (l) Rösklegur; lítur útfyrir að vera duglegur.
- Dugnaðarstrákur** (n, kk) Duglegur/knár/hraustur drengur. „Mér sýnist að þetta sé dugnaðarstrákur“.
- Dugnaður / Dugur** (n, kk) Atorka; úthald; afköst. „Ekki vantar dugnaðinn á þessum bæ“!
- Dul** (n, kvk) Leynd. „Ég dreg ekki dul á að þetta verður erfitt“. Ég ætla mér ekki þá dul að allt sé búið enn“.
- Dula** (n, kvk) A. Tuska; þunnur klæðnaður. B. Leyndur staður. Dula er örnefni í sunnanverðum Breið; *klettaslöður* eða *gjáarmót* þar sem unnt er að komast niður klettana en erfitt að sjá það úr fjarlægð.
- Dularfullur á svip** (orðtak) *Íbygginn*/leyndardómsfullur á svipinn. „Hún rétti mér pakkann, dularfull á svip“.
- Dulgeng** (l) Um kind/kú; erfitt að sjá á henni gang; erfitt að sjá hvenær hún er blæsma. „Það þarf að vakta hana Nótt sérlega vel um þetta leyti, ef hún skyldi ganga upp. Hún er svo ansi dulgeng“.
- Dulítið / Dultið** (l) Dálítið; nokkuð. „Ég er dulítið hræddur um að færðin sé farin að spillast“.
- Dulsmál** (n, hk) Nafn á sakamáli, einkum á 17.-18.öld, sem lutu að því að barn var myrt/ borið út. Á þeim tíma giltu hörð viðurlög Stóradóms við frillulífi, hórdómi og sífjaspelli, og var skilgreining þeirra brota mjög

þröng. Kvenfólk bjó þá við það sem nú myndi nefnast kúgun og sætti oft þungunum af völdum húsbænda eða annarra, sem síðan gripu til óyndisúrræða til að ekki kæmist upp. Viðurlög Stóradóms, ef upp komst, voru þau að drekkja konunni en hálfhöggva karlinn. Var a.m.k. 30 konum drekkt í Drekkingshyl í Öxará á þessum tímum, eða framundir 1760 er drekkingar voru aflagðar. Ekki er vitað um að slík mál hafi komið upp í Rauðasandshreppi.

Dulur / Dulur í skapi (l/orðtak) Orðvar; tregur til að segja hug sinn. „Honum er svo lýst að hann hafi verið maður hægur í skapi og dulur (GiG; Frá ystu nesjum).

Dumbótt (l) Litur á kúm; svört/dökkgrá á búk en með rauðbrúnan kvið; inni í eyrum og á hnakka.

Dumbrauður (l) Dökkrauður; rauðbrúnn. „Kálfurinn er dumbrauður með hvítri stjörnu“.

Dumbungsveður (n, hk) Dimmt í lofti; þungbúið. „Skeljasandurinn lýsir sem gull; jafnvel í dumbungsveðri“.

Dumbungur (n, kk) Þungbúið veður. „Það er dumbungur og frekar rigningarlegt“.

Dumpa á/í (orðtak) Slá á; berja á. „Dumpaðu ögn á tunnuhlemminn þegar þú ert búinn að slá upp gjarðirnar; þá dettur hann úr“.

Dunar í fjöllum (orðtak) Þegar mikið brimhljóð bergmálar í klettum og Hjöllum.

Dund / Dundur (n, hk) Dól; afþreying; róleg vinna. „Ég finn mér eitthvað til dundurs“.

Dunda (s) *Slóra*; vinna rólega. „Ætlarðu að dunda við þetta allan guðslangan daginn“?

Dunda (orðtak) Föndra við; dóla; *drepa tímann*. „Það er lengi hægt að finna eitthvað til að dunda sér við“.

Dundari (n, kk) Sá sem dundar. „Hann var sagður dundari og þótti aldrei mikill bógur til verka“.

Dunka (s) A. Slá/berja þungt. „Dunkaðu aðeins í þetta með sleggjunni“. B. Heyrast þungt/dimmt hljóð; *hlunka*. „Öldurnar gengu inn í hellinn og mátti heyra langar leiðir þegar þær dunkuðu í hellisbotninn“.

Dunkur (n, kk) Brúsi. „Maurasýrudunkar voru *útmétin* eggjailát. Var skorið á þá *handargat* um tappann“.

Dunur (n, kvk, fto) Dimm hljóð; drunur. „Dunur brims við Látrabjarg heyrast stundum til Kollsvíkur“.

Dur (n, kvk, fto) Dyr. „Hallaðu nú durunum drengur; það er dragsúgur hér inni“ „Stóð hann þá í durunum“.

Durgsháttur / Durtsháttur (n, kk) Ókurteis; móðgandi framkoma. „Sýndi hann stundum nágrönnunum fádæma durgshátt“.

Durgslegur / Durtslegur (l) Óheflaður; ókurteis; þegjandalegur. „Vertu nú ekki svona durgslegur við hana“.

Durgur / Durtur (n, kk) Óháttvís/þegjandalegur maður. „Þessi durtur er dálítið tæpur á mannasíðunum“.

Dusilmenni (n, hk) Vesalmenni; ræfill. „Ætlarðu að vera slíkt dusilmenni að láta traðka svona á þér“?!

Dusilmennska (n, kvk) Heigulsháttur; ræfilmennska. „Það er bara dusilmennska að gangast ekki við þessu“.

Dusta (s) Burstá; sópa; berja. „Dustaðu af þér mesta snjóinn úti“. „Nú dustum við af þessu mesta rykið“.

Dutla við (orðtak) Dunda við; aðhafast; fíkta við. „Það er nauðsynlegt að hafa eitthvað til að dutla við“.

Duttlungafullur (l) Sérvitur; óutreiknanlegur; ófyrirsjáanlegur. „Hann er duttlungafyllri en andskotinn“.

Duttlungafyrirbæri / Duttlungaskepna (n, kvk) Mikill sérvitringur; fyrirtektarsöm persóna. „Hann er ekki óskynsamur maður, en meiri duttlungafyrirbæri hef ég ekki fyrirhitt“.

Dúa (s) A. Skaka færi. „Að hreyfa færið eftir *vaðbeygjuni* var að... dúa“ (LK; Ísl sjávarhættir; heimild GG). „Þú verður að *halda þig að* því að dúa drengur; annars veiðirðu lítið“. „Ekki var dúað eins skarpt fyrir steinbít eins og fyrir þorsk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Hreyfast reglulega upp og niður. „Báturinn dúaði frammi á legunni“. „Mýrin dúaði undir fótum okkar“.

Dúandi (n, kk) Um sjólag; veltingur; *hífingur*; nokkur sjór. „Hann er að leggja upp einhvern dúanda núna; ætli við þurfum ekki að færa okkur grynna ef þetta eykst að ráði“.

Dúar undir fæti (orðtak) Um mýri sem er gróin en svo blaut að jarðvegur gefur eftir við göngu og/eða skelfur þegar stappað er á hann. „Hér þarf að fara varlega; það dúar töluvert undir fæti“.

Dúdduskór (n, kk, fto) *Túttuskór*; sjá þar. Í Rauðasandshreppi var heitið dúdduskór algengara.

Dúða (s) Kappklæða; klæða mjög hlýlega; búa vel út. „Það er aldeilis að þú ert dúðaður, þér ætti ekki að verða kalt í þessu“!

Dúðra við (orðtak) Úðra; gaufa/dunda við. „Ætli það sé ekki rétt að halda áfram að dúðra við netahreinsunina“.

Dúður (n, kvk, fto) Hlýtt skjólfat. „Komdu innfyrir og hengdu upp af þér dúðurnar“. „Svo lá leiðin í Ungmennafélagshúsið og kannað hverjir komu úr dúðunum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

- Dúðaður** (l) Mjög hlýlega klæddur; jafnvel óþarflega vel. „Þú ert nú aldeilis orðinn dúðaður“. Stundum var talað um að „tína af sér *dúðurnar*“ þegar fötum var fækkað við vinnu í góðu veðri.
- Dúfnarækt** var stunduð um tíma á Stekkjarmel í Kollsvík. Ingvar Guðbjartsson kom þar upp kofa fyrir nokkrar dúfur norðanvið íbúðarhúsið, líklega einkum sem skemmtun fyrir börn þeirra Jónu, sem þá voru ung“.
- Dúka borð** (orðtak) Setja dúk á borð; undirbúa borðhald. „Hún var búin að dúka borð þegar við komum“.
- Dúkka** (n, kvk) Brúða. „Ýmist var talað um leikföng eða dót; leikföng kannski spariorð en dót svona hvunn dags. Oftar var takal um brúður en dúkkur. en þekktist þó hvot tveggja; dúkka frekar sletta“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Dúkka upp** (orðtak) Birtast; koma í ljós. „Ég var lengi búinn að skima eftir baujunni, þegar hún allt í einu dúkkaði upp við *kinnunginn* á bátnum“.
- Dúkkuskot** (n, hk) Afvikinn staður í húsi fyrir dúkkuleiki. „Nauðsynlegt þótti að krakkarnir, einkum strákarnir, eignuðust dótakassa sem svo voru nefndir, en stelpur áttu gjarnan dúkkuskot. Það var smáhorn sem rýmt var í baðstofum og stelpurnar fengu sem heimili fyrir dúkkurnar sínar og þeirra húsgögn og stofupunt. Þar var sumstaðar býsna fint“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Dúkka upp** (orðtak) Birtast óvænt; koma í leitirnar. „Það dúkkaði upp hjá mér útigangsær nýlega“.
- Dúnalogn** (n, hk) Algert logn *stafalogn*; *rjómalogn*. „Hann er bara að *detta* í *dúnalogn*“.
- Dúnamjúkur** (l) Mjög mjúkur; *lungamjúkur*. „Finndu hvað þessi peysa er dúnamjúk“.
- Dúndra** (s) Hrynja/falla með miklum hávaða/fyrirgangi. „Bjargið kom fljúgandi lengst ofan úr Djúpadalasklettum og dúndraði í sjóinn skammt frá bátnum, þar sem hann lá á Sæluhöfninni“.
- Dúndur** (n, hk) Sprenging; hvellur. „Það varð *herjans* mikið dúndur þegar rakettunni var skotið“.
- Dúnn** (n, kk) Fingerðasta fiðrið á fugli. Dún nota ýmsir fuglar til að fœðra hreiður sín. Æðarfugl gerir það í miklum mæli, og er æðardúnn eftirsóttur vegna einangrunargildis; t.d. notaður í dúnsængur og úlpur. Til forna merkti orðið „hópur“, og má því í fornsögum sjá orðið „sauðadúnn“.
- Dúnka** (s) Dumpa; slá í með barefli. „Dúnkaðu aðeins betur með sleggjunni; veggurinn er að gefa sig“.
- Dúra** (s) Hægja vind. Einkum notað um það þegar hægði stutta stund: „Hann dúraði aðeins um hádegisd en rauk þá upp aftur“.
- Dúra í / Dúra niður** (orðtök) Dúra; hægja/lægja um stund. „Aðeins dúraði í um hádegisd, en þá rauk hann upp aftur“. „Eitthvað er þetta að dúra niður, finnst mér“.
- Dúsa** (n, kvk) A. Litill poki sem fylltur var af tuggnum mat og notaður áður fyrr líkt og snuð nútíldags; til að stinga uppí börn til að róa þau, jafnframt sem þau sugu úr þessu næringu. B. Afleidd merking; litill posi/sekkur/hnoða.
- Dúsa** (s) Vera kyrr þó manni líki það ekki. „Þarna mátti ég dúsa uppi á klettinum þangað til nautinu leiddist og það rölti í burtu“.
- Dúsín** (n, hk) Tylft; tólf stykki. Danskt heiti og hluti af því tólfundarkerfi sem hér viðgekkst áður fyrr. Notað framundir lok 20. aldar um suma vöru. „Ég ætla að kaupa eitt dúsín af vinnuvettlingum“.
- Dútl** (n, hk) Dund; bauk; smáverk sem unnið er í rólegheitum. „Þegar hún var barn átti hún þess ekki kost að læra svona dútl“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).
- Dúttla** (s) Dunda; bauka. „Ég hef verið að dúttla dálítið við áhugamálið“.
- Dútlari** (n, kk) *Gaufari*; *verkasmár* maður. „Sá dútlari er ekki heppilegur til að klára verkið“.
- Dvalarstaður** (n, kk) *Íverustaður*; staður sem maður dvelur á. „Maður ræður ekki alltaf sínum dvalarstað“.
- Dvalartími** (n, kk) Tími sem maður dvelur á tilteknum stað. „Minn dvalartími þarna varð fremur stuttur“.
- Dvelja** (s) Vera; staldra við; bíða. „Við skulum ekki dvelja of lengi í þessari *ördeyðu*“.
- Dverghagur** (l) Afburða hagleiksmaður/listamaður. „Það má með sanni segja að hún sé dverghög; ekki einungis í sínum listaverkum heldur hverju því sem hún leggur hönd á“.
- Dvergmál** (n, hk) Sjá *bergmál*.
- Dvergs Már** (l) Mjög smáfaxinn. „Maður verður eitthvað svo dvergs Már þegar maður stendur í fjörunni og horfir á átökin í svona *rótarbrimi*“.
- Dvergur / Dvergsperra** (n, kk/kvk) A. Máttarviður í húsi; stutt lóðrétt stoð sem stendur á loftbita og *heldur undir* sperrur eða mæniás“. B. Dvergur er heiti á smáfaxinni mannveru.
- Dvergur / Dvergspeni** (n, kk) Litlir ómylkir spenar sem venjulega eru aftanvið hina mjólkandi spena á kúm og kindum. Sagt var að kýr með áberandi dvergspena væru góðar mjólkurkýr.

Dvergvaxinn (l) Um mannveru/skepnu; mjög/óeðlilega smávaxin. „Þessi rauðmagi er líklega dvergvaxinn“.

Dvína (s) Minnka; dala; sljákka í. „Eitthvað er nú farið að dvína í þessum þurrki, finnst mér“.

Dvöl (n, kvk) *Viðstaða*; vera; vist. „Hefðum við ekki náð árinna aftur, þá hefði okkar dvöl orðið nokkru lengri á þessum miðum en ætlað var“.

Dyggð (n, kvk) Trúverðugleiki; gott siðferði; mannkostur. Var fyrrum alltaf borið fram hart í Kollsvík og er réttilegar skrifað með tveimur g-um en einu. Orðabók HÍ velur einfalt g en orðabók Menningarsjóðs tvöfalt.

Dyggðablóð / Dyggðaskepna (n, hk/kvk) Sá sem er dyggðugur/grandvar/trúr. „Alltaf er hún sama dyggðablóðið, þessi blessuð tík“.

Dyggðaríkur / Dyggðugur (l) Grandvar; heiðarlegur; trúr og fórnfús. „Ekki veit ég hvursu dyggðaríkir þeir menn eru sem þannig haga sér“.

Dyggur (l) Tryggur; trúr. „Hann hefur verið dyggasti stuðningsmaður flokksins *alla sína hundstíð*“.

Dylgja með/um (orðtak) Viðhafa óljós meiðandi ummæli um manneskju. „Um hvað ertu nú að dylgja“?

Dylgjur (n, kvk, fto) Ósannindi eða vafasamar og meiðandi fullyrðingar um manneskju, oft sagðar óljóst. „Ég kæri mig ekkert um svona dylgjur; hann verður að tala hreint út“!

Dylgjuraus (n, hk) Dylgjur; ósannindi eða vafasamar og meiðandi fullyrðingar um manneskju, oft sagðar óljóst. „Hvar skyldi þetta dylgjuraus vera upprunnið“?

Dylja (s) Leyna; fela. „Ég ætla ekkert að dylja það að mér líkar þetta enganveginn“!

Dylla (n, kvk) Stirtla/sporðstykki á steinbít.

Dylluroð (n, hk) Roð af aftari hluta steinbíts, sem notað var til að *reka í skó*. „Síður rifnaði út úr varpinu á skóm skó úr hnakkaroði en dylluroði“ (sjá *roðskór*).

Dylluskór (n, kk, fto) Roðskór úr aftari hluta steinbítroðsins (sjá *roðskór*).

Dyndla / Dylla (n, kvk) *Mark*; aftasti hluti stirtlu á steinbít, framanvið sporðinn, sem var skilinn eftir óskorinn við aðgerð með gamla lagiinu (sjá *steinbítur*).

Dymbilvika (n, kvk) Síðasta vikan fyrir páska. Sagt dregið af því að kólfar kirkjuklukna voru vafðir til að hljómurinn yrði daufari en vant var; eða þeim skipt út fyrir trékólfa.

Dyngir niður snjó (orðtak) Það snjóar mjög mikið. Oft notað um mjög þetta logndrifu. „Mér líst ekkert á hvað hann dyngir niður af snjó núna“.

Dyngja (n, kvk) Þykkur og mikill snjóskafl; *snjódyngja*. „Hann hefur þá sett dyngju í beygjuna rétt einu sinni“.

Dynja (s) Skella á; falla yfir. „Varla heyrðist mannsins mál uppi á loftinu þegar haglélið dundi á þakinu“.

Dynjandi skammir (orðtak) Mikil skammarræða; *óbótaskammir*. „Ég er þá ekkert að ómaka mig við smalamennskur ef ég hef ekkert uppúr því nema dynjandi skammir“!

Dyntir (n, kk, fto) Sérviska; *fyrirtekt*; matvendi. „Vertu nú ekki með þessa dynti drengur og éttu matinn“!

Dyntóttur (l) Kenjóttur; sérvitur. „Vélin í bátnum gat verið dyntótt, eins og aðrar vélar með magnettukveikju“.

Dynur (n, kk) Þungur tónn/ómur. „Pabbi sagði að þeir bræður hefðu heyrt dyn af sprengingunni í Hood þegar honum var sökkt af Bismarck, þó í fjarlægð væri, en þeir voru þá í róðri frammi á Kollsvíkinni“ (VÖ).

Dyragætt (n, kvk) Dyraop; dyragátt. „Hann rétt kom hér í dyragættina áður en hann fór út aftur“.

Dyrakarmur / Dyraumgjörð (n, kk/kvk) Dyraumbúnaður; fastur rammi innanum dyraop, sem hurðin fellur í.

Dyrasylla (n, kvk) Efra borð *dyrakarms*, sem myndar litla hillu þegar hús er einungis klætt ytri klæðningu sem fellur utarlega á dyrakarminn. „Brýnið er uppi á dyrasyllunni í Mókofanum“.

Dyrgja (n, kvk) Tröllslegur kvenmaður; skessa. „Dyrgja og Dröngull nefnast tvær vörður ofarlega á Hænuvíkurhálsi, Kollsvíkurmegin.“

Dys (n, kvk) Haugur; leiði. Ekki hafa fundist dysjar frá heiðni í Kollsvík. Eina greiftranir sem þar eru kunnar eru í forna kirkjugarðinum í Kollsvík, en hann er frá kaþólski tíð. Tvær munnmælasögur eru um dysjar: Önnur er svokallað Kollisleiði; fremst á Blakknesi, þar sem Kollur landnámsmaður á að vera heygður; í sjónlínu við vopn sín sem eiga að vera grafin undir Biskupsþúfu í Kollsvíkurtúni. Hin sögnin tengist hólnum Fornmanni, sem er undir Axlarhjöllum syðst á Umvarpinu. Þar hefur verið grafið í, og virðist hólinn vera framhlaup. Sögnin hefur trúlega myndast vegna bátslögunar hans.

Dysja (s) Heygja; jarðsetja í *dys*. „Sagt er að Kollur hafi látið dysja sig uppi á Blakknesnibbu“.

Dytta að (orðtak) Lagfæra; hlú að. „Það þyrfti nú að fara að dytta að þessum hurðargarmi“.

Dý (n, hk) Fen; forað. Nokkuð er um dý í svokölluðum Mýrum; mýrabelti um miðja Kollsvíkina. Mikið af þeim var ræst fram á síðustu öld en ennþá eru þar skæðar uppsprettur með gróðurskán. Fé hætti til að festast í dýjum og varð árlega af því töluverður fjárskaði. Það var því fastur liður í bústörfum að *gá í dýin* eða *gá í Mýrarnar*, ásamt því að *draga uppúr* og *urða* eða *rústa* hræin ef ekki var hægt að *gera sér mat úr þeim*. Sum þessara dýja eiga sín örnefni, s.s. Skolladý og Bugar í Kollsvík; Breddudý ofan við Stekkjarmel og Hestkelda, Grænamýri, Garðsendadýið, Drápsállinn og Sefið í Láganúpsmýrum.

Dýfa færi í sjó (orðtak) Renna færi; renna fyrir fisk. „Það var sama hvar dýft var færi í sjó; allsstaðar var hann undir“.

Dýfa hendi í kalt vatn (orðtak) Vinna eðlilega vinnu. „Þeim fjölgaði mjög fyrir bankahrúnið sem urðu forríkir án þess að þurfa nokkurntíma að dýfa hendi í kalt vatn; heldur sátu bara í kauphöllum og stunduðu veðmál með annarra manna fé. Sumir þeirra höfðu vit á að koma fengnum undan en aðrir ráfa nú um götur *eins og halaklippir hundar*“. Venjuleg vinna var vossöm áður fyrr, og oft þurfti að vinna með votar hendur. Ekki síst átti það við um þá sem sjóinn stunduðu. Sjá *hefur aldrei difið hendi í kalt vatn*.

Dýfa krók í sjó (orðtak) *Renna færi; bleyta færi*; setja færi í sjó til skakveiða. „Það var sama hvar maður dýfir krók í sjó þessa dagana; allsstaðar stendur fiskur strax á hverju járn!“

Dýjaáll (n, kk) Samfelld röð dýja; *dýjafláki*. „Fremst á Engjum er dýjaáll sem heitir Hádegisáll...“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Dýjafláki (n, kk) *Mýrarstykki; seilar*. „Drápsáll er mikill dýjafláki framanvið sléttunna á Láganúpi; nú nefndur Álar og hefur verið framræstur að verulegu leiti“.

Dýjahilla (n, kvk) Hilla/gangur/stallur í klettum, þakin votlendum jarðvegi. „Út úr Bæjargjá er ein hilla nefnd Lækjarhilla. Þetta er dýjahilla; efsta hillan neðan brúnar“ (ÍÍ; Örn.skrá Brattahlíðar).

Dýjamosi (n, kk) *Barnamosi; Sphagnum*. Mosi sem algengur er í dýjum í mýrum í Kollsvík sem víðar um land. Fagurgrænn og með mikið vatnsinnihald. Þurrkaður var hann notaður í vöggur ungbarna; sjá *barnamosi*.

Dýjahnappur *Philonotis fontana. Grænmosi*; ljósgræn mosategundsem víða einkennir dýjasvæði. Stundum ranglega nefndur *dýjamosi*. Dýjahnappur hefur granna ljósgræna sprota. Gróhirslur eru fremur stuttar, egglega; í fyrstu grænar en verða brúnar með aldri.

Dýjapyttur (n, kk) Dý; pyttur; fen. „Þar (í Leirunum) eru jafnvel dýjapyttir í sandinum“ (HÖ; Fjaran).

Dýjasvæði (n, hk) Svæði með mörgum dýjum. „Nafnið Bugar er nú notað yfir allt dýjasvæðið sem áður nefndist Heimadý, en Bugar voru þá handasta dýið“.

Dýjavatn (n, hk) Vatn sem rennur úr dýjum; *mýravatn*. „Van hefur varla verið annað á Grund en dýjavatn“.

Dýjaveita (n, hk) Mörg dý á svo samfelldu svæði að varla er fært milli þeirra. „Nokkrar dýjaveitur eru í Mýrunum, svo sem Bugar norðurundir Tröð; Hestkelda um Miðmýrar og Garðsendadý handast“.

Dýnamór (n, kk) Jafnstraumsrafal. Í byrjun vélvæðingar/bílaaldar í Rauðasandshreppi var orðið jafnan notað um jafnstraumsrafal í bil/trakto/báti, en aldrei um riðstraumsrafal. Síðar urðu riðstraumsrafalar allsráðandi, og nefndust alternatorar, en dýnamóar heyra sögunni til.

Dýpi (n, hk) A. Dýpt sjávar eða annars. „Ætli við séum ekki á tvítugu dýpi hérna“. B. Hafdjúp; svæði sem er mun dýpra en annað. „Þarna er brattur *marbakki* af dýpinu upp á *grunnið*“.

Dýpka á (orðtak) Fara/færa á meira sjávardýpi. „Ég held að við ættum að dýpka dálítið á þessum streng; það er andskotan ekkert í grunnendann á honum en *kakkað* í djúpendann“.

Dýpka á sér / Dýpka sig (orðtak) Sigla á mið fjær landi. „Við köstum færi á Stekkunum en verðum ekki varir; þá er að dýpka sig meira“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Dýpkva (s) Dýpka; verða dýpra. „Framan við marbakkann dýpkvar mjög mikið“.

Dýr myndi Hafliði allur (orðatiltæki) Það yrði útlátasamt að kaupa allt/ mikið á slíku verði. Tilvitnun ummæli Skafta Þórarinssonar í Þorgils sögu og Hafliða, sem ofbauð fébætur fyrir litla áverka.

Dýrabogi (n, kk) Gildra til að veiða ref/mink; klemma með stálfjöður sem spennir er upp, en smellur saman þegar stigið er á, eða hreyft við agni. „Þá er hreppsnefndin sammála um að greiða 10 dýraboga...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Dýravínur (n, kk) Sá sem er góður við skepnur; sá sem fer vel með dýr.

Dýrbitið (l) Bitið af dýrbít; *tófubitið*. „Mér sýnist helst að þetta lamb sé dýrbitið á snoppunni“. Sjá *tófubitin*.

Dýrbítur (n, kk) Refur sem bitið hefur lömb. „Þetta lamb er greinilega dýrbitið“. Sú var þjóðtrú að ekki mætti kyssa lamb að vori því þá biti tófan það um sumarið.

Dýrðardagur (n, kk) Góður/helgur dagur. „Hvað skyldi sá dýrðardagur heita þegar þessi blessuð ríkisstjórn stendur við loforðin sín“?!

Dýrðarinnar blíða/blíðuveður (orðtök) Mjög gott veður; logn og hlýindi. „Þetta er nú meiri dýrðarinnar blíðan dag eftir dag; það er einhvernvegin hægt að róa í þessu“!

Dýrðarveður (n, hk) Mjög gott veður; veðurblíða. „Ég man nú sjaldan eftir viðlíka dýrðarveðri“.

Dýrgripur (n, kk) Mjög dýrmætur/kær/mikilvægur hlutur. „Í þessum kistli geymdi hún sína helstu dýrgripi“.

Dýridagur (n, kk) Dagur krists líkama; fimmtudagurinn eftir *trinitatis*; hátíðisdagur í kaþólskum sið. Til minningar um nærveru krists við útteilingu *sakramentanna*.

Dýrindis... (forliður) Stórkostlegt; meiriháttar. „Þar var boðið upp á dýrindis veislu“.

Dýrka upp (orðtak) Um læsingu; opna með öðrum áhöldum en lykli. „Þegar lykillinn loksins fannst hafði honum tekist að dýrka upp læsinguna á skápnnum“. Byggir á dönsku orðtaki sömu merkingar; „dirke opp“, en af einhverjum ástæðum hefur mönnum þótt hæfa að setja „ý“ í stað „i“ við þýðinguna.

Dýrkeypt (l) Kostar miklar fórnir; er mikill skaði. „Það getur verið dýrkeypt að missa hrútinn í feð“.

Dýrlingur (n, kk) Maður sem, í kaþólskri trú, var eftir dauða sinn talinn hafa verið heilagur og fær um að gera kraftaverk. Mikill átrúnaður var meðal kristinna landnámsmanna á írsku og skoska dýrtinga; einkum hinn heilaga Kólumba. Honum var helguð hin fyrsta kirkja sem á Íslandi reis, og leiða má líkum á að hún hafi risið í Kollsvík. Kólumbi, eða Colombo, var af tignum ættum. Hann fæddist í Írlandi 521, starfaði þar í fyrstu sem prestur en fór 563 með lærisvinum til Iona á Suðureyjum; reisti þar klaustur og á skömmum tíma kristnaði hann allt Skotland og norðanvert England. Kólumbi lést árið 597 en Iona var eftir það höfuðklaustur og biskupssetur; þar voru um aldir krýndir allir Skotakonungar og þar var merkasta bókasafn heims á 8.öld. Við þessa hámenningu námu tveir ævintýragjarnir Norðmenn; Örlygur Hrapsson og fóstbróðir hans sem löngum hefur verið nefndur Kollur. Þeirra lærimeistari var Patrekur biskup; nefndur í höfuð þjóðardýrlings Íra. Í samráði við hann efndu þeir til leiðangurs til Íslands, með það fyrir augum annarsvegjar að nema þar land en hinsvegjar að kristna almennilega þann hóp landnámsmanna sem þar var fyrir. Tvö skip voru gerð út í leiðangurinn; sitt undir hvors stjórn, og meðal skipverja Kolls voru fleiri sem höfðu landnám í huga; Þórólfur Spörr og Þorbirnir tveir. Biskup Patrekur lét þeim m.a. í té kirkjuvið, en þar sem meginhlutverk klaustursins var kristniþóð má ætla að gnægð hans hafi verið tiltæk. Hann gaf þeim upp nákvæma staðarlýsingu á Kjalarnesi, svo greinilega hefur staðarval verið undirbúið áður. Þeir lentu hinsvegjar í kröftugri haustlægð með aftakaveðri og hröktust norður fyrir Látrabjarg. Örlygur bjargaðist inná fjörð sem hann nefndi í höfuð lærimeistara síns, en Kollur sneri sennilega frá ófærri Blakknesrösti; leitaði lendingar í Kollsvík en braut að lokum skipið á Arnarboða. Sundkunnáttu hefur líklega orðið Kolli og áhöfn hans til lífs, og nægu gátu þeir bjargað úr flakinu til að komast af. Kollur afréð að setjast að og helga sér þann kostamikla stað sem hans sæli Kólumbi hafði ætlað honum, en hásetar hans gerðu umfangsmikil landnám í grenndinni. Örlygur sigldi aftur að vori til hins fyrirheitna Kjalarness og byggði kirkju að Esjubergi. Kollur hefur líklega talið sínu ætlunarverki betur borgið í Kollsvík og vafalítið hefur hann einnig reist þar kirkju; sem þá hefur líklega verið fyrsta kirkja á Íslandi. Hún hefur verið helguð heilögum Kólumba, eins og kirkja Örlygs. Kollur hefur sennilega valið sér bústað á skjólsælasta stað Kollsvíkur, þar sem síðan var bæjarstæðið um aldir. Kirkjuna hefur hann líklega reist á lágum hól skammt þar suðuraf, þar sem síðar var löngum hálfkirkja og kirkjugarður. Í samræmi við það sem þá tíðkaðist má ætla að hann hafi reist keltneskan kross skammt vestur frá kirkjunni; sjávarmegin. Líklegasta staðsetning krossins er stór þúfa með steinkjarna, svonefnd Biskupsþúfa sem er í túninu milli bæjarhólsins og yngri Kollsvíkurhúss. Má vera að krossinn hafi borið nafnið „Kross Patreks biskups“, en eftir fall hans hafi þúfan fengið núverandi heiti; Biskupsþúfa. Á síðari tímum hefur nafn hennar þó verið skýrt með öðrum hætti:

Annar kirkjunnar maður setti sinn heilaga sitjanda á þessa þúfu, meira en tveimur öldum síðar; Guðmundur biskup Arason hinn góði. Þar lét hann líða úr sínum bæklaða fæti á leið sinni til vígslu Gvendarbrunnis.

Guðmundur var löngum uppá kant, bæði við kirkjuvaldið erlenda og höfðingjaveldi landsins. Safnaðist að honum mikið lið ölmusufólks og þeirra sem einnig voru í ónád hjá ráðamönnum. Guðmundur var hrakinn frá biskupsstól sínum á Hólum og flakkaði þá um landið með söfnuð sinn. Gegn greiðasemi í sinn garð vígði hann ýmsa staði, m.a. björg og vatnsból, og náði með því að brauðfæða liðið. Einn leiðangur hans lá vestur Barðastrandasýslu; e.t.v. að ráði góðvinar hans; Snorra Sturlusonar. Þar settist hann upp í verstöðvum; þáði fisk í soðið og stundaði vígslur að launum. Nú áði hans heilagleiki á Biskupsþúfu. Má vera að hann hafi þaðan messað yfir liði sínu og velgerðarfólki í Kollsvík. Á leiðinni frá Kollsvík áði hann hjá Gvendarsteini í botni Vatnadals. Guðmundur var aldrei tekinn formlega í dýrlingatölu, þó ástsælastur væri íslenskra kennimanna fyrir og síðar:

Kollsvíkingar hafa löngum haft Guðmund góða í heiðri þó þröngvað væri uppá þá siðaskiptum sem aðra. Þeir hafa einnig blótað samviskusamlega hinn heilaga Þorlák biskup um hverja Þorláksmessu á vetri, m.a. með neyslu reykra bringukolla. Sá Þorlákur var Þórhallsson; fæddur 1133 og dáinn 23. desember 1193. Hann var í hópi ungpresta sem vígðir voru til að fylla skarðið eftir brunann mikla í Hítardal, þar sem fórust

Magnús biskup Einarsson og með honum 70 aðrir; flestir prestar. Þorlákur nam erlendis en gerðist síðan prestur á Kirkjubæ á Síðu og varð prior og ábóti í Þykkvabæjarklaustri þar sem innleidd var Ágústínusarregla. Hann var kosinn biskup á Skálholti 1174 og deildi m.a. við höfðingja í staðarmálunum fyrri. Nokkru eftir andlátíð var hann tekinn í dýrlingatölu og bein hans tekin upp 20. júlí 1198, sem síðan er Þorláksmessa á sumri. Hann er eini Íslendingurinn sem páfi hefur viðurkennt sem dýrling.

Dýrseldur (l) Sá sem selur á háu/miklu verði. „Mér finnst hann ætla að verða nokkuð dýrseldur á bátinn“.

Dýru verði keypt (orðtak) Mikið gefið fyrir; dýrkeypt. „Mér finnst hrúturinn nokkuð dýru verði keyptur ef ég á að leggja til efnið í réttina og smíða hana líka“!

Dýrt er drottins orðið (máltæki) Viðhaft þegar einhverjum ofbýður, t.d. verð á einhverjum hlut.

Dýrt spaug (orðtak) Um það sem kostnaðarsamt er, t.d. viðhaft um óvæntan kostnað. „Það verður dýrt spaug ef netin eyðileggjast þarna á vikinni í norðangarðinum“!

Dýrtíð (n, kvk) Tímabil þegar verðlag er hátt á t.d. vörum og öðrum nauðsynjum.

Dægilega (ao) Laglega; *dálaglega*; vel. Oft notað sem öfugmæli: „Dægilega lætur vélarfjandinn núna“!

Dægilegheit (n, hk, fto) Ágæti; kræsingar; mjög gott atlæti. Oft notað í öfugri merkingu í seinni tíð: „Það er heldur dægilegheitin frá þessari ríkisstjórn; nú ætla þeir enn að hækka skattana“!

Dægilegur (l) Fyrirtaksgóður; ágætur. „Kálfurinn var ekki dægilegur þegar hann náðist úr forinni“. „Þeir eru dægilegir núna, þessir frambjóðendur“! „Ekki er þetta dægilegt“.

Dægradvöl / Dægrastyttning (n, kvk) Það sem haft er fyrir stafni til að drepa tímann/ til afþreyingar. „Fyrir mér er vísnagerðin sem hver önnur dægradvöl; þetta eru *augnablikshugleiðingar*. Það er gaman að leika sér og þetta er mín hugarleikfimi...“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Dægur (n, hk) Hálfur sólarhringur; 12 klukkustundir. „Hélt bylurinn næstu dægur, svo ekki var hægt að hyggja að hestunum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). „Byrjarfengur nýtist nú;/ norðandrengrir halda/ sels um vengi siglukú;/ svona gengur dægur þrjú“ (JR; Rósarímur). Í fornum ritum virðist orðið hafa merkt heill sólarhringur, og sú merking virðist vera að ná flugi á síðari tímum.

Dægurmál (n, hk) Málefni sem er áhugavert um stuttan tíma; samtímamálefni.

Dægurþras (n, hk) Deilumál vegna tímabundinna viðhorfa/deiluefna. „Svona stefnumótun verður að vera hafin yfir allt dægurþras og flokkapólitík“.

Dæla (n, kvk) A. Pumpa; áhald til að dæla vatni uppímóti. B. Sprauta t.d. til bólusetningar. Hvar lagði ég nú frá mér dæluna“? Í Kollsvík er orðið aldrei notað um dæld eða dal, líkt og t.d. á Suðurlandi.

Dældaður (l) Með beyglum; dældum. „Eftir veltuna í Hænuvíkurbrekkum var bensíntankurinn á Farmalnum alltaf dálítið dældaður öðrumegin“.

Dæll (l) Þægur; meðfærilegur. „Tuddinn var ekki dæll þegar átti að koma honum aftur í girðinguna“.

Dælt er heima hvað (orðatiltæki) Allt er auðvelt/gott heimafyrir; *heima er best*. „Vits er þörf/ þeim sem víða ratar./ Dælt er heima hvað“ (Hávamál).

Dælusveif (n, kvk) Handfang á dælu/pumpu. „Bensíni var dælt upp af tanknum með handdælu. Undir lokin var dælusveifin brotin, og kostaði nokkuð átak að hreyfa stubbinn“.

Dæma um (orðtak) Ákveða; meta. „Vel má vera að eitthvað í þessu sé rangt; um það ætla ég ekki að dæma“.

Dæmalaust (l) Óviðjafnanlegt; einstakt. „Dæmalaust rugl er þetta í þér“.

Dæs (n, hk) Andvarp; stuna; hneykslun. „Eitthvað verður nú dæsið í henni þegar hún fréttir af þessu“.

Dæsa (s) Andvarpa; stynja; hneykslast. „Það þýðir ekkert að sitja dæsandi yfir þessu; nú þarf að bregðast við“!

Dæstur (l) Dasaður; móður; ferðlúinn. „Maður er bara hálf dæstur eftir þennan eltingarleik við bykkjurnar“.

Döðlur / Döddlur (n, kvk, fto) Þurrkaðir ávextir döðlupálma, sem vex á suðrænum slóðum. „Afi minn, GG á Láganúpi notaði ávallt framburðin „döddlur“, en oft átti hann einhverjar döddlur í sinni ágætu kistu.“ (VÖ).

Dögg (n, kvk) Raki sem safnast t.d. á gróður eða vegg og myndar dropa. Sjá *daggarvæta*.

Döggva (s) *Falla á*; koma *náttfall*. „Það er farið að döggva og þýðingarlaust að heyja meira í dag“.

Döggvotur (l) Votur af dögg. „Það fellur fljótt á; ég varð döggvotur í fæturna af að ganga út á hlaðið“.

Dögum saman (orðtak) Marga daga í röð; yfir marga daga. „Hér hefur rignt látaust dögum saman“.

Dögun (n, kvk) Morgunbirta; morgunn. „Við þurfum að fara af stað strax í dögun“.

Dökknar/sortnar/syrtir í álinn (orðtak) Útlitið versnar; líkur minnka á góðri niðurstöðu/ góðum málalokum.

Dökkni (n, kk) Dökkur blettur/litur. „Mér sýnist vera einhver dökkni þarna; ætli þeir séu ekki að koma að“.

- Dökkur** (l) Dimmur; myrkur. „Ári er hann að verða dökkur í suðrinu; við verðum að drífa heyið saman“!
- Dökkur díll** (orðtak) Auður/snjólaus blettur á jörð. „Það sér hvergi á dökkan díll til fjalla, þó aðeins sé farið að hlána í byggð“. Sjá *rauð jörð*.
- Döngun** (n, kvk) Dugur; ræna; framtakssemi. „Hann hefur enga döngun í sér til að vinna, þessi letihaugur“.
- Eddukvæði** (n, hk, fto) Forn norræn kvæði með minnum úr goðsögnum og hetjusögnum. Þau varðveittust lengi vel í munnlegri geymd, en á 13.öld var farið að færa þau í letur. Konungsbók eddukvæða varðveitir flest eddukvæði, en hún var skrifuð um 1270.
- Eduément** (n, hk) Nytsamt áhald/tæki; góð uppfinning; *raritet*. „Þetta er alveg frábærlega snjallt edúment“. Orðið finnst ekki í orðabókum, hvorki íslensku né granntungna, nema sem sambræðingur úr „education“ og „mentor“ eða „development“, o.þ.h. Sumir notuðu þetta mikið vestra, t.d. Sv.Gbj.
- Eð** (st) Sem. Jafnan í orðtakinu *þar eð*, en nokkuð algengt þannig „Bað hann um aðstoð svo fljótt sem hægt væri, þar eð þeir væru orðnir þjakaðir og of faliðaðir...“ (ÞJ; Sargon strandi; Árb.Barð 1949).
- Eða hitt þó heldur** (orðtak) Eða alveg öfugt. Algeng upphrópun; niðurlag setningar þar sem í fyrrihlutanum felst þverstæðamótsögn þess sem við er átt. „Þetta er glæsilegt, eða hitt þó heldur“!
- Eða hvað það nú er** (orðtak) Hvað sem það er nú. Niðurlag setninga sem gjarnan er bætt við þegar menn vilja lýsa vanþekkingu sinni eða fyrirlitningu/lítillsvirðingu á því sem um er rætt.
- Eða svo** (orðtak) ...eða um það bil; ... eða nærri því. Notað í endingu setningar til að undirstrika óvissu. „Ætli þeir hafi ekki fengið eina tunnu eða svo“. „Það má enn troða á hlöðuna; einum heyvagni eða svo“.
- Eðalfæða** (n, kvk) Einstaklega góður og hollur matur. „Þessi hákarl er *hreint út sagt* eðalfæða“!
- Eðalmetall** (n, kk) Eðalvín; mjög gott/fint vín. „Þennan eðalmetall er ég búinn að eiga í skápnum í *ein* 20 ár“.
- Eðalnaungi** (n, kk) Einstaklega góður maður/vinur; öndvegisnáungi. „Hann er eðalnaungi; *út og í gegn*“.
- Eðalsteinn** (n, kk) Gimsteinn; dýrmæt steintegund. „Ekki veit ég hvort þetta er einhver eðalsteinn; ég fann þetta hér úti í Bót“.
- Eðli** (n, hk) Háttur; tilhneyging; það sem er eiginlegt. „Furðulegt þetta eðli í henni að æða beint út á Bjarg“.
- Eðlilega** (ao) A. Vanalega; eðlislægt; ekki afbrigðilega. „Mér finnst þetta ganga bara eðlilega“. B. Að sjálfsgöðu; skiljanlega. „Ég var alveg grandalaus; eðlilega vissi ég ekki af þessu atviki“.
- Eðlilegheit** (n, hk, fto) Það sem er eðlilegt/vanalegt. „Það virtist allt með eðlilegheitum þegar ég gáði að kúnni rétt áðan; hún virðist vera búin að jafna sig af doðanum“.
- Eðlisbráður** (l) Bráður/fljótillur/skapstór að eðlisfari. „Hann er mesta *gæðasál*, en nokkuð eðlisbráður“.
- Eðlisglaður** (l) *Glaðsinna*/skapgóður að eðlisfari. „Alltaf er hann jafn eðlisglaður, þessi öðlingur“.
- Eðlisgreindur** (l) Greindur/skarpur að eðlisfari. „Hann er skýr og eðlisgreindur, þó hann *fari vel með það*“.
- Eðlishægur** (l) Rólegur/hægfara að eðlisfari. „Hann er jafnan eðlishægur, en *mesta furða* hvað honum *vinnst*“.
- Eðlislægt** (l) Eiginlegt; eðlilegt, í eðlinu. Stýrir jafnan þágufalli nafnorðisins á undan. „Það var honum eðlislægt að fara útfyrir horn að míga, snemma á morgnana, og líta þá til veðurs og sjólags í leiðinni“.
- Eðlismunur** (n, kk) Grundvallarmunur í eðli/háttum. „Mér finnst nokkur eðlismunur á því hvort maður rekur við með hávaða og *tröllaglotti*, og því að láta þetta frá sér í rólegheitum svo lítið beri á“!
- Eður** (st) Eða; ellegar. „Leigur (af Láganúpi) betalast í kaupstað með fiski, með smjöri heim, eður eftir samkomulagi“ (ÁM/PV Jarðabók). Orðið heyrðist notað framundir lok 20. aldar. „Mér er sama hvort hann rignir eður ei; ég er búinn að ná öllum mínum heyjum“.
- Ef að líkum lætur** (orðtak) Ef allt er eins og líklegast/venjulegt er; *ef fer að vonum*. „Ég hef ekki áhyggjur af strákunum. Ef að líkum lætur eru þeir í hornabúinu uppi í Hjöllum“.
- Ef allt um þrýtur** (orðtak) Ef önnur ráð eru ekki fyrir hendi. „Ef allt um þrýtur þá gæti ég nú reynt að aðstoða þig með þetta“.
- Ef að / Efað** (orðtak) Viðtengingin „ef“ var iðulega svo tengd orðinu „að“ í framburði, að í raun var um einn orð að ræða, og mikið notað í máli Kollsvíkinga; a.m.k. eftir miðja 20. öld, þar sem „ef“ hefði dugað. „Það verður lítið róíð á morgun efað þessi vindspá helst“. „*Bésefans* gamli mávurinn ætlar að leiða hópinn langt frá Byrginu; *veifaðu* betur, efað þeim skyldi snúast hugur“.
- Ef að líkindum/líkum lætur** (orðtök) Líklega; ef svo fer sem líklegt er. „Ef að líkindum lætur fer hann að rigna með aðfallinu“. „Ef að líkum lætur verður hann búinn að gleyma þessu strax á morgun“.
- Ef allt um þrýtur** (orðtak) Ef allt annað bregst; sem *þrautaurræði*. „Það er enn dálítið pláss í kútnum, og ef allt um þrýtur setum við hrogn í fötuna“.

- Ef eitthvað hreyfir vind** (orðtak) Ef vindar eitthvað. „Ég er hræddur um að þetta hrófatildur standi lítið ef eitthvað hreyfir vind“!
- Ef ekkert er stríðið er öngvan sigur að fá/hafa** (orðatiltæki) Speki þeirra sem sækjast eftir stríði og sigri.
- Ef fyrir kann að koma** (orðtak) Ef ske kynni; ef svo slæst; ef svo vill til. „Ætli ég helli ekki upp á kaffi, ef fyrir kynni að koma að þeir dóluðu sér heim á næstunni“.
- Ef guð lofar** (orðtak) Ef allt fer að óskum/vonum. „Ég gæti verið búinn með heyskapinn fyrir mánaðarmótin ef guð lofar“. Í seinni tíð var líklega fremur vísað til gæfunnar í þessu efni en sjálfs drottins.
- Ef í harðbakkann slær** (orðtak) Ef erfiðleikar steðja að; ef *harðnar á dalnum*. „Það getur verið gott að eiga fyrningar ef í harðbakkann slær“.
- Ef í hart fer / Ef í nauðirnar rekur** (orðtök) Ef mikill ágreiningur verður; ef í harðbakkann slær. „Ef í hart fer þá tala ég kannski við þig um aðstoð“. „Ég á þetta til vara ef í nauðirnar rekur“.
- Ef í það fer / Ef með þarf / Ef á þarf að halda / Ef þörf er á / Ef til þess kemur / Ef svo sé** (orðtök) Um ráðstafanir sem gera þarf ef aðstæður krefjast þess. „Við fáum hann til að aðstoða okkur ef í það fer“.
- Ef lítið liggur við** (orðtak) Ef hjálpar er þörf. „Þakka þér kærlega fyrir hjálpina; þú mátt endilega nefna mig á nafn ef þér liggur lítið við“.
- Ef með þarf** (orðtak) Ef þörf er á; ef þarfnast er. „Ég dreypi á hóstasafinni ef með þarf, en hún er fjandi *bragðvond*“!
- Ef mikið liggur við** (orðtak) EF mikið er í húfi/hættu; ef áriðandi er. „Það er alltaf gott að vera fleiri en færri er mikið liggur við“.
- Ef nauðsyn ber til** (orðtak) Ef mjög brýnt er; ef mikil þörf er á. „Það er ágætt að eiga eitt tóbaksbréf til að grípa í; ef nauðsyn ber til“.
- Ef satt skal segja** (orðtak) Satt best að segja; *sannast sagna; í sannleika sagt*.
- Ef ske kynni** (orðtak) *Ef svo bæri undir*; ef þannig vildi til. „Það er rétt að grípa með sér einhverja *eggjaspöndu* ef ske kynni að við fengjum eitthverja *eggjakoppa*“.
- Ef svo ber undir /við** (orðtak) Ef svo vill til; ef þannig stendur á. „Hann er hjálpsamur ef svo ber undir“.
- Ef svo kynni að falla** (orðtak) Ef svo bæri undir; ef hentaði. „Ég ætla að hafa slóðann klárann ef svo kynni að falla að yrði sjóveður á morgun“.
- Ef svo mætti segja** (orðtak) Ef það væri orðað þannig; nærri því orðalagi. „Byggð er eginlega aflögð á þessu svæði, ef svo mætti segja“.
- Ef svo sé** (orðtak) *Ef vera skyldi/kynni*; hvort svo gæti verið. *Ambaga* sem stundum var notuð. „Ég ætla nú að spyrja hann til siðasaka; ef svo sé að hann ætti örlitla lögg á flösku“.
- Ef svo slæst** (orðtak) Ef svo vill til; ef svo fer; *ef fyrir kann að koma*. „Ég fékk pakka af skotum, ef svo slægist að flygi með Görðunum meðan þú *stendur við*“.
- Ef til kastanna kemur** (orðtak) Ef á reynir; ef til þess kemur. „Við skoðum þá málið aftur ef til kastanna kemur; sem ég á svoem ekki von á“. Visar til þess að leysa úr málum með hlutkesti ef þörf er á.
- Ef til vill** (orðtak) Kannski; má vera; hugsanlega. „Tvær ær; önnur á Lambavatni en hin í Gröf, eru ekki góðar og ef til vill að þær lifi ekki; því líkur eru til, að fengnum upplýsingum, að þær séu veikar“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1945).
- Ef tími gefst/vinnst til** (orðtak) Ef unnt er tímans vegna.
- Ef útaf bregður** (orðtak) Ef bregst; ef fer úrskaiðis. „Við erum í hálfgerðum vandræðum ef útaf bregður með þetta“. Sjá *bregða útaf*.
- Ef vel á að vera** (orðtak) Ef allt á að vera í lagi/ fara vel. „Við svona löng sig þarf allnokkurn mannskap; ef vel á að vera þyrfti ekki færri en tíu að *sitja undir vað*“.
- Ef vel er að gáð** (orðtak) *Við nánari skoðun*; þegar málið/viðfangsefnið er vandlega athugað. „Þetta virtist vera venjulegt blágrýti við fyrstu sýn, en ef vel var að gáð mátti sjá agnir í steininum, sem líklega voru gull“.
- Ef vera skyldi/ kynni** (orðtök) Ef það/svo gæti verið; ef möguleiki væri. „Ég leit við hjá þeim ef vera kynni að þau hefðu orðið vör við hundinn“. „Þú ættir að spyrja hann, ef vera skyldi að hann hefði þörf fyrir þetta“.
- Ef vilji er fyrir hendi** (orðtak) Ef vill. „Ef til vill, ef vilji er fyrir hendi, gætum við farið í aðra ferð seinna“ (IG; Sagt til vegar I).

Ef svo/þannig slæst (orðtak) Ef vera kynni; ef þannig ber við; ef svo ber undir. „Ég ætla að setja bensín á traktorinn, ef svo slægist að yrði þurrkur á morgun“. „Það getur vel verið að ég komi til ykkar á morgun; ég læt vita ef þannig slæst“.

Efa (s) Vera í vafa um. „Ég efa það mjög að fé sé enn uppi í lautum í þessum snjó“.

Efalaust (l) Vafalaust; án efa. „Þetta er efalaust rétt hjá honum“.

Efalítið (l) Vafalítið; án mikils efa. „Þetta var efalítið Hænuvíkurfé, eins og það lét“.

Efamál (n, hk) Vafamál; óvissa. „Ekki taldi almenningur það efamál að hér væri Benedikt Gabríel að verki, og hefndi sín þannig út af hvalamálinu“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Efasemdasál (n, kvk) Sá sem efast; *vantrúarhundur*; efahyggjumaður. „Jafnvel mestu efasemdarsálir létu sannfærast eftir að hafa *séð þetta með eigin augum*“.

Efasemdir (n, kvk, fto) Efi; vafi. „Ég hef miklar efasemdir í þessum efnunum“.

Efast (s) Vera í vafa; vera vantrúaður á. „Ég efast um að verkið klárast í dag“.

Efast sundur og saman með (orðtak) Vera mjög efins um; vera í miklum vafa um; vera mjög *beggja blands*. „Ég hef verið að efast sundur og saman með þessa ákvörðun, og er enn ekki kominn að niðurstöðu“.

Efi (n, kk) Vafi; óvissa; vantrú. „Það getur varla leikið neinn efi á þessu lengur“.

Efinn / Efins (l) Í vafa; ekki viss. „Dálítið er ég finn um að þetta geti gengið“. „Ég er mjög efins um þessa nýju stefnu flokksins“.

Efja (n, kvk) Drulla; for; *lella*. „Kýrin náðist loks upp úr skurðinum; *ötuð* efju upp á bóga“.

Efjuslagur (n, kk) Erfiðisvinna í efju/for. „Þá upphófs mikill efjuslagur við að koma böndum á kúna og draga hana uppúr forinni“.

Eflast (s) Aukast að þreki/afli/umfangi. „Lambhrúturinn er *allur að* eflast og *koma til*“.

Eflaust (l) Örugglega; vafalaust; *óefað*. „Eflaust skilar hún sér sjálf síðar; með sínum tveimur lömbum“.

Efna (s) A. Um loforð/fyrirheit; standa við; gera alvöru úr. „Enn eru þeir ekki búnir að efna þetta kosningaloforð“. B. *Efna í; Efna til* (sjá þar).

Efna í (orðtak) A. Fá efni í. „Ofanvið hlöðu var stafla af timbri sem búið var að efna í skúrbygginguna“. B. Spara sér/ leggja til hliðar fé í ákveðnum tilgangi. „Hann segist vera að efna sér í nýtt reiðhjól“.

Efna til (orðtak) Stofna til; setja á fót. „Ungmennafélagið efndi til samkomuhalds af ýmsu tagi“. „Efnit var til veglegrar veislu af tilefni dagsins“.

Efna til deilna/rifrildis/miskliðar/ófriðar/óvinafagnaðar/illinda (orðatiltæki) Koma einhverjum deilum/illindum/erjum af stað; kynda undir ófriði. „Ég ætla ekki að efna til óvinafagnaðar með því að bjóða öðrum þeirra í veisluna en ekki hinum“.

Efnaður / Efnamikill (l) Ríkur; vel efnun búinn. „Hann er sagður sæmilega efnaður“.

Efnafólk (n, hk) Ríkt fólk; fólk í góðum efnun. „Þeim er engin vorkunn að greiða. Þetta á að heita efnafólk“.

Efnalaus / Efnalítill (l) Fátækur; eignalaus. „Sumirsátu uppi nánast efnalausir eftir þetta ævintýri“.

Efnalega (ao) Fjárhagslega; varðandi efnahag. „Hann er víst nokkuð illa staddur efnalega“.

Efnidir (n, kvk, fto) Eftirfylgni; raungering loforða. „Miklu var lofað en efnidirnar urðu litlar“.

Efni þarf til alls (orðatiltæki) Til að geta keypt þarf maður að hafa efni/ráð á því; allir hlutir hafa sitt verð.

Efnilegur (l) Gott efni; vænlegur. „Ég bjargaði ágætri spýtu undan sjó; hún gæti verið efnileg í hliðstaur“. „Þessi patti verður einhverntíma efnilegur bóndi“. Einnig notað í kaldhæðni/ sem öfugmæli: „Þú ert efnilegur; búinn að éta allt sælgætið einn sem þú áttir að bjóða hinum með þér“!

Efnispiltur / Efnisstúlka (n, kk/kvk) Efnilegar manneskjur. „Þetta er mesta efnisstúlka, eins og hún á kyn til“.

Efnisskepna (n, kvk) *Kostagripur*. „Leyfðu mér að þukla þennan *hrútkægil*; mér sýnist þetta vera efnisskepna“.

Efniviður (n, kk) Efni til að gera/byggja; viður til framkvæmda. „Ég gæti trúað að úr þessu tré fengist efniviður í allar sperrurnar“.

Efrivararskegg (n, hk) *Yfirskegg*, sjá þar.

Efra (ao) Ofantil; að ofan. „Hlíðin er stórgrýtt neðantil en grasigróin efra“.

Efst á baugi / Ofarlega á baugi (orðtök) Um málefni; mest áberandi; mikilvægast að ræða; *efst í huga* manna. Baugur merkir hringur. Líkingin gæti vísað til þess að maður sér einungis það sem efst er á hring, t.d. á fingri eða úlnlið. Má vera að áður fyrr hafi það tíðkast að spá með því að skoppa/snúa merktum hring. Hinsvegar gæti líkingin einnig vísað til sólbaugsins; þegar sól er efst á lofti á hádegi er athafnasemin mest.

- Efst í huga** (orðtak) Sem maður hugsar mest um. „Mér er það efst í huga hversu þetta lánaðist alltsaman vel“.
- Efsti dagur** (orðtak) Dómsdagur. Oftast notað í bibliútilvitnunum.
- Eftilvill** (ao) Kannske; ef til vill. Oftast slegið þannig saman, líkt og um eitt or væri að ræða.
- Eftir** (ao) Síðar; seinni. „Nú kemur hvert ólagið eftir annað“. B. Sækja/ ná í. „Guðbjartur Þorgrímsson hafði skotið tófu við Flaugarnefið; misst hana niður, og sigið eftir henni, því að nokkur verðmæti voru í henni“ (Anna Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- eftir** (ending áttalýsinga) Í Kollsvík tíðkast áttalýsingar sem sumum finnast framandi, og er þetta ein þeirra. Sá sem fer frá Láganúpi til Kollsvíkurbæjarins fer norður/norðureftir. Sá sem fer í öfuga átt fer yfir/yfireftir. Sá sem fer út yfir Hænuvíkurháls til Kollsvíkur fer úteftir og sá sem fer í öfuga átt fer inneftir. Frá Láganúpi fer maður út í Vatnadal og að Breiðuvík, en úr Breiðuvík fer maður norður til Kollsvíkur. Sá sem gengur frá Láganúpi fram á Mýrar eða Sandslágarkjafi fer frameftir, en sá sem fer niður í fjöru fer ofaneftir/niðureftir.
- Eftir að bíta úr nálinni með** (orðtak) Slæmar afleiðingar ekki allar komnar í ljós; mun *hefnast fyrir*. „Ég er hræddur um að þú eigir eftir að bíta úr nálinni með að fara ekki til læknis“. „Mig uggir að kjósendur eigi eftir að bíta úr nálinni með þessa ríkisstjórn“.
- Eftir atvikum** (orðtak) Eftir hentugleikum; eftir því sem mál skipast. „Unglingar, einn eða tveir eftir atvikum, voru sendir í þessa ferð“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Má segja að eftir atvikum hafi nafn það sem hvalnum var gefið átt vel við, en hann var nefndur Þæfingur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Eftir bestu getu** (orðtak) Svo sem getan framast leyfir. „Hann er nú að gera þetta eftir bestu getu, strákurinn; það er kannski ekki hægt að ætlast til meira af ekki eldri gutta“.
- Eftir dúk og disk** (orðtak) Eftir langan tíma/langa bið. „Kaffið kom loks eftir dúk og disk, og var þá ískalt“. Merkir í raun að koma eftir matmálstíma; þegar búið er að taka af borðum.
- Eftir efnun og ástæðum** (orðtak) Eftir efnahag/fjárráðum. „...en innkaupin fóru eftir efnun og ástæðum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Eftir föllum** (orðtak) Eftir því hvernig stendur á falli/sjávarföllum. „Róið var eftir föllum; oftar á flóði en fjöru“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Eftir föngum** (orðtak) Eftir því sem hægt/unnt er. „Reynt var að hreinsa og hrista sandinn burt eftir föngum, en það tókst ekki nándar nærri til neinnar hlítar“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Eftir hendinni** (orðtak) *Jafnóðum*; um leið og gerist/ eftir því sem þörf krefur. „Hér þurfum við að liggja með allmiklar birgðir af fódurbæti, meðan þeir sem búa við búðarvegginn geta keypt hann eftir hendinni“. „Gengu menn svo í að gera til fiskinn og var allt draslið látið í poka *jafnóðum*, og þeim kastað út fyrirbundnum eftir hendinni“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).
- Eftir hlátur kemur oft grátur** (orðatiltæki) Eftir gleðskap tekur alvaran við; margir eru viðkvæmir í lund eftir ánægjustund; barn skiptir oft fljótt úr mikilli glaðværd í sáran grát.
- Eftir honum/henni** (orðtak) Við því mátti búast af honum/henni; það var hans/hennar von og vísa. „Það var alveg eftir henni að hleypa okkur ekki af stað nestislausum“.
- Eftir höfðinu dansa limirnir** (orðatiltæki) Menn framkvæma eins og þeir hugsa. Einnig notað um gerðir þeirra sem fylgja foringja sínum í blindni.
- Eftir öllum) kúnstarinnar reglum** (orðtak) Eins og flóknar reglur segja um; af mikilli vandvirkni. „Ég gerði þetta eftir öllum kúnstarinnar reglum, en tókst samt ekki að fá tækið til að virka“.
- Eftir langa mæðu** (orðtak) Eftir mikla fyrirhöfn; eftir mikið stímabrák/vesen. „En sögulegasta happið þar um slóðir mun vafalaust hafa verið er Kollsvíkingar fundu hval á reki og tókst eftir langa mæðu að bjarga honum á land í Kollsvík“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Eftir orðanna hljóðan** (orðtak) Eins og það er sagt; samkvæmt því sem skrifað er; *orðrétt*. „Ég held að best sé að gera þetta nákvæmlega eftir orðanna hljóðan. Hvað stendur um þetta í handbókinni“?
- Eftir óhóf kemur örbirgð** (orðatiltæki) Gjarnan notað og auðskilið.
- Eftir sig** (orðtak) Þreyttur; örmagna; þarfnast hvíldar; lúinn. „Ertu ekki ennþá eftir þig eftir hlaupin í gær“? „Ég er enn dálítið eftir mig eftir árans flensuna“.
- Eftir storminn lifir aldan** (orðatiltæki) Öldugangur varir jafnan töluverðan tíma eftir að vind hefur lægt. Einnig getur haföldu lagt um langan veg frá stormasvæðinu sem vakti hana upp. Stundum notað í óeiginlegri merkingu um það að reiði, móðgun eða önnur geðbrigði geta varað lengi eftir orðaskipti/rifriildi.
- Eftir því sem á líður** (orðtak) Með tímanum; því lengra sem líður á t.d. daginn/verkið/ferðina. „Afli var fremur lítill, en eftir því sem á leið ferðina róaðist ég“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Eftir því sem (framast) er auðið/unnt (orðtak) Eins og unnt er. „Ég reyndi að hafa áhrif á þetta, eftir því sem mér framast var auðið“.

Eftir því sem getan/viljinn nær (orðtak) Eftir því sem unnt er; eftir áhuga. „Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjárrag; sækja vatn bæði fyrir heimilið og kýrnar, eftir því sem geta og vilji náði, og fara með pabba að gefa fénu“ (IG; Æskuminningar).

Eftir því sem næst verður komist (orðtak) Að því marki sem unnt er að kynna sér; eins og þekkingin nær. „Hann hefur aldrei migið í saltan sjó, eftir því sem næst verður komist“.

Eftir því sem verkast vill (orðtak) Eftir því sem framvinda gefur tilefni til; eins og hlutirnir vilja æxlast; *fer eins og fara vill*. „Nú verður þetta bara að fara eins og verkast vill; maður hefur lítil áhrif á það“.

Eftir þörfum (orðtak) Eins og með þarf; eftir því sem þörf kallar á; *þegar á þarf að halda*. „Bætt var á votheysgryfjuna eftir þörfum og reynt að láta hitann ekki koma uppúr heyinu“.

Eftir öllum sólarmerkjum að dæma (orðtak) Að öllum líkindum; líklega. „Eftir öllum sólarmerkjum að dæma er þessi ríkisstjórn fallin í kosningunum“. Sólarmerki kann þarna að vísa til þeirra atriða sem menn geta nýtt til að spá fyrir um veður. Ekki er útilokað að orðtakið hafi breyst í tímans rás; fyrir kom afbrigðið „eftir öllum merkjum að dæma“, þar sem „merki“ þýða „ummerki“ eða „sannindi“.

Eftirá (ao) Á eftir; að lokum/afloknu. „Það er auðvelt að vera vitur eftirá!“

Eftirá að hyggja / Eftirá séð (orðtak) Þegar horft er til baka; við nánari umhugsun. „Ég ákvað þetta í fljótheitum, en eftirá að hyggja hefði maður kannski átt aðgera þetta öðruvísi“.

Eftiráskýringar (n, kvk, fto) Afsakanir; fyrirláttur eftirá. „Það þýðir nú lítið að koma með svona eftiráskýringar“.

Eftirbátur (n, kk) A. Eiginleg merking; bátur sem hafður er aftaní stærra skipi sem björgunarbátur og/eða í snatt. Talið er að skip landnámsmanna hafi haft eftirbáta. Því má vel vera að eftirbátur hafi verið notaður í fyrstu sjóbjörgun sem sögur fara af við Ísland; þegar Kollur landnámsmaður bjargaðist eftir að Örn stýrimaður hans hafði brotið skipið á Arnarboða. Líklegt er einnig að sá eftirbátur hafi verið fyrsta skip sem gert var út til fiskveiða í Kollsvík, sem síðar varð ein af stærri verstöðvum landsins. Sumir telja (LK) að eftirbátur hafi verið á við teinæringa að stærð. Fljótlega eftir landnám hafa menn því líklega byrjað að smíða sér léttari og hentugri báta til fiskveiða. B. Afleidd merking; maður sem er minni að stærð/afl en annar. „Ég vildi nú ekki að vera eftirbátur hans í þessu efni“.

Eftirgangsemi / Eftirgangsmunir (n, kk) Eftirrekstrar; hvatning. „Leyfið fékkst, eftir nokkra eftirgangsmuni“.

Eftirgefanlegur / Eftirlátsamur (l) *Undanlátssamur; lipur; tilliðanlegur*. „Kannski var ég of eftirgefanlegur um þetta“.

Eftirgjald (n, hk) Leiga; gjald fyrir afnot. „Eftirgjald eftir Sellátraness; Arinbj.Guðbjartsson“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps árið 1943).

Eftirgjöf (n, kvk) Það að gefa eftir/ slaka á/ falla frá. „Snæbjörn J. Thoroddsen gerði grein fyrir afborgunum *föðurbætislána* og eftirgjöf nokkurra lána“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Eftirhafandi (l) Unnt að hafa eftir/endurtaka. „Það er varla eftirhafandi sem hann sagði við þessa þrjóta“.

Eftirhreytur (n, kvk, fto) Afgangur; það sem eftir hefur orðið. „Sumar kýr eru svo *fastmilkar* og *selja illa* að nauðsynlegt er að tvímjólka þær á sama máli. Mjólkin í síðara skiptið nefnist eftirhreytur og er mun fituminni en hin. Því er oft notað orðið eftirhreytur í líkingamáli yfir það sem lakara er; afgang“.

Eftirköst (n, hk, fto) Afleiðingar; eftirmál. „Þetta slys hafði nokkur eftirköst“.

Eftirláta (s) Láta eftir sig; afhenda; láta fá. „Við eftirlátum landeiganda að ganga frá *skiptavellinum*“. „Þótt ég við það vinni mér/ verðan tröllahlátur,/ eftirlæt ég allar þér/ ykkar kindaskjátur“ (JR; Rósarímur).

Eftirlegukind (n, kvk) Kind sem verður eftir í smalamennsku. Oftar notað í líkingamáli: „Þessar mörtöflur eru eftirlegukindur síðan í fyrra“.

Eftirleiðis (ao) Hér eftir; eftir þetta. „Fundurinn samþykkir að þeir meðlimir fjelagsins sem eigi hafa neytt tóbaks né áfengis, skuldbindi sig hjer með til þess að neyta þess ekki eftirleiðis“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Eftirliggjari (n, kk) Maður sem skilinn er eftir í veri til að gæta afla og annarra eigna meðan *fiskaferðir* standa yfir. „Jafnan var skilinn eftir maður af báti hverjum í verinu meðan fiskaferðaskipið var sótt. Voru þeir nefndir eftirliggjarar. Skyldu þeir hirða um afla þann sem ekki var full þurr og líta eftir fiskifangi og föggum féлага sinna. Aldrei nam sú bið skemur en þremur dögum, stundum viku eða lengur“ (PJ; Barðstrendingabók).

- Eftirlíking** (n, kvk) Eftirgerð; það sem gert er til að líkjast fyrirmynd. „Get ég ekki gengin spor/ í gömlum rústum fundið. Ekki heldur elju og þor/ í eftirlíking bundið“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort við kortlagningu Kollsvíkurvers).
- Eftirmatur** (n, kk) Eftirréttur; réttur sem borinn er fram á eftir aðalrétti; vanalega súpa eða grauttur. „Sá siður er að leggjast af í nútíma þjóðfélagi að fólk borði daglega tvíréttað, en sé það gert þá er nútímafólki það tamara að tala um „desert“ fremur en nota íslenska orðið eftirmat“.
- Eftirmál** (n, hk) Afleiðing; málarekstur sem er afleiðing einhvers annars. „Einhver eftirmál urðu nú af þessu“.
- Eftirmáli** (n, kk) Það sem sagt er á eftir meginefni, t.d. til skýringar. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru. Enn í dag hafa menn gaman af að rifja það upp, og fylgir þá gjarnan dálítill eftirmáli sem veðmálið hafði“ (PG; Veðmálið).
- Eftirmiðdagur** (n, kk) Síðari hluti dags; dagurinn eftir hádegi. „Svo var selt þarna kaffi með allskonar kökum og síðan dansað allan eftirmiðdaginn og fram á nótt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Eftirminnilega** (ao) Þannig að eftir er munað; með glæsibrag/tilþrifum. „Þetta gerði hann svo eftirminnilega að enn er *haft á orði*“.
- Eftirminnilegur** (l) Sem festist vel í minni; sérstakur; einstakur. „Hann var mjög eftirminnilegur maður“.
- Eftirrekstrar** (n, kk) *Eftirgangsmunir*; ýtni. „Vertu ekki með þessa bölvæða eftirrekstra; þetta er að koma“!
- Eftirseyma** (n, kvk) Nál til að sauma skinnklæði. „Tæki til þess voru fábotin; aðeins tvær nálar; „*fyrirseyma* og *eftirseyma*, og *klembrur*.“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Eftirsjón** (n, kvk) Eftirsjá; söknuður; skaði. „Mér finnst töluverð eftirsjón að þessum hrút“.
- Fyrri merking ar voru „eftirlit“ og „hlíðsjón“, en þær hafa horfið úr málinu á seinni tíð.
- Eftirsmíð** (n, kvk) Eftirmynd; eftirgerð; kópía. „Gjarnan hefði maður núna viljað eiga eftirsmíð af Rutinni“.
- Eftirsóttur** (l) Sem eftirspurn er eftir; vinsæll. „Ég sagði honum erindið/, hann undrandi á mig leit/ og út í annað munnvikið kom gretta./„Ég er svo eftirsóttur í bæ og borg og sveit/ ó blessuð, þú ert alls ekki sú rétta“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Eftirstandandi** (l) Um skuld; ógreidd. „Um haustið greiddi hann eftirstandandi verslunarskuldir“.
- Eftirstraumsflæði** (n, kvk) Háflæði í eftirstraumi. „Varið ykkur á flæðinni við forvaðann og athugið að eftirstraumsflæðin er býsna mikil“.
- Eftirstraumur** (n, kk) Stórstreymi sem verður næst á eftir stærstu straumum ársins, en þeir verða um jafndægur ár hvert. „Það er hætt við að geti fallið þarna í kletta í eftirstraumunum“.
- Eftirtekja** (n, kvk) Afurðir; uppskera; safn. „Það þótti dágóð eftirtekja ef einn maður gróf upp skel í tvo poka“.
- Eftirtektarlaus** (l) Tekur illa eftir; *glámskyggn*; *viðutan*. „Fjandi ertu eftirtektarlaus! Sástu *virðilega* ekki þegar kindurnar *runnu* hér upp með hlíðinni“?!
- Eftirtektarsamur** (l) Næmur; tekur vel eftir; er vel á verði. „Mikið skollu ertu eftirtektarsamur drengur“!
- Eftirtektarvert** (l) Athyglisvert; merkilegt. „Mérþótti þetta mjög eftirtektarvert“.
- Eftirtelja** (s) Telja eftir; sjá eftir og gera mikið úr því sem gert hefur verið, t.d. greiða. „Ég er ekkert að eftirtelja það, þó ég hafi sótt fyrir hann þessar kindur; hann átti það fyllilega skilið blessaður“.
- Eftirtölur** (n, kvk, fto) Ummæli/nöldur eftirá. „Ég vil þá ekki heyra neinar eftirtölur síðarmeir“!
- Eftirtölulaust** (l) Án eftirtalna/eftirsjár/nöldurs eftirá. „Það verður eftirtölulaust að minni hálfu“.
- Eftirvænting** (n, kvk) Von/*tilhlakk*/spenna í aðdraganda viðburðar/atviks. „Það er ekki hægt að lýsa þeirri eftirvæntingu sem ríkti fyrir hver jóla...“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Eftirþankar** (n, kk, fto) *Bakþankar*; efi eftirá. „Ég fór að *fá eftirþanka* um hvort broddurinn hafi verið í lagi“?
- Eftirþöpun** (n, kvk) Eftirherma; haft eftir. „Mér fannst þessi leikþáttur vera nokkur eftirþöpun á hinum“.
- Egg** (n, hk) A. Afkvæmi fugls, áður en það verður að unga. B. Brún á bitjarni/eggjarni. C. Hvaðeina sem er formað í hvassa brún, t.d. fjallsegg.
- Eggbeitt** (l) Um hlut; beittur eins og hnífsegg. „Varaðu þig á jarninu þarna; það er eggbeitt“.
- Eggfles / Eggpláss** (n, hk) Staður í klettum þar sem egg eru tínd til nytja. „Hér er ágætis eggfles“. „Víða framan í Breiðnum eru ágætis eggpláss“.
- Eggfugl** (n, kk) Fugl sem situr á eggi. „Það á alltaf að fara varlega að eggfugli í bjargi. Það er engum til góðs að hrekja svo harkalega að hann sparki egginu framaf þegar hann flýgur upp“.
- Egghvass** (l) Beittur sem hnífsegg. „Sverðið smíðaðaði ég úr spýtu sem ég tálgaði í hjöltu og egghvasst blað“.

Eggið farið að kenna hænunni (orðtak) Viðhaft um það þegar sá ætlar að segja öðrum til sem hefur minna vit en hann á viðfangsefninu. Líkingin er auðskilin.

Eggja (s) A. Hvetja; mana. B. Fara í eggjaferð/eggjatínslu; tína egg. „Við eggjuðum ágætlega í þessari ferð“.

Eggja á (orðtak) Hvetja til; mana. „Ég vil ekki eggja ykkur á að fara í svona tvísýnu veðri“.

Eggjaát (n, hk) Það að borða egg. „Eggjaát var alltaf mikið á vorin, eftir að farið hafði verið fyrst fýlsegg; þá oftast út í Hnífa. Misjafnt var hvað hver borðaði í mál; oftast eitt eða tvö egg. Sumir létu sér þó aldrei nægja minna en þrjú, og gátu janvel hámað í sig átta til tíu egg í einu“.

Eggjaburður (n, kk) Burður eggja frá *eggjatökustað* áleiðis upp bjarg/ til byggða. „Viða má taka egg með léttu móti í Stígsbrúninni, en eggjaburður er nokkuð erfiður, bæði á brún og upp Geldingskorardalinn“.

Eggjabyrgi (n, hk) Geymslustaður á bjargbrún, sem útbúinn er til að geyma egg þar til þau verða sótt. Eggjabyrgi hafa verið nýtt til skamms tíma í Útvíkum, og má sjá þau m.a. á Breiðsbrún; uppaf Mávakömbum í Blakk og á brún Geldingskorardals, ofan Stígs. Umbúnaðurinn var nokkuð misjafn. Væru eingöngu geymd egg voru byrgin óveruleg; einungis útbúin grunn hola á þurrum stað; hlaðið í kring með hnullungum; eggjunum raðað í, þannig að kúfur yrði á; þurr mosi settur yfir og plast ef völ var á því; síðan búið varlega að með grjóti og þunnum hellum, þannig að vargur náði ekki til. Til þess voru vaðir einnig nýttir ef þeir voru geymdir um tíma á brún. Byrgið á Geldingskorardal er mun stærra og hefur verið vandaðra, en er líklega niður fallið fyrir löngu síðan. Tóftin ber með sér að þar hafa, auk eggja, verið geymdir vaðir og annar búnaður, þannig að það hefur einnig verið *vaðbyrgi*. Nokkru innar á dalnum, ofanvið Læki, mótar fyrir annarri tóft en hlutverk hennar er óljóst.

Eggjafata (n, kvk) Fata/ílát segm egg eru tínd í og flutt í. Sjaldan er farið í egg nema hafa með sér góða eggjafötu, *eggjaháf* (þar sem við á), *spotta*, hjálm (núorðið) og *gjúðru* í vasa. Góð eggjafata er létt og með svo breiðum breiðum botni að hún geti staðið í nokkrum halla; um 10l að rýmd eða minna; með öruggu haldi og fer vel á handlegg ef hafa þarf báðar hendur á vaðnum.

Eggjafengur (n, kk) Það sem fæst af eggjum í *eggjaferð/eggjaleiðangri*.

Eggjaferð / Eggjaleiðangur / Eggjatökufurð / Eggjatökuleiðangur (n, kvk) Ferð sem farin er til eggja/ til að sækja egg til matar. Eggjaferðir eru misjafnlega langar og misjafnlega fyrirhafnarsamar. Allt frá því að skjótast einn í hálf tíma *snag*, t.d. frá Láganúpi útá Undirhlíðanef eða í Smérhelli; til sólarhringslangra fjölmennra eggjaleiðangra undir eða í Bjarg. „Kemurðu með í eggjaleiðangur“? „Ég týndi húfunni í síðasta eggjatökuleiðangri“.

Eggjafiðringur (n, kk) Löngun til að fara í *eggjaferð*. „Er nú kominn einhver eggjafiðringur í þig“?

Eggjagrjót (n, hk) Grjót með egghvassar brúnir. „Aktu varlega hérna í eggjagrjótinu til að skemma ekki dekk“.

Eggjaháfur (n, kk) Verkfæri til að auðvelda eggjatöku við erfiðar aðstæður. „Eggjaháfur er léttbyggður. Skaftið er vanalega úr hrífuskafti eða bambus. Fremst á því er benslaður vírhringur og á honum poki fyrir ca 2 egg. Háfinn má nota til að ná á öruggan hátt eggjum sem annars væru utan seilingar, auk stuðnings. Eggjaháfur var einkum notaður við eggjatöku í Breið og hentaði þar vel, en var síður notaður í Blakk, og aldrei við töku svartfuglseggja. Orðið og verkfærið virðist hafa verið bundið við Kollsvík, og má líklega rekja hvorttveggja til Gylfa Guðbjartssonar, sem lengi stundaði eggjatöku í Breiðnum.“

Eggjahljóð (n, hk) A. Sérstakt gagg sem hænur gefa frá sér þegar þær hafa verpt eða liggja á eggjum. „Þegar þær hafa verpt tilkynna þær það með sérstöku hljóði...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms). B. Einnig notað um þá sem tala um/ hafa löngun til að fara til eggja: „Er nú komið eggjahljóðið í þig“?

Eggjahrúga (n, kvk) Hróga af eggjum. „Þær voru stórar og glæsilegar eggjahrúgurnar eftir að skipt hafði verið“. „Mundirðu eftir að taka eggjahrúguna sem ég skildi eftir neðan við *uppgönguna*“?

Eggjahræra (n, kvk) Hrærigrautur af eggjum. „Kúturinn losnaði úr *spottanum* þegar hann var kominn hálf leið niður og *pompaði* í sjóinn með látum; rétt hjá bátnum. Innihaldið varð samstundis að einni eggjahræru“.

Eggjahugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir um eggjaferð. „Eruð þið eitthvað í eggjahugleiðingum í dag“?

Eggjahúfa (n, kvk) Húfa bjargmanns í eggjaferð, áður en hjálmur fóru að tíðkast. Góð eggjahúfa þurfti helst að veita vörn gegn kulda og léttu steinkasti, auk þess að nýtast til að safna saman eggjum.

Eggjakaka (n, kvk) Pönnusteikt flatkaka með miklu eggjainnihaldi; ommiletta. Eggjakökur voru mikið bakaðar í Kollsvík og víðar vestra; einkum í *eggtíðinni* t.d. til að nýta *leskingja*. Ýmsar uppskriftir voru notaðar; allt eftir smekk hvers og eins. Einfaldasta uppskriftin er að nota jafnan þunga af innihaldi eggja; sykri og hveiti; þeyta eggid; hræra sykurinn samanvið og síðan hveitið og baka síðan þar til sest er. Gott er að finnbrytja soðið hangikjöt eða annað ofaná hræruna á pönnunni, og leggja kökuna saman nýbakaða.

Eggjakappát (n, hk) Keppni um það hver getur borðað flest egg, stundum með einhverjum tímamörkum.

Eggjakassi (n, kk) Kassi sem notaður var til að bera egg á baki. Eggjakassar voru langir og mjóir; úr þunnum léttum viði; með loki. Bundið var á þá með sérstöku lagi; tvær kappmellur, en þó þannig að bragð kom framfyrir hvora öxl og haldið var um endana yfir aðra öxlina svo nota mætti hina til að styðja sig við í brattlendi. Eggjakassar í seinni tíð voru oft svonefndir sprengiefnakassar, undan dýnamíti. Þeir voru töluvert notaðir t.d. í Stígsferðum á síðari áratugum 20. aldar. Síðar leystu plastkútar þá af hólmi, en þá mátti bera í bakpokagrind og hafa þá báðar hendur lausar. „Þeir uppi í bjarginu tóku eggjakassana og gáfu þeim niður í fjöru“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Eggjakeyrsla (n, kvk) Aksturshraði sem hlífir eggjum í flutningi. „Við þurfum að fara eggjakeyrslu í þessu ruggi; þar til kemur á betri veg“.

Eggjakista (n, kvk) Kista til að geyma egg. Eggjakista var útbúin í Sighvatsstöðum og notuð um tíma. Það var flatur plastkassi (fiskikassi) með loki, sem komið var fyrir stutt frá uppgöngunni. Í kistuna var safnað eggjum úr stóðunum og þau geymd. Síðanvar valinn góður dagur til hífinga. Var þá strengd taug úr þrifót á brúninni yfir Stóðunum og niður í klettanef, stutt frá kistunni. Eggjakútur var síðan dreginn fram og til baka eftir strengnum á *vaðdrætti*. Einn eða fleiri voru niðri í Stóðunum og tíndu í kútinn en tveir eða þrír sáu um dráttinn uppi. Gekk þetta fljótt og vel fyrir sig, en eggjin voru síðan sett í bíl sem ekið var að brúninni.

Eggjakoppur (n, kk) Egg. „Ég skrapp út á Undirhlíðarnefið og sótti nokkra eggjakoppa í soðið“.

Eggjakútur (n, kk) Ílát af sérstakri gerð sem notuð eru við eggjatökur í björgum vestra. Oft eru þetta plastkútar með ígreiptu haldi, sem af hefur verið skorinn stúturinn með nægilega stóru gati til að þar megi koma niður hendi með tveimur eggjum. Oft voru notaðir í þetta kútar undan maurasýru. Þeir eru hæfilega stórir fyrir ca 90 fýlsegg með stoppi, sem er hæfilegur burður fyrir einn og þægilegt að draga í klettunum. Borinn var sinn kútur í hvorri hönd og gjarnan hafður fatli/létti yfir herðarnar þegar langt var borið.

Eggjalau (l) Án eggja; á engin egg. „Ég er eiginlega búinn að láta þetta allt frá mér, og orðinn eggjalau“.

Eggjasafn (n, hk) Safn eggja mismunandi fugla. Er þá vanalega *blásið úr eggjunum* með því að gera lítil nálargöt í báða enda og blása innihaldinu úr. Eggjin eru síðan geymd þannig að þau verði ekki fyrir hnjaski.

Eggjaskaði (n, kk) Afföll af eggjum; brotinn hluti af eggjum. „Settu kútana í miðjan bílinn svo við verðum síður fyrir eggjaskaða í þessu ruggi“.

Eggjaskita / Eggjadrulla (n, kvk) Neikvætt orð um löngun til eggjaferða; óþarfur áhugi á eggjaferðum. „Er nú komin í ykkur eggjaskitan, eina ferðina enn“! „Það gengur ekki að trassa búverkin fyrir einhverja eggjadrullu“!

Eggjaskyrta (n, kvk) *Bjargskróði*; víður stakkur sem hafður var utanfata til að safna í eggjum í bjargi. „Nú fer sigmaður í eggjaskyrtuna, sem er stór strigapoki. Á miðjum botni er gat fyrir höfuðið, og við botnhornin sitt hvorumegin eru göt fyrir handleggina. Úr miðju hálsmálinu að framan er rist rauf niður á brjóst, og lætur sigarinn eggjin þar inná sig í pokann. Pokinn er dreginn saman með bandi efst á bakinu, bæði til þess að hann fari ekki útaf öxlunum og til þess að hann gúlpi á bakinu en ekki að framan. Eggjin eiga að vera sem mest á bakinu á manningnum. Snæri er svo bundið um pokann í mittið og pokanum hissað upp um leið og dreginn til baksins. Þannig er eggjarýmið í pokanum allt á baki mannsins“ (MH; Látrabjarg).

Eggjasnag (n, hk) Tínsla eggja, einkum þá þar sem þau eru strjál og mikið fyrir þeim haft. „Ég nenni nú varla að standa í svona eggjasnagi“.

Eggjasnudd (n, hk) Gæluorð um *eggjaferð*. „Þeir eru einhversstaðar í eggjasnuddi“.

Eggjaskurmur (n, kk) Eggjaskurn. Eldra heiti sem nú heyrir sjaldan. „Það er alltaf betra að byrja að brjóta á eggjaskurminum í sverari endann á egginu; þar byrjar það oft fyrst að verða setið“.

Eggjaskyrta (n, kvk) Sérstakur stakkur sem sigari er íklæddur, og hentar til að safna inná sig eggjum. „Þegar sigið var til eggja fór sigmaður í strigastakk sem kallaðist eggjaskyrta á Látrabjargi, hvípa á Hornströndum en í Skagafirði ýmist sigmannsskyrta eða hempa og í Vestmannaeyjum eggjabura“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). „Nú fer sigmaðurinn í eggjaskyrtuna, sem er stór strigapoki. Á miðjum botni er gat fyrir höfuðið, og við botnhornin sitt hvorumegin eru göt fyrir handleggina. Úr miðju hálsmálinu að framan er rist rauf niur á brjóst, og lætur sigarinn eggjin þar inná sig í pokann. Pokinn er dreginn saman með bandi efst á bakinu; bæði til að hann fari ekki útaf öxlunum og til að hann gúlpi á bakinu en ekki að framan. Eggjin eiga að vera sem mest á bakinu á manningnum. Snæri er bundið um pokann í mittið og pokanum hissað upp um leið og dreginn til baksins; þannig er eggjarýmið í pokanum allt á baki mannsins“ (MG; Látrabjarg).

Eggjasnag / Eggjasnudd (n, hk) Bjargferðir í eggjatöku; stuttar *eggjaferðir*. „Ég hef líklega ekki tíma í eggjasnag í dag“.

Eggjasoppa (n, kvk) *Eggjahræra*; hræra af brotnum eggjum. „Helltu eggjasoppunni sem er neðst í kútnum“.

Eggjaspanda (n, kvk) *Eggjafata*. „Réttu mér eggjaspöndu til að hafa á handleggnum þegar ég fer niður“.

Eggjastúss (n, hk) Vinna við eggjatöku og frágang eggja. „Það fer töluverður tími í þetta eggjastúss“.

Eggjataka/ Eggjatekja (n, kvk) Það að fara í bjarg til eggja. „Eggjataka var töluverð í Kollsvík, bæði í effi klettum í Blakk og Breið, en minna í Hnífunum og öðrum sjávarklettum“. „Ferðin var gerð suður fyrir Látrabjarg til eggjatöku“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík).

Eggjatími (n, kk) Sá tími árs sem egg eru tínd til neyslu; *egg tíð*.

Eggjatínsla (n, kvk) Það að tína egg/ safna eggjum saman. „Hann hélt áfram eggjatínslunni meðan ég raðaði í kútana“.

Eggjatökustaður (n, kk) Staður í klettum/bjargi þar sem tekin eru egg til nytja. „Eggjatökustaðir voru fjölmargir þegar ég tók sem mest þátt í eggjaferðum. Ég hef verið með í bjargferðum á a.m.k. 3 staði í Keflavíkurbjargi; 3 í Breiðavíkurbjargi; 7 í Bæjarbjargi; 20-30 í Látrabjargi; 3 í Bjarnarnúpi; 9 í Breið; 10-20 í Hnífum; 15-25 í Blakk; 3 í Gjögryhynu og nokkrum á öðrum stöðum á landinu. Í marga staðanna var farið árlega; stundum tvisvar á ári. Lang oftast var farið laus eða í lásam, en sumsstaðar sigið. (VÖ).

Eggjaveður (n, hk) Veður sem nýtist til eggjaferðar. „Ekki list mér alltof vel á eggjaveðrið á morgun“.

Eggjavegur / Eggjaslóði (n, kk) Vegur/vegslóði sem farinn er til að komast til eggjatöku. „Fjandi er þetta slæmur eggjavegur; farðu aðeins hægar hérna“. „Af Núpnum er eggjaslóði fram á Blakk“.

Eggjapeytari (n, kk) Fyrrum nefndist það tæki þessu nafni, og var handsnúið, sem nú heitir almennt þeytari og er jafnan rafknúið“.

Eggjapjófnaður (n, kk) Þjófnaður á eggjum; farið til eggja leyfislaust í annars manns land. Eggjapjófnaður var fátíður fyrrum, þó ekki væri hann óþekktur. Almennt var látið óátalið þó einn maður færi um öll björg án þess að skila landslut, en hann varð þó að láta vita af sér til að valda ekki öðrum hættu. Þetta var ævagömull regla, enda óalgennt áður að almenningur ætti vaði sem dygðu til mikillar tekju. Nú á tímum getur einn fær maður komist víða um björg og náð miklu á skömmum tíma. Því hefur hin forna regla að mestu vikið.

Eggjárn (n, hk) Beitt járn; hnífur, sverð, sax eða annað með egg. Sumir Rauðasandshreppsúar héldu fast við þá fornu reglu að vinna aldrei með eggjárn á sunnudögum, en þjóðtrúin segir slíkt boða ógæfu. Einnig kallar það ógæfu yfir manneskju að gefa henni eggjárn að gjöf; það eru örugg merki um vinslit. Því var sagt að menn þyrftu annaðhvort að kaupa eggjárn eða stela þeim. Lengi var það því svo að menn lánuðu helst ekki öðrum vasahnifa sína svo þeim yrði ekki stolið, því sá stuldur er í raun ekki þjófnaður heldur skylda.

Eggland (n, hk) Svæði þar sem vænlegt er að fara til eggjatöku. „Mesta egglandið í Breiðnum er uppaf Landamerkjahlrygg og þar útaf“.

Eggpláss sjá eggfles. Staður/hilla/gangur/fles í bjargi þar sem mikið er um egg.

Eggsléttur (l) Rennisléttur; alveg sléttur. „Hér er eggsléttur bali sem gaman væri að koma rækt í“.

Egg tíð (n, kvk) A. *Eggjatími*; tíminn að vori sem eggjataka er nýtt. „Ef svo stóð á tíma að egg tíð stæði yfir var farið til eggja. Fýlsegg voru tekin um mánuð af sumri, en svartfuglsegg hálfum mánuði síðar“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Stekktíð; Skerpla; tími árs að fornu tímatali. „Egg tíð eða stekktíð kallast sá mánuður nær sól er á erð um tvíburamerkið. Á Ströndum norður kallast sá mánuður Skerpla“ (BH; Atli).

Eggver (n, hk) Staður þar sem afla má eggja; varp; fuglabjarg. „Skallagrímur var skipasmiður mikill, en rekavið skorti eigi vestur fyrir Mýrar. hann lét gera bæ á Álftanesi og átti þar bú annað; lét þaðan sækja útróðra, og selveidar og eggver, er þá voru gnóg föng þau öll...“ (Egils saga Skallagrímssonar).

Egna (s) A. Setja beitu/agn á krók eða í fellu. „Það er ekki sama með hverju maður eignir krókinn“. „Mig vantar smérklípu til að egna músagildruna“. B. Ögra; *reita til reiði*. „Ykkur var nær að vera ekki að atast í nautinu og egna það upp á móti ykkur“.

Eiðfært (l) Alveg á hreinu; dagsatt. „Það er svo eiðfært með það; hér er engan fisk að fá“. „Skyldi það vera alveg eiðfært með þessa ríkisstjórn, að hún geri nokkurntíma eitthvað af viti“! Oft var, til áhersluauka, bætt ýmsu við: „Það er svo gjörsamlega eiðfært með það...“.

Eiðsorð / Eiðstafur (n, hk/kk) Svardagi; loforð. „Ef hann fellst á þetta þá stendur það eins og eiðsorð; því máttu trúá“. „Það voru nú engir eiðstafir þó ég segðist kannski ætla að láta hann hafa hrúttinn“!

Eiðsvarinn (l) Bundinn af loforði/eiði. „Hann er alveg eiðsvarinn andstæðingur þessa máls“.

Eiður sær (ortak) Getur *lagt eið að*; segir alveg satt. „Hvar geta gleraugun verið? Mér er eiður sær að ég lagði þau hér á borðið í gær“! „Mér er svo eiður sær að þetta var ekkert af þessum heimi; engin venjuleg skepna hegðar sér þannig að hlaupa á harðastökki beint í sjóinn“!

Eiga (einhvern) að (orðtak) Eiga einhvern fyrir tryggan vin; eiga aðstoð/vínáttu einhvers vísa. Ávallt sagt þannig, en er líklega stytting á „eiga (einhvern) að vini/félaga“. „Feginn vildi ég eiga þig að“, voru oft

kveðjuorð fyrrum. „Mér þætti gott að mega eiga þig að þegar kemur að smölunum í haust“. „Þetta er hálfgerður einstæðingur, sem engan á að“.

Eiga afturkvæmt (orðtak) Lifa af; koma aftur lifandi frá mannraunum/slysi. „Konurnar voru önnum kafnar við að búa sig undir að taka á móti sjóhröktum útlendingum, heimamönnum og nágrönnum; þreyttum og köldum; ef þeir ættu þá allir afturkvæmt“ (Oddný Guðmundsd; Útkall við Látrabjarg).

Eiga allskostar við (orðtak) Hafa á valdi sínu; geta farið illa með. „Ef nautið nær að *þrúga* þér upp að veggnum þá á það allskostar við þig eftir það“

Eiga á brattann að sækja (orðtak) Glíma við mótlæti; eiga erfitt verk fyrir höndum; *standa í ströngu*.

Eiga (einhvern) á fæti (orðtak) Hafa yfirvofandi; eiga von á illu. „Þú skalt eiga mig á fæti ef þú verður ekki búinn að skila ífærinni strax í fyrramálið“! Vísar til þess að vera eltur á hlaupum.

Eiga á hættu (orðtak) Vera í áhættu með; hafa yfirvofandi; búa við. „Það er betra að kippa bátnum einni bátlengdinni ofar en eiga það á hættu að flani undir hann á flæðinni“.

Eiga barn framhjá (orðtak) Eignast barn utan sambúðar/hjónabands, þó í föstu sambandi sé. „Verður því sjálfsagt ekki neitað með neinum rökum að Einar gamli hafi verið nokkuð kvennakær, með því að hann á barn framhjá þegar hann er 65 ára gamall, með tvítugri stúlku“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Eiga bágt (orðtak) Eiga erfitt; vera vansæll/fátækur/sjúkur. „Hún á mjög bágt núna; eftir að hann féll frá“. Einnig sem skammaryrði: „Svo hlægið þið bara að þessu; þið eigið bágt“!

Eiga eina sæng (orðtak) Sofa í sama rúmi. „Aftur greinir ganholdsbrú:/ „Gera skaltu betur;/ eiga skulum eg og þú/ eina sæng í vetur“ (JR; Rósarímur).

Eiga einskis úrkosta (orðtak) Eiga ekki neina möguleika; vera *allar bjargir bannaðar*. „Mér þykir slæmt að þurfa að gera þetta, en ég átti einskis annars úrkosta“.

Eiga ekki annarra kosta vö / Eiga ekki/einskis annars úrkosti (orðtak) Getu ekki gert neitt annað; hafa ekki um aðra kosti að velja. „Spilið bilaði, svo við áttum ekki annars úrkosti en pilla okkur í land aftur“.

Eiga ekki bót fyrir boruna / Eiga ekki bót fyrir rassinn á sér (orðtök) Vera sárafatækur; vera *á kúpunni*. „Hann á aldrei bót fyrir boruna“.

Eiga ekki/illa heimangenget (orðtak) Vera ekki fær um að fara að heiman; geta ekki komist frá. „Ég á illa heimangenget þessa stundina, meðan allir liggja á sóttarsæng“.

Eiga ekki hægt um vik (orðtak) Eiga erfitt með; vera ekki í góðri aðstöðu til. „Ég á ekki hægt um vik að gera þetta núna, en ég athuga það á morgun“. Sjá *eiga erfitt um vik og gera sér hægt um vik*.

Eiga ekki í önnur hús að venda (orðtak) Getu ekki leitað annað. „Mér er meinilla við að kvabba á þér með þetta, en mér sýnist ekki vera í nein önnur hús að venda“.

Eiga ekki langt að sækja (orðtak) Kippa í kynið; líkjast sínum foreldrum/forfeðrum í tilteknu efni. „Hann á ekki langt að sækja það að vera þínulítið smámunasamur“.

Eiga ekki/varla málungi matar (orðtak) Hafa ekki nógan mat í málsverð. Málungi er þarna orðmynd af mál, svipað og t.d. „einungis“ er orðmynd af „einn“

Eiga ekki um heilt að binda (orðtak) Vera ekki heill heilsu; vera veikur/sjúkur/særður/vanheill; vera geðveikur. „Hann á ekki um heilt að binda, karlgarmurinn; því fyrirgefst honum kannski fleira en öðrum“.

Eiga ekki sjö dagana sæla (orðtak) Hafa það slæmt/skítt; vera í vandræðum. „Hann spáir foraðsrigningu næstu dagana. Við munum víst ekki eiga sjö dagana sæla í smalamenskum á næstunni“.

Eiga ekki (til) orð (í eigu sinni) (orðtak) Vera *klumsal/kjafstopp*; *verða orðfall*; *koma ekki upp orði*. „Ég á nú bara ekki til orð í eigu minni: Til hvers er verið að senda hefilinn í snjómokstur ef einungis er mokuð hálf leiðin“? „Misstirðu árans lúðuna? Ég á ekki til orð“. Einnig; „Ég á nú ekki orð að tala“!

Eiga ekki/hvorki til hnífs eða/né skeiðar (orðtak) Vera svo fátækur að maður líði hungur/skort. „Í hallærum fyrri tíma leitaði það fólk gjarnan að sjávarsíðunni og í verin, sem ekki átti lengur til hnífs eða skeiðar“.

Eiga ekki (grænan) túskilding (með gati) / Eiga ekki krónu (með gati) (orðtak) Vera blankur/allslaus/fátækur; eiga ekki svar. „Ekki spyryja mig að þessu; ég á ekki krónu með gati“: Sjá *túskildingur*.

Eiga ekki undir (orðtak) Taka ekki áhættu. „Ekki áttu þeir undir því að taka stefnu út á strandstað, því þá var ekki um sýnilegar gönguslóðir að ræða“ (MG; Látrabjarg).

Eiga ekki upp á pallborðið hjá (orðtak) Vera ekki dáður af; vera í ónáð hjá. „Þessir *horngrýtis* kapítalistar áttu ekki upp á pallborðið hjá Gunnari“. Vísar til þess að fyrir á tíð var gólf/pallur í hluta af

skálum/stofum/borðstofum, og þar áttu sæti þeir mikilvægari á bænum og betri gestir; aðrir áttu sæti á skörinni. Flökkufólk og vinnuhjú átti því að jafnaði ekki upp á pallborðið hjá húsbændunum.

Eiga engan sinn líka / Eiga fáa sína líka (orðtök) Vera óviðjafnanlegur; bera af öðrum. „Þessi hákarl á engan sinn líka“! „Ég held að svona maður eigi fáa sína líka“.

Eiga erfitt/bágt (orðtök) Hafa það skítt/slæmt; búa við ill kjör. „Ekki minnst ég þess að menn fáruðust svo teljandi væri, um það hversu erfitt þeir ættu; að þurfa að sinna þessum verkum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „En fyrst eftir höggið þegar hann kom niður átti hann bágt með andardrátt“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Eiga erfitt/bágt með sig (orðtak) Reynast erfitt að bæla niður hláturinn / *skella ekki uppúr*.

Eiga erfitt um vik (orðtak) Eiga erfitt með; *eiga ekki hægt um vik*. „Ég átti erfitt um vik með þetta“.

Eiga fáan sinn líka (orðtak) Vera (nær) einstakur; ver óviðjafnanlegur. „Ég held að hann eigi fáan sinn líka hvað varðar færni í klettum“.

Eiga flatt / Eiga í ljá (orðtak) Vera með slegið hey sem ekki er búið að hirða. „Ég var búinn að *galta* töluvert þegar hann fór að hirða, ein Hólatúnið átti ég flatt af *hálfburru*“.

Eiga fótum fjör að launa (orðtak) Komast undan á hlaupum; sleppa naumlega með því að hlaupa. „Þú skalt bara tala varlega í þessum efnun, annars gætirðu átt fótum fjör að launa“!

Eiga fyrir hendi/höndum (orðtak) Standa frammyfir; eiga ógert; þurfa að gera. „Við ungmennafjelagar eigum mikið verkefni fyrir hendi, þar sem íþróttir eru“ (Guðmundur Hákonarson; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938). „Búðu þig almennilega og vertu vel *skæddur*. Við eigum langa göngu fyrir höndum“.

Eiga fullt í fangi með / Eiga í fullu fangi með (orðtak) Vera *fullhertur með*; eiga í basli. „Ég á fullt í fangi með að klára þetta“.

Eiga fyrir að liggja (orðtak) Eiga í vændum; eiga þá framtíð. „Það átti ekki fyrir mér að liggja að taka við búinu, eins og mig dreymdi um sem smástrákur“.

Eiga geð/skap saman (orðtak) Geta umborið hvorn/hvern annan; vera samrýmdir. „Þeir áttu illa geð saman, og mátti oft heyra hávært rifrildi þeirra þegar stillt var í veðri á grásleppumiðunum“.

Eiga gott (orðtak) Vera vel settur/haldinn/ánægður. „Sá á gott sem ekki þarf að standa í þessu puði“!

Eiga (einhverjum) gott upp að unna (orðtak) Hafa átt góð samskipti við einhvern; hafa notið góðs af einhverjum; hafa góða reynslu af einhverjum. „Stúlkan segir; Jóni á Hreggstöðum á ég ekkert gott upp að unna og ég vil ekkert við hann eiga“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Eiga (einhverjum) grátt að gjalda (orðtak) Bera hefndarhug til; þurfa að veita ráðningu. „Ég á honum grátt að gjalda frá því að hann hafði af mér vasahnífinn“.

Eiga hauk í horni (orðtak) Eiga góðan vin; eiga von í góðri aðstoð. „Það er ómetanlegt að eiga slíkan hauk í horni sem hann er“.

Eiga heiður skilinn (orðtak) Vera verðugur sæmdar. „Heiður eiga þau skilinn, foreldrar okkar, fyrir að ala upp allan sinn stóra barnahóp og koma honum til manns; þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og kröpp kjör“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Eiga heimangengt (orðtak) Geta farið að heiman; vera ekki bundinn heimavið. „... karlmenn sem heimangengt eiga búa sig í verið, eins og vani var frá ómunatíð“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Eiga heimtingu á/til (orðtak) Eiga kröfu á/til; eiga rétt á. „Hann á enga heimtingu á að fá landshlut hér“.

Eiga hlut að (orðtak) Eiga þátt í; vera viðriðinn. „...og hafi eigandi Hænuvíkur átt hlut að því sem fyrir kom í Kollsvík, með því að leita aðstoðar Benedikts Gabriels“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Eiga einhversstaðar/hvergi höfði sínu að halla (orðtak) Eiga einhvern/engan svefnstað/samastað/bústað. „Einhversstaðar þarf maður að eiga höfði sínu að halla, svo ég þáði þetta boð með þökkum“.

Eiga (eitthvað) hjá (einhverjum) (orðtak) Eiga inneign hjá einhverjum; einhver er í skuld við mann. „Hann greiddi mér að fullu það sem ég átti hjá honum“. Einnig oft um það að geta svarað fyrir sig; og þá með sögninni „láta“. „Hún lét hann ekkert eiga inni hjá sér, heldur *svaraði* þessum dylgjum *fullum hálsi*“. Sjá *eiga inni*.

Eiga hvert bein í (orðtak) Um kærleika á manneskju; þykja afar vænt um; vilja helst eiga. „Henni þótti mjög vænt um að ég skyldi koma í heimsókn og stjarnaði við mig eins og hún ætti í mér hvert bein“.

Eiga hvorki til hnífs né skeiðar (orðtak) Vera mjög fátækur; *búa/lífa við sult og seyru*.

Eiga högg í annars garði (orðtak) Eiga einhverjum grátt að gjalda; þurfa að hefna sín á einhverjum. Högg merkir þarna hefnd og garður merkir bær.

- Eiga hönk upp í bakið á e.m** (orðtak) Eiga inni greiða; hafa gert e.m viðvik. „Ætli ég biðji hann ekki að vinna þetta fyrir mig; ég á kannski einhverja *hönk* upp í bakið á honum fyrir hangiketid“. Hönk merkir í þessu samhengi færi til skakveiða. Venja var fyrrum, er vermaður fór úr veri, að hann legði færi sitt á bakið og tæki það með, enda var band dýrmæt eign og fágæt. Orðtakið vísar líklega til þess að einn hafi lánað öðrum færi, uppá það að geta samt tekið það með sér heim í vertíðarlok.
- Eiga inni (hjá)** (orðtak) Eiga innistæðu; hafa unnið til einhvers og þannig eignast velvild/innistæðu. „Hann á það fyllilega inni hjá mér að ég aðstoði hann við þetta“. Sjá *eiga hjá*.
- Eiga í** (orðtak) Eiga við að stríða; standa í. „Hann mun líklega eiga í þessu fótbroti í nokkra mánuði enn“.
- Eiga í bakhöndinni** (orðtak) Hafa/eiga til vara; *hafa uppá að hlaupa*. „Mér finnst gott að eiga einhverja pilka í bakhöndinni ef maður lendir í festum“.
- Eiga í basli/brasi/erfiðleikum með** (orðtak) Basla/erfiða við; glíma við; veitast erfitt. „Ég hef átt í mesta basli með traktorsfjandann“. „Ég átti í dálitlu brasi með að koma fênu upp ganginn“. „Hann á ekki í neinum erfiðleikum með að tjá sig á tékknesku“.
- Eiga í fórum/föggum sínum** (orðtak) Eiga; hafa. „Oft átti afi eitthvað súkkulaði í fórum sínum“. Fóru merkti herklæði, og hafa málfræðingar reynt að finna orðtakinu stað með þeirri skýringu. Líklegra er þó að fóru sé sama orðið og *færu*, sem merkir m.a. farangur; það sem færirist/ferðast með manni. Verður orðtakið þá auðskilið, enda er merkingin þá hin sama og „eiga í föggum sínum“ sem er önnur algeng útgáfa þess. Með sömu upprunaskýringu á „fóru“ einnig við herklæði; enda ferðast menn í þeim til bardaga. Sjá *föggur*.
- Eiga í handraðanum** (orðtak) *Eiga í pokahorninu*; eiga til; *luma á*. Sjá *handraði*.
- Eiga í hlut** (orðtak) Vera viðkomandi; eiga hlut að máli. „Kunni hann því illa ef hann kom því ekki fram sem hann vildi vera láta, við hvern sem í hlut átti, og vildi einn öllu ráða“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Eiga (mikið) í húfi** (orðtak) Sjá *í húfi*; *mikið í húfi*.
- Eiga í höggi við (einhvern)** (orðtak) Eiga í illdeilum/bardaga/baráttu við einhvern. „Mér hefur aldrei *vaxið það í augum* að eiga í höggi við stjórnvöld; svo lengi sem ég *hef á réttu að standa*“. Vísar til bardaga/orrustu.
- Eiga í pokahorninu** (orðtak) Eiga til; eiga úrræði; *eiga í handraðanum*. „Ég gæti nú kannski átt eitthvað í pokahorninu ef vel er gáð“.
- Eiga í útistöðum við** (orðtak) Vera upp á kant við; kljást við; *eiga í höggi við*. „Maður á í eilífum útistöðum við skattinn“. Sjá *útistöður*.
- Eiga í vök að verjast** (orðtak) Vera í vörn; vera aðþrengdur; *eiga undir högg að sækja*. „Þær sóttu svo á að ég átti í vök að verjast“. Vísar líklega til þess sem fallið hefur í vök og þarf að verjast drukknun. „Þessu fári verst í vök/ veldið trölla forna./ Þaðan koma ragnarök;/ reiði skapanorna“ (JR; Rósarímur).
- Eiga kirkjusókn** (orðtak) Vera í söfnuði sóknarkirkju. „Víknamenn áttu kirkjusókn í Saurbæ þangað til Breiðavíkursókn var tekin upp, og byggð kirkja í Breiðavík“ (IG; Sagt til vegar II).
- Eiga langt í land með** (orðtak) Vera langt frá því að ná takmarki; eiga mikið verk óunnið; vera ekki nærri því að klára. „Við eigum enn langt í land með að hreinsa öll net eftir þennan norðangarð“. Líking við það úr sjómanna máli að eiga langan róður/ langa siglingu fyrir höndum áður en lent er.
- Eiga með** (orðtak) Hafa rétt til; hafa með að gera; ráða með. „Hann á ekkert með að nota bátinn án þess að biðja mig um leyfi“!
- Eiga/hafa nóg með** (orðtök) Eiga í fullu fangi með; vera fullhertur með. „Ég reyndi að hjálpa honum eins og ég gat, þó ég ætti nóg með að hafa undan því sem barst að mér sjálfum“.
- Eiga leið** (orðtak) Vera á ferð; eiga ferð fyrir höndum. „Þú kippir þessu kannski með þér ef þú átt leið þarna um“. „Þórarinn átti styttri leið í Verið og treysti á það... en Þórarinn átti leið norður með fjörunni Þar sem þeir Jón reru skammt frá landi“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Eiga lífið að leysa** (orðtak) Forða sér frá lífláti með klókindum. „Ekki myndi ég þetta þó ég ætti lífið að leysa“.
- Ekki/aldrei meiningin** (orðtak) Ekki ætlunin; ekki til ætlast. „Það var aldrei meiningin að hann fengi þetta til eignar; ég ætlaði bara að lána honum það“.
- Eiga mikið í húfi / Eiga mikið undir** (orðtak) Vera mjög háður; vera í hættu með. „Ég á mikið í húfi með að þetta geti gengið“ (sjá *húfur*). „Hér eiga bændur mikið undir því að vegum sé vel sinnt“.
- Eiga orð/orðastað við** (orðtak) Tala/ræða (einslega) við. „Eigðu snöggvast við mig orð“. Stundum bætt við; „eitt orð“. „Ég þarf að eiga við þig eitt orð í góðu tómi“. „Ég þarf helst að eiga orðastað við hann um þetta“.
- Eiga peninga eins og skít** (orðtak) Vera vellauðugur/forríkur.

- Eiga rætur að rekja til / Eiga ættir að rekja til** (orðtök) Getu rakið ættir sínar til nefnds staðar/kynstofns.
- Eiga samleið** (orðtak) Vera á sömu leið og einhver annar. „Björgunarmenn kvöddust nú; þeir sem ekki áttu samleið“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Eiga sér stað** (orðtak) Gerast; verða. „... hér fyrir Víkurnar var, og er enn, fjölfarin skipaleið. Oft höfðu átt sér stað skipströnd þar á liðnum tíma“ (ÖG; Slysavarnadeildin Bræðrabandið).
- Eiga skilið** (orðtak) Vera verður; eiga heimtingu á. „Mér finnst að hann eigi hrós skilið fyrir frammistöðuna“.
- Eiga stutt eftir / Eiga skammt eftir ólifað** (orðtak) Vera kominn á grafarbakkan/ að andlátinu.
- Eiga sökótt við / Eiga óuppgerðar sakir við** (orðtak) Eiga í útistöðum við; *eiga vantalað við; standa í illdeilum við*; eiga eftir að *jafna sakir* við. „hann taldi sig eiga eitthvað sökótt við nágrannann“.
- Eiga tal** (orðtak) A. Eiga að bera (eiga lömb). „Lukka var með þeim sem *fengu* fyrst. Hún á þá tal 8. maí“. B. Hafa tal af; tala við. „Ég átti tal við hann í gær um þetta“.
- Eiga (það) til** (orðtak) Hafa eðli til; geta stundum gert. „Hundurinn á það til að bíta, en sjaldan þó að fyrra bragði“. „Þær áttu til að verpa í holum og útihúsum...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Eiga til (merkra/góðra o.fl.) að telja** (orðtak) Vera afkomandi; geta rakið ættir til; *eiga ættir að rekja til*. „Að sjálfsögu var þessi vanalega fátækt fyrir hendi; sú sem oftari fylgdi þeim sem hófu búskap sem leiguliðar og áttu ekki til ríkra að telja, sem gætu veitt þeim aðstoð“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Eiga til góða** (orðtak) Geyma; eiga umfram; eiga inni. „Ég má ekki vera að því að þiggja kaffi núna; ég ætla að eiga það til góða næst“.
- Eiga/hafa til skiptanna** (orðtak) Eiga til vara; eiga auka/annað. „Ég var forblautur í fætturna, en *sem betur fer* átti ég sokka til skiptanna“.
- Eiga undir** (orðtak) Vera háður; megna. „Ég á það undir veðri hvort ég kemst“. „Hann á mikið undir sér“.
- Eiga undir högg að sækja** (orðtak) Vera háður einhverjum með eitthvað; *eiga í vök að verjast*. „Ég þarf að fá fóðurbæti í kaupfélaginu, en þar er undir högg að sækja þar sem ég skulda enn síðustu úttekt“. Líklega visar orðtakið til þess að í bardaga er slæmt að þurfa að berjast við þann sem er fyrir ofan. Af sömu rót er líklega orðtakið að *berjast í bökkum*.
- Eiga undir sér** (orðtak) Vera efnaður/ríkur. „... enga atvinnu var að fá, nema að þjóna undir þá fáu sem eitthvað áttu undir sér...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Eiga (ekki) upp á pallborðið hjá** (orðtak) Vera ekki í vinfengi við; vera í litlum metum hjá. Orðið visar til *pallborðs* í hinum fornu skálum (sjá þar). Langeldur var á gólfi og autt svæði kringum hann, en pallur/pallborð með veggjum. Á pallborði sátu einungis húsbændur og þeir sem mestrar virðingar nutu, en vinnumenn og aðrir sátu á skör/prepi pallsins; voru *skör lægra settir*; áttu ekki upp á pallborðið. Settist það fólk upp á pallinn þótti sumum að *skörin væri að færast upp á pallinn*.
- Eiga skammt eftir (ólifað)** (orðtak) Eiga ekki langt eftir af sínu lífi. „Þeir halda að hann sé með krabba, og gæti jafnvel átt skammt eftir ólifað“. Menn hafa velt fyrir sér þessu „ó“ -forskeyti í lifað, þar sem í nútímamáli væri orðtakið skiljanlegra án þess. Fræðimenn hafa bent á að þó forskeytið hafi oftast neitandi merkingu þá geti það einnig verið hlutlaust; t.d. í orðunum óhljóð og ólæti. Sama er um ólifað. Líklegt er, að mati VÖ, að forskeytið hafi upphaflega verið „æ“, og haft þá aukandi merkingu eins og í orðinu ævarandi.
- Eiga skuldlaust** (orðtak) Eiga án skuldbindinga; eiga að öllu leyti.
- Eiga undir högg að sækja** (orðtak) Heyja harðan bardaga; mæta erfiðleikum. Upphaflega um það að sækja fram í orrustu þó maður eigi sverðs-/ axarhögg á hættu. Nú notað um að *eiga við erfiðleika að etja*.
- Eiga (annars) úrkosti** (orðtak) Eiga vöð/kost; geta; vera fær um. „Það er að auka báru svo hratt að við eigum ekki annars úrkosti en hypja okkur í land“.
- Eiga sögnina** (orðtak) Vera sá sem á ráðandi sögn í spilum/bridds.
- Eiga sök á** (orðtak) Vera valdur að; orsaka. „Hann sagðist ekki eiga neina sök á þessu óhappi“.
- Eiga til góða** (orðtak) Um greiða eða aðra inneign; eiga inni; eiga von í því síðar. „Vertu ekkert að borga mér þetta núna; ég ætla að eiga það til góða hjá þér“. Þegar einhver þakkar fyrir matinn er ýmist sagt „verði þér að góðu“ eða „eigðu það til góða“ eða „haltu til góða“. Sjá *halda til góða*.
- Eiga um sárt að binda** (orðtak) Vera sorgmæddur; hafa misst nákominn ættingja eða vin; hafa orðið fyrir missi. „Eftir slysið áttu margar fjölskyldur í hreppnum um sárt að binda“. Sjá *eiga ekki um heilt að binda*.
- Eiga vanda til** (orðtak) Vera vanur. „Mér fannst ég vera öðruvísi en ég átti vanda til“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Eiga vantalað við** (orðtak) Þurfa að ræða við; eiga eftir að tala við. „Ég á sitthvað vantalað við Vegagerðina“.

- Eiga við** (orðtak) A. Fást við; vinna við. „Ég ætla ekkert að eiga meira við vélina fyrir en ég fæ varahlutina“. „...en harðbannaði jafnframt að nokkur kæmi þar nálægt til þess að eiga við hræið“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). B. Um skakveiði; narta í krók. „Eitthvað finnst mér að hann sé að eiga við þetta“. C. Vera viðeigandi; henta. „Ég stakk inn einni og einni leiðréttingu þegar mér fannst það við eiga“.
- Eiga við erfiðleika að etja** (orðtak) *Eiga við ramman reip að draga; eiga undir högg að sækja* (sjá þar).
- Eiga við ofurefli að etja** (orðtak) Standa frammi fyrir einhverju óviðráðanlegu; þurfa að eiga við fleiri andstæðinga en ráðið verður við. Vísar til hernaðar eða valdatafls fyrir á tímum.
- Eiga við ramman reip að draga** (orðtak) Eiga erfitt uppdráttar; búa við mótlæti/andstreymi. „Baldur hefir átt við ramman reip að draga; strjálbýli og samtakaleysi“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi). Reipur er eldri mynd af heitinu reipi = kaðall/vaður/tóg.
- Eiga við rök að styðjast** (orðtak) Styðjast við sannindi/rök; vera rétt/satt. „Þessi saga átti ekki við nein rök að styðjast; þetta var bara *uppspuni frá rótum*“.
- Eiga við vanheilsu að stríða** (orðtak) *Ganga ekki heill til skógar*; vera veikur. „Hann hefur átt við vanheilsu að stríða síðustu árin“.
- Eiga vísan** (orðtak) Eiga tryggan; geta reiknað með. „Þú átt stuðning minn vísan í þessu máli“.
- Eiga von á/í** (orðtak) Búast við; vænta. „Ég átti von á því að eitthvað slíkt gæti gerst“. „Honum var huggun að því að eiga von í heimsókn þeirra“.
- Eiga von á barni / Eiga von á sér** (orðtak) Um konu; vera barnshafandi. „Mér skilst að hún eigi von á sér í byrjun maí“.
- Eiga vól á (einhverju)** (orðtak) Eiga einhvers kost; geta valið eitthvað. „Hvort ég myndi ekki þiggja þetta ef ég ætti á því vól“!
- Eiga það til** (orðtak) Gera stundum/mögulega. „Gættu þín þegar þú snýrð vélinni í gang; hún á það til að slá til baka“. „Gilið á það til að flæða uppúr farvegi sínum og útyfir Flötina, í asahláku“. „Hann átti það til að freta mjög fult eftir *eggjaátið*“.
- Eiga þakkir skildar** (orðtak) Vera verðugur þakklætis/hlýhugar.
- Eiga (sinn) þátt í** (orðtak) Eiga hlutdeild í; vera aðili að. „Veðurútlitið átti sinn þátt í þessari ákvörðun“. „Mikinn þátt í þessu á góð og mikil gjöf, samfara góðri hirðingu o.fl.“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Eiga þess kost / Eiga kost á** (orðtak) Eiga það val; geta valið það; geta. „Ég átti þess ekki kost að komast með í þetta sinn“. „Ég átti engan kost á að eignast bókina á þeim tíma“.
- Eiga ættir að rekja til (einhvers)** (orðtak) Vera kominn út af einhverjum; eiga einhvern/einherja að forföður/formóður. „Kollsvíkingar af Kollsvíkurætt eiga ættir að rekja til Einars gamla Jónssonar í Kollsvík.“
- Eigðu/haltu til góða** (orðtak) Andsvar þegar einhver þakkar fyrir t.d. þeginn mat. Sjá *eiga/halda til góða*.
- Eigi að síður** (orðtak) Samt; þrátt fyrir það. „Eigi að síður gáfust hey fullkomlega í meðallagi...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Eigi bætir sá annars brók sem ber er um rassinn sjálfur** (orðatiltæki) Þeim ferst ekki að vanda um við aðra sem sjálfir eru öngvu betri; enginn skyldi *kasta steinum úr glerhúsi*.
- Eigi er Gíll fyrir góðu nema Úlfur á eftir renni** (orðtak) Sjá; *blæs út sólir; aukasólir; gill og úlfur*.
- Eigi má sköpum renna** (orðatiltæki) Forlögin (sköp) verða ekki umflúin; það verður fram að koma sem mönnum er áskapað. Sjá *forlög/örlög*.
- Eigi skal höggva** (orðatiltæki) Andlátsorð Snorra Sturlusonar er hann var veginn í Reykholti 23. september 1241, af Gissuri Þorvaldssyni og skúrnum hans. Snorri er talinn einn merkasti rithöfundur og fræðimaður fyrri alda og valdamikill höfðingi. Hann hafði veðjað á rangan hest í valdabaráttu í Noregi; dregið taum Skúla jarls og fallið í ónáð hjá Hákonu konungi. „*Út vil ek*“ sagði Snorri þegar Hákon ætlaði að kyrrsetja hann í Noregi, og út fór hann til Íslands. Þar féll hann fyrir Gissuri, sem gekk erinda Hákonar kóngs. Snorri var einn af merkjum forfedrum Kollsvíkurættar.
- Eigi skal skuturinn eftir liggja (ef allvel er róið í fyrirrúminu)** (orðatiltæki) Tilvitnun í Gretti Ásmundarson sem oft er höfð á orði í rögum, einkum þegar kapp er í ræðum. Grettir reri eitt sinn frá Reykhólum til Ólafseyja með þeim Þorgeiri Hávarssyni og Þormóði Kolbrúnarskáldi að sækja naut. Þormóður reri í hálsi; Þorgeir í fyrirrúmi en Grettir í skut. Gerðist kapp í róðrinum og Þorgeir mælti; „frýr nú skuturinn skriðar“? Grettir svaraði; „eigi skal skuturinn eftir liggja ef allvel er róið í fyrirrúminu“. Tók hann síðan svo rösklega á að árararnar eyddust og gengu í sundur við ræðin. Grettir greip þá erði tvö; rak þau í gegnum borðstokkinn og reri með þeim til lands.

- Eigi veit ég það svo gjörla** (orðatiltæki) Staðlað andsvar sem oft er notað; Ég veit það ekki mjög vel“.
- Eigi veldur sá er varar** (orðatiltæki) Sá er saklaus sem varar við. Elstu mynd spekinnar er að finna í Brennu-Njáls sögu; „veldurat sá er varar“. Á seinni tímum hefur spekinni oft verið snúið í „veldur sá er varir“, og skýrt með því að sá hafi sigur sem meira hefur úthaldið.
- Eigi verður allt með auði fengið** (orðatiltæki) Ekki er hægt að kaupa allt, t.d. hamingju eða langlífi.
- Eiginn hagur / Eigið skinn** (orðtök) Um eigingirni, sjálfseksu. „Þessir stórbokkar hugsa nú mest um eigin hag en ekki fátæka útkjálkabændur! Hjá þeim er aðalatriðið að *bjarga eigin skinni*“!
- Eigingirni** (n, kvk) Sjálfseksa; skortur á samkennd. „Ekki þessa eigingirni drengur; gefðu hinum með þér“!
- Eigingjarn** (l) Sjálfseksur; skortir samkennd. „Vertu nú ekki svona eigingjarn á brjóstsykurinn“!
- Eiginlega / Eiginlegana** (ao) Í sjálfu sér; í raun réttir; reyndar. „Eiginlega finnst mér það betra með þessu *móti*“. Eiginlegana var allmikið notað framundir þennan dag af sumum Kollsvíkingum, og þá fremur sem hikorð en hitt. „Mér finnst þessi litur heldur *ásjálegr*, en eiginlegana er ég þó ekki alveg viss“.
- Eigna** (s) Kenna við; segja eiga. „Honum var eignað þetta ljóð, með réttu eða röngu“ „Dalla voru eignuð ýmis skakkaföll og hrekkir eftir að hans varð fyrst vart“.
- Eigra** (s) Rölta; ráfa. „Féð eigráði eitthvað fram á Foldirnar“. „Ég eigráði framá Mýrarnar að gá í dýin“.
- Eigulegur** (l) Sem gott væri að eiga; eftirsóknarverður. „Þetta er hinn eigulegasti vasahnífur“.
- Eik** (n, kvk) Viðartegund; mjög þétt, hörð, þolin og því mikið notuð t.d. til skipasmíða, þó nokkuð erfið sé í vinnslu. Eikartréð er stórvaxið lauftré af beykiætt. Gott þótti að hafa eik í stefni báta og böndum, en einnig voru þau húsgögn, t.d. kistur, skápar og stólar, talin vönduðust sem af eik voru.
- Eilífðar- Eilífðarinnar-** (forliðir) Forliður margra nafnordá; notað til áherslu auka í stað blótsyrða. „Hverslags eilífðarkjafaðæði er þetta“?! „Eilífðarinnar klaufaskapur er þetta nú“! „Eilífðar andskotans rugl er nú í þér“!
- Eilífðarnón** (n, hk) Eilífð. Eingöngu í samsetningu; *til eilífðarnóns*. „Ætlarðu að *dóla* svona til eilífðarnóns“?! Sjá *bíða til eilífðarnóns*.
- Eilífðarnöldur** (n, hk) Sífelld suð/nöldur/tuð. „Mikið er maður þreyttur á þessu eilífðarnöldri“!
- Eilífðaróttíð** (n, kvk) Langvarandi óttíð sem manni finnst engan endi ætla að taka. „Það ætlar bara ekki að verða lát á þessari eilífðaróttíð“!
- Eilífðarráðgáta** (n, kvk) Algjör ráðgáta; óskiljanlegt. „Þetta er bæði mér og öðrum eilífðarráðgáta“.
- Eilífðarrígning** (n, kvk) Langvarandi rígning sem manni finnst endalaus. „Enn er þessi eilífðarrígning“!
- Eilífðarsvefn** (n, kk) Mikill/enalaus svefn. „Fariði nú að vakna strákar! Hverskonar eilífðarsvefn er þetta“?! „Hann var eilífðarígning“!
- Eilíflega / Eilíf** (ao) Endalaust; sífelld. Oftar í neikvæðum setningum: „Vertu nú ekki eilíflega að nudda um þetta“. „Hann var eilífðarígning“!
- Eilífur** (l) A. Sem lifir/varir óendanlega. B. Oftast notað til áhersluauka. „Hættu nú þessu eilífa nöldri“! „Hún hefur mikið að gera, og svo verður hún að vera á eilífum hlaupum“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).
- Eima af / Eima eftir af** (orðtak) Finnast leifar af; situr eftir. „Það eimir enn eftir af gömlum venjum í Kollsvík, t.d. að eta bringukolla á Þorláksmessu“.
- Eimpípublastur** (n, kk) *Skipsflaut*; þeyting eimpípu á skipi. „Um kl 10 heyrði fólkið á Gjögrum eimpípublastur“ (ÞJ; Sargon strandið; Arb.Barð 1949).
- Ein býður ólukkan annarri heim** (orðatiltæki) Ekki er ein báran stök; hvert óhappið eltir annað.
- Ein lygin býður annarri heim / Ein lygin eftir aðra** (orðatiltæki/orðtak) Oft spinnst langur lygavefur af litlu skröki. Mennt festa sig fjarnan í sínum lygavef.
- Eina ferðina enn** (orðtak) Enn einusinni; í eitt skiptið enn. „Ertu nú búinn að rífa buxurnar þínar eina ferðina enn; hvernig ferðu eiginlega að þessu drengur“?! „Eina ferðina enn hefur hann gleymt að loka á eftir sér hliðinu“!
- Eina ferðina enn** (orðtak) Einusinni enn; enn og aftur. Oft notað í vandlættingartón yfir endurteknum yfirsjónum. „Eina ferðina enn hefur hann gleymt að loka á eftir sér hliðinu“!
- Eina tönnin í tikinni** (orðtak) Það eina sem nýtílegt er; hið eina sem gagnast. „Árans afföll hafa orðið af kvíslum síðustu dagana. Er þessi herna eina tönnin í tikinni núna“?
- Einangrun** (n, kvk) A. Það að vera innilokaður, einn eða með fáum; einsemd. „Einangrun bæjanna var rofin þegar vegurinn var ruddur“. B. Efni sem ekki leiðir kulda/rafstraum. T.d. ull, dúnn o.fl. Orðið var upphaflega „einangur“, og merkti aðhald; klípa; þregsl; einvera.

- Einn** (fn) Fornafnið „einn“ var töluvert notað til áherslu eða hiks framan við töluorð. „Þetta varð fyrir einum 20 árum“. „Við settum þetta upp í eina 15 galta“. Ætli við höfum ekki fengið einar 50 grásleppur í strenginn“.
- Einn og einn** (orðtak) Fáeinir með nokkru millibili. „Það var engin vild á fiski, þó maður væri að *sarga upp* einn og einn, *allan liðlangan daginn*.“
- Einarðlega** (ao) Af hörku/atorku/sannfæringu; ákveðið. „Hann barðist einarðlega gegn þessari þróun“.
- Einarður** (l) Ákveðinn; *fylginn sér*; staðfastur. „Hann var einarður í þessari skoðun sinni og *gaf sig ekki*“.
- Einasti** (l) Einn; einstakur. „Þorvarður var einasta barn Egils og Guðrúnar í Breiðuvík...“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). Einnig orðtakið *hver og einn einasti*.
- Einatt** (ao) Alltaf; hverju sinni. „Einatt skal beljufjandinn brauðhófast í milligerðinni“!
- Einása** (l) A. Um hús; með einum mæniás. B. Um hverfil; með einum meginás í stað tveggja.
- Einátta** (l) Um vind; blæs eindregið af einni átt yfir nokkurn/langan tíma.
- Einbeita sér að** (orðtak) Beina allri athygli/atorku að. „Nú þarftu að einbeita þér að náminu“.
- Einbeittur** (l) Ákveðinn; með athygli á. „Það má miklu áorka ef maður er nógu einbeittur“.
- Einber lygi/ósannindi/uppspuni/fyrirsláttur** (orðtök) Einstök...; einskær...; alger.... „Þetta er einber uppspuni“. „Það er einber fyrirsláttur að eitthvað sé að veðri; hann bara nennir þessu ekki“!
- Einbinda sig við** (orðtak) Vera háður; vera bundinn af. „Það þýðir ekki að einbinda sig við eina lausn á málinu; hér getur þurft að fara nýjar leiðir“.
- Einbirni** (n, hk) Einkabarn; eina barn sinna foreldra. „Ekki eru allt kostir við að alast upp sem einbirni“.
- Einbíla** (ao) Á einum bíl, en ekki í samfylgd fleiri bíla. „Það fer enginn einbíla á hálendið í þessu útliti“!
- Einblína** (s) Stara; horfa stíft á tiltekið atriði. „Ég sé enga kind en á eitthvað er hundurinn að einblína þarna“.
- Einbýli** (n, hk) Jörð með einu bóndabýli. „Fyrrum var tvíbýlt í Kollsvík, en síðustu áratugina var þar einbýli“.
- Eindregið** (ao) Af alhug/alefli. „Ég styð þessa tillögu eindregið“.
- Eindreginn** (l) Ákveðinn. „Hann er kominn í eindregna norðanátt eftir umhleyplingana“. „Fundurinn mælir eindregið með því að Víknavegur og Melanesvegur verði teknir í þjóðvegatölu“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).
- Eindrægni** (n, kvk) Ákveðni; eftirfylgja. „Honum launaðist þessi eindrægni þegar að kosningunum kom“. Er annarsstaðar meira notað í merkingunni „samheldni“.
- Eineygður** (l) Með eitt auga. „Höttur var eineygður eftir að gróf út úr öðru auga hans; hann gerði þó sitt gagn og gat fjölda afburðavænna og frjósamra lamba; oft mjög skrautlegra“.
- Einfaldlega** (ao) Bara; einungis. „Þetta voru einfaldlega verk sem þurftu að vinnast...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Einfari** (n, kk) Sá sem vill vera einn/fer sínar eigin leiðir. „Einfarar eru þeir sem hafa einurð á að fara eigin leiðir og vilja síður fylgja fjöldanum í blindni. Slíkt fólk er samfélaginu nauðsynlegt og án þess yrðu líklega engar framfarir. Misjafnt er hinsvegar hvernig því gengur að finna sér förunauta og öðlast skilning annarra“.
- Einfasa** (l) Um riðstraumsrafmagn; með eitt riðpar en ekki blöndu þriggja eins og í þrífasa riðstraumi. Einfasa rafmagn var lagt um dreifðustu byggðir landsins þar sem háspennulagnir af því tagi eru mun ódýrari en þrífasa lagnir. Hinsvegar bitnar þetta á notendunum, þar sem mótórar, s.s. súgþurrkunarmótórar og aðrir, eru mun dýrari, flóknari og þurftaþrekarar í einfasa kerfi en þrífasa mótórar. Þetta var einn þátta nútímavæðingarinnar sem varð til þess að leggja Útvíkurnar í eyði.
- Einfeldingur / Einfeldningur** (n, kk) Fremur skilningsvana/fávís maður. „Óttalegur einfeldingur geturðu verið ef þú skilur þetta ekki“!
- Einfeldingsháttur / Einfeldningsháttur** (n, kk) Fávíska; heimska. „Það er bara einfeldingsháttur að halda að einhver geti smalað allt þetta svæði einsamall“!
- Einfeldni** (n, kvk) Grunnhyggni; fáfræði; aulaháttur. „Ég hélt nú bara, í einfeldni minni, að málið væri leyst“.
- Einfær um** (orðtak) Get gert sjálfur; þarf ekki aðstoð. „Ég er fullkomlega einfær um að smala dalinn einn“.
- Eingöngu** (ao) Aðeins; bara. „Við slátrunina unnu eingöngu bændur af félagssvæðinu og þeirra heimafólk“ (PG; Veðmálið).
- Einhenda** (s) Kasta/lyfta/gera með einni hendi. „Hann einhenti síðan hverjum *netasteininum* á fætur öðrum uppúr bátnum“. Á síðari tímum hefur komið til orðtakið að „einhenda sér í“ = einbeita sér að.

Einhlaðinn (l) Um steinhlaðinn vegg; með einfaldri steinaröð á breiddina. *Steinbitsgarðar* í Kollsvíkurverri voru flestir einhlaðnir, en *hrýgjugarðar* voru *tvíhlaðnir*.

Einhleypa (n, kvk) Haglabyssu með einu hlaupi; ekki *tvíhleypa*.

Einhleyp (l) Um byssu; með einu hlaupi en ekki tveimur. „Þegar *skotið* var á *fluginu* niðri við Garða, voeru jafnan notaðar einhleypar haglabyssur áður fyrr. Palli fór fyrstur þangað með *tvíhleypu*“.

Einhlítt (l) Með einu móti; einhliða. „Gangur mála er oftast með þessu móti, en þó er það alls ekki einhlítt“.

Einhnepptur (l) Um flík; með einni röð af hnöppum. „Flíkur voru stundum *tvíhnepptar*; einkum finar yfirhafnir, en oftast voru þær *einhnepptar*. Nú hefur rennilásinn víðast yfirtekið hlutverk hnappa“.

Einhuga (l) Um tvo eða fleiri; eru sammála; vinna að sama marki. „Í ritum ungmennafélaganna í Kollsvík kemur glögg fram hve allir voru einhuga um framfaramálin, og hve samtakamáttur kemur miklu í verk“.

Einhugur (n, kk) Samtakamáttur tveggja eða fleiri. „Þá var einhugur í íbúum um að bæta búshætti, samgöngur, verslun og samfélag“.

Einhvað (fn) Eitthvað. „Einhvað skrýtið hefur hér gerst“. „Sérðu einhvað til þeirra“?

Einhver sá/sú / Eitthvert það (orðtök) Áherslusætning með lýsingarorði. „Þetta er einhver sá besti hákarl sem ég hef smakkað. „Þessi vetur er einhver sá besti er menn muna, en þó hafa hér á Sandinum gefist töluverð hey“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Einhverntíma hafa allir verið börn (orðatiltæki) Sérhver getur sjálfan sig séð í barninu.

Einhvernveginn (ao) Á einhvern veg; með einhverju móti. „Mér finnst einhvernveginn að þetta sé skakkt“. Einnig notað sérstætt: „Þetta fer áreiðanlega einhvernveginn“. Sjá *gera einhvernveginn og einhvernveginn*. Framburðurinn er sjaldnast eftir stafanna hljóðan, heldur oft „einkurnegin“ eða *í þá áttina*.

Einhversháttar / Einhverskonar / Einhversslags (l) Af einhverju tagi; einhver tegund af; með einhverju lagi. „Það verður að finna einhversháttar málamiðlun“. „Ég er *handviss* um að þarna var einhverskonar fjörulalli á ferð“! „Hann var stundum illa haldinn af einhversslags sálsýki“.

Einhverstaðar verða vondir að vera (orðatiltæki) Viðhaft t.d. þegar finna þarf einhverju eða einhverju stað. Spekin er upprunnin úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar af ferðum Guðmundar biskups góða. Sagt er að mannskaðar miklir hafi verið í Bjarginu við fugla- og eggjaferðir og hafi biskup verið beðinn úr að bæta. Hann lét gefa sig í festi niður undan Djúpadal og hóf að vígja bjargið og fæla burtu óvætti þá sem skaðanum höfðu ollið. Er hann hafði vígt kinnina innan Djúpadals báðust vættirnir vægðar og lofuðu að valda ekki skaða, en „einhversstaðar verða vondir að vera“. Lét biskup þeim þá eftir bjarghlutann utanvið Djúpadal sem heitir síðan Heiðnakinn. Þar er berg allt mjög laust í sér og hættulegt að nytja. Innan Djúpadals heitir síðan Kristnakinn. Þar eru mikil egg- og fugltekjuplass, s.s. Vælaskor, Undirhlíð og Bæjarvöllur, sem að hluta eru nýtið *enn þann dag í dag*. Líklega er spekin þó eldri en þessi þjóðsaga.

Einhvur / Einhvirntíma / Einhvirnveginn / Einhvursstaðar / Einhvursvegna / Einhvirra hluta vegna (fn) Afbrigði af stofnmyndinni „einhver...“. Þessi framburður var nokkuð algengur vestra áður fyrr, en heyrir sjaldnar nú. Orðmyndin „einhvursvegna“ virðist sérstæð fyrir Kollsvíkinga: „Ég veit ekki hvursvegna þetta var gert svona, en einhvursvegna hlýtur það að hafa verið“.

Einhyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með eitt horn; *brotinhyrnd*; *stúfhyrnd*.

Einhæfur (l) Fábreyttur; mestmegnis einhliða/ með einu móti. „Þó mataræði hafi verið öðruvísi áður fyrr en nú er, þá var það alls ekki einhæft; sérilagi ekki í sjávarbyggðum eins og í Kollsvík“.

Einilyng / Einir (n, hk) *Juniperus communis*. Einirunni; lágvaxin lyngtegund sem er algeng er í lautum og dölum til fjalla í Rauðasandshreppi og víðar. Útbreiddasta trjáplanta heims og mjög algeng á norðlægum slóðum. Þarna vestra vex einirinn sem jarðlægt lyng sem þakið getur nokkuð svæði; helst þar sem snjór verður dýpstur að vetri. Blöðin eru nárlaga og geta stungið sem nálar. Berin eru græn; óæt og með stórum hörðum fræjum. Um eini segir m.a. svo í Grasnytjum Björns Halldórssonar, frá 1781: „Broddar af eini, á vori teknir og drukknir sem vel sterkt te, gjöra hæga opnun eða laust líf. Þetta sama seyði hreinsar brjóstið, bætir hósta, styrkir magann og brýtur bein. Þó gjöra berin allt þetta betur, til búin og drukkin sem kaffi. Einiber örva svita og greiða mjög alla afrás líkamans; eyða nýrnasteini, leysa staðið blóð kvenna og vatnssýkislopa. Reykur af einiberjum, einiblöðum og líka trénu sjálfu er þeim hollur sem hafa höfuðþyngsli og verður loftið þá hollt. Einiberja besta verkan er að þynna blóðið; hreinsa það; lækna gulusótt og önnur þau sjúkleikakyn sem blóðið hefur skuld í. Brennivín sett á einiber verður að hollum brjóstdropum þegar það hefur staðið á þeim heilt missiri eða lengur. Þó er enn betra brennivín af þessum berjum brennt“ (BH; Granytjar). Margt fleira gagnlegt kann Björn að segja um einilyng og einiber. Einir var hin ágætasta fjandafæla, og mátti reka frá sér ýmsan óhreinan slæðing með einihríslu. „Einu notin sem ég man eftir af einilyngi í mínum uppvexti voru tengd jólahaldi. Fyrir jólin hvert ár fór pabbi fram í Vatnadal með poka eða sleða og sótti nokkrar klær af einilyngi, sortulyngi og krækiberjalyngi.

Þetta notaði mamma svo til að festa á greinar jólatrésins gamla, sem notað var ár eftir ár á Láganúpi. Lyngið var fest á þessar sívölu greinar með svörum tvíanna, sem sívafinn var utanum. Varð úr þessu glæsilegra og vinalegra jólatré en nokkuð grenitré sem ég hef síðan séð. Lyktin af lynginu skapaði auk þess sérstaka stemmingu sem síðan er nátengd jólum í mínum huga. Stundum voru lyngklær settar á heita eldavélina til að fá þessa góðu lykt í húsið“ (VÖ).

„Jólahald var fábreytt framan af. Torfi móðurbróðir minn hafði fyrstur manna jólatré hér; það hefur líklega verið um 1903. Hann smíðaði stórt tré og klæddi greinarnar með eini“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Eitt af því sem þurfti að gera í sambandi við undirbúning jólatréssemmtunarinnar, var að fara fram í Vatnadal og ná í lyng til að nota á tréð; varð alltaf einilyng fyrir valinu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Á annarsdagskvöld var haft jólatré fyrir alla krakka í Víkinni. Var það heimagert og bundinn á það einir sem sóttur var fram í Vatnadal“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Einir saman (orðtak) Einsamlir; einvörðungu. „En nú var það erfðasta eftir; að koma stórhveli að landi með árunum einum saman, á lítilli bátskel“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Þetta gengur hægt með höndunum einum saman; betra væri að hafa viðeigandi verkfæri“.

Einjárnungur (n, kk) Járnlutur án samskeyta. Einkum notað um ljái og hnífa sem smíðaðir eru í heilu lagi en ekki hnoðaðir/settir saman úr fleiri hlutum.

Einjúgra (l) Um kind; með annað júgríð virkt/mjólkandi. „Hún mjólkur lömbunum vel þó hún sé einjúgra“.

Einkabarn (n, hk) Eina barn foreldra; einkasonur; einkadóttir; einbirni. „Hún var þeirra einkabarn“.

Einkaleyfi (n, hk) Opinbert og alþjóðlegt sérleyfi einstaklings til að hagnýta sér uppfinningu í tiltekinn tíma. Eina einkaleyfið sem vitað er um að tengist Kollsvík er einkaleyfi Valdimars Össurarsonar frá Láganúpi á hverfli til virkjunar hægstrauma, s.s. sjávarfalla. Einkaleyfið er nr. IS-2559-B; í alþjóðl. flokkun; F03B; veitt 15. október 2009, og nefnist „Valorka-hverfillinn, gerð 2“. Þetta er fyrsta (og ennþá eina) einkaleyfið sem gefið hefur verið út fyrir íslenskum hverfli, sem kann að virðast merkilegt í ljósi þess að Íslendingar fá nánast alla raforku sína í gegnum hverfla. Jafnframt er þetta eina íslenska einkaleyfið á sviði sjávarorku. Þessu einkaleyfi hefur ekki verið haldið til streitu, þannig að það heldur ekki varnarhlutverki sínu þó það sé enn í gildi. Astæðan er sú að Valdimar hefur þróað marga aðra hverfla sem taka gerð-2 fram um einfaldleika og afköst og verða einkaleyfi tekin á nýtilegustu uppfinningum þegar þróun kemst á síðari stig.

Einkanagjöf / Einkunnargjöf (n, kvk) Mat á frammistöðu, oftast gefið upp í tölum eða umsögn. „Þann 17. apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Króks húsum vegna persónulegrar ársár í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Einkanlega (ao) Sérstaklega; einkum. „Einkanlega þarf að gæta varúðar þegar klaki er á vegi“.

Einkar (ao) Sérlega; mjög. „Ég kann því einkar illa þegar menn afbaka gamalt og gott mál“.

Einkarekstur (n, kk) Það fyrirkomulag að einn aðili sjái um rekstur einhvers sen ekki samfélagið. „Össur Guðbjartsson taldi að ekki væri rétt að stefna að einkarekstri í þessum málum, en það ætti að vera hlutverk þjóðfélagsins að framkvæma þetta (lagningu raflínu um Rauðasandshrepp) eins og aðrar almennar framkvæmdir“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Einkaréttur (n, kk) Réttur til að hafa/nota/eiga einn. „Manni finnst það stappa nærri ránum; að einhverjir sægreifar í fjarlægum landshornum þykist hafa einkarétt til að veiða fisk á ævafornum fiskimiðum Kollsvíkinga; alveg uppí landsteinum“! „Ívar Ívarsson gat þess að á hreppsnefndarfundi til undirbúnings þessa fundar hefði borið á góma það mál að útlit er fyrir, með sífelldri sókn í veiðar hrognkelsi, gæti það ástand skapast að öngþveiti yrði á þessum miðum og nauðsyn þess að fá einkarétt hreppsúta á þessari veiði fyrir löndum hreppsins“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Einkennilega (ao) Sérkennilega; áberandi. „Mér fannst strengurinn liggja einkennilega, og sá svo að steinninn hafði smokkast úr niðristöðunni“.

Einkennilegheit (n, hk, fto) Furðulegheit; skrátilegheit; furðuleg/óútskýranleg atvik. „Það eru allskonar einkennilegheit farin að hrjá bílinn núna“.

Einkennilegur (l) Sérkennilegur; undarlegur. „Báturinn er dálítið einkennilegur í útliti“.

Einkennilegur andskoti (orðtak) Mjög einkennilegt/sérkennilegt. „Það er einkennilegur andskoti hvað þeir eru fundvísir á nýjar reglur sem þarf að uppfylla varðandi sláturleyfi. Maður gæti haldið að þetta nútímafolk í þéttbýlinu væri allt önnur manntegund en forfedur þess, sem lifðu af heimaslátrun kynslóð eftir kynslóð“!

Einkennisfjall (n, hk) Áberandi fjall sem einkennir stað/svæði. „Blakkur og Núpur hljóta að teljast einkennisfjöll Kollsvíkur. Bæði eru þau formfögur og ábúðarmikil fjöll, sem sjást vítt að“.

Einkum (ao) Aðallega; sér í lagi. „Það var einkum Össur (faðir Gunnars) sem las og kvað rímur. Hann átti skrifaða bók af Maroni sterka“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Einkum og sérilagi / Einkum og sérlega (orðtök) Einkanlega; sérstaklega. „Fátt er eins skemmtilegt og að vera á skaki í góðu veðri; einkum og sérilagi ef maður er í vitlausum boltafiski“!

Einleikið (l) Eðlilegt. „Það var ekki einleikið að alltaf var karlinn að draga þó aðrir fengju ekki bröndu“.

Einlemba (n, kvk) Kind með eitt lamb; einlembd ær. „Það má setja einlemburnar strax útfyrir“.

Einlembd (l) Bar einu lambi. „Nú *ber nýrra við*; Skrauta er bara einlembd þetta vorið“.

Einlembingur (n, kk) Lamb sem ekki á systkini í sama burði; einlembingsgimbur; einlembingshrödur. „Er þessi *kægill* virkilega einlembingur“?

Einlæglega (l) Heilshugar; einlægt. „Ég vona bara einlæglega að færðin haldist einhverja daga“.

Einlægni (n, kvk) Sannleikur; sannfæring; góð/sönn trú. „Þetta sagði hún í fyllstu einlægni“.

Einlægt (l) Sífelld; alltaf. „Óttalegur hávaði er einlægt í ykkur strákar; látiði nú örlítið minna“! „Var nú árangurslaust að leita því einlægt dreif slétt yfir, meir og meir af veðrinu og moldinni, svo ekki varð meira aðhafst þann dag“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Einlægur (l) Sannur; trúr sinni sannfæringu. „Ef ég á að vera alveg einlægur, þá hefði ég nú frekar kosið að fá saltfisk með floti og nýjum kartöflum en þetta haughænsni með oliuströnglum“!

Einmana (l) Leiðindi vegna skorts á félagsskap; *ónógur sjálfum sér*. „Aldrei er maður eins einmana og þegar maður er kominn í þetta svokallaða þéttbýli. Þar þvælist hver utani annan án þess að talast nokkrusinni við“.

Einmánuður (n, kk) Mánuður að fornu tímatali; næstur á eftir Góu. Nafnið stafar af því að hann er einn mánaðanna eftir af vetri; þar til vors er von. Hefst á þriðjudegi í 22.viku vetrar, þ.e. 20.-26. mars. Ungir menn skyldu fagna einmánuði en yngismeyjar Hörpu, sem er næsti mánuður á eftir. „Það var alltaf byrjað á einmánuði að þvo fisk frá haustinu áður, og um sumarmál að hvolfa upp bátunum og sjóbúa þá. Róðrar hófust svo strax og gaf“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Einmunablíða (n, kvk) Einstaklega gott veður; yfirleitt notað um sólskin og stafalogn. Forskeytið „einmuni“ var í upphafi „eimuni“ og sjálfstætt orð sem merkir „það sem verður alltaf munað“. Veturinn 1293 þótti óvenju harður og var nefndur „Eimuni hinn mikli“.

Einmunasumar / Einmunasumarblíða (n, hk/kvk) Óvanalegt/einstakt góðviðrissumar. „Þetta er buið að vera einmunasumar; alveg hreint“! „Ég man bara ekki eftir annarri svona einmunasumarblíðu“!

Einmunatíð / Einmunaveðráttá / Einmunaveður (n, kvk) Einstaklega gott tíðarfar. Oft notað um langvarandi góða heyskapartíð og gæftir.

Einmælt (l) A. Um það þegar kýr eru mjólkaðar einu sinni á dag í stað tvisvar eins og venja er. Þessi var algengasta merking orðsins í Kollsvík og nágrenni. „Báðar kýrnar eru að nálgast geldstöðu og nú mjólkum við bar einmælt“. B. Ein máltíð yfir daginn. C. Allir á sama máli. „Þetta mun vera einmælt í þorpinu“. Sjá *tvímælt*.

Einmöstrungur (n, kk) Skip með eitt mastur. „Vigga var einmöstrungur; 20-30 lestir að stærð“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).

Einn (l) Um; nálægt; einnig notað sem hikorð/áhersluorð. „Þetta voru einar tuttugu kindur“. „Það liðu einir tveir tímar þar til þeir komu upp úr bjarginu aftur“. „Þetta reyndist vera ímyndunin ein þegar að var gáð; þarna var ekki nokkur maður“. „Þetta gerist í hvert einasta sinn sem ég reyni að setja vélina í gang“. „Saltfiskur er einn besti matur sem ég nokkurntíma fæ“.

Einn af átján (orðtak) Einn af mörgum; einn úr stórum hópi. „Hann er bara einn af átján sem reynir að snúa þannig á skattinn“. Orðtakið var iðulega notað; helst um skúrshátt af einhverju tagi; jafnvel sérstætt sem andsvar. Talan átján var á einhvern hátt sérstæð í gömlu máli, sbr þjóðsöguna um átján barna föður í álfheimum. E.t.v. má rekja það til rómversks ritháttar; XVIII eða xvij, sem má lesa „svei“.

Einn af öðrum (orðtak) Hver eftir annan. „Nú komu bátarnir einn af öðrum í land, og var nú komið talsvert brim“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Einn á báti (orðtak) Einn síns liðs; einsamall; ekki í fylgd annarra. „Hrúturinn var þarna einn á báti“.

Einn eða/né neinn (orðtak) Enginn; ekki nokkur. „Hákarlinn drepur ekki einn eða neinn, þó hann lykkti dálítið“. „Ég hef hvorki séð einn né neinn“.

Einn einasti (orðtak) Einn einstakur; stakur. „Við reyndum á tveimur stöðum án þess að fá einn einasta fisk“. „Þessum tröllasögum trúir ekki einn einasti maður“!

Einn er laukur í ætt hverri (orðatiltæki) Í hverri ætt þykjast menn greina einn sem ber af fyrir gáfur, dugnað, handlagi eða annað atgervi. Stundum notað í kaldhæðni um þann sem er ætt sinni til minnkunar. Sjá *laukur ættarinnar*.

- Einn er sá sem allt veit (ekki veit ég það)** (orðatiltæki) Visar til alvisku Guðs. Oft viðhaft þegar rætt er um það sem mælandi veit lítil deili á, og þá gjarnan skotið inn viðbótinni. Sjá *það má guð vita*.
- Einn er öðrum líkur** (orðtak) Hver líkist öðrum; allir líkir/eins. „Buggi var glöggur á fé eins og faðir hans og afi. Ég var mikið óvissari í þessum efnun; fannst ein annarri lík“.
- Einn góðan veðurdag** (orðtak) Einn daginn; einhvern tímann. „Manni þykir það dálítið undarlegt ef Kollsvíkingar hafa um aldaðir getað sótt sér fisk á víkina og gert hann að söluvöru; að einhver ríkisstjórn geti svo sett þau lög, einn góðan veðurdag; að héreftir skuli þeir þurfa að greiða sér fyrir afnot af miðunum! Maður *tekur* nú ekki *mark* á hvaða vitleysu sem er“!
- Einn hreppir það annar sleppir** (orðatiltæki) Einn fær stundum það sem annar *leggur af sér/* hættir að nota.
- Einn kemur þá annar fer** (orðatiltæki) *Maður kemur í manns stað*.
- Einn með sjálfum sér / Einn útaf fyrir sig** (orðtak) Alveg einn; aleinn. „Maður hugleiðir ýmislegt þegar maður er á svona fönguferð; einn með sjálfum sér“.
- Einn og einn (á stangli)** (orðtak) Um það sem er fágætt eða kemur í litlu magni; oft notað um *tregfski*. „Það var vel af grásleppu í grunnendann, en svo ekki nema ein og ein á stangli eftir það“.
- Einn og óstuddur / Einn og sjálfur** (orðtök) Einn; *aleinn; upp á sitt eindæmi*. „Það var enga aðstoð að fá, svo ég gerði þetta bara einn og sjálfur“.
- Einn og sér / Einn sér og sérhver** (orðtök) *Útaf fyrir sig; sjálfstæður; stakur*. „Þetta eitt og sér er ekki næg ástæða til að hætta við“.
- Einn órétturinn býður öðrum heim** (orðatiltæki) Gegnsæ speki; hætt er við að sá sem beittur er órétti beiti aðra órétti einnig“.
- Einn saman / Einn og sér í lagi / Einn og stakur** (orðtak) Einstakur; einn. „... eitt vorið var róið 25 bátum úr Kollsvík einni saman“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). „Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman ...“. „Einnig man ég þegar Jóhannes í Gröf flutti líkkistu ömmu sinnar að Sauðlauksdal; einn saman, með kerru aftan í Fergusyninum“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Einn sér** (orðtak) Einn útaf fyrir sig; ekki með öðru(m). „Var sýran höfð til matar; ein sér, eða höfð út á graut“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Einn sér og sérhver** (orðtak) Allir; allir sem einn. „Ég set þetta á borðið og svo verður bara einn sér og sérhver að bjarga sér“. „Þarna koma þeir loksins á Hjallabrunina; einn sér og sérhver“.
- Einn síns liðs** (orðtak) Einsamall; einn á báti. „Tréð var of þungt til að hann næði að bjarga því einn síns liðs“.
- Einn uppsker það er annar sáir** (orðatiltæki) Ekki er víst að sá njóti ávaxtanna sem mest erfiðar; ávinningurinn hlotnast oft öðrum, t.d. síðari kynslóðum.
- Einna helst/ skárst/ best** (orðtak) Besti kosturinn af mörgum svipuðum. „Ég vil einna helst fá þessa skó“ „Mér finnst þessi lambhrútur einna best byggður í heildina“. „Það er einna skárst að fara hér niður“.
- Einn veldur þá annar geldur** (orðatiltæki) Vandræði eins eru oft af völdum einhvers annars.
- Einneginn** (ao) Einnig; líka. „Svo er það einneginn þetta; hvernig eigum við að ná eggjunum upp“?
- Einokunarverslun** (n, kvk) Einkaréttur sem Kristján 4. Danakóngur veitti kaupmönnum til verslunar á Íslandi frá árinu 1602. Tilgangur hans var annarsvegjar að efla danska kaupmannastétt og siglingar en hinsvegar að útrýma verslun þýskra Hansakaupmanna. Fljótlega kom fram mikil óánægja Íslendinga með verslunina; varan var lítil og léleg og verðið hátt, auk þess sem verslunarhafnir voru fáar. Ekki bætti úr að 1683 var tekin upp svæðaskipting, þannig að landsmönnum var óheimilt að versla nema á sínum verslunarstað. Má ætla að mikil launverslun hafi verið við aðrar þjóðir; Englendinga, Hollendinga og Frakka, þar sem menn höfðu tök á því. Slíkt kann að hafa viðgengist í Útvíkum vestra, þrátt fyrir að verslunarhafnir einokunarkaupmanna væru bæði á Patreksfirði og Bíldudal. Breyting varð 1733 þegar á komst verslun svonefndra lausakaupmanna og kaupsvæðaverslun lagðist niður. Frá 1743 tók við verslun Hörmangara í 10 ár, en þeir fengu slæm eftirmæli í Íslandssögunni. Almenna verslunarfélagið sá um verslunina 1764-74 en síðan tók við Konungsverslunin síðari og stóð til 1787. Þá var verslunin gefin frjáls fyrir alla þegna Danakóns. Einokunarverslunin er almennt talin hafa staðið framförum og þjóðlífi fyrir þrifum meðan hún varði. Hún hefur í raun orðið tákun um undirokun konungsvaldsins. Afnáam hennar varð upphaf af þróun sem endaði með sjálfstæði.
- Einristuljár** (n, kk) *Einskeri*; torfljár með handföngum á báðum endum. Rista tveir menn torfuna á milli sín í einni ristu. Einristuljár gamall er til á Láganúpi; notaður til ca 1970. Ekki var þar *tvíristuljár* í seinni tíð.
- Einróma** (l) Með einum rómi; samhljóða. „Þetta var samþykkt einróma“.
- Einrænn** (l) Einfari. „Hann gerðist fáskiptari og einrænni eftir konumissinn“.

- Eins byrði er öðrum létt/léttbær** (orðatiltæki) Maður er léttur á fæti meðan aðrir bera byrðar fyrir mann; manni er sjálfum ekki íþyngt með byrðum annarra.
- Eins dauði er annars brauð** (orðatiltæki) Oft verður fráfall eins ávinningur annars.
- Eins eru prestar og aðrir menn (ekki er þeim að trúá)** (orðatiltæki) Vísar til þess að í raun eru allir menn jafnir, þó í fyrri tíma þjóðfélagi hafi prestar tilheyrt virðingarstétt. Orðatiltækið er oft viðhaft þegar minnt er á að allir menn eru jafnir; en þó sjaldnar viðbót þess.
- Eins lof er annars last** (orðatiltæki) Vísar til þess að stundum getu hrós í eins garð virkað sem niðurlæging annarra, sem þó eru þess kannski óverðugir.
- Eins og að ausa/hella vatni í botnlausu tunnu / Eins og að ausa vatni í botnlaust hrip** (orðtök) Um það sem gert/stundað er en skilar ekki árangri. Myndlíkingin er augljós; gagnslítið er að ausa í það sem jafnharðan lekur úr. Í grískri goðafræði er sömu myndlíkingu að finna: Tartarus var ein útgáfan af þeirra helvíti; þar sem á menn voru lagðar hinar margvíslegustu pyntingar. Dætur Danaidesar Líbíukóns myrtu menn sína á brúðkaupsnóttina og dæmdust til þess í Tartarusi að bera vatn um langa leið og ausa því í lekt baðker.
- Eins og að bera í bakkafullan lækinn** (orðtak) Eins tilgangslaust og að auka vatn í læk í vexti með því að bera í hann meira vatn. Sjá *bera í bakkafullan lækinn*.
- Eins og að biðja fjandann um sál** (orðtak) Um bón/ósk sem erfitt er að fá uppfyllta. „Það er eins og að biðja fjandann um sál að fara fram á það við þessa Vegagerð að hún dragi hefiltönn yfir þetta *holukráðak*“!
- Eins og að finna/ leita að saumnál í heystakki** (orðtak) Líkingamál um vonlitla leit að einhverju sem varla finnst nema fyrir tilviljun. „Ég leitaði um allt að vasahnífnum, en það var eins og að leita að saumnál í heystakki; hann gat víða legið“.
- Eins og að gefa bakarabarni brauð / Eins og að bera í bakkafullan lækinn** (orðtak) Óþarft er að gefa þeim sem nóg á fyrir; óþarft að bæta við af því sem nóg er fyrir. Sjá *bera í bakkafullan lækinn; ekki þarf að gefa bakarabarni brauð*.
- Eins og að kasta perlum fyrir svín** (orðtak) Lýsing á tilgangsleysi þess sem gert er, einkum gagnvart öðrum. „Það er eins og að kast perlum fyrir svín að láta góða bók í hendurnar á honum“!
- Eins og að líkum lætur / Eins og að líkum má leiða** (orðtak) Eins og búast má við; eins og rökstyðja má. „Eins og að líkum lætur voru vöruflutningar á reiðingshestum yfir fjallvegi seinlegir og ýmsum annmörkum háðir“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Eins og að líkum má leiða var þetta ekki eins vandað og hjá fagmanni en furðu traust var það, miðað við smiðinn og aðstæðurnar“.
- Eins og að míga/pissa í skóinn sinn** (orðtak) Um úrræði sem endist illa / er einungis sýndarúrræði. „Það þýðir ekkert að smíða hrútaskúna úr svona spreki; það er bara eins og að pissa í skóinn sinn“. Dregið af því að menn halda ekki hita á sér til lengdar með því að pissa í skóna. Í fullri lengd er orðtakið þannig: „*Það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn*“.
- Eins og að nefna snöru í hengds manns húsi** (orðtak) Um það að ekki er ráðlegt að nefna viðkvæm málefni í eyru þeirra sem viðkvæmir eru fyrir því.
- Eins og að rétta skrattanum litlafingurinn/litlaputtann** (orðtak) Um það að einhver verði of tilætlanarsamur/frekur ef honum er sýnd greiðvikni. „Ég ætla ekkert að bjóða þetta að fyrrabragði; það er bara eins og að rétta skrattanum litlafingurinn“. Sjá *það má ekki rétta skrattanum litlafingur; þá tekur hann alla hendina*.
- Eins/líkt og að skvetta vatni á gæs** (orðtak) Um það sem virðist algerlega áhrifalaust/tilgangslaust. „Ég skammaði hann fyrir þetta, en það er líklega eins og að skvetta vatni á gæs“. Gæsir og aðrir sundfluglar verja fjaðrir sínar með fitu, og blotna því að jafnaði ekki.
- Eins/líkt og að sækja vatnið yfir lækinn** (orðtak) Auðskilið líkingamál um það að *leita langt yfir skammt* eftir lausnum.
- Eins og að tala við stein/grjótið / Eins og að tala við vindinn** (orðtak) Tilgangslaust/tilgangslítið að segja. „Ég reyndi árangurslaust að aðvara hann með þetta; það var bara eins og að tala við vindinn“.
- Eins og af er látið** (orðtak) Eins og sagt er; eins og heyrst hefur. „Ekki skil ég í því að hann skuli ráðinn í þessa stöðu ef hann er jafn heimskur og af er látið“!
- Eins og af tekur** (orðtak) Eins og framast er unnt. „Var þá siglt eins og af tók...“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi). „Hann flýtti sér eins og af tók heim í bæ“.
- Eins og andskotinn annar** (orðtak) Áherslusætning um það sem einhver vinnur/gerir mjög rösklega. „Ég hljóp eins og andskotinn annar niður alla Brunnsbrekku, og náði að komast fyrir fjárhópinn“.

- Eins og á nálum** (orðtak) Mjög órólegur/spenntur/kvíðinn. „Ég var eins og nálum þar til hann var kominn aftur upp á brúnina“.
- Eins og álfur útúr hól** (orðtak) Hjárænulegur; utangátta; *eins og illa gerður hlutur*. Líkingin er dregin af álfi sem dagar uppi í mannheimum og kemst/ratar ekki aftur í sinn hól. Hætt er við að hann falli illa í fjöldann.
- Eins og barinn hundur** (orðtak) Mjög lúpulegur/skömmustulegur/ásakandi. „Eftir þessar skammir kerlingarinnar þagnaði karlinn og var eins og barinn hundur það sem eftir var“.
- Eins og belja á svelli** (orðtak) Líkingamál um klaufalega tilburði einhvers í hálfu. „Sá var að hreinsa tófuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hveli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli“! (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Eins og blátt strik** (orðtak) Líkingamál um mjög mikinn hraða. „Hann var ekkert að *koma við*; þaut bara hér framhjá eins og bláts strik“.
- Eins og byssubrenndur / Eins og píla/örskot** (orðtak) Um hratt hlaup; í miklum flýti; mjög hratt. „Hann hljóp eins og *byssubrenndur* og lokaði hliðinu“.
- Eins og (í) dauðs manns gröf / Eins og í dauðramanna borg** (orðtak) Um kyrrð/þögn/frið. „Eftir þessa skammarræðu sló þögn á salinn og í nokkra stund var þar líkt og í dauðs manns gröf“.
- Eins og djöfulóður** (orðtak) Í óðakappi/ákafa. „Hann var *handfljótur* að innbyrða belginn og svo halaði hann inn línuna eins og djöfulóður væri“.
- Eins og draugur uppúr öðrum draug** (orðtak) Lýsing sem notuð er um mann sem þykir tiltakanlega afkárlegur/skitugur/fráhrindandi. „Mikill andskoti er nú að sjá þig maður; þú ert eins og draugur uppúr öðrum draug! Ég held að þú ættir nú að fara í *þrifabað* og fá þér hreina *leppa*“!
- Eins og dropi í hafið** (orðtak) Um magn; *hverfandi lítið*; *segir lítið*. „Framlag hvers og eins er eins og dropi í hafið, en það lýsir þeim hug sem að baki býr“.
- Eins og druslan dregur** (orðtak) Eins hratt og komist verður á farartækinu. Notað á seinni tímum um bíl, en kann að vera eldra, og vísa til þess að segl dragi bát/ komi báti hratt áfram.
- Eins og dæmin sanna / Eins og dæmi eru fyrir/um** (orðtak) Gegnsætt og allmikið notað orðtak.
- Eins og eigi hvert bein** (orðtak) Sjá *eins og (einhver) ætti í (einhverjum) hvert bein*.
- Eins og eldibrandur** (orðtak) Mjög snarlega; í hveli. „Ég þaut eins og eldibrandur inn í hús og sótti byssuna en tófan nennti ekkert að bíða“. Gomul merking orðsins „eldibrandur“ er stórbruni/eldsvoði, og gæti orðtakið því upphaflega hafa þýtt það sama og „eins og eldur í sinu“.
- Eins og eldur í sinu** (orðtak) Með miklum hraða. „Þessi fjandans ósiður hefur breiðst út eins og eldur í sinu“! Augljós líking; eldur í þurri og mikilli sinu er mjög fljótur að breiðast út.
- Eins og endranær / Eins og jafnan (áður)** (orðtök) Eins og vanalega. „Öllum lentist vel úr þessum róðri, en eins og endranær lá þar enginn á liði sínu að rétta öðrum hjálparhendur“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Eins og er / Eins og stendur** (orðtök) Á þessum tíma; núna; í augnablikinu; sem stendur; *rétt sem er/stendur*. „Hann hangir þurr eins og er, en ári er hannþó rigningarlegur“. „Ég á nægt salt eins og stendur“.
- Eins og falinn eldur** (orðtak) Viðsjárvert; ástand sem er hættulegra en *virðist í fljótu bragði*. Líking við glóð sem logar t.d. inni í veggjum húss þó búið sé að slökkva annað, og getur blossað upp hvenær sem er. Meðan hús voru kynt með opnum eldi og eldað á hlóðum þurfti að gæta þess vel að glóð hlypi ekki úr eldstæðinu, því hún gat dulist nokkurn tíma áður en meiri eldur kviknaði út frá henni.
- Eins og festur upp á þráð** (orðtak) Mjög spenntur; í ofvæni. „Hann horfði á eins og festur upp á þráð“.
- Eins og fjandinn annar** (orðtak) Í djöfulmóð; í miklum móð/flýti; með fyrirgangi. „Ég hljóp af stað eins og fjandinn annar; ég ætlaði ekki að láta rolluskrattann sleppa í annað sinn“.
- Eins og fjandinn sé á hælunum á** (orðtak) Áhersluorðalag um það að fara/hlaupa hratt. „Þarna kemur hann loksins; og ekur eins og fjandinn sé á hælunum á honum“!
- Eins og fólk er flest** (orðtak) Eins og flestir aðrir. „Hann þótti *sérlundaður*; ekki alveg eins og fólk er flest“.
- Eins og fyrri daginn** (orðtak) Eins og vanalega. „Það er þá rafmagnslaust eins og fyrri daginn“!
- Eins og gengur og gerist** (orðtak) Eins og venjulegt er; eins og getur alltaf orðið. „Hann var afburða minnugur á allar dagsetningar, en gleyminn á annað, eins og gengur og gerist“.
- Eins og getur (sig) í látið** (orðtak) Eins og unnt er að eta. „Þarna var mér borið góðgæti eins og ég gat í mig látið“. „Endilega borðiði nú eins og þið getið í ykkur látið“!

- Eins og grár köttur** (orðtak) Mjög tíður gestur; alltaf viðstaddur. „Ég var eins og grár köttur í klettunum á hverju vori, í *eggjasnagi*“. „Þarna var ég eins og grár köttur, en það var stuttur spölur á milli bæjanna“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Eins og fávís kona** (orðtak) Líking frá þeim tíma að konur voru taldar síðri körlum í hugsun. Ekki notað í seinni tíð nema í gamansömum tón. „Ég játa að þarna talaði ég eins og fávís kona“.
- Eins og fiskur á þurru landi** (orðtak) Bjargarlaus. Líkingin er augljós.
- Eins og físelgur** (orðtak) Mjög móður. „Uppi á brúninni settist ég niður, mäsandi eins og físelgur“.
- Eins og fjandinn/andskotinn sé á hælunum** (orðtak) Um hlaup; eins og fætur toga; ein hratt og unnt er. „Þær tóku sprettinn, þessar bykkjur, og hlupu inn yfir Skarð eins og fjandinn væri á hælunum á þeim“!
- Eins og fjandinn úr sauðarleggnum** (orðtak) Sjá *eins og skrattinn úr sauðarleggnum*.
- Eins og grár köttur** (orðatak) Um þann sem þrálátlega kemur á sama stað. „Hann hefur verið hér eins og grár köttur á eftir heimasætunni“. Ekki ljós uppruni, en gæti vísað til draugs/fylgju í kattarlíki.
- Eins og grenjandi ljón** (orðtak) Af offorsi; með miklum eftirgangsmunum. „Hann hefur sótt það eins og grenjandi ljón að fá þetta mál samþykkt“.
- Eins og (einhver) hafi étið óðs manns skít** (orðtak) Snarvitlaus; brjálaður; ber ótt á; óðamála. „Slakaðu nú dálítið á, vinur! Láttu ekki alveg eins og þú hafir étið óðs manns skít“!
- Eins og halaklipptur/halasneyptur hundur** (orðatiltæki) Skömmustulegur; niðurlútur. „Það vantaði ekki *gorgeirinn* í þá fyrir kosningar. Nú eru þeir eins og halaklipptir hundar; allir með tölu“. Ekki er vitað til að tíðkast hafi að klippa rófu af hundum í Kollsvík eða annarsstaðar hérlendis. Hinsvegar er það síður hunda að leggja niður skottið þegar þeir skammast sín, og eru þá tilsýndar sem skottlausir/halaklipptir/halasneyptir.
- Eins og heimaríkur hundur** (orðtak) Fram úr hófi frekur í hagsmunagæslu. „Það væri ekki vanþörf á að yngja upp á framboðslistanum, en þeir gömlu verja sætin sín eins og heimaríkir hundar“.
- Eins og hellt sé úr fötu** (orðtak) Um mjög mikla rigningu. „Ekki er hann mikið að stytta upp. Nú rignir hann eins og hellt sé úr fötu“!
- Eins og himinn og jörð séu að farast** (orðtak) Eins og mjög mikið sé í húfi; eins og allt sé á heljarþröm. „Það er óþarfi að láta eins og himinn og jörð séu að farast þó skatturinn hækki örlítið“.
- Eins og hrafnar á hræi** (orðtak) Líking sem lýsir vanþóknun á ásókn margra í það sama. „Þeir berjast eins og hrafnar á hræi um að leggja net á þennan smáblett“.
- Eins og hráviði** (orðtak) *Á víð og dreif*; í óreiðu; *hippsumhapps*. „Takið nú saman dótið krakkar. Þetta liggur eins og hráviði hér um öll gólf“.
- Eins og hafi étið óðs manns skít** (orðtak) Kolvitlaus; snarbrjálaður. „Það er nú óþarfi að láta eins og þú hafir étið óðs manns skít þó einhver slystist til að leggja yfir hjá okkur. Við bara skerum þetta og göngum frá“!
- Eins og hendi sé veifað** (orðtak) Mjög snöggt; *á augabragði*; *áður en hendi sé veifað*; *í einni svipan*. „Rolluskrottinn skaust útúr rekstrinum á milli okkar, eins og hendi væri veifað“!
- Eins og hið fornkveðna segir / Eins og segir í hinu fornkveðna** (orðtök) Formáli þeirra sem vitna í orðskvið/speki.
- Eins og hjá mönnum** (orðtak) Eins og menn eiga að hafa það; ekki í ólagi/óreiðu; skikkanlegt. „Reyniði nú að laga til í kringum ykkur, svo þetta verði eins og hjá mönnum“! „Við skulum nú ganga þannig frá hnútnum að hann verði eins og hjá mönnum, en ekki þessi óskapnaður“.
- Eins og hugur manns** (orðtak) Eins og best verður óskað/kosið. „Vélin var alveg til friðs í þessum róðri; malaði bara alveg eins og hugur manns“.
- Eins og hundur af sundi dreginn** (orðatiltæki) Mjög blautur; *forblautur*; *gegnblautur*. „Nú er ég alveg eins og hundur af sundi dreginn; það gerði á okkur þessa *hellidembu* á miðri leiðinni“.
- Eins og hundur og köttur** (orðtak) Um deilu/slagmál; í illindum; hatrammlega. „Þeir rifust eins og hundur og köttur á fundinum, en eftirá féll allt í ljúfa löð á milli þeirra“.
- Eins og hver annar** (orðtak) Notað þegar einhverjum er líkt við eitthvað, oft í niðrandi ummælum. „Hann stóð bara og glápti, eins og hver annar auli“! Einnig sjálfstætt: „Honum er *ekki of gott að bera sig eftir björginni* eins og hver annar“!
- Eins og hvert annað hundsbit** (orðtak) Eins og annað mótlæti. „Það er náttúrulega skaði að missa bestu mjólkurkúna, en það verður víst að taka því eins og hverju öðru hundsbiti“.
- Eins og hvít gæra** (orðtak) Líking sem höfð er um sjólag; þegar sjór verður hvítur á yfirborði vegna þess að hvassa vinhviðu leggur yfir hann eða vegna brims. „Sjórinn var eins og hvít gæra fram af Láturdalnum“.

- Eins og höfðulaus her** (orðtak) Um hóp; án forystu/leiðtoga. „Þeir fóru báðir að heiman haustið 1909 Fjelagið stóð þá eftir eins og höfuðlaus her“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi). Til er orðatiltækið „illa stríðir höfðulaus her“, þó ekki væri það notað vestra í seinni tíð.
- Eins og illa gerður hlutur** (orðtak) Kjánalegur; hjárænulegur; utangátta; *eins og álfur útúr hól*. Líkingin er augljós; illa gerður hlutur sker sig úr góðum smíðisgripum.
- Eins og í lygasögu** (orðtak) Oftast notað þegar eitthvað gengur betur en búast mætti við. „Ég hafði áhyggjur af því að koma fenu heim einsamall, en það gekk eins og í lygasögu“.
- Eins og (eitthvað) kemur fyrir af skepnunni** (orðtak) Ens og það liggur fyrir/ lítur út; eins og það er (skapað). „Hún átti enga mjólk útá grautinn svo við urðum að borða hann eins og hann kom fyrir af skepnunni“.
„Hann var ekkert aðhafa fyrir því að taka skurninn utanaf kríueggjunum, heldur stakk þeim uppí sig og át þau eins og þau komu fyrir af skepnunni“.
- Eins og kólfi sé skotið** (orðtak) Með miklum hraða; í miklum flýti; mjög hratt. „Ég hljóp heim eins og kólfi væri skotið, og náði í skóflu til að stinga niður bakkan, ef ske kynni að kýrin næði að klórast upp“.
- Eins og kría sem sest/skítur á stein** (orðtak) Líking um það sem þykir vara of/mjög stutt. „Ekki eru þeir að gefa sér of mikinn tíma til að ræða málin þessir þingmenn; þetta kemur eins og fjandinn úr sauðarleggunum og svo stoppar þetta svipað og kría sem skítur á stein“!
- Eins og krækiber í helvíti** (orðtak) Líkingamál um það sem er smátt og virðist/ er hætt við að tynast í stóru rými. „Það var slíkt risarúm á þessu hóteli að maður var bara hreint eins og krækiber í helvíti“.
- Eins og kvikindi** (orðtak) Aumingjalegur. Oft notað þegar menn verða gegnblautir í rigningu/slyddu. „Andskotans úthelli er þetta!. Maður er bara alveg eins og kvikindi eftir þessa stuttu göngu“! Sjá *skamma eins og kvikindi*.
- Eins og köttur í kringum heitan graut** (orðtak) Tala utanað; tvínóna við; notað um það þegar menn fara/tala í kringum málefni, en forðast að nefna það beinum orðum. „Hann sagði þetta ekki beint, heldur talaði utanað því eins og köttur í kringum heitan graut.“
- Eins og landafjandi (útum allt/ allar jarðir/trissur)** (orðtak) Niðrandi umsögn um þann sem fer/æðir víða um/ er víðförlur. „Eitthvað hef ég orðið var við tófumenn: Þeir eru hér eins og *landafjandar* útum allar trissur“!
- Eins og (einhver/eitthvað) leggur sig** (orðtak) *Með öllu saman*; algerlega; að fullu. „Hann má eiga þetta allt eins og það leggur sig; ég hef engan áhuga á því“.
- Eins og leið liggur** (orðtak) Eftir leið/vegi. „Við höldum því eins og leið liggur; út yfir Árdalinn...“ (IG; Sagt til vegar I).
- Eins og liðið lík** (orðtak) Eins og dauður; náhvítur; hreyfingarlaus. „Hann lá þarna eins og liðið lík, fyrir utan þessar ógnarhrotur“.
- Eins og logi í sinu / Eins og logi yfir akur** (orðtak) Með miklum hraða. Einkum notað um útbreiðslu kjaftasögu, tiskufyrirbæris eða annars. „Þessi fjandans ósiður hefur breiðst út eins og logi yfir akur, og étur hver eftir öðrum“!
- Eins og lúbarinn hundur** (orðtak) Eins og hundur sem fengið hefur miklar skammir; mjög niðurlátur. „Eftir þessar háðuglegu *trakteringar* var hann eins og lúbarinn hundur, og hafði sig lítið í frammi“.
- Eins og lús (á) milli (tveggja) nagla** (orðtak) Milli tveggja elda; aðþrengdur; aðkreptur. Líkingin er við lús sem maður nær að góma og drepur með því að kreista milli nagla tveggja fingra. „Báðar vildu eiga gripinn, svo ég var eins og lús milli tveggja nagla“!
- Eins og lög gera ráð fyrir** (orðtak) Samkvæmt reglum/venju; eins og vanalegt er. „Við skiptum eggjunum á brún og skildum landshlutinn eftir þar, eins og lög gera ráð fyrir“.
- Eins og málum er háttáð / Eins og liggur í málunum / Eins og málin eru vaxin** (orðtök) Eins og málavextir eru. „Þetta getur ekki gengið eins og málum er núna háttáð“.
- Eins/líkt og milli steins og sleggju** (orðtak) Frammi fyrir erfiðum valkostum; þvingaður úr tveimur áttum eða fleiri. „Þingmaðuin sagðist vera líkt og milli steins og sleggju í þessu máli“.
- Eins og mús í kattar klóm** (orðtak) Bjargarlaus; ofurseldur óviðráðanlegum öflum/örlögum; undir ægivaldi.
- Eins og mús undir fjalaketti** (orðtak) Um þann sem er smeykur/ lifir í ótta. Fjalaköttur er sérstök tegun músagildru; fjöl fellur niður á aðra þegar hreyft er við agni á milli þeirra.
- Eins og mý á mykjuskán** (orðtak) Mikill fjöldi; urmull; aragrúi. „Þessir túristar eru að verða eins og mý á mykjuskán um allar koppagrunndir“!
- Eins og naut á nývirki** (orðtak) Sjá *stara eins og naut á nývirki*.

- Eins og naut í (moldar)flagi** (orðtak) Af miklu offorsi; í djöfulmóð. „Kærunefndin gaf loksins eftir þegar ég hafði andskotast í málinu í fimm ár, eins og naut í flagi“.
- Eins og nýr maður** (orðtak) Endurnærður; líður mikið betur; er mikið betur útlítandi; hegðar sér mun betur. „Mikið var gott að komast í bað og hrein föt; ég er bara eins og nýr maður eftir þetta“!
- Eins og nýsleginn túskildingur** (orðtak) Hress; endurnærður; við góða heilsu. „Eftir góðan nætursvefn var ég eins og nýsleginn *túskildingur*“.
- Eins og nærri má geta / Eins og geta má nærri** (orðtök) *Eins og að líkum lætur*. „Þetta var mikið áfall fyrir hann, eins og nærri má geta“.
- Eins og opin bók** (orðtak) Augljóst; greinilegt; *liggur í augum uppi*.
- Eins og rauður þráður** (orðtak) Eins og samheiti/samnefnari/klisja. Notað um tiltekið orð, einkenni eða málefni sem oft kemur fyrir í tilteknu riti, frásögn, lífshlaupi, tilveru eða sögu. „Ásókn valdsmanna í sjávarauðlindir gengur eins og rauður þráður í gegnum sögu Kollsvíkur og fleiri útgerðarstaða; allt frá dögum Guðmundar ríka og síðar Bæjarhyskisins; til stjórnvalda nútímans. Aðeins hinum síðastnefndu hefur þó tekist að sölsa auðlindirnar endanlega undir sig og sína vildarvini“.
- Eins og raun ber vitni / Eins og raun er á orðin** (orðtök) Eins og sést; eins og satt er; eins og orðið er. *Sjá raun ber vitni um*.
- Eins og ráðlaus ráfa** (orðtak) *Eins og villuráfandi sauður*. Um þann sem er ráðvilltur/úrræðalaus. „Það dugir ekki að gaufa lengur hér eins og ráðlaus ráfa“.
- Eins og ræfill rifinn uppúr svelli** (orðtak) Líkingamál um mann sem er tiltakanlega tötralegur/ræfilslegur til fara; um mann sem litur illa/vesaldarlega út. Dregið af kind sem frosið hefur föst við jörð en er bjargað.
- Eins og rýtingsstunga í bak** (orðtak) Eins og banvæn/slæm svik. „Niðurfelling þessarar þjónustu var eins og rýtingsstunga í bak íbúa afskekkt sem bjuggu“.
- Eins og (einhver) sé að sækja eld** (orðtak) Líkingamál um þann sem stoppar stutt; staldrar ekki lengi við; liggur á. „Hann kom hér aðeins í *mýflugumynd* og lá mikið á; eins og hann væri að sækja eld“.
- Eins og sjáaldur auga síns** (orðtak) Eins og það sem manni er dýrmætast. Oftast notað til að leggja áherslu á góða gæslu. „Ég skal gæta þess eins og sjáaldurs auga míns“.
- Eins og skot/píla** (orðtak) Undireins; á stundinni; skotfljótur; samstundis; strax; í hvelli; mjög fljótt. „Hlauptu nú eins og skot og vísaðu þessum árans *túnbykkjum* aftur útaf“! „Komdu eins og skot“! „Hún hljóp eins og píla“.
- Eins og skrattinn sjálfur** (orðtak) Líkingamál með áherslu. „Tvævetluskrattinn slapp framhá mér og strikaði svo eins og skrattinn sjálfur norðuryfir alla vík“!
- Eins og skrattinn/fjandinn úr sauðarleggnum** (orðatiltæki) Um þann/það sem birtist mjög óvænt. „Þessir þingmenn *dúkka upp* á fjögurra ára fresti, eins og skrattinn úr sauðarleggnum, og lofa gulli og grænum skógum“. Líking við þjóðsöguna um áran sem geymdur var í sauðarlegg í flugulíki.
- Eins og snúið roð í hundskjaf** (orðtak) Líkingamál um manneskju sem er mjög afundin/fúl/viðskotail. „Ég reyndi að orða þetta við hann var bara eins og snúið roð í hundskjaf svo ég *gaf* bara *daudann* og *djöfulinn* í þetta alltsaman“! Venja var, eftir að harðfiskur hafði verið borðaður, að snúa roðið upp í harðan vöndul og gefa það hundum. *Sjá þorskroð*.
- Eins og spegill** (orðtak) Um sjólag; spegilsléttur sjór; alveg ládautt. „Við liggjum ekki í landi þegar sjór er allur eins og spegill“!
- Eins og til var sáð/stofnað** (orðtak) Eins og undirbúið var; eins og ætla mátti. „Þessi flutningur tókst í alla staði vel, eins og til var stofnað, enda vel undirbúinn og unninn af gætnum mönnum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). *Sjá sem maður sáir mun hann uppskera*.
- Eins og títt er** (orðtak) Eins og oft er/gerist. „Gummi var á æskuárum sínum nokkuð baldinn eins og títt er um fjörmikla krakka“ (PG; Veðmálið).
- Eins og uppdreginn draugur af haug** (orðtak) Um þann sem er illa útlítandi, skítugur og/eða áberandi fötur. „Hann var eins og uppdreginn draugur af haug þegar hann skreið útúr kofanum“.
- Eins og úti á þekju** (orðtak) *Utan við sig; annars hugar; ekki með á nótnum*. „Hann var í þungum þönkum, og eins og úti á þekju þegar ég yrti á hann“.
- Eins og útspýtt hundsskinn** (orðtak) Mjög upptekinn; mikið á ferðinni. „Þeir hafa ekki alltaf uppskorið þakklæti sem standa í félagsstörfum fyrir sína sveit, þó þeir séu eins og útspýtt hundsskinn í þágu annarra“.
- Eins og vant er** (orðtak) Líkt og vanalega. „Hún Grána er þá strokin út á Bjarg eins og vant er um sauðburð“.
- „Eins og vant er er stutt á miðin og línan dregin upp í skyndi“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Eins og (einhvers) var von og vísa** (orðtak) Eins og vænta mátti af einhverjum. „Hann hjálpaði mér um þetta, eins og hans var von og vísa“.
- Eins og venja er til** (orðtak) Eins og vanalegt er; *að venju*. „Ég rak féð til beitar, eins og venja er til“.
- Eins og vera ber** (orðtak) Eins og rétt er; *að réttu lagi*; samkvæmt skyldu/venju. „Ég lét tófuvörð strax vita um grenið, eins og vera ber“.
- Eins og verkast vill** (orðtak) Eins og fer; eins og til lukkast. „Maður stjórnar lítið þessari pest, hún þróast eins og verkast vill“.
- Eins og við manninn mælt** (orðtak) Stendur heima; skeði samstundis og sagt var. „Við kláruðum að kasta síðustu tuggunum í hlöðuna, og það var eins og við manninn mælt; þá fór að hellirigna“!
- Eins og villuráfandi sauður** (orðtak) *Eins og ráðlaus ráfa*. Um þann sem er ráðvilltur/úrræðalaus. „Fjandann voru þeir að þvælast lengst fram í *dalmót* eins og villuráfandi sauðir; þar var auðvitað ekki nokkur skepna“!
- Eins og vötnum hallar** (orðtak) Eins og lækir renna. Oftast notað um landamerkjálýsingar. „Láganúps- og Breiðavíkurlarðir eiga land á Breiðnum eins og vötnum hallar“.
- Eins og það hefði gerst/skeð í gær** (orðtak) Notað þegar verið er að lýsa því sem er sögumanni í fersku minni. „Þetta man ég alveg; rétt eins og það hefði gerst í gær“!
- Eins og þar stendur** (orðtak) Oft skeytt við setningu, og með því vísað til þekktis spakmælis, reglu eða ritmáls. Sjá *skrifað stendur*.
- Eins og þegar kría sest/skítur á stein** (orðatiltæki) Þessi myndlíking var notuð um það þegar einhver kom en stoppaði mjög stutt, jafnvel svo gestgjöfum mislíkaði: „Þetta er eins og þegar kría sest á stein til að skíta og er flogin að öðru með það sama, sagði Ella gamla....“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Eins og þjófur um nótt** (orðtak) Laumulega; án þess að nokkur verði var við. „Ég kann nú ekki við að menn séu að sniglást þarna um landareignina eins og þjófar um nótt“!
- Eins og þorskur á þurru landi** (orðtak) Um þann sem ekki kann til verka/hátta eða fellur ekki vel að sínu umhverfi. „Maður er alltaf eins og þorskur á þurru landi þegar maður kemur í stórborgina“.
- Eins og þruma úr heiðskíru lofti** (orðtak) Mjög óvænt; sem enginn átti von á. Oft notað um skyndilegan og óvæntan viðburð sem veldur mjög mikilli undrun, eða ummæli af því tagi. „Þessi tíðindi komu yfir fólk eins og þruma úr heiðskíru lofti; enginn átti von á því líku“.
- Eins og (einhver) ætti í (einhverjum) hvert bein** (orðtak) Um umhyggju; væntumþykju; eins og einhver ætti einhvern fyrir afkomanda. „Hún faðmaði mig og kjassaði, eins og hún ætti í mér hvert bein“.
- Eins og ætti lífið að leysa** (orðtak) Eins og líf lægi við; af öllu afli/megni. „Ég hljóp eins og ég ætti lífið að leysa, og náði að komast fyrir rolluskjáturnar áður en þær sluppu útaf“.
- Eins og örskot** (orðtak) *Í hvelli*; mjög fljótt/hratt. „Ég hljóp heim eins og örskot og bað um aðstoð“.
- Eins tala börn og fyrir þeim er haft / Eins/svo tala börn og á bæ er títt** (orðatiltæki) Börn grípa betur en fullorðnir það sem sagt er í kringum þau, og hafa það eftir; hvort sem þau skilja meininguna eða ekki. Skylt er máltækið; *betri er belgur en barn*.
- Eins var það** (orðtak) Það var einnig svo. „Jafnan var það svo að formenn þar voru kappsamir um sjósókn. Eins var það að margir fóru heim til sín um helgar“ (ÓG; glefsur og minningabrot).
- Eins víst** (orðtak) Mjög líklegt; jafnvel; gæti verið. „Ef þú lætur skærin liggja þarna yfir nóttina þá er eins víst að hrafinn verði búinn að stela þeim á morgun“. Oft *allt eins víst*.
- Einsamall** (l) Einn; *upp á sitt eindæmi*. „Steinninn er of stór til að nokkur velti honum einsamall“.
- Einsdæmi** (n, hk) Einstakt/sérstakt tilvik. „Ætli það megi ekki telja einsdæmi að einn maður hafi skilið eftir sig jafn umfangsmiklar hleðslur og Guðbjartur á Láganúpi“.
- Einsetja sér** (orðtak) Setja sér sem takmark; stefna að; ákveða. „Ég var oft búinn að horfa löngunaraugum norður í Sighvatsstöðin áður en ég einsetti mér að komast þangað niður“.
- Einshugar** (l) Á sama máli; sammála. „Við vorum einshugar um að reyna þetta“.
- Einsigldur** (l) Um bát; með einni siglu/ einu siglutré/mastri; einmastraður. „Snemma barninu brá/ beint í Hrafnistu átt./ Hafsins hydýpin blá/ heilluðu sveininn brátt./ Sjö vetra sigldi úr höfn,/ svall honum þráin ung;/ yfir ólgandi dröfn/ á einsigldum færarpung“ (JR; Rósarímur).
- Einsigli** (n, hk) Um seglabúnað; það að vera með eitt siglutré. „Einsigli var almennt á smærri bátum“.
- Einsigt / Tvisigt / Þrisigt** (l) Um reiðabúnað báts/skips; hve margar *siglur* eru á.

- Einskefta** (n, kvk) Einföld gerð vefnaðar, eins og hann var stundaður frá fornu fari. Í einskeftu liggur ívafsþráðurinn upp og niður. Hún var einkum höfð í svuntur og millipils.
- Einskeri** (n, kk) *Einristuljár* (sjá þar).
- Einskípa** (l) Einn bátur án fylgdar annarra. Varasamt getur verið að fara einskípa á litlu horni í langa róðra í tvísýnu veðri: „Hann mun hafa róið einskípa úr Breiðavíkurveru þennan dag“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Einskis metinn** (orðtak) Nýtur ekki sannmælis; virtur minna en rétt er; sýnd vanvirða/fyrirlitning.
- Einskis ófreistað** (orðtak) Sjá *láta einskis ófreistað*.
- Einskis virði** (orðtak) Verðlaus; ónothæfur; ónýtur; ekki eigulegur.
- Einskisnýtur** (l) Ekki nothæfur til neins. „Það þýðir lítið að fá einhverja einskisnýta aula í smalamennskur sem aldrei hafa í sveit komið og geta varla gengið lengd sína á sléttu stofugólfi!“
- Einskisvirða** (s) Lítilsvirða; *forsóma*; meta einskis. „Við skulum ekki einskisvirða það sem reynt er að gera“.
- Einskorða sig við** (orðtak) Takmarka sig við; einblína á. „Það þýðir ekkert að einskorða sig við einn flokk; maður verður að vera tilbúinn að kjósa annað ef hann stendur sig ekki“.
- Einskær** (l) Eintóm; alger. „Það var bara einskær heppni að finna þessar kindur“. „Þetta var einskær tilviljum“.
- Einslags** (l) Einhverskonar; nokkurskonar. „Fjörulallinn var með einslags skott eða hala“.
- Einslega** (ao) Í einrúmi; undir fjögur augu. „Ég þyrfti að ræða aðeins við þig einslega“.
- Einspena** (s) Mjólka einn spena í einu. Jafnan eru báðir spenar mjólkaðir samtímis í hverju spenapari þegar kýr er *handmjólkuð*, en stundum þarf að einspena; t.d. ef kýrin er misjúgra eða ef júgurbólga er í öðru júgrinu.
- Einspinna** (n, kvk) Einfalt/óspunnið ullarband. „Þelband var mest notað í nærföt, einspinna í nærskyrtur, allt frá ungbarnaskyrtur og upp í kven- og karlmannaskyrtur og nærbuxur á yngstu börnin (bleyjubuxur). Annars var „*föðurlandið*“ úr smáu tvinnuðu bandi. *Þrjónaklukkan* á stelpur voru úr hárfinu *tvinnuðu bandi* eða einspinnu, þær voru þrjónaðar með *klukkuprjóni*.“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Einstaka** (l) Nokkrir; sumir. „Pestinn hefur *stungið sér niður* á einstaka bæjum“.
- Einstaka sinnum** (orðtak) *Stundum; stöku sinnum; endrum og eins*; ekki *að staðaldri*. „Einstaka sinnum rekur hér ansi myndarleg tré“.
- Einstaklega** (ao) Sérstaklega; tiltakanlega. „Þetta var alveg einstaklega góður matur“!
- Einstakur** (l) Sérstakur; einn af sinni gerð. „Alveg ertu einstakur! Það hefðu ekki allir boðið þetta“. „Hann ar alveg einstakur snillingur“.
- Einstigi** (n, hk) Mjör þræðingur; mjó gata. „Einstigi er fyrir Takaklett; ágætlega fært flestum“.
- Einstrengingsháttur** (n, kk) Þrjóska; þverska; einsýni. „Skelfilegur einstrengingsháttur en nú þetta“!
- Einstrengingslegur** (l) Einsýnn; þver; þrjóskur. „Hann þykir nokkuð einstrengingslegur í þessum efnum“.
- Einstrokks / Einsýlinders** (l) Um vél/sprenghreyfil; með einum strokki/sýlinder. „Fyrsta ljósavélin á Láganúpi var einstrokks Onan; 12 volta bensínvél. Hún var í kompuni í Hjallinum og sett í gang með spotta“.
- Einstæðingur** (n, kk) Sá sem er einn/hjálparlaus; ekill/ekkja. „Nú er hann orðinn einstæðingur blessaður“.
- Einstæðufjós** (n, hk) Fjós þar sem ein röð kúa er um einn flór. Í tvístæðufjósi eru tvær raðir um sama flór.
- Einstæður** (l) A. Um viðburð; sérstakur; skeður einu sinni. „Þetta var einstæð skemmtun“. B. Um persónu; hefur sérstaka hæfileika/eiginleika. „Hún er alveg einstæð gæðamanneskja“.
- Einstöku sinnum** (orðtak) Stundum; sjaldan. „Einstöku sinnum verða slíkar leysingar í asahláku, að vatn úr Gilinu flæðir yfir Flötina og stundum jafnvel inn í verkfærahúsið“.
- Einsýnt / Einsýnt veður** (l/orðtak) A. Um veður/þurrk eða sjólag; ekki tvísýnt. „Þessar saltferðir á Fönix voru alltaf farnar þegar veður var gott og einsýnt“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þegar ekki þótti einsýnt *sjóveður* á venjulegum róðrartíma var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til að *bræða veðrið*...“ (KJK; Kollsvíkurver). „...og einsýnt að við myndum lenda í norðurfalli yfir Blakknesröst...“ (ÓG; Þokuróður). Oft notað með öðrum orðum; „Það er alveg einsýnt þurrkur næstu daga“. En einnig sérstætt; „Þá var landburður af fiski og aldrei róið nema í einsýnu“. (Gagnstætt við tvísýnu). B. Um mann; þröngsýnn; einblínnir á eina leið/lausn. „Hann er alltof einsýnn í þessu máli“. Upphaflega merkti orðið „einsýnn“ það að vera eineygður.
- Einsær** (l) Auðsæilegur; greinilegur. „Hann gerði þetta af einsæjum aulaskap“.
- Eintrjáningsháttur** (n, kk) Einþykkni; þverska. „Seklfingar eintrjáningsháttur er þetta“!

Eintrjáningslegur (l) Einþykkur; þver; þrjóskur. „Hann getur verið dálítið eintrjáningslegur“.

Einu fiflinu færra (orðtak) Hefur fækkað um einn gagnslausan/heimskan/ónytjung. „Ekki held ég að samfélagið þurfi að ganga af göflum þó hann falli út af þingi; það væri þá einu fiflinu færra“!

Einu gildir/ gilda (orðtak) Skiptir engu máli; sama er. „Við skiptum eggjunum jafnt. Einu gildir hver tíndi þau“. „Það má mig einu gilda í hvaða rúminu ég sef“.

Einu gildir hvaðan gott kemur (orðtak) Skiptir ekki máli hver er uppruni/orsök gæða/elgengni/viðurværis.

Einu gildir hvar frómur flækist/ Sama hvar frómur flækist (orðatiltæki) Hinn heiðarlegi/alþýðlegi fær allsstaðar góðar viðtökur.

Einum að þóknast ekki er gott, öllum hálfu verra (orðatiltæki) Auðskilin speki þó ekki heyrir hún oft.

Einum er angur það sem öðrum er skemmtun (orðtak) Það fer stundum illilega í taugarnar á einum sem annar kann vel að meta. Nærtækt dæmi um það eru hinir óþörfu og hvimleiðu boltaleikir.

Einum of (orðtak) Aðeins of mikið; heldur mikið. „Skyrtan er einum of lítil á mig“. „Henni fannst þetta einum of dýrt“. „Grauturinn er kannski einum of saltur“.

Einungis (l) Aðeins; bara; alleina. „Ekki einungis náði lambið að stöðva sig í miðjum klettum, heldur *lappaði* það sig hjálparlaust upp á brún aftur“.

Einurð á (orðtak) Harðfylgi/ákveðni til. „Hann er ekki nógu *fylginn sér*. Ég er ekki viss um að hann hafi einurð á að koma þessu máli í höfn“. „Svo þegar leið á þá höfðum við ekki einurð í okkur til að rukka inn *sýslugjöldin* sem kölluð voru“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Einurðarleysi (n, hk) *Linka; uppburðarleysi; óframfærni*. „Málið kemst lítið áfram með svona einurðarleysi“.

Einusinni (ao) Eitt sinn; við eitt tækifæri. „Hún sagði einusinni: „Það er ég viss um að Ingvar lærir aldrei að halda sér uppúr skítum““ (IG; Æskuminningar).

Einusinni er allt fyrst / Einhverntíma verður allt fyrst (orðtak) Allt hefur upphaf; allt þarf að byrja. „Ég hef ekki smakkað þetta áður, en einusinni er allt fyrst“. Sjá *eitt sinn verður allt fyrst*.

Einvörðungu (ao) Aðeins; einungis. „Þingið þarf að hafa landshag í huga en ekki borgarinnar einvörðungu“!

Einþáttungur (n, kk) Einfaldur þráður, þ.e. hvorki ofinn, spunninn, né tvinnuður. Einnig haft um einn þátt úr snúnu bandi eða snúnum vað. „Einþáttungur var *þættur* úr línunni og notaður til að hnýta á netasteinana“. Orðið finnst ekki í orðabókum í þessari merkingu, en er annarsstaðar notað um leikrit í einum þætti.

Einþykkni (n, kvk) Þrjúska; *þverska/páþýska*. „Þetta er nú bara einþykkni í þér“!

Einþykkur (l) Þrjóskur/*þver/páþýskur* í skoðunum/afstöðu. „Skelfilega er karlinn einþykkur í þessu“.

Einætur (l) Matur sem unnt er að borða án meðlætis eða viðbits. „Rafabeltin voru þækilsöltuð fyrst og síðan hert og borðuð þegar þau töldust orðin verkuð og kölluð einæt ... Einnig var rauðmaginn stundum bara hertur og borðaður einætur; helst ef lítið var af honum, svo ekki þótti taka því að gera upp reyk fyrir hann.“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

Eira (s) A. Una; vera í ró. „Það er svo mikið frost að féð eirir stutt við beit“. B. Hlífa; gefa líf. „Í sínum illvígasta ham æðir sandstormurinn uppyfir allt og eirir engum gróðri“.

Eirð (n, kvk) Friðsemd; ró; afdrep. „Hann hafði enga eirð í sér fyrr en allt féð var fundið“.

Eirðarlaus (l) Viðþolslaus; órólegur; óþolinmóður. „Ósköp verður maður eirðarlaus að biða svona í óvissu“.

Eirðarleysi 8n, hk) Órói; óþolinmæði; ráp. „Það er óttalegt eirðarleysi í fénu; ég fer bara að setja það inn“.

Eirðarlítill (l) Unir sér ekki; ókyrr; rásandi. „Féð var fremur eirðarlítið í fjörinni núna“.

Eitilfreðin / Eitilfrosinn (l) Beinfreðinn; gaddfrosinn. „Það þarf að láta fiskinn þiðna aðeins meira; hann er enn eitilfrosinn og útilokað að skera hann“.

Eitilfrost (n, hk) Mikið frost, einkum átt við frosna jörð. „Það er ekki nema hálf skóflustunga niður á eitilfrost“.

Eitilharður (l) Mjög harður; beinharður. „Harðfiskurinn var óbarinn og eitilharður undir tönn“.

Eitilharka (n, kvk) Um efni/málm/grjót/steypu/manneskju; mjög harður; mikið þol. „Það *gekk ekki andskotalaust* að brjóta niður vegginn; hvílík eitilharka í þessari gömlu steypu“!

Eitt brast en annað bilaði (orðatiltæki) Um það þegar margt fer forgörðum samtímis.

Eitt er að lofa/segja; annað að framkvæma/gera (orðatiltæki) Maður getur lofað mörgu en ekki er alltaf jafn einfalt að standa við það.

Eitt er að vita og annað að gera (orðatiltæki) Vísar til þess að maður gerir ekki alltaf samkvæmt því sem maður veit vel.

- Eitt fyrir sig** (orðtak) *Útaf fyrir sig; fyrir sig*; aðskilið mál; sérstakt mál. „Það er nú eitt fyrir sig að hann kunni ekki að binda hnút; en bölvað að hann leiti þá ekki aðstoðar, heldur hræki þessu einhvernvegin saman“!
- Eitt helvíti** (orðtak) Upphrópun um það sem er erfitt. „Féð tvístraðist við galtið í hundinum, svo það var eitt helvíti að ná því saman aftur“!
- Eitt í dag og annað á morgun** (orðtak) Um það að vera óákveðinn/tvíræður. „Ósköp kann ég illa við svona hringlandahátt; það er eitt í dag og annað á morgun“!
- Eitt leiðir af öðru** (orðatiltæki) Um orsakasamhengi; eitt atvikið orsakar annað.
- Eitt með öðru** (orðtak) Til viðbótar öðru. „Þetta varð; eitt með öðru, til þess að hann hætti við ferðina“.
- Eitt og annað** (orðtak) *Hitt og þetta*; nokkuð; sumt. „Í kassanum fann hann eitt og annað nýtilegt“.
- Eitt og sérilagi** (orðtak) *Útaf fyrir sig*; sérstakt. „Það er nú eitt og sérilagi að þú fáir þér eina köku, en láttu það bara vera að gófla í þig allt af diskinum“!
- Eitt sinn skal hver deyja** (orðatiltæki) Auðskilin speki sem fylgt hefur mannkyni frá upphafi.
- Eitt sinn var hver maður barn / Allir höfum við börn verið** (orðatiltæki) Auðskilin speki og oft þörf áminning, einkum þegar fullorðnum þykir eitthvað að í hegðun barna.
- Eitt sinn verður allt fyrst** (orðatiltæki) Allt hefur sitt upphaf. „Þarna hef ég aldrei komið áður, en eitt sinn er allt fyrst“.
- Eitthvað bogið við / Eitthvað loðið við / Eitthvað málum blandið / Eitthvað samanvið það** (orðtök) Eitthvað óljóst; eitthvað sem ekki passar; eitthvað *fer á milli mála*. „Eitthvað er nú málum blandið við þessa frásögn“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). „Eitthvað er nú samanvið það að hann þóttist ekki geta komið í smalamennskur vegna veikinda, en fór svo á dansleik um kvöldið“.
- Eitthvað í þá áttina / Eitthvað í þá veru(na)** (orðtak) Líkt því; nærri því. „Hann var kallaður Nonni eða Jonni, eða eitthvað í þá áttina“. „Hann sagði eitthvað í þá veru að þeir gætu þá gert þetta sjálfir“.
- Eitthvað má (nú) á milli vera!** (orðatiltæki) *Fyrr má nú vera; það er aldeilis; fyrr má nú rota en dauðrota*. Merkir eiginlega að mikið bil sé á milli öfganna.
- Eitthvað svo** (orðtak) Dálítið; nokkuð; hiksetning höfð inni í annarri, til einskunar skýringar, mildunar eða e.t.v. afsökunar. „Mér varð eitthvað svo kalt að ég sótti mér teppi“. „Honum er eitthvað svo uppsigað við þetta“.
- Eitthvað verður undan að láta** (orðtak) Eitthvað hlýtur að brotna/gefa eftir í miklum átökum. „Ýtar sigla austur um sjó/ öldujönnum káta./ Skipið er nýtt en skerið hró:/ skal því undan láta“ (vísa eignuð Staðarhóls-Páli, um strand manna á nýsmíðuðum báti).
- Eitthvað/ekkert við að vera** (orðtök) Hafa eitthvað/ekkert fyrir stafni/ að gera. „Vísnaverð var miklu meira haldið á lofti þegar ég var strákur, því þá var ekkert annað við að vera í frístundum en útvarpið; fréttir og veðurfregnir“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Eitthvað ætlaði ég að segja en ekki þegja** (orðatiltæki) Hiksetning sem menn nota oft meðan verið er að forma hugsun í orð.
- Eitthvaðsvo** (ao) Eitthvað svo; svo mjög/mikið. „Alltaf finnst manni eitthvaðsvo notalegt að koma aftur í heimahagana eftir langa fjarveru“. Orðhlutarnir eru svo samrunnir í framburði að í raun er um eitt orð að ræða, líkt og t.d. orðið „ennþá“.
- Eitthvurt** (ao) Eitthvert; einhvert. „Eitthvurt fóru þeir; en *hvurt*, veit ég ekki“. Töluvert notað, t.d. af eldra fólki uppúr miðri 20.öld. Heyrist sjaldan nú, og hefur vikið fyrir „einhvert/einhvert“.
- Eittsinn** (ao) Einu sinni; einhverju sinni; áðurfyrr. „Eittsinn lenti þyrla á Leirunum“.
- Eitur í (einhvers) beinum** (orðtak) Einhver þolir ekki; einhverjum er meinilla við. „Allur *undirlægjuháttur* var eitur í hans beinum“.
- Eiturbras** (n, hk) Slæmur matur; mjög bragðsterkur matur. „Ég ét ekki svona eiturbras“.
- Eiturbuna** (n, kvk) Fyrsta bunan úr kaffikönnu eftir uppáhellingu með gamla laginu, en hún vildi verðaöðruvísi vegna lagsins á stútnum og var því gjarnan hellt í könnuna aftur. „Ég hellti uppá könnuna og tilkynnti að kaffið væri tilbúið. „Eiturbununa tek ég sjálfur, en gerið þið svo vel“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Eiturkjaftur** (n, kk) Sá sem niðir/baktalar fólk; sá sem talar illa um fólk. „Það er *stórvarasamt* að trúna nokkru sem frá þeim eiturkjafti kemur“.
- Eiturpadda** (n, kvk) A. Eitrað skordýr. B. Oftast notað í líkingamáli um mann sem þykir viðsjárverður; padda; eiturnaðra. „Hann er stundum bölvuð eiturpadda með það að koma svona slúðri af stað“!
- Eitursaltur** (l) Mjög/alltof saltur. „Þessi fiskur hefur staðið uppúr í afvötnuninni; hann er eitursaltur“.

- Eitursúr** (l) Mjög/alltof súr. „Bestur er hvalurinn ef hann er svo eitursúr að hann hangir varla saman“.
- Eitursterkur** (l) Mjög bragðsterkur. „Þessi skrattans „sillipipar“ er eitursterkur andskoti“.
- Eiturtunga** (n, kvk) Sá sem talar mjög meiðandi um/við aðra; rógberi; slefberi. „Það orð lá á að karlinn gæti verið eiturtunga ef honum sinnaðist við aðra“.
- Ekkasog** (n, hk, fto) Krampakennd gráthljóð; ekki. „Drengurinn sagði frá því milli ekkasoganna hvernig kindin stangaði hann um koll þegar hann ætlaði að klappa lambinu“.
- Ekkert/fátt að vanbúnaði** (orðtök) Ekkert til fyrirstöðu; tilbúinn; reiðubúinn. „Nestið er klárt og okkur er þá ekkert að vanbúnaði að leggja af stað“.
- Ekkert barnameðfæri / Ekkert til að leika sér að** (orðtak) Erfitt/hættulegt í meðförum. „Ég skil ekkert í þeim að láta strákinn fara einn að sækja kálfana. Nautið er ekkert barnameðfæri ef það *tekur sig til*“.
- Ekkert blávatn** (n, hk) Um manneskju; *ekki fisjað saman*; enginn aumingi/aukvisi. „Hún er sko ekkert blávatn; að geta séð um allan búskapinn; féð og mjaltir, og vera samt með barn á brjósti“.
- Ekkert er barn án breka** (orðatiltæki) Börn eru óvitar og gera því oft það sem ekki fellur að reglum og siðum fullorðinna, án þess að illt búi að baki.
- Ekkert er Guði hulið / Ekkert er Guði ómáttugt** (orðatiltæki) Guð er almáttugur og sér allt. Stundum viðhaft sem huggun, til að sýna framá að viðfangesefni sé ekki ómögulegt eða að greiðst geti úr slæmri stöðu; eða til að minna á að menn komast ekki upp með pukur og leynd.
- Ekkert er nýtt undir sólinni** (orðatiltæki) Ekkert er í raun nýjung; ekkert kemur á óvart. Allmikið notuð speki en meingölluð. Kann að vera að orð hafi fallið úr við langvarandi notkun.
- Ekkert gamanmál** (orðtak) Grínlaust; ekkert spaug. „Það væri bara ekkert gamanmál ef þið dræpuð ykkur á þessu bévítans fíkti“!
- Ekkert gerist/skeður að ástæðulausu** (orðatiltæki) Orsök er til allra viðburða/óhappa. „Þið hljótið að vita hver átti sök á þessu; ekki gerðist það að ástæðulausu“!
- Ekkert lag/verk á** (orðtak) Ómögulegt; óviðunandi; ekki nokkur mynd. „Þú verður að vanda þig betur við aftektina; það er ekkert lag á þessu hjá þér“!
- Ekkert/lítið mark á því takandi** (orðtak) Lítið að marka; ekki unnt að treysta á. „Hann segist hafa gert þetta, en mér finnst nú lítið mark á því takandi“.
- Ekkert mehe með það** (orðtak) Ekkert múður/rövl um það; þýðir ekki að mótmæla því/ ræða það frekar. „Við þurfum að sækja okkur spotta og reyna að mjaka kúnni uppúr dýnu; það er ekkert mehe með það“!
- Ekkert meira með það** (orðtak) Þarf ekki að segja meira um það; segi ekki meira um það. „Við bara misstum bölváðar skjáturnar; það er bara ekkert meira með það“!
- Ekkert mót á** (orðtak) Engin merki um; engar líkur á. „Ég sé ekki neitt mót á að hann sé að hætta að rigna“.
- Ekkert nema kjafturinn** (orðtak) Mjög kjaftfor/þrasgjarn. „Það er eins og vant er; hann er ekkert nema kjafturinn ef eitthvað er vikið að honum sjálfum“!
- Ekkert nema skinnið og beinin** (orðtak) Um þá mannesku/skepnu sem er áberandi horuð/skinhoruð. „Hörmung er nú að sjá þessa horgrind. Þetta er ekkert nema skinnið og beinin! Ætlarðu alveg að sálga þér fyrir tískutildrið“?
- Ekkert nema skítinn og skammirnar** (orðtak) Um vanþakklæti. „Ég var nú að reyna að segja honum hvað mér sýndist en hafði ekkert uppúr því nema skítinn og skammirnar“.
- Ekkert ráð** (orðtak) Ekkert vit; ekki glóra í; ráðleysa; fyrirhyggjuleysi. „Mér finnst ekkert ráð að þeir séu að flækjast í þessa ferð svona seint að degi“!
- Ekkert sem heitir / Ekkert að ráði** (orðtak) Ekki svo orð sé á gerandi; mjög lítið. „Ég *skurslaði* mig örlítið á hnífnum, en þetta er ekkert sem heitir“.
- Ekkert slor** (orðtak) Um það sem þykir mjög fínt/glæsilegt. „Húsið þeirra er ekkert slor“!
- Ekkert sprettur af engu** (orðatiltæki) Eitthvað þarf til alls; eitthvað er upphaf alls. Viðhaft í ýmsum tilefnum.
- Ekkert um / Ekkert gefið um** (orðtak) Ekki hrifinn af; *ekki fyrir*; vil helst ekki. „Mér er ekkert um að krakkarnir séu að leika sér á traktornum“. Mér er ekkert gefið um svona háttalag“. „Sumir áður sem um Rósa síst var gefið/ blessa hann nú og bjóða í nefið“ (JR; Rósarímur).
- Ekkert undanfæri** (orðtak) Engin undankomuleið; ekki undan vikist. „Úr því sem komið var var ekkert undanfæri hjá okkur að *láta slag standa* og reyna lendingu“.

- Ekkert uppá að klaga** (orðtak) Ekkert undan að kvarta. „Ég hef ekkert uppá hann að klaga, en ég vildi gjarnan koma höndum yfir þrjótinn sem með honum var“!
- Ekki (er) að furða þó/þótt** (orðtak) Setning sem oft er sögð í hneykslunartón. „Varstu á gúmmískóm? Ekki er að furða þó þú sért blautur í fæturna“!
- Ekki að sökum að spyrja** (orðtak) Ekki vafamál hverjar afleiðingar yrðu/verða; þarf/þurfti ekki að spyrja um framhald/afleiðingar. „Hann gleymdi að loka hliðinu, og þá var ekki að sökum að spyrja; túnrollurnar voru fljótar að átta sig á því“.
- Ekki að því hlējandi** (orðtak) Ekkert aðhláturselfni; alvarlegt mál. „Auðvitað er ekki að því hlējandi þegar menn meiða sig, en mér fannst þetta bara svo ári *kómiskt* að ég gat ekki varist hlátri“. Sjá *aðhlējandi*.
- Ekki af baki dottinn** (orðtak) Ekki búinn að gefast upp. „Hann er ekki af baki dottinn með þessa hugmynd; nú ætlar hann að virkja hverja einustu sprænu í nágrenninu og hita upp sjó fyrir laxeldið“! Augljós líking. Sá sem enn er á hestbaki á meiri möguleika en sá sem er á fæti, t.d. í orrustu eða á flóta.
- Ekki af honum skafið** (orðtak) Hann má eiga það. „Hann er kannski dálítið hrjúfur á yfirborðinu en það verður ekki af honum skafið að enginn er eins barngóður“.
- Ekki af illvilja gert** (orðtak) Ekki gert af slæmum ásetningi/ meinsemi. „Það var ekki af illvilja gert að ég lagði yfir hjá þér; heldur bilaði vélarkvikindið í lagningunni“.
- Ekki af miklu að má / Ekki af miklu að taka** (orðtök) Ekki mikið til skiptanna; ekki mikið sem hægt er að taka af. „Ég held að ég geti nú borgað þetta, þó ekki sé af miklu að má“.
- Ekki af verri endanum** (orðtak) Með betra móti; ágætt. „Alltaf var boðið upp á kirkjukaffi að messu lokinni, og ekki af verri endanum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Ekki afhættis með** (orðtak) Ekki útséð með; ekki mikið í hættu. „Það er nú ekkert afhættis með þessar rolluskjátur þó þær náist ekki fyrir en á morgun“.
- Ekki afskorið** (orðtak) Ekki útilokað/vonlaust. „Það er kannski ekki alveg afskorið með þetta klárist í dag“.
- Ekki afslagur í** (orðtak) Ekki hægt að hafna; ómótstæðilegt. „Konan er að baka vöflur og ég játa alveg að mér er enginn afslagur í því“! „Hann bað ekki um aðstoð en glöggmt mátti sjá að honum var ekki afslagur í henni“.
- Ekki aftur tekið** (orðtak) Ekki bætt fyrir; afdrifaríkt. „Það verður ekki aftur tekið ef vaðurinn slitnar meðan sigarinn er í honum“! „Það er ekki aftur tekið ef við missum hnífinn úti í ballarhafi“!
- Ekki aldeilis** (orðtak) Upphrópun; neitun með sérstakri áherslu. „,,Var þig að dreyma stelpur Árni minn“? spyr Sigurður og kveikir sér í sigarettu. „Mig; ekki aldeilis! Það var drenginn sem var að dreyma eitthvað kvenkyns eins og vant er““ (PJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ekki aldæla** (orðtak) Ekki þægur/viðráðanlegur. „Strákurinn var býsna *tilþrifamikill* og þótti ekki aldæla“.
- Ekki alleina** (orðtak) Ekki aðeins/bara. „Það var ekki alleina að ég heimti kindina, heldur kom skilaði hún líka þessum ágætis tvílembingum“.
- Ekki allra** (orðtak) Mannlýsing um þann sem tekur fólki mjög misjafnlega vel; e.t.v. stytting á „ekki allra vinur“. „Hann er ekki allra, og sumum þykir hann dálítið fráhrindandi, en hann er tryggur vinum sínum“.
- Ekki alls fyrir löngu** (orðtak) Fyrir fremur stuttum tíma; fyrir skömmu. „Ég man vel eftir þessu, enda gerðist það ekki alls fyrir löngu“.
- Ekki alls kostar** (orðtak) Ekki alveg/að öllu leyti. „Þetta er nú ekki alls kostar rétt hjá honum“.
- Ekki alls varnað** (orðtak) Ekki *heillum horfinn*; ekki alveg ómögulegur; getur ýmislegt. „Honum er ekki alls varnað drengnum þó hann nenni ekki að læra; hann er hörkuduglegur smali“.
- Ekki allt í** (orðtak) Ekki verulegt; ekkert að ráði. „Hann gumaði mikið yfir því að áhöfnin fengi að eiga allan meðaflann. Það er þó ekki allt í; kannski örfáar tindabikkjur og einstaka lúðulok“!
- Ekki allur munur á** (orðtak) Munar ekki öllu; munar ekki miklu. „Það er nú ekki allur munur á hvort þú færð fimm fiska eða átta; mér finnst hann bara andskoti tregur“!
- Ekki allur þar sem hann er séður** (orðtak) Um klókindi/undirferli/sniðugheit. „Þú skalt dálítið vara þig á fagurgalanum í karlinum; hann er ekki allur þar sem hann er séður“.
- Ekki amalegt / Ekki dónalegt** (orðtök) Þrýðilegt; ágætt; gott. „Það væri nú ekki amalegt ef þú gætir aðstöðað okkur dálítið við þetta“. „Það er hreint ekki dónalegt að fá svona kostagrip í afmælisgjöf“!
- Ekki annað að gera/ræða / Ekki um annað að gera / Ekki um annað að ræða** (orðtak) Ekki annað hægt að gera; einsýnt hvað þarf að gera. „Við vorum þá orðnir sökkulausir og ekki annað að gera en halda í land“. „Það er ekki um annað að ræða en draga lambið á brún“. Sjá *um að gera*.

- Ekki annað að sjá / Ekki annað í auglýsing / Ekki annað sýnna** (orðtak) Um það sem ljóst má vera/ það sem augljóslega virðist. „Steinninn valt framaf og ekki annað sýnna en hann myndi lenda á sigmanninum“.
- Ekki annað fyrir hendi / Ekki annað í boði** (orðtak) *Ekki um annað að ræða*; önnur úrræði bjóðast ekki. „Ég verð að bjargast við þessa bitlausu *hnífbrók* fyrst ekki er annað fyrir hendi“.
- Ekki annað ráð en** (orðtak) Ekki vit í öðru en; ekki annað í stöðunni en. „Helvíti er hann að ljókka allt í einu; ég held að nú sé ekki annað ráð en að pilla sig í land“!
- Ekki annars kostar vól** (orðtak) *Ekki vól á öðru; ekki um annað að gera*; annað ekki í boði. „Ég átti ekki annars kostar vól en taka þessu boði“.
- Ekki aukatekið orð** (orðtak) Ekki neitt orð; þegjandi. „Eftir þessa ádrepu labbaði hann út án þess að segja eitt aukatekið orð“. „Þú sagðir ekki aukatekið orð þegar þetta var til umræðu“.
- Ekki/erfitt á að ætla** (orðtak) Ekki auðvelt að sjá fyrirætlanir; erfitt að treysta á. „Ég veit ekki hvenær hann kemur; það er erfitt á hann að ætla“. „Gleymdi hann þessu! Það er bara ekkert á hann að ætla“!
- Ekki/varla á (það) bætandi / Ekki þarf á að bæta** (orðtak) Ekki til bóta að auka við/ bæta á. „Vertu nú ekki að skamma strákgreyið; hann er svo miður sín yfir þessu að það er ekki á það bætandi“.
- Ekki á eitt sáttir** (orðtak) Ekki allir sammála. „Þó munu menn ekki hafa verið á eitt sáttir um hvað gerst hafði“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Ekki á horleggjunum** (orðtak) Ekki horaður/ illa haldinn. „Hann er ekki á horleggjunum blessaður; ég held að honum veitti ekki af því að fara í megrun“!
- Ekki á hverju strái** (orðtak) Ekki algengt; sjaldgæft. „Svona snillingar eru ekki á hverju strái“.
- Ekki á nástrái** (orðtak) ekki peningalaus. „Karlinn er ekki á nástrái, að því að sagt er“.
- Ekki á nástrái** (orðtak) Ekki mjög fátækur; ekki mjög *illa settur*; aflögufær. „Þeir eru ekki alveg á nástráinu sem geta keypt sér svona bíl“. Nástrá gæti verið síðasta fóðurtuggan fyrir búféð í miklum harðindavetrum, en í orðabókum sumum er það sagt vera hálmur (hey) sem lagður var undir lík eða dauðvona manneskju.
- Ekki á nokkurn handa máta** (orðtak) Ekki með neinu móti; ekki á neinn hátt; alls ekki. „Hann vildi ekki á nokkurn handa máta þiggja þetta sem gjöf, heldur sagðist ætla að launa það síðar“. „Ég ber ekki sök á þessu á nokkurn handa máta“.
- Ekki á rétttri hillu** (orðtak) Ekki í því starfi sem manni myndi best henta; ekki að fást við það sem maður er færastur í. *Sjá á rangri hillu*.
- Ekki/varla á vetur setjandi** (orðtak) Ekki lífvænlegur; ekki vænlegur til árangurs/frambúðar. „Ég held að þessi stakkur sé varla á vetur setjandi“.
- Ekki á vísan að róa** (orðtak) Ekki tryggt að fáist/aflist. Vísar til þess að fiskirí er ekki tryggt þó róið sé. „Oft má fá ágætis *kennsli* á Hyrnunum, en það er svosem ekki á vísan að róa með það fremur en annað“.
- Ekki/varla á það að ætla** (orðtak) Ekki víst/tryggt/öruggt; ekki hægt að treysta því. *Sjá ekki á að ætla*.
- Ekki/varla á það treystandi** (orðtak) Ekki öruggt. „Það er ekki á það treystandi að bensínið dugi í svo langan róður“.
- Ekki á þeim buxunum** (orðtak) Ætlar ekki; ekki samþykktur; er ekki tilbúinn til. „Ég gekk að nautinu, mýldi það og ætlaði að teyma það af stað. En tuddi var ekki á þeim buxunum; ýmist spurti hann við fótum eða setti undir sig hausinn og reyndi að *hnjóða* í mig“.
- Ekki á öðru vól / Ekki annarra kosta vól** (orðtak) Ekki aðrir kostir í boði; ekki annað að hafa. „Það verður að notast við þetta þegar ekki er á öðru vól“. „Ég átti ekki annarra kosta vól“.
- Ekki barna meðfæri** (orðatiltæki) Um hættulegan hlut; hæfir ekki börnum að meðhöndla. Sumsstaðar er orðatiltækið þannig; „*hnífur* og skæri eru ekki barnameðfæri“. „Láttu öxina vera! Hún er flugbeitt og ekki barna meðfæri“.
- Ekki barnanna bestur** (orðatiltæki) Ekki í lagi; sýnir ekki góða hegðun/siði/framkomu. „Sjálfr var ég ekki barnanna bestur í þeim efnum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Ekki batnar það** (orðatiltæki) *Nú versnar í því*; mér list ekki á þetta. „Ekki batnar það: Nú leggja þeir enn einn skattinn á landsbyggðarfólkið“.
- Ekki baun** (orðtak) Ekki neitt. „Ég veit ekki baun um þetta mál“. „Hún segist ekki botna baun í þessu“.
- Ekki bein/uggi úr sjó / Ekki bein að hafa** (orðtak) Ekkert fiskirí; enga veiði að hafa; *ekki uggi; ördeyða*. „Í marga áratugi eftir miðja 20. öld fékkst varla bein úr sjó á grunnmiðum í Útvikum. Nú er þar iðulega gott fiskirí að sumarlagi“. „Það er alkunnugt að styrjaldaárin 1914-1918 og næstu ár á eftir gekk meiri fiskur en

- áður inn í firði hér við land, svo víða var uppgripaafli þar sem venjulega hafði ekki fengist bein úr sjó“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Ekki beysinn** (orðtak) Ekki mikill/sterklegur. „Farðu gætilega; stiginn er gamall og ekki orðin beysinn“!
- Ekki beysinn/mikill bógur** (orðtak) Ekki sterklegur/mikill á velli; ekki til stórræðanna, *ekki mikill fyrir mann að sjá*. „Ekki sýnist mér hann beysinn bógur, strákgreyið. En hann getur notast til snúninga“.
- Ekki bjóðandi** (orðtak) Ekki boðlegt; óætt. „Þessi *heyruddi* er ekki bjóðandi nokkurri skepnu“.
- Ekki borið sitt barr** (orðtak) Ekki jafnað sig; ekki náð sér á strik. „Kitti sagðist aldrei hafa borið sitt barr í spretthlaupum, eftir að hann hrapaði í innanverðum Láturdalnum“.
- Ekki borinn ljár í gras** (orðtak) Ekki slegið. „Það er bara bölvaður *búskussaháttur* að ekki skuli þar hafa verið borinn ljár í gras á þessum tíma sumars“!
- Ekki bólar (enn) á barða** (orðatiltæki) Oft viðhaft þegar mann fór að lengja eftir því t.d. að einhver kæmi úr ferðalagi/smölun. „Enn bólar ekki á barða; mig fer nú að lengja eftir honum“!. Sjá *senn bryddir á Barða*.
- Ekki branda úr sjó** (orðtak) Barlómur fiskimanna; *dauður sjór*; mikið *tregfiski*; mjög treg veiði.
- Ekki bregst honum brjóstvitið** (orðtak) Hann er óvitlaus; hann er sniðugur.
- Ekki burðugur** (orðtak) Ekki sterkur; uppburðarlítill. „Ég var víst ekki sérlega burðugur þarna...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Ekki búíð að bita úr nálinni með það** (orðtak) *Ekki útséð með það* enn; ekki öll von úti enn; málinu er ekki lokið. „Enn er ekki búíð að bita úr nálinni með að pakkinn komi fyrir jól“.
- Ekki búíð að bita úr nálinni með það** (orðtak) Það mál er ekki búíð; enn er ekki séð fyrir endann á því.
- Ekki deigur dropi** (orðtak) Um vatn, sjó, bensín og annan vökva; ekkert. „Það var ekki deigur dropi eftir í vatnsstampinum hjá kúnum“! „Báturinn lak ekki deigum dropa eftir að hann var málaður“. „Það var ekki deigur dropi af bensíni í tanknum“!
- Ekki drepani niður fæti** (orðtak) Ekki unnt að stíga niður. „Það er slíkur andskotans *netastagur* undan Klakknum að þar er ekki drepani niður fæti“!
- Ekki (deigur) dropi úr lofti** (orðtak) Engin rigning/úrkoma. „Það hefur ekki komið dropi úr lofti það sem af er öllum þessum mánuði“.
- Ekki dugir þetta! / Ekki dugir að sitja endalaust! / Ekki dugir svona hangs! / Ekki dugir þessi fjandi!** (orðtök) Viðhaft þegar manni finnst nóg komið af hvíld/samræðum/setu og telur skynsamlegra að halda áfram vinnu. „Ekki dugir þetta! Við verðum seint búnir ef við sitjum bara og *kjöftum frá okkur allt vit*“!
- Ekki eftir hafandi** (orðtak) Um það sem sagt er; ekki prenthæft; ekki vert að endurtaka. „Hann var ekki sáttur við þetta; og það er nú eiginlega ekki eftir hafandi það sem hann lét útúr sér“.
- Ekki eiðfært** (orðtak) Ekki útilokað/*afskorið*; ekki algerlega uppiskroppa/fátækur. „Það er kannski ekki alveg eiðfært með að komast þetta, en það verður erfitt“. „Ég er ekki orðinn eiðfær ennþá, ég á líklega nóg salt í þennan afla“.
- Ekki ein báran stök** (orðtak) Margfaldar ófarir/hreður. „Það er ekki ein báran stök: Fyrst missti ég hrútinn niður í dýið og svo þarf að skjóta þessa afbragðskind niður úr sveltí“.
- Ekki einasta** (orðtak) Ekki einvörðungu; ekki bara. „Ekki einasta rakaði hann saman heyið fyrir mig, heldur hjálpaði hann mér líka að koma því heim í hlöðu“!
- Ekki einhamur** (ortak) Ótrúlega afkastamikill/sterkur. „Það er bara eins og maðurinn hafi ekki verið einhamur, eins og afköstin hafa verið í grjóthleðslum með öllu öðru; búskap, sjósókn, uppeldi og þrálátum veikindum“.
- Ekki einn einasti** (orðtak) Áhersluorðalag um engan. „Þarna hafði ekki ein einasta kind komið í allt sumar“.
- Ekki einleikið** (orðtak) Furðulegt; með ólíkindum; yfirnáttúrulegt. „Það er bara ekki einleikið hvað karlhólkurinn er alltaf fiskinn“! „Þá er það eitt sinn að smalamaður Einars í Kollsvík kom með þær fréttir að forystusauður eða besti sauður Einars hafi fundist fótbrottinn og dauður, svo að ekki geti talist einleikið“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Ekki eins leitt og hann lætur** (orðtak) Sjá *honum er ekki eins leitt og hann lætur*.
- Ekki eins og fólk er flest** (orðtak) Ekki venjulegur; sérstakur. „Hann er nú ekki alveg eins og fólk er flest“.
- Ekki einusinni** (orðtak) Jafnvel ekki. „Þeir áttu ekki einusinni almennilegar skjólflikur; *hvað þá* hjálma“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

- Ekki er að því dár að draga / Ekki er að efa það / Ekki er það að efa/tvíla / Ekki skal ég að því dár draga / Ekki skal ég draga það í efa / Ekki skal ég efast um það / Ekki skal ég tvíla það / Ekki tvíla ég það** (orðatiltæki) Ég efast ekki um að það sé rétt; það er örugglega rétt; áreiðanlega.
- Ekki er að því að spyrja** (orðtak) Það mátti svo sem segja sér það sjálfur/ reikna með því. Sjá *ekki spyr ég að*.
- Ekki er að því hlējandi** (orðatiltæki) Það er alvörumál; það er ekki til að hafa í flimtingum.
- Ekki er allt best sem barninu þykir** (orðatiltæki) Spekin vísar til þess að börn hafa ekki alltaf þroska til að meta hvað er þeim fyrir bestu. Notað stundum um óraunhæfar væntingar fólks almennt.
- Ekki er allt búið enn** (orðatiltæki) Enn er eitthvað eftir. Mikið notað orðatiltæki. „Ekki er allt búið enn; nú þurfum við að paufa þessu upp allan dalinn“!
- Ekki er allt gull sem glóir** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að sumt reynist innihaldslítið þó það sýnist eftirsóknarvert við fyrstu sýn. Það á jafnt við um glópagull sem *gasprara*.
- Ekki er allt lofsvert sem heimskir hæla** (orðatiltæki) Skýrir sig sjálf.
- Ekki er allt með auði fengið** (orðatiltæki) Ekki er unnt að kaupa allt fyrir peninga; hinn auðugi er ekki alltaf hamingjusamari en sá sem minna á.
- Ekki er allt sem sýnist** (orðatiltæki) Fleira býr undir en sést í fljótu bragði; ekki er allt eins og fljótt virðist.
- Ekki/sjaldnast/aldrei er bagi að bandi (né byrðaruki að staf)** (orðatiltæki) Auðskilin speki; a.m.k. þeim sem lent hafa í því að vera bandlausir. Band var dýrmætt fyrir á tíð, og taldist það stórglæpur að stela snæri. Band kom sér vel í hverkyns verk til sjós og lands. Síðari liður spekinnar var ekki jafn oft viðhafður en þekktur þó. Stafur getur komið sér vel á gönguferðum.
- Ekki er betra ráð en óráð nema í tíma sé tekið** (orðatiltæki) Úrræði er gagnslaust (óráð) ef það er ekki nýtt nógu snemma. Sjá *ekki er ráð nema í tíma sé tekið*.
- Ekki er betri músin sem læðist en hin sem stekkur** (orðatiltæki) Oftast viðhaft um hegðan manna; þeir eru oft engu betri sem mjúkmálir eru og þægilegir í viðmóti en hinir sem koma beint að óþægilegum efnunum.
- Ekki er breyting alltaf til batnaðar** (orðatiltæki) Ekki er einhlítt að betra verði þó breytt sé. Sjá *breyting til batnaðar*.
- Ekki er eftir það sem af er** (orðatiltæki) *Það er af sem af er; það er búið sem búið er*.
- Ekki er fjandinn iðjulaus** (orðatiltæki) Líkingin er oft notuð þegar manni þykir annar/aðrir vinna að heimskulegu eða skaðlegu verki, eða þegar manni list ekki á framvindu mála.
- Ekki er flas til fagnaðar** (orðatiltæki) Ekki er ráðlegt að flýta sér um of; *oft tefur offlýtirinn*.
- Ekki er gaman að guðspjöllunum þá enginn er í þeim bardaginn** (orðatiltæki) Viðhaft þegar manni finnst frásögn/saga leiðinleg og viðburðasauð.
- Ekki er leiðum að líkjast** (orðtak) Notað þegar maður er borinn saman við þann sem verðugur þykir.
- Ekki er mark að draumum** (orðatiltæki) Viðkvæði þeirra sem trúa lítt draumaráðningum annarra. Svo eru hinir sem segja að „*svo rætist hver draumur sem hann sé ráðinn*“.
- Ekki er meira vitið en guð gaf** (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver, eða maður sjálfur, gerir mistök í hugsunarleysi. „Ég var búinn að steingleyma brunninum í túninu og festi traktorinn auðvitað í honum. Já það er ekki meir vitið en guð gaf“!
- Ekki er nema von** (orðtak) Ekki er að undra; eðlilegt er; ekki er við öðru að búast. „Ekki er nema von að kalt sé í bænum; útihurðin var galopin“!
- Ekki er ráð að egna þann sem illa reiðist** (orðatiltæki) *Illt er að egna illt skap*. Auðskilin speki, og nokkuð oft notuð.
- Ekki er ráð nema í tíma sé tekið** (orðatiltæki) Nýta þarf úrræðin meðan hægt er; góð lausn getur orðið óráð ef ekki er strax framkvæmt. „Nú sýnist mér að sjór sé að ganga svo niður að við ættum að fara að *hafa okkur til* í róður; ekki er ráð nema í tíma sé tekið, í þessu tíðarfari“. Sjá *ekki er betra ráð en óráð nema í tíma sé tekið*.
- Ekki er rétt að smíða negluna á undan bátnum** (orðatiltæki) Augljós sannindi sem oft eru rifjuð upp þegar öfugt er farið að hlutunum; orðað á ýmsa vegu.
- Ekki er skart að skitnu líni** (orðatiltæki) Óhrein föt eru ekki til prýði.
- Ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið** (orðatiltæki) *Sýnd veiði en ekki gefin*; mál er ekki tillykta leitt þó það sé í vinnslu. „Ja. það er ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið góurinn; nú eru eftir öll *landverkin*“.
- Ekki er vanþörf á** (orðtak) Nauðsynlegt er; *ekki veitir af; ekki mun af veita*. „Það er ágætt ef þú nennir að þvo fyrir mig bilinn; ekki er vanþörf á“.

- Ekki er von á góðu/ góðs að vænta** (orðtök) Búast má við slæmum afleiðingum. „Ekki er von á góðu þegar *flaustrað* er svona að hlutunum; það var svosem viðbúið að féð tapaðist þegar ekki var nægur mannskapur“!
- Ekki er það (nú)!** (orðtak) Upphrópun, viðhöfð einkum þegar um mikla vandlætingu eða móðgun er að ræða, eða mælanda ofbýður. Ýmist sjálfstætt eða með lýsandi orði á eftir. „Er hann kominn á splunkunýjan bíl? Ekki er það nú brúðlið! Ég held honum væri skammarnær að grynna aðeins á skuldunum“!
- Ekki er það laust sem skrattinn/fjandinn heldur** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað er fast; þegar erfitt er að ná/losa. „Ekki er það laust sem skrattinn heldur; þetta er meira en lítil *botnfesta* sem þú hefur lent í“!
- Ekki er það matur músin steikt (né maður uppúr rjóma)** (orðatiltæki) Viðhaft þegar matur þykir ekki/varla ætur. Mús hefur ekki verið talin mannamatúr þó steikt sé, né maður þó dýft sé í rjóma.
- Ekki er það nú!** (orðtak) *Skárta er það nú!* Upphrópun þegar býsnast er yfir einhverju, t.d. stærð eða því sem miður fer. „Ekki er það nú, stærðin á þessum hrútslána! Mesta furða að hún skyldi klára sig að þessu“!
- Ekki er það varlagott, en engan drepur það** (orðatiltæki) Speki sem viðhöfð er þegar einhvað matarkyns er snætt sem ekki er beinlínis bragðgott. Mun vera tilvitnun í ákveðna persónu í Rauðasandshreppi, en ekki er farið nánar úti þann uppruna hér. Orðið „varlagott“ finnst ekki í orðabókum, enda illa útskýranlegt.
- Ekki er öll nótt úti enn** (orðatiltæki) Enn er von; ekki er enn útilokað að úr rætist. „Við skulum leita aðeins lengur; það er ekki öll nótt úti enn að þetta finnist“.
- Ekki er öll vitleysan eins** (orðatiltæki) Sumt er vitlausara en annað. Oftast notað í hneykslunartóni „Ekki er nú öll vitleysan eins! Nú eru *fallitt* fyrirtæki farin að selja tapið sitt fyrir stórfé“!
- Ekki er öllum hólið hent** (orðatiltæki) Mönnum er misjafnlega lagið að hrósa öðrum. Spekin er stundum viðhöfð þegar manni þykir einhver taka framlagi annars fremur með neikvæðni en hrósi/hóli.
- Ekki eru allar ferðir til fjár** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthver fyrirætlun mistekst eða gæti mistekist.
- Ekki eru allir Jónar jafnir** (orðatiltæki) Gerður er mannemunur; gert er upp á milli manna. *Sjá það er ekki sama Jón og séra Jón og sitthvað er Jón og séra Jón.*
- Ekki eru allir viðhlæjendur vinir** (orðatiltæki) Speki sem varar við því að líta á þá alla sem trausta vini sem virðast kumpánalegir/stimamjúkir. Úr Hávamálum: „Ósnotur maður/ hyggur sér alla vega/ viðhlæjendur vini./ Hittki hann finnur/ þótt þeir um hann fáir lesi/ ef hann með snotrum situr“ (Úr Hávamálum). Heimskur er sá sem telur alla vera sér hliðholla sem brosa við honum. Hann áttar sig ekki á því, þegar hann er í þeirra hópi, að þeim er mörgum *skítsama* um hann þegar hann er úr auglýsningu.
- Ekki eru öll kurl komin til grafar enn** (orðtak) Líkingamál; málin eru enn ekki að fullu ljós/skýr/upplýst. Orðtakið er komið frá viðarkolagerð. Viðurinn var kurlaður í smátt og fluttur til kolagrafarinnar, stundum úr mörgum áttum. Þó lítið kæmi úr hverjum stað, gat hrúgan orðið all myndarleg þegar öll kurl voru komin til grafar.
- Ekki fast í hendi** (orðtak) Læt greiðlega. „Ef þú vilt kaupa bílgarminn þá er hann mér ekki fastur í hendi“.
- Ekki feitan gölt að flá** (orðtak) Ekki mikið að hafa; ekki mikil eftirtekja. „Þú getur reynt að príla þarna uppí hvappið en ég er hræddur um að þar sé ekki feitan gölt að flá; þar hefur aldrei verið neitt varp“. Til er orðatiltækið; „ekki er feitan gölt að flá þó fiðrildi sé fellt“ en það heyrðist ekki í Kollsvík á síðari tímum.
- Ekki fellur eikin við fyrsta högg** (orðatiltæki) Margar atrennur getur þurft að gera áður en ávinningur fæst fram. Mikið notuð speki og auðskilin.
- Ekki fer allt eins og ætlað er** (orðatiltæki) Ekki verður niðurstaðan alltaf sú sem menn halda/vilja.
- Ekki fisjað saman** (orðtak) Enginn aumingi; töggur í; ekkert blávatn. „Honum er greinilega ekki fisjað saman“.
- Ekki fjarri því / Ekki frá því** (orðtak) *Ekki grunlaust* um; gæti vel trúað; er líklega. „Ég er ekki fjarri því að hann sé að byrja að lægja þetta norðanbál“. „Ég er ekki frá því að saftin sé farin að gerjast“.
- Ekki flóarfríður** (orðtak) Enginn fríður; sífellt ónæði; veltingur. „Það hefur ekki verið flóarfríður fyrir túristum og öðrum *renningum* í allan dag“! „Við grynkuðum á okkur; það var ekki orðinn flóarfríður þarna frammi“.
- Ekki flugufótur fyrir** (orðtak) Ekki sannleikskorn í; algjör uppspuni/lygi. „Það er ekki flugufótur fyrir þessu“.
- Ekki forsvaranlegt** (orðtak) *Ekki verjandi*; gengur ekki; kemur ekki til greina. „Það er ekki forsvaranlegt að haga sér með þessum hætti“!
- Ekki frá því** (orðtak) Kemur til greina; held það. „Ég er ekki frá því að kvefið sé að batna“. Áh. oft á „frá“.
- Ekki frekar/fremur en fyrri daginn** (orðtak) Ekki fremur en vant er. „Þeir ætla ekki að moka frekar en fyrri daginn“.
- Ekki frítt við** (orðtak) Nærri; hér um bil; *ekki laust við*. „Það er ekki frítt við að brjóti þarna við skerið“.

- Ekki furða / Engin furða** (orðtak) Ekki undarlegt/skritið. „Það er ekki furða þó kindur leiti inná túnið þegar girðingin er öll í *henglum* þarna“.
- Ekki fyrir / Ekki gefinn fyrir** (orðtak) Líkar ekki; sækist ekki eftir; ekkert um. „Ég er ekkert fyrir sælgæti lengur“. „Ég er fremur lítið gefinn fyrir svona ástarvellur“.
- Ekki fyrir að fara** (orðtak) Ekki greinilegt; ekki plássfrekt; sést illa; verður lítið vart við. „Ekki er nú bróðurkærleikanum fyrir að fara í þessum hótunum“! „Ekki er þarna gáfunum fyrir að fara; hvernig í ósköpunum datt ykkur þessi vitleysa í hug“?!
- Ekki fyrir fjandann sjálfan** (orðtak) Mjög erfitt; nær ómögulegt. „Það er ekki fyrir fjandan sjálfan að leysa þennan netahnút; réttu mér bara *sýslumanninn*“!
- Ekki fyrir hendi** (orðtak) Ekki tiltækur; *ekki til að dreifa*; ekki í boði. „Ég notaði stein til að negla með, fyrst hamar var ekki fyrir hendi“.
- Ekki fyrir nokkurn mun / Ekki fyrir nokkra muni** (orðtak) Alls ekki, hvað sem er í boði. „Þetta var ágætt leikrit; ég hefði ekki fyrir nokkurn mun viljað missa af þessu“. „Ég má ekki fyrir nokkra muni missa hamarinn“!
- Ekki fyrir það** (orðtak) Ekki þessvegna. „Þessi vetur hefur verið fremur leiðinlegur. Ekki fyrir það; fê hefur alltaf komist á beit“.
- Ekki fyrir það að synja** (orðtak) Ekki unnt að afneita/útiloka. „Við skulum ekki kupa af þessum miðum alveg strax; það er ekki fyrir það að synja nema að hann gefi sig til aftur“.
- Ekki fyrir en vonum seinna** (orðtak) Of seint; alltof seint; síðar en vonast var eftir. „Hann kom ekki fyrir en vonum seinna, en þá vorum við eiginlega *búnir* að þessu“.
- Ekki glóra í** (orðtak) Ekki vit í; ekkert ráð; fyrirhyggjuleysi; vitleysa. „Mér finnst ekki glóra í svona ráðslagi“!
- Ekki glæsilegt / Ekki gæfulegt** (orðtak) Ekki gott útlit; slæmar horfur. „Ekki er það glæsilegt með heilsuna; ég held ég sé með bullandi hita“. „Ekki er nú aflinn gæfulegur hér; einn þverhúkkaður tittur“!
- Ekki gott að segja (um)** (orðtak) Erfitt að fullyrða um; ekki ljóst/tryggt. „Ekki er gott að segja hvernig farið hefði; hefði ég ekki bent honum á þetta“.
- Ekki gott að vita** (orðtak) Verður vart vitað; er ekki augljóst. „Sumsstaðar hafa hey *drepið*, og er ekki gott að vita hve mikið það er“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Ekki gott/mikið við því að gera / Ekki gott viðureignar** (orðtök) Fátt til ráða; erfitt að sporna við/ hindra. „Vissulega er erfitt að horfa uppá þessa fækkun í sveitinni. En það er ekki gott við því að gera þegar búið er að kippa grundvellingnum undan allri tekjuöflun“.
- Ekki grunlaust um** (orðtak) Grunar; *renna í grun*; *ekki fjarri því*; *ekki frá því*. „Mér er ekki grunlaust um að hann eigi einhvern þátt í þessum hrekkjum“.
- Ekki grænan túskilding/eyri** (orðtak) Um lítið verð/ fátækt. „Þetta kostaði mig ekki grænan túskilding“. „Hann kvartar yfir því að eiga ekki grænan eyri þessa dagana“.
- Ekki gustuk** (orðtak) Ekki vel gert; ekki vert. „Það er ekki gustuk að ýta við honum alveg strax; hann þarf að hvíla sig“. „Væri nú ekki gustuk að þið færuð og hjálpuðuð honum við þetta“?
- Ekki hálf t á við** (orðtak) Lítið í samanburði við; mun minna en. „Mér fannst ég borða vel af eggjunum, en það var þó ekki hálf t á við karlinn, sem lét sig ekki muna um að *sporðrenna* tíu eggjum“.
- Ekki hátt risið á** (orðtak) Ekki borubrattur/hress; heldur niðurlátur. „Það var ekki ýkja hátt risið á strákunum þegar þeir *lúpuðust* heim eftir þessar hrakfarir“.
- Ekki heiglum hent** (orðtak) Um viðfangsefni/karlmennskuþraut. „Það er ekki heiglum hent að klífa bandlaus upp á Bæjarvöllinn“.
- Ekki heil brú í (einhverju)** (orðtak) Ekkert vit/samhengi í einhverju. „Mér finnst ekki vera heil brú í þessum máflutningi hjá honum“!
- Ekki held ég það!** (orðtak) Upphrópun sem notuð er sem áhersla á neitun. Oftast með miklum þunga á „held“. „Vill hann reka saman á morgun? Ekki held ég það! Ég *hef alltöðrum hnöppum* að *hneppa* á morgun“!
- Ekki hótinu betri** (orðtak) Engu betri; alls ekki betri. „Slæm var síðasta ríkisstjórn, en mér sýnist þessi ekki vera hótinu betri“!
- Ekki hundi út sigandi** (orðtak) Varla fært út úr húsi vegna illviðris eða hellirigningar.
- Ekki hundrað í hættunni** (orðatiltæki) Ekki til mikils skaða; ekki mikils misst. Það væri ágætt ef þú manst eftir að taka með þér hveitipokann, en þó ekki hundrað í hættunni þó það gleymist; ég á nóg enn“. „Það eru

- nú ekki hundrað í hættunni þó þessi ríkisstjórn falli; farið hefur fé betra“. Vísar til fornrar verðeiningar, t.d. jarðarverðmætis, sem metið var í hundruðum ærgilda. Þar var átt við stórt hundrað; þ.e. 120 fjár.
- Ekki í frásögur færandi / Ekki frásagnarvert** (orðtak) Ekki til að hafa orð á; ekki orð á gerandi; *telst ekki til tíðinda*. „Það er nú varla í frásögur færandi lengur, þó hér sjáist ernir“.
- Ekki hundrað í hættunni** (orðtak) Ekki mikið í hættu; ekki miklu til hætt. „Það eru nú ekki hundrað í hættunni þó maður vökni *dulítið*“. Líklega er þarna vísað til verðgildis; eitt hundrað jafngilti 120 álnum af vaðmáli.
- Ekki hvað síst** (orðtak) Ekki verst/síst; *að ógleymdu*. „Þeir stóðu sig allir vel; hann ekki hvað síst“.
- Ekki hægt að gera svo öllum líki** (orðatiltæki) *Sjá erfitt að gera svo öllum líki*.
- Ekki hægt að sverja fyrir** (orðtak) Ekki hægt að ábyrgjast/fullyrða að ekki sé. „Það er ekki hægt að sverja fyrir að þetta geti ekki gerst aftur“.
- Ekki/varla í húsum hæfur** (orðtak) Getur ekki/varla verið innandyra. „Farðu nú úr skítagallanum úti! Þú ert ekki í húsum hæfur eins og *útgangurinn* á þér er“!
- Ekki í kot vísað** (orðtak) Tekið vel á móti gestum; ekki slæmur íverustaður. „Það er aldrei í kot vísað á þeim bænum; þar svignuðu öll borð undan kræsingum“.
- Ekki í rónni** (orðtak) Ekki rólegur; *á nálum*. „Ég er ekki í rónni fyrr en búíð er að ganga betur frá bátnum“.
- Ekki kjaftur/sála/kvikindi/arða/agnarögn/snitti** (orðtök) Enginn; ekki nokkur maður; ekki nokkur skepna; ekki nokkur hlutur. „Þetta samþykkir ekki nokkur kjaftur“. „Það var ekki kvikindi að sjá á dalnum“. „Það var ekki arða af keti eftir á beininu“. „Það var ekki snitti af þara í fjörunni eftir brimið“.
- Ekki (vel) kristilegur** (orðtak) Ekki til efturbreytni í háttum; illa til fara; með slæman munnsöfnuð; ekki við hæfi. „Mér finnst þú ekki vel kristilegur í tauinu, greyið mitt“. „Þetta er kannski ekki kristileg leið“.
- Ekki kristilegt tiltæki/athæfi** (orðtak) Ekki háttvíst/kurteislegt að gera. „Auðvitað var þetta ekki vel kristilegt tiltæki; að hrekkja karlinn þegar hann var svona myrkfælinn, en asskoti var það nú gaman“!
- Ekki kvikindi** (orðtak) Engin skepna/kind; enginn fiskur. „Það hefur ekki kvikindi komið á Stíginn utan við Helluna í allt sumar“. „Það er ekki kvikindi að hafa á þessum miðum núna“.
- Ekki laginu líkt / Ekki nokkru lagi líkt** (orðtök) Ekki líkt neinu; alveg fáránlegt/fráleitt. „Það er ekki laginu líkt hvað maðurinn getur í sig látið“! „Nú er maður orðinn svo syfjaður að það er ekki nokkru lagi líkt“. Einnig *engu lagi líkt*.
- Ekki lamb(i)ð að leika sér við** (orðtak) Um andstæðing/aðstæður sem erfitt er að fást við. „Við þurfum að leita að góðum stað til að komast yfir ána. Hún er ekkert lamb að leika sér við þegar hún er í vexti“.
- Ekki laust sem skrattinn/fjandinn heldur** (orðtak) Ekki auðvelt að ná/fá. „Ja, það er ekki laust sem skrattinn heldur; mikið andskoti er erfitt að ná þessum bolta úr“!
- Ekki laust við** (orðtak) Nærri því; hér um bil; *ekki frítt við*. „Það er ekki laust við að manni sé kalt“.
- Ekki láandi** (orðtak) Ekki unnt að *lá*/álasa. „Honum er ekki láandi þó hann neiti að smala með karlinum; það er ekki nokkur hemja hvernig hann lætur við óharðnaða unglina“.
- Ekki leið á löngu** (orðtak) Ekki leið langur tími; ekki þurfti lengi að bíða. „Ekki leið á löngu þar til heyið var allt komið í hlöðu; enda nægur mannskapurinn“.
- Ekki leiðum að líkjast** (orðtak) Ekki slæmur samanburður;heiður að jafnst á við. „Það má vel vera að ég hafi sama skalla og kóngurinn; það er þá ekki leiðum að líkjast“!
- Ekki (nokkur) lifandis leið / Ekki (nokkur) lífsins leið** (orðtak) Alls ekki unnt/hægt; enginn vegur. „Það var ekki nokkur lifandis leið að fá hann ofan af þessu“.
- Ekki ljár í berandi** (orðtak) Um slægjuland; *ekki viðlit* að slá. „Þarna er stórgrýtt og varla ljár í berandi“.
- Ekki líft /vært** (orðtak) Ekki hægt að una við/vera/lifa af. „Það er ekki líft herna fyrir flugnageri“!
- Ekki loku fyrir það skotið** (orðtak) Ekki útilokað/vonlaust; möguleiki. „Ekki get ég lofað þér mörgum mönnum í smalamennsku, en það er ekki alveg loku fyrir það skotið að ég gæti komið sjálfur“. Sjá aftur á móti *alveg loku fyrir það skotið*.
- Ekki maður á milli** (orðtak) Ekki milligöngumaður; ekki sá sem ber boð/ miðlar málum. „Þeir verða að útkljá þetta sjálfir; ég ætla ekki að vera maður þar á milli“.
- Ekki/enginn maður til** (orðtak) Ekki fær um; getur ekki. „Hann er farinn að eldast og varla maður til að standa í svona erfiðisvinnu“. „Ég er enn *draghaltur* og enginn maður til að ganga þessa leið“.
- Ekki mark á því takandi** Hefur enga þýðingu; markleysa. „Það er ekkert mark takandi á þessum veðurfræðingum lengur“!

- Ekki matur bjóðandi** (orðtak) Matvandur; tilgangslaust að bjóða mat. „Ef þú vinnur ekki betur að sviðunum þá er þér hreinlega ekki matur bjóðandi“!
- Ekki má gleyma garminum honum Katli** (orðatiltæki) Ekki má hafa neinn (einhvern tilgreindan) útundan. Tilvitnun í leikritið *Útilegumennirnir* eftir Matthías Jochumsson; átt er við persónuna Ketil skræk.
- Ekki má (það) minna vera** (orðtak) Það/þetta er lágmark; hefði þurft meira. „Ekki má það minna vera; en ég læt það duga“. „Gakktu í bæinn; ekki má minna vera en að þú þiggir kaffi eftir ferðalagið“.
- Ekki má rétta skratenum litlafingur** (orðtak) Sjá *það má ekki rétta skrattanum litlafingur þá hirðir hann alla hendina*.
- Ekki má við svo búið standa** (orðtak) Sjá *mega ekki við svo búið standa*.
- Ekki með fullu viti / Ekki með réttu ráði / Ekki með öllum mjalla / Ekki með fullu fem / Ekki með sjálfum sér / Ekki vel gáfaður** (orðtak) Ruglaður; ekki sjálfrátt; gerir *heimskupör*. „Þú ert nú ekki með réttu ráði að gefa svona dýra gjöf“. „Ertu ekki með öllum mjalla drengur? Þú ferð ekki á að fara einn í egg í Breiðinn“.
- Ekki með hýrri há** (orðtak) Ekki glaður/kátur, fremur niðurdreginn. „Hann hefur ekki verið með hýrri há síðan hann missti konuna“.
- Ekki með nokkru móti** (orðtak) Alls ekki; ekki á nokkurn hátt. „Ég get ekki með nokkru móti skilið þetta“!
- Ekki með öllum mjalla** (orðtak) Ekki heill á geðsmunum; ruglaður; ekki mjög skynsamur. „Þú ert ekki með öllum mjalla ef þér dettur í hug að róa í svona útliti; hefurðu ekki heyrt spána“?! Mjalli merkti upphaflega það sem hvítt var, sbr mjöll = snjór, en var síðar notað um skynsemi/rökhugsun.
- Ekki meir/meira en orðið er** (orðtak) Ekki til viðbótar; ekki meira. „Féð ætti að geta kroppað eitthvað ef veðrið versnar ekki meir en orðið er“.
- Ekki meir/meira en svo** (orðtak) Tæplega svo/þannig; varla. „Það er nú ekki meira en svo að ég trúi þessari frásögn; hún er all lygileg“! „Það var ekki meira en svo að ég kæmist þetta vegna ófærðar“.
- Ekki mikið** (orðtak) Alls ekkert; örugglega ekki. Iðulega notað í máli Kollsvíkinga til að auka neikvæðni. „Þeir eru ekki mikið að bera dreifbýlið fyrir brjósti, þessir þingmenn“. „Hann er ekki mikið að lægja þessa stundina“. Einnig sem sjálfstætt svar, til að auka neikvæðni í orðum viðmælanda.
- Ekki mikið að sjó/veðri** (orðtak) Um sæmilegt/gott sjólag/veður. „Það er ekki mikið að sjó þennan daginn; nú held ég að við ættum að *drífa okkur* í róður“.
- Ekki mikið fyrir augað** (orðtak) Fremur ljótt. „Þetta er kannski ekki mikið fyrir augað; en það dugar“.
- Ekki mikill bógunn / Ekki mikill fyrir sér / Ekki mikill fyrir mann að sjá** (orðtök) Um pasturslítinn mann; ekki mikill fyrir sér. „Hann gafst upp við að velta steininum af veginum, enda ekki mikill bógunn til þess“. „Maður var heldur ekki mikill bógunn að klöngrast kannski með fjóra eða fimm fiska í fanginu til Péturs, sem stakkaði svo fiskinn sjálfur í stæður“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Ekki mikils í misst** (orðtak) Ekki mikill skaði; ekki stórtjón; *bættur skaðinn*. „Það var nú ekki mikils í misst þó þessi amlóði dytti út af þingi“!
- Ekki miklu til kostað** (orðtak) Ekki búið að eyða miklu í; ekki miklar fjárhæðir lagðar í. „Þetta var hvorki vandað né stórt í sniðum, enda ekki miklu til þess kostað“.
- Ekki mildur á manninn** (orðtak) Reiður; illilegur; skömmóttur. „Hann *kom askvaðandi* þegar við komum í land og var ekki beinlínis mildur á manninn“.
- Ekki missir sá sem fyrstur fær** (orðatiltæki) Sá er tryggur með fenginn sem verður á undan öðrum að ná í hann.
- Ekki mulið undir** (orðtak) Ekki búið vel að; ekki dekrað við. „Ég man eftir henni Gunnu gömlu í Gröf sem var ein af þessum gömlu sívinnandi konum sem ekki hafði verið mulið undir um ævina“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Ekki mun af veita / Ekki veitir af** (orðatiltæki) *Ekki er vanþörf á*; það mun koma sér vel/ reynast nauðsynlegt. „Best er að við förum allir fjórir að sækja gemlingana; ekki mun af veita“. „Fóðurbirgðir eru *viðast hvar* sæmilegar. Þó mun mörgum ekki veita af föðri ef *leggði* harðan vetur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).
- Ekki munar um einn kepp í sláturtíðinni** (orðtak) Sjá *hvað munar um einn kepp í sláturtíðinni og munar um einn kepp í sláturtíðinni*.
- Ekki möguleiki / Ekki sjónarvegur / Ekki tilsjón / Ekki viðlit** (orðtök) Engar líkur. „Það var ekki möguleiki að hann fengist í þetta“. „Ekki var sjónarvegur að róa hann *fyrst í stað*“. „Það er engin tilsjón að fara af stað í svona veðri“. „Það var ekkert viðlit að leggja uppað hleininni fyrir súgi“. Heitin taka einnig fororðin „enginn“; „nokkur“; einhver og fleiri. Einungis notað í spurnar- og neitunarsetningum.

Ekki mönnum bjóðandi (orðtak) Ekki viðeigandi/verjandi/boðlegt að *bjóða* fólki *uppá*; ekki ætt; *gengur of nærri*. „Brauðið var farið að mygla og var ekki mönnum bjóðandi“. „Svona meðferð er ekki mönnum bjóðandi“. Stundum var sett „gestum“ í stað „mönnum“, þegar svo átti við.

Ekki mönnum sinnandi (orðtak) *Getur ekki á heilum sér tekið*; í mjóg miklu uppnámi. „Hann var ekki mönnum sinnandi í marga daga, eftir að hafa misst lúðuna“.

Ekki náðarnærri / Ekki nálægt því (orðtak) Ekki nálægt; ekki í námunda. „Þetta var ekki náðarnærri eins mikill afli og í síðustu vitjun“. „Ég er nálægt því orðinn jafngóður af pestinni“.

Ekki nefnandi á nafn (orðtak) Kemur víst ekki til greina; *ekki til að tala um*; *ekki við það komandi*. „Hann fullyrðir að hann sé ekki beinbrotinn, og það er ekki nefnandi á nafn að fara á sjúkrahús“.

Ekki neinsstaðar (orðtak) Hvergi. „Ég er búinn að leita um alla Hnífana en hrútinn sé ekki neinsstaðar“.

Ekki neittneitt (orðtak) Ekki neitt; ekki nokkur hlutur. „Veðið var afskaplega dræm þarna; eiginlega ekki neittneitt“.

Ekki nema orðin tóm (orðtak) Innihaldslaus orð; staðlausir stafir; gylliboð; falsloforð.

Ekki nema skugginn af sjálfum sér (orðtak) Um mann; ekki nærri því eins líflegur/duglegur/hress/öflugur/ eða minnugur og hann var; *ekki svipur hjá sjón*.

Ekki nema þaðþó! (orðtak) Upphrópun í vandlætingu; andsvar við einhverju yfirgengileg hneykslanlegu eða fáránlegu. „Dastu í fjóshauginn?! Ekki nema það þó! Og hvernig í áranum víkur því við?!“

Ekki nokkur hemja/stæða (orðtök) Yfirgengilegt; fráleitt; um of. „Hættið nú þessum óskapagangi strákar; það er ekki nokkur hemja hvernig þið látið!“ „Við þurfum að fara að moka undan grindunum í miðhúsinu. Það er ekki nokkur stæða að láta féð liggja lengi á taði“. Sjá *nær engri átt*.

Ekki nokkur lifandi maður/sál/sála (orðtök) Áherslusetning fyrir“enginn“. „Hvernig á nokkur lifandi maður að geta skilið svona bull“?! „Þarna var ekki nokkur lifandi sál“.

Ekki nokkur lífsins leið/vegur (orðtök) *Ekki til í dæminu*; ómögulegt; engin leið. „Það er ekki nokkur lífsins leið að fá hann til að breyta þessari venju“.

Ekki nokkur mynd (orðtak) *Ekkert lag á*; ómögulegt; óviðunandi. „Kallarðu þetta galta; þetta er engin mynd!“ „Það er ekki nokkur mynd á þessu hjá þér“!

Ekki nokkur skapaður hlutur (orðtak) Ekkert; alls ekkert. „Þarna frammi í dalnum var ekki nokkurn skapaðan hlut að sjá, enda stutt síðan þar hafði verið smalað“. „Það er ekki nokkur skapaður hlutur í þessum kassa“.

Ekki nóg með það (orðtak) Ekki bara/einungis það; meira. „Þeir lentu með drekkhlaðinn bátinn; og ekki nóg með það, heldur einnig væna seil af fiski í eftirdragi“.

Ekki ný bóla (orðtak) Ekkert nýtt; engin nýjung. „Enn hækka þeir skattana. Það er nú ekki ný bóla að kjósendur þurfa sjálfir að borga glannaleg kosningaloforð þessara pótintáta!“ Vísar til þess tíma að hver bólusóttarfaraldurinn geisaði eftir annan. Þeir sem lifðu einn faraldurinn af voru ónæmir fyrir þeirri bólu en berskjaldaðir ef ný bóla; nýr smitvaldur, barst á svæðið.

Ekki nærri (því) (orðtak) Sjá *ekki nálægt/náðarnærri*. „Þetta er ekki nærri því eins mikið og í gær“.

Ekki nærri því komandi (orðtak) Kemur ekki til greina. „Ég bauð honum inn í kaffi, en það var ekki nærri því komandi; hann sagðist vera á hraðferð“. „Það er ekki nærri því komandi að róa í þessu útliti“.

Ekki of góður til / Ekki of gott (orðtök) Óþarfi að vorkenna. „Láttu mig um þetta; ég er ekkert of góður til að ganga sjálfur frá mínum þvotti“. „Ýttu nú við honum; honum er það ekkert of gott að vakna eins og maður“!

Ekki ofgott / Ekki of gott (orðtak) Ekki til of mikils mælst/ætlast. „Þetta er í góðu lagi; mér er það ekki ofgott að halda á sínum eggjakútnum í hvorri hönd, eins og þú ert orðinn klyfjaður“!

Ekki ofsæll af (orðtak) Ekki of vel haldinn af; ekki ríkur/hamingjusamur af. „Þeir eru nú ekkert ofsælir af þessum launum; þetta er oft þrælavinna hjá þeim“.

Ekki ofsögum sagt (orðtak) Ekki ofsagt/of mikið sagt. „Það er ekki ofsögum sagt af gestrisninni á þessum bæ“.

Ekki óáþekkur (orðtak) Hérumbil eins; svipaður; keimlíkur. „Hann er ekki óáþekkur hinum í útliti“.

Ekki ógreindur / Ekki svo vitlaus (orðtök) Sæmlega greindur/viti borinn. „Hann er ekki ógreindur; skarnið atarna, en óvanur öllum verkurm“. „Sástu hvernig hrafninn lék á hundinn; hann er ekki svo vitlaus“.

Ekki ónýtt (orðtak) Ekki einskisvert; varið í. „Nú hljóp heldur á snærið hjá þér! Það er ekki ónýtt að fá gefins leiðarvísi um örugga inngöngu í himnaríki hjá þessum Vottum“! Töluvert notað í slíkum kaldhæðnistóni.

Ekki ósjaldan (orðtak) Oft; iðulega. „Það kom ekki ósjaldan fyrir að svo stórt tré rak á fjörur að beita þyrfti vélum til að ná því upp“.

Ekki ósvipaður (orðtak) Fremur líkur; ber svip af. „Mér finnst nýi bíllinn ekki ósvipaður þeim gamla í akstri“.

Ekki rasa fyrir/um ráð fram (orðtak) Ekki fara of geist; ekki gera neitt í fljótfærni. „Bíddu nú hægur; engan æsing! Viðskulum nú ekki rasa um ráð fram; hér er mikilvægt að vanda til verka“.

Ekki rétt /vel gott (orðtak) Ekki með öllu gott. „Það er ekki rétt gott ef hann frýs nú ofan í þetta krapasull“.
„Ekki er það nú vel gott þetta kaffi; en það má alveg *sulla því í sig*“.

Ekki sannleikanum samkvæmt (orðtak) Ekki rétt/satt; lygi; hálf sannleikur. „Ekki er ég viss um að þetta sé alveg sannleikanum samkvæmt; en sagan er góð *engu að síður*“.

Ekki seinn á sér (orðtak) Ekki seinn; tafði ekki. „Dálítill rifa var við hlerann, og kindin var ekki sein á sér að *smokra sér út*“.

Ekki seinna vænna (orðtak) Kominn tími til; orðið tímabært; full þörf á. „Hann er orðinn fjári ljótur til loftisins; það er ekki seinna vænna að fara að *raka upp*“!

Ekki sem skyldi (orðtak) Ekki eins og til er ætlast; ekki eins og búast mætti við. „Einhversstaðar er stífla í súgþurrkuninni; hún virkar ekki sem skyldi“.

Ekki sem verstur (orðtak) Ekki mjög slæmur. „Strákurinn er ekki sem verstur; hann lét sig ekki muna um að skoppa fyrir tvævetluna þegar við héldum að hún væri alveg töpuð“.

Ekki síst (orðtak) Ekki lakast; ekki síðast í röðinni. „Ég vil ekki síst þakka okkar ágætu gestgjöfum...“.

Ekki sjálfrátt (orðtak) Ekki með vald yfir sínum gerðum. „Stundum finnst mér að honum sé ekki sjálfrátt með bölvada vitleysuna í sér“! Stýrir alltaf þágufalli nafnorðsins á undan.

Ekki sjón að sjá (orðtak) Ekki fallett/glæsilegt að sjá. „Það var ekki sjón að sjá hann þegar hann skreiddist uppúr skítahaugnum“.

Ekki skal gráta Björn bónda (heldur safna liði) (orðatiltæki) Ekki er vert að sýta skaðann heldur vinna gegn því sem olli honum. Upprunalega haft eftir Ólöfu ríku þegar enskir ribbaldar höfðu drepið Björn Þorleifsson mann hennar, í Rífi árið 1467. Þau hjón voru meðal merkra forfeðra Kollsvíkuraætta.

Ekki skotaskuld úr (orðtak) Ekki nein fyrirhöfn af; ekkert mál. „Honum varð ekki skotaskuld úr að flá lambskrokkinn á einni mínútu“.

Ekki slorlegur (orðtak) *Ekki dónalegur/amalegur/slæmur kostagripur; prýðilegur*. „Þetta er ekki slorlegur jeyppi sem hann hefur fengið sér“.

Ekki/ekkert smálítið (orðtak) Ekki lítið; frekar mikið. „Þarna var ekki smálítið af berjum“.

Ekki spor (orðtak) Ekki neitt; engan vott; engin ummerki; hvorki tangur né tetur. „Hann sagði að það væri bátur að koma fyrir Blakkinn, en ég sá ekki spor þegar ég gáði“.

Ekki spyr/spur ég að! (orðtak) Upphrópun; það er aldeilis; það er eins og vanalega. „Kemurðu enn blautur úr Ánni; ekki spyr ég að“! „Það er nú ekki að spyrja að ræktarseminni í honum, karlanganum“.

Ekki spönn frá rassi (orðtak) Ekki mikil/nein vegalengd; ekki langt. „Maður sér ekki spönn frá rassi í þessu *skítakófi*“! „Hann er hálf *fótlama* og segist ekki komast spönn frá rassi“.

Ekki stakt kvikindi (orðtak) Engin skepna; enginn fiskur. „Ég fór um alla dalina og niður á Stíg, en sá ekki stakt kvikindi“.
„Þarna settum við í góðan fisk í gær, en nú var þar ekki stakt kvikindi að fá“.

Ekki sterkur á svellinu (orðtak) Ekki fróðurum/ fær í. „Ég er ekki sterkur á svellinu í þessum *serimoníum*“.

Ekki stingandi strá (orðtak) Enginn gróður. „Það var ekki orðið stingandi strá eftir í sveltinu“.

Ekki stóð á löngu (orðtak) *Ekki leið á löngu* (sjá þar).

Ekki stundinni lengur (orðtak) Alls ekki lengur. „Á þessum aldri man maður ekkert stundinni lengur“!

Ekki/varla (nema) svipur hjá sjón (orðtak) Ekki með fyrri reisu/myndarleik/glæsibrag; ekki eins og var/ gæti orðið; mikið lakari/minni/ljótari/færri en áður var. „Múkkavarp í Blakknum er *núorðið* ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem var, t.d. á árunum 1960-1980“. Einstaka sinnum haft; „ekki nema svipur hjá sjón“, en orðið „nema“ á varla við. Sjaldnar; *allt er svipur hjá sjón*.

Ekki svo (orðtak) Oft notað sjálfstætt sem neitandi og mildandi andsvar. „Meiddirðu þig ekki“? „Ekki svo“. Einnig sem upphaf á neitandi og mildandi setningu, t.d. *ekki svo mikið*.

Ekki svo að skilja (orðtak) *Ekki þar með sagt; ekki meiningin*; ber ekki að skilja þannig. „Það er þó ekki svo að skilja að mér þyki gaman að þessu, en stundum verður að gera fleira en gott þykir“.

Ekki svo glatt (orðtak) Ekki auðveldlega. „Annars man ég ekki svo glatt eftir matnum, því hugurinn var við annað“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

- Ekki svo (mjög/mikið) / Ekki svo orð sé á gerandi (hafandi) / Ekki svo neinu/nokkru nemi** (orðtak) Ekkert að ráði; mjög lítið. „Það er kominn einhver *austur* í kjalsogið, en ekki svo orð sé á gerandi. Ég eys þetta á landstíminu“.
- Ekki svo mikið sem** (orðtak) Um ýkjukenna lýsingu á því sem lítið er. „Það var ekki svo mikið sem arða eftir af keti á beinunum þegar hann hafði *unnið að þeim*“! „Það var enginn reki; ekki svo mikið sem tannstöngull“! „Við fengum ekki svo mikið sem eina bröndu“!
- Ekki (vel) sýnt um** (orðtak) Ekki gætinn/laginn við; hefur ekki hugsun á/ tilfinningu fyrir. „Hann er duglegur og besta skinn, greyið atarna, en honum er ekki mikið sýnt um hreinlætið“.
- Ekki taka af ráðin / Ekki taka framfyrir hendurnar á** (orðtak) Ekki gera gegn vilja; ekki þykjast vita betur. „Mér list ekki vel á útlitið, en ekki ætla ég að taka af þér ráðin ef þú vilt róa“.
- Ekki tekið út með (sitjandi) sældinni** (orðtak) Ekki aðgengilegt/þægilegt að eiga við; fæst ekki fyrirhafnarlaust. „Það er ekki tekið út með sældinni að ná þessum *rollurössum*“!
- Ekki teljandi** (orðtak) Ekki verulega; ekki mikið. „Það er ekki teljandi úrkoma“.
- Ekki til að dreifa** (orðtak) *Ekki fyrir hendi*; ekki tiltækt/mögulegt. „Mikið vildi ég að ífæran hefði verið þarna við hendina, en því var ekki til að dreifa“.
- Ekki til að hafa orð á** (orðtak) *Ekki í frásögur færandi; ekki frásagnarvert*. „Jú, ég náði í nokkra eggjakoppa þarna úti í Undirhlíðarflesinu, en það er nú varla til að hafa orð á“.
- Ekki til að meina / Ekki til að nefna / Ekki til að tala um** (orðtök) *Ekki við það komandi*; kemur ekki til greina; alls ekki. „Það er ekki til að meina að þessari gimbur verði slátrað“.
- Ekki til að spauga með** (orðtak) Ekki aðhlátursefni; ekkert grín. „Ekki hefur þó úthafið verið til að spauga með, og býsna löng hefur sjóferðin verið frá Hvallátrum á tímum segls og ára“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Ekki til eftirbreytni** (orðtak) Engin fyrirmynd; ekki fordæmisgefandi. „Veit ég vel að hann ruddi í sig tíu múkkaeggjum í einni máltíð, en það er nú kannski ekki til neinnar eftirbreytni“.
- Ekki til fagnaðar** (orðtak) Ekki ágægjuefni. „Það er nú ekki til fagnaðar að fá hlýjukast á þessum tíma vetrar“.
- Ekki til í dæminu** (orðtak) Alls ekki; ekki með nokkru móti. „Þið farið ekki í hornabúið á sparifötunum strákar; það er ekki til í dæminu“!
- Ekki til (eins né) neins** (orðtak) Hefur engan tilgang; þýðingarlaust. „Það er ekki til neins að leita að kindunum núna; þú sæir þær ekki í myrkrinu þó þær væru við nefið á þér“!
- Ekki til reynt** (orðtak) Ekki búið að reyna; ekki reynt. „Við skulum skaka örlítið lengur á þessu; það er ekki alveg til reynt þó hann hlaupi ekki á um leið og rennt er færi“.
- Ekki til setunnar boðið** (orðtak) Ekki vært hægt að sitja lengur. „Var nú ekki til setu boðið og tekið að *seglbúa*; sem óðar var búið, og sigling hafin“ (ÖG; Þokuróður).
- Ekki til skiptanna** (orðtak) Ekki svo mikið að taki því að skipta; varla skiptanlegt. „Það er best að þú fáiir lúðuna sjálfur; enda er þetta lok ekki til skiptanna“.
- Ekki til stórræðanna** (orðtak) Ekki líklegur til mikilla átaka/afkasta. Notað t.d. um mann sem þykir væskilslegur til vinnu. „Mér þótti hann ekki til stórræðanna“.
- Ekki (nokkur) tilsjón / Engin tilsjón** (orðtök) Ekki nokkur kostur; ekkert vit í; ekki viðlit. „Við fórum uppundir Bæjarvöllinn, en það var ekki nokkur tilsjón að leggja uppað fyrir brimi“.
- Ekki tiltökumál** (orðtak) Ekki sérstakt/merkilegt. „Ekki þótti sérstakt tiltökumál fyrir fullfrískan karlmann að leggja á bakið fimmtíu kílóa byrði í slíkum ferðum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Ekki tjaldað til einnar nætur** (orðtak) Ekki gert til bráðabirgða; vandað til verka. „Með þessu mannvirki var greinilega ekki tjaldað til einnar nætur“.
- Ekki tjáir að binda um banasárið / Seint er að binda um banasárið** (orðatiltæki) Tilgangslaust er að binda um sár þegar hinn særði er dáinn af þess völdum. Notað í ýmiskonar líkingum.
- Ekki tjáir/tjóar að deila við dómarrann** (orðatiltæki) Ekki hefur neina þýðingu að jagast við þann sem dæmir og hefur til þess vald. Einkum átti þetta við fyrr á tíð, meðan réttur almúgamannsins var bágborinn. Nú á tímum er lítill endir á kæruleiðum, og hægt að efast um alla dóma.

Ekki tjáir/tjóar að fást/fást/sakast um orðinn hlut (orðatiltæki) Tilgangslaust er að fást yfir því sem orðið er.

Ekki tjáir/tjóar/þýðir að gráta orðinn hlut (orðatiltæki) Ekki er til neins að sýta það sem er *búið og gert*; til einskis er að iðrast. „Við skulum ekki dvelja neitt við þetta; ekki þýðir að gráta orðinn hlut“!

Ekki tjáir/tjóar um það að rjá / Ekki þýðir um það að fást / Ekki ræðir víst um það (orðtak) Ekkipýðir að fást um það; tilgangslaust er að mótmæla/ræða.

Ekki tjóar þetta (orðtak) Ekki þýðir þetta; þetta er tilgangslaust. „Ekki tjóar þetta; við þurfum að *drífa* okkur“.

Ekki (alveg) trútt um (orðtak) *Ekki laust við; ekki frítt við*; ekki útilokað. „Mér þykir ekki trútt um að þeir hafi gleymt að skrófa fyrir vatnið“.

Ekki/varla túskildingsvirði (orðtak) Með lítið sem ekkert verðgildi; einskis virði. „Það er einkennileg þróun að fitan af sláturfénu, sem eitt sinn var eftirsóttust, er varla túskildingsvirði í dag og haugamatur“.
Túskildingur var mynt sem gjaldgeng var hérlendis um tíma, en ekki verðmæt.

Ekki tvíla ég það (orðtak) Ég efast ekki um það. Notað sem andsvar til samþykkis og áherslu, en einnig inni í setningu: „Ég tvíla það ekki að hún Grána verður komin út á Bjarg daginn eftir að hún fer útaf“.

Ekki tók á (orðtak) Ekki mögulegt; ekki tiltækt. „Ég hafði ekki tók á að hjálpa þeim“.

Ekki uggi (úr sjó) / Ekki ugga að fá/hafa (orðtak) Enginn fiskur; *ekki bein úr sjó*. „Við verðum að kippa eitthvað anna; hér ekki ugga að hafa“.
„Í tregfiski kom fyrst í ljós munurinn á *aflaklóm* og *fiskifælum*. Þá voru góðir *dráttarmenn* alltaf að draga öðru hvoru þó aðrir fengju ekki nokkurn ugga“ (GG; Skútuöldin).

Ekki ugglaut um (orðtak) Hræddur/smeykur um; óttast dálítið. „Heimafólki var ekki ugglaut um að þeir hefðu villst á fjallinu“.

Ekki um að ræða/tala / Ekki til að dreifa (orðtak) Ekki í boði; ekki tiltækt; ekki tók á. „Það var ekki um annað að ræða en koma sér í land“.
„Ekki var um neina áætlunar- eða skipsferð að ræða frá Þingeyri til Patró fyrir jólin“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi). „Ætli ég verði ekki að ganga í þetta; það er víst ekki öðrum til að dreifa“.

Ekki um annað að gera/ræða (orðtak) Óhjákvæmilegt; ekki undan því vikist. „Eftir að við misstum hnífinn fyrir borð var ekki um annað að gera en halda í land. Engum hafði *andast í brjóst* að hafa á sér vasahníf“!
„Ég held að það sé ekki um annað að gera; eða þá að koma sér í land“ (PJ; Brimlending í Kollsvík). „En þá var ekkert um annað að ræða en fara í land“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Ekki um auðugan garð að gresja (orðtak) Ekki mikið úrval; ekki um marga kosti að velja; fátæklegt. Til mun vera orðatiltækið „gott er um auðugan garð að gresja“, en það heyrðist ekki vestra í seinni tíð.

Ekki um flúið / Ekki umflúið / Ekki undan því vikist/komist (orðtök) Ekki unnt að komast hjá; óhjákvæmilegt; þarf að gerast. „Það verður víst að *harka sér* í þetta; það verður víst ekki um flúið“.
„Ég er hræddur um að ekki verði lengur undan því vikist að lóga hrútnum; hann er orðinn alveg gagnslaust“.

Ekki um gott að gera (orðtak) Ekki mikið við því að gera; fátt til ráða. „Þetta er bölvæð ástand, en það er víst ekki mikið um gott að gera“.

Ekki um það að fást/rjá (orðtak) Ekki um það að deila; ekki í móti mælt. „Ekki þýðir um það að fást þó rigni“.
„Það er víst ekkert um það að rjá; að maður verður að förna þessum ágætisþurki í fundahöld“!

Ekki upp á marga fiska (orðtak) Ekki mikils virði. Fiskur var áður verðmætiseining og jafngilti 1 fiskur ½ alin, eða 1/240 úr hundraði.

Ekki uppá það besta (orðtak) Ekki vel/mjög gott. „Heilsan hefur ekki verið uppá það besta síðustu dagana“.

Ekki upp í nös á ketti (orðtak) Um lítinn mat/afla. „Lítið var það í þessum róðri; ekki upp í nös á ketti“!

Ekki úr að aka (orðtak) Verður ekki hnikað; er staðfastur. „Ég hef aldrei vitað svona bévítans sauðþráa; það er bara hreint ekki úr að aka með karlhólkinn“!
Líklega hefur síðasta orðið verið áður „oka“ en breyst í „aka“ með hljóðskiptum. Merkingin verður þá að taka ok af; létta oki af.

Ekki úr háum söðli að detta (orðtak) Um atvik sem í raun veldur minni skaða en virst gæti. Einkum notað varðandi glatað álit, virðingu eða stöðu sem hafði ekki mikið innihald fyrir. „Það er nú ekki úr háum söðli að detta þó ég hafi ekki verið kosinn í stjórn félagsins þetta árið“.

Ekki úr miklu að spila (orðtak) Ekki mikil fjárrád; ekki mikið milli handanna. „Og ekki var alltaf úr miklu að spila, hvorki til matar né fatagerðar“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Ekki úr vegi (orðtak) Ekki ómögulegt /fráleitt. „Nú væri ekki úr vegi að fara að huga að nestinu“.
Vegur merkir þarna leið.

- Ekki úrhættis** (orðtak) Ekki um seinan; ekki tapað. „Það er nú ekki alveg úrhættis með að við náum heyinu inn fyrir rigninguna“. „Það verður erfitt að ná ánni úr þessu svelti, en ekki þó alveg úrhættis“.
- Ekki útséð með** (orðtak) Ekki endanlega ljóst með; lokaákvörðun vantar; það gæti bjargast. „Það er nú ekki útséð með að af þessu geti orðið, þó enn sé tvísýnt um það“.
- Ekki vandara en öðrum** (orðtak) Ekki erfiðara í framkvæmd en öðrum. „Honum ætti ekki að vera það vandara en öðrum að sækja sitt fé“! „Mér er það ekki vandara en öðrum að þrifa eftir mig“.
- Ekki vandur að meðölum** (orðtak) Um þann sem beitir harkalegum aðferðum.
- Ekki vant um** (orðtak) Ekki vandlátur með. „Mér er ekkert vant um það þó ég vökni örlítið; maður getur haft fataskipti þegar heim kemur“.
- Ekki vantar sögurnar** (orðatiltæki) Viðkvæði þegar manni þykir nóg um slúður/söguburð annarra.
- Ekki vantar það** (orðtak) Áherslusetning sem oft er notuð í enda annarrar; ekki síst þegar lýst er kostum manneskju, skepnu eða hlutar. „Mér líkar ekki hornalagið á þessum hrút; en hann er falletgur á skrokkinn, ekki vantar það“! „Hún er svo sem nógu lagleg stelpa; ekki vantar það“!
- Ekki vanþörf á** (orðtak) Mikil/full þörf á. „Það væri kannski ekki vanþörf á að taka örlítið til herna“.
- Ekki veit ég!** (orðtak) Ég veit það ekki; mér er ekki kunnugt um það. Oft viðhaft fremur en annað þegar menn fría sig vitneskju.
- Ekki veitir af / Ekki mun af veita** (orðtök) Ekki er vanþörf á; brýn þörf er á. „Þú ættir nú að þvo af þér mesta skitinn áður en þú ferð á fundinn. Ekki veitir af eftir allt þetta at“.
- Ekki velgott** (orðtak) Ekki til fyrirmynda; ekki það sem æskilegast væri. „Ekki er það velgott, en engan drepur það! Ætli það verði ekki að sulla þessu *ropvatni* í sig frekar en að drepast úr þorsta“.
- Ekki verandi** (orðtak) Ekki vært. „Það er ekki verandi úti í þessum andskotans kuldaþræsingi“. „Við drífum okkur í land; það er ekki verandi að netum í þessum veltingi“. „Það er ekki verandi inni í húsi í svona blíðu“.
- Ekki verður á allt kosið** (orðatiltæki) Ekki er hægt að ætlast til þess að fá allt sem maður óskar sér; ekki verður allt fullkomið. Sjá *það verður ekki á allt kosið*.
- Ekki verður bókvit í askana látið** (orðatiltæki) Sjá *bókvitið verður ekki í askana látið*.
- Ekki verður bæði sleppt og haldið** (orðatiltæki) Maður getur ekki bæði látið frá sér og átt áfram. „Annaðhvort sel ég honum hrútinn eða nota hann sjálfur; það verður ekki bæði sleppt og haldið“.
- Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið** (orðatiltæki) Speki sem oft er viðhöfð. Hún er líkast til mjög forn, þar sem hún vísar til forlagatrúar; að öllum se ásköpuð ævilengd við fæðingu og því verði ekki breytt. Því sé hvorki hægt að drepa þann sem ekki er feigur né lengja líf þess sem áskapað er að skuli farast. Kollsvíkingar hafa brugðið þessu fyrir sig; einkanlega þá fyrri liðnum stökum. „Er hann þá enn dottinn í það; ja, því segi ég það; ekki verður feigum forðað“. Sjá *örlög/forlög*.
- Ekki verður synt fyrir öll sker** (orðtak) Ekki verður við öllu séð; ekki verður öllum markmiðum náð/ séð við öllum vandamálum/þörfum. „Ljóst er að ekki verður synt fyrir öll sker í þessu máli“.
- Ekki verður við öllu séð / Ekki verður fyrir allt/ öll nesin girt** (orðatiltæki) Ekki er unnt að bregðast við öllum vandamálum/þörfum; ekki er unnt að bjarga/verjast öllu;. „Það var bölvæð að missa þessar tvævetlur frammi í víkinni, en ekki verður við öllu séð“. Orðtakið „ekki verður fyrir öll nesin girt“ vísar líklega til þess að erfitt er að girða svo fyrir öll annes að ekki komist sauðfé, t.d. um fjöru, skriður eða ganga. Þetta er þó unnt bæði í Breiðnum og Blakknum, þó þar geti einnig verið greiðfært mönnum og fénaði.
- Ekki verjandi** (orðtak) *Ekki forsvaranlegt*; gengur ekki; kemur ekki til greina. „Það er ekki verjandi að leggja svo mikið fé í þennan bílskrjóð“.
- Ekki vert** (orðtak) Ekki rétt; ekki gustuk; ekki verjandi; ekki þess virði. „Hann var steinsofandi. Mér fannst ekki vert að vera að vekja hann fyrir þetta, heldur fór í það sjálfur“. „Það er ekki vert að stríða honum með þessu; hann er óskaplega viðkvæmur í þessum efnum“. „Heldurðu að ekki sé vert að sigla aðeins dýpra og sjá hvort þar er viljugri fiskur“?
- Ekki við (því) að búast** (orðtak) Ekki hægt að reikna með/ búast við; ekki að vænta. „En ekki gekk bíldrúslan vel undir Þórði; enda kannske ekki við að búast“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Ekki við aðra að sakast / Ekki við neinn að sakast nema sjálfan sig** (orðtök) Ekki unnt að kenna neinum öðrum um en sjálgum sér.
- Ekki við bjargandi / Ekki vorkennandi** (orðtak) Gjörsamlega glataður; heillum horfinn. „Ykkur er nú ekki við bjargandi; fóruð þið virkilega hniflausir á sjó“?! „Svona mönnum er varla vorkennandi“!

Ekki við eina fjölinna felldur (orðtak) Oftast notað um manneskju sem er *laus í rásinni/ laus á kostunum* í ástamálum. En einnig um þann sem skiptir gjarnan um skoðun eða er hollur tvennu í einu, t.d. í pólitík.

Ekki við það komandi (orðtak) Kemur ekki til greina; alveg synjað. „Ég bauð honum aðstoð, en það var ekki við það komandi“. „Það var ekki við það komandi að hann vildi gista yfir nóttina“.

Ekki við öllu séð (orðtak) Ekki hægt að stjórna öllu; ekki unnt að koma í veg fyrir allt sem miður getur farið. „Vissulega hefði verið betra ef byssan hefði verið með í för; en það verður ekki við öllu séð. Maður býst kannski ekki við að stíga ofaná töfu við hvert fótímal í eggjaferðum“!

Ekki viðlit (orðtak) Útilokað; alls ekki framkvæmanlegt. „Það er ekki viðlit að hreyfa heynu í þessu veðri“.

Ekki vill svo til verkast að? (orðtak) Gjarnan byrjun á varlega orðaðri spurningu. „Ekki vill svo til verkast að þú hafir séð hvar ég lagði hrífuna“?

Ekki vinnandi vegur/verk (orðtak) Ekki framkvæmanlegt. „Við skulum klára að draga netin og fara svo *uppundir* og hreinsa; það er ekki nokkur vinnandi vegur að hanga á þessu í svona veltingi“.

Ekki vítað fyrir en á reynir (orðtak) Ekki fitað fyrirfram; óímögulegt að spá fyrir um. „Það veit enginn fyrir en á reynir hvort þetta er *yfirhöfuð* framkvæmanlegt“.

Ekki vonum fyrir (orðtak) Ekki fyrir en vænta mátti. „Hann ætlar ekki að koma vonum fyrir“!

Ekki vænti ég... (orðtak) Byrjun á setningu þar sem spurning er gerð að fullyrðingu. „Ekki vænti ég að þú hafir orðið var við kindurnar sem sluppu í gær“? „Ekki vænti ég að þið hafið séð gleraugun mín einhversstaðar á *glámbekk*“?

Ekki vól á öðru betra (orðtak) *Ekki annars kostar vól*.

Ekki þar fyrir / Ekki þar hjá (orðtak) Ekki svo að skilja; ekki af þeirri ástæðu. „Heldur gekk honum illa í skóla. Ekki þar fyrir að hann gæti ekki lært, heldur var hann laginn við að *komast upp á kant við kennarana*“.

Ekki þar með sagt (orðtak) *Ekki svo að skilja*; ekki meiningin. „Þó ég hafi leyft ykkur að fara út á þúfustekk var ekki þar með sagt að ég hefði leyft ykkur að klórast niður í Undirhlíðarflesíð“!

Ekki þarf að gefa bakarabarni brauð (orðatiltæki) Auðskilið máltæki, en notað sem líking um hvaðeina, líkt og orðtakið; *bera í bakkafullan lækinn*. Sjá *eins og að gefa bakarabarni brauð*.

Ekki þarf refnum ráð að kenna (né selnum að synda) (orðatiltæki) Notað um ráðagóðan/slægvitran mann; ekki þarf að ráðleggja honum neitt. Síðari liðurinn heyrðist ekki notaður á seinni tíð.

Ekki þarf um að binda (orðtak) Um andlát. „Ekki hefði þurft um að binda ef steinninn hefði komið niður á sylluna sem við stóðum á“. Merkingin er sú að um seinan sé að gera að sárum látins manns.

Ekki þarf um heilt að binda (orðatiltæki) Óþarfi er að lagfæra það sem ekki hefur laskast; ekki þarf að gera að sárum þeirra sem ekki leggja sig í hættu.

Ekki þarf um að spyrja (orðtak) Augljóst er; liggur í augum uppi.

Ekki þarf (frekari) vitnanna við (orðtak) Ekki þarf að efast lengur; fleiri sannanir þarf ekki. „Féð slapp og þið eruð berjabláir um kjammana! Ég held að það þurfi ekkert frekari vitnanna við“!

Ekki þesslegur að (orðtak) Ekki útlit fyrir að muni/myndi. „Mér fannst hann ekki þesslegur, þegar ég gáði út, að hann færi að rigna alveg strax“. „Hann var ekki þesslegur á svipinn að hann honum væri hlátur í huga“.

Ekki þorandi (orðtak) Ekki vert að hætta á; ekki áhættunnar virði. „Það er ekki þorandi að leggja að hleininni í þessum öldugangi“.

Ekki þurr þráður (orðtak) Um það að vera gegnvotur/alvotur. „Við lentum í þvílíkri hellirigningu alla leiðina að það var ekki þurr þráður á okkur þegar heim kom“.

Ekki þverfótað fyrir (orðtak) Um fjölda; urmull; ekki unnt að komast áfram fyrir. „Ætli það sé alveg búið ð friða tófuna? Það verður ekki þverfótað fyrir þessu neinsstaðar, og öll fuglabjörg eru að ónýttast“!

Ekki öngvitagjarnt (orðtak) Bregður vanalega ekki mikið; fellur ekki í yfirlið af litlu tilefni. „Þetta hefur eflaust verið mikið áfall fyrir hana; það vill til að henni er ekki öngvitagjarnt“.

Ekki öll kurl komin til grafar (orðtak) Ekki allt ljóst/upplýst enn; liggur ekki allt fyrir. „Svo virðist að í þessu máli séu ekki öll kurl komin til grafar enn“. Vísar til viðarkolagerðar fyrir á öldum. Öll viðarkurl þurftu að vera komin til kolagrafarinnar áður en kolagerðin hófst.

Ekki öll nótt úti enn (orðtak) Ekki enn vonlaust; enn má vænta. „Það er ekkert að marka þó hann hlaupi ekki á snærið áður en sakkann kemst í botn! Við verðum að þreyja fram á snúninginn; það er ekki öll nótt úti enn“. Orðtakið á líklega rætur í hinni fornu drauga- eða tröllatru. Tröllin eru á ferli á næturna en verða að steini með morgninum. Meðan nótt er ekki öll úti eiga þau von um að lifa af. Sömuleiðis munu draugar vera *uppá sitt besta* að nóttu til.

- Ekki öll sagan búin (enn)** (orðtak) Enn er nokkuð frásagnarvert; annað á eftir að gerast/fylgja. „Þetta var semsagt heljarmikið bas!; en það var ekki öll sagan búin enn...“. „Það er ekki öll sagan búin þó ekki séu komin hingað upp í Byrgið: Nú er eftir að þuða þeim upp allan dalinn og upp í bí!“
- Ekki öllum gefið** (orðtak) Ekki auðvelt fyrir alla; ekki hafa allir þann hæfileika. „Það er ekki öllum gefið að hugsa til sín tófuna“.
- Ekki örgrannt um** (orðtak) Grunar; þykir líklegt. „Ég hef frá litlu að segja um vegagerð. Þó er nú ekki örgrannt að ég hafi borið við að vinna við slíkt; þ.e.a.s. ég átti að heita ráðskona fáar vikur, sumarið 1945, þá fimmtán ára“ (SG; Vegavinna; Þjhd.Þjms).
- Ekkisen / Ekkisens** (ao) Áhersluorð, notað til að gefa meðfyljandi orði aukið vægi. „Það voru bölvuð ekkisen vandræði að ná ekki þessum kindum uppi á Sanddalnum“. „Béans ekkises áráttu er þetta á kúnni að æða uppá Hjalla“.
- Ekkí!** (upphrópun) Notað til að lýsa vanþóknun. „Ekkí; byrjar hann enn með vitleysuna“. (Áh. á síðara atkv.)
- Ekkjumaður** (n, kk) Ekkill; maður sem misst hefur konu sína. Ekkjumaður var töluvert notað orð áður fyrr, en nú heyrir vart annað en orðið ekkill í þessu sambandi.
- Ekla** (n, kvk) Skortur; hörgull; vöntun. „Það virðist ekki vera nein ekla á þessum ríkisstarfsmönnum“.
- Eld...** (áhersluforskeyti) Forskeyti, notað til að gefa lýsingarorði aukið vægi. „Þetta er eldgamall siður“. „Ég verð eldsnögur“. „Hann er eldklár í þessu fagi“.
- Elda** (s) A. Birta að degi með morgunroða. „Það var farið að elda á austurloftið þegar við lentum...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Það er farið að elda að degi; mál að drattast á fætur“. B. Matreiða.
- Elda af morgni** (orðtak) Birta af degi. „Það var farið að elda af morgni þegar við komum upp af Stígnum eftir þessa eggjaferð“.
- Elda grátt silfur** (orðtak) *Eiga í útistöðum/ófriði; fjandskapast.* „Þeir hafa lengi eldað grátt silfur“. Orðtakið þekktist þegar á söguöld og kemur m.a. fyrir í Eyrbyggjasögu. Vísar það líkleg til þess að silfur var mismunandi hreint; hvítt silfur og grátt silfur, og að ekki hafi verið vandað til vinnslu (eldunar) þess silfurs sem maður greiddi óviljugur; s.s. til manngjalda eða annarra skaðabóta.
- Eldabuska** (n, kvk) Kona sem eldar mat; matrúðskona; matselja. „Hann þarf víst oft að heimsækja eldabuskuna í vegavinnuskúrunum á milli mála“.
- Eldadagur** (n, kk) 6. október. Þann dag var venja að bændur tækju við því búfé í eldi sem þeir voru skyldugir til að fóðra, samkvæmt leiguskilmálum eða öðru. Því mátti skila á *eldaskildaga*.
- Elamaskína** (n, kvk) Annað heiti á eldavél.
- Eldaskildagi** (n, kk) 10. maí. Þá máttu bændur skila fé sem þeim hafði verið gert að fóðra yfir veturinn, frá *eldadegi*. Þá var t.d. skilað prestlömbum og því sem alið hafði verið fyrir landsdrottinn.
- Eldast af (einhverjum)** (orðtak) Um hegðun/útlit einhvers; hverfa með aldri. „Ætlar bölvuð hrekkjanáttúran aldrei að eldast af þér“?!
- Eldavél** (n, kvk) Stórt búháld til að elda mat á. „Hér í Kollsvík voru tvennar hlóðir. Eldavél kom þó hingað fyrir aldamót (1900)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Eldavélarhringur** (n, kk) Járnhringur í borði kola-/olíueldavélar. Á þessum gömlu eldavélum frá ca miðri 20. öld og eldri voru göt í yfirborði, þar sem setja mátti niður stóra steypujárnspotta þess tíma; með kúptum botni. Unnt var að minnka götin fyrir minni potta með því að í þeim voru steypujárnshringir; eldavélarhringir, felldir hver inná annan. Með litlu loki í miðjunni mátti loka gatinu alveg. Á stærri eldavélum voru þrjú göt, oft misstór, en tvö á þeim minni. Sérstakur krókur fylgdi eldavélunum, svo unnt væri að taka upp/ setja niður brennheitt lokið og hringina; stundum nefndur eldavélarkrókur. Hékk hann oft nálægt eldavélinni ásamt skörungnum, sem hafður var til að skara í kolum/brennara.
- Eldavélarör / Reykrör** (n, hk) Rör uppúr eldavél og inní reyk háf húss. Á kola- og olíueldavélum sem algengar voru um miðja 20. öld var þetta rör oft um 100cm svert hné; lóðrétt uppúr eldavélinni og síðan vinkilbeygt, lárétt inn í skorsteininn. Á lárétta hlutanum var oft hraðþurrkaður fatnaður; sokkar o.fl.
- Eldbjargarmessa** (n, kvk) Dagurinn eftir þrettándann/ þrettánda dag jóla. Á Eldbjargarmessu var jólaeldurinn slökktur, til forna, og jólaboðsgestir kvöddu og fóru til síns heima.
- Eldfljótur / Eldsnögur** (l) Mjög fljótur/snar. „Ég þarf að skreppa aðeins; ég verð eldfljótur“.
- Eldgamall** (l) Ævagamall; mjög forn. „Þessi torfljár er eldgamall“.
- Eldglæringar** (n, kvk, fto) Neistar; glóandi agnir. „Gunnsi var ekkert að láta þessa grjóthauga á veginum stoppa sig, heldur steig bensínið í botn. Viðstaddir sögðu að þarna hefði gamli skóðinn flogið á vömbinni eftir grjótrústinum og eldglæringarnar stóðu undan honum í allar áttir. En yfir fór karlinn“!

Eldgos (n, hk) Jarðfræðilegur atburður þegar rof verður á jarðskorpunni og upp leitar kvika og gastegundir úr möttli jarðar. Eldgos eru tíð á flekaskilum jarðar og þar myndast gjarnan langir fjallgarðar af upphleðslu gosefna. Ísland er eini hluti Atlantshafshryggjarins sem nær uppúr sjó, enda á heitum reit, þar sem eldgos eru tíðari. Landið hefur færst sundur frá því það fyrst kom úr sjó og eru elstu goslögin, um 15 milljón ára, vestast og austast en helsta eldvirknin er á virku beltum sem nær frá Reykjanesskaga austur um Heklu til Bárðarbungu og þaðan norður um Öskju, Kröflu og norður í haf um Kolbeinsey. Því er ekki virka eldgíga að finna í Kollsvík, en þar er fjöldi virkra *frostgíga* (sjá þar). Öll fjöll eru hlaðin upp af eldvirkni fyrri tíma og þar sem ísaldarjökullinn hefur rofið þau má skoða eldvirkni sem þá hefur verið. Misþykkir staflar af berglögum með gjósku- og jarðvegslögum á milli; aðfærsluæðar kviku, sem nú eru lóðréttir berggangar; myndbreytt berg vegna hitans; stuðlaberg sem varð til við kólnun; hnýðlinga sem þeyst hafa um loft í eldgosum og þykk lög eðjuhlaupa sem eru fylgífiskur stærri gosa; líkt og það sem gróf Pompei Rómaveldis á sínum tíma. Í jarðlögunum má víða sjá ummerki skógar sem hraunið hefur runnið yfir. Enn hafa ekki fundist annarskonar lífverur í þessum lögum en slíkt kann vel að vera mögulegt. Ísland var tengt öðrum löndum með landbrú á þeim tíma sem elstu jarðlög í Kollsvík voru að myndast.

Eldheitur (l) Mjög samtrúður; sannfærður. „Ég er viss um að innst inni var hann eldheitur kommi“.

Eldhólf (n, hk) *Firhólf*; hólf í kola-/olíueldavél þar sem eldur logar í eldsneytinu.

Eldhúsbekkur (n, kk) Fast vinnuborð í eldhúsi. „Fyrrum var það einatt nefnt eldhúsbekkur sem nú er hluti eldhúsinnréttingar. Væri talað um bekk í eldhúsi var þó oftast átt við *setbekki*“.

Eldhúsbreidda (n, kvk) Beittur stór hnífur sem notaðist í ýmis eldhúsverk, s.s. skurð á brauði, keti og fiski. Ein góð eldhúsbreidda var jafnan í hverju eldhúsi fyrir daga hinna algengu hnífasetta nútímans.

Eldi (n, hk) Fóðrun; það að ala t.d. skepnu/búpening á fóðri. Talað er um gott og slæmt eldi eftir því hvort sá gripur fitnar eða *leggur af* sem fóðraður er. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fóðra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Elding / Eldingaveður / Þrumuveður Eldingar eru fremur sjaldgæfar niðri í Kollsvík, en þeim mun algengara er að eldingum slái niður í fjallahringinn í kring í eldingaveðri. Eftir að símalína var lögð á staurum frá Breiðuvík að Kollsvík var algengt að eldingum slægi niður í hana, og sló þá jafnan út eldingavara sem var við inntak línunnar í hús, þannig að aldrei varð húsbruni af því. Eftir að raflína var lögð út yfir Hænuvíkurháls dró hún að sér eldingar á þeirri leið. Komið hefur fyrir að staurar hafi klofnað ofanfrá og níðuri jörð eða brunnið upp til agna í þrumuveðri. Reynt var að leggja síma í jörð yfir Hænuvíkurháls, en eftir að hann hafði margítrekað brunnið í sundur í eldingaveðri í Steilum eða Húsadal var komið á símsambandi um loftnet frá mastrinu á Fimmhundraðahæð að Láganúpi. Það mastur hefur reyndar verið prýðisveiðarfæri eldinga, og eitt sinn brann tengihúsið til grunna eftir eldingaveður.

Eldiskvíga (n, kvk) Kvígukálfur sem ákveðið er að ala upp í mjólkurkú. „Ég fékk hjá honum góða eldiskvígu“.

Eldiviðarhaugur (n, kk) Haugur/hrúga af viðarbútum eða öðru brenni sem ætlað er sem eldiviður. „Eldiviðarhaugur var alltaf hjá þvottapottinum í Verkfærahúsinu, og stundum líka kolapoki“.

Eldlegur áhugi (orðtak) Brennandi áhugi. „Frá unga aldri hafði hann eldlegan áhuga á hestum“.

Eldmóður (n, kk) Eldlegur áhugi; ástríða; ofurkapp. „Hann barðist fyrir málinu af miklum eldmóði“.

Eldri en tvævetur (orðtak) Lífsreyndur; lætur ekki blekkjast. „Hann sagði þingmanninum að hann væri nú eldri en tvævetur; hann hefði heyrt þessi sömu loforð fyrir fjórum árum og lítið hefði verið eftir síðan“.

Eldsgagn (n, hk) Búsáhöld til eldunar; pottar, katlar, pönnur o.fl. „Sumir af Rauðsendingum (eigi þó margir) eru so fátækir að þeir eigi eiga eldsgagnið. Þeim sömu ljær Guðrún Eggertsdóttir potta (járnpotta) og tekur 1 ½ fjórðung í leigu þar eftir“ (ÁM/PV Jarðabók).

Eldsmatur (n, kk) Brenni; það sem nært getur eld. „Glóðin í uppveikjunni í kofanum komst einhvernveginn í framþilið og þar með nægan eldsmat. Síðan *fúðraði* kofinn *upp* og hangiketidi með“.

Eldstó / Eldstæði (n, kvk) Hlóðir; eldhólf. „Innst í þessum litla kofa höfðum við eldstæði, og lítið gat í þekjunni yfir. Þarna var ýmislegt mallað; svo sem te úr hinum margvíslegustu jurtum“.

Eldstroka (n, kvk) Eldstólpi; ákafir logar hátt til lofts. „Þetta mátti ekki tæpara standa; þegar ég opnaði reykkofann stóð eldstrokan uppúr torfinu og upp á miðjan vegg“!

Eldsvoði (n, kk) Húsbruni. „Í minni slökkviliðsstjóratíð urðu þrjár eldsvoðar í Rauðasandshreppi; tveir í íbúðarhúsum og einn í hlöðu. Einn þeirra varð altjón“.

Eldunarkró (n, kvk) Útihlóðir; kró í veri sem eingöngu er notuð til að elda mat á hlóðum. „Nálægt búðunum voru krær sem voru eingöngu ætlaðar til að matreiða í. Ég man ekki eftir nema einum *útihlóðum*. Svo komu olíuvélar og síðar primusar, og þá var eldað inni í búðunum sjálfum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Elftingarte (n, hk) Te/seyði sem lagað er af klóelftingu/elftingu (*Equisetum arvense*). Elfting er gróplanta sem vex víða, og kann best við sig í rakri mold þar sem ekki er mikil samkeppni annarra jurta. Stongullinn verður um og yfir 10 cm hár; grænn með mjóum greinum. Gróstönglar vaxa stakir; eru ljósleitir og með sérkennilegan kólf efst. Þeir nefnast *skollafingur* og segir þjóðtrúin að þar teigi fingur satans sig uppúr jörðinni. Plantan fjölgar sér einnig með rótarskotum og hefur mikið rôtarkerfi. Ræturnar eru svartar með hvítum kjarna. Á þeim vaxa ber í sama lit; nefnd *gvendarber*. Einhver not voru af elftingu fyrrum, en Björn í Sauðlauksdal segir: „Þessi jurt er barkandi og græðandi; lögur hennar lækna lífsýki og jurtin sjálf, ef vel er marin milli steina og stungin í nef mannei eða lögð við enni, stillir nasablóð. Hún er eins svo tilbúin góð að leggja yfir sár, kviðslit og annað kostað á líkama... Elftingalögur, vini blandinn og heitur drukkinn, lækna innankostað; líka hósta og mæði. Til hins sama má og svo seyða jurtina í vatni og drekka það sem seyði. Klútur, í sama seyði vættur, er góður til að leggja yfir alla heita bólgu, þá batnar hún“ (BH; Grasnytjar). Börn í Kollsvík lögðu te úr ýmsum jurtum, og þar á meðal elftingu, án þess þó að nota í það vín eins og séra Björn leggur til. Elftingarte var fremur bragðdauft og því gott að sjóða annað með, s.s. blóðberg eða vallahmal. Skollafingur og gvendarber eru fyrirtaksmatur og þurfa enga matreiðslu.

Elgur (n, kk) Krapaflóð; krapull; vatnsflóð. „Það er hlaupinn krapaelgur niður alla Flötina“.

Elja / Eljusemi (n, kvk) Dugnaður; ósérhlífni. „Það dalar ekki eljan í karlinum þó hann eldist“. „Get ég eigi gengin spor/ í gömlum rústum fundið./ Eigi heldur elju og þor/ í eftirlíking bundið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; vísa eftir Össur Guðbjartsson).

Eljumaður (n, kk) Dugnaðarforkur; *atorkumaður*. „Hann var mikill eljumaður og *féll sjaldan verk úr hendi*“

Eljuverk (n, hk) Verk sem útheimtir mikla vinnu. „Allar þær gríðarmiklu hleðslur, bæði í Kollsvík og annarsstaðar, sem enn eru sýnilegar eftir Guðbjart Guðbjartsson á Láganúpi, eru einstakt eljuverk.“

Ellegar (st) Eða; annars. „Segðu honum að koma strax að borða, ellegar fá hann engan mat“. Einnig oft sem ao í enda setningar: „Mundu eftir að setja bensín á tankinn; þú ferð nú ekki langt ellegar“!

Ellibelgur (n, kk) Ellimörk; hrumleiki. „Karlinn er mun hressari núna; líkt og hann hafi kastað ellibelgnum“.

Ellidauður (l) Dauður úr elli. „Ertu ekki búinn að þessu enn? Ætlarðu að verða ellidauður við þetta“?!

Ellihrumur (l) Hrjádur/stirður/veiklaður af elli. „Hann lagði hart að sér þó ellihrumur væri orðinn“.

Ellimörk (n, hk, fto) Merki um háan aldur; ellimót. „Það er ekki að sjá á honum nein ellimörk ennþá“.

Ellin kemur öllum á kné (orðatiltæki) Allir verða að beygja sig fyrir ellinni sem ekki deyja ungir, þó vissulega leiki hún menn misjafnlega grátt.

Elliaer (l) Kominn með elliglöp; farinn að rugla. „Það er langt frá því að hún sé nokkuð orðin elliaer“.

Elna (s) Versna; veikjast; þyngja á. „Heldur hefur mér elnað þessi pest; ég er orðinn ansi slappur“.

Elna sóttin (orðtak) Versna veikindin; verða verri. Oft notað í líkingum. „Hann hefur löngum stelsjúkur verið, en heldur elnaði honum sóttin með það þegar hann flutti suður“.

Elska útaf lífinu (orðtak) Þykja mjög vænt um; elska meira en eigið líf. „Það má sóða þessu í sig, en ekki get ég beint sagt að ég elski það útaf lífinu“.

Elskulegheit (n, hk, fto) Umhyggja; ástúðleiki; blíða. „Alveg er karlinn óútreiknanlegur; einn daginn er hann ekkert nema elsकुlegheitin en hinn eins og *bévítans meinhorn*“!

Elta (s) A. Veita eftirför. Ég elti kindurnar útyfir allan Sanddal“.

B. Um bát; rása mikið til hliða þegar siglt er skáhallt á öldu (sjá *elta lambær* og *skima*).

C. Þæfa skinn milli handa sér þar til það er orðið mjúkt og nothæft í skinnklæði, skó o.fl. „Eftir hátíðar var farið að elta skinn í brækur og spinna *skinnklæðapráð*, en í hann var haft gott *tog*. Kálfsskinn var notað í *setskauta* á brókum og leður í sóla. Notuð voru elt eða eirlituð skinn, Ljúka þurfti að sauma öll skinnklæði fyrir vertíð“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

„Þegar búíð var að raka voru belgirnir fylltir með heyi og hengdir upp í eldhúsi. Þar voru þeir látnir hanga og þorna. Síðan voru þeir teknir niður og *eltir*. Þegar þurrkað skinn var elt var það núíð og hreyft milli handa sér eða undir fótunum. Þá komu fljótlega brot í það þar sem skinnið var að verða mjúkt. Þá var haldið áfram að núa, böggla, snúa, vinda og teygja skinnið, þangað til hvergi var orðinn eftir harður blettur og allt skinnið var orðið *lungamjúkt*. Það hét *eltiskinn*“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *gæra*.

„Skinnin sem notuð voru til skinnklæðagerðar voru misjafnlega undirbúin. Sum voru blásteinslituð, og þótti það verja fúa; önnur voru hert ólituð og þannig tekin til brókargerðar, en síðar voru flestir farnir að elta þau vandlega áður en saumað var úr þeim. Þau skinnklæði tóku miklu betur við áburði; fernisolíu eða lýsi, og

urðu mýkri að klæðast í“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þá voru skinnin tekin fram og elt. Oft var notaður rúmstuðull, eða stórt hrúthorn sem var bundið upp í sperru, og skinnin dregin fram og aftur þar til þau voru orðin lin og hvít“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Elta á röndum (orðtak) Fara þrúfált í *humátt* á eftir; fylgja sífellt eftir. „Heimalningurinn elti strákinn á röndum allan daginn, eftir að hafa fengið pelann sinn um morguninn“.

Elta (eitthvað) eins og kálfurinn búrfötuna/kolluna/kyrnuna / Elta (eitthvað) eins og skugginn (orðtök) Fylgja einhverju dyggilega eftir; eltast við eitthvað.

Elta lambær / Elta bárúna (orðtak) Um siglingu báts; rása mikið á siglingu; elta bárúna. „Ef skip þótti *skima* mikið; vera *óstöðugt í rásinni* var það kallað að elta lambær...“ (LK; Ísl. sjávarh. ÓETH). Í seinni tíð er algengara að nota orðtakið að elta bárúna.

Elta ólar við (orðtak) Setja út á; gera athugasemd/fjargviðrast vegna. „Ég nenni ekki að elta ólar við þetta“. Oft voru ólar úr hörðu skinni eltar með því að sinn maður togaði í hvorn enda ólar, sem lá í um t.d. horn/rúmstólpa. Líkingin vísar til þess að þannig gáfu þeir eftir og sóttu, líkt og í bardaga/riffrildi.

Elta tærnar á sér (orðtak) Ganga; rápa; eigra; fara án hugsunar/áætlunar. „Ætli maður fari nú ekki að elta tærnar á sér inn í rúm“.

Elta uppi (orðtak) A. Þreyta kind á hlaupum þar til hún næst; *hlaupa uppi*. B. Um spil; spila stöðugt út sömu sort þar til andstæðingurinn á ekki meira af henni; *bekennir* ekki. „Nú er hann búinn að elta mig uppi í laufinu“.

Eltast við (orðtak) Elta og reyna að ná; fást við að elta. „Það þýðir ekkert að eltast við þessa tvævetlu sem slapp úr hópnum; hún kemur þegar hún róast“.

Eltast við skottíð á sér (orðtak) Eyða tíma í það sem tilgangslaust er; sækjast eftir einhverju sem aldrei fæst.

Eltiskinn (n, hk) Skinn sem búið er að elta/mýkja með þæfingu. „Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni; bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbítsroði heima fyrir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Eltur (n, kvk, fto) Eltingaleikur; eftirför; það að eltast við, t.d. kindur. „Ég lenti í þónokkrum eltum við þessar bykkjur“. „Eftir nokkrar eltur náði ég að króa lambið af við klettinn“.

Elvíti (n, kk) Milt blótsyrði/áhersluorð; mildun úr „helvíti“. „Elvíti er ég hræddur um að ég sé með föðurlandið á færinu! *Leggðu* nú *út* og andæfðu uppí fallið; það gæti losað um þetta“.

Embætta (s) A. Gera; framkvæma. „Ert þú að fara að embætta eitthvað sérstakt“? B. Ganga örna sinna; kúka. „Ég þarf að skjótast á kamarinn og embætta áður en við förum af stað“.

Embætti (n, hk) Starf; hlutverk. „Bræðurnir stóðu við dráttinn en ég fékk það embætti að *hleypa innanúr*“.

Emileraður (s) Glerjaður á sérstakan hátt; oft pottur/fat/baðker með hvítri húð, eða kaffikanna, blá að utan en hvít að innan. „Fatið hafði verið emilerað hvítt en var nú sumsstaðar sprungið og svartfleckótt“.

Emilering (n, kvk) Húð eða litur sem brennd er á hlut. „Víða var emileringin sprungin“.

Emja (s) Æpa; orga; hljóða. „Hann emjaði þegar hann fékk snjóbolta í eyrað“.

En þó (orðtak) Tvíorða setning sem oft er í enda lengri setningar til að lýsa efasemdum yfir fyrri fullyrðingu: „Ég er viss um að þannig gerðist þetta; en þó...“. Stundum kemur annað í framhaldinu. Stundur stundum sjálfstæð, og þá helst sem andsvar til að lýsa efasemdum.

Enda (st) Hvort sem er; reyndar. „Þeir verða fimm eða sex saman, og er Torfi Jónsson bóndi í Kollsvík formaður fararinnar, enda er hann eigandi bátsins“ (KJK; Kollsvíkurver). „Júlli naut mikillar virðingar meðal sveitunga sinna, enda var hann hinn ágætasti maður og var valinn til ýmissa trúnaðarstarfa fyrir sveitunga sína“ (PG; Veðmálið).

Enda (s) A. Ljúka. Til var það að orðið væri í þátið „enti“ í stað „endaði“: „Þá var hælsporið tekið, og þurfti vel til þess að vanda að ekki læki þar sem oddi sólans enti í saumnum“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Saga enda af tré, til að unnt sé að merkja fyrir og hefja flettingu þess.

Enda í enda / Enda við enda (orðtak) Um samsetningu, þar sem einn endi nemur við þann næsta. „Netin eru bundin í streng, enda í enda“.

Enda þótt (orðtak) Þó; þótt. „Ætla ég að helst beri að skilja þetta þannig, að enda þótt hvalurinn væri dreginn á land í Kollsvík, hafi eigendur Hænuvíkur talið hvalinn hafa verið í sinni landareign“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Sú leit hefur eflaust verið erfðust, því að enda þótt lagt væri af stað fyrir allar aldir komu leitarmenn af Bjarginu oftast seinastir til réttar“ (PG; Veðmálið).

Endaður (l) Sem er í endanum á. „Þegar kom fram í endaðan júlí var farið að athuga með berin“ (IG; Æskuminningar).

- Endalaus** (l) A. Sífelldur; án enda. „Ætlar þessi rigningatið að verða bara endalaus“?! B. Sem áhersluorð. „Greyið mitt vertu nú ekki að þessu endalaus suði“! „Endalaust rugl er þetta nú“!
- Endaleysa** (n, kvk) Bull; rugl. „Bölvuð endaleysa er nú í þér“.
- Endar sorg um síðir / Fyrnist sorg þá er frá líður** (orðatiltæki) Sorg mildast með tímanum, hversu sár sem hún kann að vera í upphafi.
- Endasendast** (s) Hlaupa hratt á milli staða. „Við vorum svo faliðaðir í smöluninni að ég þurfti einn að endasendast þvert yfir dalinn til að reka þessa tvo hópa“.
- Endasleppt** (l) Endar snögglega; *snubbótt*. „Ballið varð nokkuð endasleppt þegar gólfbitarnir gáfu sig“. „Hann gerir það ekki *endasleppt*, blessaður. Nú færði hann okkur þennan dýrindis hákarl“.
- Endastag** (n, hk) Stag milli þina í enda nets. Sjá *netháls*.
- Endasplæs** (n, hk) Frágangur á enda vaðs/kaðals/færis, þannig að endinn er þáttaður upp og þættirnir splæstir aftur fyrir sig, en með því er komið í veg fyrir trosnun í endanum.
- Endast aldur til** (orðtak) Ná að ljúka við á sinni ævi. „Þér endist ekki aldur til að klára allt þetta sælgæti drengur; á ég ekki að aðstoða þig eitthvað við það“?
- Endastingast** (s) Falla yfir sig, þannig að lendi á hinum endanum/höfðinu; steypa stöfnum. „Á hlaupunum rak hann tána í stein á reitarvegnum og endastakkst niðuri dilkin“.
- Endatré** (n, hk) Endi trefja í viði; endi trjábols. „Þú færð lítið hald með því að negla svona í endatréð“.
- Endemi** (n, hk) Dæmalaust; ósköp. „Endemis raus getur þetta verið í þér“. „Þetta er alveg með *endemum*“.
- Endemiskjafæði / Endemisrugl / Endemishvæla / Endemisivtleysa** Algert bull; vitleysa. „Ég hef nú sjaldan heyrt *álíka* endemisrugl á minni ævi“. „Hvílíkt endemiskjafæði er þetta nú“!
- Endemisivtlaust** (l) *Arfavitlaust; frámunalega heimskulegt; geggjáð*. „Þetta var náttúrulega svo endemisivtlaust hjá þér að leggja hnífinn frá þér uppá hvalbakinn; sérstaklega í vona typpingsfjanda“!
- Endi** (n, kk) A. Ystu mörk á t.d. bandi, fjöl, tíma o.fl. B. Annað heiti á bandi/vað/snæri. „Heldurðu að þessi endi sé nægilega traustur í lása“? „Hafðu með einhvern enda til að binda aftur hliðið“.
- Endilangur** (l) Í allri líkamslengd; á alla lengdina. „Hann missti jafnvægið og datt endilangur í forina“.
- Endingardrjúgur / Endingargóður** (l) Endist vel; eyðist/slitnar/és/breytist lítið/hægt.
- Endingarlítill** (l) Endist illa; eyðist/slitnar/ést/breytist mikið/hratt. „Skelfing eru þessir skór endingarlitlir“.
- Endilega** (ao) Áhersluorð; fyrir alla muni; nauðsynlega. „Endilega fáðu þér meira af kökunni“.
- Endirinn skyldi í upphafi skoða** (orðtak) Rétt er að íhuga afleiðingar áður en ákvörðun er tekin.
- Endranær** (ao) Venjulega. „Drengurinn er þá húfulaus eins og endranær“.
- Endrum og eins / Endur og sinnum** (orðtök) Stundum. „Endrum og eins rekur allstór og nýtileg tré“. Oft var notað orðið „endur“ í stað „endrum“, og er sennilega upprunalegra. „Ég geri þetta endur og sinnum“. „Sást skipið ekki nema endrum og eins fyrir dimmviðri og sædrifi“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Endur fyrir löngu** (orðtak) Fyrir löngu síðan; í fyrndinni. „Hér mun hafa staðið lambhús, endur fyrir löngu“.
- Endurgera / Endurhlaða** (s) Gera að nýju; endurbyggja. „Ég endurgerði lambhúsið í Ytra Gilinu og nýtti sem reykkofo. Notaði ég sömu tóftina; endurhlóð vegg; setti á þetta hálfgafla, sperrupak með járn og tyrfði“.
- Endurþenkja** (s) Hugsa að nýju; endurskoða. „Þetta breytir miklu; nú þurfum við að endurþenkja málin frá grunni“.
- Engan varðar allt að vita** (orðatiltæki) Enginn þarf að vita allt; sumt *varðar* mann ekkert *um*.
- Enganveginn** (ao) Alls ekki; *af og frá*. „Ég get enganveginn skilið hvernig þetta gerðist“.
- Engin aðferð** (orðtak) Slæm/röng aðferð; *handabakarvinnubrögð*. „Hvernig í ósköpunum ætlarðu að gera þetta? Þetta er engin aðferð hjá þér“!
- Engin aðvera / Engin geta / Enginn vegur** (orðtak) Nær útilokað; varla hægt; *enganveginn; afskorið*. „Það er nú engin aðvera að vinna í þessum *hraglanda*; enda fer ég að hætta þessu“. „Það er engin geta að fara á sjó í þessu veðri“. „Ég reyndi að ná kindinni en það var enginn vegur“.
- Engin er regla án undantekningar** (orðatiltæki) Vísar til þess að oftast eru einhver frávik frá reglum; hvort sem menn þykjast sjá þær í náttúrunni eða setja þær sjálfir.
- Engin er rós án þyrna** (orðatiltæki) Ekkert er svo glæsilegt að ekki séu á því skuggahliðar; *böggull fylgir skammrifi*.

- Engin er það synd þó búkurinn/líkaminn leysi/losi vind** (orðatiltæki) Kollsvíkingar höfðu þetta orðtæki gjarnan yfir, í stað afsökunarbeiðna, þegar þeim varð á hin eðlilega athöfn að *reka við*. Ekki þótti yfirleitt rétt að halda aftur af slíkum náttúrulegum þörfum þó margmenni væri nærri, enda gengur *pempiuhátturinn* stundum út í öfgar.
- Engin er ævin án sorgar** (orðatiltæki) Enginn lifir án þess að upplifa einhverja sorg eða missi.
- Engin hemja / Engin gegnd** (orðtak) Hömlulaust; engin stjórn. „Það er engin hemja hvernig þú sóðar út heyinu drengur“! „Það er engin gegnd að ryðja svona í sig af eggjum“!
- Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar** (orðatiltæki) Auðskilið og mikið notað í líkingum.
- Engin leið / Engin tilsjón / Enginn vegur** (orðtök) Enginn möguleiki; gengur ekki; ekki hægt. „Er enginn vegur að losna við þessa ríkisstjórn“? „Það var ekki nokkur tilsjón að gera þetta öðruvísi við þessar aðstæður“. „Er engin leið að gera þetta á annan hátt“?
- Engin lifandis leið** (orðtak) Ekki nokkur vegur/tilsjón. „Það er engin lifandis leið að átta sig á þessu“!
- Engin líkindi til** (orðtak) Engar líkur á. „Ég sé engin líkindi til að hann muni rigna í dag“.
- Engin miskunn hjá Magnúsi** (orðtak) Enga miskunn að hafa; ekkert slegið af. Orðtakið er sagt vera upprunnið af ummælum Magnúsar sálarháská, sem var umrenningur og útilegumaður á 19.öld. Þetta á hann að hafa sagt er hann murkaði lífið úr lambi á miskunnarlausan hátt, er hann var í útilegu sinni á Hveravöllum.
- Engin deili til / Engin mót á** (orðtak) Engin merki um; ekkert sem bendir til. „Ég sé engin deili til þess að nokkuð sé að draga úr elínu ennþá“. „Ég sé engin mót á að hann sé að koma með nestið“.
- Enginn dregur annars fisk úr sjó** (orðatiltæki) Enginn getur eignað sér fisk sem annar dregur; enginn eignar sér það sem annar hefur með réttu fengið.
- Engin er það synd þó búkurinn leysi vind** (orðatiltæki) Lýsandi speki fyrir lífsviðhorf Kollsvíkinga og oft viðhöfð. Góður fretur var talinn hraustleikamerki og fuss annarra yfir óhjákvæmilegri lykt var talinn mesti *pempiuháttur*.
- Engin mynd** (orðtak) Lýsing á því sem ekki telst fallett/viðeigandi/gott. „Það er engin mynd á svona háttalagi“! „Nú ætla þeir að spæna upp túnið til að stytta sér leið með veginn. Þetta er engin mynd“!
- Engin neyð** (orðtak) Ekki vandræði; ekkert aðkallandi. „Það er engin neyð þó þetta klárist ekki í dag“.
- Engin slorfæða** (orðtak) Um mjög góðan mat. „Svonalagað er sko engin slorfæða“!
- Engin takmörk sett** (orðtak) Hömlulaust; án takmarkana. „Eru því virkilega engin takmörk sett hvað maðurinn getur verið heimskur“?!
- Enginn** (fn) Neitunarforbafnið „enginn“ var til skammst tíma beygt með nokkuð öðrum hætti í máli Kollsvíkinga en algilt þykir í dag. Fallbeygingin var, í eintölu: „enginn-öngvan/öngan-öngvum/öngum-einskis“ og í fleirtölu: „öngvir/öngir-öngva/önga-öngvum/öngum-öngra“. „Ég þekki öngvan núlifandi sem heldur þessari málvenju, en hún var töm í munni eldri Kollsvíkinga fram yfir árið 1960“. „Ég sé öngvar kindur í Hryggjunum núna“. Oft borið þannig fram að „v“ heyrðist alls ekki, og stundum ritað þannig. „Sástu öngar kindur í Breiðnum“? „Víða var þá fátækt mikil meðal bænda en Jón gat öngum neitað er það um lán og svo fór að um sumarmál voru allar vörur upp lánaðar“ (JVJ; Nokkrir viðþættir).
- Enginn afgangur** (orðtak) Með naumindum; við illan leik. „Með harðneskju tókst mér að klöngrast upp klettaslefruna, en það var enginn afgangur af því. Ég myndi ekki treysta mér þá leið aftur“.
- Enginn afslagur í** (orðtak) Slæ ekki hendinni á móti; hafna ekki. „Mér væri síður en svo nokkur afslagur í því að þú kæmir og aðstoðaðir mig örlítið við þetta“. Sjá *afslagur*.
- Enginn akkur að** (orðtak) Engin hjálp í; enginn hagur að. „Mér er ekki nokkur akkur að því að fá þessar og þvílíkar sendingar; þær gerur hann bara átt sjálfur“!
- Enginn er almáttugur (nema Guð á Himnum)** (orðatiltæki) Allir hafa sín takmörk; enginn getur allt.
- Enginn er alvondur/alslæmur** (orðatiltæki) *Engum er alls varnað; skinn er undir þá skarn er af þvegið; allir hafa til síns ágætis nokkuð*. Allir hafa einhvern góðan hug/vilja, þó útlit og viðmót gæti bent til annars.
- Enginn er annars bróðir í leik** (orðatiltæki) Notað um það að jafnvel nánustu vinir geta verið keppinautar, t.d. í íþróttum eða öðrum metingi.
- Enginn er bóndi/búmaður nema að hann kunni að berja sér / Enginn er (sá) búmaður sem ekki kann að berja sér** (orðatiltæki) Orðatiltækið vísar ekki eingöngu til þess að bændur hafi uppi sífellda kveinstafi yfir hlutskipti sínu, heldur annarsveggar til þess lítillætis að gera sem minnst úr því þó vel gangi á búi og hinsveggar til þess að ofmeta ekki sinn skattstofn gagnvart landsdrottinum og leigusölum. Hvergi eru þessi sannindi augljósari en í Jarðabók Árna Magnússonar, sem heimsótti bændur vestra árið 1703. Þar er gert fremur lítið úr velgengni í búskap og hagur bænda talinn all bágur í flestu tilliti.

- Enginn er dómari í eigin sök** (orðtak) Enginn er fyllilega dómbær um eigin verknað, þó mörgum hætti til að gleyma þeirri staðreynd. Sjá *erfitt að dæma í eigin sök*.
- Enginn er fullkominn/gallalaus** (orðatiltæki) Sígildur sannleikur, þó sumir eigi erfitt með að viðurkenna hann; *allir hafa einhvern brest*.
- Enginn er hærri þó hann hreyki sér** (orðatiltæki) Enginn verður meiri maður af því að gorta eða þykjast meiri en hann í raun er.
- Enginn er minni þó hann undan láti** (orðatiltæki) Það er í raun fremur styrkleikamerki en veikleiki að gefa eftir í deilum; jafnvel þó maður hafi rétt fyrir sér. *Sá vægir sem vitið hefur meira*.
- Enginn er spámaður í sínu föðurlandi** (orðatiltæki) Þessi speki á við á öllum tímum. Boðberar nýjunga og hugvitsmenn eru litnir hornauga í sínu samfélagi, sem fremur rennir hýru auga til þess sem kemur af fjarlægari slóðum. Til þess vísar annað orðatiltæki; *upphefðin kemur að utan*.
- Enginn (lítill) bógur** (orðtak) Um veikburða mann/skepnu. „Hann er enginn bógur til að valda þessu starfi“.
- Enginn er verri þó hann vökni** (orðatiltæki) Það skaðar sjaldan neinn að verða blautur. „Vertu nú ekki að fíra yfir ágjöfni; enginn er verri þó hann vökni. Það er óþarfi að slá af þessvegna“.
- Enginn er öðrum líkur / Engir tveir eru eins** (orðatiltæki) Þó virst geti líkindi með tveimur persónum þá hefur hver sín sérkenni við nánari skoðun. Sama gildir um einstaklinga allra lífvera.
- Enginn fæðist fullkominn** (orðatiltæki) Gegnsætt og mikið notað orðatiltæki.
- Enginn fær flúið sitt skapadægur / Enginn fær sín forlög flúið** (orðatiltæki) *Enginn má sköpum renna*. Vísar í *forlagatrú/ölagatrú*, þar sem því er trúað að mönnum sé ásköpuð lífslengd og dánardagur þegar við fæðingu, og því verði ekki breytt. Sjá *feigur; forlög; örlög*.
- Enginn fögnuður að** (orðtak) Ekki gleðiefni; *ekki til fagnaðar*. „Það er enginn fögnuður að því að þeir séu að hefja þar sem enginn er *ofanburðurinn*; þá er nú betra að láta stórgrýtið óhreyft“!
- Enginn gleypir sólina** (orðatiltæki) Jafnvel mesti oflátungur nær ekki að svelgja sólina. Það mun þó að lokum gerast í Ragnarökum, samkvæmt norrænni trú. Þá mun úlfimum takast ætlunarverk sitt. Sjá *blása út sólir*.
- Enginn griður gefinn** (orðtak) Ekki hlíf; ekki slakað á. „Nú kæri ég þessa andskota; þeim verður enginn griður gefinn eftir svona *tiltektir*“!
- Enginn hefur afl við ægi** (orðtak) Enginn getur ráðið við ofurefli brimöldu eða stríðra strauma.
- Enginn maður til / Enginn bógur til** (orðtak) Hefur ekki getu til; er ekki fær um. „Eigum við ekki að fara og hjálpa honum að bjarga trénu; hann er enginn maður til þess einsamall“.
- Enginn má sköpum renna** (orðatiltæki) *Enginn fær flúið sitt skapadægur*; enginn breytir *örlögum* sínum. Spekin vísar í þá ævafornu *forlagatrú* að öllum sé sköpuð ævilengd við fæðingu. „Sköp“ merkir í þessu tilliti skapadægur eða örlög sem manni eru sköpuð. „Renna“ merkir hér að hlaupa undan. „Héðan brautu heldur þú/ hlýt ég angurs kenna./ Okkur skilja örlög nú;/ ei má sköpum renna“ (JR; Rósarímur). Sjá *örlög*.
- Enginn má við margnum / Enginn má við ofurefli** (orðatiltæki) Alla má bera ofurliði; enginn einn fær staðist áráð fjölmenns liðs.
- Enginn ræður auðnu sinni** (orðatiltæki) Enginn fær neinu ráðið um sína heppni í lífinu.
- Enginn ræður sínum næturstað** (orðatiltæki) Sá sem ferðast veit sjaldnast hvar hann þarf að beiðast gistingar, því margt getur breytt áætlunum. Eins er það um margt í lífinu; *margt fer öðruvísi en ætlað var*.
- Enginn skaði skeður** (orðtak) Ekkert tjón orðið; allt í lagi. „Enn er enginn skaði skeður, en *horfur* eru slæmar“.
- Enginn skyldi geyma sér sjóveður / Valt er að geyma sér sjóveður** (orðatiltæki) Auðskilin og mikið notuð speki, einkum orðtökin að *geyma sér sjóveður* eða *sitja af sér sjóveður*.
- Enginn skyldi lasta sér líkan** (orðatiltæki) Maður á ekki að fjargviðrast/hneykslast yfir þeim göllum annars manns sem maður er sjálfur hrjáður.
- Enginn skyldi öðrum lá** (orðatiltæki) Maður ætti ekki að ásaka aðra.
- Enginn tekur það sem ekki er til** (orðatiltæki) Því verður ekki stolið sem ekki er til.
- Enginn veit fyrr en til er reynt** (orðatiltæki) Sumt verður ekki vitað fyrr en búíð er að reyna. Einnig; *veit enginn fyrr en til er reynt*.
- Enginn veit hvað í barninu býr** (orðatiltæki) Enginn getur spáð fyrir um framtíð barns; t.d. hvaða hæfileika það kann að hafa.
- Enginn veit hvað undir annars stakki býr** (orðatiltæki) Vísar til þess að enginn þekkir annan mann til hlítar; enginn getur vitað nákvæmlega hvað öðrum er í huga. Stakkur merkir þarna yfirhöfn/skikkja.

- Enginn verður óbarinn biskup** (málsháttur) Líkingin á rætur í því að þeir sem stefna til mikilla metorða þurfa að undirgangast ýmsar raunir. Málshátturinn vísar sérstaklega til þess að sanntvæðir kaþólskir prestar stunduðu mikið meinlætalíf fyrir á tímum, og var lítið til þess við val á biskupi. Er t.d. sagt að Guðmundur biskup góði hafi daglega gengið upp í fjall og barið sjálfan sig til blóðs með svipu til syndaflausnar fyrir hinum ógnandi guði þess tíma. Á sama hátt þarf t.d. sjómaðurinn að þola ýmislegt áður en hann er *fær í flestan sjó*. Íðulega notað þegar viðvaningar liggja ælandi útfyrir borðstokkinn í fyrstu róðrum sínum.
- Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að menn kunna sjaldan að meta þau lífsgæði sem þeir hafa fyrir en þau eru horfin.
- Enginn veit hvað í barninu býr** (orðatiltæki) Enginn getur spáð fyrir um framtíð barnsins.
- Enginn veit hvar feigur flækist** (orðatiltæki) Speki sem vísar til forlagatrúar, og þess að þeir sem komnir eru að dauðastund grípi til óvanalegrar hegðunar. Til þess sama vísar orðtak sem Kollsvíkingar brugðu einnig oft fyrir sig; „Nú er honum farið að *segja fyrir*“. Notað um það þegar einhver gerði eitthvað óvanalegt.
- Enginn veit hver/hvor annan grefur** (orðatiltæki) Ekki er vitað fyrirfram um ævilengd manna; hvor deyr á undann, hinn yngri eða hinn eldri.
- Enginn veit sitt endadægur/skapadægur / Enginn má sköpum renna / Enginn veit sína ævina fyrir en öll er** (orðatiltæki) Speki sem vísar til forlagatrúar, og þess að öllum sé ásköpuð ævilengd við fæðingu þó menn viti hana ekki. Sjá *örlög/forlög*.
- Enginn veit sína annmarka** (orðatiltæki) Maður áttar sig sjaldnast á sínum takmörkunum fyrir en á reynir.
- Enginn verður óbarinn biskup** (orðatiltæki) Mikið notað orðatiltæki; menn þurfa að hafa fyrir því að verða færir í tilteknu verki/starfi, og oft kostar það þínu, svita og tár. „Það er nú ekki tiltökumál þó menn verði drullusjóveikir fyrstu róðrana; enginn verður óbarinn biskup“! Líklega er spekin upphaflega tilkomin vegna þess sem segir í sögu Guðmundar biskups góða; að hann hafi verið barinn til bókar. Sjá *berja til bókar* og *fáir eru smiðir í fyrsta sinn*.
- Enginn vill ég stafkarl vera** (orðatiltæki) Viðhaft þegar maður hafnaði því sem honum fannst vera ölmusa, eða andmælti góðgerðum í kurteisisskyni.
- Enginn þarf allt að vita** (orðatiltæki) Engum er þörf á að kunna skil á öllu; sumt kemur manni ekki við.
- Engjar** (n, kvk, fto) Slægjussvæði utan áborinna túna. „Sláttumýri og Sef voru hinar eiginlegu engjar, ásamt Svuntumýri“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Engjasklöttur** (n, kk) Sláttur/heyskapur á engjum, til aðgreiningar frá *túnasklötti* og *útslægjum*.
- Englahjal** (n, hk) Tal engla. „Það var víst ekkert englahjal, sem þeir fengu að heyra þegar heim kom“!
- Englahland** (n, hk) *Lappunnt kaffi vinnkonuvatn; nærbuxnavatn; englahland*. „Bölvæð englahland er þetta nú“! Einnig *vinnkonuvatn* og *nærbuxnavatn*. Annarsstaðar heyrðist notað orðið „englapiss“.
- Engu/öngvu að síður** (orðtak) Samt; þrátt fyrir það. „Veðurútlitið var ekki sem best. Engu að síður var ákveðið að leggja af stað“. „En ég vissi að Jón þurfti engu að síður að drekka þegar hann kæmi upp, svo ég stillti mig um að ljúka úr flöskunni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Engu/öngvu bættari / Einhverju bættari** (orðtök) Ekkert/eitthvað betur settur. „Ég veit að ég kemst niður á þessa hillu en ég er engu bættari með það, með að komast í flesið“. „Þessi ríkissjórn er búin að vera ferleg, en skyldi maður verða einhverju bættari með þá næstu“?
- Engu er spillt þó reynt sé / Ekki spillir að reyna** (orðtök) „Það spillir engu að reyna þetta“.
- Engu/öngvu lagi líkt** (orðtak) Ekki líkt neinu; *ekki laginu líkt*. „Þessi skattheimta er náttúrulega engu lagi lík“!
- Engu tauti við komandi** (orðtak) Engar fortölur duga; ekki hægt að telja hughvarf. „Ég reyndi að vara þá við ófærðinni, en það var engu tauti við þá komandi“.
- Engu til sparað** (orðtak) Ekkert sparað; miklu kostað til /fórnað. „Engu var til sparað að gera þessa veislu sem glæsilegasta“.
- Engum/engvum/öngvum blöðum um það að fletta** (orðtak) Ekki hægt að efast um; fer ekki á milli mála. „Það er öngvum blöðum um það að fletta; hér hafa verið gerð meinleg mistök“! Líkingin vísar til lögbóka.
- Engum er alls varnað** (orðatiltæki) Allir hafa einhverja mannkosti til að bera; *enginn er alvondur; skinn er undir þá skarn er af þvegið*.
- Engum er bót í annars böli / Engum er þægð í annars óförum** (orðatiltæki) Enginn er betur settur þó öðrum gangi illa.
- Engum er láandi þó hann beri hönd fyrir höfðuð sér** (orðatiltæki) Ekki skal áfellað mann sem þarf að verja sig, þó hann beiti harkalegum aðferðum við það.

Engvan (fn) Fornafnið „enginn“ var beygt á þrjá vegu í Kollsvíkinni; „engan“ (alg. í seinni tíð), „engvan“ og „öngvan“ (algengt áður). „Þetta tókst, en þá hét ég því að láta engvan mannlegan mátt teyma mig í brattlendi!“ (IG; Sagt til vegar I).

Enn bólar ekki á Barða / Ekki bólar enn á Barða (orðartilteki) Enn kemur ekki sá sem búist er við. Talið vísa til þess tilviks úr Heiðarvígasögu að Borgfirðingum þótti dragast að Barði Guðmundsson kæmi suður um heiði til hefnda. Önnur skýring er í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, um skessuna Kötlu sem drekkti piltinum Barða í sýrukeri, en trylltist er hún sá örla á hann á útmánuðum. Sjá orðtakið *bryddir á Barða*.

Enn í dag (orðtak) Ennþá. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru og enn í dag hafa menn gaman af að rifja það upp...“ (PG; Veðmálið).

Enn ofar moldu (orðtak) Enn á lífi; ekki dauður enn. „Ætli ég reyni ekki að láta þessar árans stofnanir vita af mér meðan ég er enn ofar moldu“.

Enn og aftur (orðtak) Aftur; *eina ferðina enn; aftur og aftur; hvað ofaní annað*; ítrekað. „Enn og aftur er þessi hópur kominn í túnið“!

Enn sem áður / Enn sem fyrr (orðtök) Ennþá. „Fiskurinn gengur á Kollsvíkina enn sem áður, þó þar fái hann núna frið fyrir færum vermannna“.

Enn um sinn (orðtak) Nokkuð framvegis; í einhvern tíma í viðbót. „Ætli maður verði ekki að notast við það sama enn um sinn“.

Enn þann dag í dag (orðtak) Ennþá; enn í dag. „Enn þann dag í dag minnst menn þessara tíma með söknuði“.

Ennisbrúskur (n, kk) *Brúskur*; loðinn blettur efst á enni sauðkindar, misjafnlega áberandi milli einstaklinga.

Ennisvipur (n, kk) Andlitseinkenni sem mótast af enni. „Hann er með ennisvipinn föður síns“.

Ennnú (ao) Ennþá; enn og aftur. „Ennnú ætla þeir að hækka skattana“! „Ennnú rignir hann“. „Sumir eiga hefyr ennnú lengur, þó innistaða verði fram úr því...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Enska öldin / Enskir fiskimenn Enska öldin er oft notað sem heiti á því tímabili þegar Englendingar sigldu sem mest til Íslands til fiskveiða og verslunarferða. Þetta tvennt fór reyndar saman að einhverju leyti, þar sem sum fiskiskip voru einnig fljótandi verslanir. Ástæða þessara löngu veiðferða var sú að fiskneysla hafði aukist mjög í Englandi á 12.-13. öld og hélt sú þróun stöðugt áfram þegar uppskerubrestur varð með kólnandi tíðarfari. Jafnframt minnkaði afli í Norðursjó og skreiðarsala Norðmanna nægði ekki að fullnægja eftirspurn. Eftir að Englendingar uppgötvuðu hin gjöfulu fiskimið hér og framfarir urðu í smíði úthafsskipa leituðu þeir hingað til að anna sinni fiskneyslu. Viðskipti stunduðu þeir jafnframt í einhverjum mæli. Mest var um verslun Englendinga hér eftir að siglingar frá Noregi lögðust af að mestu, eða frá ca 1412, og til 1475 þegar Dönnum tókst að mestu að hindra verslun þeirra hér, og verslun Hansakaupmanna tók við. Fiskveiðar Englendinga hér við land stóðu þó með blóma mikið lengur, eða framyfir 1528. Englendingar keyptu héðan skreið, vaðmál, brennistein o.fl. í skiptum fyrir klæðaefni, mjöl, bjór, vín og annan varning. Enskir fiskimenn voru hér fjölmennir; líklega um 8000 manns á um 400 skipum þegar mest var. Þeir áttu ýmis friðsöm viðskipti við landsmenn; keyptu af þeim sokka, vaðmál og fleira í skiptum fyrir t.d. veiðarfæri og annað. Líklegt má telja að þeir hafi átt töluverð viðskipti við Kollsvíkings og þeirra sveitunga, enda þurftu þeir oft að leita landvars í brælum. Má t.d. leiða að því líkum að Kollsvíkings hafi keypt af þeim lóðir, sem þá voru nýjung í veiðitækni hérlandis. Þriðji flöturinn á viðskiptum Íslendinga og Englendinga eru svo *fríbýttarar* (sjá þar), sem stöku sinnum fóru með ránum á verslunarplássum og höfðingjasetrum. (Heimildir m.a.; Helgi Þorláksson; Sjórán og siglingar 1999 og JÞÞ; Sjósókn og sjávarfang). „Engin áhöld virðast um það að Englendingar hafi fyrstir manna hafið fiskveiðar við Ísland, og þar með veiðar á fjarlægum miðum; a.m.k. svo að í nokkrum mæli væri“ (JÞÞ; Sjósókn og sjávarfang).

Enskur saumur Sérstök tegund útsaums. „Svo var áhald sem margar konur áttu sem hét perm. Það var rennt úr beini; a.m.k. það sem ég á (mynd), og notað til að gera göt þegar saumaður var svokallaður enskur saumur“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Epjast (s) Verpast; aflagast. „Gúmmískór eru ómögulegir í klettum. Þeir epjast í stað þess að ná festu“.

Epjngur (n, kk) Þjögun; aflögun; sveigja. „Það er einhver bölvauður epjngur kominn í borðið; það er ekki lengur beint“. „Getur verið einhver epjngur í þessu“?

Epladjú (n, kk) Eplapykkni; þykkur eplasafi til blöndunar. „Áttu nokkuð til lögg af epladjú“?

Er á meðan er (orðrak) Nýtist/stendur meðan það varir. „Ekki veit ég hvað lengi hann hangir þurr, eins og útlitið er núna. En er á meðan er; við þurfum að drífa eins mikið í hlöðu og mögulegt er“.

(Einhver) er ekkert nema (orðtak) Einkennist mjög af. „Hann er haldlaus þegar á reynir, þó hann sé ekkert nema gorgeirinn við stofuborðið heima hjá sér“!

Er ekki eins leitt og lætur (orðtak) Sjá *þykja ekki eins leitt og lætur*

Er hann (orðtak) Um leiki: Sá sem er „*klukkaður*“ í eltingaleik „er hann“: þ.e. þarf að elta hina og „klukka“.

Er mér nær/næst að halda (orðtak) *Liggur mér við að halda*; held ég næstum því. „Mér er næst að halda að þig hafi bara verið að dreyma; hér er öngvar kindur að sjá“!

Er nokkuð tíðinda/títt? / Hvað er títt? (orðtök) Algeng ávarpsorð þegar menn hittast; spurt/innt tíðinda/frétta.

Erði (n, hk) Þung byrði; þyngsli. „Aðstoðaðu mig við að lyfta trénu; þetta er firnamikið erði“.

Erfa (s) A. Fá arf/eignir. B. *Erfa við* (sjá þar). „Ég er ekkert að erfa þetta“.

Erfa við (orðtak) Bera hefndarhug til; vera sár vegna misgjörða. „Þetta er ágætisdrengur; ég get ekki verið að erfa það við hann þó þetta smáatvik hafi komið uppá“.

Erfðafesta / Erfðafestujörð / Erfðaóðal (n, kvk/hk) Jörð sem leigð er á þann hátt að ekki er unnt að segja leigunni upp. Leigurétturinn er bundinn leigjanda og gengur til erfingja líkt og um eign væri að ræða.

Erfðasynd (n, kvk) Synd/glæpur sem færir böf yfir margar kynslóðir. Oftast notað í afleiddri og léttúðugri merkingu. „Engin er það nú erfðasynd þó búkurinn leysi vind“! „Þegar hann kom niður, frá því að hreinsa skorsteininn, var hann svartur í framan eins og erfðasyndin“.

Erfiði / Erfiðismunir / Erfiðisvinna (n, hk/ kk, fto) Strit; mikið vinnuálag; átök; fyrirhafnarsamt verk. „Þetta kostaði okkur þó nokkuð erfiði“. „Með erfiðismunum tókst okkur að velta bjarginu framaf vegkantinum“. „Þeir *geta trútt um talað* sem aldrei hafa snert á nokkurri erfiðisvinnu“! „Jafnan var þess gætt heima, að ofbjóða ekki unglíngum með erfiðisvinnu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Erfiðleikum bundið (orðtak) Erfitt; vandasamt. „Það var nokkrum erfiðleikum bundið að sækja bjargferðir frá Kollsvík. Bjargferðin bygjaði með 5 klst lestarferð yfir fjöll...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Erfiður á skapsumum (orðtak) Uppstökkur; þungur í skapi; ofstopafullur.

Erfiður/þungur eftirróðurinn (orðtak) Eftirróður er það að róa á eftir öðrum bát, en kjalsogið getur torvelað hann. Notað í líkingamáli um erfiðleika við að vinna mál/ ná markmiðum eftirá.

Erfitt að dæma í eigin (sjálfs sín) sök / Enginn er dómbær á/um eigin verk (orðtak) Enginn getur séð eigin verk með sömu augum og aðrir.

Erfitt (er) að gera svo öllum líki / Enginn gerir svo öllum líki (orðatiltæki) Gegnsæ og mikið notuð speki.

Erfitt að gera (einhverjum) til hæfis (orðtak) Erfitt að gera svo einhverjum líki; *vandlátur*; *sérvitur*; *kræsinn*.

Erfitt/ekki á að ætla (orðtak) Erfitt að vita fyrirfram/renna grun í. „Það er erfitt á að ætla hvenær þeir koma“.

Erfitt/óhægt um vik (orðtak) *Umhendis*; erfitt í framkvæmd.

Erfitt veitist þeim er ekki kann (orðatiltæki) Auðskilin speki; þeim gengur erfiðlega að vinna verk sem ekki kann aðferðina til þess. Einnig haft þannig; *illa gengur þeim er ekki kann*.

Erfitt viðureignar (orðtak) Erfitt að fást við. „Tuddinn var dálítið erfiður viðureignar“.

Ergelsi (n, hk) Það að vera argur. „Þetta er komið út hreint í ergelsi hjá stjórnarandstöðunni“.

Ergelsisraus (n, hk) Nöldur/kvartanir/skammir í ergelsistóni. „Það þýðir ekkert að vera með svona ergelsisraus; þú verður að koma með rök fyrir þínu máli“!

Ergelsistönn (n, kk) Yfirbragð þess sem sagt er, þegar það byggir á þrasi og nöldri fremur en rökræðu. „Það var kominn einhver ergelsistönn í minnihlutann á fundinum“.

Ergilegt / Ergjandi (l) Leiðinlegt; fer í taugar; vonbrigði. „Það er ergilegt að þetta skyldi fara svona“.

Ergilegur andskoti (orðtak) Áhersluorð um það sem gengur í móti. „Það var ergilegur andskoti að ná ekki að taka upp strengina á Bótinni fyrir bræluna; þetta verður *kjafthfullt* af skít í næstu vitjun“.

Erinda (s) Fara og gera/framkvæma fyrirfram ákveðna hluti/erindi. „Hann sagðist eitthvað þurfa að erinda meira í kaupstaðnum áður en hann leggði af stað“.

Erindisleysa (n, kvk) Um ferð sem farin er án árangurs; í tilgangsleysi. „Ég fór í erindisleysu þegar ég reyndi að falast eftir þessu hjá honum“. „Við erum búnir að sigla langan veg í tómri erindisleysu, sýnist mér“.

Erindreki (n, kk) Umboðsmaður; kynningarfulltrúi. „Á eftir sýndi erindreki Sambands Íslenskra Samvinnufélaga, Baldvin Þ. Kristjánsson, kvikmyndir“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Erja (s) Erfiða; puða; vinna. „Hittir hann bónda og spyr hver sá maður sé sem erji þar við taðkvörn, þegar allir aðrir dragi fisk úr sjó“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Erkibiskup (n, kk) Sá embættismaður kaþólskrar kirkju sem stendur páfa næst að völdum. Fyrir siðaskipti heyrði íslensk kirkja undir vald erkibiskupa sem fyrst sátu í Brimum til 1104, síðan í Lundi til 1153 og síðast í Niðarósi fram að siðaskiptum. Siðasti kaþólski biskupinn, Jón Arason, útnefndi sjálfan sig erkibiskup, en hans haus var ekki lengi við herðar fastur eftir það.

Erkihálfviti/ Erkiþfl / Erkiþjáni / Erkiþlón (n, kk/hk) Mjög heimskur; víðáttuhálfviti. „Erkiþfl getur maðurinn verið“!

Erkiheimska / Erkiþvitleysa (n, kvk) Víðáttuheimska; alger vitleysa. „Það var auðvitað frámunaleg erkiheimska að ætla sér að reka kindurnar upp á þessum stað; það hefði aldrei gengið“!

Erkilygari / Erkiþrjótur (n, kk) Mjög lyginn maður; lygalaupur; ósvífinn maður. „Maður veit aldrei hvað kemur rétt frá þeim erkilygara“!

Ern (l) Unglegur/hress miðað við aldur; *ber aldurinn vel*. „Hann er enn mjög vel *ern* þó kominn sé á gamalsaldur“.

Erþingur (n, kk) Vindingur, t.d. í viði þegar hann þornar o.fl. „Það er erþingur í öskjunni, svo hún lokast illa“.

Errinn (l) Argur; pirraður. „Hann er *misdægur*, en kappsamur og stundum errinn þegar honum gengur miður en honum líkar“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Errilaus (l) Sem ekki er err í. „Allajafna var aldrei gripið í spil í errilausum mánuðum í Kollsvík“. „Oft kom það fyrir (í landlegum í Verinu), þótt ekki væri err í mánuðinum, að menn tóku upp spil sér til dægrestyttingar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Ertingur (n, kk) Erting; piringur; ónot. „Það er einhver bölváður ertingur hálsinum á mér ennþá“. Jafnan í karlkyni þar vestra en ekki kvenkyni, eins og annarsstaðar tíðkaðist.

Ertinn (l) Um mann sem er gjarn á að erta/espa aðra menn upp. „*Honum er jafngott af* þó hann *fái til tevatnsins*. Hann verður þá kannski ekki svona ertinn á næstunni“.

Ertni (n, kvk) Stríðni; hrekkir. „Ykkur getur *hefnst fyrir* það að vera með þessa ertni við karlinn“.

Ertu eitthvað verri?! (orðtak) Upphrópun þegar t.d. uppástunga þykir fráleit.

Ertu frá þér? (orðtak) Þetta er fráleitt; ertu bilaður? „Ertu frá þér? Þú mátt ekki hella sjóðandi vatni í glasið“!

Espa upp (orðtak) *Æsa/spana upp*; ögra. „Vertu nú ekki að espa karlinn upp; hann er svo *fljóttillur*“.

Etja á (orðtak) Siga á; hvetja til áhlaups. „Ég atti hundinum á túnrollurnar“. „*Fíflinu skal á foraðið etja*“.

Etja kappi við (einhvern) (orðtak) Keppa við einhvern; deila við einhvern. „Ég ætla ekkert að etja kappi við þig um þetta, því þetta veit ég“!

Etja saman (orðtak) Hvetja til átaka/slagsmála. „Það er ekki *gustuk* að etja þessum áflogahundum saman“.

Eyddur í hafið / Eyddur til hafsins (orðtak) Skýjabakkinn í norðri er horfinn: „Hann er orðinn algjörlega eyddur til hafsins“. Þau *umskipti* voru oftast ávísun á það að norðanátt væri *gengin niður* og því jafnvel von á sunnanáttum með *vætutið* og *öþurrki*. Sjá einnig *bakki í hafið*.

Eyða og spenna (orðtak) Bruðla. „Kerlingin sér um að eyða og spenna þeim aurum sem karlinn stritar fyrir“.

Eyðilagður (l) A. Um hlut; skemmdur; ónýttur. B. Um manneskju; niðurbrotin; í áfalli; *í öngum sínum*. „Hún var alveg eyðilagð yfir að komast ekki í afmælið“.

Eyðileggingarárátta / Eyðileggingarnáttúra (n, kvk) Sá ósiður að eyðileggja hluti að ástæðulausu og án tilgangs; *vandalaháttur*; *ribbaldaháttur*; *skemmdarstarfsemi*. „Það er furðuleg eyðileggingarárátta að brjóta rúður allsstaðar þar sem enginn sér til“. „Sumir eru illa haldnir af eyðileggingarnáttúrunni“.

Eyðist það sem af er tekið (orðatiltæki) Gegnsætt og mikið notað orðatiltæki.

Eyður (n, kvk, fto) A. Auð/snjólaus jörð að hluta. „Það eru víða komnar eyður eftir þennan hlýindakafli“. „Það skal tekið fram skoðun lét ég dragast; mest vegna þess að tíðin hefur verið svo góð; sífelldar eyður og hvergi farið að taka lömb á gjöf ennþá“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924). B. Vöntun á stöku stað. „Hann skildi eftir eyður í fundargerðinni fyrir nöfn þeirra sem kjörnir voru“. „Þegar kom framá vertíðina voru hjá sumum komnar eyður í kostinn“.

Eyðslukló / Eyðsluseggur (n, kvk) Manneskja sem helst illa á fjármunum; eyðslusöm manneskja. „Hann kvartar yfir því að ráðskonan sé óttaleg eyðslukló“.

Eyglótt (l) Litur á sauðfé; hvítt en svartir blettir kringum augun; annað eða bæði. „Egill átti eyglótta kind sem nefndist Eygla, en móðir hennar var Lífjög sem mikil, væn og litskrúðug ætt var kominn af“.

Eygt (l) Um egg; farin að myndast augu. „Sum eggjin voru stropuð, og tvö sá ég sem voru orðin eygð“. Orðið sést ekki í þessari merkingu í orðabókardæmum, en er þekkt sem lýsing á augnsvip og um göt/holu í efni. Sjá *grúeygt/koleygt*.

Eygja (s) Sjá; koma auga á. „Ég eygi enga möguleika á þessu alveg á næstunni“.

Eyglótt (l) Um lit á sauðfé; Hvítt á bók og höfuð en með dökkum lit í kringum augu; *misáberandi*.

Eyjólfur hressist (orðtak) Ástand batnar/lagast. Haft með ýmsu móti; „Hver veit nema að Eyjólfur hressist“; „aldrei að vita nema að Eyjólfur hressist“. Ýmislegt er á reiki um uppruna orðtaksins, sem orðið er landlægt og nokkuð notað í Kollsvík. Ein sagan er sú að Eyjólfur þessi hafi verið hákarlaskipstjóri í Arnarfirði.

Eykt (n, kvk) Þriggja klukkustunda skeið á ákveðnum tíma hvers sólarhrings. Að fornu íslensku tímatali, sem notað var að nokkru framá 20. öld, var sólarhringnum skipt upp í átta tímabil; eyktir, en skilin milli þeirra eru eyktamörk. Tímabilin voru; Miðnætti (hófst kl 24.00); ótta (3.00); miður morgunn /rismál (6.00); dagmál (9.00); hádegi (12.00); nón (15.00); miður aftann /miðaftann (18.00); náttmál (21.00). Tilgáta er um að rót orðsins „eykt“ sé sú sama og „eyki“, og orðið „eykur“, um dráttardýr. Ekki er þó ósennilegra að stofninn sé að „auka“. Sólin „eykur við“ liðinn tíma með gangi sínum; bætir við einni eykt eftir aðra.

Eyktarmark (n, hk) A. Tími sólarhrings á mótum tveggja eykta. B. Staður sem við eru miðaðar eyktir dagsins að fornu, þegar sólina ber þar yfir. „Tvær gamlar vörður eru hér sem voru eyktamörk. Önnur heitir Nónvarða og er á Hjallabruninni þar sem sól ber í hana um nónlætið (kl. 3 síðdegis) frá Grundum. Hin er Hádegisvarða sem stendur við Hádegisskarð sem er smáskarð í Hjallana í hádegisstað frá gamla bænum á Láganúpi“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).

Eykur sjó/báru (orðtak) Sjólag versnar. „...jafnsnemma leggur norðan kisur heim úr Blakknum og eykur norðan báru. (KJK; Kollsvíkurver).

Eyma (s) Gera aumari. „Vertu nú ekki að eyma strákinn með því að vorkenna honum of mikið“!

Eymd (n, kvk) Aumingjadómur; vesalmennska, sárafátækt. „Tel ég þér til þrifa fátt;/ þína giftu kléna,/ ef þú sakir eymdar mátt/ eigi telpu þéna“ (JR; Rósarímur).

Eymd og volæði (orðtak) Aumingjadómur; vesöld; vonleysi. „Eitthvað verðum við að grípa til bragðs; ekki dugir að leggjast bara í eymd og volæði“.

Eymdargól (n, hk) A. Aumingjalegt væl/spangól t.d. hunds. B. Lýsing á slæmri tónlist.

Eymdarhokur (n, hk) Búskapur við mikla fátækt. „Margir flosnuðu upp frá sínu eymdarhokri inn til landsins í mestu harðindunum og leituðu þangað sem helst var bjargar von; í verin“.

Eymdarvæl (n, hk) A. Aumlegt væl; barlómur. „Það er ástæðulaust að hafa uppi eitthvert eymdarvæl“! B. Heiti sem sumt fólk hefur um tónlist eða málflutning sem því vellur ekki í geð.

Eymdin uppmáluð (orðtak) Mikil eymd/fátækt; mikil bágindi/harðindi. „Það var andskotann enginn afli; sama hvar borið var niður: Bara eymdin uppmáluð“!

Eymingi (n, kk) Aumingi; *armingi*. „Þetta er nú óttalegur eymingi“.

Eymsli (n, hk, fto) Aumur staður; sársauki. „Ég er með einhver árans eymsli í bakinu eftir byltuna“

Eymunatið / Eymunatiðarfar (n, kvk/hk) Einmunatið; einmunatiðarfar; tímabil einstaklega góðrar veðráttu. Oftar voru notuð orðin „einmunatið“ og „einmunatiðarfar“ en þetta heyrðist einnig, enda merking sú sama.

Eyrrarferð (n, kvk) Ferð víknamanna í kaupstaðinn á Vatneyri (Patreksfirði). Einnig talað um *kaupstaðarferð*, og í seinni tíð að *fara á Patró*.

Eyrvinnna (n, kvk) Verkamannavinna sem býðst í fiskiþorpi. Fólk úr sveitum Rauðasandshrepps hefur alltaf leitað nokkuð í eyrvinnu á Patró, t.d. við fiskverkun, löndun, útskipun eða annað.

Eyrir (n, kk) A. Verðeining; 1/100 úr krónu. Þar sem verðgildi krónu hefur sveiflast mjög frá einum tíma til annars er eyrir ekki alltaf í notkun. (Ft; aurar). B. Þyngdareining á fyrri tíð. Einn eyrir jafngilti 27 grömmum á tímabilinu frá um 1300 til 1618, en 31 eftir það. Eyrir jafngilti 3 örtugum, og 8 aurar voru í einni mörk. Á tímum vöruskiptaverslunar jafngilti þyngd verðmætum, og eyrir varð verðeining.

Eyrisvirði (n, hk) Eins eyris virði. (Eyrir = aur). „Kotið er nú varla eyrisvirði ef karlinn selur frá því fullvirðisréttinn“!

Eyrisvöllur (n, kk) Flatareining að fornu; 30 faðmar á kant. Góður sláttumaður átti að geta slegið fjóra til sex eyrisvelli á einni viku. Einn og hálfur eyrisvöllur, í góðri rækt, var talinn gefa af sér eitt kýrfóður.

Eyrnalangur (l) Um þann sem heyrir meira en honum er ætlað. „Við skulum ekkert ræða þetta meira hér í sveitasímanum; sumir eru svo andskoti eyrnalangir stundum“!

Eyrnamark (n, hk) Skurðir og afskurðir (ben) í jaðra á eyrum búfjár, einkum sauðfjár; til sönnunar á eignarhaldi. Benin eru með stöðluðu lagi og á hver bóndi sína samsetningu þeirra. T.d. var eyrnmark Guðbjartar á Láganúpi (eldri og síðar yngri) „stýft bæði og gagnbitað hægra“, en mark Halldóru á Grundum (og síðar VÖ) var „sneitt aftan og biti framan vinstra“. „Eyrnamörk sem leyfilegt er að nota innan sýslunnar eru þessi: Biti, blaðstíft, fjöður, gagnbitað, hamrað, hálf af, heilrifað, hófur, hvattrifað, lögg, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, sýlt tvíbitað, tvífjaðrað, tvístýft“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). Þessu til viðbótar voru til mörkin miðhlutað, hangfjöður og vagl. „Kostur er að eiga glöggt mark sem fer vel á eyra og

særir lítið. Andskotunum er eignað markið: Þrírifað í þrístýft og þrettán rifur ofaní hvatt. Afeyrt var það kallað þegar eyrað var skorið af kindinni niður við hlust. Það mark var eignað biskupsstólunum, en var sumsstaðar kallað þjófamark“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Ekki má eta eyrnamark af sviðahausum og ekki skera eyrun af fyrir neyslu því þá er maður eða verður sauðapjófur, segir þjóðtrúin. Þeim reglum var ávallt fylgt í Kollsvík, líklega þó fremur til að heiðra forna hefð. Sjá *mark*.

Eyrnamerki (n, hk) Merki sem sett var í eyra sauðkindar, oftast sem lambs, um leið og *markað* var. Þessi merki voru löngum úr áli. Þau voru heimagerð úr löngum álstrimli sem klipptur var niður; á þau var stimplaður tölustafur í hlaupandi talnaröð og síðan var strimillinn beygður í hring eða (í Kollsvík) í aflanga baulu. Gert var gat í eyrað með *gatatöng*; merkið opnað; því smeygt í eyrað og síðan klemmt aftur. Síðar komu plastmerki sem keypt voru með ástimplaðri talnaröð; bæjarnúmeri og í svæðislit. Þau voru ýmist þrædd í eyrað gegnum gat eða sett í með sérstakri töng. Merkisnúmer hvers lambs var skráð í *ærbók* og notað m.a. þegar valið var til ásetnings eða til mats á afurðum.

Eyrnaníð (n, hk) Óþolandi hljóð/hávaði/tónlist; það sem illbærilegt er að hlusta á. „Slökktu nú á þessu andkotans eyrnaníði; það er merkilegt að einhverjir skuli kalla þetta tónlist“!

Eyrnaskítur (n, kk) A. Eyrnamergur. B. Slæmska/verkur/bólga í eyrum. „Ég þarf að hafa góða húfu; það hefur einhver eyrnaskítur verið að hrjá mig í dag“.

Eyrnaspæll (n, kk) Eyrnahlíf á húfu; speldi sem áfast er húfunni en nær niður yfir eyrun. Í þau er oftast fest hálsólum/reimum.

Evsustraumur (n, kk) Harður straumur; hart sjávarfall. (Stofninn líklega „að ausa“; ausandi straumur; VÖ). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

É-þátíðarending Í Kollsvík og nágrenni var yfirleitt notuð é-þátíðarending fyrir orð sem nútíð höfðu aðaláherslu á „í“. Þannig varð orðið „míga“ í þátíð „mé“ en sjaldnar „meig“, eins og reglan er í hinni flötu „reykvísku“ sem nú er landlæg. Stíga varð sté en ekki steig; hníga varð hné en ekki hneig. Hinsvegar var þetta ekki algilt. Þannig var t.d. „síga“ beygð „seig“ í þátíð; a.m.k. á síðari tímum þó annað hafi e.t.v. gilt áður.

Ég á (nú) eftir að sjá það / Ég er nú rétt farinn að sjá það! (orðatiltæki) Ég held að ekkert verði af því; ég trúi ekki á að af því verði. „Hann segist ætla að klára þetta í dag, en er er nú rétt farinn að sjá að það gerist“!

Ég á (nú bara) ekki (eitt einasta) orð! / Ég á ekki orð að segja/tala/ í eigu minni! / Ég á (nú) ekki krónu (með gati)! Ég á ekki (eina einustu) tölu! (orðtök) Upphrópanir í hneykslun/undrun. „

Ég er nú hræddur um það! (orðatiltæki) Áherslusetning, oft notuð í byrjun setningar, þannig að í framhaldinu komi „að“ og síðan það sem óttast er. Einnig notað sjálfstætt sem andsvar.

Ég gef það tröllunum (orðatiltæki) Um málefni/svar; ég legg lítið uppúr því; mér er alveg sama um það.

Ég geri við því / Ég geri ráð fyrir því (orðtök) *Ég hygg/ætla svo vera*; ég held það. „Ég geri ráð fyrir að þeir leggi til næga menn til að smala Víkurbotninn“. „Ég geri við því að þú hafir munað eftir að loka hliðinu“?

Ég get (svo) svarið fyrir (orðtak) Ég er öruggur/*handviss* um. „Ég get svarið fyrir það að þetta er kind en ekki snjóskafi“.

Ég hefði (svo) getað svarið fyrir (orðtak) Mér fannst sannarlega; ég var mjög viss um. „Ég hefði svo getað svarið fyrir það að þarna var stórlúða að narta í krókinn. Kannski hún *gefi sig til*“.

Ég held nú síður! (orðatiltæki) Neitandi upphrópun; nei alls ekki.

Ég hygg/ætla svo vera (orðtök) *Ég held það; ég geri ráð fyrir því*.

Ég kalla það gott ef... (orðtak) *Það má mikið vera ef..*; Mér finnst ótrulegt að..; „Það lítur nú ekki vel út með þurrheyskap í sumar; ég kalla það gott ef við náum í fulla fjóshlöðuna“.

Ég legg það (nú) (alveg) til hliðar! (orðatiltæki) Upphrópun eða viðkvæði sem oft var viðhaft þegar einhver sagði fréttir sem ekki þóttu trúverðugar eða vísuðu til ótrúverðugra fyrirætlana/ummæla. „Ég legg það nú alveg til hliðar hvað hann þykist ætla að framkvæma; hann hefur ekki verið svo framkvæmdasamur *til þessa*“!

Ég líki því ekki saman (orðatiltæki) Viðhaft þegar lýst er samanburði, t.d. gæðamun. „Ég líki því ekki saman hvað þessi úlpa er hlýrri en hin“! „Veiðin er miklu minni nú en í fyrra. Ég bara líki því ekki saman“!

Ég læt það (alveg) vera! (orðatiltæki) Tvær ólíkar merkingar, vanalega sín tóntegund og áhersla fyrir hvora. A. Upphrópun; mér ofbýður; nú gengur yfir mig. Oft með áherslu á endaatkvæðum og snjöllum tón. B. Andsvar; ekki mikið; engin ósköp. Oft í mildum tón og með áherslu á miðatkvæði. Íðulega bætt orði/orðum: „Ég læt það nú alveg vera“.

- Ég segi fyrir mig (og mína parta) / Ég segi fyrir mína parta** (orðtak) *Frá mínum bæjardyrum séð*; það er mitt sjónarmið; mér finnst. „Þetta er alveg óásættanlegt, og ég segi fyrir mig og mína parta að ég tek engan þátt í svona vitleysu“!
- Ég segi nú bara það / Ég segi það nú bara** (orðatiltæki) Áherslusetning, notuð á eftir fullyrðingu; einkum ef fullyrðingin er nokkuð frökk/djörf. „Þetta er bara blóðugt óréttlæti; ég segi það nú bara“! „Og fjandinn hossi þeim svo fyrir þetta tiltæki; ég segi það nú bara“!
- Ég sel það ekki dýrara en ég keypti** (orðatiltæki) Ég segi söguna eins og ég heyrði hana; án þess að ljúga neinu. Oft notað í sveitaslúðrinu; þegar sagðar voru sögur af öðru fólki.
- Ég skal ekki fara með það / Ég skal ekki segja** (orðtök) Ég get ekki fullyrt það. „Ég skal ekki fara með það, en held það samt“. „Þetta er alveg hugsanlegt; ég skal ekki segja“.
- Ég skal (bara) segja þér/ykkur það!** (orðtak) Upphrópun; áherslusetning sem lýsir því að mælandi er annaðhvort stórhvinn eða mjög hneykslaður. „Hann náði að komast fyrir gemlinginn sem slapp! Ég skal bara segja ykkur það“!
- Ég skal þá hundur heita!** (orðtak) Svardagi/áherslusetning, oft með frekari skýringum/skilyrðum. „Ég skal þá hundur heita ef við náum ekki minnst tíu máfum úr þessum hópi“!
- Ég spyr nú ekki að!** Upphrópun; áherslusetning. „Alltaf ertu jafn artarleg; ég spyr nú ekki að“! Stundum er bætt „því“ fyrir aftan, og stundum er „nú“ sleppt. Stundum þannig; „ekki er að spyrja að því“.
- Ég veit ekki hvað og hvað** (orðtak) Ég veit ekki hvað meira; fjöldamargt fleira. „Þarna í skúffunni *ægði öllu saman*; þar voru hnífar, gafflar, skeiðar, sleifar, breddur og ég veit ekki hvað og hvað“.
- Ég ætla að eiga það við þig!** (orðtak) Þú verður; þú mátt alls ekki. Áherslusetning sem mikið var notuð framundir lok 20.aldar en heyrir lítt sem ekki síðan. „Þið megið skreppa aðeins norður í Á til brönduveiða strákar; en ég ætla að eiga það við ykkur að koma ekki heim rennblautir í fæturna eina ferðina enn“!
- Él** (n, hk) Snjócoma í fremur stuttan tíma með hléum á milli, en oft dimm og með hvassviðri. „Á uppsiglingunni hvarf bátur Dagbjartar í elínu og sást ekki framar“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Élja** (s) Gera él; setja yfir él. „Hann er farinn að élja fjári drjúgt“.
- Élja sig** (orðtak) Breytast úr samfelldri snjókomu í él. „Mér sýnist hann vera að élja sig eitthvað“.
- Éljadrög** (n, hk, fto) Snjóél sem sjást sem afmarkaðir klakkar í hægu veðri, líkastir brúðarslæðum eða marglyttum í straumi, í nokkurri fjarlægð. „Hann er með einhver eljadrög hér frammi á vikinni“.
- Éljagangur** (n, kk) *Gengur á með snjóéljum*. „Það er dálítill eljagangur, en ekkert að því að hleypa fénu út“.
- Éljahraglandi** (n, kk) Strjál snjócoma í hvössu veðri. „Við fengum bölvadan eljahraglanda alla leiðina“. Sjá *hraglandi*.
- Éljahrotti** (n, kk) Hörð él; eljaskítur. „Það gengur á með eljahrotta öðru hvoru en birtir inná milli“.
- Éljaleiðingar** (n, kvk, fto) Eljagangur, oftast í hægu veðri. „Hann er með einhverjar eljaleiðingar í suðrinu“.
- Éljaloft** (n, hk) Eljagangur, oft þannig mikil mugguél sjást án þess að úr þeim hafi enn snjóað verulega.
- Éljaskil** (n, hk, fto) Bjartara veður milli élja. „Hann fór í eljaskilunum og setti féð inn“.
- Éljaskítur** (n, kk) Hörð él; eljahrotti. „Hann ætlar að halda þessum eljaskít allan daginn“.
- Éljaveður** (n, hk) Veðráttá þar sem gengur á með eljum/snjóéljum.
- Éljóttur / Élóttur** (l) Eljagangur. „Hann er eitthvað að minnka ofankomuna og orðinn eljóttari, sýnist mér“. „Eitthvað er hann élóttur hér frammi á vikinni“. Notað jöfnum höndum; líklega upprunalegra án j.
- Éta** (s) Neyta matar. Sögnin að éta var einungis notuð um skepnur og ruddalega borðsiði, en aldrei um siðað fólk eins og nú er *plagsiður*.
- Éta af sér / Éta undan** (orðtök) Um vatnsfall/á/læk; bræða ís af yfirborðinu. „Áin var víðast búin að éta af sér, en við komumst yfir á ísbrú uppi í mýrunum“. „Gáðu vel í skurðina; þeir eru stórhættulegir þegar fer að étast undan í hlýjunni“.
- Éta allt sem tönn á festir / Éta allt sem að kjafti kemur** (orðtak) Um svengd; borða allt sem ætilegt er og við hendina. „Í mestu harðindunum át fólk allt sem tönn á festi og flyktist í verstöðvarnar í leit að bjargræði“.
- Éta andskotann uppúr súru** (orðtak) Blótsyrði; *fara í rass og rófu*. „Hann má þá éta andskotann uppúr súru fyrir mér; ég ætla ekki að *dekstra* þetta *kenjakvikindi* meira en orðið er“!
- Éta á sig gat** (orðtak) *Éta yfir sig*; borða meira en góðu hófi gegnir; *éta sér til óbóta*.
- Éta eftir** (orðtak) Apa/hafa/herma eftir; endurtaka. „Vertu nú ekki að éta eftir, bölvada vitleysuna úr honum“!

- Éta hver sitt** (orðak) Hafa hver sína skoðun þó deilt hafi verið. „Stundum rifust þeir bræður með miklum hávaða um eitthvað smáatriði, sem ekki virtist skipta miklu máli. Át svo hver sitt á eftir, og gat verið þykkja í nokkra stund. En yfirleitt var þetta *rokið úr* þeim á næstu mínútum“.
- Éta ofan í sig** (orðtak) Um það þegar maður þarf að viðurkenna að það sem hann sagði var rangt. „Hann þurfti að éta þetta allt ofan í sig aftur“. Uppruni orðtaksins kann að vera þessi: „Sagt er að í gamla daga hafi verið hegnt fyrir ljótan munnsöfnuð um náungann, uppnefni, lygar o.þ.h. Var sú hegning í því fólgin að hið ljóta baktal var skrifað á sköturoð og sá seki látinn standa í kórðyrum við messu og eta roðið framan í söfnuðinum. Kallað að eta ofan í sig“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Éta sér til óbóta / Éta yfir sig** (orðtök) Borða meira en maður hefur gott af; *éta á sig gat*. „Ég át mér til óbóta af ketsúpunni; hún var svo góð“. „Nú er maður alveg búinn að éta yfir sig“.
- Éta/naga sig sundur og saman** (orðtak) Vera á báðum áttum um; eiga erfitt með að taka ákvörðun. „Maður er svona að éta sig sundur og saman með það hvort eigi að fara að leita að honum strax, eða láta sjá aðeins“.
- Éta til þrifa** (orðtak) *Vinna vel að matnum*; borða það sem anans færi til spillis. „Ég er löngu orðinn saddur. Nú er ég bara að éta til þrifa“. Sjá *kroppa til þrifa*.
- Éta undan** (orðtak) Klaki á yfirborði vatns bráðnar neðan frá. „Það er orðið hættulegt að fara yfir ána; það hefur étið undan hér og hvar“.
- Éta upp** (orðtak) Klára mat/fóður. „Kýrnar hafa étið alveg upp það sem þær fengu fyrir mjaltir“.
- Éta upp eftir** (orðtak) Hafa eftir; endur taka. „Það er óþarfi að éta alla vitleysuna upp eftir honum“!
- Éta upp í skít** (orðtak) Haft um það þegar búfé étur vel það fóður sem gefið er; þannig að ekkert verður eftir nema spörð sem leynst hafa í því. „Þetta hey hefur verkast vel; féð étur það upp í skít“.
- Éta (einhvern) út á gaddinn** (orðtak) Borða allan matarforða einhvers. „Ég ætla nú helst ekki að stoppa svo lengi að ég éti ykkur út á gaddinn“. Vísar til þess að beita þurfti fé meira í haga, þegar ganga fór á fóðurbirgðir; jafnvel þó þar væri gaddur/*jarðbönn*. En einnig þess að fólk flosnaði upp og fór á vergang ef bú varð matarlaust. Sjá *gaddur*; *setja á guð og gaddinn*.
- Éta (einhvern) út úr/af húsi / Éta einhvern á húsgang** (orðtak) *Éta (einhvern) út á gaddinn*; borða allan matarforða einhvers, svo hann neyðist til að fara á *húsgang/vergang*. „Þú étur okkur varla ekki út á gaddinn þó þú fái þér matarbita með okkur“! „Ekki ætla ég að *setjast upp* og éta ykkur á húsgang“!
- Éta/borða yfir sig / Éta/borða sér til óbóta** (orðtak) Borða svo mikið að manni verði ómótt/ líði illa af ofáti. „Taktu nú egginn af borðinu áður en ég ét yfir mig af þeim“. „Nú er maður búinn að éta sér til óbóta“!
- Éta það/allt sem að kjafti kemur** (orðtak) Vera ekki matvandur; borða það sem fram er borið. „Vertu ekki að tína þetta úr matnum drengur; þú bara étur það sem að kjafti kemur og engin *genverðugheit* með það“!
- Éta það sem úti frýs** (orðtak) Éta skít, mold eða annað í stað matar. „Ef þú vilt þetta ekki þá geturðu bara étið það sem úti frýs“!
- Éta þurrt** (orðtak) Borða án þess að hafa viðbit eða eitthvað að drekka. „Ætlarðu að éta brauðið þurrt“?
- Étast upp** (orðtak) A. Eyðast og hverfa. „Fjandi eru þessi dekk fljót að étast upp“. B. Um fóður; verða étið. „Gefðu bara kálfunum það sem ekki ést upp hjá kúnum; þeir *snasa* eitthvað í það“.
- Éta það sem að kjafti kemur** (orðtak) Borða hvaðeina matarkyns sem í boði er; vera ekki matvandur. „Það þýðir ekkert að vera með neina sérvisku; hér étur maður bara það sem að kjafti kemur“!
- Éta þáttalega** (orðtak)óviss merking....(S.G. telur að það merki að borða ósiðlega; gófla í sig matnum) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Étast** (s) A. Vera étinn/borðaður. „Féð er *gírugt* í meltuna, en annars ést þetta fóður fremur illa“. B. Eyðast úr. „Það hafði étist svo mikið úr norðurbakka árinna að féð komst ekki uppá hann“.
- Étast upp** (orðtak) A. Eyðast af. „Fjandi eru þessi dekk fljót að étast upp“. B. Um mat/fóður; klárast. „Hákarlinn var fljótur að étast upp, enda var hann ári vel verkaður“.
- Éttu skít! / Éttu það sem úti frýs!** (orðatiltæki) Skammaryrði; myndlíking. Merkir nokkurnvegin; „þegiðu“ eða „Þú getur bara átt þig“.
- Faðmlangur** (l) Faðmur að lengd. „Ég fór í þessum faðmlanga spotta í lás niður í Sveldið, en pabbi hélt við“.
- Faðmsbreiður** (l) Faðmur að breidd. „*Galtastæðið* má vera um faðmsbreidd þína á kant“.
- Faðmstór** (l) Með víðan/stóran faðm. „Það duga sex *föng* þín á *garðann*; þú ert svo faðmstór“.
- Faðmstuttur** (l) Með þröngan/stutan faðm. „Það þýðir ekkert að hafa svona faðmstuttan mann í *fordagæslu*“!
- Faðmur** (n, kk) Lengdareining sem jafngildir 3 álnum, eða 167cm. Faðmur var lengst notað sem eining annarsvegar til sjós, t.d. varðandi dýpi, og varðandi bjargsig, t.d. vaðlengd.

- Fagnaðarefni** (n, hk) Gleðiefni; tilefni til að kætast. „Auðvitað er það fagnaðarefni þegar vel fiskast“.
- Fagnaðarfundur** (n, kk) Gleðilegt að hittast. „Ekki urðu minni fagnaðarfundir er þeir félagar komu heim“ (ÖG; Þokuróður).
- Fagnaðarsnauður** (l) Dapurlegur; vesæll. „Ósköp ert þú fagnaðarsnauður núna vinur. Er eitthvað að?“
- Fagurgali** (n, kvk) Blíðmælg; fláræði. „Ekki skorti fagurgalann fyrir kosningar, þó minna yrði úr efndum“.
- Faktor** (n, kk) Kaupmaður. Orðið var einkum notað á dögum selstöðuverslunarinnar dönsku eftir 1787, um verslunarstjóra danskra kaupmanna sem höfðu með höndum verslun á verslunarstöðum landsins, s.s. á Vatneyri. Sjá *selstöðukaupmaður*. Heitið hvarf að mestu úr notkun með auknu verslunarfrelsi. Það var yfirfært, í glensi, á kaupfélagsstjórana sem síðar komu, og gekk t.d. GJH stundum undir heitinu „faktorinn“. „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn,/ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því?“ ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Falast eftir** (orðtak) Leita eftir að fá; biðja um; *hafa ágrind á; anbefala*. „Ég falaðist eftir bátnum til kaups“.
- Falla að stöfum** (orðtak) Um hurð; falla í falsinn. „Stofuhurðin er undin og fellur ekki vel að stöfum“.
- Fala af / Fala útúr / Falast eftir** (orðtök) Vilja fá/kaupa af. „Ég falaði af/útúr honum þetta tæki en honum var sárt um það“. „Þeir föluðust eftir að fá þetta lánað, og ég taldi að það ætti að geta gengið“.
- Falda** (n, kvk) A. Um klæðnað; brydda; brjóta uppá; setja fald/borða á efni. B. Hafa/ setja upp höfuðfat (einkum hluta af þjóðbúningi). C. Um báru; hvítna. „Aðeins er farið að falda/falla úr báru“.
- Faldbúningur** (n, kk) Búningur íslenskra kvenna; kenndur við höfuðbúnaðinn sem var hár hvítur faldur. Elsti þjóðbúningur kvenna hérlendis og notaður við ýmis tækifæri af allra stétta konum frá því snemma á 18.öld og framyfir miðja 19.öld. Skiptist í fald, Treyju með kraga og klút, upphlut, skyrtu, pils, svuntu og handlínu.
- Faldur** (n, kk) A. Innábrot á jaðri fatnaðar. B. Hvítur höfuðbúnaður með íslenskum kvenbúningi; *faldbúningi*. C. Efsti hluti hárrar báru/brotsjóar. „Báturinn reis snöggt að framan, og stakk sér svo í gegnum fald bárunnar“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fall** (n, hk) A. *Sjávarfall*. „Þá var verið aðeins eitt fall, þ.e. milli *flóðs* og *fjöru*“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Það að detta. C. Málfræðileg staða orðs. D. Skrokkur af sláturfé/nauti. E. Það að vera komin að fæðingu/burði: „Konan var komin að falli“. F. Tilfelli: „Í öllu falli kem ég, þó óvíst sé um frúna“.
- Fall er farar heill** (orðatiltæki) Sú trú að óhapp í upphafi ferðar/verkefnis boði velgengni. Heill merkir heppni/hamingja í þessu sambandi.
- Falla** (s) A. Detta; hrasa; hrapa. „Það féll ekki dropi úr lofti þann daginn“. B. Líka við; Geðjast að. „Mér fellur ágætlega við nýja vinnumanninn“. „Hvernig fellur þér þarna?“ Gat stundum staðið sjálfstætt í sömu merkingu: „Strákar mínir hættið nú að rífast og látið ykkur falla“. C. Falla til; ske. „Um það leyti sem við áttum að mæta á skólanum féll engin skipsferð frá Patreksfirði til Þingeyrar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Falla að /Falla út** (orðtök) Um flæði og fjöru. „Það er betra að lenda þegar meira er fallið að“.
- Falla af/úr báru** (orðtak) Hvítna í öldum vegna þess að eykur sjó. „Er þá farið all mjög að herða vind og farnar að sjást fuglabringur á sjónum; þ.e. farið að falla af báru...“ (ÖG; Fiskiróður). „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið *norðurfall* á móti vindi. *Jók* það *báru* mjög fljótt, þannig að farið var að falla af báru og *sjá í hann hvítan*“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Falla af honum** (orðtak) Hvítna í báru. (JT Kollsvík; LK; Ísl. sjávarhættir III).
- Falla aldrei/ekki verk úr hendi** (orðtak) Vera sístarfandi/úðrandi. „Henni féll aldrei verk úr hendi“.
- Falla/detta allur ketill í eld** (orðtak) *Fallast hendur*; verða dolfallinn/lémagna við atvik. „Honum féll allur ketill í eld þegar traktorinn sökk upp að öxlum í seilinni“. Ketill/pottur hékk oft yfir hlóðaeldi áður fyrr, og vísar orðtakið líklega til þeirra óskapa sem orðið gátu ef hann féll í eldinn.
- Falla á** (orðtak) A. Gera *náttfall/áfall/dögg* á jörðu. „Það er þýðingarlaust að rifja meira í dag, það er farið að falla á“. „Við þurfum að drífa heyið inn áður en fellur meira á“. B. Um silfur/kopar; oxíderast.
- Falla á sjálfs síns/ eigin bragði** (orðtak) Hefnast fyrir slæmar ákvarðanir/gerðir. „Hann flýtti sér að leggja á undan öllum öðrum, en féll svo á sjálfs síns bragði þegar gerði norðangarð nóttina eftir“.
- Falla bölvanlega/illa/meinlega/miður** (orðtak) Vera illa við. „Mér féll bölvanlega við þá niðurstöðu“.
- Falla ekki/aldrei verk úr hendi** (orðtak) Vera aldrei iðjulaus; vera duglegur.
- Falla eins og flís við rass / Falla vel að** (orðtak) Passa mjög vel; flísfalla. „Þessi peysa fellur mér eins og flís við rass, Hún fellur betur að herðunum en eldri peysan“.

Falla ekki verk úr hendi (orðtak) Vera aldrei iðjulaus. „Hún er sívinnandi og virðist aldrei þurfa að hvílast. Jafnvel meðan á barneignum stóð má segja að henni hafi ekki fallið verk úr hendi“.

Falla ferð (orðtak) Ferð farin sem unnt er að nýta. „Ég beið fyrir sunnan eftir að ferð félli vestur“.

Falla frá (orðtak) A. Deyja; látast. „Hann féll frá um miðjan aldur“. B. Hætta við; skipta um skoðun. „Nú eru þeir loksins fallnir frá þessari árans vitleysu“.

Falla/fara/detta fyrir borð (orðtak) Á báti; falla útbyrðis.

Falla fyrir freistingu (orðtak) Láta freistast; gefa eftir fyrir löngun. „Við það að sjá þessa fallettu kjötbíta sem í skrínunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni“ (PG; Veðmálið).

Falla/detta í dúnalogn (orðtak) Komast alger kyrrð á það sem var fyrirgangur/hávaði/læti. Oftar er talað um að *detta í dúnalogn*.

Falla í geð (orðtak) Geðjast að. „Mér er nokk sama hvort honum fellur þetta vel eða illa í geð“!

Falla í (þá) gryfju (orðtak) *Verða hált á* tiltekinni freistingu/ tilteknum verknaði; *freistast til*. „Þarna hefur hann fallið í þá gryfju að leggja trúnað á slúður og sögusagnir“.

Falla í kramið (orðtak) Falla vel að; líka vel. „Þessi ákvörðun féll vel í kramið hjá krökkunum“.

Falla í ljúfa löð (orðtak) Um ósætti/deilur/misklíð; jafna sig; sættast. „Mér heyrir allt vera fallið aftur í ljúfa löð á milli þeirra“. Löð er gat í steðja, sem járnsmiður notaði til að móta t.d. nagla í réttan sverleika, með því að keyra smíðajárnstein í gegnum það. Járn sem rennur þétt en ljúflega í gegn, fellur í ljúfa löð.

Falla í nyt / Detta niður í nyt (orðtak) Um mjólkurkú; mjólka minna, t.d. vegna veikinda eða annarra atvika. „Hún hefur furðu lítið fallið niður í nyt frá burði“. „Það er hætt við að kýrnar detti niður í nyt við þessa fóðurbreytingu“.

Falla í ónáð (orðtak) Verða óvinsæll; verða fyrir gremju. „Mér er *nokk sama* þó ég falli í einhverja ónáð hjá þessum póttintátum“!

Falla í órækt (orðtak) Um tún; ræktun; garð; verða vanhirt. „Túnin eru öll fallin í órækt og hús lítills virði“.

Falla í skaut (orðtak) Fá; hlotnast. „Hann sagðist alls óverður þess heiðurs sem honum hafði með þessu fallið í skaut“. *Skaut* merkir kelta/fang, og er merking orðtaksins að fá upp í fangið.

Falla í slétt (orðtak) Um það þegar skefur svo miklum snjó með jörð að slétt sýnist þó mishæðótt sé. „,Það féll í slétt yfir allt af veðurofsanum og moldinni“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Falla í stafi (orðtak) Verða yfir sig hrifinn; verða *bergnuminn*. „Maður féll alveg í stafi yfir fegurðinni“. Líking við það þegar tunna fellur í sundur þegar hún losnar úr gjörðunum.

Falla/hníga í valinn (orðtak) A. Vera veginn í orrustu. B. Eingöngu nú í líkingamáli; falla frá; deyjja. „Líklega eru núna fallnir í valinn allir sem lágu við í verbúðum í Kollsvíkurvegi“. Sjá *valhoppa*.

Falla í yfirlíð/öngvit (orðtak) Fara í yfirlíð; missa meðvitund.

Falla niður á milli / Falla milli þils og veggjar (orðtak) Gleymast; týnast; *fara í útideyfu*. „Ég ætla ekki að láta þetta mál falla milli þils og veggjar“. Steinhlaðin hús voru oft þiljuð, en munir gátu fallið út af veggssyllunni, og voru þá milli þils og veggjar“.

Falla til (orðtak) A. Verða afgangss; vera fyrir hendi. „Hundurinn fær ýmislegt sem til fellur“. B. Um nyt kýr; aukast; *græða sig*. „Það er enn ekki farið að falla til hennar; enda ekki furða þegar svo stutt er frá burði“.

Falla til hugar (orðtak) *Þetta í hug; detta til hugar; koma í hug; koma til hugar*. „Ég var svo *grandalaus* að mér féll ekki einusinni til hugar að þetta gæti skeð“!

Falla/detta/velta um (orðtak) Falla alveg niður; falla flatt. „Fuglahræðan hafði fallið um koll“.

Falla úr báru (orðtak) *Skjóta í báru/fuglsbringur*; hvítna í báruvald. „Við fórum að huga að því að draga upp, þegar farið var að falla úr báru“.

Falla úr dagur (orðtak) Líða dagur án. „Það má helst aldrei falla úr dagur svo ekki sé vitjað“.

Falla vel (orðtak) Vera góðir vinir; koma sér vel saman. „Krokkunum fellur mjög vel hvoru við annað“.

Falla við (orðtak) Hrasa vegna. „Höggíð kom á bringuna á honum, svo hann féll við“.

Falla (vel) við (orðtak) Líka vel við; hafa góða tilfinningu fyrir. „Mér fellur ágætlega við nýja grannann“.

Falla þungt (orðtak) Þykja miður; verða sorgmæddur/leiður. „Honum féll það þungt að svona fór“.

Fallaskipti (n, hk, fto) Þegar sjávarfall gengur niður í eina átt og fer að falla í gagnstæða átt eftir *liggjandann*. Fiskur *gefur sig* gjarnan betur *til* í *liggjandann* en í fallið.

Fallast á (orðtak) Samþykkja; taka undir. „Ég féllst á að fara með honum að leita að kindunum“.

- Fallast á árar** (orðtak) A. Fara að róa; *taka til ára*. „Nú held ég að verði að fallast á árar og kippa aðeins“. B. Taka undir málflutning; *fallast á sveif með*.
- Fallast á sveif með** (orðtak) Taka undir með; hjálpa. Komið úr sjómannamáli; sveif merkir þarna líklega sama og ár eða stýrissveif. Merkingin er sú að maður hleypur til og hjálpar öðrum við að stýra/róa. „Ég held að ég verði nú að fallast á sveif með honum í þessu máli“.
- Fallast hendur/hugur** (orðtak) Lamast; verða verklaus af áfalli. „Þegar ég sá eyðilegginguna féllust mér hendur“. „Það þýðir ekki að láta sér fallast hugur þó á móti blási um tíma“.
- Fallega lætur hann** (orðtak) Oftast um veður; *heyrist* mikið á húsum. „Fallega lætur hann núna; það er mikið að hann rífur ekki gaflinn úr húsinu í þessum andkotans rokem“!
- Fallegur** (l) A. Friður; laglegur. „Þetta er virkilega fallegur bátur“. „Við það að sjá þessa fallegu kjötbíta sem í skrinunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni“ (PG; Veðmálið). B. Um lamb; vænt; vænlegt *til ölslu*. „Ég skal lofa þér fallegustu lífgimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið).
- Fallið í sinu** (orðtak) Um tún; þakið *sinu* eftir mikla sprettu um eitt eða fleiri ár án þess að slegið/nýtt sé.
- Fallin** (s) Um kýr sem komin er að burði. Þá má glöggst sjá að breytingar verða á *mölunum*; *malabandið* slaknar og þær verða innfallnari en venjulega. „Hún Skjalda er alveg fallin og ber trúlega á morgun“. Kýr getur verið hálfvallin; alveg fallin; fallin öðrumegin eða báðumegin.
- Fallinn í tóft** (orðtak) Um hús/bæ/verbúð; þak fallið, svo tóftin stendur eftir. „Allar verbúðir eru fallnar í tóft, og sumar sandi orpnar“ (KJK; Kollsvíkurveir).
- Fallitt** (ao) Gjaldþrota; *fara í þrot*. „Miklir fjármunir töpuðust þegar Milljónafélagið varð fallitt“.
- Fallstykki** (n, hk) Stórt stykki sem fallið hefur úr bjargi. „Ásgeir bóndi á Hvallátrum kastaði máli á eitt fallstykki er hann var á gangi undir Bjarginu...; lengd 150m, breidd 20m, hæð 120m“ (MG; Látrabjarg).
- Fals** (n, hk) Fláræði; undirferli; mjúkmæli. „Varaðu þig á karlinum; stundum er hann ekkert nema falsið“!
- Falsa** (s) Plata; lokka. „Ég reyni að falsa hann í þetta“.
- Falshefill** (n, kk) Handverkfæri; hefill með landi og fremur mjóu blaði; ætlaður til að taka spor í jaðar.
- Falskur** (l) A. Mannlýsing; undirförull; fláráður; lyginn. „Hann á það til að vera dálítið falskur, blessaður“. B. Um tónlist/söng; ekki í réttri tóntegund. „Flestir viðstaddir tóku undir söng í Breiðavíkirkirkju, og þessi óæfði kór hljómaði merkilega vel. En oftast var þó ein og ein fölsk rödd sem illa fylgdi hinum“.
- Falslaus** (l) Heiðarlegur; ólyginn. „Engan mann þekkti ég jafn hrekklausan og falslausan“.
- Falsrök** (n, hk, fto) *Tylliástæður*; gylliboð; lygar; *rökleysa*. „Þetta eru nú bara falsrök sem ekki fá staðist“.
- Falsvon** (n, kvk) Von sem ekki stenst; *tálvon*. „Það reyndist bara falsvon að hann myndi hlýna um páskana“.
- Falur** (n, kk) A. Um seglabúnað báta; reipið sem sprytsegl og fokka eru hífd upp með. Gegnir því sama hlutverki og dragreipi þversegla. B. Hólkurinn ofan blaðs á spjóti sem skaftið gengur í.
- Falur** (l) Fæst keyptur; til sölu. „Ég sagði honum að ég vildi kaupa af honum hrútinn ef hann væri falur“.
- Fanatískur** (l) Sanntúaður/einsýnn/ofstækisfullur á reglu; „Hann er fanatískur bindindismaður“.
- Familsjúrnal** (n, kk) Danskt tímarit sem löngum var keypt og lesið um sveitir vestra á 20.öld; Familiejournalen. „Hér eru þeir með ágætis læknisráð í Familsjúrnalnum“.
- Fanatískur** (l) Ofstækisfullur; stækur; róttækur í skoðunum; alger bindindismaður „Ég var fanatískur á vín áður en þetta gerðist. ... Viskiðið sem Áslgeir kom með hressi mann svo vel... að eftir þetta varð ég að minnsta kosti ekki fanatískur“ (Björgvin Sigurbj.son; Útkall við Látrabjarg).
- Fang** (n, hk) A. Það magn af heyi sem unnt er að taka í fangið til að gefa á garða; setja upp í galta eða hey o.fl. Dagsgjöf á garða var yfirleitt mæld í föngum, þó reyndar væru þau dálítið misstór eftir þeim sem gaf. „Ég gaf fimm föng á jötu í Melfjárhúsunum; féð hefur lítið haft úti í þessum jarðbönnum“. „Rifjað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi; í föng ef hey var blautt, annars lanir og að lokum galta; oftast kringlotta, þegar heyið var farið að þorna vel“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Mér fannst þetta leiðinlegt og erfitt, svo ég fór að stinga mér kollhnís niður alla brekku með föngin“ (IG; Æskuminningar). B. Framanverður líkaminn. „Við höfðum vindinn í fangið mestalla leiðina, og það tafði okkur töluvert“. C. Getnaður, einkum þegar rætt er um kýr. „Ég er ekki viss hvort hún Búbót er með fangi. Mér sýndist vera gangur á henni“.
- Fangafæði** (n, hk) Lélegur/óætur/naumt skammtaður matur. „Þessar pylsur finnast mér vera hálfgerð fangafæði“.
- Fangahús** (n, hk) Fangelsi; hús fyrir fanga. „Bygging sameiginlegs fangahúss hreppanna á Patreksfirði“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

- Fangalína** (n, kvk) Kolluband; festarlína; band í stefni báts sem notað var m.a. til að halda honum við land.
- Fangamark** (n, hk) Persónulegt tákn manneskju; upphafsstafir eða annað einkenni manns. Nafnið fangamark er dregið af því að menn merkja með því sín föng; þ.e. sínar eigur, muni, reka eða annað.
- Fangaráð** (n, hk) Heillaráð; neyðarúrræði. „...og var það þeirra fangaráð þegar gatan hvarf undir skaflinn að senda einn á undan til að finna hana hinum megin...“ (MG; Látrabjarg).
- Fangbragð** (n, hk) Handfesti/tak eins manns á öðrum; glímubragð; glíma. „Þeir tókust á, fangbrögðum“.
- Fanggæsla** (n, kvk) Manneskja, oftast kona, sem annaðist ýmis störf í landi í verum. Nefndist svo vegna þess að hluti starfa hennar var að gæta aflahluta og eigna sjómanna meðan þeir voru í róðri. „Víðast var etinn *soðfiskur* að lokinni aðgerð, en þá matseld annaðist einhver af áhöfninni eða *fanggæslan*. Víða átti hver vermaður sinn disk, fyrrum úr tré, sem soðningin var færð upp á, og átti hann sjálfur að sjá um þrif á honum“ (Frásögn ÓETH o.fl.) (LK; Ísl. sjávarhættir II). (Sjá *vermata* og *verskrína*.) Ekki sjást heimildir um að fanggæsla hafi starfað í Kollsvíkurveri á síðari tímum þess, þó svo kunni að hafa verið áður. Hinsvegar fengu vermenn ýmsa þjónustu hjá heimilum í Kollsvíkinni og gátu keypt þar mjólk og fleira.
- Fanir** (n, kvk, fto) A. Tálknop á fiski. B. Sá hluti flug- eða þakfjöldur á fugli sem ekki er leggur eða leggrót.
- Fannbarinn** (l) Þakinn snjó; snjóugur. „Í Hænuvík var okkur boðið til stofu; fannbörðum og snjóugum“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Fanndrífa** (n, kvk) Snjódrífa; áköf snjócoma. „Það sást varla útúr augum í fanndrífunni“.
- Fannfergi** (n, hk) Djúpir snjóar; mikil snjóalög. „Það er töluvert fannfergi á öllum heiðum eftir hretið“.
- Fannir** (n, kvk, fto) Mikil og þykk snjóalög. „...urðum við að velta böggunum yfir mestu fannirnar“ (BS; Barðstrendingabók).
- Fannkóf** (n, hk) Kóf; finkornaður og þéttur kafaldsbylur; skafmold. „Við sáum lítið í þessu fannkófi“.
- Fannkyngi** (n, hk) Mikil og samfelld snjócoma/*ofankoma*. „Skyldi þessu fannkyngi ekkert ætla að linna“?
- Fannþekja** (n, kvk) Samfelldur, tiltölulega sléttur snjór. „Fannþekjan hélt illa og var erfið yfirferðar“.
- Fans** (n, kk) Stór hópur/söfnuður; mikill fjöldi. „Það er kominn fans af fé *inná*, þarna norður á Melnum“. Sjá *fábjánafans*; *rollufans* og *túnrollufans*.
- Fanta knífur er fyrstur í smjör** (orðatiltæki) Ruddinn/frekjan ryðst oft framfyrir aðra þegar gott er í boði. Málshátturinn á rætur í þeim tímum þegar smjör var eftirsóttast matvæla, og dýrmætur gjaldmiðill.
- Fantalegur** (l) Ruddalegur; harðhentur. „Vertu nú ekki svona fantalegur við hann bróður þinn“!
- Fantaskapur** (n, kk) Slæm meðferð; ruddaskapur; meiðingar. „Þetta kalla ég bara fantaskap“.
- Fantur** (n, kk) A. Drykkjarkanna. „Réttu mér fantinn minn“. Þá var primus, kaffiketill, kanna og fantar til að drekka úr; blikkfata eða pottur til að sjóða soðninguna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). B. Fól. „Við réðum illa við bölvaðan fantinn“.
- Far** (n, hk) A. Mikil ferð á skýjum. „Það er far á skýjum í dag“ var sagt þegar ský fuku hratt í háloftavindum þó hægara væri við jörð. B. Miklar sveiflur í norðurljósum. „Það var trú áðurfyrr að mikið far á norðurljósum boðaði hvassviðri úr þeirri átt sem þau sáust í“. C. Skip; bátur. „...innan við tvítugt var hann orðinn formaður á eigin fari“ (ÖG; Míningargrein um AK).
- Far á skýjum / Far í lofti** (orðtök) Ský á mikilli hreyfingu fyrir vindi í háloftunum. „Það er mikið far í lofti; mér kæmi ekki á óvart að hann ætti eftir að hvesa meira“. Sjá einnig *rek á skýjum*.
- Fara á hausinn** (orðtak)
- Fara á sjó** (orðtak) Fara í róður; róa; leggja úr vör. „Eigum við ekki að nota sjóveðrið og fara á sjó í dag“?
- Fara bil beggja / Fara milliveginn** (orðtök) Velja meðalhóf/samningaleið; fara ekki í hið ítrasta. „Í svona deilumálum er oft best að fara bil beggja“.
- Fara í hár saman** (orðtak) Fara að rífast/slást heiftarlega. „Þeir þöldu hvor annan afskaplega illa og *ekki mátti orðinu halla* svo þeir færu ekki í hár saman“. Visar til þess að grípa í hár andstæðings í slagsmálum.
- Fara í kapp** (orðtak) *Reyna/þreyta með sér*; keppa; fara í kapphlaup. „Eigum við að fara í kapp niður að girðingunni“?
- Fara með mat í verið / Færa þeim í verinu** (orðtök) Heimamenn af bæjum í Kollsvík *lágu við* í verinu, líkt og aðkomumenn, og sinntu konur, gamalmenni og börn bústörfum yfir vertímann. Heimamönnum í verinu var færður matur að heimann, oftast af börnum sem tóku þá um leið fisk heim í soðið. „Þá var að fara með mat í verið; sækja fisk í soðið og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður“ (IG; Æskumíningar).

Fara með sig (orðtak) A. Þróast; gerast; verða. „Mér sýnist veðrið ætla að fara þokkalega með sig; hann er meira að segja að *rofa fyrir sól*“! B. Annast sjálfan sig. „Þú þarft að fara vel með þig meðan pestin gengur yfir“. „Það er ekki furða að skrokkurinn sé farinn að bila; eins og hann hefur farið illa með sig á vinnu“.

Fara rangt/rétt með (orðtak) Segja rangt/rétt frá. „Þetta gerðist ekki alveg svona; þú verður að fara rétt með“!

Fara spart með (orðtak) Vera nýttinn/aðhaldssamur/sparsamur. „Þetta fé gæti dugað nokkuð lengi ef spart er farið með“.

Fara vel/illa að ráði sínu (orðtak) Breyta vel/illa. „Ári fór hann illa að ráði sínu núna. Hann skildi negluna eftir í, þannig að nú er báturinn hálfullur af rigningarvatni“.

Fara að öllu með gát (orðtak) Fara mjög gætilega. „Ef átakið á lóðinni breyttist þegar leið á dráttinn var einhver annar stærri dráttur með; oftast lúða. Þá varð að fara að öllu með gát“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Fara (ganga) bónleiður til búðar (orðtak) Vera neitað um það sem um er beðið; vísað á bug. „Ég held að enginn hafi farið bónleiður til búðar þegar ferðamenn þurftu aðstoð, jafnvel gistingu“.

Fara að (orðtak) Bera sig til; nota aðferð. „Hvernig á ég að fara að þessu“? „Hvernig færi ég að án þín“?

Fara að fara (orðtak) *Búast til ferðar; hugsa/hyggja sér til hreyfings*. „Ættum við ekki bráðum að fara að fara“? „Ekki laga meira kaffi fyrir mig; ég fer að fara“.

Fara að koma lokin í (orðtak) Fer að ljúka; er að verða búið. „Mér sýnist að það fari að koma lokin í vertíðina hjá okkur ef veiðin glæðist ekki í næstu vitjun“.

Fara að óskum (orðtak) Fara/enda eins og óskað hefði verið eftir. „Þetta fór allt að óskum; féð heimtist allt“.

Fara (illa/vel/þannig/svona) að ráði sínu (orðtök) Breyta; gera; framkvæma. „Ekki dettur mér í hug að kjósa þá þingmenn sem fara svona að ráði sínu“! „Þarna fannst mönnum hann ekki fara hyggilega að ráði sínu“.

Fara að vonum (orðtak) Fara/enda eins og vænta hefði mátt. „Allt fór þetta að vonum, og eins og til var stofnað; traktorinn drap á sér í miðjum Vaðlinum, og ekillinn óð í land með sína flösku“.

Fara að sofa í hausinn á sér (orðtak) Fara að sofa; fara í háttinn. Oft sagt í ávítunartón við krakka sem vildu vaka: „Fariði nú að sofa í hausinn á ykkur strákar og hætta þessu *masi*“.

Fara af bæ (orðtak) Fara að heiman. Sjá *bregða sér af bæ*.

Fara af fötum (orðtak) Háttá sig. „Þegar hæst stóð sauðburðurinn fór hann vart af fötum allan sólarhringinn“.

Fara af stöfnum (orðtak) Fara með sig; ganga. „Við byrjum smátt og sjáum hvernig það fer af stöfnum“.

Fara/farast af slysförum (orðtök) Látast/deyja vegna slysa; t.d. drukknunar.

Fara af stöfnum (orðtak) *Ganga fram; ganga fyrir sig*; reiða af. „Við eigum nú alveg eftir að sjá hvernig þetta mál fer af stöfnum í atkvæðagreiðslunni“. Líklega dregið af hegðun báts í miklum sjó; þá skiptir miklu hvort báturinn ver sig; þ.e. hvort hann lyftir stafni upp á ölduna eða stingur sér í hana.

Fara aflaga (orðtak) Fara úr skorðum; bila; ganga úr sér. „Það þarf að laga það sem aflaga fór í veðrinu“.

Fara aftanað hlutunum (orðtak) Gera/byrja öfugt. „Það er nú að fara aftan að hlutunum að klórast fyrst laus niður og fá svo til sín vaðinn“.

Fara aftur (orðtak) Verða verri/lakari/veikari/ónýtari. „Mér finnst að honum sé heldur að fara aftur í söngnum“. „Mér er farið að fara verulega aftur í þessu; maður stirðnar með aldrinum“.

Fara afvelta (orðtak) Um kind; velta á bakið og komast ekki á fætur aftur. Alltaf verða einhver afföll á fjáreign bænda af þessum sökum. Sérstaklega er hætt þeim kindum sem eru í góðum holdum og því þungar á sér; hrútum og stirðum gamalám. Þá er fé hættara í þúfóttu landslagi. Dauðastríðið tekur oft langan tíma, og oft er hrafn fljótur á vettvang og kroppar þá í augu og garnir á lifandi fé. Sjá einnir *fara í svelti* og *fara ofaní*.

Fara alfarinn (orðtak) Fara/flytja fyrir fullt og allt; fara endanlega, t.d. að heiman. „... og á skírdag þennan sama vetur fór systir mín alfarin að heiman til bróður síns í Breiðuvík“ (JVJ; Nokkrir ævifættir).

Fara á (orðtak) Líta út; virðast. „Það fer ekki illa á því að hér komi amen á eftir efninu“.

Fara á annan veg (en ætlað var) (orðtak) Fara/enda öðruvísi en búist var við; enda á annan hátt. „Þetta fór á annan veg en ætlað var“. „Þetta hefði getað farið á annan veg ef hann hefði ekki áttað sig í tíma“.

Fara á bakvið (einhvern) (orðtak) Gera án vitneskju einhvers. „Ég kann illa við að farið sé á bakvið mig með svonalagað“.

Fara á einn veg / Fara á eina lund / Fara á eina leið (orðtak) Fara eins; fara/ganga illa; mistakast. „Það var sama hvernig hann reyndi; alltaf fór það á einn veg“. „Þetta fer allt á eina lund með svona vinnubrögðum“! Einnig oft talað um að *vera á einn veg*.

- Fara á fjörurnar við** (orðtak) Reyna við; *stíga í vænginn við*; fara einhvers á leit; *tala utanað*. „Í fundargerðinni er farið á fjörurnar af oddvita hvort hægt sé að komast inn í styrkjakerfið sem stofnað var með lögum um ræktunarsambönd 1945“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). „Það hefur flogið fyrir að hann sé að gara á fjörurnar við vinnukonuna á næsta bæ“. Líking við að leita reka í fjöru.
- Fara á flot** (orðtak) Fara á sjó. „Ég fór á flot 10 ára...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Það var beitt í bjóð í landi um kvöldið og vaknað tímanlega klukkan fjögur eða fimm. Þá var farið á flot, eftir því hvernig stóð á straum...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Fara á færur** (orðtak) Um legu færa í sjó; *standa á færi*. „Renndu þínu færi fyrst; við skulum sjá hvernig fer á færur. Ef norðurfallið er byrjað þurfum við kannski að snúa bátnum“.
- Fara á fætur / Fara á ról** (orðtak) Klæða sig og ganga til verka. „Hún fór fyrst á fætur á morgnana og síðust í rúm að kveldi“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Fara á hausinn** (orðtak) Um fyrirtæki; verða gjaldþrota. „Margir misstu alla sína inneign þegar félagið fór á hausinn“.
- Fara á hundavaði yfir (eitthvað)** (orðtak) Gera/lesa/segja í fljótheitum; gera óvandað/flausturslega/ í stórum dráttum, á sem stystum tíma. „Ég er ekki búinn að lesa bókina, en ég fór á hundavaði yfir nokkra kafla og sýndist hún vera í stíl við annað hjá höfundinum“. Dregið af því að hundar fara gjarnan stystu leið yfir á, jafnvel þó þeir þurfi þá að synda. Menn velja sér hinsvegar vað þar sem minna dýpi og straumur er.
- Fara á kreik** (orðtak) Fara á stjá; fara á fætur. „Hann fór á kreik eldsnemma og gáði til veðurs“.
- Fara (einhvers) á leit** (orðtak) Biðja um eitthvað; fara framá eitthvað. „Fór oddviti þess á leit að alþingismaðurinn ynni að því að þessi vaxtaliður yrði viðurkenndur sem byggingarkostnaður“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Fara á lærvað** (n, kk) Um bjargferðir; að fara á *lærvað* hét það þegar bjargmaður fór niður klett með því móti að bregða vaðnum í klof sér; undir annað lærið og halda við hann utanvið lærið með höndinni þeim megin en halda með hinni höndinni um vaðinn fyrir ofan sig. Með því móti sat hann tryggilega í vaðnum og gat rennt sér niður á nokkurri ferð; stýrt sér með því að reka fætur í bergvegginn og stöðvað sig með því að herða tókin. Best er að hafa þunna vettlinga (góða vinnuvettlinga) á höndum til að brenna sig ekki af vaðnum, og gæta þarf þess að hleypa sér ekki á of mikla ferð.
- Fara á milli** (orðtak) Talast við; segja hvor við annan. „Enginn vissi hvað þeim fór á milli í því samtali“.
- Fara á milli mála** (orðtak) Vera vafa undirorpið; vera málum blandið. „Ekki fer á milli mála að svona hefur þetta gerst“.
- Fara/ganga á mis við** (orðtak) A. Rata ekki á; hitta ekki. „Við hljótum að hafa farið á mis við vörðuna í þokunni“. Sjá einnig *farast á mis*. B. Missa af tækifæri. „Ég hefði ekki viljað fara á mis við þessa skemmtun“. „Menn verja vanalega öllum *handbærum* fjármunum sínum í það að svala *ílönguninni* í þessi efni (áfengið) og ganga venjulega heldur alls annars á mis, bæði *til fæðis og klæðis*“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Fara á saumum** (orðtak) A. Um fatnað; saumspretta; rifna um saum. B. Um bát; gefa sig/bila um sauminn; *slá úr sér*. „Báturinn var víða farinn á saumum og hriplekur“.
- Fara á sjó** (orðtak) *Fara í róður*; *fara fram*; halda til veiða. „Nú held ég að við ættum að nota veðrið og fara á sjó. Við þurfum að fara að fá okkur eitthvað í soðið“.
- Fara á stjá** (orðtak) Fara á fætur. „Það verður að fara snemma á stjá til að ná morgunflóðinu“.
- Fara á stúfana** (orðtak) Leggja af stað; fara. „Ætli maður verði ekki að fara á stúfana og gá að þessu“. Stúfar merkir þarna fætur.
- Fara á sveitina** (orðtak) Verða *sveitarómagi/þurfalingur*; *þiggja af sveit*. Fyrir daga almannatryggingakerfis var það eina úrræði þeirra sem ekki gátu séð fyrir sér sjálfir, og höfðu ekki fjölskyldu til þess, að þiggja vist hjá öðrum, sem þá fengu framfærslustyrk frá viðkomandi sveitarsjóði/hreppssjóði.
- Fara á svig við** (orðtak) A. Fara í boga fyrir/framhjá. „Þú þarft að fara á svig við fjárhópin og reyna að standa fyrir í gjánni“. Sjá *komast á svig við*. B. Sniðganga, t.d. reglur/fyrirmæli. „Ég tel bara sjálfsgagt að fara á svig við lög sem hvorki eru sett af skynsemi né sanngirni“!
- Fara á vergang** (orðtak) Flosna upp frá búi vegna fátæktar/harðinda/skulda og leggjast í flakk og betl.
- Fara á vit feðra sinna** (orðtak) Látast; *sálast*; *burtkallast*. „Hann er þá farinn á vit feðra sinna blessaður“.
- Fara á vonarvöl** (orðtak) Verða öreigi/allslaus/gjaldþrota; flosna upp. „Það er betra að hætta búskapnum tímanlega en flosna upp og fara á vonarvöl“. Vonarvöl er fornt orð yfir betl, þ.e. að vonast eftir að eiga á betri kosti vól.

- Fara batnandi** (orðtak) Lagast; batna. „Veðrið hefur verið ári slæmt, en það fer óðum batnandi núna“.
- Fara/lánast/lukkast betur en á horfist** (orðtak) Lánast betur en útlit er fyrir. „Þetta fór betur en á horfðist; ég hélt að hann væri stórslasaður eftir þessa byltu“.
- Fara bil beggja / Fara meðalveginn** (orðtak) Fara millileið; gera málamiðlun. „Ætli maður fari ekki bil beggja og kjósi Framsókn“.
- Fara bónarveg að** (orðtak) Biðja um; fara fram á. „Ég held að það væri hyggilegra að fara bónarveginn að honum, heldur en að heimta þetta“.
- Fara bónleiður til búðar** (orðtak) Fara/biðja án þess að ná árangri; fá ekki sínu framgengt. „Þeir hafa allir farið bónleiðir til búðar sem hafa reynt að kaupa af honum bátkrílið“. Sjá *láta synjandi frá sér fara*.
- Fara bónarveg** (orðtak) Biðja vel/auðmjúklega. „Það er stundum bera að fara bónarveg en heimta af frekju“.
- Fara dagbatnandi/dagversnandi** (orðtök) Batna/versna með hverjum degi sem líður.
- Fara dult með** (orðtak) Leyna; vera ekki að sýna/flíka. „Hann fór ekki dult með sínar skoðanir í þessu efni“.
- Fara eftir** (orðtak) A. Sækja; ná í. „Það þurfti að fara eftir vatni norður í Á, fyrir hrútana á Melnum“. B. Verða svo; rætast; *ganga eftir*. „Þessi spádómur hefur ekki alveg farið eftir“.
- Fara eigin götur/leiðir** (orðtak) Gera hlutina á sinn hátt; vera sérvitur; láta ekki berast með fjöldanum. „Fer hann ávallt eigin götur uppfrá þessu;/ situr eigi sálumessu“ (JR; Rósarímur).
- Fara eins og köttur í kringum heitan graut** (orðtak) Koma ekki beint að efninu/málunum; vera ragur að nefna. „Hann játaði þetta ekki beint, heldur fór eins og köttur í kringum heitan graut“.
- Fara ekki allir í fötin/sporin hans/hennar** (orðtak) Ekki eru allir jafn hæfir og hann/hún; hann/hún getur það sem aðrir geta ekki allir. „Þetta klifraði karlinn upp á sokkaleistunum og bandlaus, en það fara nú ekki allir í sporin hans“!
- Fara ekki fet / Fara ekki hænufet / Fara ekki spor** (orðtak) Fara alls ekki neitt; fara alls ekki af stað. „Ég fer ekki fet fyrr en ég hef lokið við kaffið“. „Þú ferð ekki hænufet fyrr en þú klárar heimalærdóminn“!
- Fara ekki í grafgötur með / Fara ekki í launkofa með** (orðtak) Leyna ekki ; fara ekki dult með. „Ég fór ekki í neinar grafgötur með mitt álit á þessu“. „Hún var ekkert að fara í launkofa með framhjáhalðið í karlinum“. Grafgötur eru niðurgrafnir vegir. Vísar orðtakið til þess að menn; t.d. óvinir, gátu laumast þar um, óséðir. Launkofi er felustaður, t.d. útilegumanns eða þýfis.
- Fara ekki lengra út í þá sálma** (orðtak) Ræða það ekki nánar. Gæti vísað til fyrri tíðar, þegar sálmar voru á latínu. Allir voru skyldugir til að sækja messu og þá kunna a.m.k. byrjun á einhverjum sálum. En líklegt er að menn hafi síður kunnað síðari erindin, og vissara að hætta sér ekki lengra út í þá sálma.
- Fara ekki ofan af** (orðtak) Víkja ekki frá sinni skoðun/sannfæringu; skipta ekki um skoðun. „Ég fer aldrei ofan af því að þetta er stærri þorskur en sá sem þú fékkst um daginn“!
- Fara ekki troðnar slóðir / Fara ótroðnar slóðir** (orðtak) Fara/gera öðruvísi en hefð er fyrir; fara sínar eigin leiðir. „Spurul leitar unlingsönd/ eigi troðnar slóðir./ Bakvið fjarskans bláu rönd/ bíða lönd og þjóðir“ (JR; Rósarímur).
- Fara ekki troðnar slóðir** (orðtak) Líking um það að gera ekki eins og aðrir/ nota ekki sömu aðferðir og aðrir.
- Fara ekki varhluta af** (orðtak) Komast ekki hjá; vera ekki hlíft. „Fólksflóttinn frá smábátaútgerð og frumstæðu búskaparbasli er byrjaður. Kollsvíkin fer ekki varhluta af því, þótt hún fæum árum fyrr þætti blómlegasti hluti sveitarinnar til afkomu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fara engum sögum af** (orðtak) Segir lítið af; fréttist ekki af. „Fer ei sögn af ferðum hans/ fyrr en viku síðar:/ Rísa fyrir Rósinkrans/ rauðar skriðuhlíðar“ (JR; Rósarímur).
- Fara fáir í fötin** (orðtak) Eru fáir jafnokar; fáir sem jafnast á við. „Hann var snillingur á þessu sviði og í þeim efnunum fara fáir í fötin hans“.
- Fara fetið** (orðtak) Fara/ganga mjög hægt; *lötra; feta sig áfram*. Ganga rólega og þannig að um tíma séu báðir fætur á jörð í hverju skrefi. Orðalagið er notað bæði um menn og skepnur.
- Fara fjallasýn** (orðtak) Fara yfir fjöll; fara beint milli staða, þó um fjöll þurfi að fara. „Ásgeir vildi nú fara fjallasýn, beint út á Bjarg, en Aðalsteinn vildi ekki samþykkja það“ (MG; Látrabjarg). „TD14 vél þeirra frænda var nefnd Sleipnir. Fór hún fjallasýn úr Hænuvík að Breiðuvík og vann þaðan á móti hinum“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Fara flatt á (einherju) / Fara flatt fyrir (einherjum)** (orðtak) Lenda í áföllum vegna; *verða hált á*. „Hann fór flatt á þessum viðskiptum“. „Heldur fór ég flatt fyrir honum í skákinni“. Vísar til þess að bátur fær á sig *ólag/skakkafall* eða annað áfall og leggst flatur fyrir frekari sjóum.

Fara fljótt yfir sögu (orðtak) Segja ekki frá öllum smáatriðum; *stikla á stóru* í frásögn.

Fara forgörðum (orðtak) Glast; eyðileggjast; týnast; *fara í glatkistuna*. „Hætt er við að hin sérstæðu máleinkenni Útvíkna fari forgörðum þegar byggðin er lögst af um tíma, ef ekkert er að gert“. Forgarðar voru garðar framanvið bæi. Orðtakið var áður „að fara að forgörðum“; þ.e. að fara áleiðis af bænum.

Fara fram (s) A. Fara á sjó; fara á flot. Svo var nefnt þegar menn brugðu sér í róður í Kollsvík. „Það er renniblíða um allan sjó og fiskur á grunnmiðum. Nú verðum við að fara fram“. „Væri mikill afli, var einn maður skilinn eftir í landi við aðgerð, en þrír fóru fram aftur“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). Einnig: *komast fram*. B. Um fólk/skepnur/gróður; taka framförum; verða leiknari; verða vænni; grænka; taka vaxtarkipp. „Þér er að fara fram“. „Túnunum fer ört fram í *gróðrarskúrunum* þessa dagana. C. Fara frammar í hús/fram í anddyri. D. Ske; verða. „Lömbin voru rekin til réttar við sláturhúsið, þar sem þau hvíldust eftir reksturinn og biðu slátrunar sem fór fram hinn næsta dag“ (PG; Veðmálið).

Fara fram í hvinið (orðtak) Um bjargsig í Látrabjargi: „Ef farið var tæpt á brún var talað um að fara fram í hvinið“ (LK; Ísl.sjávarhættir V).

Fara framum / Fara norðurá/norðurum / Fara suðurá/suðurum (orðtök) Siglingaráttir á sjó útaf Útvíkum. Þegar talað var um að fara framum var átt við að fara dýpra/ fjær landi. Fara norðurá merkir að fara norðar, t.d. norður á Hyrnur eða Flóa. Fara suðurá gat t.d. merkt að fara suður á Stekka, Bletti, Breiðavík eða jafnvel suður á Röstina. „Hér er líklega fátt um fína drætti; ættum við kannski að fara ögn meira suðurá“?

Fara framá (orðtak) A. Róa dýpra/ á djúpmið. „Hér er lítið að hafa; við skulum fara aðeins framá og reyna þar“. B. Fara fram á hnýfil á bát. „Farðu framá og fylgstu með dýpinu hérna, svo við sláum ekki skrúfunni niður“. C. Biðja um; óska eftir. „Mér þykir þú ekki fara framá neitt lítið!“ Orðtakið er líklega dregið af því að sá fer fram á skipið, sem kemur að landi eða öðru skipi; vilji hann biðja hina einhvers.

Fara framhá (einhverjum) (orðtak) Er ekki veitt athygli af einhverjum; einhver *tekur* ekki *eftir*. „Það fór alveg framhá mér hverju hann spáði í veðrið“.

Fara framúr sér / Fara offari (orðtök) Fara of geyst; gera meira en hóflegt er. „Við skulum nú ekki fara framúr okkur í þessu; sofum á þessu í nótt“!

Fara fyrir (orðtak) A. Verða um; hljóta örlög. „Hættu nú að leika þér þarna í stiganum drengur; ekki viltu að það fari fyrir þér eins og bróður þínum, sem skoppaði niður og skarst á ofninum“! B. Vera í forystu; fara fremstur í flokki. „Ekki bregst það að Grána gamla fer fyrir hópnum, eins og endranær“. C. Fara framfyrir t.d. fjárhóp til að beina honum á rétta leið. „Nú þarf einhver að fara fyrir; féð er að leita *heimyfir* Strympur“.

Fara/falla/detta fyrir borð (orðtök) Falla útbyrðis. „Það munaði engu að ég færi fyrir borð hinumegin þegar netateinninn slitnaði úr festunni“.

Fara fyrir lítið (orðtak) Verða að engu; verða til lítils gagns; koma ekki að tilætluðum notum; skemmast; eyðileggjast. „Það er hætt við að netin fari fyrir lítið ef við náum þeim ekki upp fyrir norðangarðinn“.

Fara fyrir ofan garð og neðan (orðtak) Fara framhá; grípa ekki athyglina. „Hann þuldi upp formúlu fyrir þessu efnahvarfi, en það fór fyrir ofan garð og neðan hjá mér“.

Fara grunnt/djúpt (orðtök) Sigla nálægt/fjarri landi. „Það er því farið svo grunnt sem má fyrir Blakkinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fara gætilega/varlega í sakirnar (orðtök) Gera varlega; fara gætilega/rólega að; sýna varkárni. „Við skulum nú fara varlega í sakirnar í þessum efnunum; hér er að mörgu að hyggja“.

Fara halloka (orðtak) Bíða lægri hlut/ verða undir í viðureign. „Hann fór heldur halloka í þessum viðskiptum“.

Fara hjá sér (orðtak) Vera feiminn; roðna; líta undan. „Hann fór dálítið hjá sér þegar hún brosti til hans“.

Fara hjá því (orðtak) Komast hjá; sleppa undan. „Ef þú gengur í þessa stefnu þá fer ekki hjá því að þú lendir fljótlega á hestaveginum“.

Fara hljótt (orðtak) Um orðróm/málefni; kvisast lítið út; vera haft fyrir leyndarmál. „Þetta mun hafa farið fremur hljótt í sveitaslúðrinu“.

Fara huldu höfði (orðtak) Leynast; fara með leynd. „Mér finnst það ári skítt ef þingmenn fara með huldu höfði; þá sjaldan að þeir flækjast í sitt kjördæmi“!

Fara höndum um (orðtak) Handfara; þreifa á. „Leibbdu mér ögn að fara höndum um þetta hútalamb“.

Fara illa að ráði sínu (orðtak) Breyt/gera það sem óráðlegt/rangt er; gera það sem hefur slæmar afleiðingar. „Þarna fórstu illa að ráði þínu; þú hefðir átt að opna réttina áður en reksturinn kom“.

Fara illa/vel í sjó (orðtak) Um bát; vera slæmt/gott sjóskip.

Fara innaní (orðtak) Taka útúr; slægja. „Þú þarft að fara vel innaní fiskinn, þannig að allt slóg náist“.

- Fara innmeð** (orðtak) Um fæðingarhjálp kúa/kinda; fara með netta hönd inn í fæðingarveginn, innmeð lambi/kálfi í fæðingu, til að hagræða eða festa band svo unnt sé að *hjálpa* til við fæðinguna.
- Fara/ganga/koma í bága við (eitthvað)** (orðtök) Stangast á við eitthvað; vera ekki í samræmi við eitthvað. „Svona athæfi fer í bága við öll lög“!
- Fara í bál og brand** (orðtak) Lenda í illdeilum; verða að deiluefni. „Ég rer að reyna að sætta þá áður en allt fer í bál og brand útaf þessu“. Líking við það að kvikni í húsi. Á því var mikil hætta fyrrum, meðan opinn eldur var notaður til hitunar, eldunar og ljósa. Sjá *fara með báli og brandi* og *fara í hund og kött*.
- Fara í bjarg / Fara í kletta** (orðtak) Fara þar sem þverhnipt er, t.d. til fyglinga/eggja.
- Fara í bólið/bælið/fletið/háttinn/lúsina/rúmið** (orðtak) *Ganga til náða*; fara að háttá; *draga sig í bólið/bælið/fletið/lúsina*“. „Farðu nú að koma þér í bólið stubburinn minn“. „Ætli sé ekki tímabært að fara í háttinn núna“.
- Fara í Bug /Fara í beitufjöru** (orðtök) Fara úr Kollsvíkurveri inni Skersbug til að afla kúfisks í beitu. „Það var kallað að fara í Bug eða fara í beitufjöru, þegar grafið var eftir skelinni með berum höndum. “ (KJK; Kollsvíkurver) (Sjá *kúfiskur*). „Í þriðja lagi var svo farið í Bug; þ.e. inn fyrir Sandoddann í Sauðlauksdal, og skelin grafin upp með höndum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Fara í egg** (orðtak) Fara í kletta og sækja egg; fara í bjarg. „Ekki áttu þess þó allir kost að afla sér þessa bragðbætis og búdrýginda með fábreyttri vermötu, enda ekki á allra færi að fara í egg, eins og það var kallað“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fara í ergelsi á** (orðtak) Fara í taugarnar á; ergja; pirra. „Þetta eilífa rigningarveður fer í ergelsið á mér“!
- Fara í fjandans rass** (orðtak) Blótsyrði; andstaða þess að óska einhverjum velfarnaðar; *fara í rass og rófu*; *fara í rassgat*. „Fari þeir þá bara í fjandans rass, fyrst þeir vilja ekki þiggja góð ráð“!
- Fara í gegnum sjálfan sig** (orðtak) Verða tvísaga; flækjast í eigin lygavef; vera ekki samkvæmur sjálfum sér. „Mér þótti hann fara nokkuð í gegnum sjálfan sig með þessari síðustu fullyrðingu“.
- Fara í geitarhús að leita ulla** (orðatiltæki) Leita einhvers á röngum stað. Ull er fátækleg á geitum. „Líklega væri að fara í geitarhús að leita ulla að spyrja þremmenningana sem fræddu okkur síðast um verstöðina“ (JB; Verstöðin Kollsvík).
- Fara í glatkistuna** (orðtak) Glatast; fara forgörðum; týnast. „Hætt er við að margt fari í glatkistuna sem einkennt hefur hina sérstæðu menningu Kollsvíkinga og nágranna þeirra, eftir að byggðin hefur bedið svona mikinn hnekki“.
- Fara í grafgötur með** (orðtak) Leyna; *læðupokast* með; *draga fjöður yfir*. „Það þarf ekki að fara neitt í grafgötur með það sem gerist hér ef fiskistofnarnir hrynja“.
- Fara í handaskolum** (orðtak) Misfarast; mistakast. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fóðra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu álitum best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið. En það er fleira en þetta sem ekki fer í handaskolum hjá þessum heiðursbændum; (svo sem) snyrtimennska á heimilum þessum, úti og inni“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Fara í hart** (orðtak) Gera mikið mál úr; standa fastur á sínum málstað og þoka ekki; sækja sitt mál af hörku. „ég er tilbúinn að fara í hart ef hann *gefur sig* ekki“.
- Fara í hár saman** (orðtak) Lenda í slagsmálum. „Rifriðid *jókst orð af orði* og endaði með því að þeir fóru í hár saman“. Líklega leitt af því að menn gripi hvor í annars hár í áflogum. Hinsvegar má benda á skýringu úr A-Skaft. eftir sögn Sigurðar á Brunnhól: „Ekki mátti setja saman hár úr tveimur hárgreiðum (þ.e. hár tveggja manna). Af því áttu að leiða illindi þeirra sem hárið áttu (fara í hár saman)“ (BT; Þjóðhættir og Þjóðtrú).
- Fara í hund og kött** (orðtak) Týnast; hverfa út í *buskann*; eyðileggjast; *fara í bál og brand*. „Eitt sinn var þetta heilt lyklastett, en það er allt farið í hund og kött fyrir löngu síðan“.
- Fara í hundana** (orðtak) Fara illa; mislánast; fara á vonarvöl. „Þau áform fóru öll í hunana“.
- Fara í húsinn** (orðtak) *Fara til gegninga*; fara út í skepnuhús til reglulegra gegninga; t.d. til að gefa og vatna skepnum; moka flór; mjólka; *fara með hrút* o.fl. „Ég má ekkert vera að þessu; ég þarf að fara í húsinn“.
- Fara í hönd** (orðtak) Koma; leggjast að; byrja. „Það þarf að ná þessum kindum áður en harðari vetur fer í hönd“. „Nú fer hátíð í hönd“.
- Fara í kaldakol** (orðtak) *Daga uppi*; *fara fyrir lítið*; *lognast útaf*; *renna út í sandinn*. „Hann réði ekkert við að stýra félaginu; þetta var allt að fara í kaldakol eftir árið“! Líking við ekki takist að halda glóð í eldi milli mála/daga. Ef glóð slökknadi var *ekki annað fyrir hendi* en sækja eld til næsta bæjar.

- Fara í land** (orðtak) Sigla í land. „En þá var ekkert um annað að ræða en fara í land“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Fara í launkofa með** (orðtak) Leyna; fara leynt með. „Það var nú fjári gott að þetta lánaðist. En það tók á; ég fer ekkert í launkofa með það“.
- Fara í loftköstum** (orðtak) Hlaupa í harðaspretti/sem fætur toga. „Hann fór í loftköstum fyrir kindurnar“.
- Fara í manngreinarálit** (orðtak) *Gera sér mannamun; gera uppámilli* manna. „Stjórnvöld mega ekki fara í manngreinarálit varðandi þessi mál“.
- Fara í rass og rófu / Fara í rassgat** (orðtök) Í heitingum/skömmum. „Viltu ekki þennan fina hákarl?! Farðu þá í rass og rófu; bíddu bara þangað til ég býð þér hann næst“! „Ég sagði honum þá bara að fara í rassgat; hann gæti þá sjálfur reynt að ná þessum snarvitlausu rollutruntum“!
- Fara í róður** (orðtak) *Fara fram*; halda til veiða; *fara á sjó*. „Eigum við ekki að fara í róður í dag“?
- Fara/leggjast í sama farið aftur** (orðtak) Verða aftur með sama hætti; halda áfram sömu venju/ sama lagi. „Við þurfum að laga girðinguna vel þarna; annars leggst þetta allt í sama farið hjá túnrollunum“.
- Fara í saumana á** (orðtak) Rannsaka; skoða nákvæmlega. „Það þarf að fara í saumana á þessu máli“.
- Fara í sjálfheldu/sveldi** (orðtak) Um kind; fara á þann stað í klettum sem hún kemst ekki af. Fé er yfirleitt mjög brattgengt og fótvisst í brattlendi. Stundum freistast kindur þó á grösuga stalla og komast ekki til baka. Oft þannig að þær stökkva niður. Endalokin verða oftast hrp og dauði ef ekki tekst að taka/bjarga úr sveldi. Fyrrum lögðu bændur mikið á sig til að bjarga kindum úr sveldi, og voru oftast fengnir færustu menn sveitarinnar í það. Í seinni tíð hefur meita tíðkast að skjóta féð niður í stað þess að leggja menn í hættu. Sjá einnig *fara afvelta* og *fara ofaní*.
- Fara í sund / Fara sund** (orðtök) Fara um sund. Í Kollsvík notað um það að fara milli Blakknesboðans og hleinarinnar landmegin. Með því komast menn hjá að sigla um Blakknesröstina sem oft er straumhörd, úfin og jafnvel hættuleg stórum skipum. Hinsvegar er sunnið ekki fært nema í tiltölulega sjólausu og aðeins þeim sem þekkja leiðina. Halda þarf Bræðragjám í Núpnunum rétt sýnilegum þar til komið er fyrir boðann. „Þegar við komum upp að Blakknesi var um það að ræða hvort fara ætti í Sund eða fyrir framan Nesboðann. Ekki er fært sunnið milli boðans og lands nema lítill sé undirsjór“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).
- Fara í súginn** (orðatiltæki) Misfarast; tapast; fara fyrir lítið. Hugsanlegar eru tvær upprunaskýringar. Annarsvegar er súgur nafn á áhaldi; holu í endann, sem notað er til smíða á bátum. Með honum var haldið við róna á bátasaum meðan hnoðað var, og því fer endi saumsins“í súginn“. Þetta er hin venjulega orðskýring. Hinsvegar er súgur notað yfir flæði haföldunnar upp að landi og til baka. Bátar geta átt í erfiðleikum þar sem er mikill súgur og jafnvel farist; „farið í súginn“ (VÖ).
- Fara í taugarnar á (einhverjum)** (orðtak) Gera/segja það sem einhver er ekki sáttur við/ einhver reiðist; vera þannig að einhverjum líki ekki. „Skelfing fer þessi ósiður í taugarnar á mér“!
- Fara í utanyfir** (orðtak) Fara í utanyfirföt/hlífðarföt. „Þú ættir nú að fara í eitthvað utanyfir; þetta er *skítverk*“.
- Fara/lenda í útideyfu** (orðtak) Um verknað/fyrirætlun; *farast fyrir*; *dragast afturaf*; verða lítið úr. „Ég ætlaði að sækja þetta til þín fyrir helgina, en það fór í útideyfu hjá mér“.
- Fara í veðrið** (orðtak) Fjúka; eyðileggjast í stormi. „Ég held að við ættum að binda bátinn niður svo hann fari ekki í veðrið“.
- Fara/hverfa (út) í veður og vind** (orðtak) Hverfa; fjúka burt; *tapast í veðrið*. „Galtarnir *stóðu* rokið furðanlega vel *af sér*, en sumar hærurnar voru farnar út í veður og vind“.
- Fara í vöxt** (orðtak) Aukast; verða algengara.
- Fara krókaleiðir að** (orðtak) Velja óþarflega langa leið/aðferð til að ná markmiði; t.d. setja fram spurningu eða fá/veita upplýsingar. „Ég var ekkert að fara krókaleiðir að þessu; heldur *sagði* honum þetta *hreint út*“.
- Fara laus** (orðtak) Klífa í klettum án þess að hafa stuðning af vað; *klifra* (sjá þar).
- Fara/halda leiðar sinnar / Fara sína leið** (orðtak) Fara það sem ætlað er; hverfa á braut; fara í burtu. „Hann fór leiðar sinnar norður veg, en gleymdi alveg að loka hliðinu“. „Ég nenni ekki að eltast við gemlinginn sem slapp við réttina; hann verður bara að fara sína leið“.
- Fara létt með** (orðtak) Vinna/framkvæma á auðveldan hátt; gera án áreynslu. „Gestur Jósefsson bar koffortið í fötlum frá Brjánslæg að Siglunesi, og virtist fara létt með það“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Fara mannavillt** (orðtak) Ruglast á mönnum; taka eina manneskju fyrir aðra. „Nú ert þú örugglega að fara mannavillt; ætlaðirðu ekki að tala við bróður minn“?
- Fara með** (orðtak) A. Bera burt. „Farðu heim með þetta“. B. Um veiðiaðferð; vitja um net með því að fara á báti meðfram því; lyfta því upp að borðstokk og hirða aflann; beita og leggja línuna/netið jafnharðan og

dregið er; fara með borði. (Sjá *beitning*). „Á liggjandanum og í logni var stundum látið duga að fara með grásleppunetunum“. C. Fara meðfram fjall/vegg/fjöru eða öðru. D. Í upphrópun; eyðileggja stemmingu/sögu. „Þar förstu nú alveg með það“! E. Segja; flytja; vitna í; fullyrða; segja *fullum fetum*. „Hann fór með vísu sem hann hafði gert“. „Ég vona að ég fari rétt með þetta“. „Ég þori ekki alveg að fara með það, en ég held að hann hafi *jánkað* því“. F. Verða samferða. „Fæ ég að fara með ykkur í róðurinn“? G. Sjá um; annast. „Farðu nú vel með leikföngin þín“. „Laglega fóru þeir með prestinn“! „... við Pétur kunnnum hvorugur að fara með vél og getum ekki tveir hagrætt seglum eftir vindstöðu“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964). G. Sjá um; hafa umsjón með; hafa umboð til. „Hann fór með sjávarútvegsmál í þeirri ríkisstjórn“.

Fara með báli og brandi (orðtak) Fara um og eyðileggja. „Byggðastefna stjórnvalda hefur farið með báli og brandi um allar útkjálkabyggðir landsins“! Líking við að kveikja í húsum, en það var talin fólkskuleg aðferð í hernaði. Sjá *fara í bál og brand*.

Fara með brún (orðtak) Um bjargferð; fara í lásunum eða síga á mörgum stöðum af brún, en stutt niður á hverjum stað, t.d. í efsta og næstefsta gang.

Fara með eins og mannsmorð (orðtak) Dylja; leyna;læðuppkast með. „Menn eignuðust að sjálfsögðu börn framhjá þá eins og nú, en með það var farið eins og mannsmorð; aðalatriðið var að „rétt“ væri fedrað“.

Fara með fleipur / Fara með endaleysu / Fara með staðlausa stafi (orðtak) Ljúga; segja ósatt. „Ég held að ég sé ekki að fara með fleipur; allavega heyrði ég þetta svona“.

Fara með hrút (orðtak) Hleypa hrút til kinda um fengitíma. Venjulega var hrútur ekki laus í fé í Kollsvík (síðari hl. 20. aldar), heldur var völdum hrúti *hleypt til* þeirra áa sem gengu í það skiptið og fært í *ærbók*.

Fara með löndum (orðtak) *Tala utanað* málefni/erindi án þess að segja það *berum orðum*; fara varlega í umræðuefni; tala í *hálfkveðnum vísu*. „Blessaður vertu ekkert að fara með löndum í þessu; viðurkenndu bara að þú kaust þessa *skrattakolla*“! Dregið af því að stundum er lygnara eða minni straumur uppi við landið þegar báti er róið.

Fara með sig (orðtak) A. Um veður/sjólág; verða reyndin; þróast í. „Kannski við ættum að *fara fram* með *morgunflæðinni*, en við skulum sjá hvernig hann fer með sig yfir nóttina“. B. Um manneskju; *ganga frá sér*; fara illa með sig. „Vertu nú ekki að lyfta þessu einn; þú ferð alveg með þig í bakinu á þessu“!

Fara með staðlausa stafi (orðtak) Segja ósatt; fullyrða meira en unnt er. „Hann segir að við höfum samið um þetta í byrjun, en þar fer hann vísvitandi með staðlausa stafi“.

Fara með veggjum (orðtak) Láta lítið fyrir sér fara; læðast óséður; skammast sín.

Fara með vitið úr bænum (orðtak) Fara/yfirgefa án þess að kveðja heimafólk eða vera *fylgt til dyra/úr hlaði*. „Ég ætla að fylgja þér út á hlað, svo þú farir ekki með vitið úr bænum“.

Fara meðalveginn/milliveginn (orðtök) Gæta hófs; *fara bil beggja; fara/sigla milli skers og báru*.

Fara mikinn (orðtak) Fara hratt; vera ákafur/*óðamála*. „Mér fannst hann fara full mikinn í þessu máli“.

Fara milli skers og báru (orðtak) Fara meðalveginn. „Ég valdi það að fara milli skers og báru, því hvorugan vildi ég styggja“ Sjá *sigla milli skers og báru*.

Fara mjúkum höndum um (orðtak) Meðhöndla mjúklega; fara gætilega með.

Fara neðan (orðtak) Fara upp brekku; upp kletta; upp stiga. Þetta var ríkjandi málvenja í Kollsvík, en heyrir ekki utan Rauðasandshrepps. Upp var þó einnig notað, en í öðruvísi samhengi: „Ég fór neðan klettana; upp í neðsta ganginn“. „Kindurnar settu sig neðan brekkuna og hlupu þindarlaust á brún“.

Fara niðurá milli (orðtak) A. Týnast; *verða útundan; gleymast; fara í útideyfu*. „Ég ætlaði að gera þetta í gær, en það fór alveg niðurá milli“. Um kind; festast í grindunum; festast á milli spela. „Hér eru spelirnir orðnir ári gisnir og slítnir; það er hætt við að féð fari að fara niður á milli ef þetta er ekki lagað“.

Fara norður og niður (orðtak) Fara til fjandans/helvítis. „Fari það þá norður og niður þetta hyski; ég nenni ekki að eltast lengur við þessar bykkjur“! Vísar til Niflheima í Ásatrú, en leiðin til þeirra liggur norður og niður.

Fara of geyst (orðtak) Fara/ganga of hratt; *ganga of hart fram; fara offari*. „Farðu ekki of geyst, svo strákurinn nái að *halda í við þig*“.

Fara ofan (orðtak) Fara niður brekku; niður kletta; niður stiga. Ríkjandi málvenja í Kollsvík. „Eru niðri? Bíddu meðan ég kem ofan“. „Tveir héldu við vaðinn á brún meðan einn fór ofan“.

Fara ofan af (orðtak) Skipta um skoðun; láta af skoðun/þversku. „Ég fer aldrei ofan af því að þetta var fjörulalli, og ekkert annað! Ertu kannski svo vitlaus að halda að hér hafi verið ísbjörn á ferð“?!

Fara ofangarðs og neðan hjá (orðtak) Um það þegar maður tekur ekki eftir því sem sagt er, eða skilur það ekki; þá fer það ofangarðs og neðan hjá manni. „Presturinn var eitthvað að þylja um þá sem brúkuðu ókristilegt orðalag, en ég held að ég hafi dottað á þeim stað í ræðunni svo það fór að mestu ofangarðs og neðan hjá mér“.

Fara ofaní (orðtak) A. Um fé; festa sig í dýi/mýri. „Það þyrfti að gá í Mýrarnar; hvort eitthvað hafi farið ofaní“. Mikil afföll hafa jafnan verið af fé í Kollsvík sem fer ofaní á Mýrunum. Var þó reynt að hafa á því góðar gætur, og oftast var farið um Mýrarnar daglega til eftirlits þegar hættan var mest. Fé er duglegt að bjarga sér í votlendi, en nái það að sökkva í dý upp á miðjar síður eða dýpra án viðspyrnu á það sér lítillar bjargar von. Hrafninn er fljótur að koma auga á dauðastriðið og byrjar þá jafnan á að kroppa augu og vömb. Sjá einnig *fara í svelt* og *fara afvelta*. B. Fara niður í kjallara/vatn/sjó//dal//laut/hlíð/fles o.fl.. C. Dýfa hendinni niður í vatn eða þ.h. D. Um málefni; endurskoða; gaumgæfa. „Það þyrfti að fara ofan í öll þessi mál“.

Fara ofaní saumana á (orðtak) Grannskoða; athuga vandlega; endurskoða. „Það þarf að fara vel ofaní saumana á þessu máli“. Líklega dregið af lúsaleit, en lýs geta lengi leynst við sauma á fatnaði.

Fara offari (orðtak) *Ganga of hart fram; fara of geyst; fara framúr sér*. „Margir töldu að hann hefði farið offari í þessu máli; betra hefði verið að fara varlegar í sakirnar“.

Fara orð af (orðtak) Vera sagt um; vera frægur fyrir. „... fór það orð að Arnfirðingum að þeir kynnu ýmislegt fyrir sér...“ (TÖ; viðtal á Ísmús 1978).

Fara saman (orðtak) Fylgjast að; vera samferða. „Fór þá saman þreifandi öskubylur og aftaka stormur“.

Fara/halda sem leið liggur (orðtak) Fara eftir vegi; fara eftir fyrirhugaðri/réttri leið. „Við gengum eins og leið lá fram allan Vatnadal, án þess að verða varir við þetta fé“.

Fara sér að voða (orðtak) Fara ógætilega; leggja sig í hættu. „Fariði ykkur nú ekki að voða þarna; það tekur því ekki fyrir fáeina eggjakoppa“!

Fara sér ekki að neinu ódslega / Fara sér hægt (orðtak) Ganga/gera rólega/varlega; vera ekki með ódagot.

Fara sínar eigin leiðir (orðtak) Gera ekki eins og aðrir; *hafa sína hentisemi*. „Hann var oft býsna frumlegur og fór sínar eigin leiðir, en flaut ekki með fjöldanum eins og flestum hættir til.“

Fara sínu fram (orðtak) Gera það sem maður sjálfur vill og telur rétt, án tillits til annarra/annars. „Hann virti engin boð og bönn, heldur fór sínu fram“.

Fara spart með (orðtak) Spara; eyða ekki um of; vera aðhaldssamur; *halda spart á*. „Vsapeningarnir entust honum frameftir vetri, enda fór hann mjög spart með“.

Fara svo/þannig (orðtak) Verða með þeim hætti; raungerast. „Þó fór svo að Jón varð á undan að komast á flot...“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Fara sögur af (orðtak) Eru sagðar sögur af; er sagt frá. „... Benedikt Gabriel var talinn einhver snjallasti galdrameistari sem sögur hafa farið af á þessum slóðum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Fara til andskotans/fjandans/helvítis (orðtök) Öflug áhersluorð/blótsyrði. „Fari þeir bara fjandans til fyrst þeir ætla að hafa þetta svona“! „Þetta má fara til andskotans mín vegna“! „Fari það nú til helvítis; þarna hrökk vasahnífurinn minn fyrir borð“!

Fara til eggja (orðtak) Fara í kletta að tína egg. „Við fórum til eggja í Breiðinn í gær“.

Fara til berja/grasa (orðtak) Fara á fjöll til að tína ber eða fjallagrös. Ber eru víða í kringum Kollsvík; einkum krækiber, en víða einnig töluvert af bláberjum og aðalbláberjum. Hrutaber uxu til skamms tíma í Urðunum ofan Kollsvíkubæjar. Víða finnast góð fjallagrös á svæðinu, ekki síst í lautum í Kóngshæð og Jökldalshæð. „Farið var til grasa á hverju vori eða sumri. Fjallagrös voru notuð bæði í brauð og grauta“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Fara til fyglinga (orðtak) Fara í leiðangur/sig til að snara bjargfugl. „Upp af Stóðum eru Gunnarshillur. Þangað var farið til fyglinga“ (HH; Örn.skrá Keflavíkur).

Fara í gegningar / Fara til gegninga (orðtök) Fara í húsin; fara í útihús til að gefa skepnum; hirða um þær og e.t.v. mjólka kýr. „Ætli maður þurfi ekki óðara að fara í gegningar“.

Fara til sjóar (orðtak) Fara á vertíð; fara í ver. „Segir nú ekki frá því fyrr en árið eftir; það var fermingarárið mitt. Ég gat því ekki farið til sjóar fyrr en eftir hvítasunnu; 14 ára gamall“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). Sjór var jafnan „sjóar“ í eignarfalli; fremur en „sjávar“ eins og algengast er.

Fara til spillis/ónýtis (orðtak) Ónýttast; verða ekki að gagni. „Farðu varlega þegar þú hellir bensíninu; að það fari ekki til spillis“! „Það er óþarfi að láta góðan mat fara til spillis, þó hann sé farinn að breyta bragði“!

- Fara tæpt** (orðtak) Fara á ystu nöf í brattlendi; fara um tæpan/hættulegan þræðing í klettum/bjargi. „Gættu nú vel að handfestunum þegar þú ferð svona tæpt“!
- Fara um** (orðtak) A. Ganga um; leggja leið sína um. „Ég fór um alla hliðina; þar var ekki nokkur kind“. B. Velta; fara á hliðina. „Mjólurkannan fór um, svo nú flæðir um allt borð“. „Billinn hallaðist sífellt meira í brekkunni, og fór að lokum alveg um“. C. Verða hræddur/skelfdur. „Það var farið að fara um mig þegar ég varð loksins var við að einhver tók í spottann niðri í bjarginu“. D. Um þægindi/velferð. „Hvernig fer svo um ykkur á nýja heimilinu“? „Láttu fara sem best um þig“.
- Fara undan í flæmingi** (orðtak) Gefa eftir sinn málstað í samtali/rökræðum; finna ekki rök fyrir sínu máli; reyna að finna hverja *tylliástæðuna* eftir aðra. „Hann fór bara undan í flæmingi þegar ég spurði um ástæður fyrir þessu, og játaði loksins að þetta hefðu líklega verið mistök“. Flæmingur merkir í raun brottrekstur; samanber orðtakið *flæma burt*. Sjá *flæmi*; *flæmingur*; *vera á flæmingi*.
- Fara undir (bjarg)** (orðtak) Fara á bát undir Látrabjarg eða Bæjarbjarg til eggjatöku eða í fygling. Einnig notað gæluorðtakið *gá undir/ kíkja undir*.
- Fara upp** (orðtak) A. Venjuleg merking, t.d. fara upp kletta eða stiga. B. Stranda; sigla í strand. „Þarna norðan við Flöguna strandaði enskur togari árið 1914 (British Empire). Hann fór upp á smá vog og lagðist eins og að bryggju“ (IG; Sagt til vegar I).
- Fara uppfyrir** (orðtak) A. Bókstafleg merking. „Ég ætla að fara uppfyrir féð og vísa því aftur niður“. B. Vaða svo djúpt að vatn/sjór fossi uppfyrir stigvél/skó. „Þetta þótti stór viðburður og allir strákarnir í Víkinni, en þeir voru nokkuð margir þá, þurftu að prófa (klofstígvélin); og auðvitað var farið uppfyrir“ (IG; Æskuminningar). C. *Fara í útideyfu*; komast ekki í verk. „Ég ætlaði að klára verkið daginn eftir, en lenti þá í öðru svo það fór eitthvað uppfyrir hjá mér“.
- Fara uppi** (orðtak) Fara í rúmið; fara upp í bát. „Farðu nú uppi stubburinn minn; ég kem og breiði ofan á þig“. „Farið þið uppi; ég skal ýta frá“. „Ég heyrði að hann var kominn fram úr en móðir mín vann hann með góðu að fara upp í aftur“ (JVJ; Nokkrir ævibættir).
- Fara utan** (orðtak) Fara til útlanda; fara erlendis. Orðalagið hefur haldist í málinu frá landnámstíð, eða frá því að heimaslóðir flestra landnámsmanna var Noregur. Þeir sem fóru þaðan, t.d. til Íslands, fóru út; þ.e. út frá Noergi. Þeir sem komu frá öðrum löndum til Noregs komu/fóru utan. Líklega er þetta það orðalag sem vísar sterkast til uppruna þjóðarinnar, og má furðu sæta hve það hefur haldist lengi í málinu. Sjá *utanferð*.
- Fara/tala utanað (einhverju)** (orðtak) *Brúa á einhverju*; nefna eitthvað óbeint; *færa* eitthvað lítillga í *tal*. „Ég fór utanað þessu við hann og hann tók því ekki *fjarri*“. Sjá hinsvegar *raka utanað*.
- Fara úr einu í annað** (orðtak) *Vaða úr einu í annað*; skipta skyndilega um umræðuefni/viðfangsefni.
- Fara úr böndunum** (orðtak) Fara á annan veg en ætlað var; mistakast; verða *ofviða*; *fara úr skorðum*; *fara úr skeiðis*. „Við megum ekki láta útgjöldin fara úr böndunum“. Líking við það að hey hrynji úr böndum þegar verið er að flytja það af velli.
- Fara/vaða úr einu í annað** (orðtak) Skipta um umræðuefni/viðfangsefni. „Svo ég fari nú úr eini í annað; ...“
- Fara úr hárum** (orðtak) Fella hár í miklu magni af feldi sínum. „Farðu nú og kembdu tíkarkvikindinu; hún er að fara svo mikið úr hárum þessa dagana“.
- Fara úr hendi** (orðtak) Gera; inna af hendi; vinna. „Kitti sá alltaf um að sundra, og fór það vel úr hendi“.
- Fara úr hverri spjör** (orðtak) *Berháta*; klæða sig úr hverri flík.
- Fara úr skorðum / Fara úr skeiðis** (orðtak) Ganga úr þeim stellingum sem vera skal; fara á annan veg en ætlað er. Hið fyrri vísar til báts sem skorðaður hefur verið á kambi með skorðum, en hið síðara til þess að hellist niður úr skeið eða ausu. „Þessi áætlun fór öll úr skorðum hjá okkur“.
- Fara úr ullinni/reyfinu** (orðtak) Um kind; losna við reyfi eftir að henni er *fyllt*, þannig að það slitnar af.
- Fara úr öskunni í eldinn** (orðtak) Um ástand/aðstæður sem horfir til verri vegar. Notað í svipuðum efnum og að *bæta gráu ofan á svart* eða *lengi getur vont versnað*.
- Fara út á bæi** (orðtak) Fara til Sellátraness eða Hænuvíkur frá bæjum í Örlygshöfn eða innar í firðinum. „En þeir sem komu úr Hænuvík eða Sellátranesi voru alltaf nefndir *utanbæjamenn* og sagt að fara út á bæi ef fara átti þangað“ (KJK; Örnefnaskrá Tungu).
- Fara út í annað / Fara út í aðra sálma** (orðtök) Skipta um umræðuefni. „Þegar ég spurði hvað þeir væru komnir með margar tunnur þá fór hann út í allt aðra sálma“.
- Fara út í það / þá sálma** (orðtak) Ræða það; fjalla um það. „Við förum ekkert nánar út í það“.
- Fara/ganga út í öfgar** (orðtak) Gerast róttækur; ganga of langt; verða ýkjukennt. „Honum hættir til að fara út í öfgar í þessari umræðu“.

- Fara út um þúfur** (orðtak) Mistakast; *renna út í sandinn*. „Þessi áætlun fór alveg út um þúfur hjá okkur“.
- Fara varhluta af (einhverju)** (orðtak) Sleppa við; vera afskiptur. „Fólksflóttinn frá smábátaútgerð og frumstæðu búskaparbasli var byrjaður. Kollsvíkin fór ekki varhluta af því þótt hún, fáum árum fyrr, þætti blómlegasti hluti sveitarinnar til afkomu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fara varlega í sakirnar** (orðtak) Gera gætilega; ganga ekki of hart fram; sýna aðgát.
- Fara veg allrar veraldar** (orðtak) Týnast; eyðileggjast; fjúka burt; hverfa. „Við áttum fullt í fangi með að bjarga tjaldinu áður en það færi veg allrar veraldar“.
- Fara vel** (orðtak) A. Enda vel; fá góð málalok. „Ég er bara feginn því að allt fór vel að lokum“. B. Sitja haganlega; líta vel út. „Mér finnst málverkið fara vel á þessum vegg“. „Þessi skyrta fer þér vel“.
- Fara vel á** (orðtak) Vera við hæfi; henta vel; vera til þýði. „Það fer vel á því að hann njóti þess sjálfur sem hann hefur búið í haginn fyrir aðra“.
- Fara vel í sjó** (orðtak) Um skip; ver sig vel í slæmum sjó og siglir vel. „...var það kallað að liggja fyrir klofa. Fór skipið þannig mun betur í sjó en ef festinni væri brugðið um stefni“ (EO; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi; um eldri Fönix í Kollsvík).
- Fara vel með það** (orðtak) Láta ekki á því bera; hampa því ekki. „Hann er hinn mesti æringi, þó hann fari oftast vel með það“. „Þeir segja að hann geti alveg sagt satt, en hann fer oftast afskaplega vel með það“!
- Fara vel um** (orðtak) Líða vel; hafa það gott. „Gunnar, annar sonur Einars utan hjónabands, ólst fyrst upp hjá vandalausum þar til hann var 11-12 ára, og hafði ekki farið vel um hann þar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Heyrðu hérna lagsi, lýst þér ekki á mig?! Lagleg er ég, sérstaklega í myrkri./ Ég fylgi þér í rúmið, þá fer svo vel um þig./ og faðma þig með jómfrúrhendi styrkri“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Fara versnandi** (orðtak) Versna; fara á verri veginn. „Mér sýnist að verið fari heldur versnandi“. „Sjórinn var orðinn óskaplegur og fór versnandi“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fara villur vega** (orðtak) *Á villigötum*; fara ranga leið; fara með rangt mál. „Nú ertu alveg að fara villur vega“.
- Fara víða / Fara vítt og breitt** (orðtök) Fara um mikið landsvæði; tala um margvísileg málefni.
- Fara yfir á hundavaði** (orðtak) Lesa lauslega; þylja í stuttu máli. Líking við það að hundar stökkvi á hraðferð yfir grunnt vatn, þannig að gusur gangi í allar áttir. Á líkan hátt getur margt misskilist sem farið er yfir á hundavaði.
- Fara yfir stag** (orðtak) Um siglingu skips; *stagvenda*.
- Fara yfir strikið** (orðtak) Ganga helst til langt; fara yfir eðlileg mörk. „Henni þótti hann fara freklega yfir strikið þegar hann spurði hvort hún hefði stigið á vigt nýlega“. Vísar líklega til þess að fara yfir tiltekna markalínu, en getur einnig vísað til þess að breyta stefnu skips of mikið, þannig að fari yfir áætlað *strik* á áttavitanum.
- Fara yfir um** (orðtak) A. Deyja; sálast. „Ég er að fara yfir um af tilhlökkun“. B. Fara milli staða, t.d. yfir að Láganúpi frá Kollsvík eða inn yfir Hænuvíkurháls. „Ég ætla að koma með ef þú ert að fara yfirum“.
- Fara þess á leit / Fara þess á flot** (orðtak) Biðja hóflega um; fara framá; *leita hófanna um*. „Þeir fóru þess á leit við mig að ég tæki að mér formennsku í nefndinn“. Hið síðara var mun sjaldnar notað.
- Fara þétt með** (orðtak) Um haglabyssu; vera þannig þrengd í hlaupinu að haglahríðin haldist tiltölulega þétt, eins langt og skotið dregur. „Hún fer dálítið þétt með, svo hún er betri á nokkuð löngu færi“.
- Fara þverrandi** (orðtak) Minnka; *ganga til þurrðar*. „Ég fann að úthaldið fór þverrandi“.
- Fara öðruvísi en ætlað var / Fara á annan veg** (orðtök) Verða með öðrum hætti en menn hefðu áætlað.
- Fara öfugt ofaní (einhvern)** (orðtak) Einhver bregst illa við því sem hann heyrir; einhver misskilur það sem við hann er sagt. „Þetta fór eitthvað öfugt ofaní hann; hann varð alveg stjórnuvitlaus og hótaði kærnum“.
- Farandfugl** (n, kk) Farfugl. „Svartþröstur er all algengur farandfugl hér að vetrarlagi“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík).
- Farandi** (l) Unnt að fara; fært. „Ekki er farandi í Stigaskúta nema fyrir sérstaka, og þá aðeins einn í einu“ (HH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Farandlýður** (n, kk) Flökkufólk; flækningar; bakpokalýður. Oft notað af sumu sveitafólki um ferðafólk í upphafi túristavæðingar á Íslandi. „Skyldi þessi farandlýður ekkert hafa þarfara að gera en flækjast um með sjálfa sig, svona um hásumarið“?! Þeir sem hæst töluðu þannig áður hafa lifibrauð af ferðaþjónustu í dag.
- Farandverslun** (n, kvk) Verslun sem er færanleg; verslun þar sem verslunarmaðurinn flytur sinn vörulager og sölu á vænlegt markaðssvæði, eftir þörfum. Líklega hefur eina umfangsmikla farandverslun landsins verið sú sem Magnús Ólafsson í Vesturbotni (Mangi í Botni) stundaði á síðari hluta 20. aldar. Eftir að hann hætti sem

brautryðjandi, ýtustjóri og verkstjóri í vegagerð fékk Mangi sér stóra rútu; lét innréttu hana á hentugan hátt sem verslun og bústað og flakkaði svo á þessum ljósbláa bíl um allt Ísland með sinn vorulager og seldi; jafnt í kaupstöðum sem á afskekktum sveitabæjum. Enn í dag er „Magnús vítamín“ þekktur í flestum byggðarlögum, en bætiefni af öllum gerðum var hluti af hans fjölbreytta vöruúrvali, og hann þreyttist seint á að útskýra gagnsemi þeirra. Kaupmönnum um landið var fremur í nöp við þessa vinsælu farandverslun; töldu að hún hefði af þeim viðskipti. Urðu af því nokkur upphlaup, njósnastrarfsemi og lögreglumál sem Magnús hafði mikið gaman af, enda vissi hann fátt skemmtilegra en þras og rökræður. Í verslun Magnúsar var mjög fjölbreytt vöruval; líklega mun fjölbreyttara en í stærstu stórmörkuðum landsins í dag; t.d. fatnaður, verkfæri, búsáhöld, bætiefni, matvara, sælgæti o.fl. o.fl. Þar á meðal *mangakrem* og *mangabrjóstsýkur*. Magnús kom stundum út í Kollsvík, þó Beygján í Hæðinni væri þessum stóra bíl nokkuð þröng. Magnús var af Kollsvíkurætt; fæddur 1913 og lést 1998. Hann var stórhuga brautryðjandi á ýmsan hátt; framsýnni um margt en aðrir og fór sínar eigin leiðir. Auk farandverslunarinnar birtist framsýni hans t.d. í snjallri vegalagningu víða í Barðastrandasýslum; frumkvöðlastarfsemi í fiskeldi; stórhuga virkjanaframkvæmdum; hugmyndum um jarðgangagerð undir heiðar; stórfellt fiskeldi og jafnvel sjávarfallavirkjanir.

Fararleyfi (n, hk) Leyfi til að fara/ferðast. „Ertu búinn að fá fararleyfi hjá frúnni?“

Farartálmi (n, kk) Hindrun í leið/vegi. Í raun og veru voru þetta nú ekki miklir farartálmar að sumrinu, en gátu orðið það að vetrinum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Hellan hefur stundum reynst erfiður farartálmi á Stígnum; einkum eftir vetur þegar þar hefur fallið aurskriða og fjárgata ekki náð að myndast“.

Farast (s) Hafa efni á; vera í stöðu/færum til. „Var hann að setja útá vinnulagið? Honum ferst! Sem sjálfur lyftir ekki hendi til nokkurra verka!“ „Mér ferst víst illa að gagnrýna aðra í þessum efnunum“.

Farast á mis (orðtak) Fara hvor framhá á öðrum; hittast ekki. „Við ætluðum að hittast í Flosagilinu en hann var svo fljótur fyrir Breið að við förumst á mis“.

Farast fyrir (orðtak) Gleymast; falla niður. „... sýslumaður mátti innheimta einn harðsteinbít af hverjum vermanni, en innheimta sú fórst jafnan fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver).

Farast með manni og mús (orðtak) Um skip eða annan farkost; farast/sökkva með þeim afleiðingum að allir um borð láta lífið.

Farast úr hendi (orðtak) Heppnast; vinnast; skila verki. „Ósköp fer þér þetta illa úr hendi vinur“. „Honum fórst það alveg bærilega úr hendi að slá hólinn“.

Farast vel/illa (orðtak) Lánast vel/illa, koma vel/illa fram við einhvern. „Mér fannst þeim farast illa við karlangann“. „Vertu ekkert að eiga meira við gemlinginn; ekki fórst þér það svo vel síðast“. „Gísli Konráðsson segir að Guðrún hafi þótt stórlýnd, en mikilhæf í mörgu og Einari hafi farist vel við hana þótt jafnan héldi hann framhá henni, eins og Gísli orðar það“. ... „En þá lét Guðrún Einar taka hann til sín, og fórst vel við hann að sögn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Farborð (n, hk) Borð í byrðingi á skarsúðuðum báti; annað borðið frá kilinum. Borð í bátssíðu voru þessi (talið frá kili að borðstokk): Kjalsíða; farborð; undirúfur; yfirúfur; hrefna; sjóborð; sólborð og rimaborð.

Farbúnaður (n, kk) Farviður og annar búnaður sem þarf til sjóferðar á bát. „Í Útvíkum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Fardagaflan (n, hk) Fardagahret; hret eða óverðurskafla um fardaga (í júníbyrjun). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Fardagar (n, kk, fto) Fjórir fyrstu dagarnir í 7. viku sumars. Þessa daga fluttu menn búferlum ef slíkt stóð til, og við fardaga miðaðist ábúð leigujarða. Fardagur presta var lögskipaður 1847 og er 6. júní. „Þetta sama vor í fardögum fluttum við frá Hnjóti alfarin að Kollsvík í sama hreppi til bróður míns, Torfa, er þar bjó með konu sinni, Guðbjörgu“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Farðu nú hægt (orðatiltæki) Bíddu nú við; vertu rólegur. „Já hvenær var þetta nú aftur? Farðu nú hægt; ætli ég geti ekki *glöggvað* mig á því með tíð og tíma“.

Farg (n, hk) A. Hverskonar þungi; hláss; þyngsli. „Mikið er ég feginn því að þessu fargi er af mér létt“. B. Grjót sem nýtt er ár eftir ár til að fegja vothey. Þegar votheysgryfja er orðin full, og nánast fullsigið í henni, er raðað a.m.k. tveimur lögum af hnullungssteinum nokkuð jafnt ofaná heyið; oftast þó ofaná járnplötur. Við það þjappast efra borðið, til jafns við neðri lögin, og loft á ekki greiða leið að heyinu til að hindra góða verkun. Steinarnir voru geymdir í grjótrúst við gryfjuvegginn meðan þeir voru ekki í þessari notkun. Í seinni tíð var farið að nota þykkann plastdúk, og raða sandpokum í stað steina; og þá aðeins með veggjum gryfjunnar. Síðar komu aðrar kenningar um frágang sem ekki verður lýst hér.

Farga (s) Slátra; lóga; eyðileggja. „Andvirði óskilafjár sem fargað er skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar ef eigandi finnst“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). „Af þessu leiddi að í Rauðasandshreppi var ekki fargað verulega af bústofni“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).

- Fargan** (n, hk) *Vesen*; tilgangslaust/heimskulegt framferði. „Helst vil ég vera laus við það bölvuð fargan“.
- Fari bölvuð sú lygin!** (orðatiltæki) Upphrópun; andmæli við því sem fullyrt hefur verið. „Sagði hann að ég hefði gleymt þessu?! Fari bölvuð sú lygin! Hann átti sjálfur að muna eftir því“!
- Fari bölvuð sú ögnin!** (orðtak) Upphrópun til að lýsa smæð eða ónýti einhvers, eða firra sig. „Fari bölvuð sú ögnin að hér sé nokkur kind“! „Ég hef ekki snert við þessu hjá þér; fari bölvuð sú ögnin“! Sjá *ögn*.
- Fari það fjandans til** (orðtak) Upphrópun/blótsyrði; *fari það og veri*; *fari það í hoppandi*. „Nei; fari það nú fjandans til; gleymdi ég að setja hurðina í dilkinn! Og öll komin *strollan* út; með það sama“!
- Fari það í fjandans rass** (orðtak) Svipuð merking og „*fari það og veri*“.
- Fari það í hoppandi** (orðtak) Svipuð merking og „*fari það og veri*“. *Ekki er örgrannt um að stundum væri gripið til efsta stigs; ef mönnum var mikið niðrifyrir, t.d.; „fari það nú í heitasta helvíti“.*
- Fari það í (hurðarlaust) helvíti / Fari það í kolað/logandi / Fari það í svartan sjó** (orðtak) Blótsyrði eða upphrópanir. „Nei fari það í helvíti. Það kemur ekki til mála að þessi kettlingur hafi 35 punda skrokk. Það þori ég að veðja um“! (PG; Veðmálið). „Nei; fari það nú í hurðarlaust helvíti: Ég missti slóðann *með öllu saman*; rétt uppvið borðið“!
- Fari það norður og niður! / Fari það veg allrar veraldar / Fari það bölvuð/grábölvuð** (orðtak) Blótsyrði eða upphrópun. „Fari þær þá norður og niður, bölvuðar bykkjurnar! Þetta er ljónvitlaust af styggð“! Til mun hafa verið viðbótin „... og í níunda heim“. Hún heyrðist ekki í Kollsvík í seinni tíð, en kann að vísa til fyrri hugmynda um húsakost helvítis.
- Fari það og veri** (orðtak) Upphrópun sem lýsir hneykslun eða reiði; notað í stað blótsyrðis. „Nei, fari það nú og veri; nú missti ég hamarinn ofan í hlandforina“. Einnig gæti komið í sama tilefni; *fari það nú fjandans til*.
- Farið að halla degi / Farið að liða á dag(inn) / Farið að liða á nóttina** (orðtök) Orðið áliðið dags/nætur. „Það var farið að halla degi þegar við komum til baka úr ferðinni“.
- Farið að harðna á dalnum** (orðtak) Orðinn skortur; farið að *sverfa að*. „Enn er ég sæmilega birgur af föðri, en það gæti farið að harðna á dalnum ef ég þarf að hafa lambær á föðrum langt fram á sauðburð“.
- (Einhverjum er) farið að segja fyrir** (orðtak) Einhver sýnir þess merki að vera feigur/ kominn á grafarbakkan. Notað sem upphrópun um það þegar einhver gerir eitthvað óvænt/óvanalegt; oftast þá jákvæðara en vant er, en það var talið feigðarmerki áður. „Nei, nú er honum farið að segja fyrir; haldiði ekki að hann sé kominn á fætur án þess að vera vakinn“! Svipuð trú ríkti vestra og Sigurður á Brunnhól í A-Skaft segir frá í samtalsbók sinni: „Almennt var talið að hverjum manni ætti að bregða fyrir sitt bnaðægur og gat komið fram í því að niskur maður varð örlátur og örlátur maður niskur“ (ÞT; Þjóðhættir og þjóðtrú). Sjá *feigð*.
- Farið að síga í (einhvern) / Farið að súrna í (einhverjum) / Farið að þykkna í (einhverjum)** (orðtök) Einhver er orðinn öngur/reiður/fúll. „Hættiði nú að stríða karlinum; það er farið að síga verulega í hann“! „Það var dálítið farið að súrna í mér þegar ég mætti engu nema þumbarahætti hjá honum“.
- Farið að sjá í hann hvítan** (orðtak) Brotnar úr báru; fellur úr báru. „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi. Jók það báru mjög fljótt, þannig að farið var að falla af báru og sjá í hann hvítan“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).
- Farið að slá í** (orðtak) Farið að úldna. Sjá *slá í*.
- Farið að stropa** (orðtak) A. Um egg; byrjaður að myndast stropi í eggjum sem komið er nærri því að verða ungað. B. Líkingamál um þann sem orðinn er pirraður/langleiður; farið að súrna í einhverjum. „Ég er hræddur um að það geti farið að stropa í karlinum ef þú ferð ekki að skila kerrunni til hans“.
- Farið aftanað hlutunum** (orðtak) Farið öfugt að; gert á rangan hátt; klaufalega/rangt farið að. „Mér finnst nokkuð farið aftanað hlutunum með þessu lagi“.
- Farið hefur fé betra** (orðatiltæki) Ekki mikill skaði. „Það eru nú ekki hundrað í hættunni þó þessi ríkisstjórn falli; farið hefur fé betra“.
- Farið veg allrar veraldar** (orðtak) Horfið að eilífu. „En húfan fauk og er líklega farin veg allrar veraldar“.
- Farinn að láta á sjá** (orðtak) Sýnilega orðinn slitinn/gamall/máður/skemmdur. „Þessi dúkur er farinn að láta nokkuð á sjá; enda orðinn mjög gamall“.
- Farinn að segja til sín** (orðtak) Farið að muna um; orðinn áberandi. „Norðansjórinn er farinn að segja til sín við ströndina, og eykst með hverri báru“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Farinn að þreki/heilsu/kröftum/aldri** (orðtök) Orðinn þreklaus/heilsulaus/máttlítill/gamall.
- Farin** (n, hk) Eldra orð á púðursykri. GJH kaupfélagsstjóri notaði þetta líklega síðastur í Rauðasandshreppi.

Farkennsla (n, kvk) Sjá *farskóli*.

Farkennari (n, kk) Sá sem kennir börnum í *farkennslu*. Eftirtalda farkennara í Rauðasandshreppi nefnir Birgir Þórisson í samantekt sinni; „Fólkið, landið og sjórin“: Hákon Jónsson, Hnjóti, kenndi í Breiðavíkursókn (Brvs) 1897-91; Sigurlaug Traustadóttir Breiðuvík, Brvs 1898-1902; Ólafur Jónsson Hvalsakeri 1901-03 og 1906-08; Samúel Eggertsson skrautritari og teiknari Stökkum og Kollsvík 1894-1903 og 1903-08; Þórður Ó Thorlacius Saurbæ 1902-11; Pétur Jónsson Stökkum 1907-08; Gísli Gíslason Sjöundá kenndi í Saurbæjarsókn 1907-09; Eyjólfur Sveinsson Lambavatni 1910-21 og 1925-41; Ólína Erlendsdóttir Látrum 1914-?; Ólafur Þórarinsson Saurbæ 1915-17; Valdimar Össurason (eldri) Kollsvík 1921-25; Æofofur Finnbogason 1938-40; Kjartan Þorgilsson 1940-41; Jón G. Guðjónsson 1941-43; Haraldur Þórarinsson 1942-43; Kristján Júlíus Kristjánsson Efri-Tungu 1943-45 og 1959-60; Jón Arnar Magnússon Saurbæ 1946-47; Oddný Guðmundsdóttir 1947-48 og 1957-58; Eggert Ó Briem 1948- (kláriði ekki kennsluárið); Egill Ólafsson Hnjóti og Anna Hafliðadóttir Látrum 1949-50; Össur Guðbjartsson Láganúpi 1950-53 og 1958-59 (kenndi einnig síðar í barnaskólanum Örlygshöfn); Tryggvi Eyjólfsson Lambavatni 1953-57; Ásgerður Emma Kristjánsdóttir Efri-Tungu 1960-61; Flosi Jónsson 1961-62; Magnús Gestsson 1962-64 og síðar í barnaskólanum Örlygshöfn. Þorkell Hjaltason varð síðastur farkennari í Rauðasandshreppi (og fyrsti kennari VÖ). Hann kenndi í Sauðlauksdal 1964-65 og í Kollsvík 1965-66. Eftir það fór kennsla fram í skólanum í Örlygshöfn. Sjá einnig *farskóli* og *barnaskóli*.

Farkostur (n, kk) Farartæki; farskjóti. „Nóg er hér af farkostunum til að koma þér heim“.

Farlama (l) Illa ferðafær vegna hreyfihömlunar. „Ég er nú ekki svo farlama enþá að ég komist ekki niður í efstu ganga“.

Farlaus (l) Vantar far; þarf að sig ferjaðan/fluttan. „Eftir að bíllinn bilaði vorum við farlausir“.

Farlúinn (l) Ferðamóður; þreyttur eftir langferð/erfiða ferð. „Ertu ekki farlúinn eftir þessa langferð“?

Farmur (n, kk) Flutningur; hleðsla farartækis. „Ég tek ekki meiri farm í einni ferð“.

Farnast (s) A. Komast/reiða af; *fara af stöfnum*. „Við biðum í fjörunni til að sjá hvernig þeim farnaðist út af læginu“. B. *Braga*; koma fram við. „Honum hefur farnast vel við sína fösturforeldra“.

Farskóli (n, kk) Skólaform sem um tíma var viðhaft í Rauðasandshreppi, sem víðar, eða frá ofanverðri 19.öld framtil 1968. Þá ferðaðist kennari milli heimila. Kennt var í heimahúsi og kennari hafði þar oftast aðsetur, en börn af nálægum bæjum gengu daglega heimanfrá sér í námið. Kennarar voru Þorkell Hjaltason, Magnús Gestsson og stundum Össur Guðbjartsson. Síðasti farskólinn í Rauðasandshreppi var í Kollsvík veturinn 1967-68. Þorkell kenndi þá í Kollsvíkurbænum, en börn sem komu af bæjum víðsvegar úr hreppnum höfðu sum aðsetur þar, en önnur á Láganúpi. Össur hafði, mörgum árum áður, verið farskólakennari á Lambavatni. „Þegar ég var í Kollsvík við barnalærdóm (farkennslu) fyrir hálfri öld, voru þar að minnsta kosti níu heimili með um 50—60 manns; félagslymt og lífsglatt fólk, sem lék sér mikið úti á vetrarkvöldimi og um helgar, þegar veður leyfði“ (ÞJ; grein í Mbl 14.01.1972). „Skólagangan tók ekki langan tíma hjá börnum á þessum árum. Kennsla hófst um veturnætur og var kennt á þremur stöðum hér í útsveit; hálfan mánuð á hverjum stað í einu; á Hvallátrum; í Kollsvík og í Breiðavík“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Sjá einnig *barnaskóli* og *farkennari*.

Farsæll (l) Gæfusamur; lánsamur; góður; slysalaus. „Hann reyndist afar farsæll formaður“.

Farsællega (ao) Vel; giftusamlega; gæfulega. „Þetta lánaðist bara farsællega hjá okkur“.

Fart (n, kvk) Ógnarhraði; flýtir; asi. „Óskapleg fart var á honum; það var eins og hann væri að sækja eld“!

Fartau (n, hk) Farskjóti; farartæki. „Kemurðu einum aukafarþega með í þitt fartau“?

Farteski (n, hk) Farangur; *hafurtask*. „Hann var með einn kartöflupoka í farteski sínu og varð að bera hann langleiðina upp Dalinn, sakir kraftleysis bifreiðarinnar“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Farvel Frans! (orðtak) Kveðjuorð sem oft er notað í háði, t.d. um þann sem gott er að vera laus við. Uppruni ekki viss en þess má geta að Farvel var algengt bátsnafn; t.d. nafn á áttæringi sem eittsinn hafði uppsátur í Breiðavík vestra.

Farviður (n, kk) Lausir munir sem þurfa að vera í bát til að hann sé sjófær. Til farviðs telst m.a; negla, árar, stýri, austurtrog, ankeri, siglutré; reiði og seglabúnaður. „Úr bátnum er allur farviður farinn. Mennirnir í bátnum geta því enga björg sér veitt“. (KJK; Kollsvíkurvei). „Þetta er borið í bátinn ásamt farviðnum; þ.e. árum og segli“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG). „„Bindið vel farviðina“! gall við úr skutnum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „*Strengjabitinn* tilheyrði farviði skipsins“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Fas (n, hk) Hegðun; framkoma. „Beggja fas og fótatak/ firra setu boðna./ Hafa tröll í brjóst og bak/ belgi uxa troðna“ (JR; Rósarímur).

- Fasmikill** (l) *Gustmikill; mikilúðlegur.* „Sú gamla ruddi sér leið að slagsmálahundunum æði fasmikil; þreif í sinn karl og dró hann umyrðalaust útfyrir vegg. Þar upphófst mikill reiðilestur um mannsiði og fylleri“.
- Fast að** (orðtak) *Allt að; hátt í; nærri; uppundir.* „Hann var kominn fast að fimmtugu þegar barnið fæddist“.
- Fast að orði kveðið** (orðtak) Með áherslu á hvert orð; með ákveðnu/hörðu orðalagi. „Sumum þótti fast að orði kveðið, en hann sagði að það þýddi ekkert að tala neitt rósamál við þessa kerfiskarla þarna fyrir sunnan“.
- Fast í** (orðtak) Um fláningu sláturfjár; erfitt að skilja gæru frá skrokk/mötu. Líklega stytting úr „fast í skinninu/gærunni“, en einungis notað stytta á seinni tímum. Mjög er misjafnt hve erfitt er að flá sláturfé. Virðist sem það fari eftir ætterni, bithögum/fóðri, holdafari og e.t.v. fleiru. T.d. þótti fé af Hænuvíkurhlíðum fremur fast í þegar það var flegið í Gjöggrasláturhúsi, en fé úr Örlygshöfn var auðveldara að flá. Mikið reyndi á styrk og hnúa fláningsmanna þegar fé var fast í.
- Fast í botni** (orðtak) Um niðristöðu/stjóra/veiðarfæri sem ekki næst að draga vegna þess að það situr fast við hafsbötn; vanalega þar sem er grýttur botn/*haun*. „Helvítis niðristaðan er enn þrælföst í botni; prófum að *keyra* dálítið á hana“.
- Fast í hendi** (orðtak) Erfitt að fá til láns/kaups. „Hann sagði að þetta væri í raun erfðagripur og því væri sér það fremur fast í hendi“. Sjá *laust í hendi*.
- Fast land** (orðtak) Jörð; ekki eyja/sker/hólmi. „Kindurnar óðu af skerinu upp á fast land áður en þær flæddi“.
- Fasta** (s) Neita sér um mat; svelta sig. „Þú étur áránn ekki neitt drengur; þú dettur í sundur ef þú fastar svona“!
- Fastabeita** (n, kvk) Beita gorms og steinbítibita á sama krók. „Þegar handfæraöngull var beittur fyrir steinbít var *gorminum* úr honum snúið við og hann fikaður/fitjaður upp á öngulinn. Sumir skáru þá ferning úr steinbítiskinn og höfðu á leggnum fyrir ofan gorminn agnhaldsmegin; á Vestfjörðum kallað fastabeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir; ÓETH).
- Fastákveðið** (l) *Harðákveðið; í gadda slegið.* „Það var nú ekkert fastákveðið með þetta“.
- Fastheldinn** (l) A. Vanafastur; reglusamur. „Pabbi var fastheldinn á ýmsa siði varðandi andakt á jólum, þó enginn væri hann kreddumaður í trúmálum“. B. Nískur; aðhaldssamur. „Hann þykir fastheldinn á aurana“.
- Fastheldni** (n, kvk) A. Ávani; reglufesta. „Þó Kollsvíkingar séu upp til hópa fordómalausir og víðsýnir þá ríkir almennt meðal þeirra veruleg fastheldni á venjur og siði“. B. Níska; aðhaldsemi. „Eitt er nú að sýna fastheldni og aðgát, en þetta er nú bara hreinn *nánasarháttur*“!
- Fastmilk** (l) Um kýr sem erfitt er að mjólka; gagnstætt við *lausmilk*. „Gott ráð við fastmilkar kýr er að þvo júgrin úr volgu vatni og mjólka með hægum og ákveðnum strokum“. Sjá *handmjólka*.
- Fastmælum bundð** (orðtak) Ákveðið; samþykkt. „Eftir nokkrar umræður var það fastmælum bundið að leggja af stað í býtið daginn eftir“.
- Fastsetja** (s) Ákveða; binda fastmælum; taka frá. „Eigum við að fastsetja einhvern dag í þetta verk“.
- Fastskorðaður** (l) Í tryggu stæði; hreyfist ekki. „Tréð var fastskorðað í stórgrýtinu“.
- Fastsofandi** (l) *Steinsofandi*; sefur vært. „Hann er enn fastsofandi, en ég get ýtt við honum ef þú vilt“.
- Fastsótt og harðsótt** (orðtak) Erfitt en hafðist/tókst fyrir þrjósku/einbeiti. „Það var fastsótt og harðsótt að komast útyfir hálsinn í þessari leiðindafærð“.
- Fastur á sinni/þeirri skoðun** (orðtak) Stendur fast á sinni skoðun; er ákveðinnar skoðunar. „Ég reyndi að *fá* hann *ofan af* þessu, en hann er fastur á sinni skoðun“.
- Fastur fyrir** (orðtak) Ákveðinn; lætur ekki sinn hlut; þrjóskur; þver. „Ég reyndi að semja við hann, en hann var fjári fastur fyrir. Kannski þér gangi betur að *tala* hann *til*“.
- Fastur í gír** (orðtak) Um traktor eða annað ökutæki; næst ekki úr gír. Meðan smíði og frágangur gíra var með frumstæðari hætti en nú er var ekki óalgennt að t.d. traktor væri áfram fastur í einum eða tveimur gírstillingum þó gírstöngin væri í „hlutlausu“; einkum þegar búnaðurinn var orðinn slitinn. Var þetta nokkuð þekkt vandamál á Farmal-A á Láganúpi.
- Fastur í sessi** (orðtak) Tryggur á valdastóli; hefðbundinn; öruggur á sínum stað. „Þessi siður er nú orðinn fastur í sessi“.
- Fat** (n, hk) A. Eintala af föt, t.d. höfuðfat. B. Opið, grunnt, kringlótt ílát, t.d. vaskafat. C. Járngjörð utanum vaðstein eða annað, til að unnt sé að festa hann í vað/færi. Oft fellt í gróp sem klöppuð var í steininn.
- Fatableðlar** (n, kk, fto) Lítilfjörlegur fatnaður; skjóllítil klæði. „Þetta eru aumu fatableðlarnir sem vesalings stelpa er í“.
- Fatahjallur** (n, kk) Hjallur sem föt eru hengd í til þerris, uppi á snúrum. „á Hjallhól var fatahjallur“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Fatakista (n, kvk) Kista þar sem geymdur er fatnaður. Fatakistur voru á hverju heimili frameftir 20.öld; þar til fataskápar leystu þær að mestu af hólmi. Enn inotkun á Láganúpi.

Fatalítill (l) Hefur/á lítið af fötum. „Það þýðir ekkert að fara svona fatalítill til langdvalar“.

Fatalt (l) Dauðadæmt; glatað; vonlaust; hættulegt; dæmt til að mistakast. „Það er alveg fatalt að reyna þetta í svona veðri“. Svipuð merking og notkun og stofnskylda orðið í ensku; „fatal“. Heyrðist nokkuð notað í máli sumra Kollsvíkinga uppúr miðri 20. öld og e.t.v. mun fyrr.

Fatanið (n, hk) Slæm meðferð á fatnaði; mikið álag á föt. „Múkkaeggjatekja er hálfgerft fatanið, því þó maður sleppi vð að fá æluna á sig þá er maður skríðandi í lýsisbornu grasi og rífandi föt á nibbum“.

Fatapjónkur / Fatarlarfar / Fataleppar // Fatalufsur/ Fatagarmar / Fataplögg / Fatarýjur / Fataræflar / Fatatau/ Fatatuskur (n, hk, fto) Gæluorð yfir föt; druslulegur/skitugur fatnaður. „Farðu nú úr þessum fatagörmum svo ég geti þvegið af þér“. „Gakktu nú frá fatapjónkunum þínum!“ „Hvar eru nú fatararfarnir mínir?“ „Áttu ekki einhverjar betri fatalufsur til að vera í“?

Fatatilur (n, kvk, fto) Föt; fatnaður; *rýjur*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Ég ætti kannsi að fara í einhverjar einhverjar skárri fatatilur áður en gestirnir koma“.

Fatatirjur (n, kvk, fto) Fatnaður, einkum léleg föt; fatadruslur; *fatatilur*. „Ósköp eru nú þessar fatatirjur að verða snjáðar og druslulegar“!

Fatli (n, kk) *Létti; bardóna*; lykka sem þungi er bundinn upp með til að létta burð. A. Binding laskaðrar handar upp að bringu til að létta á henni. B. Létti; band sem brugðið er um axlir til að létta burð á því sem borið er í höndum, t.d. eggjakútum.

Fatnaður (n, kk) Hann skipti verulegu máli í veðráttunni í Útvíkum, sem ekki var alltaf blíð. Fram á 20. öld voru Kollsvíkingar sjálfum sér nægir með fataframleiðslu. „Það var mikið ofið á veturna. Uppistaðan var tvistur; fyrirvaf var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvafi þegar ofið var í milliskyrturnum og sængurver sem notuð voru í verbúðunum.... Það var mestmegnis ofið í öll föt; lítið sem ekkert keypt af útlendu fataefni. Nærföt, buxur og skyrtu voru úr hvítum vaðmálsdúk“ (ÞB; Lesbók Þjóðv; viðtal við HM).

Fatta (s) Fá festu; ná gripi. „... var þá skútan búin að losna fjórum sinnum, en ætíð þegar við ætluðum að fara að hífa inn, fattaði hún aftur“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Fattur (l) Boginn/reiður afturábak. „Það er erfitt að standa lengi svona fattur; haltu vel undir ljósakrónuna“.

Fau (l) *Foj*; móðgaður; snúðugur. „Hún varð dálítið fau við, þegar ég spurði hana að þessu“. Foj þó oftast notað.

Fausi (n, kk) Þrjótur; dratthali. „Árans fausinn *hélt* mér *uppi á kjaftæði* svo að flekkurinn rigndi“.

Fauskur (n, kk) A. Fúin trjáhnyðja/raftur. B. Þrjótur; kauði. „Mér er nokkuð sama hvað sá fauskur segir“!

Fautaháttur (n, kk) Verk sem unnið er klaufalega og af offorsi; fantaskapur. „Svona fautaháttur gagnast lítið“.

Fautalegur (l) Fantalegur; harkalegur; klaufalegur. „Ósköp var kerlingin fautaleg við hann“!

Fauti (n, kk) Fantur; klaufi; klunni. „Vertu nú ekki þessi fautí við hann bróður þinn“.

Fá (s) A. Gefast; höndla; eignast. B. Um það þegar ær makast með hrúti. „Hún Grána var með þeim sem fengu fyrsta daginn, hún á því *tal* mjög snemma þetta árið“.

Fá að heyra það (orðtak) Fá skammir; fá til tevatnsins. „Hann skal sko fá að heyra það þegar ég nær á hann“!

Fá að kenna á því (orðtak) *Fá að þefa úr því*; fá ráðningu/ slæma útreið. „Ég er hræddur um að maður fái að kenna á því ef hann kemst að því að ég stalst í egg í hans landi“.

Fá að láni (orðtak) Fá lánað/léð. „Ég fékk þessa bók að láni hjá bókasafninu“.

Fá að þefa úr því (orðtak) Eiga mikið verk fyrir höndum; fá ráðningu/slæma útreið. „Þeir fá að þefa úr því þingmennirnir þessa dagana. Það verður enginn leikur að koma saman fjárlögunum“. Einnig var notað orðatakið „fá að vita af því“, af svipuðum tilefnum.

Fá af sér (orðtak) Geta; geta fengið sig til. „Hann var svo umkomulaus að ég fékk ekki af mér að vísa honum á dyr, heldur bauð honum gistingu“. „EKKI skil ég hvernig nokkur fær af sér að skjóta rjúpvikindin“.

Fá á (orðtak) Valda hugarangri/sorg. „Var jafnvel orð á því gert, hve lítið svo stór atburður fékk á hana“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Fá á baukinn/lúðurinn/kjaftinn (orðtök) Fá kjafsthögg; fá ráðningu. „Hann fékk víst aldeilis á baukinn hjá kerlingunni þegar hann kom heim eftir fyllerið“. Baukur merkir þarna munnur/munnhol. Sjá *baukur*.

Fá á fætturna (orðtak) Um orðróm/slúður; breiðast út; fréttast. „Það hefur víst fengið á fætturna að þau séu eitthvað að *draga sig saman*, en hafðu það samt ekki eftir mér“.

Fá á sig stimpil (orðtak) Fá ómaklegt orðspor; vera álitinn.

- Fá bakþanka/eftirþanka** (orðtak) Fara að hugsa eftir; *sjá eftir*. „Ég fékk allt í einu dálitla bakþanka útaf þessu“. „Ég hef verið með eftirþanka vegna þessarar ákvörðunar“.
- Fá bágð fyrir** (orðtak) Fá skammir/ámæli fyrir eitthvað. „Ég hélt ég væri að hjálpa honum með þessu, en þess í stað fékk ég bágð fyrir! Bíði hann bara þar til ég hjálpa honum í annað sinn“!
- Fá borgað** (orðtak) Fá ráðningu/refsingu fyrir. „Ég hét honum að þetta skyldi hann fá borgað, þó síðar yrði“.
- Fá botn í** (orðtak) Botna í; skilja; *fá fram niðurstöðu*. „Ég hugsaði málið mikið en fékk engan botn í það“.
- Fá bót meina sinna** (orðtak) Batna veikindi; *gróa sása sinna*; fá lækningu. „Hann dó án þess að fá nokkurntíma bót meina sinna“.
- Fá byr í seglin / Fá byr undir báða vængi** (orðtök) Um orðrómm/málefni; öðlast styrk/fylgi; breiðast út. „Orðrómurinn fékk byr undir báða vængi eftir saumaklúbbsfundinn“. Líking við fugl á flugi í uppstreymi.
- Fá ekki rönd við reist** (orðtak) Geta ekki spornað á móti/ aftrað. „Bændur fengu enga enga rönd við reist þegar Mjólkursamlagið var lagt niður“. Vísar til þess að geta ekki brugðið skildi/skjaldarrönd fyrir sig, til að verjast í bardaga.
- Fá ekkert aðhafst** (orðtak) Geta ekkert að gert. „Nokkrir menn bíða í fjörunni, en fá ekkert aðhafst“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fá far með / Taka sér far með** (orðtök) Fá að verða samferða með tilteknu farartæki/ tilteknum hópi. „Ég fékk far með honum innifir hálsinn“.
- Fá forsmekkin af** (orðtak) Reyna að litlu leyti. „Við fengum dálítinn forsmekk því sem koma skal“.
- Fá fram niðurstöðu** (orðtak) Leiða sannleika í ljós; fá botn/niðurstöðu í. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi...“ (PG; Veðmálið).
- Fá framgengt / Fá til leiðar/vegar komið** (orðtak) Um málefni; ná fram; koma í höfn. „Ég fékk þessu framgengt gegn því að gefa annað eftir“.
- Fá fyrir ferðina / Fá fyrir vikið** (orðtak) *Komast að því fullkeyptu; fá að þefa úr því; fá til tevatnsins*; fá refsingu. „Sá skal nú aldeilis fá fyrir ferðina ef hann svíkur mig aftur“! Vísar líklega til þess upphaflega að hefna þurfi fyrir aðför/herför sem andstæðingur hefur gert.
- Fá fyrir hjartað** (orðtak) Verða mjög hverft við; fá hjartaslag. „Það lá við að ég fengi fyrir hjartað“!
- Fá (á) fæturna** (orðtak) Um kjaftasögu/slúður; ná útbreiðslu/flugi; komast í hárnæli. „Sú saga fékk á fæturna að hann væri ekki faðir barnsins“. „Ekki veit ég hvernig þetta fékk fæturna, en ekki er það frá mér komið“.
- Fá hviðu** (orðtak) Fá kast; hleypta í sig dugnaði/framtaki. „Nú fékk hún eina hviðuna til, helvítis kerlingin hjá skattinum; nú heimtar hún skýringar á frádrættinum á söluskattsskýrslunni“!
- Fá hvorki vott né þurrt** (orðtak) Fá hvorki að drekka né borða/éta. „Mundu eftir nestisskjóðunni. Það er ómögulegt að vera við vitjun allan daginn og fá hvorki vott né þurrt“.
- Fá (góðan) höggstað á (einhverjum)** (orðtak) Fá gott tækifæri til að þjarma að einhverjum. „Þarna taldi hann sig fá góðan höggstað á mér“. Vísar til bardaga; að glufa sé í vörnum andstæðings. *Sjá gefa höggstað á sér*.
- Fá inni** (orðtak) Fá að vera/gista/búa. „Ég fékk inni hjá skyldmönnum þennan vetur“.
- Fá í fangið** (orðtak) *Fá upp í hendurnar; fá upp á sína arma*. „Ég fékk þetta viðamikla verkefni í fangið“.
- Fá í gogginn/ belginn/sarpinn** (orðtak) Fá að borða; matast. „Réttu mér nestið. Nú fáum við okkur eitthvað í gogginn“. „Viltu ekki fá þér eitthvað í belginn áður en þú leggur af stað“?
- Fá í veganesti** (orðtak) Fá í nesti til ferðar. Oftast notað í líkingamáli um eitthvað það sem menn eða málefni fær sér til viðurværis. „Þótt gleðin væri hamslaus/ þá skulfu hjarta og höndin,/ og heitar móðrbæni/ í veganesti fékk“ (EG; Vorhret).
- Fá í sig** (orðtak) Um fóðrun/beit; fá einverja magafylli. „Það fær ekki mikið í sig þegar svona *áfreði* er á jörð“.
- Fá í soðið** (orðtak) Fiska/veiða nóg til að dugi í soðningu. „Ekki var nú aflinn mikill; en við fengum þó rúmlega í soðið“.
- Fá (einhvern) í tauið** (orðtak) Fá einhvern til að taka þátt/ vera með í einhverju. „Við reyndum mikið að fá hann í tauið með okkur, en hann sagðist ekki taka þátt í svona hrekkjum“.
- Fá (sér) í tána** (orðtak) Fá vín; verða dálítið kenndur/drukkinn. „Eitthvað er hann búinn að fá sér í tána“.
- Fá lítinn byr í seglin** (orðtak) A. Um siglingu; njóta ekki byrjar. B. Um málefni; fá litlar undirtektir.
- Fá nasasjón af** (orðtak) Hafa veður af; verða áskynja; hafa grun um. „Foreldrarnir fengu einhverja nasasjón af þessum fyrirætlunum og bönnuðu strákunum að koma nálægt klettunum“. *Sjá hafa nasasjón af*.
- Fá nóg af** (orðtak) Verða þreyttur af; ofbjóða. „Ég fékk nóg af borgarlífinu á fyrsta degi“.

- Fá (einhvern) ofan af (einhverju)** (orðtak) *Telja hughvarf*, fá einhvern til að skipta um skoðun. „Ég fékk hann ofan af því að æða af stað undir kvöldið í þessu veðurútliti“.
- Fá ofan í sig** (orðtak) Fá að borða; verða mettur. „Það er óþarfi að þakka þetta. Fékkstu nokkuð ofan í þig“?
- Fá ofaní** (orðtak) Um heyskap; þegar rignir niður í flatt hey án þess að náist að garða það; hirða eða galta. „Hann er að ljókka fjandi fljótt; ég er hræddur um að við fáum ofaní uppi á Hólunum“.
- Fá ofbirtu í augun** (orðtak) Blindast vegna mikillar birtu. „Ég fékk ofbirtu í augun af sólinni þegar ég kom út úr kofanum“.
- Fá (að heyra) orð í eyra** (orðtak) Fá tiltal/skammir. „Hún mátti segja þetta, en aðrir hefðu fengið orð í eyra“ (IG; Æskuminningar).
- Fá/hafa ógeð á** (orðtak) Verða leiður á; fyllast viðbjóði/andúð yfir. „Ég fékk strax ógeð á þessu óæti“.
- Fá/hafa pata af** (orðtak) Fá veður af (sjá þar). Ég fékk einhvern pata af þessu ráðabruggi og varð lítt hrifinn“.
- Fá/gefast/hafa ráðrúm/svigrúm/tækifæri til** (orðtak) Fá nægan tíma til að gera. „Mér gafst ekkert ráðrúm til að hugsa, heldur framkvæmdi þetta alveg ósjálfrátt“.
- Fá rétt upp í hendurnar** (orðtak) Fá afhent það sem með þarf. „Þú getur ekki búist við að fá allt rétt upp í hendurnar; allir þurfa eitthvað fyrir lífinu að hafa“. Sjá *margs verður sá án sem einskis biður*.
- Fá rönd við reist** (orðtak) Sjá *fá ekki rönd við reist*.
- Fá sér bita / Fá sér hressingu** (orðtak) Fá sér að borða; fá sér af nesti. „Þarna er upplagt að fá sér bita og láta líða úr sér“ (IG; Sagt til vegar II). „Þá voru lagðar lóðirnar og legið yfir nokkurn tíma, og var þá legið í öðru bólfærinu, á meðan var skorinn beita, síðan var farið að draga og var þá beitt út, að því loknu var farið í land til að fá sér hressingu og gera að því sem hafði aflast“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveiri).
- Fá/finna sér til** (orðtak) Finna tylliástæðu fyrir. „Það má alltaf fá sér eitthvað til ef maður vill gagnrýna aðra“.
- Fá sér blund/kríu/lúr** (orðtök) *Leggja sig; fleygja sér; blunda; lúra*; taka stuttan svefntíma til hvíldar. „Hann fékk sér stundum blund eftir hádegið“. „Ég ætla að fá mér smá kríu“.
- Fá sér í nefið/nösina/slóna** (orðtak) Taka neftóbak í nefið. „Fáðu þér nú *duggunarögn* í slóna“.
- Fá sér (eitthvað) í sarpinn** (orðtak) Fá sér að borða; fá sér snarl. „Nú skulum við setjast aðeins niður og fá okkur eitthvað í sarpinn áður en við drögum næsta streng“.
- Fá sér í svanginn** (orðtak) Fá sér að borða; matast; snæða. „Komdu nú innfyrr og fáðu þér eitthvað í svanginn“.
- Fá sér í staupinu / Fá sér neðan í því** (orðtak) Fá sér vín. „Það hendir hann nokkuð oft að fá sér heldur mikið í staupinu“. „Heldurðu að karlinn hafi verið búinn að fá sér neðan í því“?
- Fá sér kríu** (orðtak) Leggja sig stutta stund; *kasta sér; fleygja sér*. „Ég ætla að fá mér örlitla kríu“.
- Fá sitt fram / Fá sínu framgengt** (orðtak) Ná þeirri niðurstöðu í mál sem maður vildi.
- Fá skömm í hattinn** (orðtak) Fá skammir; vera skammaður. „Við fengum skömm í hattinn fyrir að koma heim *drullublautir* í fætuna“.
- Fá smérþefinn af** (orðtak) *Fá forsmekkinn af*; reyna lítilsháttar. „Það er ágætt að þessir þingmenn fái smérþefinn af því hvernig er að búa við svona vegi“!
- Fá stýri fyrir bátinn sinn** (orðtak) Fá stjórnanda; fá t.d. maka sem stjórnar manni. „Þeir segja að þarna hafi hann loksins fengið stýri fyrir bátinn sinn; það ku vera búíð með allt fylleri og slark á þeim bænum núna“.
- Fá (einhverju) til leiðar/vegar komið** (orðtak) Fá einhverju framgengt; sjá um að eitthvað sé samþykkt/gert.
- Fá til tevatnsins** (orðatiltæki) Fá ráðningu/skammir; *fá það óþvegið; fá fyrir ferðina*. „Strákarnir fengu víst aldeilis til tevatnsins þegar upp komst um hrekkina“. Líklega komið úr dönsku; „fá til tevandet“.
- Fá til við sig** (orðtak) Fá einhvern til að slást/leika við sig. „Hann er alltaf að hnoða nautkálfinn og fá hann til við sig; það endar með því að kálfskrattinn verður mannygur“!
- Fá/gefast tóm til** (orðtak) Fá tækifæri/ráðrúm til; hafa tíma til. „Mér hefur ekki gefist tóm til að lesa bókina“.
- Fá um það ráðið** (orðtak) Geta ráðið um. „Þetta verður aldrei, ef ég fæ einhverju um það ráðið“!
- Fá (góðar/slæmar/dræmar) undirtektir** (orðtak) Fá jákvæð ummæli/viðbrögð hjá öðrum við því sem maður hefur sagt. „Aðeins *hreyfði* ég þessu við hann, en fékk heldur dræmar undirtektir“.
- Fá upp á sig** (orðtak) Um eggjaferðir; fá í hæfilega byrði. „Það má alveg fá upp á sig, ef maður fer einsamall í efstu gangana“. „Á höfðann er stutt sig, en þar má fá uppá einn mann“.

- Fá upp á sína arma / Fá upp í hendurnar** (orðtak) *Fá í fangið*; fá viðfangsefni/gjöf. „Þetta leit ekki vel út þegar ég fékk það upp í hendurnar“. „Ég fékk þetta verkefni upp á mína arma“. Sjá *fá rétt upp í hendurnar*.
- Fá upp í sig** (orðtak) Komast í svo mikla berjatínslu að maður geti etið nægju sína. „Það mátti alveg fá uppí sig af bláberjum þarna í lautunum“.
- Fá uppúr** (orðtak) Fá til að segja/upplýsa. „Þú færð aldrei uppúr honum hvað hann kaus“.
- Fá út** (orðtak) Fá / komast að niðurstöðu; reikna út. „Hvernig færðu það út að einhverja vanti ef fimmtíu eru í hverjum karmi og fjörutíu og fjórar í *hrútakarminum*“?
- Fá vatn í munninn** (orðtak) Langa í tiltekna fæðu. „Ég fæ alltaf vatn í munninn þegar ég hugsa um hákarl“.
- Fá/hafa veður af** (orðtak) *Komast á snoðir um*; verða áskynja um; fá vitneskju um. „Hann fékk veður af þessum fyrirætlunum og reyndi að koma í veg fyrir þetta“.
- Fá vind í seglin / Hafa meðbyr / Hafa vind í seglum** (orðtök) A. Í bókstaflegri merkingu um siglingu báts. B. Í líkingamáli um velgengni manns.
- Fá yfir höfuðið** (orðtak) Fá svima; sortna fyrir augum. „Hann fékk yfir höfuðið og varð að setjast“.
- Fá það óþvegið** (orðatiltæki) Fá miklar skammir; *fá til tevatnsins*. „Ég lét hann hafa það alveg óþvegið“.
- Fáanlegur** (l) Unnt að fá; á lausu; tiltækur. „Heldurðu að þú værir fáanlegur í smalamennskur með mér“? „Þessir öndvegis gúmmískór eru ekki fáanlegir lengur“.
- Fábjánafans** (n, kk) Hópur heimskra manna. „Það hefur þurft heilan fábjánafans til að semja svona *arfavitlausu* reglugerð“!
- Fábjánagangur / Fábjánaháttur** (n, kk) Frámunalega heimskulegur verknaður/hugsanagangur. „Hverskonar fábjánaháttur er þetta hjá þeim“?!
- Fábjáni** (n, kk) Vitleysingur; bjáni; kjáni. „Stattu ekki þarna eins og fábjáni; reyndu að hjálpa aðeins til“!
- Fábreytilegt / Fábreyttur** (l) Tíðindalítið; tilbreytingalítið; fábrotið. „Héðan eru bara ósköp fábreytilegar fréttir“. „Skelfing finnst mér þessir íþróttafréttamenn tala fábreytt og kjánalegt mál“. „Enda þótt neysla manna á aðfluttum varningi á þessum tímum væri mun fábreyttari en nú er orðið, hefði orðið tafsamlegt að flytja allar aðfluttar vörur á hestum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Jólahald var fábreytt framan af“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Fábrotinn** (l) Einfaldur; íburðarlaus. „Maturinn smakkaðist vel þó fábrotinn væri“. „Karlmennt saumuðu sjálfir sjóklæði sín að vetrinum. Tæki til þess voru fábrotin; aðeins tvær nálar, fyrirseyma og eftirseyma, svo og klemburur sem voru einskönar nálatöng“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fábýlt** (l) Um byggðarlag; með fáum bæjum/bóndabýlum. „Fábýlt er orðið í Rauðasandshreppi nú, miðað við það sem var fyrir fáeinum áratugum“.
- Fádæma** (l) Sem fá dæmi eru um; sjaldgæfur. „Það var fádæma gott veður allan tímann“.
- Fáeinir** (l) Örfáir; nokkrir. „Taktu með þér fáeina *eggjakoppa* í nesti“.
- Fága** (s) Gera skínandi fallett útlits. „Allt var hreinsað og fágað sem hægt var fyrir jólin...“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Fágæfur / Fágætur / Fáhittur / Fáséður** (l) Sjaldgæfur. „Svona vanskapaður fiskur er líklega fáhittur“.
- Fáheyrt** (l) Heyrist sjaldan um; sjaldan í umræðu. „Það er nú alveg fáheyrt að svona komi fyrir“!
- Fáir eru smiðir í fyrsta sinn** (orðtak) Flestir þurfa einhverja þjálfun til að verða snjallir í sínu verki. Einnig; *enginn verður óbarinn biskup*.
- Fáir kunna eitt barn að ala** (orðatiltæki) Vísar til þess að vandast er að ala upp einbirni, þannig að það falli vel að öðrum börnum. Einbirni er hættara við að verða ofdekrað.
- Fáir kunna sig í fögru veðri heiman að búa** (orðatiltæki) Þeir sem leggja af stað í langferð í góðu veðri gleyma stundum að *skjótt skipast veður í lofti*.
- Fáir kunna úr fullri hlöðu að deila** (orðatiltæki) Sá ríki deilir auðnum ógjarnan með öðrum, og sá bóndi sem vel hefur fyrnt og vel heyjað setur fremur upp í hey aukalega en gefa þeim sem minna heyja. Ekki er það þó einhlítt.
- Fáklæddur** (n, kk) Lítið klæddur; í fáum fötum. „Það var brakandi sólskin og steikjandi hiti í Bjarginu, og við því eins fáklæddir og unnt var“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Fákunnátta** (n, kvk) Þekkingarleysi; vankunnátta. „Ég skal alveg viðurkenna mína fákunnáttu þarna“.
- Fákunnandi** (l) Með litla þekkingu; fáfróður. „Ég er afskaplega fákunnandi í þessum efnum“.

- Fála** (n, kvk) Flagð; mjög erfið/stygg kind. „Heldur lamar mæði mann/ meira nú en hana./ Loksins fyrir fálu hann/ fellur máttarvana“ (JR; Rósarímur).
- Fálátlega / Fálega** (l) Með lítilli hrifningu; dauflaga. „Hann tók þessu frekar fálega“. „Finnst á Rósa ferðasnið./ Fáleg helliskona/ morgun þenna manninn við/ mælir orðum svona“ (JR; Rósarímur).
- Fáleikar** (n, kk, fto) Lítil vinátta; kuldalegt viðmót. „Einhverjir fáleikar eru þar á milli bæja *nú um stundir*“. Sjá *fátt á milli*.
- Fáliðaður** (l) Með lítinn mannskap/litla aðstoð. „Nú er orðið fáliðað á flestum bæjum til smalana“. „Bað hann um aðstoð svo fljótt sem hægt væri, þar eð þeir væru orðnir þjakaðir og of fáliðaðir...“ (ÞJ; Sargon strandi; Árb.Barð 1949).
- Fáلكaháttur** (n, kk) Aulaháttur; hugsunarleysi; meiriháttar yfirsjón. „Skelfilegur andskotans fáلكaháttur er þetta! Er þeir ekki með augun í hausnum, þessir menn“?!
- Fáلكalegur** (l) Aulalegur; bjánalegur. „Skelfing geturðu verið fáلكalegur ef þú skilur þetta ekki“!
- Fálki** (n, kk) A. Ránfuglategund sem stundum sést í Kollsvík og nágrenni. B. Kjáni; rati; maður sem er utan við sig/ annarshugar. „Óttalegur fálki geturðu verið, að taka ekki eftir þessu“!
- Fálm í myrkri** (orðtak) Um það þegar menn vinna eftir litlum leiðbeiningum/vísbendingum. „Þó menn reyni að giska á lífshætti fyrstu Kollsvíkinganna þá verður það alltaf aðeins fálm í myrkri“.
- Fálæti** (n, hk) Áhugaleysi; deyfð. „Hann hefur alltaf tekið því af fálæti þegar þetta er nefnt“.
- Fámáll/ Fámæltur / Fáorður / Fáskiptinn / Fátalaður** (l) Talar lítið; segir fátt. „Hann var alltaf fremur fámáll um þennan atburð“. „Hann hefur alltaf verið fáskiptinn við nágrannana“.
- Fámenni** (n, hk) Fátt fólk; strjálbýli. „Félagslíf á erfitt uppdráttar í þessu fámenni“.
- Fámennt** (l) Fátt fólk. „Það er fámennt á bænum þessa stundina“.
- Fánýtur** (l) Sem notast í fátt; hégómlegur. „Ég nenni ekki að velta fyrir mér svona fánýtm hlutum“!
- Fár kennir jarl í fiskivoðum** (orðatiltæki) Tignarmaður þekkist illa ef hann klæðist fötum vinnandi manns. Notað sem líking ef einhver þekkist ekki sökum breytinga/búnings. Fornt máltæki.
- Fárást** (s) Fjargviðrast; hneykslast, bera sig illa. „Ekki minnst ég þess að menn fáruðust svo teljandi væri, um það hversu erfitt þeir ættu; að þurfa að sinna þessum verkum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Faráðlingur / Fáraður** (n, kk) Heimskingi; auli. „Það þýðir ekkert að standa bara gapandi eins og fáraðlingur“! „Hvers konar fáraður getur maðurinn eiginlega verið“!
- Faránlega** (ao) Fráleitt; eins og fjarstæða. „Mér finnst þetta faránlega mikið verð“.
- Faránlegheit** (n, hk, fto) Furðuleg uppátæki/framkoma/fyrirbæri. „Ég hef sjaldan séð þvílík faránlegheit“.
- Faránleiki** (n, kk) Fjarstæða; kórvilla. „Svona bull er slíkur faránleiki að ég er nenni ekki að ræða það“!
- Fárfa kosta vól** (orðtak) Ekki mörg úrræði í boði; milli fárfa kosta að velja. „Það sýnist með öllu ófært fyrir Blakk nú. Enda erum við hér á versta tíma norðurfallsupptakanna, en fárfa kosta er vól“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fárveikur** (l) Mjög veikur; bráðveikur. „Hann var orðinn fárveikur þegar hann kom heim“.
- Fárviðri** (n, hk) Mikið óveður; oftast *hifandi rok* og mikil *ofankoma*. „...en skömmu eftir að bátarnir voru komnir til miða skall á fárviðri mikið af norðri og förust þeir allir...“ (BS; Barðstrendingabók).
- Fáséður** (l) *Sjaldséður*; sem sést sjaldan. „Örn er fremur fáséður á þessum slóðum“.
- Fásinna** (n, kvk) Faránleiki; fávíska. „Það væri bara fásinna að leggja af stað í svona útliti“.
- Fásinni** (n, hk) Tilbreytingaleysi; lítið *um að vera*. „Svona viðburður léttir mönnum lífið í fásinninu“.
- Fáskiptinn** (l) Þegjandalegur; ekki málgefinn/skrafhreyfur. „Hann var óvenju fáskiptinn fannst mér“. „Fremur er hann fáskiptinn um ferðir hinna./ traustur vinur vina sinna“ (JR; Rósarímur).
- Fáskrúdugt** (l) Fábreytt; lítil fjölbreytni. „Skelfing finnst mér þetta fjölmiðlafólk tala fáskrúdugt mál“.
- Fást um** (orðtak) Fárast yfir; gera athugasemdir við. „Það tjóar lítið að fást um orðinn hlut“.
- Fást við** (orðtak) Vinna/starfa við. „Hvað ert þú að fást við þessa stundina“?
- Fát** (n, hk) Vanhugsuð aðgerð; flautur vegna geðshræringar. „Ég veit ekki nema það komi fát á strákinn og hann geri einhverja vitleysu“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fáta** (s) Fuma; fikta; þreifna. „Mér er ekki vel við að þú sért að fáta í þessari hirslu“.
- Fátítt** (l) Sjaldgæft; kemur sjaldan fyrir. „Það er fátítt núorðið að sjá hafis þokast suður fyrir Blakkinn“.

- Fátt amar fullsöddum** (orðatiltæki) Speki sem vísar til mikilvægis þess að hafa nóg að borða. Var þó eflaust brýnna fyrr á tíð.
- Fátt á milli (einhverra)** (orðtak) Fáleikar með einhverjum; einhverjir talast lítið við; eru fúllir hvor við annan. „Eftir það var afar fátt á milli nábuanna og fór mig nú að gruna hvað var að gerast...“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Fátt er svo ágætt að eigi finnist annað slíkt** (orðatiltæki) Alltaf má finna annað eins og það sem um er rætt. Mjög fornt í málinu.
- Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott** (orðatiltæki) Ekkert er svo alvont að ekki megi sjá í því eitthvað jákvætt eða einhverja útleið.
- Fátt til ráða / Fátt til fanga** (orðtök) Fá úrræði til; fátt hægt að gera. „Það er fremur fátt til fanga við svona aðstæður“.
- Fátt um fina drætti / Fátt um góða kosti** (orðtak) Lítið gott í boði; lítið um að velja. „Nú förum við að kippa; hér er orðið fátt um fina drætti“. „Mér sýnist fátt um góða kosti í stöðunni“. Sjá *skrælt um góða kosti*. Sjá *fækkar nú um fina drætti*.
- Fátt um svör** (orðtak) Svára vant; hefur engin svör. „Það varð fátt um svör þegar ég innti eftir aflabrogðum“.
- Fátæklegt** (l) Fábreytt; af vanefnum. „Afsakaðu hvað þetta er fátæklegt með kaffinu núna; þú færð betra næst“.
- Fátækrafæða** (n, kvk) Mjög lélegur/slæmur matur; *óæti*. „Það er ljóta fátækrafæðan þetta pastarus!“.
- Fátækrajöfnunarfé** (n, hk) Fjárveiting sem hreppar fengu frá ríkissjóði fyrrum, til að standa undir brýnustu velferðarmálum. Var einkonar fyrirrennari Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. „Fátækrajöfnunarfé árið 1942, kr 1.255“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1942).
- Fátækramál** (n, hk, fto) Málaflokkur sem fyrrum var á hendi sveitarfélaga. Málaflokkurinn ber það heiti í bókum Rauðasandshrepps frá 1944.
- Fátækraþerrir** (n, kk) Þurrir dagar rétt fyrir jól. Þjóðtrúin segir að guð láti alltaf koma góðviðri og þurrk rétt fyrir jólin til að þeir fátæklingar geti þvegið og þerrað sín fót, sem ekki eiga önnur *til spari*.
- Fátæktarbragur** (n, kk) Með fátæklegu móti. „Það er nú orðinn hálfgerður fátætarbragur á útgerðinni hjá manni ef allir vettlingar eru orðnir götöttir“.
- Fátækur** (l) Með lítil efni/fjárrád. „Við vorum nú báðir af fátækum heimilum, og þótti gott að fá björg í bú. Svo þetta var nú dágóður fengur fyrir okkur, og við vorum ánægðir með þetta“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Fávíska / Fávitagangur / Fávitaháttur / Fávítaskapur** (n, kk) Bjánagangur; heimskulegt háttalag. „Hvílíkur fávítaskapur“!
- Fávítalega** (ao) Heimskulega; bjánalega; fáránlega. „Mér fannst þarna fávítalega svarað“.
- Fávítalegur** (l) Fáránlegur; heimskulegur. „Þetta er fávítaleg athugasemd“.
- Fávískukjafstaði** (n, hk) Heimskulegt tal; vitleysa; þvæla. „Ég tek nú ekki mark á svona fávískukjafstaði“!
- Fávíti** (n, kk) Hálfviti; vitleysingur; auli. „Hverskonar fávíti getur hann verið; að láta sér detta þetta í hug“!
- Fávís** (l) Heimskur; fáfróður. „Skelfing geturðu verið fávís ef þú áttar þig ekki á þessu“!
- Febrúar** (n, kk) Annar mánuður ársins að okkar tímatali. Honum mun hafa verið aukið við hið fornrómverska dagatal nokkru fyrir Krists burð og var þá síðasti mánuður ársins. Það skýrir það að í febrúar eru færri dagar en í öðrum mánuðum. Þeir eru vanalega 28, en í *hlaupárum* er 29. deginum bætt við. Nafn febrúar er dregið af hreinsunarhátið sem Rómverjar tíðkuðu í þessum mánuði; „februa“.
- Feðraður** (l) Nefndur/tilgreindur að faðerni. „Illar tungur segja að sá drengur sé ekki rétt feðraður“!
- Feðranna dáðleysi er barnanna böll** (orðatiltæki) Börnin njóta oft eða gjalda þess hvernig foreldrar og forfeður hafa staðið sig.
- Fegins hendi / Feginsamlega / Feginshugar** (orðtak/ l) Feginn; með fögnuði/þakklæti. „Ég þigg það fegins hendi ef þú vilt aðstoða mig“. „Ég bauðst til að aðstoða við þetta, og hann þáði það feginsamlega“.
- Fegurðarríkur** (l) Sem býr yfir mikilli fegurð; mjög fallegur. „Fegurðarríkasti hluti ársins“ (Umræðuefni á 2. starfsári Umf Vöku; stofnað 1916).
- Feilgrípa** (s) Taka í misgripum; *flaska á*. „Ég feilgreip mig á brúsum og setti vatn á vélina í stað bensíns“.
- Feigð** (n, kvk) Ákvarðaður dauðdagi samkvæmt forlagahyggu; aðdragandi dauða. Feigð er nátengd hjátrú, og ýmislegt var talið boða feigð/dauða; svonefndir *feigðarboðar* eða *feigðarmerki*. Slys urðu tíðust á sjó. Sá sem fékk hrognkelsi á öngul var talinn feigur. Væri bát snúið rangsælis þegar árar voru lagðar út var áhöfnin

líkast til feig. Blóðlitur í kjölfari báts var feigðarboði. Sé tungl stafnhvasst á kvartilaskiptum boðar það bátstapa. Það gerir einnig fugl sem sest á hnýfil báts í upphafi róðrar. Flygi hrafn á móti báti í útróðri var vissara að róa strax í land aftur. Óheillamerki er einnig ef selur syndir þvert á stefnu báts á útleið. Óvanalega mikill afli gat verið feigðaraffli. Sá sem allt í einu gerðist aflakló en hafði áður verið ófiskinn var líkast til feigur. Ólán fylgir því að syngja við veiðar, en það er í lagi á siglingu eða við róður. Til voru þó húsráð: Sá sem hefur smára í fötum sínum á sjó verður ekki sjódaður. (LK; Ísl. sjávarhættir). Kollsvíkingar voru í seinni tíð líklega ekki trúaðir á feigðarboða, en báru virðingu fyrir gömlum siðum og kenndu þá sínum afkomendum.

Feigðarboði / Feigðarmerki (n, kk/hk) Merki um feigð (sjá þar).

Feigðardráttur (n, kk) Sú trú að óvanalegur fiskur boði ólán sé hann dreginn á færi. Í Útvíkum boðaði það ólán að draga marhnút á færi, og sama gildi um rauðmaga. Slíkum ódráttum átti að kasta strax fyrir borð, en gæta þess þó að spýta uppí þá fyrst.

Feigðarflan (n, hk) Ferð sem farin er í mikilli tvísýnu; glannaskapur. „Mér finnst þetta óttalegt feigðarflan“!

Feigðarfley (n, hk) *Manndrápsbolli*; *manndrápsfley*; bátur sem er *feigur*; bátur sem innan tíðar mun farast. Þjóðtrúin ber þess vitni að menn báru óttablandna virðingu fyrir hættem hafsins; reyndu að finna ástæður fyrir slysförum á sjó og leggja við víti til að forða þeim. Þannig var því trúað að sumir bátar væru feigir frá því að þeir væru smíðaðir, væru þessi víti brotin. Ekki mátti nota *manndrápsvið* í báta, en hann var m.a. *blóðeik* og *selja*. Konur máttu helst ekki koma nærri smíðinni og alls ekki væru þær á bláðingum.

Feigðarför (n, kvk) Ferð sem endar með dauða/banaslysi; mjög hættulegt ferðalag. „Það styrkti mjög þessa trú að Einar hafði átt að smíða skeifur úr skutuljárni því sem fannst í hvalnum, og þær skeifur voru einmitt undir hestunum er þeir fóru sína feigðarför“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Feigur (l) Dauðvona; merktur dauðanum farið að *segja fyrir*. Komið úr forlagatru; sá sem er feigur á lítið eftir af sínum fyrirfram ákveðna líftíma. Notað þegar einhver gerir eitthvað óskiljanlegt/óvanalegt. stundum lífshættulegt. „Ég held að þeir hljóti að hafa verið feigir; að fara út í svona veðurútliti“! Einnig var notað orðið *bráðfeigur*, til áhersluauka; mjög feigur. Mörg örðök tengjast þessu: „*Enginn veit hvar feigur flækist*“ og „*Eigi verður feigum forðað, né ófeigum í hel komið*“ Fyrriparturinn oft einn, þegar eitthvað fór úrskeiðis. Einnig; „*Par skildi á milli feigs og ófeigs*“, þegar einhver bjargast naumlega. „Meðan þessu fer fram segir einn af heimamönnum; Árni J. Thoroddsen bóndi; skarpskyggn maður „Þarna eru feigir menn um borð“. Það reyndist orð að sönnu. Skipið rak upp að svokölluðum Bjarnaboða sem er þarna frammi á Læginu; þar tók sig upp mikil holalda og hvolfdi skipinu. Fórst það með allri áhöfn“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Feikidýr / Feiknadýr (l) Mjög dýr; rándýr. „Þið eigið ekki að vera að gefa mér svonalagað; var þetta ekki feikidýrt“? „Það getur orðið félaginu feiknadýrt að hafa menn á kaupum ef ekkert er að gera“.

Feikihár / Feiknahár (l) Mjög hár. „Ég hef heyrt að kúskelin nái feikiháum aldri“.

Feikilega (l) Mjög; afar. „Það hefur verið feikilega mikið af þara í vetur“.

Feikilegur / Feikimikill / Feikistór (ao/l) Afar/mjög mikill/stór. „Þessu fylgdi víst feikilegur kostnaður“. „Þeir ku hafa fengið feikimikinn afla strax í fyrstu lögn“.

Feikn (n, hk) Ósköp; býsn. „Hann fékk lítið af þorski en feiknin öll af ýsu“. „Þetta er feikna falletgur hrútur“. „Veturinn hefur verið feikna snjóþungur“. „Þetta síðasta sumar var votviðrasamt svo varla er munað annað eins jafnlengi. Heyrðu að mestu öll hrakin og urðu sumstaðar til á túnnum. Fóðurbætiskaup urðu því feikna mikil“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1955).

Feiknahraði (n, kk) Mjög mikill hraði; ofsahraði. „Maður gat náð feiknahraða á þessu farartæki“.

Feiknakraftur (n, kk) Firnamikill kraftur; ógnarafl. „Einhver hefur sá feiknakraftur verið sem kastaði þessu bjargi neðan úr stórgrýtinu í fjörunni uppá sjávarklettana“.

Feiknakuldi (n, kk) Fimbulkuldi; gaddfrost. „Hann spáir einhverjum feiknakulda í vikulokin“.

Feiknalegur / Feiknamikill (l) Heljarmikill; svakalega mikill. „Hann er víst með feiknamikið af netum í sjó“.

Feiknastór (l) Afar stór/ mikill vexti. „Það hefur hrunið feiknastórt bjarg niður á veginn“.

Feila sig á (orðtak) Gera mistök með; misreikna sig; misskilja. „Hann feilaði sig á því hvað féll hratt að, og náði ekki fyrir forvaðann í tæka tíð“.

Feilhögg (n, hk) Högg sem geigar; miheppnað högg. „Studdu staurinn þannig að þú getir forðað lúkunum ef ég skyldi slá feilhögg“.

Feila (s) A. Mistakast. „Þetta þarf að vera vel undirbúið; það má alls ekki feila“. B. Bila; fara í sundur. „Mér sýnist að hér sé vaðurinn farinn að feila á einum stað“.

Feilhögg (n, hk) Högg sem mistekst/er framhjá. „Passaðu að slá ekki feilhögg; þá eyðileggurðu boltann“!

- Feilaður** (l) Bilaður; trosnaður. „Ef vaðurinn er feilaður þá verður að taka hann í sundur og splæsa“.
- Feill** (n, kk) Mistök; misgrip. „Það var feill hjá þér að gleyma nestinu í landi“. „Ég tók feil á hrútum í myrkrinu“. „Kanski hef ég gert feil þegar ég setti á undan þessari ær af Bjarginu“.
- Feillaust** (l) Án mistaka. „Það má segja að honum hafi tekist þetta, nokkurnvegin feillaust“.
- Feilpúst** (n, hk) Þegar vél missir úr slag, þ.e. sprengir ekki í slagi en sprengir oft þá með hveli í næsta slagi. „Hún er farin að slá ansi mörg feilpúst; það þyrfti örugglega að fara að skipta um kerti“.
- Feilskot** (n, hk) *Skammarskot*. „Ég held að það hafi ekkert feilskot orðið hjá mér í dag“.
- Feilslá sig** (orðtak) *Slá af sér*; gera mistök. „Hann feilsló sig alveg með þessum samningi“.
- Feilstig** (n, hk) Misstig; rangt spor. „Gættu að þér þarna í þræðingnum; eitt feilstig getur verið dýrkeypt“.
- Feimni** (n, kvk) Mikil hlédrægni; mannfælni. „Er einhver feimni í honum, að ræða sjálfur við mig“?
- Feimnislega** (ao) Um umtal/hegðun; á lágstemmdum nótum; með hlédrægni/varfærni. „Það var aldrei talað mikið um þessi mál, þó menn ræddu þau stundum feimnislega sín í milli“.
- Feimnismál** (n, hk) Mál sem menn hliðra sér hjá að ræða. „Þetta var nokkuð feimnismál á þeim tíma“.
- Feitisdæla / Feitissprautu** (n, kvk) Koppafeitissprautu; handdæla til að koma smurfeiti í smurkoppa.
- Feiti / Feitmeti** (n, hk) Feitur matur; fita; viðbit. „Ég gef lítið fyrir þessa nýmóðins matarkúra; mér hefur aldrei orðið misdægurt af feitmetinu“. Bræddur mör til útáláts var nefndur *flot* í Kollsvík en ekki feiti, eins og víðast er nú.
- Feitlaginn** (l) Feitur; þéttholda. „Gísli segir að Einar hafi orðið gamall og afar feitlaginn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Feitmetislaust** (l) Um mat; án þess að nota flot/feiti útá. „Fiskurinn er ári *þurrætur*, svona feitmetislaus“.
- Fela hlut** (orðtak) Leikur barna sem gengur útá það að einn felur einhvern fyrirfram ákveðinn hlut sem hinir eiga síðan að reyna að finna. Sá sem faldi getur gefið vísbendingar s.s. „þú ert heitur“ ef leitarmaður nálgast, eða að hluturinn sé „nærri himni“ ef hann er hátt uppi eða „niðri í fjöru“ ef hann er neðarlega.
- Felast í** (orðtak) Liggja í; innibera. „Árangurinn felst í dugnaði og úthaldi“.
- Feldmjúkur** (l) Mjúkur á feld; fláráður; ekki allur þar sem hann er séður. „Það er eins með hann og köttinn: Þó hann sýnist feldmjúkur þá eru klærnar ekki langt undan“.
- Fella** (s) A. Hrinda; kollvarpa. „Ég felldi hann á hælkrók“. B. Fella segl. „Þar felldi Guðmundur“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látramanna).
- Fella** (n, kvk) Gildra. „Ég setti músafellut í hæsnakofann“.
- Fella af** (orðtak) A. Um þrjónaskap; fella lykkju af þrjóni á þann hátt að ekki rakni upp þrjónlesið. B. Fella brögd af röri á netatein þegar net er fellt/*sett inn* með bekkfellingu.
- Fella net** (orðtak) *Setja inn*; setja netateina/-þini upp á netaslöngu og ganga frá hnýtingum, flotum og sökkum. *Sjá fellingabekkur; netanál; netafelling*.
- Fella niður** (orðtak) A. Um vefnað í vefstól; taka niður þegar búið er að vefa. „Oft var búið að vefa einn vef og fella niður fyrir jól“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Í líkingum um málefni; taka af dagskrá; láta niður falla.
- Fella / Fella segl** (orðtak) Taka niður segl á bát. „Skipar hann mér að fella seglið og ætlar að róa upp sjálfur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). Oft notað styt: „Töldu sumir að fellt hefði verið, og ætlunin færi að róa til lands“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Fella sig við** (orðtak) Sætta sig við; viðurkenna. „Ég get illa fellt mig við þá *tilhugsun*“.
- Fella tár** (orðtak) Tárast; gráta; brynna/vatna músum. „Ætli sé nokkur ástæða til að fella tár þó sá flokkur missi mann af þingi“.
- Felliborð** (n, hk) Borð sem unnt er að fella niður og setja upp aftur með einföldum hætti. „Gylfi smíðaði matarborð í eldhúsið á Láganúpi, sem að hálfu var felliborð og kræktist upp í fals undir glugganum“.
- Fellimöskvi** (n, kk) Möskvi í jaðri nets sem gengur upp á þininn/teininn. Venjulega úr þólnari þræði en netmöskvarnir sjálfir, enda mæðir töluvert á, í miklum sjógangi.
- Felling** (n, kvk) A. Brot/mislagning í fatnaði/klæði/skinni o.fl. B. Innsetning nets á tein/þin. „Felling er mun tryggari með nál, en í bekk“. C. Slaki sem hafður er í neti þegar það er fellt á tein/þin. Sé slakinn of lítill verður netið of strekkt og ekki fiskið. Venja var fyrrum að fellt net væri tveir þriðju af lengd netsins fyrir felling, en á síðari tímum er oftast fellt til helminga. „Það er alltof lítil felling í þessum netum; þau geta aldrei orðið *veiðin* ef þau ná ekki að *poka* í sjónum“.

Fellingabekkur (n, kk) Áhald til að *fella net* á tein (flá). Samanstendur af hólki sem festur er við fjöl; henni er síðan fest á bekk, en á honum er setið þegar fellt er. *Netaslangan* er gerð klár og síðan eru möskvar í öðrum jaðri netsins þræddir upp á hólkin. Með jöfnu bili, oft 3ja eða 5ta hvern möskva, er sett á *skutilbragð* (hestahnútur). Netateinninn er síðan þræddur í rörið hinumegin frá og möskvarnir felldir upp á hann þegar hann kemur í gegn. Hert er vel á hnútunum með skutilbragðinu. Gæta þarf þess að hafa hæfilegan slaka (*poka; fellingu*) á netinu, til að netið verði *fiskið*. Oft eru net *stöguð* eftir fellinguna; þ.e. settur þráður (*stag*) milli *fláaþinar* (*flotteins*) og *steinþinar* (*blyteins*) sem er styttri en *netdýptin* og *pokar* netið í sjónum. *Bekkfelling* nets er af mörgum talin lakari en *nálarfelling*; þar sem fellt er með *netanál*; *fellingargarnið* þrætt í möskvana í stað teinsins og hnýtt á teininn. Fóru sumir bil beggja og felldu á þráð í bekk, en *bensluðu* hann síðan við teininn.

Fellingagarn (n, hk) Grannt en sterkt garn, notað m.a. til að *fella net*/ setja inn net; *innsetningagarn*; *netagarn*.

Fellir (n, kk) Hungurdauði; fjöldadauði af völdum hungurs/harðinda. „Á harðindavetrum fyrri ára er ekki vitað til að fellir skepna og manna hafi orðið nærri verstöðvum, líkt og tíðum varð í öðrum héruðum landsins“.

Fellujárn (n, hk) Járn sem er tvíbrætt og því hreinna en *blásturjárn* (sjá þar). Segja má að rauðablástur hafi nær því lagst af þegar mikið fór að flytjast til landsins af fellujárni kringum 1500, en Einar í Kollsvík mun síðastur manna hafa stundað rauðablástur hérlandis.

Fellur að (orðtak) Flæðir; *tekur að*. „Það þarf að gæta að fé á skerjunum þegar fellur að“.

Fellur af sjó (orðtak) Eykur sjó lítilega, en þó enn sjólítið. Heimild; Jón Torfason (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Fellur aldrei/sjaldan verk úr hendi (orðtak) Um vinnusama manneskju; er sívinnandi/dugleg/ sjaldan verklaus. „Enn er hann að *úðra*; ég held að þesum manni fallist sjaldan verk úr hendi“.

Fellur (streymir) á (orðtak) Um það hvernig háttar sjávarfalli þegar byrjað er að draga net/línu eða þegar stjóra er létt á seglskipi. Mikilvægt er að byrja á réttum enda við netadrátt til að fiskur sem laus er í poka netsins lokist fremur í honum en velti út, en þar skiptir straumur miklu máli. Einnig þarf að vita hvernig skal hagrátt seglum á seglskipi til að það falli á réttan veg þegar það tekur ferð af lægi. „Ertu búinn að sjá hvernig fellur/streymir á hérna“?

Fellur ei tré við fyrsta högg (orðatiltæki) Oft þarf að reyna ítrekað til að árangur sjáist/náist.

Fellur eins og flís við rass (orðatiltæki) Passar nákvæmlega, *flísfellur*.

Fellur hver þó frækinn sé (orðatiltæki) Allir hljóta að falla/deyja fyrr eða síðar, hversu góðir eða frægir sem þeir kunna að vera.

Fellur í berg (orðtak) Sjór fellur í kletta svo þar verður ófært, a.m.k. um flæði. „Fjöruna var ekki hægt að fara á strandstað þar sem svokallaður Helluvogur er á þeirri leið, en þar fellur sjór í berg“; Um strand togarans Croupiers undir Blakk; líklega haft eftir GG; (EÓ; skipsströnd í Rauðasandshreppi)

Fellur út (orðtak) Fjarar. „Það er farið að falla út og hugsanlega fært fyrir Forvaðann“.

Felmtur (n, hk) Ótti; hræðsla. „Við þessa atburði kemur felmtur á Frakkana og *brestur flótti* í lið þeirra“ (MG; Látrabjarg).

Felubúningur (n, kk) Dulargervi; litur dýra sem hjálpar þeim að leynast. „Felubúningur margra unga er svo fullkominn að þeir sjást alls ekki fyrr en hreyfing kemst á þá“.

Feluleikur (n, kk) Leikur barna sem gengur útá það að einni hópnum felur sig, en hinir byrja að leita hans eftir fyrirfram ákveðinn tíma eða þegar hann kallar til. Náskyldur þessum, er leikurinn að *fela hlut*; sjá þar. „Það var í hitteðfyrri, ein stúlka kom á kreik,/ svo knúsandi og dásamleg að tarna./ Við þessa glöðu meyju ég fór í feluleik./ Hún faldi sig í rúminu mínu þarna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Fen (n, hk) Dý; drápsseil. „Sefið var eiginlega fen eða dý niður af bænum, og þurfti hey þaðan mikinn þurrk“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Feneyjasaumur (n, kk) Sérstök tgrund útsaums. „Svo var mikið saumað í punthandklæði oftast með kontorsting en ég á enn slitur af þannig handklæði sem mamma saumaði með feneyjarsaum og poka undir óhrein barnaföt í sama lit“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Fengin (l) Um ær; með fangi; búið að hleypa til. „Ég hef þær í sérstakri stíu sem fengnar eru og hleypi hrútnum til hinna“.

Fengitíð / Fengitími (n, kvk, kk) Sá tími ársins sem ám er haldið undir hrút, en hann hefst oftast um jólaleytið. „Fengitími á Láganúpi hófst á þorláksmessu“.

Fengsæld (n, kvk) Það að afl/fá nóg; góð aflabrogð. „Fjarri leiðum fengsældar; frá því snemma á hausti;/ rambar nú mitt frostafar/ fram úr vetrarnausti“ (JR; Rósarímur).

- Fengsæll** (l) Aflasæll; veiðinn; gefur af sér góða veiði. „En hvað var það þá sem aftraði þeim svo mjög frá þessum fengsælu miðum? Jú, það var þessi slæma torfæra á sjóleið smábáta frá Patreksfirði og út á Vikur; Blakknesröstin“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fenna** (s) A. Snjóá, oft í fremur hægu veðri. „Hann er byrjaður að fenna drjúgt“. B. Um fé og hluti; lokast/grafast niðri í fönn. „Það fenntu hjá mér þrjár kindur í góuhretinu“.
- Fennt** (l) Snjóað í kaf; snjóað fyrir. „Það fennti fyrir alla glugga hér sunnanmegin á húsinu“.
- Fer að stytast í** (orðtak) Fer að stytast tíminn þar til; líður að. „Nú hlýtur að fara að stytast í að þeir komi með reksturinn“.
- Fer eins og fara vill** (orðtak) Fer *eftir því sem verkast vill*; fer einhvernvegin. „Maður getur lítil áhrif haft á þetta; það verður bara að fara eins og fara vill“. Oftast ýmist „það“ eða „þetta“ á undan.
- Fer ekkert/ekki (á) milli mála** (orðtak) Er óyggjandi/greinilegt/öruggt. „Þetta fé er frá Hænuvík; það fer ekkert á milli mála“.
- Fer orð af** (orðtak) Er um talað; er frægt/orðlagt. „Það fer mikið orð af kunnáttu hans í þessum efnum“.
- Fer sem fara vill / Fer sem fer** (orðtök) Atvik verða eins og þeim er ætlað; ekki unnt að stýra atburðarás. „Þetta verður bara að fara sem fara vill héðanaf“. „Hann batt kúttinn ekki nógu vel í spottann; því fór sem fór“. „Þetta fer sem fer; það stjórnar því enginn héðanaf“.
- Fer tvennum sögum af** (orðtak) Bæði góðar og slæmar frásagnir; heyrir gott og illt. „Hann lagði einhverntíma net þarna, en það fer tvennum sögum af því hver veiðin var“.
- Ferðafær** (l) Tilbúinn að ferðast. „Þú ert nú varla ferðafær svona illa búinn“!
- Ferðagarpur / Ferðalangur** (n, kk) Sá sem mikið/langt ferðast/ hefur mikið úthald í ferðalög. „Hingað komu tveir lúnir ferðagarpar, gangandi útyfir Víknafjall“. „Ferðalangar þurfa staðgóða fæðu“.
- Ferðahugleiðingar** (n, kvk, fto) Áætlanir um ferð/ferðalag. „Eruð þið nokkuð í ferðahugleiðingum í dag; liggur ykkur nokkuð á heim strax“?
- Ferðahugur** (n, kk) Hugur á brottför; *hugsa sér til hreyfings*. „Er kominn ferðahugur í þig strax? Viltu ekki stoppa framyfir kvöldmatinn“?
- Ferðakvíði** (n, kk) Kvíði vegna ferðalags sem til stendur.
- Ferðaryk** (n, hk) Óhreinindi eftir langt ferðalag, t.d. á hestum. Var þó notað áfram í seinni tíð um þá/af þeim sem nýkomnir voru úr ferðalagi: „Ég ætla að skella mér í það og skola af mér ferðarykið“.
- Ferðasmár** (l) Ferðast lítið. „Ég er orðinn ósköp ferðasmár og heimakær í seinni tíð“.
- Ferðaveður** (n, hk) Nægilega gott veður til að ferðast. „Þegar allt var búíð til fararinnar var tekið ferðaveður, fyrsta er gafst“ (ÞJ; Barðstrendingabók).
- Ferðbúinn** (l) Tilbúinn í ferðalag; búinn að *hafa sig til*. „Jæja, nú er ég alveg ferðbúinn“.
- Ferðlaus / Ferðlítill** (l) Með litlum/engum hraða; mjög hægur. „Það *vildi til* að bíllinn var nær ferðlaus þegar þetta varð“. „Baturinn var ferðlítill þegar hann nam við hleinina“.
- Ferðlúinn** (l) Þreyttur eftir ferðalag. „Er kvikmyndatakan síst hitaverk fyrir ferðlúinn mann...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Ferfætlingur** (n, kk) Dýr með fjóra fætur. „Þessi hola getur verið hættuleg, bæði fólki og ferfætlingum“.
- Fergja** (s) Bera farg á svo ekki fjúki; setja þunga ofan á vothey til að bæta/flýta verkun. „Við þurftum að fergja þakið svo það tættist ekki burt í rokinu“. „Fergja þarf votheyið vel il að ekki skemmist efst í gryfjunni“.
- Ferhyrndur** (orðtak) Um sauðfé; með fjögur horn. Slíkur hornvöxtur er fremur sjaldgæfur og ættgengur. Ferhyrnt fé var um tíma á Láganúpi í seinni tíð. Guðbjartur Össurason (f 16.02.1954) fékk ferhyrnda á í skírnargjöf frá systkinunum Ívari og Jónu Ívarsbörnum í Kirkjuhvammi á Rauðasandi. Undan henni kom m.a. ferhyrndur hrútur sem var geltur, og lifði sá sauður alllangt fram á 7. áratuginn. Horn hans voru síðan varðveitt á Láganúpi.
- Ferjubryggja** (n, kvk) Bryggja sem er lendingarstaður ferju, en þær nutu sérstakra ríkisframlaga fyrr á tímum. „...taldi hann að hreppsnefndin ætti að reyna að vinna að því að bryggjan verði gerð að ferjubryggju“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ferkantaður í skapinu** (orðtak) Mjög argur í skapi; ferlega fúll; hefur allt á hornum sér. Sjaldan notað.
- Ferlega** (ao) Ógnarlega; óskaplega; illa. „Mér finnst þetta ferlega slæmt“. „Nautið öskraði ferlega“

- Ferlegur** (l) Ógnvænlegur; hrikalegur. „Fyrir löngu bjó jötunn einn ferlegur þarna í berginu um Miðlandahillu“ (MG; Látrabjarg). „Sér til ferða ferlegs manns,/ fylgir mikil dyrgja./ Risavaxnar herðar hans/ hellismunnan byrgja“ (JR; Rósarímur).
- Ferma** (s) A. Setja farm í bát/skip. „Þegar Fönix er *fullfermdur*, er hann færður fram á Lægið og lagt við stjóra. Tveir róðrabátar af Barðaströnd eru einnig fermdir“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Skíra ungling í kristinna manna tölu; biskupa.
- Ferming** (n, kvk) Kristileg vígsla unglings; staðfesting á skírinni. „Magðalena Össurardóttir var 3 vor í Verinu og kvaðst heldur vilja gera það en vinna bæjarverkin. Hún var um fermingu þegar hún byrjaði í Verinu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Á Hvítasunnudag vorið 1939 var ég fermdur í Sauðlauksdal, ásamt 5 öðrum börnum úr sveitinni; eftir viku dvöl og undirbúning hjá séra Þorsteini Kristjánssyni í Sauðlauksdal. Eftir fermingu fór ég að róa með Einari bróður mínum og pabba, og rerum við vorið og sumarið“ (IG; Æskuminningar).
- Fernir** (l) Fjögur pör. „Amma kom með ferna sokka, nýprjónaða“. Einnig *tvennir* og *þrennir*.
- Fernsolía** (n, kvk) Vökvi úr viðarolíum, notaður til að verja, fegra og mýkja við, skinnklæði o.fl. „Þau skinnklæði tóku miklu betur við áburði; fernsolíu eða lýsi, og urðu mýkri að klæðast í“ (KJK; Kollsvíkurver). „Nefnist gjótan Pallanáma, og munu hinir lítriku steinar hennar hafa verið muldir út í fernsolíu og það notað sem málning á báta í Kollsvík fyrr á tíð“ (HÖ; Fjaran).
- Ferskeytla** (n, kvk) Um kveðskap; vísa með fjórum ljóðlínunum, stuðluð og rímuð; ferhendur háttur. Í ferskeytlunni eru fjórar kveður í frumlínunum (fyrstu og þriðju ljóðlínu) en þrjár í síðlínunum (annarri og fjórðu). Frumlínur eru stýfðar, þ.e. enda í hákveðu, en síðlínur óstýfðar; enda í lágkveðu. Óbreyttur er hátturinn án innrims en með víxlrími; þ.e. fyrsta og þriðja ljóðlína ríma í enda og önnur og fjórða einnig. Ferskeytlan er algengasti bragarhátturinn og talinn sá elsti. Elsta ferskeytla sem um er vitað er Ólafs ríma Haraldssonar frá miðri 14.öld, talin vera eftir Einar Gilsson lögmann og er hún varðveitt í Flateyjarbók. Dæmi um ferskeytlu er þessi, eftir Andrés Björnsson frá Brekku: „Ferskeytlan er Frónbúans/ fyrsta barnaglingur,/ en verður seinna í höndum hans/ hvöss sem byssustingur“.
- (Einhverjum) ferst ekki** (orðtak) Einhver *hefur ekki efni á*; einhverjum væri nær að *líta í eigin barm*. „Honum ferst ekki að tala um klaufaskap hjá öðrum, sem sjálfur lagði ofaní hjá okkur í síðustu viku“!
- Feræringur** (n, kk) *Fjögurra/fimma manna far*; bátur sem róinn er af fjórum ræðurum; þ.e. með átta ræði/*tollur*. Feræringar voru oftast fimm manna för, þ.e. fimmti maðurinn var þá formaðurinn, sem stýrði. Stundum voru ræðin fleiri, en báturinn samt nefndur feræringur; væri hann af þeirri stærð. Feræringar voru algengstir þeirra bátategunda sem notaðar voru í Kollsvíkurveri undir það síðasta, og hafa sennilega alltaf verið. Það helgast einkum af því að þeir eru nægilega léttir til að áhöfnin ráði sjálf við að setja þá, en samt nógu stórir til að unnt sé að róa þó nokkur *ylgja* sé. „Af feræringum í Barðastrandasýslu árið 1905, voru 17 smíðaðir fyrir aldamót, en hinir á árunum 1900-1907. Elsti feræringurinn var smíðaður í Kollsvík 1839 og var 20,7 fet á lengd (6,50m)... Lengdin var mæld á milli stafna, og því má bæta við 1 feti (30 cm) til að fá mestu lengd“ (LK; Ísl.sjávarhættir II).
- Festa** (n, kvk) A. Hvaðeina sem unnt er að nota til að festa það sem laust er. „Á brún Blakksins eru víða stórir steinar sem unnt er að nota sem festu fyrir lásband. Þar sem slíkt er ekki er festa útbúin með því að binda utan um vel lagaðan stein og fergja hann með nokkrum öðrum steinum“. B. Botnfesta; *festa í grunni*. C. Ákveðni; einbeiting. „Mikilvægt er að tekið sé á svona málum af festu“. D. Það þegar ökutæki situr fast í t.d. snjó eða aurbleytu. „Við lentum í slæmri festu úti á Breiðsholti; það var nokkuð bras að ná bílnum upp“.
- Festa** (s) A. Binda/negla/skrúfa/þvinga hlut fastan. „Við festum bátinn við hleinina meðan við fórum upp á stallinn til eggja“. B. Verða fastur; festast; „Ég festi bílinn uppi í Hæðinni“. C. Um reka; sitja fastur í fjöru. „Það rekur töluvert þarna, en festir illa“.
- Festa á blað** (orðtak) Skrifa; skrásetja. „Ég hefði gaman af að reyna að festa á blað smá endurminningar...“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Festa blund** (orðtak) Sofna; *renna í brjóst*. „Ég var um það bil að festa blund þegar veðrið skall á“.
- Festa í grunni/botni** (orðtak) Um það þegar færi liggur í botni og festist. Oft tapast þá *sakkan* og jafnvel allur *slóðinn*. Því er mikilvægt að *tekið* sé hæfilegt *grunnmál* eftir því hvernig *botnlagið* er og miðað við *rek* bátsins. „... nú festist trúlega öngullinn þinn og lóðið í grunni; eins og viðskilnaðurinn þinn var áðan“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Festa sér í minni** (orðtak) *Leggja á minnið*; reyna að muna. „Ég sé eftir að hafa ekki fest mér það betur í minni hvað gömlu mennirnir sögðu um þetta“.
- Festa sitt ráð** (orðtak) Eignast maka; stofna til hjónabands/sambúðar. „Þetta var áður en hann festi sitt ráð“.
- Festa svefn** (orðtak) Sofna. „Ég náði ekki að festa svefn fyrr en samtali þeirra lauk“.

- Festarauga** (n, hk) *Vaðarauga; siglykkja*; lykkja á enda sigfestar eða landfestar. Venja er í Útvíkum að fremur sé notað orðið „vaður“ en „festi“, a.m.k. á síðari öldum.
- Festarendi** (n, kk) Endi á bjargfesti/bjargvað. „Þessi er fjárafli margs manns að fara í björgin að taka egg ok fugla. Þessháttar afli fremst á þann hátt að fuglarinn fer í festarenda ofan fyrir bjargið; gerist það oftlega með miklum háska ok bráðum manntapa, því að festinni kann margt að granda“ (Saga Guðmundar byskups).
- Festarhari** (n, kk) Hjólmaður; maður sem *situr undir vað* næst *brúnahjóli* á bjargbrún, og vaktar merki frá sigaranum. Orðið er ekki notað í seinni tíð, en til fyrirtíðar notkunar bendir þessi gamla vísa sem ónefndur bjargmaður kvað á brún Látrabjargs forðum; „Festarhari hugrakkur;/ hraustur snar og fljótur;/ vertu bara vaðglöggur, / viðris skora njótur“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *skorarviðri*, sem er vindur sem stendur upp á bjargbrún.
- Festifjara** (n, kvk) Fjara þar sem reka tekur ekki út. Í Kollsvík er óvíða góð festifjara og því þarf að *ganga á reka* og *bjarga* reka *undan sjó*, eigi honum ekki að skola aftur út á næsta flóði. „Undir Hreggnesa er sumsstaðar sæmileg festifjara fyrir reka ef gefst, en torvelt um björgun“ (HÖ; Fjaran).
- Festir ekki/lítið/varla snjó á jörð/vegi** (orðtak) Snjór safnast ekki/lítið/varla á jörð/vegi.
- Festuhætta** (n, kvk) Hafsbötn þar sem hætta er á að net festist í botni. „Það er varasamt að leggja beint fram af Anni í Hænuvík; þar er festihætta í togaraflaki“.
- Festusteinn** (n, kk) Steinn nærri bjargbrún sem unnt er að nota fyrir *festu*. „Þarna er þessi fini festusteinn“!
- Feta sig / Fikra sig** (orðtak) Ganga mjög hægt/varlega og velja hvert fótstig. „Ég fetaði mig eftir trjábólnum og komst þannig yfir ána“. „Hillan var tæp á þessum stað, og við þurftum að fikra okkur varlega þar um“.
- Fetilband** (n, hk) Létti; band sem notað er til að bera byrði í fetlum; band sem lagt er yfir axlir og brugðið á byrðar. „Taktu með einhver fetilbönd til að bregða á eggjakútana“.
- Fetlar** (n, kk) Fetilband; band sem notað er til að léttá á byrðum með því að bregða því yfir axlir. „Ekki er sama hvernig fetilböndum er brugðið á eggjakassana þegar borið er í fetlum“.
- Fetslengd** (n, kvk) Eitt fet á lengd. „Hafðu svona fetslengd lausa á hvorum enda“.
- Fetta fingur út í** (orðtak) Finna að; gera athugasemdir við. Bókstafleg merking er að benda á með fingri.
- Fetta sig** (orðtak) Sveigja bak/bolinn/skrokkinn afturábak; rétta óeðlilega úr sér með því að sveigja bakið aftur.
- Fetta sig og bretta** (orðtak) Haga sér afkáralega með óeðlilegum líkamshreyfingum. „Með því að fetta sig og bretta á ströndinni náði hann að lokka þennan forvitna sel alveg uppundir fjöruborðið“.
- Feygjast** (s) Verða feyskinn/fúinn. „Þessi grindarslá er farinn að feygjast allmikið; hér þyrfti að skipta um“.
- Feyra** (s) Mygla; grána. „Mörinn er örlítið farinn að feyra, en ekkert til skaða“.
- Feyskinn** (l) Fúinn, ótraustur. Oftast notað um við, en einnig stundum um ótraustan ís.
- Feyskna** (s) Feygjast; verða fúinn/feyskinn. „Hornstaurinn er farinn að feyskna neðst“.
- Fé er jafnan fóstra líkt** (orðatiltæki) Um áhrif uppeldis á hegðan; dýr markast oft af húsbónda sínum og venjum hans, og talið var fyrrum að sjá mætti persónueinkenni eigandans í hegðan búfjár hans. Í seinni tíð einkum notað um hegðun barna, þegar talið er að uppeldi sé ekki eins og æskilegt er. Sjá *fjórðungi bregður til fósturs*.
- Fédraugur** (n, kk) Draugur sem gengur aftur til að vitja auðæfa sinna. Ekki eru heimildir um fédraug í Kollsvík, enda dóu menn þar sjaldnast frá miklum auði þó *bjargálma* væru flestir.
- Fégirugur / Fégráðugur** (l) Ágjarn; vill græða peninga. „Mér fannst hann fjandi fégirugur þegar hann hækkaði verðið á druslunni, og sagði honum að hann gæti þá bara átt hana sjálfur“.
- Félagi** (n, kk) Vinur; lagsmaður; kunningi. „... þyrptust nú flestir réttarmenn að þeim félögum“ (PG; Veðmálið).
- Félagshugsjón** (n, kvk) Tilgangur/markmið félags. „Fjelagshugsjónin er þessi: Árið tvö þúsund eftir Krists burð neytir enginn tóbaks í sveitinni okkar, sem í henni er fæddur og uppallinn...“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjlags Rauðasandshrepps).
- Félagshyggjufólk** (n, hk) Fólk sem vinnur að sínum málefnum í félagi/ sameiginlega. „Rauðsendingar voru yfirleitt félagshyggjufólk...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Félagsskítur** (n, kk) Sá sem ekki fylgir meginstraumi með að mæta á samkomur eða er illa við að vera í fjölmenni; forðast samneyti við annað fólk.
- Félagssvæði** (n, hk) Svæði sem félag starfar á. „Vestri var með félagssvæði um Breiðavíkursókn; þ.e. Látra, Breiðavík og Kollsvík“ (IG; Sagt til vegar II).

- Félagsverslun** (n, kvk) Kaupfélag; pöntunarfélag. „Var þá gjarnan skroppið inn yfir háls að Hænuvík, meðan Sláturfélagið Örlygur hafði verslun þar; eða á Gjöggra, eftir að félagsverslunin var flutt þangað“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Félagsvist** (n, kvk) Spilið vist, spilað þannig að margir fjögurra manna hópar spila í einu, en skipt er í hópunum eftir ákveðnum reglum í hverju spili. „Jafnan var spilur félagsvist á *spilakvöldum* í Fagrahvammi“.
- Félega** (ao) Álitlega; ágætlega. Oft í neikvæðni: „Félega viðrar hann þessa stundina, *eða hitt þó heldur*“!
- Félegur** (l) Álitlegur; eigulegur. Venjulega í neikvæðri merkingu; „Þeir eru ekki félegir þessir kauðar sem endalaust karpa á þingi um innantóma vitleysu“! „Það er aldeilis félegur útgangurinn á þér núna krakki“! Í sömu merkingu er lýsingarorðið „*térlegur*“ sem þó er af annarri rót.
- Félítill** (l) Ekki með mikil fjárráð; fremur *blankur*. „Hann sagðist vera félítill þessa stundina“.
- Fénaður** (n, kk) Upprunaleg merking er búfé, en notað í seinni tíð í víðari merkingu um verðmæti og í líkingamáli um hóp óvandaðra manna. „Svona glæpahyski er ekki dægilegur fénaður“! „Farið nú og rekið útaf strákar; mér sýnist allur fénaðurinn vera aftur kominn inná“! „Fénaður var vel *framgenginn*, og gekk því sauðburður mjög vel“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58). „Með því að líta í tölurnar sjá menn heybirgðirnar; fénaðinn að tölu, og svo hvernig hann áleist vera fóðraður“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Fénögl** (n, kvk) Hvít rönd við naglarrótina. Hún var í þjóðtrúnni talin ábending um hve vel mönnum græddist fé; þeim mun meira sem hún var breiðari og skýrari.
- Féránsdómur** (n, kk) Dómur á þjóðveldisöld sem hafði það hlutverk að gera upptækar og skipta eignum manns sem dæmdur var í *fjörbaugsgarð*, og útvega honum griðastaði/fjörbaugsgarða.
- Fésæll** (l) Ríkur; lánsamur í viðskiptum. „Hann var vel efnaður og þótti fremur fésæll“.
- Fíða** (n, kvk) Eitthvað lítilfjörlegt og fislétt; t.d. flík; efni sem er loftkennt og létt í sér. „Það er nú ofrausn að kalla þessa fiðu trefil“.. Notað t.d. um mjög fingert og loftmikið þurrhey, sem hrófast upp sé það ekki troðið. „Það er varla hægt að moka þessari fiðu með kvíslum“.
- Fíðra** (s) Verða loðinn af myglu; feyra. „Annars var mörflot notað út á allan fisk. Það átti að geyma mörinn og láta hann fíðra dálítið áður en farið var að hnoða“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Fíðurfénaður** (n, kk) Alifuglar; hænsni, gæsir og endur. „Er nú fjadans fíðurfénaðurinn kominn í garðinn eina ferðina enn“! „Farðu nú og *kastaðu* í fíðurfénaðinn“.
- Fiffa** (s) Hagraða; laga í skyndingu. Síðari tíma tískuorð. „Er ekki hægt að fiffa þessu á auðveldan hátt“? Einnig nafnorðið „fiff“, um skyndilausnir eða brellur.
- Fika** (s) Fikra; feta; færa. Sjaldgæfara vestra en „fikra“ en notað í svipaðri merkingu. „Hann er alltaf að fika sig meira upp á skaftið“.
- Fikra** (s) Fara mjög hægt og varlega; feta. „Fikraði sú fyrri sig alltaf tæpara og tæpara eftir brúninni en hin þræddi í sporin...“ (MG; Látrabjarg).
- Fiktnáttúra** (n, kvk) Tilhneyging til að fikta/ prófa það sem getur verið hættulegt. „Það gæti nú komið sú tíð að þér hefnist fyrir þessa bölvada fiktnáttúru“!
- Fiktrass** (n, kk) Sá sem fiktar mikið/leggur sig í hættu. „Strákurinn er eldhress og hinn mesti fiktrass“.
- Fimbulkuldi** (n, kvk) Fimbulkuldi; skálda. „Það gagnar engum að fimbulkuldi um það hvernig þetta hefði getað orðið“.
- Fimbulkuldi** (n, kvk) Hörkufrost; firmamikið frost. „Hann getur nú varla haldið svona fimbulkuldi að eilífu“.
- Fimbulkuldi** (n, kvk) *Gaddfost*; *helkuldi*. „Hann heldur enn sama fimbulkuldanum“.
- Fimbulkuldi** (n, kvk) Mjög kaldur og erfiður vetur. „Ekki er betra að ná fénu eftir að kominn er fimbulkuldi“.
- Fimmhundraðahæð** (sérn, hk) Nafn á hæsta hluta Hænuvíkurháls. „Upp af Hærri-Láturdal er svo Fimmhundraðahæð, 324 m há. Uppi á henni er tjörn sem heitir Aurtjörn“ (Örn.skrá Hænuvíkur). Fimmhundraðahæðin var fiskimið af sjó: „Fimmhundraðahæðin kemur framundan Láturdalshyrnu. Djúpmið: Hafnarmúlinn framundan Hyrnunum. Þar áttu að fást fimm hundruð fiskar þegar rennt var og fiskur var í göngu“ (SG; Örn.skrá Hænuvíkur). Ekki voru allir sáttir við þessa skýringu nafnsins, og var uppruni þess löngum umræðuefni í Kollsvík.
- Fimmróið** (l) Róið til fiskjar fimm sinnum sama daginn. „Fyrir kom að það var fimmróið“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Fimmpundalína** (n, kvk) Lína af ákveðnum styrkleika. „Færi voru úr fimmpundalínum, frönskum“ (GG; Kollsvíkurver).
- Fingra** (s) Góma; ná taki á. „Þetta er svo fingert að ég á erfitt með að fingra það“.

Fingradigur (l) Með svera fingur. „Helgi Árnason í Tröð var organisti í Breiðavíkurkirkju. Þótti mörgum undrum sæta hve hann var fær í því, eins fingradigur og hann var. Heldur var hann lágur í sæti, og því hafði hann sjafnan sérstaka steinhellu ofaná organistabekknun. Hún er enn varðveitt ofaní bekk nýju kirkjunnar“.

Fingrafimur (l) Handlaginn; fimur að *fingra*; næmur í fingrum. „Ég er ekki nógu fingrafimur í þrjónaskap“.

Fingralangur (l) Gefinn fyrir að stela. „Nú hefur einhver gerst fingralangur í kökuboxinu“.

Fingrarím (n, hk) Forn aðferð við tímatsreikning (sjá tímatal). Með henni eru hnúar og liðir fingranna notaðir til að finna dagsetningar kirkjuhátiða, tunglkomur, vikudaga o.fl. ár og aldir fram og aftur í tímann á skjótan hátt. Þetta krefst þó allmikillar þekkingar og góðrar reiknikunnáttu. Þessi kunnáttu lagðist að mestu af eftir tilkomu dagatala.

Fingravettlingar (n, kk, fto) Vettlingar sem sniðnir eru að hverjum fingri; ekki *belgvettlingar*. Orðið var meira notað áður yfir það sem nú er oftast kallað vinnuvettlingar.

Fingurbjörg (n, kvk) A. Lítil hetta, oftast úr málm, til að vernda fingur gegn nálarstungu þegar saumað er, og til að ýta á eftir nálinni gegnum efni. B. Mælieining; viðmiðun um magn. „Settu svosem eina fingurbjörg af þvottaefni hér úti vatnið“.

Fingurbjargarfylli (n, kvk) Viðmiðun um mælingu vökva/dufts. „Það var ekki von að *vélarkvikindið* kjaftaði lengur; það var ekki fingurbjargarfylli af bensíni á tanknum“!

Fingurmein (n, hk) Sár á fingri. „Mamma var fljót að búa um fingurmein þó plástur væri ekki við hendina. Hún reif hæfilega breiða ræmu úr lérefti; vafði hana um fingurinn; reif uppí enda ræmunnar um 10 cm; vafði þeim mjóu renningum hvorum á móti öðrum og batt þétt að. Með þessu hafðist sárið vel við“.

Fingursbreidd (n, kvk) Lengdareining; tommu; um 2,5 cm. „Ekki er sama hvort rætt er um fingursbreidd, eða *þverfingur*, en sú mælieining er um 17-20 mm“. Einnig fingursbreiður; sama og tommulangur.

Finna (s) A. Hafa uppá; sjá það sem týnt var. „Röltir nú Júlli út í kofa; finnur skrínu bróður síns og opnar hana“ (PG; Veðmálið). B. Hitta; eiga fund með. „Viltu finna mig hérna smástund“? C. Fá tilfinningu fyrir; skynja. „Ég fann múkkaæluna renna niður bakið á mér“.

Finna (eitthvað) á förnum vegi (orðtak) Finna eitthvað á víðavangi; finna þar sem síst skyldi.

Finna hvar feitt er á stykkinu (orðtak) Finna hvar von er um arð/hagnað. „Hann er fljótur að finna hvar feitt er á stykkinu og hagnýta sér það“.

Finna hvar skórinn kreppir að (orðtak) Skynja vandamál. „Ég finn hvar skórinn kreppir að í þessu máli“. Líking við þröngan skó.

Finna inná (orðtak) Fá tilfinningu fyrir; finna út. „Ég var fljótur að finna inná það að hann þurfti að segja mér eitthvað mikilvægt“.

Finna (einhvern) í fjöru (orðtak) Hótun um skammir. „Nú þarf að finna þennan þingmann í fjöru og *nudda* honum *uppúr* loforðunum sem hann gaf fyrir kosningar“. Í gömlum lögum munu vera ákvæði um að þjófum skuli refsað í fjöru, og vísar orðtakið til þess.

Finna mun á sér (orðtak) Finna breytingu á sér. „Ég finn mikinn mun á mér eftir að ég losnaði við þessi aukakíló“. Stundum notað um það þegar menn verða hífaðir/kenndir af áfengi; finna á sér.

Finna sér eitthvað til (orðtak) Finna tylliástæðu/fyrirslátt. „Hann finnur sér alltaf eitthvað til, svo hann þurfi ekki að mæta á fundi“. „Menn geta alltaf fundið sér eitthvað til ef þeir vilja efna til ófriðar“.

Finna sér til (orðtak) *Taka til handagagns*; gera klárt það sem á að nota; *finna til*. „Bíddu aðeins; ég á enn eftir að finna mér til nothæfa vettlinga“.

Finna smérþefinn af (orðtak) Komast á bragðið; *fá forsmekkinn* af. „Það þyrfti að bjóða þessum þingmönnum öllum í heimsókn að vetrarlagi, svo þeir fái smérþefinn af samgöngumálum hér vestra“.

Finna snöggan/viðkvæman blett á (orðtak) Um deilur; finna hvar andstæðingur er veikur fyrir. Vísar líklega til snoðbletta sem stundum eru á sauðfé, en þar hlífir ekki ullin gegn kulda.

Finna (einhverju) stað (orðtak) Sanna/sannreyna eitthvað; færa rök fyrir einhverju. „Menn hafa ekki fundið þessari fullyrðingu nokkurn stað í öðrum heimildum“.

Finna til (orðtak) A. Hafa verki; verkja; hafa tilfinningu/samúð. „Ég er allur að lagast eftir byltuna, en ég finn enn til í handleggnum“. „Hún sagðist finna til með þessum vesalingum“. B. *Finna sér til*; finna það sem á að nota. „Ég er búinn að finna til ílátin, vaðinn og hjálmana; nú ættum við að vera klárir“.

Finna til foráttu (orðtak) Benda á galla/veikleika/neikvæða þætti. „Hann var talinn ágætur hreppstjóri, en menn fundu það honum helst til foráttu hve hann var *aumingjagóður*“. „Fann hann sameiningu ýmislegt til foráttu og helst þá mismunandi hagsmuni sveitabænda og kaupstaðarbúa“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Finna til þyngsla (orðtak) Finnast maður vera veikur. „Ég finn til árans þyngsla í höfðinu“.

Finnast/sýnast/virðast öll sund (vera) lokuð (orðtak) Sjá ekki neinar færar útgönguleiðir í stöðu sinni; finnast vera í vonlausri aðstöðu. Líking úr sjómannamáli; vísar til þess að leiðir séu ófærar um allar siglingaleiðir milli skerja/eyja/nesja.

Finnanlegur (l) Sem hægt er að finna. „Ég skila þessu til hans ef hann er einhversstaðar finnanlegur“.

Finnast nóg um (orðtak) Vera (nær) ofboðið; finnast vera *heldur mikið af því góða*. „Mér fannst alveg nóg um bölvæð slúðrið í þeim og fór að bera í bætipláka fyrir hann“.

Finnast skömm til (þess) koma (orðtak) Finnast miðu/lítilmótlegtr; skammast sín fyrir. „Mér finnst skömm til þess koma ef enginn setur saman vísu af þessu tilefni“.

Finngálpast (s) Fara um með látum; *brauðhófast*; ryðjast. „Verið ekki að finngálpast uppi á borðinu strákar“.

Fipa / Fipast (s) Rugla/ruglast. „Nú fipaðirðu mig alveg í talningunni“! „Ekki fipast honum við þetta verk“.

Firn og býsn / Firn og fádæmi (orðtak) Með endemum; stórfurðulegt. „Þetta þykja mér hin mestu firn og fádæmi! Ætla þeir virkilega ekki að opna veginn fyrir þorrablótið“?! Til forna merkti sögnin að „firna“ að álasa/ávíta.

Firna (ao) Mjög; afar. „Ég lenti í firna basli með þetta“.

Firnadýpi (n, hk) Regindýpi; mjög mikið dýpi. „Hérna réttu utan við kantinn er firnadýpi“.

Fir nastór / Firnamikill (l) Mjög stór/mikill. „Það er firnamikill ís út af núpunum“. „Þetta er firnastór jaki“.

Firra (n, kvk) Fjarstæða; vitleysa. „Þetta er bara eins og hver önnur firra; láttu mig vita þetta“!

Firtinn (l) Gjarn á að firtast/móðgast/reiðast. „Verið ekki að hleypa honum upp; þið vitið hvað hann er firtinn“.

Fisfúinn (l) *Grautfúinn; gegnfúinn*. „Það þýðir ekkert að nota þennan fisfúna drumb í hornstaur“.

Fisjað saman (orðtak) Illa samsettur/gerður; *hrófað upp*. „Það sýndi sig í þessari þolraun að honum er ekki fisjað saman“.

Fiska á bert (orðtak) *Veiða/dúa* með berum krók(um). Áðurfyrr mun stundum hafa verið fiskað á bert, einkum ef fiskur var *kominn undir*; orðinn *viljugur*. Eftir tilkomu gervibeitu er það sjaldan gert.

Fiska eftir (orðtak) *Veiða uppúr; höggva eftir*; reyna að fá upplýsingar um ákveðið málefni. „Ég reyndi sérstaklega að fiska eftir því hjá honum hvernig verklagið var við þetta fyrir á tíð“.

Fiska fyrir föstu (orðtak) Renna fyrir fisk meðan bátur liggur fyrir stjóra. Þetta var t.d. gert meðan legið var yfir línu; þá bundu menn sig við annað bólið. Talið var þó *fiskilegra* að láta bátinn *flatreka*.

Fiska upp (orðtak) Líkingamál um það að krækja/ná í eitthvað. „Hnífurinn datt niðurum grindurnar, en mér tókst að fiska hann upp með vírlykkju“.

Fiska við fast (orðtak) Stunda skakveiðar meðan bátur liggur fyrir föstu/ liggur við akkeri, en rekur ekki.

Fiska við laust (orðtak) Stunda veiðar án þess að báti sé fest við stjóra/akkeri. Oftast var talað um að *láta reka*, í þessari merkingu.

Fiskaður (l) Búinn að afla fiskjar/ veiða; orðinn birgur/hlaðinn af fiski. „Eitt sinn um vorið er við komum af sjó mjög vel fiskjaðir var talsvert brim komið, svo engin *tiltök* voru að lenda með *óseilað*“ (HO; *Ævisaga*; róið úr Láturdal).

Fiskast lítið á þurru landi (orðtak) Enginn afli fæst ef ekki er róið. Oft viðhaft, bæði í eiginlegri merkingu og sem líking um það að menn þurfi að *bera sig eftir björginni*.

Fiskaferð (n, kvk) Heimflutningur vermanna á vertíðarafla. „Eftir miðja 10. viku sumars fóru þeir sem lengst vor að komnir að hugsa til heimflutnings, og slepptu ekki góðu ferðaveðri úr því. Fóru þeir þá heim á róðrabátunum fullfermdum og sóttu önnur skip og stærr; áttæringa og teinæringa, til að flytja heim voraflann. Ferðir þær voru kallaðar fiskaferðir. Skip þessi voru reyndar öll tíróin eins og þau sem nefnd voru áttæringar, og höfðu því fimm rúm. Fiskaferðaskipin báru flest 16-24 hundruð tólfræð, auk hausa þorsks og riklings. Voru þau því tíðum miðuð við burðarmagnið og talin sextán-, átján- og tuttugu-hundraðaskip o.s.frv. Allur fiskur og fugl var þá talinn í tólfræðum hundruðum, þ.e. 120 í hundraði hverju. Jafnan var skilinn eftir maður af báti hverjum í verinu meðan fiskaferðaskipið var sótt. Voru þeir nefndir eftirliggjarar. Skyldu þeir hirða um afla þann sem ekki var full þurr og líta eftir fiskifangi og föggum féлага sinna. Aldrei nam sú bið skemur en þremur dögum, stundum viku eða lengur“ (PJ; Barðstrendingabók).

Fiskafföll (n, hk, fto) Fiskúrgangur; slóg; hryggir, hausar og *innvols* úr fiski við slægingu. „Heimamenn og bændurnir notuðu þó sín fiskafföll til áburðar á túnin“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fiskaferðaskip (n, hk) Skip sem notað er til *fiskaferða*.

Fiskbiti (n, kk) A. Biti/bútur af fiski. B. Matarskammtur af soðnum fiski. „Liggur þér nokkuð á strax; viltu ekki hinkra eftir matnum og fá þér fiskbita með okkur“?

Fiskakóngur (n, kk) Fiskur sem er þannig vanskapaður að hann hefur krung á nefinu. Því var trúað að sá sem veiddi slíkan fisk yrði mjög aflasæll á eftir (sjá *aflí*).

Fiskflís (n, kvk) Ögn af fiski; lítilsháttar af harðfiski. „Réttu mér dálitla fiskflís ef þú tímir að sjá af henni“.

Fiskhelgi (n, kvk) Það svæði sjávar framundan jörð sem heyrir til jarðarinnar varðandi réttindi til nytja og eignar. Um þetta gilda tvær regur, sem báðar eiga stoð í hinni fornu lögbók Jónsbók. Önnur, og sú sem vísar til veiði- og eignarréttar, er reglan um netlög. „Allir menn eiga að veiða fyrir utan netlög að ósekju. En það eru netlög yst er selnót stendur grunn, tuttugu möskva djúp að fjöru, og komi þá allar flár upp úr sjó... Landeigandi á þar flutningar allar og vogrek allt og þá hvali alla er fyrir mönnum hlaupa á land upp, og veiðar allar í netlögum og í fjörinni“ (Jónsbók, 2. kapítuli Rekaþáttar). Þetta jafngildir um 2,9m dýptarlínu. Í veiðitilskipun árið 1849 voru netlög skilgreind á annan hátt, eða þannig að jörð ætti veiðirétt allt að línu sem afmarkaðist af 60 faðma fjarlægð frá ysta fjöruborði um stórstraumsfjöru. Hin meginreglan á einnig stoð í Jónsbók, og tekur til eignarhalds á hval sem flýtur fyrir landi jarðar. „Ef maður finnur hval á fljóti, þá skal hann flytja hvert er hann vill, ef það er utar fyrir annars manns landi en fisk sér á borði. Það skal vera þorskur fluttur, álnar í öxarþærum, á því borði er til lands veit...“ (Jónsbók 6. kapítuli Rekaþáttar).

Fiskhjallur (n, kk) Sjá *hjallur*. „Við endann á Evu ... var fiskhjallur kallaður Adam“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Fiskibein (n, hk) Bein úr fiski; fiskbein. „...en fiskurinn sem þeir veiddu var aðallega fiskibein sem voru þarna á stöku stað í sandinum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Fiskifang (n, hk) Aflí sem kominn er á land. „Ekki fór ég nú á sjó á hverjum degi, heldur var ég oft í landi til að gæta fiskifangs og hafa til beitu...“ (KÓ; Röið úr Kollsvíkurveri).

Fiskigengd (n, kvk) Magn af veiðanlegum fiski í sjó. „Slík fiskigengd hafði ekki sést í háa herrans tíð“.

Fiskifang (n, hk) Aflí; fiskveiðar. „Lækirnir sem um hefur verið getið, komu í góðar þarfir til uppþvottar á fiskifangi áður en sett var í verkun; salt eða herslu“ (KJK; Kollsvíkurver). „... og kæmi landlegudagur var nóg að gera; skera úr hausum; hlaða garða og vinna margt fleira við fiskifangið“ (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Á Skiptingshól ... komu menn einnig saman til að ... *sjá út sjóveður* til hákarlaveiða og annarra fiskifanga ...“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).

Fiskifjalir (n, kvk) Fjalir undir þóftu báts sem mynda skil, þannig að fiskur renni ekki á milli rúma í bátnum. „Gættu þess að bursta vel fiskifjalirnar þegar þú þrífur bátinn“.

Fiskifluga (n, kvk) *Maðkafluga*; Calliphora uralensis; tvívængja fluga af maðkaflugnaætt. Fiskiflugur eru stórar, dökkar og fremur *kubbslegar* flugur sem algengar eru um allt land og sækja mikið í matvæli, einkum fiskmeti. Þær sækja mjög í að *via* fiskinn; þ.e. verpa eggjum sínum í hann, einkum í afkima og þar sem blóð eða slor er að hafa. Úr víunum klekjast lirlfur sem oftast kallast maðkar/hvítmaðkur, sem getur unnið veruleg spjöll á matvælum. Fiskiflugan er því ekki aúfúsugestur í verum, og reyna menn ýmis ráð gegn henni. Best er, sé fiskur hengdur til þurrks, að hreinsa hann vandlega og gæta þess að sem minnst sé um afkima, slor og blóð. Þá er mikið atriði að hann nái að þorna/*skelja* sem allra fyrst. Óþurrkatíð gat orðið skæð *flugnatíð*.

Fiskifrétt (n, kvk) Tíðindi af aflabrögðum. „Kanntu ekki einhverjar fiskifrétir af staðnum“?

Fiskifæla (n, kvk) Uppnefni um mann sem veiðir lítið eða er talin fæla fisk undan bátnum.

Fiskigengd (n, kvk) Ný og veruleg ganga fisks á mið. „Það hefur verið þokkaleg fiskigengd *uppá síðkastið*“.

Fiskikarfa (n, kvk) *Karfa* sem notuð er til að bera fisk. Oftast fléttuð úr tágum áðurfyrr; nú úr plasti“.

Fiskikarl (n, kvk) *Dordingull*; húsakönguló; *veiðimaður*. „Þarna hangir fiskikönguló í sínu færi; stundum nefnd veiðimaður. Hún er svo nefnd vegna þess að hegðunin minnir á veiðar með færi“. Ólánsmerki var talið að slíta viljandi niður doringul.

Fiskikóngur (n, kk) Sá sem er aflahæstur. „...Bjarni Jóhannesson fiskikóngur í Stykkishólmi...“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).

Fiskilegt (l) *Veiðilegt*; líkur á að veiðist. „Hér finnst mér ekki fiskilegt. Kippum dálítið dýpra“. „Faðir minn talaði m að fara suður í Breiðubukt, því þar þótti fiskilegra“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fiskileysi (n, hk) Lítil veiði; lítil aflí. „Það má heita algert fiskileysi uppi á grunnmiðum nú um stundir“.

Fiskileysisár (n, hk) Tími þegar lítið veiðist af þorski. „Síðan fiskileysisárin tildóku hefur landsdrottinn so dispenserað að nokkrur hafa ei goldið nema 3 fjórðunga (í vertoll í Láganúpsveri)“ (ÁM/PV Jarðabók).

Fiskilóð / Fiskilína (n, kvk) Lóð til fiskveiða. Sjá *lóð*.

Fiskimaður (n, kk) Sá sem veiðir fisk/ er duglegur að veiða. „Hann er meiri fiskimaður en kvennamaður“.

- Fiskimið** (n, hk) *Mið*; staður á sjó sem áður fyrr var miðaður út frá kennileitum í landi. Oftast þurfa tvö kennileiti að bera saman í aðalmið og önnur tvö í þvermið. „Góð fiskimið eru víða útifyrir Kollsvík, en víst er að mið á mörg þeirra hafa gleymst“.
- Fiskimjöl** (n, hk) Mjöl úr fiskúrgangi, en það var nokkuð keypt og notað sem fôðurbætur. „Fôðurbætur, aðallega fiskimjöl og síldarmjöl, var venjulega í 100 kg pokum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Fiskinn** (l) A. Um veiðimann; veiðir mikið; fiskisæll. „Hann var fiskinn með afbrigðum og svo ákafur að hann hafði enga ró í sínum beinum ef nokkur skipverja var með svipaðan afla“ (GG; Skútuöldin). B. Um veiðarfæri; veiðir vel. „Mér finnst stöguð net stundum fisknari; einkum í miklum straumi“.
- Fiskipoki** (n, kk) Poki með fiski. „Við tókum saman ílát og annað sem við áttum að taka með okkur heim, og ekki máttum við gleyma fiskipokanum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Fiskirí** (n, hk) Aflabrögð; afli. „Hvernig hefur fiskiríð verið hjá ykkur þessa vikuna“?
- Fiskirígur** (n, kk) *Metingur* milli manna um það hver/hvor hafi veitt meira.
- Fiskiróður** (n, kk) Sjóferð til að afla fiskjar. „Annað skipið, sem fyrr hélt af miðum, náði landi, og sýndist mönnum þá sjór ófær. Þetta var í fiskiróðri og reru skipin frá Láturdal“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Fiskiskáli** (n, kk) Forn heiti á verbúð.
- Fiskislóð** (n, kvk) *Veidislóð*; *fiskimið*. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fiskispaði / Fiskspaði** (n, kk) Áhald með til að taka soðinn fisk uppúr potti; flatur platti með skafti, oft götöttur. Réttara mun að hafa orðið án „i“ í miðju, og þannig var það fyrrum í Kollsvík, þó hitt sé almennt talað nú.
- Fiskistappa** (n, kvk) Maukaður soðinn fiskur, oft borinn fram með kartöflum og útáláti samanvið. Í Kollsvík var fiskstappa oft gerð úr afgangum fyrri máltíðar; fiskur, kartöflur og mörflot stappað saman og borið fram heitt. Væri fiskur og kartöflur ekki maukað, heldur hrært í bitum, hét það *plokkfiskur*.
- Fiskistingur** (n, kk) Áhald til að taka upp fisk úr kös á jörð, t.d. til að færa hann upp í ruðning eða ker. Einnig til að stinga rauðmaga í pollum. Skaft með járnoddi í öðrum enda; svipar um sumt til broddstafs.
- Fiskisúpa** (n, kvk) Súpa sem gerð er úr fisksoði. „Gera má fiskisúpu úr öllum fiski, en best þykir hún úr feittum fiski s.s. lúðu. Í hana er oft bætt rúsinum, lárviðarlaufi, salti og méli til þykkingar ef vill“.
- Fiskisæld** (n, kvk) Um veiðisvæði/veiðitíma; góð veiði. „Hér hefur verið mikil fiskisæld á grunnmiðum síðsumars“.
- Fiskisæll** (l) A. Um sjómann; *fiskinn*; veiðir mikið. „Andrés var listasjómaður; heppinn og fiskisæll“. B. Um mið; gjöfult; veiðist oft mikið. „Þar fyrir framan eru hin fiskisælu Kollsvíkarmið, sem er sandræma fyrir allri Víkinni, með þeim boðum og grynnum sem áður eru talin; dýpi um 12 faðmar“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fiskiver** (n, hk) *Ver*. Oftast var notað orðið ver í Kollsvík í seinni tíð, en þó heyrðist stundum nefnt fiskiver. Líklega er það síðarnefnda upprunalegra, en hefur verið stytta í málinu.
- Fiskivænlegt** (l) Líkur á að veiða; líklegt til fiskjar. „Fiskivænlegra þótti að leggja línuna nærri þessum hleinum eða miðum, og oft var keppst um að ná þeirri aðstöðu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fiskkró** (n, kvk) Söltunarkró; stía sem fiskurinn er saltaður í. „Við lækinn sunnanverðan voru ruðningar, þar sem gert var að fiski og fiskkrær stóðu sem fiskurinn, þ.e. þorskurinn, var saltaður í“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fiskkvikindi** (n, hk) Einn stakur fiskur eða fáir fiskar. Stundum í neikvæðri setningu. „Hér er ekki fiskkvikindi að hafa“. „Fáein fiskkvikindi *öngluðum* við *upp* yfir daginn“.
- Fisklaus** (l) Enginn fiskur. „Um árabíl var fisklaust á öllum grunnmiðum“. „Maður getur ekki verið fisklaus“. „Á öllu grunninu verður fisklaust á veturnóttum“ ... Meðan dragnótaveiðar voru ótakmarkaðar var orðið fisklaust að kalla inni í fjörðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Fiskleysi** (n, hk) A. Enginn fiskur á miðum. „Þeir kvarta undir fiskleysi syðra núna“. B. Skortur á fiski til matar. „Hann sagðist aldrei hafa þurft að búa við fiskleysi meðan hann bjó í Kollsvík“.
- Fiskleysisár** (n, hk) Tími fiskleysis. „Kollsvíkingar hafa getað framfleytt sér á búskap í fiskleysisárum“.
- Fisklítill** (l) Lítið um fisk. „Ég fer að verða fisklítill; maður þyrfti að fara að komast í róður“.
- Fiskmeti** (n, hk) Fiskur til matar. „Steinbítur er bundinn í bagga, sem og annað fiskmeti, svo það taki minna rúm í flutningi“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fiskmetiskös** (n, kvk) Hruga af *matfiski*. „Yfirbreiðslur höfðu lítið hlíft. Sandur hafði allsstaðar smogið undir og inn í fiskmetiskösina“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Fiskrask** (n, hk) Það af fiski sem ekki er nýtt sem mannamat. Fiskrask var jafnan borið á tún áður fyrr í Kollsvík. Eflaust á það mikinn þátt í þeirri grósku sem þar er í gömlum skeljasandstúnunum, t.d. á Láganúpi, Hólum og Grundum.
- Fiskreitur** (n, kk) Þurrkreitur; manngerður steinlagður hóll eða þústa, sem notaður var til að þurrka fisk í veri. „Fiskreitir voru lagðir grjóti og þurfti jafnan að rífa þá upp á hverju vori, því sandur barst í þá að vetrinum“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá einnig *þurrkreitur*. „Þá þurfti að rífa upp alla fiskreiti, en þeir fylltust af sandi á hverjum vetri. Reitirnir voru úr smágrjóti sem var raðað þétt saman til þess að þurrka á saltfiskinn. Seinna komu vírreitir sem voru á lofti“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Fiskslor** (n, hk) *Fiskslóg; ræksni*; innfyli og afgangar af fiski. „Þá var eitt skylduverkið að keyra fiskslorið í kerru úr Verinu og heim að Láganúpi. Þar var það látið rotna í tunnu og síðan var það blandað með vatni og notað sem áburður“ (IG; Æskuminningar).
- Fiskslóg** (n, hk) Fiskslor; slóg. Sjá slóg.
- Fisksað** (n, hk) Sað af fiski; vatn sem fiskur hefur verið saðinn í. „Fisksað er hinn næringarríkasti drykkur“.
- Fiskstirtla** (n, kvk) Sjá stirtla.
- Fiskstykki** (n, hk) Stykki/bútur af fiski. „Gefðu mér eitt fiskstykki í viðbót á diskinn; helst sporðstykki“.
- Fiskstakkur / Fiskstæða / Saltfiskstæða** (n, kk/kvk) Staflur af saltfiski, sem raðað er reglubundið upp. „Mikil framför þótti þegar unnt var að geyma allar fiskstæður innandyrá“.
- Fisktittur** (n, kk) Lítil fiskur; smáfiskur. „Það var ekki nokkurn fisktitt að hafa uppi á grunnmiðum um margra áratuga skeið, en nú stendur á hverju jární ef slóði kemur í sjó“.
- Fisktutla** (n, kvk) Tægja/ögn af fiski. „Mig var farið að langa í fisk. Ég hafði ekki smakkað fisktutlu í *háa herrans tíð* í þessari sveit“.
- Fiskvart** (l) Vart við fisk. „Á þeim miðum hefur ekki orðið fiskvart í seinni tíð“.
- Fiskur** (n, kk) Hryggdýr í sjó, samkvæmt almennri skilgreiningu í dag. B. Þorskur. Fyrrum var málvenja að einungis væri átt við þorsk þegar rætt var um fisk: „Formenn þessir (í Láganúpsveri) og hásetar gefa í vertoll ½ vætt, og afhendist þar hálf í fiski; hálf í steinbít...“ (ÁM/PV Jarðabók).
- Fiskur á hverju jární / Fiskur á hverju bandi** (orðtök) Um veiðiskap; fiskur á öllum önglum á slóða færiss, eða svo langt sem séð verður niður á lóð í drætti. „Við lentum í honum svo snarvitlausum að um tíma stóð fiskur á hverju jární“. „Færum var rennt í sjó, og strax var fiskur á hverju bandi; allir kepptust við dráttinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fiskur genginn á grunn** (orðtak) Þorskur kemur gjarnan upp á grunnmið í göngum þegar hlýnar í sjó á vorin. Það gerist gjarnan um sumarmál, og var vorvertíðum í Kollsvíkurveri hagað eftir því. „Í þessari ferð fréttum við að Kollsvíkingar hefðu róið og orðið varir við fisk. Það var vani að róa með handfæri svona fyrst, áður en farið var með lóðir; til að prufa hvort fiskur væri kominn á grunninn“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Fiskur liggur undir steini** (orðtak) Eitthvað býr undir; leyndarmál/ráðgáta verður ljós. „Hér er ekki allt eins og það sýnist; mig grunar að þarna liggja fiskur undir steini“. Notað um málefni/umræðuefni sem fer á milli mála/fer leynt. Líkingin vísar líklega til fisks sem dylst við stein eða árbakka.
- Fiskverkunarland** (n, hk) Svæði/lóð sem fiskur er verkaður á. Meðan fiskur var breiddur til þerris þurfti til þess allmikið svæði undir *fiskreiti* og *fiskstakka/fiskstæður*. „... keypti félagið sölubúð hans og hafði þar á eftir húsin og allmikið fiskverkunarland ...“ (IL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Fiskvænlegt** (l) Von um veiði; fiskilegt. „Það er ekki fiskvænlegt á grunnmiðum eftir svona stórveiði“.
- Fiskþvottur** (n, kk) Þvottur á söltuðum fiski. „Einnig var oft einn maður af báti skilinn eftir í landi við fiskþvott eða annað viðkomandi verkuninni“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fiskþykkt** (n, kvk) Þykkt á fiskholdi. „Flökin (af lúðunni) hengd upp og látin skelþorna; síðan voru þau rist þannig að skurður var skorinn inn í miðja fiskþykktina.“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fisléttur** (l) Mjög léttur; lafléttur. „Þetta er svo fislétt að ég ræð alveg við það einn“.
- Fitja uppá** (orðtak) Byrja verkefni/umræður. „Við fitjuðum uppá ýmsu, okkur til skemmtunar“.
- Fitja uppá nefið** (orðtak) Sýna andúð/fyrirlitningu/hneykslun. „Hann þurfti mikið að fitja uppá nefið yfir þessari niðurstöðu fundarins“.
- Fitja uppá trýnið** (orðtak) Um dýr, einkum hunda; sýna tennurnar sem varnaðarmerki eða í illsku. „Hundurinn fitjaði uppá trýnið og urraði þegar kjölturakkinn kom hlaupandi“.

Fitleiki (n, kk) Strabbi; brestur; dilla; einn margra nafngreindra hluta á lúðu. „Þess voru dæmi að sá hluti fitleikans sem fylgdi bolnum þegar sporðurinn var skorinn frá, væri einungis nefndur brestur, en strabbi parturinn sem var áfastur blökunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimld: Guðbj.Guðbjartsson).

Fitubeit (n, kvk) Beit sem saufé er sett á til að fita það fyrir slátrun. „Sighvatur lét sauð síga niður í Stóðin sem við hann eru kennd. Hann hafði hann þar yfir sumarið í fitubeit og seig eftir honum um haustið“.

Fitudróg (n, kvk) Fituögn; tægja/ögn af fitu/mör. „Eittsinn þótti ket ekki matur nema það væri sémilega feitt. Nú eru menn hrifnastir af horketinu. Hvergi má sjást fitudróg í nokkrum mat“!

Fífill (n, kk) Túnfífill; ætiffífill; Taraxacum officinale. Algengt fjölært blóm af körfublómaætt. Af honum eru þó ýmsar undirtegundi sem erfitt er að greina í sundur. Eins og nafnið bendir til vex túnfífill gjarnan í frjósamri mold; helst nokkuð sendinni, s.s. hæfilega ábornum túnum; síður þó í sáðsléttum eða möjörð. Plantan er með stólpárót; upp af henni vaxa annarsvegar laufblöð sem nefnast *hrafnablökur* (sjá þar) og hinsvegar holar stilkur með fagurgulu blómi; oft 10-40 cm hár. Í allri plöntunni er *fíflamjól* (sjá þar); hvítur beiskur safi. Beiskja hennar er mest síðsumars í rótinni, en á vorin í blöðum og stilk. Blómkarfan er þéttskipuð aflöngum gulum blöðum í hvirfingu. Hún lokast á kvöldin og opnast í sólarupprás ef úrkomulaust er. Þegar líður á þroskaskeið plöntunnar breytist blómkarfan í *biðukollu*. Hún er samsett úr fjölda fræja, sem hvert hefur lauffléttan hárbúsk efst á stilk. Fræin losna af plöntunni í vindi, sem grípur fræðið í þessari fallhlíf sinni og getur borið það langar vegalengdir. Algeng skemmtun barna var að brjóta stilkinn af og blása bræjum af biðukollunni.

Fífillinn var nytjaður áður fyrr. Segir Björn Halldórsson í Grasnytjum sínum 1783 að fíflarætur séu góðar, séu þær soðnar í mjólk, nægilega lengi til að remman fari úr þeim. Ræturnar megi einnig þurrka til mjölgerðar. Blöðin megi nota í salat. Þau hafi sefandi áhrif. Segir björn að marin sé jurtin góð við höfuðverk og bruna. Einnig að seyði af plöntunni bæti andlitslit manna. Á síðari tímum hefur lækningagildi fífills verið rannsakað með tilraunum. M.a. virðist af þeim að fíflaafurðir virki hemjandi á krabbameinsfrumur, t.d. í brjóstakrabbameini. Ekki er talið að neysla fífills hafi nein eitrunaráhrif.

Fíflangangur / Fíflaháttur / Fíflaskapur (n, kk) *Bjánagangur*; heimiska; kjánalegir tilburðir. „Auðvitað var það ekkert nema fíflangangur að reyna þetta“! „Hvað skyldi þessi fíflangangur eiga að þýða þarna í þinginu“?

Fíflalega (ao) Aulalega; kjánalega. „Greyið mitt hagaðu þér ekki svona fíflalega“!

Fíflalæti (n, hk, fto) Tilgangslaus hávaði/fyrirgangur. „Hættið nú þessum fíflalátum krakkar“!

Fíflamjól (n, kvk) Mjólkurlitur, beiskur vökvi sem er í æðum fífills og veldur því að hún er ekki bitin af búfé. Kreista má fíflamjól t.d. úr legnum. Sjá *fífill*.

Fíflinu skal á foraðið etja (orðatiltæki) Um það að vísa heimskum manni yfir hættulega leið. Notað um það að etja heimskum manni til að gera það sem hinir forðast/hræðast sem telja sig vera skynsamari.

Fíflufláki (n, kk) Svæði vaxið fíflu, oftast í mýrlendi. „Varaðu þig á *seilinni* þarna handan við fífluflákann“.

Fígúra (n, kvk) A. Styttu; eftirlíking; mannsmynd. „Hann teiknaði einhverjar fígúror á striga“. B. Niðrandi heiti á manni; skrípi; bjáni. „Það eru furðulegar fígúror sem vinna þarna á skattstofunni“.

Fígúruháttur (n, kk) Sýndarmennska; fíflangangur; ýkt/yfirborðskennd hegðun. „Alltaf er hann með þennan fígúruhátt ef kvenfólk er nálægt“.

Fígúrulegur (l) Kjánalegur; með ýkta/yfirborðskennda hegðun. „Mér fannst hann alltof fígúrulegur“.

Fílefldur (l) Mjög sterkur/hress/öflugur. „Við *látum* þetta *gott heita* í dag en mætum fílefldir í fyrramálið“.

Fílfsterkur (l) Mjög sterkur/kraftamikill. „Hann er fílfsterkur, drengurinn“.

Fína til (orðtak) Laga til; gera fint. „Ekki veitti manni af að fína aðeins til í herberginu“.

Fínheit / Fínirí (n, hk, fto) Skart; mikil snyrtimennska; þrjá. „Ég nenni ekki að vera með bindi eða slík fínheit“. „Það kom ýmislegt fínirí í Kaupfélagið nú fyrir jólin“.

Fínheita (ao) Ágætis; dýrindis; herlegheita. „Það þýðir nú lítið að mæta í smölun á einhverjum fínheita blankskóm! Attu ekkert almennilegt á lappirnar“?

Fínn/Fínlegur í tauinu (orðtak) Þrúðbúinn; uppabúinn; snyrtilega klæddur. „Mikið ertu fínn í tauinu núna“.

Fínsmíði (n, kvk) Smíði úr smágerðum hlutum, sem krefst nákvæmni, handlagni og góðra verkfæra. „Fáir munu hafa staðið Guðbjarti Egilssyni á Lambavatni á sporði í fínsmíði. Sá hæfileiki erfðist til barna hans; Sigíðar, Svavars; Pálma og Gylfa, sem öll eru orðlögð fyrir handlagni“.

Fínviðri (n, hk) (n, hk) Gott veður; þrýðisveður. „Það gerði mugguskrattra hér í morgun, en eftir það hefur verið fínviðri og bjart“.

Fír (n, kk) Niðrandi heiti á manni. „Hvað skyldi sá fír halda að hann geti? Hann ætti bara að hafa sig hægan“!

Fíra (s) A. Um hífingu; gefa niður; slaka. „Ætlar þú að vera í bátum og taka á móti, ef ég fíra eggjunum niður“? B. Skjóta. „Ég fíraði náttúrulega á tófuna, en færið var alltof langt“.

Fíra af (orðtak) Hleypta af; skjóta. „Fíraðu af maður; ætlarðu að missa hann úr færi“!

Fírhólf (n, hk) *Eldhólf* á kola-/olíueldavél. „Nú þurfum við að bíða eftir að fírhólfið kólni“.

Fírkantur (n, kk) Járn/tré sem er ferkantað í þversnið; sérstaklega lagaður skrúflykill.

Fírtomma (n, kvk) Fjögurra tommu langur saumur/nagli. „Ég fékk pakka af *galvaniseraðri* fírtommu“

Fírugur (l) Fjörugur; hress; glaðlyndur. „Sá gamli var bara ári fírugur, og dansaði eins og herforingi“.

Físiveppur (n, kk) Belgsveppur (*Lycoperdala*) sem algengur er í hæfilega þurru mólendi. Verður hnöttóttur, á stærð við epli; hvítleitur í byrjun og gróin innan í þá eins og skyr. Nefnist þá *skyrsvæppur* eða *merarostur*. Síðar verður innihaldið brúnleitt, líkt og *ræpa* eða gor, og nefnist sveppurinn þá gorkúla. Enn síðar gránar hirslan að utan og gróin verða brún, þurr og rokgjörn. Þá nefnist sveppurinn *físiveppur* eða *kerlingareldur*. Sé hann sprengdur á því stigi dreifast gróin líkt og reykský. Algengasta heitið í Kollsvík er gorkúla.

Fítónsfart (n, kvk) Ógnarhraði; asi; hraðferð. „Hann skurkaði hér framhjá á þessari býsna fítónsfart; ég held að það hljóti að hafa orðið slys einhverstaðar“!

Fítónskraftur / Fítónsandi (n, kk) Ofurmannlegur kraftur; óskiljanlegur kraftur. „Óskiljanlegur er sá fítónskraftur sem hefur verið í karlinum við allar þessar grjóthleðsur, þegar höfð eru í huga önnur verk hans og heilsubrestur“. „Það hlýtur að hafa hlaupið í hann einhver fítónsandi“.

Fjaðurpenni (n, kk) A. Penni sem gerður er af flugfjöður fugls. Slíkir pennar voru notaðir lengi fyrr á öldum; m.a. til ritunar skinnhandritanna. B. *Pennastöng* með stálþynnu (pennafjöður) sem notuð er á líkan hátt og hinir eiginlegu fjaðurrænar; þ.e. dýft í blek. Fyrirrennari blekpenna og kúlupenna.

Fjaðurnál (n, kvk) *Rúllupylsunál*; *pokanál*; stór saumnál sem notuð var við frágang matvöru o.fl.

Fjalarspækja (n, kvk) Léleg fjöl; fjalarbrot. „Ég negldi fjalarspækju yfir gatið til bráðabirgða“.

Fjalarstubbur / Fjalarstúfur (n, kk) Stutt fjöl/spýta. „*Mjaltakollurinn* var út fjalarstubbum“.

Fjalfella (n, kvk) Notað um ís eða annað sem þekur yfirborð; „Það var fjalfella af ís á sjónum, svo langt sem augað sá“. „Sildin var eins og fjalfella um allan sjó“. „Við lítum niður...þarna er ein fjalfella öll fjaran: Við sjáum þarna dýnur og fatnað...úr strönduðu skipi...“ (MG; Látrabjarg).

Fjallhögg (n, hk) Höggstokkur, t.d. trjádrumbur upp á endann, sem þægilegt var að höggva t.d. kjöt í spað, höggva til viðaráhöld eða annað.

Fjallabaksleið (n, kvk) Lengri leið en unnt er að fara; óþarflega löng/torsótt leið. Mest notað í líkingamáli, t.d. þegar menn hafa langt mál um það sem mætti segja í fáum orðum, eða fara óþarfa krókaleið.

Fjallabjart (l) Nægilega bjart vegna náttmyrkurs eða dimmviðris til að sjáist til fjalla; *bjart uppaf*. „Það er orðið fjallabjart. Við ættum að drífa okkur af stað að smala“.

Fjallafála (n, kvk) *Ljónstyggi* kind sem erfitt er að smala af fjöllum. „Sú var tíðin að maður hafði roð við hverri einustu fjallafálu“.

Fjallferð (n, kvk) Ferð yfir fjall/heiði/háls. „Það leggur enginn í fjallferðir í þessu útliti“!

Fjallagrasagrautur (n, kk) Sjá *grasagrautur*.

Fjallagrasamjólk (n, kvk) Sjá *grasamjólk*.

Fjallagrasaseyði Sjá *grasaseyði*.

Fjallagrasate (n, hk) Sjá *grasate*.

Fjallagrasatekja (n, kvk) Tinsla fjallagrasa; svæði þar sem mikið er um fjallagrös. „Í Grasabrekku er fjallagrasatekja“ (ÍH; Örn.skrá Melaness).

Fjallagrös (n, hk, fto) Skræður; fléttur sem vaxa upp um fjöll og eru tíndar til mata; Lichen Islandicus. „Vakan var til kvöldmatar kl 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrös“ ... „Farið var til grasa á hverju vori eða sumri. Fjallagrös voru notuð bæði í brauð og grauta. Það eru reglulega góð rúgbrauð, blönduð með fjallagrös. Grasetvatn var búið til úr fjallagrös og mjólk“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Farið var til grasa á hverju vori eða sumri. Fjallagrös voru notuð væði í brauð og grauta. Það eru reglulega góð rúgbrauð blönduð með fjallagrös. *Grasetvatn* var búið til úr fjallagrös og grasamjólk“ “ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Fjallahringur (n, kk) Röð af fjöllum í hring/boga kringum láglandi. „Fjallahringurinn í Kollsvík er einstaklega tignarlegur; allt frá Blakkesi og Núp, suður um Jökadalshæð; Hæð; Kóngshæð; Hauga; Stórafell; Litlafell; Axlarhjalla; Sandslágarkjafi; Hæri Hjalla; Nónvörðu; Þúfustekk og vestur á Undirhlíðarnef og Hreggnesa“.

„Víkin sjálf var einnig fögur, þótt ekki væri hún ýkja gróðursæl. Fjallahringurinn einnig fagur og tilkomumikill“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fjallarok (n, hk) Mjög snarpur vindur hlémeigin við fjöll. „... ég er að enda við að renna stýrinu fyrir þegar slær niður fjallaroki með þeim stærsta sjó sem ég hef fyrirhitt“. (OTG; Ágrip af æviferli).

Fjallasýn (n, kvk) A. Ásýnd fjalla. „Óvíða er feegurri fjallasýn en í Kollsvík“. B. *Fara fjallasýn*; sjá þar.

Fjallaskúrur (n, kvk; fto) Skúraleiðingar til fjalla, sem ekki gætir á láglandi. „Einhverjar fjallaskúrur hafa verið frammi í Keldeyrardal, en við fengum alveg frið til að raka upp“.

Fjallavegleysa (n, kvk) Ferðalag um fjöll utan vega. „Við hugsuðum okkur að fara fjallavegleysu útá Bjarg, en hverfum brátt frá því...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fjallbrattur (l) Um mann; eldhress; *óbanginn*. „Ég er búinn að jafna mig á pestinni og orðinn fjallbrattur“.

Fjalldrapi (n, kk) Betula nana; dvergbirki; lágvaxinn/jarðlægur runni af birkiætt sem vex víða til fjalla í deigu molendi. Í Kollsvík er hann núna útbreiddastur í Víðilækjum í Vatnadal. Telja má öruggt að hann hafi verið mun útbreiddari áður; jafnvel niður allan Vatnadal og í Kollsvíkinni. Hinsvegar hefur hann eflaust verið rifinn mjög til nytja, og búsvæðin því minnkað. Fjalldrapi var mikið notaður til eldiviðar; sem tróð í húsbök og í rúmstæði; til kolagerðar og til reykinga matvæla.

Fjallfróður (l) Hefur mjög mikla þekkingu; veit mikið. „Þú ættir að inna hann eftir þessu; hann er fjallfróður á þessu sviði“.

Fjallgöngur / Fjalleitir (n, kvk, fto) *Göngur*; smalamennskur; *fjallskil*. „Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars; síðari leitardagur tveimur vikum seinna“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). Yngri merking orðsins fjallgöngur er að þrila fjöll sér til skemmtunar.

Fjallkonan (n, kvk) Kvenímynd sem rómantísk skáld 18. og 19.aldar komu á fót sem ímynd Íslands. Fyrsta skáldið til þess var Eggert Ólafsson, en síðar t.d. Bjarni Thorarensen í „Eldgamla Ísafold“. Fjallkonunni var mjög hampað á áratugunum kringum lýðveldisstofnunina. Enn er hennar minnst á lýðveldissamkomum, þegar leikkona í hennar gervi les upp ættjarðarljóð, en óvíst er að hún lifi af jafnréttisbylgju samtímans.

Fjalllendi (n, hk) Fjöllótt og hæðótt landslag; hálendi. „Útvíkurnar liggja að hafi til norðvesturs; aðskildar sín á milli og frá öðru láglandi af allmiklu fjalllendi; núpum, hæðum og hálsu“. „...sökum mikils og sívaxandi ágangs fjár frá Barðstrendingum á fjalllendi Rauðsendinga“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fjallsbrún (n, kvk) Efst á fjalli; efsti hluti fjallshlíðar. „Ég sá kindurnar hverfa uppaf fjallsbrúninni þarna“.

Fjallsegg (n, kvk) Efsti hluti fjalls; fjallsbrún. „Hér er allt á kafi í snjó nema hæstu fjallseggjar“.

Fjallskil (n, hk, fto) Göngur; fjárgöngur; fjárleitir. „Öllum er skylt að gera fjallskil, sem jörð eða kind eiga“.

Fjallskilamál (n, hk) Málefni sem varða fjallskil. „Ívar Ívarsson hafði framsögu um fjallskilamál“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Fjallskilaseðill (n, kk) Gangnaboð; blað sem hreppsnefnd útbjó; listi yfir allar jarðir í hreppnum og þá sem skyldu annast fjallskil, ásamt réttardögum og hvar skuli rétta. Fjallskilaseðillinn var látinn ganga bæ frá bæ, rétta boðleið, og var hver viðtakandi skyldur að koma honum til næsta bæjar í þeirri röð sem seðillinn sagði. „Hlutaðeigandi sveitarstjórn skal semja fjallskilaseðil og birta þeim sem hlut eiga að máli; minnst viku fyrir göngur...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Fjallskilasjóður (n, kk) Sjóður vegna fjallskila- og réttamálefna. „Oddviti óskaði eftir að heyra álit manna um það hvort kjósa ætti alla fjallskilanefnd og stofna fjallskilasjóð“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Fjallskilaskylda (n, kvk) Gangnaskylda; skylda fjáreiganda/jarðeiganda til að gera fjallskil. „Ef menn sinna ekki fjallskilaskyldu ættu þeir hvorki að fá að eiga jörð né fé“.

Fjallskilaskyldur (l) Skyldugur til að smala ákveðið svæði að hausti. „Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi; hver ábúandi eða húsráðandi sem fé á. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé; einnig fóðrafé og hagagöngufé...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Fjallslægjur (n, kvk, fto) Útslægjur; hey sem fengið er af slægjum í úthaga, t.d. brok af tjörnum eða gras úr bjargflesjum. „Þetta er sorgarsagan um fjallslægjur á Vestfjörðum. Ef mýrarnar þarna er berglagið undir þeim svo opið að jarðvegurinn hverfur að mestu og eftir verður aðeins mosinn, þegar best lætur; annarsstaðar bara berar urðirnar“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Fjallsmegin (ao) Þeim megin sem vísar að fjalli/fjallshlíð. „Ég komst framhá steininum fjallsmegin“.

Fjallsnúpur (n, kk) Áberandi/stór núpur/múli. „Landamerkjahlein markar landamerki Láganúps og Breiðavíkur; er það *klettahlein* fremur lág og löng sem liggur fram undan fjallsnúpnunum Breið u.þ.b. miðjum“ (HÖ; Fjaran)

- Fjalltryggur** (l) Mjög tryggur; óaðskiljanlegur. „Ég hef engan vitað fjalltryggari en þennan hund“.
- Fjallvegasmögungur** (n, kvk, fto) „Fjallvegasmögungur við Kollsvíkinga héldust óbreyttar til ársins 1955, að lokði var við bílveg alla leið yfir Hænuvíkurháls“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Fjallvegur** (n, kk) Vegur yfir fjallendi/háls. „Líklega eru hvergi fleiri fjallvegir á byggðu bóli á Íslandi en í Rauðasandshreppi. Meðan skólaakstur var stundaður að Grunnskólanum í Örlygshöfn þurfti skólabil að fara yfir 3 fjallvegi; Hænuvíkurháls að Kollsvík; Hafnarfjall að Breiðuvík og Skersfjall á Rauðasand. Til viðbótar eru fjallvegir yfir Látraháls að Hvallátrum, um Brunnahæð að Keflavík og troðningur um Hnjótsheiði inn í Dalverpi og á Brúnir. Hér er þó ekki talin með Hlaðseyrarhæð á leið til Eyra, né Kleifaheiði, né Mikladalsfjall til Tálknafjarðar, sem áður var að hluta í Rauðasandshreppi“.
- Fjallþök** (n, hk, fto) Fjalfella; samfelld breiða á yfirborði. „Frá Surtseyjargosinu voru um tíma fjallþök af vikri um allar fjörur í Kollsvík“.
- Fjandafæla** (n, kvk) A. Viðsjárvert/hættulegt fyrirbæri. „Það var ljóta fjandafælan þessi kvótalög“. B. Jurt sem vex víða til fjalla, þó ekki í Kollsvík svo vitað sé. Var áður notuð til að fæla frá sér drauga og ára.
- Fjandagangur** (n, kk) Fyrirgangur; gauragangur; læti. „*Fyrr má nú vera* bolverður fjandagangurinn“!
- Fjandalega** (l) Illa. „Mér líður bara fjandalega af þessari pest“. „Netin fóru fjandalega í norðangarðinum“.
- Fjandalegur** (l) Mjög slæmur. „Tuddinn er fjandalegur við að eiga fyrir einn; ég kem með þér“.
- Fjandaher** (n, kk) Herlið óvina; óvelkominn hópur. „Vorud þið ekki að reka túnrollurnar útaf rétt áðan? Ég sé ekki betur en þessi fjandaher sé aftur kominn inná“.
- Fjandakornið** (n, hk, m.gr) Blótsyrði eða áhersluorð. „Ég veit fjandakornið ekki hvað skal segja um það“.
- Fjandalega** (ao) Bolverlega; illa; helvítlega. „Mér líður bara fjandalega í bakinu eftir þessi átök“.
- Fjandalegt** (l) Bolverð; slæmt. „Það er fjandalegt að ná taki á þessu“!
- Fjandalið** (n, hk) Hópur óvinveittra; óvelkominn hópur. „Ég ætla að fara og víkja þessu fjandaliði úr túninu“.
- Fjandann (sjálfan) að ég veit!** (orðtak) Mér er alls ekki kunnugt um það; ég veit ekkert um það. „Það má *ljótikarlinn* vita hvar þetta hrútahyki heldur sig núna; fjandann að ég veit“! Áhersla á „ég“.
- Fjandann ekkert / Fjandann ekki neitt** (orðtak) Lítið sem ekkert; óverulegt. „Ég finn fjandann ekkert til í þessu lengur“. „Það var fjandann ekki neitt að hafa á grunnmiðum í sumar“.
- Fjandann ráðalaus** (orðtak) Mjög mikið; oheyrilega; endalaust. „Hann ætlar bara að rigna fjandann ráðalaus“! „Hann dró fjandann ráðalaus yfir allan *snúninginn*, meðan ég fékk *andskotan ekki neitt*“!
- Fjandans** (n, kk, ef.m.gr.) Blótsyrði sem nokkuð oft er notað til áhersluauka með nafnorðum.. „Fjandans óheppni var að tapa slóðanum“! Fjandans vesen er þetta“.
- Fjandans/andskotans nógu gott** „Ég held að ég sé andskotans nógu finn fyrir svona samkomu“. „Skyldi þetta ekki vera fjandans nógu gott í kjaftinn á þeim“!
- Fjandans ekkisen** (orðtak) Upphrópun með mikilli áherslu. „Fjandans ekkisen óheppni var þetta“!
- Fjandans nógu gott** (orðtak) Fullgott; alveg nægjanlegt. „Þetta ætti að vera fjandans nógu góð redding í bili; ég laga netið betur þegar við fáum betra næði“.
- Fjandans sama** (orðtak) Alveg sama; skítsama. „Mér er fjandans sama hvað hann segir um þetta; svona gekk það fyrir sig, og ekki orð um það meir“!
- Fjandans/fjárans/árans/angans sú ögnin** (orðtak) Alls ekki neitt; *fyrir það brennt*. „Ég myndi láta þig hafa saltlúku ef ég ætti hana, en fjandans sú ögnin að hér sé nokkuð til af því taginu“.
- Fjandansári** (ao) Áhersluorð með lýsingarorðum; mjög; gríðarlega. „Það var fjandansári sárt að horfa uppá lambið soppa framaf; eins og þetta var nú vænn hrútur“! „Þetta er fjandansári blautt enn“.
- Fjandansekkisen** (l) Áherslulýsingarorð með nafnorðum. „Það er fjandansekkisen vesen orðið að fá leyfi til að fiska í eigin landhelgi“! „Fjandansekkisen óheppni var að þetta þetta skyldi bila núna“.
- Fjandansgreið** (n, hk, m.gr.) Áhersluorð; milt blótsyrði. „Ég hélt ég væri búinn að króa lambið af, en þá setti það sig niður í næsta gang, fjandansgreið“. „Hann datt af króknum alveg uppi við borðið, fjandansgreið“!
- Fjandansnær** (orðtak) Áhersluorð; heldur; frekar. „Óttalegt *slugs* er á honum; honum væri fjandansnær að halda sig að heyskapnum svo hann klárist fyrir snjó“! „Mér hefði verið fjandansnær að taka skóna inn; þá væru þeir ekki forblautir núna“.
- Fjandanssama** (l) *Kæri kollóttan; gef skit í;* er alveg sama. „Mér er svosem fjandanssama þó þeir kúðri þessu; það kemur þeim sjálfum í koll“!

- Fjandansögn / Fjandans sú ögnin** (n, kvk/ orðtak) Áhersluorð um ekki neitt. „Hann sagði að hér hefði hann séð tvær kindur, en fjandansögn sem hér er nokkuð fé“! „Við börðum hér um allan sjó, en fjandans sú ögnin að við *yrðum* nokkursstaðar *varir*; allsstaðar sama *ördeyðan*“! Sjá *ögn*.
- Fjandast til** (orðtak) Koma sér að; hefja verk; *skrattast til*. „Skelfingar leti er í honum! Hann gæti nú fjandast til að útvega mann fyrir sig í göngur þó hann nenni því ekki sjálfur“!
- Fjandi** (ao) A Blótsyrði til áhersluauka. „Fjandi var þetta *snubbótt* veiði“. „Hann var bara fjandi *brattur*“. B. Óvinur. „Sækjum fast að fjanda her;/ flæmum hann úr landi./ Það sem engan ávöxt ber/ ei hjá gróðri standi“ (EG; Sækjum fram).
- Fjandi/fjári af mér/þér/honum** (orðtak) Slæm mistök hjá mér; ég sé mikið eftir. „Fjandi var nú af mér að gleyma húfunni á réttarvegnum“.
- Fjandinn eigi/hafi/hirði** (orðtak) Upphrópun um það sem maður gefst upp á. „Fjandinn eigi bara þessar bykkjur“! „Fjandinn hirði þá ef þeir fara ekki að birtast; þá förum við bara á undan þeim“! „Fjandinn eigi það að ég komi *nokkurnhlut* nálægt þessu“!
- Fjandinn fjarri mér!** (orðtak) Upphrópun/áhersluorð, oftast sem andsvar við fráleitri fullyrðingu/spurningu. „Nei, fjandinn fjarri mér! Ég held ég fari nú ekki að kjósa þessa *fósa* aftur á þing“!
- Fjandinn hossi/vorkenni (í minn stað)** (orðtak) Skammaryrði/hneikslun í ummælum um aðra. „Nennti hann ekki að koma með? Nú fjandinn hossi honum þá; hann fær þá ekki egg að éta í kvöld“! „Eru þeir búinir með heyskapinn? Nú fjandinn vorkenni þeim í minn stað; með tugmilljóna græjur og vaðandi mannskap“!
- Fjandinn/skrattinn sér um sína** (orðatiltæki) Satan sér um sínar sálir; þeir bjargast oft í lífinu sem taldir eru hafa selt skrattanum sína sál. „Alltaf kemst hann skaðlaust frá þessum glannaskap í fjármálum; já það verður ekki annað sagt en að fjandinn sjái um sína“!
- Fjandinn/skrattinn kominn í spilið** (orðtök) Eitthvað ekki með eðlilegu móti; eitthvað bilað/úrskaiðis; *fjandinn laus*. „Ég missti féð uppá brún og þá var auðvitað fjandinn kominn í spilið“!
- Fjandinn laus** (orðtak) Allt í voða/uppnámi; mikill gauragangur; hættuástand. „Þeir *eru til friðs* núna, en það *má ekki orðinu halla*; þá verður fjandinn laus“.
- Fjandinn má hirða það í minn stað!** (orðatiltæki) *Fúkyrði* um það sem ekki er manni að skapi.
- Fjandinn sjálfur** (orðtak) Áhersluorð/blótsyrði. Ýmist notað sjálfstætt sem upphrópun eða í tegingum.
- Fjandsemi** (n, kvk) *Illhugur; meinsemi*; slæmt viðmót. „Hann vildi ekki sýna þeim neina fjandsemi“.
- Fjandskapast við** (orðtak) Rækja fjandskap við; elda grátt silfur við. „Hann hefur lengi fjandskapast við þau á hinum bænum, og fundið sér eitthvað til“.
- Fjarðarbára** (n, kvk) *Vindbára* þegar vindur stendur eftir firði, en jafnvel sjólítið útifyrir. Gerist oftast í aðlögn, en einnig getur vindur legið af fjöllum út fjörð, og vakið upp fjarðarbáru. „Það er betra að vera búinn að vitja um netin í firðinum fyrripart dags, til að losna við árans fjarðarbáruna seinnipartinn“.
- Fjarðarbotn** (n, kk) Innsti hluti fjarðar. „Barðstrendingar sem reru úr Kollsvíkurveri, fóru í vertíðarlok með báta sína inni fjarðarbotn í Patreksfirði. Þar *hrýgjuðu* þeir afla sínum á Skeiðseyri þar til hann yrði sóttur; hvolfdu bátum sínum á eyrinni til geymslu, og gegnu heimleiðis yfir Kleifaheiði“.
- Fjargviðrast** (s) Fárast; býsnast. „Það þýðir ekkert að fjargviðrast yfir þessu; bara að drífa í að laga það“.
- Fjargviðri** (n, hk) Hitamál; æsingur. „Það er óþarfi að gera eitthvað fjargviðri útaf þessu“.
- Fjarlægðin gerur fjölin blá (og mennina mikla)** (orðatiltæki) Vísar til þess að oft er það fallett/eftirsóknarvert sem lengt er frá í tíma eða vegalengdum, þó ekki sé þegar/ef það væri nær. Síðari hlutinn heyrir sjaldnar.
- Fjarlæggt** (l) A. Sem er langt í burtu. „Að Kollsvík sóttu menn til róðra úr fjarlægum byggðum“. B. Fráleitt. „Það var honum fjarlæggt að hugsa um greiðslu fyrir svona hjálpssemi við náungann“.
- Fjarskalega** (l) Mjög; afar. „Þá var fjarskalega vond tíð; frosthörkur, stormar og stórhriðar...“ (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Mér fannst alveg hræðilegt að heyra þetta um Jón./ Ég hrifin var svo fjarskalega af honum./ Nei það var ekki glæsilegt að gera úr okkur hjón/ fyrst greyið hafði ofnæmi fyrir konum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Fjarskyldur** (l) Ekki náskyldur. „Eitthvað held ég að hann sé fjarskyldur mér“.
- Fjarstaða** (n, kvk) Fjarlægð. „Tóbaksnautn meðal yngri manna, upp undir þritugt, er engin á fjelagssvæðinu, og má þakka það fjarstöðu hjeradsins við kaupstað...“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Fjas** (n, hk) Innihaldslaust tal; blaður. „Óttalegt fjas er þetta, um nákvæmlega ekki neitt“!
- Fjasa** (s) Blaðra; masa; bulla. „Hún hélt áfram að fjasa um málið þó enginn hefði áhuga á því“.
- Fjáður** (l) Ríkur; auðugur; *loðinn um lófana*. „Hann er ágætlega fjáður þó hann lifi eins og fátæklingur“.

- Fjáraflamaður** (n, kk) Sá sem aflar mikils fjár/auðs. „Hann reyndist hinn öflugasti fjáraflamaður fyrir félagið“.
- Fjarakornið** (n, hk, m.gr) Milt blótsyrði; oftast notað til áhersluauka. „Þú ætlar þó fjarakornið ekki að sitja heima í kosningunum“.
- Fjáralega** (ao) Illa; erfiðlega; bölvanlega. „Mér gengur fjáralega að fá þá til að skilja þetta“.
- Fjárans** (n, kk, ef.m.gr.) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Fjárans vesen var að missa þessar kindur“.
- Fjárbeit** (n, kvk) Bithagi/beit fyrir sauðfé. „Góð fjárbeit er í Kollsvík og daldrögunum í kring, en engu að síður leitaði fé frá Láganúpi alltaf töluvert út í Breiðuvík og einnig lítillsháttar á Bjargið“.
- Fjársborg / Fjárbyrgi** (n, kvk/hk) Staður, oftast manngerður, þar sem sauðfé getur leitað skjóls í illviðrum. Ekki tíðkaðist að hlaða slík mannvirki í Rauðasandshreppi, enda næg skjól í landslaginu. Þó var hlaðið aðhald t.d. við stekki, stundum nefnt fjárbyrgi. Fjársborgir á öðrum landsvæðum eru oft topphlaðnar.
- Fjárnúð** (n, kvk) Fjárnúð sem notað er sem verbúð að vori og sumri, en slík notkun var algeng í Útvíknaverum. „Skipbrotsmenn (skútunnar Telephone) fengu til umráða tvær allstórar fjárnúðir og höfðust þar við í nærfellt þrjár vikur“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).
- Fjárnúðun** (n, kvk) Böðun sauðfjár sem stunduð var um árabíl til varnar gegn fjárkláða af völdum fjárkláðamaurs (*Psoreptes ovis*). Fjárnúði barst til landsins með kindum af Merinokyni sem Hastfer barón flutti inn árið 1760 á bú sitt við Elliðavatn. Kláðinn barst sem faraldur víða um land og olli gríðarlegum fjárskaða, en þó ekki í Vestur Barðastrandasýslu og nokkur önnur svæði á Vestfjörðum. Ein af aðgerðum sem gripið var til var böðun fjár uppúr sérstökum baðlyfjum. Böðun var framkvæmd að vetrarlagi, í sérstakri baðþró sem var víðast steipt fremst í jötu fjárhúss. Tveir allhlífaðir menn tóku ána á milli sín; lyftu henni upp í baðþróna og kaffærðu hana. Hún gat síðan gengið upp tröppur úr þróna og í hóp kinda sem stóðu um stund í jötunni meðan vatnið seig af þeim og rann aftur í þróna. Síðar var farið að nota baðlyf í sprautuformi, og lögðust þá fjárbaðanir af.
- Fjárdráttur** (n, kk) Sundurdráttur/rag fjár í réttum. „Enginn má hleypa fé úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, og fjáreigendur mega ekki fara úr rétt fyrr en fjárdraetti er lokið“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).
- Fjárnúðellir** (n, kk) Hungurdaud/niðurskurður búfjár. „Ofan á þetta bættust tveir snjóavetur; veturinn 1919 – 1920 og 1920 – 1921, svo gera varð stórfelld kaup á dýrum föðurbæti til að komast hjá almennum fjárnúðelli“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Fjárnúðningur** (n, kk, fto) Flutningar á sauðfé. Nútildags oftast á vörubílum eða sérstökum fjárnúðningabílum.
- Fjárnúðgata** (n, kvk) Greinilegur slóði sem troðinn er af miklum umgangi sauðfjár. Fjárnúðgötur geta verið varanlegar og áberandi í landslaginu um aldir, þar sem kindur hafa einstakt lag á að velja sér leiðir þar sem hægast er að fara og halda þeirri venju. „Skriðurnar eru vel færar þar sem fjárnúðgata er um þær, en varasamar annarsstaðar“.
- Fjárnúðgöggur** (l) Sá sem þekkir einstakar kindur í sundur, jafnvel í fjárnúðlögð. Mjög er misjafnt hve fjárnúðgöggir menn eru. Til voru þeir bændur sem þekktu ekki einungis hverja kind í sinni eigu, heldur allar þær sem þeir höfðu séð á næstu bæjum. Svo var t.d. sagt um Guðbjart Guðbjartsson á Láganúpi.
- Fjárnúðheimtur** (n, kvk, fto) Heimtur á fé; endurheimtur sauðfjár af sumarhögum. „Fjárnúðheimtur voru slæmar. Vetur kom snemma og harkalega; fé því víða um fjöll og ónáð úr Bjarginu“ (ÞJ; Árb.Barð 1969).
- Fjárnúðheld** (l) Um girðingu/rétt o.fl.; halda fé inni/frá. „Það þarf sumsstaðar að hlaða réttarveggina upp; þessi dilkur er varla fjárnúðheldur“. „Vegna stöðugs grjóthruns reyndist ókleyft að halda girðingunni á Urðarhrygg fjárnúðheldri“ (HÓ; Fjaran).
- Fjárnúðhundur** (n, kk) Hundur sem gagnast vel til að smala fé; gæta fjár og verja tún. „Góðir fjárnúðhundar eru mjög gagnlegir sínum húsbændum og spara mikið erfiði. Besti fjárnúðhundur sem ég man eftir í Kollsvík var Dalli, sem Ingvar í Kollsvík átti. Hann var svo gölögur á fé og sinn eiganda að Ingvar þurfti ekki annað en gefa honum litla bendingu eða segja eitt orð; þá skildi hann skipunina og framkvæmdi hana. Til dæmis man ég að Ingvar bað hann að sækja fé að kvöldi dags, sem þá hafði eignað útum Skarð, út í Vatnadal, og sást því ekki. „Sæktu féð í Vatnadal“ sagði Ingvar og benti. Dalli þaut af stað og eftir nokkurn tíma sást til hans frammi í Skarði með allan fjárnúðhópinn“. „Hér var það líka sem Skuggi, fjárnúðhundur Torfa móðurbróður, fauk framaf og var allur“ (IG; Sagt til vegar I).
- Fjárnúðhús** (n, hk, fto) Hús sem kindur eru hafðar í að vetri. Fjárnúðhús í Kollsvík og öðrum Útvíkum voru allajafna við sjóinn áðurfyrr, til að hægara væri að nýta *fjörubeitina*. Þau voru *grjóthlaðin*, oft með *hálfþili* í gaffli og heilu timburþili að framanverðu sem sneri/*vissi* til sjávar. Hjá *þurrabúðarmönnum* voru þetta þó oft litlir kofar hærra í landi, með jötu við vegg. Á bújörðunum voru eitt eða fleiri hús með hlaðinni jötu/*jötubálki/garða* í miðju. Fé var fyrrum haft á *taði*, en í seinni tíð voru grindur undir fénu og *skítkjallari*. Eftir að farið var að baða fé gegn lús var oft steipt *baðþró* í framenda jötunnar, sem að jafnaði var lokuð. „Þá þurfti að aðstoða við *smalamennsku* og *fjárnúð*; sækja vatn bæði fyrir heimilið og kýrnar, eftir því sem

geta og vilji náði, og fara með þabba að *gefa fénu*. Það var í fjárhúsum við sjóinn til ársins 1941 þegar byggð voru fjárhús á Láganúpi“ (IG; Æskuminningar).

Fjárhúsgrindur (n, kvk, fto) Grindur undir sauðfé í fjárhúsi, til að skítur troðist niður í fjárhúskjallara. „Þetta tímbur væri líkast til upplagt í fjárhúsgrindur“.

Fjárhústóft (n, kvk) Tóft af fjárhúsi. „Einnig má finna í vegg í fjárhústóft á Grundabökkum ártalið 1911. Það er verk Kristjáns Júlíusar Kristjánssonar, sem þá átti heima á Grundum“ (HÖ; Fjaran).

Fjárklippur (n, kvk, fto) *Sauðaklippur*; klippur til að taka ull/reyfi af kind. Vanalega gerðar þannig að tvö breið stálblöð eru fest saman með boginni fjöður. Enginn þolinmóður er; heldur haldast blöðin saman af átaki rúningsmanns og fjaðrarinnar.

Fjárkláði (n, kk) *Kláðapest*; *kláðaveiki*; *kláði*; faraldur af völdum *kláðamaurs* (*Psoroptes ovis*). Fjárkláði hefur tvisvar borist til landsins með innfluttu fé; 1760 og 1855. Hann olli gríðarlegu tjóni, einkum í fyrra skiptið. Vestfirðir sluppu þó í bæði skiptin, en þar þurftu menn eigi að síður að baða fé fram á síðari hluta 20. aldar. Kláðanum var útrýmt að mestu með niðurskurði og böðun. „Fjárkláða hefur einnig orðið vart á þremur ám í Saurbæ, og hrútur í Kirkjuhvammi varð mjög sjúkur af kláða“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Fjárkrít / Fjárlitur (n, kvk) Lituð krít sem seld er og notuð til að merkja kindur til aðgreiningar. Sjá *litamerkt*. Fjárkrít var t.d. ein vörutegunda sem voru á boðstólum í Gjögurabúð.

Fjármaður (n, kk) Sauðamaður; sá sem gætir fjár og hirðir um það. „Konan segist enga hjálp geta veitt. Maðurinn sinn sé veikur í Reykjavík og fjármaðurinn sé einn karlmannna heima. Fjarmanninn bar að í þessu...“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb. Tímans 1964).

Fjarmargur (l) Á margt fé. „Sama er hve karlinn fjölgar í áhöfn; aldrei verður hann svo fjarmargur að hann þekki ekki hverja kind með nafni“.

Fjármálaóstjórn (n, kvk) Stjórnleysi í fjármálum. „Össur Guðbjartsson taldi að *víta* bæri harðlega þá fjármálaóstjórn (sjúkrahúss) sem hér væri um að ræða“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fjárpeningur (n, kk) Sauðfé. „Þá er komið upp fyrir Hjallana. Þar er *skjólasmamt* og fjölbreyttur gróður og gott beitiland í kring; hefur áreiðanlega verið gott fyrir fjárpening þar“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Fjarpössun (n, kvk) Gæsla sauðfjár. „Hann fékk eitthvað greitt fyrir lagfæringar á réttinni og fjarpössun“.

Fjarrag / Fjarrást (n, hk) Sýsl með kindur; sundurdráttur. „Þeim dvelst í húsunum við þetta fjarrag“. „Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjarrag“ (IG; Æskuminningar).

Fjarráð (n, hk, fto) A. Fjármunir; lausafé; reiðufé. „Hann sagðist hafa fremur lítil fjarráð þessa stundina“. B. Stjórn fjármála; fjárhald. „Mér skilst að hún sé með öll fjarráð á því heimili“.

Fjarrækstur (n, kk) Rækstur sauðfjár. „Ég var eitt haustið með í því að fara með fjarrækstur inn yfir Hænuvíkurháls; inn Fjörur og inn að Gjögurum til slátrunar. Eftir það var farið að flytja sláturfé á bílum“.

Fjarrétt (n, kvk) Rétt sem fé er rekið í til aftektar eða sundurdráttar. „Við förum fram hjá fjarrétt á Brunnsbrekkunni“ (IG; Sagt til vegar I).

Fjarræktarmaður (n, kk) Sá sem leggur sig fram um ræktun sauðfjár. „Össur faðir minn var mikill fjarræktarmaður, sem og Guðbjartur afi; faðir hans. En nokkuð ólíkum að ferðum beittu þeir. Afi ræktaði eftir sínu höfði og tilfinningu, án allrar skráningar að því að ég veit best. Hinsvegar notaði pappi vísindalegar aðferðir; færði allt til bókar og notaði sinn bændaskólalærðóm. Báðum farnaðist þeim vel í þessum efnum“.

Fjárskúfur (n, kk) Litill hárbúskur eða –burst, fremst á snoppu sauðfjár.

Fjárslóð (n, kvk) *Kindagata*. „Nónskarðsvegur hét fjárslóð um Nónskarð, og var þar stundum farið með hesta“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).

Fjáröflunarleið (n, kvk) Aðferð til að afla fjár. „Á smá hól við Gilið var Vestri með kartöflugarð um nokkur ár, sem fjáröflunarleið“ (IG; Sagt til vegar II).

Fjollaður (l) Heimskur; ruglaður. „Óttalega geturðu verið fjollaður“!

Fjorbýli / Fjorbýlt (n, hk/ l) Fjögur býli á sama bæ. „Þrjúbýlt var löngum á Hvallátrum, og jafnvel fjorbýlt“.

Fjórðungur (n, kk) A. Einn fjórði hluti einhvers. B. Þyngdareining að fornu, og um leið verðeining í vöruskiptum. Á síðari tímum vöruskipta (eftir 1618) var fjórðungur 4,96 kg (áður 4,3). Fjórðungur samsvarar 10 *pottum* eða 20 *mörkum*. Í einni *vætt* eru 8 fjórðungar. C. Landsfjórðungur. Fyrsta svæðaskipting landsins var líklega skipting þess í fjórðunga, sem hver annaðist dómsmál og framfærslumál. Sú skipting var komin á árið 965. Mörk Vestfirðingafjórðungs voru annarsvegar við Hvítá í Borgarfirði og hinsvegar við Hrutafjarðará. Þau fyrrnefndu fluttust að Botnsá í Hvalfirði á 13.öld. Í hverju vorþingi urðu þrjú vorþing, og í hverju þingi voru þrjú goðorð; stjórnað af goðum.

Fjórðungi bregður til fósturs (orðatiltæki) Forn speki segir að persónugerð og hæfileikar manns mótist af fjórum meginþáttum, að frátöldu því sem hann sjálfur hefu lifað: Fjórðungi bregður til móður; fjórðungi til föður; fjórðungi til fósturs og fjórðungi til nafns“. Samkvæmt þessu mótar upplendið menn að einum fjórða. *Sjá fé er jafnan fóstura líkt.*

Fjórðungi bregður til nafns (orðtak) Gömul speki segir að maður mótist af nafni sínu að einum fjórða. Því þóttu nafngjafir mjög miklu skipta fyrir á tímum; þá tíðkaðist ekki sá fáránleiki samtímans að keppast um skrípanöfnin. Sjá einnig *fjórðungi bregður til fósturs*.

Fjórróinn (l) Um bát; róid með fjórum árum.

Fjórskær (l) Sem unnt er að skera með þremur skurðum í fimm bita; t.d. fiskur.

Fjósabuxur (n, kvk, fto) *Utanyfirbuxur/buxur* sem notaðar eru í fjósverk.

Fjósiferð (n, kvk) *Sinning* í fjósum/fjósi; *mjaltir*. Á Láganúpi voru um tíma tvö fjós, en orðið kann þó að vera mun eldra í þessari mynd. „Ætli ég gleypi ekki eitthvað í mig áður en kemur að fjósiferð“.

Fjósafýla / Fjósalykt (n, kvk) Lykt sem fylgir fjósum. „Fjósalykt er mjög misjöfn og missterk eftir fjósum. Fer það líklega mjög eftir þrifum, loftræstingu, meðferð mjólkur og fleiri atriðum“.

Fjósaföt / Fjósagalli / Fjósastakkur / Fjósaskupla (n, hk, fto/ kk/kvk) Hlíðarfatnaður sem notaður var af fjósafólki. Fjósastakkur var vinnublússa, en fjósaskupla var slæða/klútur sem fjósakonur notuðu á höfuðið við fjósgegningar til að verja hárið. Sjá *mjaltaföt/mjaltagalli*.

Fjósaskófla (n, kvk) Fjósreka; flórreka; mykjuskófla; skítreka. „Hvað varð af fjósaskóflunni“?

Fjósastígvél (n, hk, fto) Stívvél sem eru notuð í fjósverk. „Nú er komið gat á fjósastígvélin mín“.

Fjósatími (n, kk) Tími til að sinna gjöfum, mokstri, mjóltum og öðrum fjósverkum. „Ég býst við að verða kominn aftur fyrir fjóstim“.

Fjósahaugur (n, kk) Skítahaugur sem safnast framan við fjós, af kúaskít sem daglega er mokað út.

Fjóshjólbörur (n, kvk, fto) *Skítabörur*; hjólbörur sem jafnan eru notaðar til að koma skít úr fjósi á haug.

Fjóshlaða (n, kvk) Heyhlaða við fjós. Vanalega var sett í hana betra og kjarnmeira hey en ætlað var sauðfé.

Fjósreka (n, kvk) Fjósaskófla; reka/skófla sem höfð er í fjósi til að moka flórin.

Fjósstaðið vatn (orðtak) Vatn sem staðið hefur inni í fjósi og er því ekki iskalt úr brunni. Mun hafa verið síður að láta vatn standa inni áður en það var gefið kúm; einkallega þótti slæmt að gefa nýbærum iskalt vatn.

Fjósverk (n, hk, fto) *Sinning* í fjósi á fjósatíma; *mjaltir*, *gjafir*, *skítmokstur* o.fl. „Ætli það sé ekki kominn tími á fjósverkin núna“.

Fjósúlpa (n, kvk) Yfirhöfn sem notuð er til gegninga í fjósi. „Nú þyrfti að fara að þvo fjósúlpuna mína“.

Fjúk (n, hk) Lítilsháttar snjócoma, oftast í hægum vindi. Stundum getur komið fjúk úr heiðskíru lofti, ef skyndlega kólnar í lofti. „Hann er að setja yfir eitthvað fjúk“.

Fjúka (s) Berast með vindi. „...rakettan sem bera átti bandið f auk bara sitt á hvað“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fjúka í (orðtak) Reiðast skyndilega; *snöggreiðast*; *rjúka upp*; verða illur; *síga í*. „Það f auk í mig þegar ég sá þessar aðfarir“. „Er nokkur furða þó það fjúki í mann þegar þingmaður talar af slíkri fávísku“?

Fjúkandi illur/reiður/vondur (orðtak) Mjög reiður; *afarreiður*; *heitt í hamsi*; *ofsareiður*; *snakillur*. „Hann var fjúkandi illur yfir þessum slóðaskap og sagðist aldrei ætla að treysta á þá aftur til fyrirstöðu“.

Fjærmið (n, hk) Það mið í landi sem fjær er, þegar miðað er við tvö mið af sjó. „Haugarnir eru fjærmið á samnefndum miðum, en Stekkavarðan er þá nærmið“.

Fjööður (n, kvk) A. Á fugli. B. Sveigjanlegt stál til fjööðrunar á bíl, kerru eða öðru farartæki. C. Fjármark; lítill skurður sem gerður er í fram- eða afturjaðar eyra. *Fjööður/standfjööður* vísar niður frá jaðri en hangfjööður upp.

Fjögramannafar/ Fjögurra manna far (orðtak/heiti) *Feræringur*; bátur sem róinn er af fjórum ræðurum; þ.e. með minnst átta ræði/*tollur* og oft 6 í áhöfn. Fjögramannaför eru oft um 20 fet eða 6,5 m, og 2,5-3 tonn að burðargetu. Sú bátastærð hefur verið notuð í Kollsvíkurvei í gegnum tíðina. Guðrún Eggertsdóttir gerði út eitt fjögurra manna far í Láganúpsvegi árið 1703, og eitt fimm manna far. „Af 50 feræringum í Barðastrandasýslu árið 1905 eru 17 smíðaðir fyrir aldamót. Elsti feræringurinn í þeim flota hafði verið smíðaður í Kollsvík árið 1839, og var 20,7 fet (6,5 m)“ (LK; Ísl sjávarhættir II). Batar í Kollsvíkurvei á 19. og 20. öld voru þó nokkru minni, eða allir á milli 1 ¼ og 1 ½ tonn að burðargetu, og ættu því e.t.v. að flokkast sem *þriggia manna för*, en yfirleitt voru þeir þar nefndir fjöggramannaför. „Bátur Þórðar var sexæringur en hitt voru fjöggramannaför“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). „Vöðubatar voru frekar litlir; minni en fjöggramannaför, en það var hin venjulega stærð róðrabáta“ (GG; Kollsvíkurvei).

Fjögranátta (l) Um legu línu/nets í sjó; hefur legið í fjóra sólarhringa. „Nú færum við trossuna einhvert annað! Það gengur ekki að draga þetta galtómt fjögranátta!“

Fjöldamargt (l) *Mýmargt; fjölmargt*. „Hann hafði fjöldamargt að segja úr ferðinni“.

Fjöldinn allur (orðtak) Mjög mikið af; aragrúi. „Þar sem áður höfðu verið veiðileg grásleppumið kom nú aðeins upp fjöldinn allur af ígulkerum og úldinn þari“.

Fjölfarin (l) Um leið/veg; sem mikið er farið um. „Þetta var mjög mikil framför til þess að fylgjast með skipaferðum, en hér fyrir Víkurnar var, og er enn, fjölfarin skipaleið“ (ÖG; Slysavarnadeildin Bræðrabandið).

Fjolkunnugur (l) Göldróttur. „Í þann tíð var maður uppi í Arnarfirði er Benedikt Gabríel nefndist, og var Jónsson. Hann var hvala- og selaskutlari mikill. Talinn var hann forn í skapi og fjolkunnugur, og ekki góður viðfangs ef á hluta hans var gert“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Fjölmargt (l) Mjög margt; *urmull*; fjöldi. „Í þessari upptalningu er fjölmargt *látið liggja milli hluta*“.

Fjölmúlavél (n, kvk) Flókið/fjölhæft tæki. „Hann smíðaði þessa fjölmúlavél sem fáir skilja til fulls“. Annarsstaðar virðist hafa þekkt orðið fjölmúlavél, í merkingunni fyrirgangur/umstang; óþekkt í Kollsvík.

Fjölörður (l) Margmáll; talar mikið. „Afi var aldrei fjölörður um sína ævi, þó viðburðarrík hafi verið“.

Fjölyrða (s) Tala mikið um; ræða mikið. „Það þarf ekki að fjölyrða mikið um landkostina í þessum vikum“.

Fjölþreifinn (l) Kvensamur/kelinn/áleitinn um of. „Sagt er að hann verði dálítið fjölþreifinn eftir fyrsta glas“.

Fjörbaugsgarður (n, kk) Ein tegund refsingar á þjóðveldisöld, samkvæmt lögum Grágáasar sem var lögtekin um 970. Sá sem dæmdur var í fjörbaugsgarð var dæmdur útlægur úr landinu innan þriggja ára og dveljast þrjú ár erlendis. Var það nefnt *landhreinsun*. Eftir það var hann *sýkn saka*. Þar til hann færi utan gat hinn dæmði dvalið óáreittur á þremur gridastöðum; fjörbaugsgörðum, en ekki mátti vera lengra milli þeirra en dagleið. Hann var einnig friðhelgur innan *örskotshelgi* á leið til skips. Féránsdómur skipti upp eignum hins dæmda og sá um að útvega honum gridastaðina/fjörbaugsgarða. Skyldi fjörbaugsmaður greiða viðkomandi goða fé, sem upphaflega var silfurhringur, og er hann hinn eiginlegi fjörbaugur. Gerði hann það ekki var hann dæmdur *skógarmaður*, þ.e. algerlega ófriðhelgur og réttðrapur. Sömu viðurlög voru við því að fara ekki utan, eins og sannaðist á Gunnari á Hlíðarenda. Fjörbaugsgarður var numinn úr gildi með Járnsíðu, 1273.

Fjörbrot (n, hk, fto) Dauðateygjur; vöðvakippir í skrokk dýrs eftir dauða.

Fjörður skyldi milli frænda og vík milli vina (orðatiltæki) Vísar til þess að oft er betra að nánir viðnir eða ættingjar búi ekki í of nánu sambýli, til að ekki slettist upp á vinskapi. Síðari hlutinn er oft notaður sem sjálfstætt orðtak. Sjá *vík milli vina*.

Fjöregg (n, hk) Egg sem samkvæmt þjóðsögum geymir líf tiltekens einstaklings. Í síðari tíma líkingum notað um það sem er mjög mikilvægt einhverjum.

Fjörfiskur (n, kk) A. Fiskur sem spriklar mikið þegar hann er veiddur. B. Gæluorð um fjörugan krakka. C. Ósjálfráðir, síendurteknir kippir í vöðva, oftast tímabundið en geta verið hvítleiðir.

Fjörgast (s) Lifna við; hýrna yfir; færast fjör í. „Aðeins er lambið farið að fjörgast þegar það fær yl í sig“. „Karlinn var búinn að fá sér í glas og var farinn að fjörgast verulega“.

Fjörgamall (l) Mjög gamall; háaldrður. „... með því að Einar var orðinn fjörgamall er hann lést (f. 1759 – d. 1836)“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Fjörinu/frelsínu feginn (orðatiltæki) Fagnar því að halda lífi. „Eftir að ég hafði losað lóuna úr netinu, flug hún í burtu, eflaust fjörinu fegin“.

Fjörkálfur / Fjörmaður (n, kk) Gæluorð um fjörugan/tápmikinn mann/krakka; æringi. „Hann (Kristján Ásbjörnsson) var kjark- og fjörmaður“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Fjörmikill (l) Líflegur; uppátækjasamur; frískur; kraftmikill. „Gummi var á æskuárum sínum nokkuð baldinn eins og títt er um fjörmikla krakka“ (PG; Veðmálið).

Fjöruarfi (n, kk) (Honkenya peploides). Lágvaxin jurt af hjartargrasaætt, sem vex í stórum breiðum í sandi, og er algeng í Kollsvík þar sem friður er fyrir sandfoki og sjógangi. Blöðin eru lítil, þykk og gljáandi og berin græn og hnöttótt; vel æt. Ekki er vitað um miklar nytjar af fjöruarfa, en fé bitur hann gjarnan.

Fjörubeit (n, kvk) Fjörubeit var mikilvæg undirstaða fjárbúskapar í Kollsvík. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá staðið hjá yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var, og bitfjöru yfir stórstraum. Mest sótti féð í söl og maríukjarna Ef féð fyllti sig vel á krafsjörð og fékk eitthvað í fjöru var ekkert hey gefið“ (ÖG; Niðjatal HM/GG).

„Fjörubeitin hefur verið mjög mikið notuð á fyrri tímum og er sumsstaðar enn. Alþekkt var að ær á fjörubeitarjörðunum urðu frjósamari en aðrar ær. Sá galli fylgdi fjörubeitinni, að ef hún var mikið notuð

síðari hluta vetrar fæddust lömbin máttlaus eða máttlítill, en sum misstu mátt nokkurra daga gömul. Máttleysið (*fjöruskjögur*) stafaði af koparskortri, en fjörugróðurinn kemur í veg fyrir að koparinn nýtist“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Fjöruborð (n, hk) Flæðarmál. „Þar sér maður í fjöruborðinu hörpuðiskana og kúskeljarnar í sjálfri kvörninni“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). „Fundurinn skorar á hæstvirt Alþingi að framkvæma útfærsluna og nethelgin verði eigi minni en 500 m frá stórstraums fjöruborði“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).

Fjöruburður (n, kk) Burður á afla úr bát um útfiri. „...að geta lent í háflóð svo hægt væri að fríast við fjöruburð með þann þunga afla sem steinbíturinn var“ (ÖG; Úr verbúðum í viking).

Fjörugata (n, kvk) Gata/troðningur sem myndast við endurteknar ferðir fjárhópa í og úr fjörubeit. „Fjörugötur fjár á Láganúpi lágu vanalega annarsvegur úr fjárhúsum að hliði girðingar við sjó og hinsvegur með öllum Grundarbökkum, fyrir Garðsendann og upp Brunnsbrekku; upp á Hjalla“. Troðningur manna til verstöðva, t.d. af gamla bæjarhólum í Kollsvík niður í Ver, var oftast nefndur sjávargata, en sjaldnar fjörugata.

Fjörugrjót (n, hk) Brimsorfið grjót í/úr fjöru. „Svo virðist sem fyrr á öldum hafi menn ekki vilað fyrir sér að lenda bátum sínum upp í fjörugrjót, þó á síðari tímum hafi menn fremur kosið mjúka sanda til lendinga. Greinilegt er að mikil útgerð hefur verið í Láganúpsveri áður fyrr þar sem nú er stórgrýtisfjara, og hefur líklega alltaf verið. Þar sýnist vera meira um fornar útgerðarmenjar en við slétta sandfjöruna í Kollsvíkurveri. Þetta kann að skýrast af því annarsvegur að léttara hefur verið að setja báta í stórgrýtinu, sem verkar líkt og hlunnar; einkum áður en góðir hlunnar komu til sögunnar. Hinsvegur af því að um hálfallið taka hleinarnar úr mestu öldunni, þannig að sæmilegur friður getur orðið í landtökunni“. „Var það ungur maður frá Grundum að ganga örna sinna í fjörugrjótinu, eins og alsíða var“ (HÖ; Fjaran).

Fjörulmur / **Fjörulykt** (n, kvk) Lykt sem berst úr fjöru í álandsvindi. Oftast blanda af sjávarseltulykt og þaralykt. Getur stundum stungið í nef ef þarabunkar ná að úldna í sólskini.

Fjörukambur (n, kk) Rif/bakki fyrir ofan hæsta flæðarmál. „Við þurfum að koma trénu upp á fjörukambinn“.

Fjörukarl (n, kk) Sú tegund hrúðurkarla sem algengust er á fjörum við landið. Sjá *hrúðurkarl*.

Fjörugrös (n, hk, fto) Guðmundargrös. Rauðþörungar; (*Chondrus crispus*) 5-20 cm háir. Vaxa stundum mjög þétt á steinum og klöppum í brimasömum fjörum. „Fjörugrös eru þar nokkur (í Láganúpsfjöru)“ (ÁM/PV Jarðabók).

Fjörukambur (n, kk) *Kambur*; *sjávarkambur*; *rif*. Hæsti hluti fjöru, þar sem sjórinn hefur á hæstu flæðum ýt upp garði af mól eða sandi.

Fjörukál (n, hk) (*Cakile maritima*); jurtt af krossblómaætt sem vex í sandfjörum og er algeng í Kollsvík. Vex ýmist stök eða í breiðum. Blómin hvít eða dauffjólublá. Blöðin eru vel æt, en ekki er vitað til að þau hafi verið nýtt.

Fjörulalli (n, kk) Kynjakvikindi sem þjóðtrúin segir að skríði úr sjó og sé stundum á reiki í fjörum. Til var fólk sem taldi sig hafa séð fjörulalla í Kollsvíkurfjöru, en helst voru þeir á reiki í þoku eða þegar skuggsýnt var orðið. Fjörulallar voru um sumt líkir kindum, kúm eða selum tilsýndar, en frábrugðnir að ýmsu leyti. GÖ hélt því fram að til væru nokkrar tegundir fjörulalla. Skeljaskrímslið var ein þeirra, en það var svo þakið skeljagróðri að í því hringlaði við minnstu hreyfingu. „Þar sem fjörubeit var þurfti að hafa góða beit á fénu yfir fengitíma, því að til var kvikindi sem var á stærð við sauðkind og var kallað fjörulalli. Hann lá á því lúalagi að vera áleitinn við ærnar. Lömb þau sem undan honum komu voru oft vansköpuð (líklega skýring þjóðtrúar á fjöruskjögri)“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

„Ekki var til neins að ætla sér að skjóta skelja skrímsli með blýhöglum... heldur þurfti að nota silfurhnappa eða grávíðishumal. ... Tvær telpur af Rauðasandi vöktu yfir túninu og sáu þá eitt sinn afarstórt skrímsli koma upp úr sjónum og þramma í átt til þeirra. Þær völdu þann kost að fela sig í hesthúsi, sem var þeirra eina afdrep. En þannig stóð á að engin var hurðin; dýrnar krepptu því að skrímslinu, svo að það stóð grafkyrrt fram undir morgun. Þá gekk það í sjóinn aftur og telpurnar voru orðnar örvita af hræðslu. Fjörulalli er ekki talinn mannskæður, en reynir að komast upp fyrir menn og hrekja þá í sjóinn. Seinn er hann á fæti og má hlaupa undan honum. Fé er hætt við fjöruskjögri ef fjörullalli kemur saman við það. (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *marbendill*, *óskabjörn* og *flæðarmús*. „Magnús langafi minn var skytta, og til er saga af honum þar sem hann *lá fyrir tófu* og að honum sótti fjörulalli. Hann *hlammaði* á kvikindið og komst nokkuð *lerkaður* og móður undan honum“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Fjörumaðkur (*Arenicola marina*) lifir í sjó og grefur sig í sand á útfiri. Þar má sjá úrgangshauga hans. Mikið er um fjörumaðk í Kollsvíkurfjöru. Þar var hann áður grafinn upp og nýttur til beitu. „Beita er maðkur og brandkóð. Item heilagfiski á vor... maðkafiskar engir“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). Um Hænuvík segir: „Maðkafiskar gefast af óskiftu, ef sá er grefur missir fyrir það svefnis síns, og grefur maðk um nætur. Ella skiftast hásetar til, og tekur enginn neina maðkafiska“ (ÁM/PV; Jarðabók, um Hænuvík). „Björn

Halldórsson fullyrðir að fjörumaðkur sé talinn til fjörunytja, enda er hann um 1600 hafður fyrir agn“ Ekki er vitað nú hvernig maðkur var grafinn upp í Kollsvíkurfjöru áður, en vera kann að til þess hafi verið notuð maðkakvísl eins og gert var á Suðurnesjum, e.t.v. páll eða bara prik. Mest er um maðk fremst í fjörunni, og því mest veiðivon um stórstraumsfjörur. Þar sem mikið hefur verið grafið eftir fjörumaðki verða að líða tvær flæðar þar til unnt er að tína aftur. Beita þarf maðki samdægurs, en þó var sumsstaðar haldið lífi í honum í sérstökum maðkagryfjum í allt að viku. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Fjörumaður (n, kk) Maður sem vinnur í fjöru, t.d. að söfnun reka, burði á afla eða öðru. „Annað var það starf okkar fjörumanna, að tína saman það sem fyglíngarnir í Bjarginu köstuðu niður.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fjörumóður (n, kk) Krapaður sjór í fjörum sem frýs í klakabakka í flæðarmörkum. „Það er ekki til neins að hleypa fénu í fjörumóðinn. Þó það bítu eitthvað þá verður það svo þungt af klaka að það kemst varla heim“.

Fjörumörk (n, hk, fto) *Sjávarmörk*; mörk fjöru og þurrlendis; efstu flæðarmörk. „Frjállega verður farið með fjörumörk, og mun verða getið staðháttu og sagna jafnvel nokkur hudruð metra frá fjörunni...“ (HÖ; Fjaran)

Fjörupollur (n, kk) Pollur á útfiri í fjöru. „Á sumrin var lítill *fritími*, en hann var notaður í *brönduveiðar* eða veiðar á *vorseiðum* í fjörupollunum“ (IG; Æskuminningar).

Fjörusandur (n, kk) Skeljasandur úr fjöru. Sjóþveginn skeljasandur þykir betri í steinsteypu en sá sem legið hefur lengi í jörðu. Æskilegt er þó talið að þvo út honum mestu seltuna. Sömuleiðis var hreinn skeljasandur notaður fyrir undirburð í hús áður fyrr, bæði í verbúðir og skepnuhús. „Látið var fjara undan bátum og kassanum, sem var aðalflutningurinn, var síðan rennt út á fjörusandinn“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Fjöruskjögur (n, hk) Taugasjúkdómur í lömbum. Þeim lömbum var sérstaklega hætt sem voru undan ám sem beitt hafði verið mikið í fjöru. Talið stafa af röngum efnaskiptum, þar sem fjörugróðurinn hindrar upptöku kopars (sjá *fjörubeit*). Fjöruskjögur var nefnt fjörufall áður, t.d. segir í Jarðabókinni að sauðfé á Hvallátrum sé hætt við fjörufalli eða „bráðasótt úr fjöru“.

Fjörusnöp (n, hk, fto) Lítilfjörleg fjörubeit. „Það getur bjargast með tæp fóður ef eitthver fjörusnöp eru með“.

Fjöruverk (n, hk, fto) *Gera til góða*; aðgerð; verkun og frágangur á afla áður en róðri telst lokið. „Þau eru drjúg, fjöruverkin“. „Störfín að *hausu, slægja*, slíta og *fletja* kölluðust fjöruverk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Fjötur um fót (orðtak) Hindrun; trafali. „Þessi *óframfærni* er honum iðulega fjötur um fót“.

Flaðra uppum (s) Sýna mikil blíðuhót; kjassa og faðma; hoppa uppum (um dýr). „Stundum getur reynst effitt að kenna hundum að flaðra ekki uppum fólk“.

Flaður (n, hk) Blíðulæti; kjass; faðmlög. „Honum er illa við þetta flaður utaní Evropusambandinu“.

Flagbrjósk (n, hk) Oddmynduð brjóskflaga neðst á bringubeini manna og dýra.

Flagð (n, hk) Tröllskessa; norn. „Hann sagðist ekki *forma* að koma þar við ef kerlingarflagðið væri heima“. „Hvorugt boðar hinu grið;/ hamast flagð og drengur./ Handargripin hamrömm við/ hold frá beini gengur“ (JR; Rósarímur).

Flagð er undir fögru skinni (orðatiltæki) Oft blekkir útlitið fyrir raunverulegum eiginleikum; lítið er að marka útlitið. Spekin var oft þannig, en einnig; *oft er flagð undir fögru skinni*.

Flaggrind (n, kvk) Flaghefill; hjólagrind sem dregin er með traktor, með tönn í miðju til að jafna flög sem rækta á í túnsléttur. „Fjór hjóluð flaggrind var til á Láganúpi, gerð af Guðbjarti Egilssyni á Lambavatni“.

Flagmeri (n, kvk) A. Torfa í flagi. Sagt var einnig að fyrsta torfa í torfskurði hefði kallast flagmeri. B. Flökkutorfa, sem flotið hefur upp úr frostgíg samfrosin ís, en situr eftir á frílagssvæði þegar ísferjan bránar. Sjá kenningar VÖ um frostgíga.

Flagsa (s) Flöggra; blakta; flagga. „Girtu þig nú drengur; ósköp eru að sjá þig með skyrtuna flagsandi uppúr buxunum“!

Flak (n, hk) A. Fiskhelmingur sem skorinn hefur verið frá hrygg; fiskflak. B. Rekald; skipsflak. „Fór því nokkur tími í að leggja að flakinu“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Flaka (s) Skera fisk af beini þannig að af honum fáiast tveir beinlausir helmingar með roði. „Mjög er misjafnt hve menn eru lagnir að flaka fisk, en mikið er einnig komið undir að flökunarhnífur sé góður og bítu vel“.

Flakandi lúða (n, kvk) Lúða, svo stór að unnt væri að flaka hana eftir þeim reglum sem um það gíltu. „*Lok* eða *lúðulok* var smálúða; *lóa* var einnig heldur smá; *spraka, heilagfiski* og *flakandi lúða* var það stór að hægt var að taka af henni *rikling*. „Ekki treysti ég mér til að lýsa aðgerð á lúðu en nöfn hef ég heyrt á ýmsum hlutum hennar. *Höfuðflak, hnakka(flak)stykki, vaðhorn* (fremst á kviðflaki), *spildingur* (beinin sem fylgdu hrygg), *rafabelti* og *riklingur*. Lúðuriklingur var skorinn í *strengli* og hert. Settir voru pinnar milli strengslanna svo að þau veðust ekki upp. Sporðstykki var kallað *strabbi*. Beinin í sporði voru kölluð *ljáir*. Rafabelti voru

oftast hert. Þau urðu reyndar aldrei hörð vegna þess hvað feit þau voru. Rafabeltin voru þækilsöltuð fyrst og síðan hert og borðuð þegar þau töldust orðin verkuð og kölluð *einæt*.“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

Flakatrúss (n, hk) Einstaklingur í *flaksandi* fötum. „Girtu þig nú drengur og hnepptu skyrtunni; þú lítur út eins og flakatrúss“! E.t.v. upprunalega notað um hest sem illa var bundið uppá.

Flan (n, hk) A. Um það þegar alda *flanar* upp í fjöru í sjógangi. „Verið ekki að flækjast niðri í flaninu drengir; það getur verið hættulegt“. B. Óskynsamleg ferð/aðgerð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Flana (s) A. Þegar alda skellur upp í fjöru og faldur hennar þeytist langt upp fyrir það sjávarmál sem þá er. Lengst flana í aflíðandi sandfjöru. Bátum og reka þurfti að bjarga nægilega hátt svo ekki flanaði undan þeim. B. Ana; flumbra. „Við skulum nú skipuleggja hlutina; það er ástæðulaust að vera með þetta *flan*.“

Flana að (einhverju) (orðtak) Gera eitthvað í skyndi og hugsunarleysi/bráðræði. „Það er óþarfi að flana að neinu í þessum efnum; *koma tímar koma ráð*“!

Flandra (s) Flækjast; kippa í tilgangsleysi í róðri. „Ég hef engan tíma til að flandra á aðra bæi núna“.

Flandur (n, hk) Flækjast; flakk. „Maður lagðist nú bara í flandur eftir heyskap og fór hringveginn“.

Flangs (n, hk) Ástleitni; alvörulítið tilhugalíf. „Ekki veit ég hvað svona flangs á að *fyrirstilla*“!

Flas (n, hk) Flaustur; asi. Nær eigöngu í orðasamböndum; *sjaldan er flas til fagnaðar*; *koma í flasið á*.

Flas er ekki til fagnaðar / Flas gerir engan flýti (orðatiltæki) Ekki er verkflýtir að því að vinna flausturslega.

Flasa (s) Flaustra; ana. „Farðu nú hægt! Það þýðir ekkert að flasa að þessu verki“!

Flasið er sjaldnast til fagnaðar (orðtak) Ekki er ráðlegt að *rasa um ráð fram*/ að flýta sér um of.

Flaska á (orðtak) *Feilgrípa sig*; yfirsjást. „Hann flaskaði á því að fella netin alltof lítið“.

Flaski (n, kk) A. Lurkur/brot úr tré sem brotnað hefur eftir áhringunum. B. Geiri úr appelsínu.

Flati (n, kk) Flötur; slétt hlið. „Leggðu bakpokann á flatinn í bílinn; hann veltur til ef hann liggur á kúpunni“.

Flatkjafta (n, kvk) Lítil töng með langan og flatan kjaft. „Gott var að nota flatkjöftu við gerð álmerkja“.

Flatlenda (s) Lenda báti upp í fjöru á flatan byrðinginn. Sagt stundum hafa verið notað í brimlendingu til að allir gætu stökkið strax frá borði og hjálpast að við að bjarga bátnum.

Flatmaga (s) Liggja útaf/láréttur. „Það þýðir ekki að liggja bara og flatmaga þegar nóg er að gera“!

Flatning (n, kvk) Aðferð til að búa fisk undir söltun. Fleiri en ein aðferð eru til við flatningu, en þeim er sameiginlegt að skorið er beggjamegin við hrygginn/dálkinn þar sem hann er þykkastur, og hann tekinn að mestu úr fiskinum. Alltaf er þó sporðurinn látinn halda sér, ásamt nokkru af aftasta hluta hryggsins. Mikilvægt er að notuð séu rétt handbrögð við flatningu, en mjög er misjafnt hve menn eru góðir flatningsmenn. Meðan sumir hjakka allt í sundur og ná hvorki nýtingu á fisk né biti í hníf þá virðast aðrir veifa tálguðum dálkinum úr á svipstundu og aldrei skorta bit í stál.

Flatningsborð (n, hk) Borð til að fletja á fisk, til saltfiskverkunar. „.... þannig er aflinn borinn upp í ruðning. *Ruðningur* var trékassi á löppum. Flatningsborð á öðrum endanum en stúkað fyrir hausa á hinum“ (IG; Niðjatal HM/GG).

Flatningshnífur (n, kk) Aðgerðahnífur; bredda; stuttur hnífur með beina egg og oddinn fremst á henni, en sveigður fremst í bakkann. Sérlega hentugur til flatningar á fiski en einnig til að *blóðga* og *hausu*. Fyrrmeir voru flatningshnífar heimasmiðaðir, iðulega úr aflögðum ljáblöðum og með skafti úr snærivöfðu tré. Nú eru þeir úr ryðfríu stáli og ásteyptu plasticskafti. Þegar hnífur var notaður til að skera veiðarfæri, einkum þegar aðrir höfu *lagt yfir*, nefndist hann oft *sýslumaður*. Sá sem fyrrum fór í ver fyrir sína húsbændur skyldi fá meðferðis flatningshníf.

Flatningur (n, kk) Aðgerðaborð í veri, hjá *ruðningi*. „Öðrumegin við ruðninginn var hlaðinn grjótbálgur sem tók meðalmani í mjöðm, og hella löggð ofan á. Á hellu þessari var fiskurinn flattur. Bálgurinn var kallaður *flatningur*. Raðað var nokkuð stórum steinum kringum dálitinn blett við flatninginn, þar sem flatningsmennirnir stóðu. Hinsvegar við flatninginn voru tvær þrær sem stórum steinum var raðað kringum. Í aðra þeirra var flatta fiskinum kastað, en í hina er hann hafði verið rifinn upp“ (ÓETH; Barðstrendingabók).

Flatreka (s) Að láta bát flatreka er að láta láta reka með straum og/eða vind þvert á síðuna.

Flatt hey (orðtak) Hey sem liggur á jörðu, án þess að vera *garðað*; *galtað* eða hirt.

Flatur fyrir báru (orðtak) Um sjómennsku; þegar bátur snýr hlið í ríkjandi öldustefnu. „Svo missir Björgvin út árina þegar við vorum komnir nokkuð grunnt uppá og þá náttúrulega, þegar átakið kom á annað borðið sló flötu... og báturinn lá flatur fyrir bárunni“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrás; Arb.Barð 2004).

Flaug (n, kvk) Armur á dreka/akkeri/kröku/kríp. Vanalega er akkeri með tveimur flaugum að framanverðu og stökk að ofanverðu. Kraka/dreki/krípur er oftast minni; með fjórum flaugum og án stokks. Flaug er vanalega með nokkuð hvössum oddi og stundum einnig með spaða til að ná festu í mjúkum botni.

Flaumósa (l) Ódamála; óðakjasta; ber ótt á. „Hann var svo flaumósa þegar hann kom að enginn skildi orð“.

Flaustra (s) Flýta sér um of við verk, svo það verður óvandað/misheppnað. „Það dugir ekki að flaustra svona við smíðina; þetta er dálítið vandaverk *ef vel á að vera*“.

Flautaþyrill (n, kk) A. Áhald sem notað er til að þeyta *flautir*; nokkurskonar þeytari. B. Í líkingum um mjög fljótþærinn/kvikan mann.

Flautaþyrilsháttur (n, kk) Fljótþærni flautustur; flumbrugangur. „Skelfingar flautaþyrilsháttur er þetta“!

Flautir (n, kvk, fto) Verkun mjólkur sem algeng var áður fyrr en þekkist nú ekki. Þá var dálítið af mjólk/undanrennu hitað örllítið og síðan þeytt með sérstöku áhaldi, *flautaþyrli*, þannig að freyddi og óx að rúmmáli. Síðan notað t.d. útá grauta eða skyr; þótti léttmeti. „Vakan var til kvöldmatar kl 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrös“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Flatning fisks „Aðferðin við að kviðfletja skreiðina var nákvæmlega eins og síðar tíðkaðist um saltfisk, þegar flatt var á sporð. Fiskurinn var látinn liggja á vinstri hlið og sporðurinn vissi að *flatningsmanni*, sem með einu hnífsbragði skar úr gotraufinni tvo til þrjá þumlunga aftur fyrir gotraufaruggann, hægra megin við hrygginn. Síðan var hnífnum snúið við og rist frá fyrsta skurði alla leið fram úr, á milli *angiljubeina*, og hnífsoddurinn látinn fylgja hryggjarliðunum. Á sama hátt var svo skorið frá gotrauf og aftur að sporði; kallað að *skera fyrir*. Síðan var fiskinum snúið, þannig að hnakkinn vissi að flatningsmanni. Um hrygginn var tekið með vinstri hendi svo að skurðurinn opnaðist, og skorið bak við hrygginn alveg við liðna eftir endilöngu, aftur á móts við annan og þriðja lið fyrir aftan gotrauf. Hryggurinn var að því búnu sniðinn í sundur á ská yfir báða liðina og kom þá fram tölustafurinn 8. Þetta var gert til þess að blóðið rynni vel úr hryggnum. Gæta varð þess að sem minnst af holdi fylgdi *blóðdálkinum*. Þann fisk sem átti að salta varð að fletja hæfilega djúpt; ekki *roðfletja*, fara sem næst mænunni, en ekki yfir í líkið hinu megin. Til þess að fiskurinn legðist ekki saman um sporðinn varð að gæta þess að rista hann vel aftur úr. Þar að auki átti að gæta þess að raufaruggarnir fylgdu þeim hluta fisksins sem hryggurinn var í.

Þegar flatt var í *labra* var fyrst rist milli angiljubeina, aftur á milli raufarugga og inn að möninni. síðan var hryggurinn losaður eins og áður hefur verið lýst, en tekinn sundur tveim liðum fram.

Við *hnakkafatningu* varí byrjun haldið með vinstri hendi um eyruggann og klumbuna. Hnakkinn vissi að hægri hendi og fremst frá honum var rist með hnífnum yfir hrygginn; farið undir tvo fremstu uggana og beygt inn að möninni. Sumir ristu ofan af öllum uggum. Síðan var fiskinum flett í sundur og hryggurinn losaður með sama hætti og á þeim kviðflatta, en þess gætt að hann væri djúpflattur á dálk. Við flatningu skerast rifin frá dálkinum og fylgja fiskinum; heitir *rifgarður*, þar sem mætast þunnildi og þykkildi, og er því jafnlangur holi fisksins.

Þegar slægður fiskur var flattur í *ráskerðing* til útflutnings eða innanlandsneyslu átti að byrja á að skera af bakugga og raufarugga. Hann var síðan ristur eftir endilöngu framan frá kviðmegin og öðrum helmingnum fylgdi þá allur hryggurinn, er þá var losaður; aðeins skildir eftir þrír liðir næst sporðinum. Þannig urðu til tvö beinlaus flök, nema eyruggi og kviðaruggi fylgdu hvoru þeirra. “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Flatningsmaður (n, kk) Sá sem fletur fisk. Góðir flatningsmenn hafa verið eftirsóttir, bæði fyrr og síðar. Í Útvíkum var nauðsynlegt að kunna til verka, enda fiskveiðar drjúgur hluti mataröflunar. Við flatningu fisks högðu menn gjarnan ullarvettling á vinstri höndinni, til að ná góðu taki á dálkinum. (Sjá *flatning fisks*)

Flatningur (n, kk) Stór hella sem notuð var til að fletja á fisk í veri. „Öðrumegin við ruðninginn var hlaðinn grjótbálgur sem tók meðalmani í mjöðm, og hella lögð ofan á. Á hellu þessari var fiskurinn flattur. Bálgurinn var kallaður flatningur. Raðað var nokkuð stórum steinum kringum dálitinn blett við flatninginn, þar sem flatningsmennirnir stóðu. Hinsvegar við flatninginn voru tvær þrær sem stórum steinum var raðað kringum. Í aðra þeirra var flatta fiskinum kastað, en í hia er hann hafði verið rifinn upp“ (PJ; Barðstrendingabók).

Flatreka (s) Um bát/skip; reka þannig að ráðandi afl (vindur / straumur) komi á aðra hliðina. Í Kollsvík var venja að láta flatreka meðan *rennt* var; stundum var andæft meðan mest var *rek*. Sumsstaðar tíðkaðist að *fiska fyrir föstu*.

Flatsæng (n, kvk) Dýna sem höfð er á gólfi sem flet til bráðabirgða. „Það var búið um pabba inni í búi í flatsæng“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

Flaumósa (l) Ódamála; hraðmæltur; ber ótt á. „Hann var svo flaumósa að enginn greindi orðaskil, önnur en þau síðustu; „nautið ofaní forinni; pabbi líka; komiði strax““.

Flaustra (s) Kasta höndum að verki; vera óvandvirkur; gefa sér ekki tíma við verk.

Flaustrari (n, kk) *Flumbrari*; sá sem flaustrar/er fljótþær. „Hann þótti nokkur flaustrari við vinnu“.

- Flausturslega** (ao) Í flaustri; eins og sé gert í flaustri. „Skelfing er þetta flausturslega frágengið“.
- Flautapyrill** (n, kk) Upprunalega áhald til að þeyta flautir (rjóma); í seinni tíð notað um fljótfæra manneskju.
- Flautapyrilsháttur** (n, kk) Fljótfærni; brussugangur. „Svona flautapyrilsháttur gengur ekki við þetta verk“!
- Flautir** (n, kvk, fto) Undanrenna eða nýmjólk sem hleypt er örlítið og síðan þeytt með flautapyrli. „Vakan var til kvöldmatar, klukkan 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrösom“ (H.M; Í Kollsvíkureri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).
- Flá** (n, kvk) A. Brött hlíð. „Í Blakknum, upp af Trumbum og Gangi, er *grasfláki* sem gengur upp í efri klettana og heitir Flár. Þangað fara ekki nema færustu menn“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). B. Flotholt. Var einkum notað um korka sem halda uppi efri teini (þini) á neti til veiða. Hann var þá nefndur *fláateinn* eða *fláþinur*.
- Flá** (s) A. Ná skinni/húð/gæru af skepnu sem slátrað hefur verið. Fyrst er vanalega *afhausað*; síðan *rist fyrir*; *hæklað*, *rist framúr*; gengið frá vélinda; *skorið fyrir* görn og fjarlæggt pungur, júgur, rófa eða hali eftir atvikum. Við fláningu er skrokkurinn oft hengdur upp á *hæklum*, þannig að háls vísi niður, en þó er það ekki algilt. Sláturfé er stundum flegið á bekk, og stórgripir á jafnsléttu. Oftast er unnt að flá sláturfé með berum höndum og án hnífs, en húð stórgripa þarf að flá af með góðum fláningshníf. Mikilvægt er að skemma hvorki húð/gæru né skrokkinn/*mötuna*. Eftir fláningu eru gæru/skinn annaðhvort *spýtt* eða söltuð og síðan verkuð frekar. Svipaðar fláningsaðferðir eru notaðar við seli, en eftir fláningu þarf að skafa spiklag innanúr skinninu. Áðurfyrr tíðkaðist stundum að *flá í belg* (sjá þar). Mjög er misjafnt hve sláturfé er *fast í*; þ.e. hve gæran er föst við skrokkinn. Fleira er flegið en búfó: „Svo var fyllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Rífa roð af steinbít. „Þegar steinbítur var *fleginn*, þ.e. rífið af honum roðið svo það mætti nýta í skó, var *kerling*, ásamt *kerlingarugga* og *kerlingarfiski* rist af. Síðan var skorin smáfjöður uppi við sárið kviðarmegin í helmingnum og í broddi hennar fundin himna sem yrði laus við roðið en föst við fiskinn og héldi kúlunum saman. Hét það að *taka uppundir*. Ef það var ekki gert nægilega vel gekk illa að flá. Þegar kom afturundir gotraufina þótti vissara að *skera* þar *fyrir*, því að oft vildi rífa þar um. Hvorum roðhelmingi til skógerðar fylgdi kerlingin“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÖETh). „Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í snatri og gert til“ (PG; Veðmálið).
- Flá í belg** (orðtak) Flá skepnu þannig að skinnið af skrokknum sé sem heillegast og það megi nýta sem ílát eða flot/bauju. Eftir að haus hefur verið skorinn af er *hæklað* á venjulegan máta; skorið af júgur/pungur og skorið fyrir görn. Síðan er flegið með hendi inn með hálsi; aftur fyrir bóga; niðurfyrir bringu; leggir dregnir úr og gæran losuð frá eins og til næst; síðan er gærunni vent við aftureftir skrokknum og klárað það sem kann að vera eftir. Eftir verkun gærunnar er saumað/bundið fyrir smærri op og fellt trélok í hálsop.
- Flá kött** (orðtak) Leikur/fimleikabragð, sem fer þannig fram að maður hangir á fótum/hnésbótum á haus uppi í loftbita. Kúntin er að fara þannig úr og í jakka/úlpu/vesti eða annarri flik.
- Fláateinn / Fláþinur** (n, kk) Flotteinn; korkateinn; efri þinurinn á neti, sem heldur efri jaðrinum uppi. Var áðurfyrr með flotholtum úr korki/viði og síðar plasti, sem nefndust *flár*.
- Flágrynni** (n, hk) *Aðgrunnt*; lítið dýpi langt frá landi; hallalítill botn. „Já, hér er flágrynni; landgrunninu hallar afarhægt. Hér snardýpkar ekki fyrr en við Víkurál, sem er um 9 stunda ferð frá Patreksfirði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Flái** (n, kk) Halli. „Hafðu dálítinn fláa á gryfjuveggnum, svo bakkinn falli ekki framyfir sig“.
- Flámæli** (n, hk) Tunguháttur/framburðarmáti sem felst í því að sérhljóðar verða með opnari framburði en allajafna; t.d í verður e og u verður ö. Stundum nefnt sunnlenskur framburður, enda algengt þar áðurfyrr. „Mekeð væri nú telvaleð að fá sker á eftir selungnum; hann var svolíteð þörr“.
- Fláning** (n, kvk) Það verk að flá húð/skinn af skepnu. „Sumir ná miklum hraða við fláningu meðan aðrir eru seinni og/eða fara illa með skrokkana. Sumir fláningsmenn fengu sigg á hnúa yfir sláturtíðina“.
- Fláningsbekkur** (n, kk) Sérstakt borð sem útbúið er þannig að þægilegt er að flá á því. „Misjafnt er hvaða aðstöðu menn hafa við fláningu. Oft var slátrað á velli áður fyrr, og þá valinn hreinlegur grasbali til fláningar. Sumir komu sér upp fláningsbekkjum til að geta unnið standandi“.
- Fláningsgálgi** (n, kk) Gálgi með krókum sem skrokkur var hengdur á hæklunum til fláningar, þar sem hægara er að flá þegar fláningsmaður er standandi en á hnjánum. „Í sláturhúsinu á Gjögnum var fláningsgálgi“.
- Fláningshnífur** (n, kk) Hnífur sem hentar vel til fláningar; vanalega lítill og með stuttu blaði.
- Fláttskapur** (n, kk) Undirferli; fláræði. „Fagurt tala þeir; blessaðir frambjóðendurnir. En hvað skyldi svo vera djúpt á gleymskuna og fláttskapinn“?!
- Fleða** (n, kvk) A. Þunn sneið. „Svo er rófan skorin í þunnar fleður“. B. Sá sem er með fleðulæti.
- Fleða** (s) Skera í þunnar fleður. „Mörinn er fleðaður niður áður en hann er hnoðaður“.

- Fleðuglott** (n, hk) Tilgerðarlegt bros þess sem vill koma sér í mjúkinn hjá öðrum. „Hann er þá búinn að setja upp sitt fleðuglott, blessaður frambjóðandinn“.
- Fleðulegur** (l) Smeðjulegur; gerir sér upp góðvild; smjaðrandi. „Hann er leiðinlega fleðulegur stundum“.
- Fleðulæti** (n, hk, fto) Smeðjuleg vinahót; *skjall*; *gullhamrar*. „Býsn eru að sjá þessi fleðulæti í henni“.
- Fleiðra** (s) *Flumbra*; *skeina sig*; meiðast lítillega. „Varstu að fleiðra þig á hnífnum“?
- Fleiður** (n, hk) Sár; hrufli; skeina. „Hvaða fleiður ertu með á enninu“?
- Fleinbra** (s) Særast; meiðast; fá sár. „Formaðurinn datt á stein í götunni og fleinbraði sig á enninu“.
- Fleinn** (n, kk) Pinni; gaddur; fleygur. „Ég rak flein í endann á rekatrénu til að festa tóginu“.
- Fleipra** (s) Segja ósatt; ljúga; segja frá í heimildarleysi; *skolta*. „Ekki ætla ég að fleipra með þetta“.
- Fleipur** (n, hk) Bull; lygi; kjaftæði. „Ég heyrði þetta svona, en kannski er þetta bara eitthvað fleipur“.
- Fleira er illt en stela og ljúga** (orðatiltæki) Auðskiljanleg speki.
- Fleira er matur en feitt ket** (orðatiltæki) Þetta orðatiltæki var oft viðhaft í Kollsvík; einkum þegar einhverjum matvöndum mislíkaði það sem á borðum var. Ket var áður talið því betra sem það var feitara, þó nútíminn heimti helst horket. Áður þurfti fólk orku til að stunda erfiðisvinnu og lifa við kaldranalegar aðstæður. Er því ekki að undra að orkuríkur matur var í hávegum hafður, en hann var ekki alltaf í boði. Stundum var í orðtakinu notað „smér“ í stað „ket“. Stundum þessi orðaröð; „fleira er matur en ketið feitt“.
- Fleira hangir á spýtunni** (orðtak) Annað býr undir en augljóst er. „Mig grunaði það þegar hann gaf mér hrútinn, að fleira hengi á spýtunni. Það er náttúrulega velkomið að launa fyrir þannig greiða“.
- Fleira þarf að gera en gott þykir** (orðatiltæki) *Gera þarf fleira en gott þykir*.
- Fleira þarf í dansinn en fína/fagra skó** (orðtak) Meira þarf til; annað þarf til að koma. „Fleira þarf í dansinn en fína skó; það er ekki nóg að eiga öflugan riffil ef þú kannt ekkert að skjóta úr honum“!
- Flekkja** (s) Um heyskap; raka hey saman eftir slátt í flekki, til að minni vinna sé að rifja það með hrífu. Einkum var þetta gert þar sem *þunnt* var á.
- Flekkótt** (l) A. Um lit á sauðfé; hvítt með svörtum/gráum/mórauðum flekkjum/litaskellum á skrokki og oftast einnig á haus. Svartfleckótt, gráfleckótt, mófleckótt. B. *Skellótt*.
- Flekkur** (n, kk) A. Skella; blettur. B. Breiða af heyi. Oftast var einungis rætt um flekk þegar nokkuð *þykkt* var á. „Allt gras var rakað saman í flekki; misstóra eftir sprettu“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Það var verið að þurrka hey uppi á Hólum. Mamma var með Össur, sem sat við flekkina“ (IG; Æskuminningar).
- Flengja** (s) A. Rassskella. B. Róa báti. „Við flengdum suður á Breiðavík, en *urðum* fjandann ekkert varir“. C. Fara hratt; ferðast í flýti. „Hann þurfti að flengja á Patró í *einum grænum*“.
- Flengja um allan sjó** (orðtak) Fara víða í leit að fiski/veiði. „Við flengdum um allan sjó, en fjandakornið að við yrðum nokkursstaðar almennilega varir“.
- Flengjandi** (l) Hraðfara; í flýti. „Hver skyldi koma flengjandi þarna norðan veg“?
- Flengrifinn** (l) Alveg rifinn; illa rifinn. „Eftir storminn voru *strengirnir* á Bótinni ýmist *samansúrraðir* eða svo *smekktfullir* af þaraskít að netið *flengrifnaði* í drætti“.
- Flengrifna** (s) Rifna/skemmast mjög mikið/illa; rofna sundur. „Við náðum hámerinni úr, en netið flengrifnaði á löngum kafla“. „Buxurnar voru þröngar og flengrifnuðu þegar hann beygði sig niður“.
- Flengrifa** (s) Rífa mjög mikið/illa; skaða mikið. „Við náum ekki að draga netið svona kjaftfullt af skít án þess að flengrifa það; við skulum fara í hinn endann“.
- Flenna** (s) Fletja; breiða úr. „Það er gott að hafa *þunnt* á þegar *breitt* er úr göltum, en ekki samt flenna um of“.
- Flenna sig yfir** (orðtak) Leggja undir sig; gína yfir. „Það þýðir nú lítið að vera að flenna sig yfir meira en maður ræður við“.
- Flennibjart** (l) Mjög bjart; alveg bjart. „Maður getur nú ekki sofið lengi þegar orðið er flennibjart“.
- Flennibirta** (n, kvk) Skær/mikil birta. „Maður blindast um stund þegar komið er út í svona flennibirtu“.
- Flennifærð / Flennifæri** (n, hk) Um vegi; mjög góð færð; *skrugufæri*. „Það er flennifæri suður alla hálsana“.
- Flenniskuð** (n, hk) *Gýgjarpus*; sæbjúga. „Á vorin var oft mikið af flenniskuði (hraunpussu, sæffli) í Látraröst og komu þá stundum tvö og þrjú á sama öngulinn í senn. Flyðra sem veiddist á flenniskuð var nefnd *oddafiskur* og var *hlutarbót* þess sem fyrir því happi varð“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; eftir Ó.E.TH Vatnsdal).
- Flennistór** (l) Mjög stór; víðáttumikill. „Mér er illa við að hafa flennistöra glugga á móti norðanáttinni“.

- Fles** (n, hk) Grasi vaxið svæði í klettum/bjargi. Aldrei notað í annarri merkingu í Útvíkum. „Til að komast ofan í flesið þarf að fara allangan lás niður gjána; út í gang; festa vað í enda hans og í honum annan lás í flesið“.
- Flest/allt er hey í harðindum** (orðatiltæki) Um það að nota það sem fæst/ er nærtækt þó það sé ekki það sem menn helst hefðu viljað nota. „Ég notaði stóran skiptilykil fyrir sökku eftir að hafa tapað tveimur slóðum; allt er hey í harðindum“.
- Flest/allt er betra en berir önglar** (orðatiltæki) Notað um að *allt er betra en ekki neitt / betra er að veifa röng tré en öngvu*. Líkingin vísar til þess að slæm beita er betri en engin beita, þegar rennt er fyrir fisk.
- Flest/allt er nú til!** (orðtak) Upphrópun í undrunar- eða hneykslunartón þegar *gengur yfir* mann. „Nú eru þeir víst búnir að finna upp vélmenni til að mjólka kýrnar. Ja flest er nú til; ég segi það nú bara“!
- Flest/allt er sætt á sjálfs búi** (orðatiltæki) Manni finnst það yfirleitt betra sem maður hefur sjálfur aflað/ unnið að/ framleitt/ er vanur.
- Flest er það! / Flest/allt getur nú skeð!** (orðtök) Upphrópanir sem gjarnan eru viðhafðar þegar manni ofbýður; þegar *gengur fram af* manni. „Eru þeir að heimta skýrslur núna? Flest er það! Þeir halda að maður hafi bara ekkert annað að gera yfir háheyskapartímann“! „Flest getur nú skeð! Ég gleymdi að setja baujuna í bátinn sem ég ætlaði að hafa með! Við verðum þá að láta olíubrusann duga áfram“.
- Flest étur svangur prestur (og soltinn djákni)** (orðatiltæki) Andsvar þegar hungruðum manni er boðinn matur; vísar e.t.v. til þeirra tíma þegar óbreyttir prestar lifðu á barmi hungurs og örbirgðar; kúgaðir af höfðingjavelldinu sem þeir unnu fyrir. Kann einnig að vísa til græðgi kirkjuvaldsins, sbr máltækin; *allt verður fyllt nema pokinn prestsins og seint fyllast sálir prestanna*.
- Flest frumsmíð stendur til bóta** (orðatiltæki) Flesta nýsmíði/frumhönnun má endurbæta. Speki úr Háttatali Snorra Eddu, sem á jafn vel við í dag um alla þróunarvinnu. Niðurlagið er meira notað; sjá *standa til bóta*.
- Flest fyrnist þá frá líður** (orðatiltæki) Segir sig sjálf.
- Flest má nota í neyð/ nauðum** (orðatiltæki) Bjargast má við margt þegar nauðsyn krefur ef ekki er völ á neinu betra; *allt er betra en ekkert*.
- Flest má svöngum bjóða** (orðatiltæki) Hinn hungraði/svangi er yfirleitt ekki jafn *matvandur* og sá metti.
- Flest vinnur svangur maður til saðnings** (orðatiltæki) Svangur maður gerir ýmislegt til að fá magafylli, sem sá metti myndi ekki gera. T.d. notað ef róið er til fiskjar í tvisýnu veðri.
- Flestallir** (fn) Flestir; langflestir. „Flestallir fóru í smalanir og réttir á réttardaginn“.
- Flestir sótraftar á sjó dregnir** (orðtak) Allt tiltækt notað; ólíklegustu menn fengnir til verka. „Þá eru nú flestir sótraftar á sjó dregnir fyrst þú ert mættur í smalamennskur“. Vísar til þess að menn notist við allt sem flýtur, jafnvel sótuga þakviði, til að fleyta sér í róður þegar fiskur er uppi við land og fleytu vantar. Sjá *sótraftar á sjó dregnir*.
- Flestu/öllu gamni fylgir nokkur alvara** (orðatiltæki) Oftast er nokkur meaning í því sem virðist grín.
- Flestum þykir lofið gott** (orðatiltæki) Fáir hafna hrósröðum eða fyrstast við þau.
- Fletja** (s) A. Rista fisk á sérstakan hátt til söltunar. Handtök við það geta verið nokkuð mismunandi, en ávallt er skorið beggja megin við dálkinn (hrygginn) og hann tekinn að mestu úr fiskinum. Misjafnt er hve *flatningsmenn* eru lagnir og fljótir en mikilvægt er að sem minnst rýrni af fiski og að holdið haldist heillegt. Sjá *flatning fíks*. B. Þegar bátur leggst flatur fyrir sjó í lendingu. „Við lendingu er ár rennt út í skutnum til að varna því að bátinn fletji, því skakkafall var oft með sandinum“ (IG, Niðjatal HM/GG). „Hitt kom fyrir að báta fyllti og flatti við landtöku...“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fletja verður þó smátt sé** (orðatiltæki) Fisk þarf að fletja, þó hann sé smár. Ekki var þó einhlítt að smáfiskur væri flatur. Í seinni tíð var hann ýmist *spyrstur* til þurrks eða saltaður í *bútung*.
- Fletjandi fiskur** (orðtak) Fiskur, svo stór að hann megi fletja í saltfisk. „Hér er lítið um fletjandi fisk“.
- Fletta tré** (orðtak) Saga tré (rekatré) að endilöngu. Rekaviður sem á land berst í Kollsvík er af ýmsu tagi, en áður fyrr var hann allur nýttur með ýmsu móti. Smásprek voru höfð til eldsmatar; kefli til reftingar húsa, í grindaslár og í girðingarstólpa. Stærri trjám var oftast flett, þannig að úr yrði planka- og borðviður til t.d. bygginga, bátasmíða o.fl. Fyrr á öldum var oft notuð sú aðferð við flettinguna að reka fleyga í trén, þannig að þau rifnuðu eftir því hvernig lá í trefjunum, og síðan voru borðin höggvin til með exi. Þegar viður er sagaður eftir legu trefjana (langsum) þarf að nota gróftennta sög; vel skerpta og best að tönnum sé lagt nokkuð á misvíxl svo sagarfarið verði rúmt. Í Kollsvík var á síðari tímum notuð tveggjahanda sög; þ.e. stórviðarsög með breiðu blaði og handfangi á hvorum enda. Tveir söguðu og drógu sögina á milli sín. Einnig var notuð stór langviðarsög fyrir eina hönd; með framhallandi tönnum. Báðar sagirnar eru enn til á Láganúpi. Fylgt var hinni fornkveðnu reglu; „tré skal frá rót rífa en toppi saga“; þ.e. byrjað var að saga frá toppenda bolsins, svo sagarsárið lokaðist síður. Í sama tilgangi voru fleygar reknir í sagarsárið eftir því sem

sögun miðaði. Fyrir sögun var tréð lagt á hentuga búkka; ákveðið hvernig skyldi saga til að ná góðri nýtingu og þeim viði sem þurfti. Tréð var þvínæst „þrætt“, en þá var þráður vættur í lýsi eða öðru og svertur með sóti. Hann var síðan strengdur eftir trénu þar sem fyrsta sögun skyldi verða og festur á nagla. Þráðurinn var síðan þaninn frá viðnum og látinn smella á hann aftur, en við það myndaðist svört bein lína. Sögunin var töluvert erfiðisverk. Sagaður viður nefndist „flettingar“. „Bök“ nefndust flettingar af úthlið bolsins. Síðastur til að vinna rekavið í nokkru magni var Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi. Hann byggði sér smíðakofa uppúr gömlum tóftum niður við sjó á Láganúpi (líklega kringum 1950). Kofinn var grjóthlaðinn, með tyrfðu helluþaki, hálf- og heilgaflí og gluggum í þeim. Á efri árum dvaldi hann þar löngum og fletti stórvið. Mun hann hafa hugsað hann að einhverju leiti til viðgerða á bát sínum „Rut“, sem þó ekki varð af. Kofinn féll niður um 1980. Í seinni tíma hefur lítið verið unnið úr rekatrám, en þá helst með keðjusög.

Flettingur (n, kk) Tré sem sagað hefur verið (flett) að endilöngu í *borðvið*; *battinga* eða *bök*. Hvert slíkt stykki heitir flettingur. Aðrir viðir voru svo sagaðir úr flettingum.

Flettisög (n, kvk) *Langviðarsög*; stór, gróftentt sög til að fletta trjám að endilöngu. „Enn er varðveitt á Láganúpi flettisög sem Guðbjartur Guðbjartsson notaði við trjáflettingar í sjávarkofanum“.

Fley (n, hk) Skip; far. Oftast notað í skáldskap núorðið. „Sem þar kemur sögn áf yrsta sumardegi/ brýndi ég mínu fjalars fleyi“ (JR; Rósarímur).

Fleyga tré (orðtak) Aðferð við að fletta tré. Notaðir eru (í seinni tíð) járnfleygar og með þeim er tréð rífið/klofið í sundur. Fleygar voru einnig notaðir til að létta á langviðarsögun trés, með því að reka þá niður í sagarfarið aftan við sögina til að halda farinu betur opnu.

Fleygbein (n, hk) Hausbein í þorski; ofan munnholtsins. Þegar haus/kringluhaus er skorinn upp til herslu þá er skorið meðfram fleygbeininu og kinnarnar sveigðar frá því (sjá *þorskhaus*).

Fleygiferð (orðtak) Mjög mikill hraði; hraðferð. „Báturinn rann á fleygiferð uppí sandinn“.

Fleygja fúkyrðum (orðtak) *Fúkyrðast*; *hreyta ónotum*; bölvá. „Hann fleygði fúkyrðum á eftir þeim“.

Fleygja sér (orðtak) *Leggja sig*; *fá sér dúr/lúr/blund*; hvíla sig liggjandi. „Ég ætla að fleygja mér smástund. Vektu mig ef ég skyldi sofna“!

Fleygt niður á (orðtak) Um hæfni manneskju; hefur hæfileika til; *liggja vel fyrir*. „Honum var fleygt niður á málanám og kunní fjölmörg tungumál reiprennandi“.

Fleyta (s) Um bát; setja niður/upp; láta fljóta; róá; sigla. „Þegar veður er ógæft (í Kollsvíkurveri) gengur ei nema eitt skip af hvörs bónda hendi, og fleyta þá hvörju því hásetar allir af bátunum“ (AM/PV Jarðabók).

Fleyta kerlingar (orðtak) Leikur sem felst í keppni í kasta litlum flötum steinum eftir vatnsfleti. Ef kastað er undir réttu horni og á réttum hraða, með réttum snúningi; þá hoppar steinninn eftir vatnsfletinum. Steinar eru mismunandi góðir *fleytisteinar*. Keppnin er annaðhvort í því hver fær flest „hopp“ eða hver fleytir steininum lengst. „Heiglum vist á víðum mar/ varla hentug myndi./ Kænan fleytir kerlingar; knúin gýgjarvindi“ (JR; Rósarímur).

Fleyta kúskel (orðtak) Um mikið logn og algera ládeyðu. „Kjörin hafa verið slík alla vikuna að það hefur mátt fleyta kúskel við fjöruna alla daga“. Nokkuð algeng samlíking í Kollsvíkurveri, enda nærtæk.

Fleyta rjómann ofanaf (orðtak) A. Um skiljun mjólkur með gömlu lagi. Þá var nýmjólkinn sett í trog og látin standa þar til rjóminn flaut ofaná undanrennunní. Troginu var síðan hallað, þannig að undanrennan rann út um eitt horn þess. Stundum var rjóminn í þess stað fleyttur ofanaf. B. Í líkingamáli um að hirða aðeins um það besta.

Fleyta sér (orðtak) A. Halda sér á floti. „Formaður fjelagsins, Ármann Guðfredsson úr Sauðlauksdal, leiðbeindi nokkrum unglíngum í sundi, er landlegur voru í Kollsvíkurveri, og lærðu þeir þannig að fleyta sjer. Þá lærði Valdimar Össurason fyrst að fleyta sjer, en hann kendi seinna sund í Kollsvík og víðar“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi). B. Komast áfram; bjarga sér. „Ég get fleytt mér í ensku“.

Fleytifullur (l) Yfirfullur; *flóandi fullur*; barmafullur. „Nú heltti ég í fleytifullan bollann“!

Fleytifylla (s) Fylla alveg; barmafylla. „Það má ekki fleytifylla tunnuna svona; þækillinn þarf sitt pláss“!

Fleyting (n, kvk) A. Það að láta hlut fljóta á vökva. B. „Tilfærsla flökkuefnis sem frosið er fast neðan í fljótandi ís. Uppdrift/flotmagn íss í vatni (vegna mismunandi eðlisþyngdar þessara fasa) nægir til að ferja nokkuð magn af flökkuefni sem er mun eðlisþyngra“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Fleytisteinn (n, kk) Flöt steinvala sem heppileg er til að láta *fleyta kerlingar*.

Flétta (s) Bregða saman þáttum þráða á ákveðinn hátt til að búa til tóg/reipi/línu o.fl. „Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu, eða fléttuðu reipi og brugðu gjarðir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Flikka uppá (orðtak) Lagfæra; gera betra útlits. „Eitthvað þyrfti að fara að flikka uppá kerruræfilinn“.

Flikkflakk (n, hk) Handahlaup, þannig að maður fellur fram- eða afturfyrir sig á báða lófa samtímis; sveiflar upp fótum alla leið í boga þar til staðið er jafnfætis í það; nýtir sveifluna til að svifla næst höndunum, og þannig koll af kalli. Er þá til að sjá eins og prik endastingist í sífellu.

Flinkheit (n, hk, fto) Handlagni; lagni; *sniðugheit*. „Ekki vantar í hann flinkheitin, drenginn“!

Flinkur (l) Fimur; laginn; liðugur. „Það er enginn honum flinkari í vélaviðgerðum“.

Fliiss (n, hk) Aulalegur/bældur hlátur. „Ég nenni ekki að hlusta á flissið í honum þegar hann heyrir þetta“.

Fliissa (s) Hlægja lágt/aulalega. „Er nokkuð að undra þó maður flissi dálítið yfir þessu“?

Flíka (s) Sýna; láta bera á. „Maður kann ýmislegt fyrir sér, þó maður sé ekki alltaf að flíka því“.

Flísfellur (s) Passar nákvæmlega; fellur eins og flís við rass.

Fljóta (s) A. Algeng merking; hlutur flýtur á vatni. B. Um farartæki/mann/skepnu; geta gengið/ekið á snjó án þess að sökkvi í hann. „Menn voru misjafnlega lagnir við að láta bíl fljóta á snjónum“.

Fljóta með (orðtak) Vera með; fylgja með. „Hann langar að fljóta með í næsta róður, þó hann sé alveg óvanur“.

„Ég læt þennan hálfu ullarpoka fljóta með í sendingunni“.

Fljóta sofandi að feigðarósi (orðtak) Vera andvaralaus/grandalaus um aðsteðjandi hættu; vara sig ekki. „Þú þarft að fara að huga að þessu; það dugir ekki að fljóta bara sofandi að feigðarósi“!

Fljótaskrift (n, kvk) A. Eiginleg merking er hraðskrift; snarhönd; skrift sem er fljótleg en oft ekki eins áferðarfalleg og önnur. B. Afleidd merking og algengari í seinni tíð er hroðvirknislega unnið verk; flumbrugangur eða sýndarvinna. „Skelfileg fljótaskrift er á þessu verki öllusaman“.

Fljótreginn (l) Um afla; fljótt verið að draga að borði. „Aflinn er fljótreginn þegar fiskur er svona kolvitlaus alveg uppi undir borði“.

Fljótferið / Fljótgengið (l) Það sem hægt er að fara fljótt yfir; ekki seinfarið. „Ég skal skreppa eftir þessu; það er fljótferið á bílnum“. „Víknaþjall er skemmtileg gönguleið en ekki mjög fljótgengin“.

Fljótfer/Fljótferinn (l) *Flumbrar*; framkvæmir án fyrirhyggju. Báðar þessar orðmyndir heyrðust. . „Gummi var lægri og grennri maður en Liði, en kvikur á fæti, ákafa- og dugnaðarmaður, fljóthuga og gat átt það til að vera dálítið fljótfer“ (PG; Veðmálið).

Fljótferni (n, kvk) Yfirsjón sem stafar af of miklum flýti. „Þetta var nú árans fljótferni í mér“.

Fljótfernistök (n, hk, fto) Mistök sem gerð eru í fljótferni/asa. „Bölvuð fljótfernistök voru þetta“!

Fljótgert (l) Mjög fljótlegt í framkvæmd. „Það var fljótgert að koma aflanum í land“.

Fljóthlaðinn (l) A. Um vegg; fljótlegt að hlaða. B. Um bát; fljótgert að fylla af aflu.

Fljóthuga (l) Fljótfer; sem er fljóttur að taka ákvarðanir. „Gummi var lægri og grennri maður en Liði, en kvikur á fæti, ákafa- og dugnaðarmaður, fljóthuga og gat átt það til að vera dálítið fljótfer“ (PG; Veðmálið).

Fljótillur (l) Bráðgeðja; ör í skapi. „Nemendur skemmtu sér stundum við að *espa* karlinn upp, en hann var fljótillur ef honum þótti eitthvað“.

Fljótillska (n, kvk) Mikil reiði sem varir stutta stund; stundarbræði; stundarreiði. „Hann sá stundum eftir því sem hann hafði látið fjúka í einhverri fljótillsku“.

Fljótmiólkað (l) Fljótt verið að mjólka. „Það er fljótmiólkað þegar flestar kýrnar eru í geldstöðu“.

Fljótræði (n, hk) Ótímabær verknaður/framkvæmd. „Þetta hafðirðu uppúr bévítans fljótræðinu í þér“!

Fljótsagt (l) Sem unnt er að segja á skömmum tíma. „Það er fljótsagt hvað mér finnst um svona andskotans uppátæki; þetta er það vitlausasta sem nokkrum manni gerur dottið í hug“!

Fljótslegið (l) Fljótlegt að slá. „Þessi blettur er fljótsleginn“.

Fljótsvarað (l) Fljótgert að svara. „Þessari spurningu er fljótsvarað“.

Fljótt á litið (orðtak) Í fljótu bragði; við fyrstu sýn. „Fljótt á litið sé ég ekkert athugavert við þetta“.

Fljótt flýgur fiskisgan (orðtak) Um útbreiðsluhraða á kjaftasögu. „Fljótt flýgur fiskisagan. Sést hafði til þeirra í kiki af Sandinum, og inni á vegamótum beið Keflavíkureigandi í bíl sínum“.

Fljótt/skjótt skipast veður í lofti (orðtök) A. Veðrabrigði geta orðið á stuttum tíma. B. Líkingamál; fljótt verður breyting. „Það leit ekki vel með að við næðum fénu í rétt, svona *liðfáir*. En fljótt skipast veður í lofti; allt í einu rennir í hlað fullur bill af fólki“.

Fljóttekið / Fljóttint (l) Fljótt verið að taka/hreinsa egg af svæði. „Stallurinn er sléttur og breiður og þar er fljóttekið af eggjum“. „Það er fljóttint efti að maður er kominn á höfðann“.

- Fljótur á sér** (orðtak) Framkvæmir of fljótt / áður en hugsar til enda. „Nú var ég allt of fljótur á mér; máfurinn var alls ekki kominn í færi“.
- Fljótur til** (orðtak) Fljótur að; gerði í fljótheitum; skjótur. „Þannig hagaði til að Júlli var með þeim fyrstu til að ljúka dagsverki sínu og var þá fljótur til að komast út úr húsi og undir bert loft“ (PG; Veðmálið).
- Fljótur til andsvars/svars** (orðtak) Svarar fljótt. „Hann var fljótur til svars þegar ég spurði hvernig honum litist á nýja frambjóðandann“.
- Fljótur upp** (orðtak) Fljótur að reiðast; *fljótillur*; *vanstilltur*. „Hann var yfirleitt mesti *rólyndismaður*, en gat verið fljótur upp ef honum þótti við einhvern“.
- Fljúga í höfuð/hug** (orðtak) Detta í hug; fá hugmynd; muna eftir. „Allt í einu flaug mér það í höfuð að ég hefði líklega aldrei kveikt á kaffivélinni“.
- Fljúga með** (orðtak) Um flug máva: fljúga meðfram fjöruborði og meðfram Görðunum á Grundarbökkum. Við enda þeirra er *skotbyrgi* þar sem algengt var áður fyrr að mávur væri *skotinn á fluginnu*, og hafður til matar. „Mér sýnist að hann sé farinn að fljúga með núna. Ættum við ekki að fara að röлта niður að Görðum“?
- Fljúgandi háлка** (orðtak) Mjög mikil háлка. „Það er fljúgandi háлка í Hænuvíkurbrekkunum“.
- Fljúgandi læs** (orðtak) Allæs; mjög vel læs; farinn að lesa hiklaust. „Halldóru ömmu fannst það ómögulegt að barn í hennar nærveru væri ekki orðið fljúgandi læst þegar það færi í skóla. Þau voru enda ófá börnin sem hún kenndi að lesa; bæði í fjölskyldunni og af mestallri Vatneyri“.
- Fljúgandi mælskur / Fljúgandi hagamæltur** (orðtök) Mjög vel talandi/skáldmæltur.
- Fljúgast á** (orðtak) Slást; berjast. „Talið er að þeir hafi verið ölvaðir; hafi orðið *missáttir* og flogist á svo að bátnum hvolfdi“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Floga** (s) A. *Flökta*; fljúga; flögra; flýja. „Hrafinn flogaði eitthvað framyfir brúnina þegar ég kom að“. „Ég náði særðum máfnum ekki strax til að lóga honum; hann flogaði lengi vel undan þegar ég nálgadist hann“. B. Hrökkva undan; flýja. „Féð flogaði á *harðarennslu* upp í hliðina þegar hundurinn fór að gjamma“.
- Flokkadráttur** (n, kk) Liðsöfnuður; skipting fólks í fylkingar. „Þó yfirleitt ríkti eindrægni og samheldni í Rauðandshreppi urðu öðru hvoru flokkadráttir um einstök mál, s.s. skólamál, vegamál o.fl.“.
- Flokkahlaupari** (n, kk) Sá sem styður einn stjórn málaflokkinn eftir annan; *pólíttiskt viðrini*; gjarnan notað um þingmann sem skiptir um flokk. „Er hann enn að ferðbúast þessi flokkahlaupari“? Einnig heyrðist „flokkafلاكari“, en sjaldnar.
- Flokkapólitík** (n, kvk) Fylgi fólks við einstaka stjórn málaflokka. „Flokkapólitík var lík í Rauðasandshreppi og víða til sveita. Þannig var t.d. á árunum 1960-1970 að á flestum bæjum átti Framsóknarflokkurinn allt fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn var talinn eiga öruggt fylgi á 6 bæjum og fáeinir einstaklingar studdu Alþýðubandalagið. Krati (Alþýðuflokksmaður) fyrirfannst ekki í sveitinni“.
- Flokkaritnefnd** (n, kvk) Ritstjórn/ritnefnd blaðs, þannig að hver meðlimur sér um sinn efnisflokk. „Dvergur, hið skrifaða blað fjelagsins, hefur komið út á hverjum fundi. Fyrstu árin var ein ritnefnd yfir veturinn, en svo var komið á flokkaritnefnd og gafst það vel að sumu leiti“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Flosna upp** (orðtak) Um búandfólk; fara á flakk; hrekjast frá sínum búum. „... var hann (veturinn 1802) á Vestfjörðum kallaður Klaki. Mikill fjöldi manna varð bjargþrota og margir bændur flosnuðu upp“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Flot** (n, hk) A. Mör sem *útálát*. Flot var almennt notað um mör og tólg sem haft var til útáláts á mat. Yfirleitt var notaður *hnoðmör* út á fisk og kartöflur, en stundum *hangiflot* ef soðið hafði verið hangiket stuttu áður. Óhnoðuð tólg var yfirleitt ekki notuð sem útálát fyrrum. Smjör eða *margarín* (smjörliki) var notað útá *brasaðan* (steiktan) fisk, og var þá nefnt feiti. „Réttu mér flotíð“. „*Sjaldan hef ég flotinu neitað*“. B. Fleyting; flotkraftur. „Við setjum á flot þegar fellur örlítið meira að“. C. Flotholt; *flá*; *netaflá*; korkur.
- Flotdolla / Flotkolla / Flotpottur / Flotspanda** (n, kvk/kk) Ílát sem flot er brætt í og einnig oftast borið fram í; oftast lítill kastarhola/ lítill skaftpottur. „Réttu mér flotkolluna“. „Taktu flotdolluna af vélinni ef flotíð er bráðið“. „Brenndirdu þig á flotpottinum“? „Handlangaðu hingað flotspönduna“.
- Flotteinn** (n, kk) *Korkateinn*; *fláateinn*; *flotþinur*. Efri þinur á neti; sem heldur því upprétu í sjónum.
- Flott skal það vera!** (orðtak) Upphrópun, oft notuð ef einhverjum ofbauð fordild/flottræfilsháttur annars.
- Flottheit** (orðtak) Fínheit; glæsileiki. „Þar vantar ekki flottheit“.
- Flottræfilsháttur** (n, kk) Sýndarmennska; glysgirni; hégómi. „Þetta er nú bara flottræfilsháttur“.
- Flóafriður** (n, kk) Stundarfriður; hlé á gaurangangi. „Það er bara ekki flóafriður fyrir fjandans símanum“!

Flóandi (l) Flæðandi; streymandi. „Stelpugreyið kom til mín, flóandi í tárur, og sagði að hún væri höfð útundan“. „Hversvegna er allt borðið flóandi í mjólk“?

Flóandi fullur (orðtak) Fleytifullur; yfirfullur; fullur svo útúr flóir. „Ekki hella svona flóandi fullt glasið“!

Flóðamörk (n, hk, fto) Sú hæðarlína í fjöru sem sjór fellur að á háflæði. „Við þurfum að koma trénu örugglega upp fyrir hæstu flóðamörk“.

Flóðatafla (n, kvk) Tafla/skrá yfir tímasetningu sjávarfalla, sem á síðari tímum er útgefin í ýmsum handbókum og almanökum. „Mér sýnist ætla að verða ágætis sjóveður á morgun; ertu búinn að skoða flóðatöfluna“?

Flóðgarður (n, kk) Garður til varnar vatns- eða sjávarflóðum. Ekki er unnta að fullyrða að neinar af þeim miklu hleðslum sem finnast í Kollsvík sé eiginlegur flóðgarður. Tvennt gæti þó verið að athuga í Láganúpslandi: Annarsvegar Gardarnir með öllum Grundabökkunum, sem vermenn hlóðu að mestu. Þeir hafa áreiðanlega fyrst og fremst verið þurrk- og vörslugarðar og skjól fyrir hafnæðingi, en hafa einnig stöðvað sjó í því að flana upp yfir tún í hæstu sjávarstöðu og sjógangi. Hinsvegar eru hinar fornu garðleifar sem sjá má ofanvið Flötina á Láganúpi (áður Svuntu). Ofanvið garðinn er farvegur sem Gilið hefur brotið sér, áleiðis niður í Svuntumýrina sem áður var þar sem Brunnhússkurðurinn er nú. Garðurinn gæti hafa verið hlaðinn til að beina vatnavöxtum í Gilinu framhá túnblettinum á Svuntunni. Einnig hafa verið uppi kenningar um að garðurinn væri sandvarnargarður, og jafnvel fyrirmynd Rangláts í Sauðlauksdal.

Flóðhey (n, hk) Hey af flæðiengjum. Einkum er slíkar engjar að finna á Rauðasandi, þar sem sjór gengur upp á gróid land á stærstu flæðum og skilur eftir allmikil næringarefni. Má segja að nýting þess sem fòðurs hafi t.d. átt verulegan þátt í auði og velgengni Saurbæjar. Fyrir kom, í grasleysisárum seint á 20.öld, að hey var flutt úr Bæjarodda á Kollsvíkurbæi. Það þótti þó mun síðra fòður en túnataðan. „Að lokum ræð ég flestum þeim til er gefa *flóðhey*; jafnvel þó vel verkist, að gefa með þeim steinefni; salt. Efnarannsókn hefir leitt í ljós einmitt steinefnavöntun í þessum heyjum“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Flóðleka (s) Leka mikið. „Eitthvað hefur báturinn *slegið úr sér* í látunum; hann flóðlekur þarna við skeytið“.

Flóðlekur (l) Um ílát eða bát; mikið lekur. „Fóru þeir virkilega á sjó á *bátskriflinu* svona flóðleku“?!

Flóðmjólk (n, kvk) Mjög há nyt í mjólkurkú. „Það má ekkert minnka við hana fòðrið meðan hún er enn í þessari flóðmjólk“. „Það er orðið *knappt um* brúsa þegar svo margar eru í flóðmjólk“.

Flóðmjólka (s) Um kúr eða ær; mjólka mikið. „Búkolla fljóðmjólkar enn þó hún ætti að vera komin á geldstöðu“.

Flóðrigna (s) Hellirigna; rigna mjög mikið. „Það er farið að flóðrigna eins og hellt sé úr fötu“.

Flóðrigning (n, kvk) Hellirigning; rignir *eins og hellt sé úr fötu*. „Það er sama flóðrigningin enþá, við skulum hinkra dálítið lengur með þetta“.

Flókatryppi (n, hk) Upprunalega um ljótt tryppi, en í seinni tíð notað um ósnyrtilega manneskju „Farðu nú og greiddu þér krakki. Þú lítur út eins og flókatryppi“!

Flónsháttur / Flónska (n, kk) Heimskupör; heimska. „Skelfingar flónsháttur er það að binda ekki bátinn“. „Það var auðvitað bara flónska að leggja af stað í svo tvísýnu útliti“.

Flónskupör (n, hk, fto) Heimskupör; flónska. „Vonandi gerir hann ekki svona flónskupör aftur“.

Flórgoði (n, kk) Podiceps auritus; *sefönd*. Fugl af goðaætt sem fremur sjaldgæfur er á Íslandi en verpir núna víða á landinu, þó helst við Mývatn. Hefur sést í Kollsvík (á Startjörnum í Vatnadal). Líkist sumpart smávaxinni önd; höfuðið stórt og svartgljáandi; stórir gulir fjaðrabrúskar aftur frá augum; háls og síður rauðbrún; bak og afturháls dökk; kviður hvítur; yfirvængir með hvítum speglum. Lífir á hornsilum og öðrum vatnakvikindum, en étur eigin fiður til að bæta meltinguna. Góður sundfugl og kafari en þunglamalegur að taka á loft. Stígur tilkomumikinn dans í tilhugalífi; verpir í grunnu hreiðri skammt frá vatns-/árbakka; syndir gjarnan með unga á baki sér. Að mestu farfugl með vetrarstöðvar við Bretland og Frakkland.

Flórmokstur (n, kk) Mokstur kúaskíts úr flór út á haug eða í haughús.

Flórreka (n, kvk) *Fjósaskófla*; *fjósreka*; *skítaskófla*; *mykjuskófla*.

Flug (n, hk) Það að fljúga. Í Kollsvík var orðið notað sérstætt; um það þegar mikið af máfi flýgur með Görðunum, en þá er mögulegt að liggja í skotbyrgi og *skjóta á fluginu*. „Mér sýnist vera töluvert flug“.

Fluga (n, kvk) Þegar rætt var um flugu í Kollsvík var einkum átt við *fiskiflugu*/*maðkaflugu* (sjá þar) enda var hún mesti skaðvaldurinn. „Passaðu að þrifa vel allt blóð og að spyrðurnar liggi ekki saman, svo ekki sæki í þær fluga“. Einnig er oft mikið af *þangflugu* í þaranum og *húsflugu* í húsum.

Flugbeittur (l) Mjög beittur; bítur mjög vel. „Gætur sem nota átti í sjóklæði voru rakaðar með flugbeittum hnif; síðan lagðar í blásteinslút“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).

Fluggáfaður (l) Mjög vel gefinn; mjög greindur. „Hann er sagður fluggáfaður og margfróður“.

Flughamar (n, kk) Þverhnípi; standklettur; strengberg. „Þarna er bara flughamar undir“.

Flughálka (n, kvk) Fljúgandi hálka; mikil hálka. „Gættu að þér í þessari flughálku“.

Flughraði (n, kk) Mjög mikill hraði. „Við góðar aðstæður gátu menn náð flughraða á góðum sleða, ef byrjað var efst í Hólabrekkunni, þar sem brattast er“.

Flugnatíð (n, kvk) Tímabil þegar mikið er um flugu/*fiskiflugu*. „Það er ferleg flugnatíð í mollunni“.

Fluglínutæki (n, hk, fto) Björgunartæki til að bjarga mönnum í land úr strönduðu skipi. Þau sönnuðu rækilega gildi sitt þegar björgunarfleiki við Látrabjarg var unnið, en þar voru Útvíknamenn fremstir í flokki. Aftur nýttust fluglínutækin þegar Sargon strandaði undir Hafnarmúla nokkru síðar, og aftur voru Útvíknamenn fremstir í flokki Björgunarsveitarinnar Bræðrabandsins, sem bjargaði þeim sem af komust. Fluglínutæki voru lengi geymd á Stekkjarmel, og víðar í hreppnum. Sjá *halablökk*.

Fluglæs (l) Mjög fær í lestri. „Mikið var lagt upp úr því fyrrum að börn væru fluglæs áður en þau færu í skóla“.

Flugnager (n, hk) Mikið af flugu; flugnaplága. „Árans flugnager er hérna eftir að ég hengdi upp grásleppuna“.

Flugrek (n, hk) Mikið rek á sjó; mikil drift. „Það þýðir ekkert að dýfa færi í sjó í þessu flugreki; við skulum bíða þangað til ferð að *kippa úr*“.

Flugstig (n, hk) Efsta stig. „Hann var kominn á flugstig að skjóta þegar hann mundi að byssan var óhlaðin“.

Flugsyndur (l) Mjög góður í sundi. „Ekki segi ég að maður yrði flugsyndur á námskeiðinu, en það hjálpaði“.

Flugufótur fyrir (orðtak) Sannleikskorn í. „Það er kannski einhver flugufótur fyrir þessari sögu“. Sjá *fótur fyrir*.

Flugufrétt (n, kvk) Frétt sem flýgur fyrir; ávæningur; örstutt frétt. „Einhverja flugufrétt heyrði ég um það“.

Flugumynd (n, kvk) Um það sem varla verður vart við: „Ég get ekki sagt að ég hafi séð hann undanfarið. Hann kemur hér í flugumynd; fær sér einn kaffibolla og er rokinn aftur“!

Flugveður (n, hk) A. Stíf og jöfn norðanátt, svo nefnd í því samhengi að þá var heppilegt að liggja við í skotbyrginu á Grundarbökkum og skjóta mál á fluginu. B. Síðari tíma merking; fært veður fyrir flugvélar.

Flumbra (s) A. Vera fljótfær og óvandvirkur; *klúðra*. „Ekki dugir að flumbra að þessu vandasama verki“. B. Meiða, skursla. „Gættu þín að flumbra þig ekki á þessu“.

Flumbra sig (orðtak) Hrufla/skera sig; meiða sig svo af verði opið sár. „Þú hefur eitthvað flumbrað þig á hnéu þegar þú dast“. „Farðu nú varlega með bettan hnífinn svo þú flumbrir þig ekki“. Eldri mynd: *fleinbra*.

Flumbraður (l) Meiddur; skrámaður. „Hann var eitthvað flumbraður á hendinni eftir fallið“.

Flumbrari (n, kk) Sá sem flumbrar/flaustrar við verk. „Hann var talinn nokkur flumbrari, en vel gekk undan honum og hann var hrókur alls fagnaðar á vinnustað“.

Flumbur / Flumbrugangur / Flumbruháttur (n, kk/hk) Óvandvirkni; fljótfærni. „Skelfingar flumbur er þetta; hér er það vandvirknin sem gildir“! „Þessi flumbrugangur við smíðina er óviðunandi“.

Flunkunýr (l) Glænýr; alveg nýr. „Slátturinn gekk seint og illa því Barnið (draugur) tafði fyrir honum. Ekkert bætti það um þó Jón tæki með sér Biblúna eða aðrar algengar guðsorðabækur í slægjuna. Barnið kundi þetta allt og ónáðaði Jón við sláttinn. En svo kom séra Gísli með flunkunýja húslestrarbók og fékk Jóni bura. Þessa bók hafði Barnið aldrei séð og Jón gat farið að slá og lauk stykkinu á sæmilegum tíma. Bók þessi var húslestrarbók Árna Helgasonar biskups. En þessi vera Jóns bura í Sauðlauksdal dró þann dilk á eftir sér að nærri oll börn séra Gísla ærðust og sagnir mynduðust um sendingu og draug þar í dalnum er var nefndur Dalli“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Flus (n, hk) Kartöfluhýði. „Kastaðu svo flusinu í hundadallinn þegar þú ert búinn að *flysja* kartöflurnar“.

Flutningabátur (n, kk) Bátur til flutninga, t.d. á afla úr veri. „Róðrabátarnir tóku oft ekki allt það er ein skipshöfn hafði til flutnings, þótt áður væri búíð að losa sig við þorskaflann. Var þá helst til ráðs að fá stærri flutningabáta til þessara ferða“ (KJK; Kollsvíkurver).

Flutningadallur (n, kk) Flutningaskip. „Þessi flutningadallur siglir óvanalega grunnt fyrir“.

Flutningaferð (n, kvk) Ferð til flutninga, t.d. á afla úr veri. „Ég hef áður minnst á gamla Fönix í Kollsvík. Kom hann talsvert við sögu í flutningaferðum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Flútt (n, hk) Jöfn hæð/lengd. „Grunnbólið er í flútt við tangann“. Sjá *flúttu* og *í flútt við*.

Flúttu / Flúttu við (s/orðtak) Vera jafnt; bera saman. „Heyvagninn flúttu við neðri brún töðugatsins, svo við gátum rennt heynu inn án þess að lyfta því“. Dönskuletta; „flugte“; nokkuð notuð í Kollsvík.

Flyðra (n, kvk) *Lúða*; sjá þar.

- Flygsa** (n, kvk) Flykki/tætla á lofti; „Einhver stór flygsa var inni í krúgerinu; það var hrafninn“. „Þær eru ekki litlar flygsunar í þessu éli“.
- Flygsast** (l) Flaksa; feykjast. „Ég ætla að festa betur hærurnar á göltunum; sumar þeirra eru farnar að flyksast“.
- Flykki** (n, hk) Stórt stykki; það sem er stórvaxið. „Hvalurinn var gríðarstór flykki“! Orðið er ýmist ritað með „y“ eða „i“ í miðju, og má ekki milli sjá hvort er réttara, þar sem orðið er komið af erlendum samheitum sem gefa báðar fyrirmyndir: T.d. forndanska, fornsænska Flykke“ og nýnorska „flykkje“; en færeyska flikki og fornenska „flicce“. Upprunalega merkti það einkum svínslæri eða flesksiða.
- Flys / Flus** (n, kvk, fto) *Sköturoðsvefjur*; fótabúnaður úr sköturoði. „Í vefjur var einungis notað roð af stórrí skötu; flenju/gammskötu, og voru oftast tekin af henni nýrri. Roðið var lagt þannig á fótinn að totan, efsti hluti þess, kom fyrir tærnar og undir þær. Það huldi síðan fótinn að ofan og náði upp á legginn. Margbundið var um þessa vestfirsku sköturoðsvefju/flys/flus, sem einkum var höfð til hlífðar í slabbi við útiverk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild m.a. ÁE).
- Flysja** (s) Skræla; taka hýði af kartöflum „Það þarf ekkert að flysja svona nýjar kartöflur“. Alfarið notað í Kollsvík, en ekki „skræla“.
- Flytja** (s) A. Færa til; fara með. „Það verður *handleggur* að flytja þetta útyfir hálsinn“! B. Færa búsetu sína; skipta um aðsetur. „Vorið 1961 fluttum við að Kollsvík og bjuggum þar í 10 ár, til haustsins 1971, en þá fluttum við í Kópavog“ (IG; Æskuminningar).
- Flytja á mölina** (orðtak) Slanguryrði yfir það að flytja úr sveit í kaupstað. Ástæða orðalagsins er sú að kaupstaðir eru flestir á malareyrum.
- Flytja búferlum** (orðtak) Flytja heimili/bú sitt milli staða. „Auk þess er einnig borið á minni bát frá Vesturbotni, sem aðeins hafði verið nokkra daga við róðra í Verinu. Eigandi hans hafði fyrir fáum árum flutt búferlum frá Láganúpi í Kollsvík að Vesturbotni“ (KJK; Kollsvíkurver). *Búferli* eru færanlegt fé.
- Flytja í verið** (orðtak) Um útgerð Kollvíkurbænda; flytja sig tímabundið úr íbúðarhúsi í verbúð, þar sem dvalið var yfir vertíðina. „Í síðustu viku vetrar eða fyrstu viku sumars var flutt í Verið; helst alltaf á laugardegj“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Flytja lögmann** (orðtak) Hægja sér; *gangna örna sinna*. „Sagt er að Lögmansláin, dýpsta lautin í Grundatúni, dragi nafn af því að þangað hafi vermenn í Láganúpsveri gengið til að flytja lögmann“.
- Flytjast** (s) Vera fluttur inn. „Það voru fyrstu bakhlaðningarnir sem fluttust“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Flýgur fiskisagan** (orðatiltæki) Þær fréttir berast fljótt út sem merkilegar þykja, hvort sem það eru sögur af góðum aflbrögðum eða öðru.
- Flýja á náðir einhvers** (orðtak) Leita athvarfs/skjóls hjá einhverjum.
- Flýta sér / Flýta för sinni** (orðtak) Vera fljótur; herða á hraða; *haska sér*; *hraða sér*. „Þú verður að flýta þér ef þú ætlar ekki að missa af þeim“! „Sá flýtti för sinni svo að hann gaf sér ekki tíma til að fara af baki til að pissa“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Flýtur meðan ekki sekkur** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að alltaf sé von meðan unnt er að haldast á yfirborðinu; meðan maður er ekki dauður.
- Flýtur sofandi að feigðarósi** (orðatiltæki) Hætta getur steðjað að meðan maður hefur ekki vara á sér. Sjá *fljóta sofandi að feigðarósi*.
- Flæða** (s) A. Um hegðun vökva í halla; renna. „Í asahláku flæðir stundum leysingavatn úr Gilinu niður yfir Flötina“. B. Í líkingamáli. „Mjólkin flæðir úr kúnum í gróandanum“. „Það flæddi úr honum óstöðvandi *munnræpa*“. C. Um sjávarfall; falla að. „Við þurfum að setja bátinn hærra áður en flæðir meira“. D. Um hættu fyrir sauðfé; drukkna á útfiri vegna aðfalls. „Þarna á skerinu er flæðihætta, og þurfti að vakta fé á aðfallinu til að það flæddi ekki þar“.
- Flæðarhátt** (l) Háflæði; háflóð. „Var síðan byrjað að draga þá upp sem á nefinu vour um nóttina, því flæðarhátt var; ekki var hægt að byrja á þeim sem voru í fjörunni“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Flæðarmál** (n, hk) Mörk þess sem sjór fellur hæst á flæði. „...takmörkuð grjótnámsréttindi, að minnsta kosti ofan við flæðarmál“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Flæðarmús** (n, kvk) A. Þjóðsagnakvikindi; mús sem sögð er lifa í sjó, en skriður stundum upp á útsker; logagyllt að lit, og er stundum á kreiki í flæðarmálinu. Náist hún, dregur hún peninga að eiganda sínum úr sjónum. Láti menn pening undir hana sækir hún samskonar pening út í sjó. Eina leiðin til að veiða flæðarmús er að leggja fyrir hana finriðið net úr meyarhári. Best mun vera að geyma hana í hveiti; liggjandi í meyarhári og þar undir skal vera gullpeningur. En menn urðu að losna við hana áður en þeir dóu, og það var ekki vandalaust. Best var að setja hana í sjóvettling; sívefja með snærum og róa með hana út á sjó. En það þurfti að gera með aðgát, því þegar músin kemur í sjó veldur hún mannskaðaveðri og gríðarlegu hafróti;

svonefndu flæðarmúsaveðri./músarbyl. B. Dýr (Aphrodite aculeata) af ætt burstaorma sem lifir á grunnsævi og finnst oft fremst framá útfiri í sandfjöru. Brúnleit, flöt, sporöskjulaga og alsett grábrúnum burstum á hliðum; einskona kögri. Verða allt að 15-20cm.

Flæðarróður (n, kk) Fiskiróður sem hafinn er í flæði, sjá *róa í flæðina*. „Eins og áður er getið var ávallt róði í flóð og fjöru. Flæðarróðrarnir voru betur þokkaðir, af ástæðum sem fyrr greinir“ (KJK; Kollsvíkurver).

Flæði (n, kvk) A. Flóð; sá tími sjávarfalla þegar sjór stendur hæst; háflæði. B. Stundum notað um þann tíma sjávarfalla þegar fellur að. „Við lendum í flæðina“.

Flæðihætta (n, kvk) Hætta á að sauðfé lokist af þegar sjór fellur að; að féð *flæði*. „...klettahlein sem heitir Stórahryggshlein. Á henni er flæðihætta og hefur oft flætt þar fé“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Þar sem flæðihætta var varð að smala öllu fé daglega“ (PJ; Barðstrendingabók).

Flæðisker (n, hk) Sker/hlein þar sem er *flæðihætta*. Samheiti fyrir flæðisker, *svelti* og *drápsdý* er „*hættur*“. Sjá *á flæðiskeri staddur*.

Flæðivaðall (n, kk) Vaðall/áll sem sjávarfalla gætir í. „Nyrst er landið brattar hliðar, en er sunnar dregur myndast láglandi nokkuð meðfram vatni því sem er á láglandingu og fellur bæði úr og í og nefnist flæðivaðall“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Flækingskind / Flækingsfé / Flækingskjáta (n, kvk/hk) Kind/fé sem heimtist annarsstaðar en hennar/þess er von. „Stundum heimtist ein og ein flækingskind innan af Barðaströnd í Breiðavíkurrétt“. „Hér er komin einhver flækingskjáta frá kaffibrúsakörllum á Patró“.

Flækingshundur / Flækingsköttur (n, kk) Hundur/köttur sem flakkar á aðra bæi, án eiganda. „Nú er tikið á lóðarii; það er ekki þverfótað fyrir flækingshundum“. „Einhver flækingsköttur er kominn í hlöðuna“.

Flækjngur (n, kk) Flakk; óvissuferð; ferð án skipulags. „Ekki veit ég hvaða flækjngur var á honum þarna“.

Flækja (n, kvk) A. Flóki; hverskonar samanhnyttur ruglingur á þræði/neti/línu/vað/færi. B. Samanvöðluð fiskilína/lóð sem tíðum hefur rekið á fjöru Útvíkna á seinni tímum. Flækjur með heillegri línu voru oftast teknar heim og greiddar. Fengust úr þeim hin ágætustu þarfabönd. Sumum fannst hin besta skemmtun og gestapraut að greiða flækjur og hrósuðu happi að komast í slíkt.

Flækjufótur (n, kk) Sá sem er mjög *dettinn/hrösull*. „Varstu nú að detta í grjótinu og meiða þig; skelfilegur flækjufótur geturðu nú verið“!

Flækjugjarn (l) Um lina línu/tóg/færi/band sem gjarnara er að slást inni og flækjast en öðru sem stífara er. Einnig um net sem gjamt er á að flækjast. „Mikið sé ég eftir að hafa notað þessa hamplínu í netatein; hún er svo andskoti flækjugjörn“.

Flæma af / frá/burt (orðtök) Hrekja af/frá burt. „Við skulum ekkert vera að flæma fuglinn af hreiðrinu“. „Vertu ekki með þennan hávaða; þú flæmir fiskinn frá bátnum“! „Hann sagði að það hefði kostað nokkrar særingar að flæma óvættinn frá“. Visar líklega til „flæmi“; víðáttu. Sjá *fara undan í flæmingi* og *vera á flæmingi*.

Flæmi (n, hk) A. Víðáttu. „Það er handtak að smala allt þetta flæmi“. B. Stórt svæði í bjargi/klettum, sem oft má fara um og jafnvel nýta þar varp. Orðið er ekki notað annarsstaðar í þessari merkingu en í Bjarginu og grannbyggðum þess. „Utan við ritugjá er Eiriksflæmi. Það er rétt fyrir ofan vitann. Flæmi er hverfling inn í bjargið. Þar er ekki gras“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Flæmingur (n, kk) Hrakhólar flækjngur. Eingöngu notað í orðtökunum fara undan í flæmingi og vera á flæmingi. Dregið af *flæmi* í merkingunni víðáttu.

Flærð (n, kvk) Undirferli; óheilindi; fals. „Svo koma þessir skrattakollar rétt fyrir kosningar; ekkert nema flærðin uppmáluð, og þykjast allt vilja fyrir mann gera“!

Flæsa (n, kvk) *Þurrkflæsa*; öflugur þurrkur með frískum vindi; oft skammvinnur en nýttist gjarnan vel. „Það var erfitt að þurrka heyið í vætutíð og þess vegna var um að gera að nota hverja flæsu til hins ítrasta“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). Sjá *vestanflæsa*; *norðanflæsa*; *þurrkflæsa*.

Flæsudagur (n, kk) Þurrkdagar; dagar sem unnt er að þurrka hey. „Þetta hefur verið samfelld óþurrkatíð, fyrir utan þessa fáu flæsudaga í byrjun“.

Flögra/Flökra að (orðtak) Detta í hug; íhuga. „Flökra var notað í neitunarsetningum en „flögra“ í hiksetningum. „Það flökraði ekki að méreitt augnablik að skilja barnið eftir eitt heima“. „Ég játa að það hefur stundum flögrað að mér að hætta við þetta alltsaman“.

Flökkueðli (n, hk) Löngun til að flakka/ferðast. „Hann segist vera haldinn þessu flökkueðli“.

Flökkuefni / Flökkuaur / Flökkusteinn / Flökkutorfa (n, kk) „Efni sem ís fleytir/ hefur fleytt úr botni frostgís upp á frálagssvæði. Efnið getur verið af ýmsu tagi; frá aur og leir upp í allnokkra hnullugssteina og

frá moldarhnúskum uppi allstórar torfur. Orðið „flökkusteinn“ hefur lengi verið notað um grjót á fjörum sem *borgaris* hefur borið frá Grænlandi, m.a. upp á Kollsvíkurfjörur, og einnig gengur undir heitinu *grænendingur*. Segja má að hér sé um það sama að ræða; enda er flutningsmátinn um margt líkur þó uppruni sé annar“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Flögra að / Flökra að (orðtak) Detta í hug; koma til hugar. „Það flögraði stundum að mér að hætta við allt saman“. „Aldrei flökraði það að neinum þeirra að gefast upp, þó útlitið væri dökkt“.

Flökra við (orðtak) *Bjóða við; fá velgju/ælutilfinningu*. „Byrjendum flökrar oft við lyktinni af netunum, þegar þau eru dregin eftir brælu; oft full af úldnum þara, svampdrullu og sundurrotnuðum fiski“.

Flökkuhundur (n, kk) Hundur sem flakkar á aðra bæi en heimabæ. „Því var *viðbrugðið* í sveitinni, hér áður, að þegar flökkuhundarnir höfðu gert einhverja skömm af sér þá *stungu* þeir *skottinu á milli lappanna* og étu sig hverfa á hljóðlátan hátt“ (AÍ; Arb.Barð 1980-90).

Flökt á fugli (ortak) Notað af mávaskyttum um það þegar fugl flýgur stefnulaust í stað þess að fljúga ákveðið með fjörubökkunum og gefa þannig færi á sér. „Það er eitthvað flökt á fugli þarna suður með Hreggnasanum. Óvíst samt hvort þetta kemur hér norðurmeð“.

Flökta (s) A. Um ljós; hafa misjafna birtu; vera óstöðugt. „Lokaðu fyrir súginn svo ekki flökta svona á kertinu“. B. Um flug fugla; fljúga stefnulítið. „Þarna flöktir einn með flæðarmálinu; vertu til með byssuna“.

Flöktandi (l) Óákveðinn; hikandi. „Ég var nú dálítið flöktandi með það hvað skyldi kjósa núna“.

Flökurleiki (n, kk) Ælutilfinning; klígja; velgja; viðbjóður.

Flökurt (l) *Klígja*; verða *umbult*. „Mér er hálf flökurt í þessum veltingi; ég held ég láti það eftir mér að æla“.

Flös (n, kvk) Grynningar í sjó, sem ekki koma uppúr en oft brýtur á og eru hættulegar bátum. Oftar var notað „grynningar“ vestra, en þetta heyrðist þó.

Flöskuskeyti (n, hk) Boð sem skrifuð eru á bréfmíða og sett í flösku sem síðan er varpað í sjó. Flöskuskeyti rekur stundum á fjörur, t.d. í Kollsvík.

Fnasa / Fnæsa (s) Hvæsa/blása/*hnissa* út um nef. „Kindin sneri sér við uppi í brekkunni og fnæsti á okkur“. „Nú er hann fnæsandi af reiði yfir þessari nýju uppákomu“.

Foj (l) Móðgaður; füll. „Hún varð bara eitthvað foj þegar talið barst að kvenseminni í karlinum“. Orðið finnst ekki í orðabókum, en þar er nefnt orðið „fau“, svipaðrar merkingar.

Foj for satan (orðtak) Blótsyrði/upphrópun til að lýsa fyrirlitningu/vanþóknun. „Nú þykist þessi flokkur ætla að gera nákvæmlega það sem þeir *bölsótuðust* yfir þegar þeir voru í stjórnaðstöðu! Foj því for satan“!

Fok (n, hk) A. Skaði af völdum vinds. „Varð eitthvað fok hjá ykkur í veðrinu“? B. Það sem fokið hefur í vindi; *fokdreifar*; sandskaflar. „Það hefur sest töluvert fok í skafla ofanvið hlöðuna“.

Fokdreifar (n, kvk, fto) *Slæður* af heyi sem dreifst hafa í vindi; *dreifar*. „Við rökuðum mestu forkdreifarnar“.

Fokdýr (l) Mjög kostnaðarsamur; rándýr. „Er svona bíll ekki fokdýr“?

Fokhætta (n, kvk) Svo hvasst að munum, húsum og/eða heyi er hætt við að fjúka.

Fokið í flest/öll skjól (orðtak) Flestir góðir kostir útilokaðir; fátt um úrræði. „Okkur þótti fokið í flest skjól þegar hann brást okkur“. Líking við það að snjóskaflar séu komnir á flesta staði þar sem annars væri unnt að leita skjóls í hriðarveðri.

Fokillur / Fokvondur / Fököskuvondur (l) Mjög reiður; bálreiður. „Hann varð fokvondur þegar hann heyrði þessi málalok“.

Fokk (n, hk) Dund; gagnslítill vinna. „Ég nenni ekki að standa í svona fokki þegar nóg annað er að gera“.

Fokka (n, kvk) Fokkusegl/stagsegl; þríhyrnt segl sem oftast er notað ásamt sprytsegli, gaffalsegli eða loggortusegli, en sjaldan með þversegli. Fokka er framanvið siglu, og er fremra horni oft fest á *spruð*/útleggjara/bugspjót, sem gengur fram af stefninu.

Fokka (s) A. Dunda; dúðra; vinna það sem lítið gagn er að. B. Falla. Sjá *láta fokka*.

Foksandsdyngja / Foksandsskafl (n, kvk) Hóll/skafl/ stór ahugur af *foksandi*.

Foksandur (n, kk) Skeljasandur sem fokið hefur úr fjöru. „Foksandur hefur stundum verið til vandræða við búskap sunnantil í Kollsvíkinni. Í byrjun 18. aldar kvarta bændur yfir því að tún spillist árlega af foksandi“.

For (n, kvk) Leðja; úrgangur manna eða dýra í safnþróum. „Það þarf að ausa mestu forinni úr *haughúsinu* áður en hægt er að byrja að *stinga út*“. *Forað* var notað í sömu merkingu.

For Satan (orðtak) Blótsyrði í mildari kantinum; ættað frá Dönum. „Ég veit ekki for Satan hvað af þessu varð“!

Fora út (orðtak) Drulla/skíta út; gera skítugt/forugt. „Ansi ertu nú búinn að fora þig mikið út, greyið mitt“!

Forað (n, hk) A. Bleytuseil; drulludý; fúafen. „Féð fer ekki yfir þetta forað“. B. Flagð; tröll. „*Fíflinu skal á foraðið etja*“.

Foraðsblautur (l) Forblautur; rennandi blautur. „Féð er foraðsblautt eftir slagveðrið“.

Foraðsbleyta (n, kvk) Mjög mikil bleyta; einkum notað um bleytu í grasi; mikið náttfall. „Það er enn sama foraðsbleytan; ég var að *preifa á rétt áðan*“.

Foraðsdý / Foraðskelda / Foraðskviksyndi (n, kvk/hk) Drápsdý; botnlaust fen. „Garðurinn liggur fram hjallana og svo niður brekkuna í svonefnt Garðsendadý sem var foraðskelda undir brekkunni“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). „Þarna á milli holtanna eru sumsstaðar stórhættuleg foraðskviksyndi“.

Foraðsrigning / Foraðsembla / Foraðsúrheili (n, kvk) Úrhellisrigning; skýfall. „Ég ætla að láta sjá aðeins með að setja féð út; láta sjá hvort dregur ekki úr þessari foraðsrigningu“.

Foraðsslydda / Foraðsslydduél / Foraðshrið (n, kvk) Mikil og blaut slydda í hvas sviðri. „Það er varla fært milli húsa í þessari foraðsslyddu“.

Foraðsveður (n, hk) Mjög slæmt veður; veðurofsi; *hrakviðri*. „Við látum féð ekki út í þetta foraðsveður“.

Forakt (n, kvk) Fyrirlitning; lítilsvirðing. „Ég ætla nú að sýna þessu þá forakt sem mest ég má“!

Forakta (s) Sniðganga; sýna lítilsvirðingu. „Strákunum hætti til að forakta þessi eindregnu tilmæli að koma strax heim. Stundum þurfti að snudda örlítið í bröndum fyrst“.

Foraktaður (l) Fyrirlitinn; sniðgenginn; sýnt einelti. „Fyrir þessa sérvisku var hann foraktaður af ýmsum“.

Forardý (Forarmýri (n, hk, fto) *Forarveita; foraðskelda*. „Drápsdý nefndust forardý er voru áður í túninu í Sauðlauksdal...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Forarveita / Forarvilpa / Forarsvað (n, kvk) Dýjasvæði; miklar seilar; varasamt svæði vegna bleytu. „Varaðu þig á forarveitunni hér neðanvið“. „Þetta svæði er allt ein forarvilpa sem ekki reyndist unnt að ræsa fram“.

Forarpyttur / Forarkelda (n, kk) Dý: drápsauga. „Gætið ykkar á forarpyttunum; þeir geta leynt á sér“.

Forarsvakki (n, kk) *Mýrarsvakki; Forarveita*. „Fram af Löngumýri er Hreinlætisaugu; forarsvakki“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).

Forarvað (n, hk) Vað/leið yfir forarseil. „Á Réttarkrók var Svartavað á gömlu götunni úr Oddanum; forarvað ofarlega, rétt hjá Stórakrók“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).

Forarþró (n, kvk) *Hlandfor; skítjallari*; þró framanvið fjós sem hland/skítur safnast í.

Foráttubrim (n, hk) Mjög mikið brim; ólendandi með öllu. „Það var komið foráttubrim í landingunni, enda hafði vindur nú snúist til suðvesturs og kominn sortabylur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Forátturigning (n, kvk) *Ausandi rigning; slagveðursrigning*. „Enn heldur hann þessari forátturigningu“.

Foráttustórhrið / Foráttubylur (n, kvk/kk) Glórulaus hriðarbylur, oftast bleytuhríð/slydda. „Það er glórulaus foráttubylur enn“. „Það setti á okkur þvílíka andskotans foráttustórhrið að við urðum gegnblautir“.

Foráttuveður (n, hk) Mjög vont veður; stormur og rigning eða hrið. „Ætlarðu húfulaus út í þetta foráttuveður“?

Forbannað / Forboðið (l) Harðbannað; alveg bannað. „Veistu ekki að það er forbannað að skjóta pokaendur“?

Forblautt á / Foraðsblautt á / Drullublautt á (orðtak) Mikil dökk í grasi; *kafblautt á; fossblautt á*. „Það er ennþá forblautt á. Við breiðum sennilega ekki á næstunni“.

Forblautur (l) Rennandi blautur. „Farðu úr sokkunum krakki; þú ert forblautur í fæturina“!

Fordild (n, kvk) Hégómi; hégómleiki; trú á veraldarglys/metorð. „Þetta er ekkert annað en bévítans fordild“!

Fordildarlaus (l) Hégómalaus; laus við fordóma. „Hann var talinn réttisýnismaður og fordildarlaus“.

Fordjarfa (s) Skemma; eyðileggja; týna. „Einhver hefur fordjarfað neglunni úr bátnum“.

Fordjarfast (s) Týnast; skemmast; eyðileggjast. „Hlunnarnir hafa allir fordjarfast í tímans rás“.

Fordjúpt (l) Hyldjúpt; mjög djúpt. „Sem sagt; þetta er fordjúpt svað“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Fordómafullur (l) Fyrirtektarsamur; fullur hleypidóma. „Kannski er maður stundum fordómafullur“.

Fordómalaus (l) Laus við fordóma.

Fordjörfun (n, kvk) Eyðilegging; glötun. „Hver ber ábyrgð á fordjörfun þessara muna“?

Fordæða (n, kvk) A. Flagð; galdrakerling. B. Hjátrú; villutrú; kukl; fráleitt/skelfilegt. „Hvílík endemis fordæða er að heyra þetta“!

Fordæða er þetta! (orðtak) Upphrópun í mikilli vanþóknun þegar eitthvað gengur mjög illa eða eitthvað þykir með ólíkindum. Fordæða er þá líklegast í merkingunni galdrar eða draugur.

Fordæma (s) Víta; lýsa mikilli andúð á; finna til foráttu. „Fordæmdi hann í flestum atriðum frumvarp það til laga um sameiningu sem fyrir liggur“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ritari ÖG; Ívar Ívarsson um frumvarp Alþingis um sameiningu hreppa 1969).

Fordæmalaust (l) Án fordæma/fyrirmynda; í fyrsta sinn. „Ég held að þetta sé alveg fordæmalaust“.

Forðagæsla / Forðagæslueftirlit (n, kvk) Opinbert eftirlit með heyforða og búfjárhaldi. Forðagæslumenn voru til skamms tíma tveir í Rauðasandshreppi. Þeir fóru milli bæja að hausti; mældu fôðurforða bænda og gáfu álit um ásetning búfjár fyrir veturinn. Aftur komu þeir um síðvetrar til að meta hvernig fôðrast hefði og hvort forði nægði. Fyrrum var hreppnum skipt í forðagæslusvæði; þannig var Rauðisandur sérstakt umdæmi: „Því lengur sem ég skoða og set á, eða hef þetta forðagæslueftirlit, því betur sannfærast ég um að fôðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Forðagæslubók (n, kvk) Bók sem inn eru færðar niðurstöður forðagæslu. „Bók þessi, sem er 240 -tvö hundruð og fjörutíu- tölusetta blaðsíður; gegnum dregin og útbúin með innsigli Barðastrandasýslu, löggildist hér með til að vera forðagæslubók fyrir Rauðasandsumdæmi í Rauðasandshreppi. Skrifstofu Barðastrandasýslu 12. desember 1946; Jóhann Skaptason, sýslumaður Barðastrandasýslu“. (Forðagæslubók Rauðasands).

Forði mér frá því! (orðatiltæki) Upphrópun þegar mælandi *frábiður* sér eitthvað kröftuglega. Upphaflega var „drottinn“ eða „guð“ í byrjun, og orðatiltækið var reyndar oft notað þannig. Stundum sleppt 2 síðustu orðum.

Forðagæsla (n, kvk) Eftirlit með því að bændur eigi nægan heyforða fyrir skepnur sínar og fôðri þær sæmilega.

Forðagæslumaður (n, kk) Eftirlitsmaður á vegum sveitarfélagsins (nú annarra yfirvalda) sem sinnir *forðagæslu*. Forðagæslumenn í Rauðasandshreppi voru tveir, á síðari hluta 20. aldar. Þeir komu í fyrri ferð sína að hausti, að lokinni sláturtíð og um það leyti sem farið var að hýsa fê. Fénaður allur var talinn; hey mæld í álnum; fôðurþörf áætluð og bónda gert viðvart ef hann taldist skorta fôður. Hann varð þá að útvega sér það eða bæta upp með kjarnfôðri. Um vor komu forðagæslumenn aftur, til að meta hvernig fôðrast hefði; hvernig fénaður kæmi undan vetri og hvaða fyrningar væru af heyjum.

Forðagæsluumdæmi (n hk) Svæði sem heyrir undir sama forðagæslumann. „Annarsstaðar bar ekki á kvilla í forðagæsluumdæminu“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1956).

Forði mér frá (orðtak) Styttning á *guð forði mér frá*, en oft notað þannig stytt. „Ég held að maður fari nú ekki að kjósa þannig *apparát* á þing; forði mér frá slíku“!

Forðum daga / Forðumtíð (orðtak/ n, kvk) Í fyrri tíð; fyrrum. „Þetta var allt með öðrum brag forðumtíð“.

Foreldrahús (n, hk, fto) Heima hjá foreldrum. „Ég dvaldi í foreldrahúsum í nokkur ár eftir fermingu“.

Forfallinn (l) Djúpt sokkinn; glataður; hrunninn. „Hann er víst orðinn forfallinn drykkjumaður“.

Forfarinn (l) Leikinn; æfður; laginn. „Hann er talinn forfarinn í þessháttar viðgerðum“.

Forflytja (s) Flytja á milli staða. „Það tekur því ekki að forflytja blásarann yfir víkina fyrir þetta; við mokum þessu bara inni hlöðuna með höndum“.

Forframaður (l) Frægur; upphafinn. „Hann er heldur forframaður núna; búinn að fara í sólarlandið“.

Forfrömun (n, kvk) Upphefð; hækkun í álti; aukin reynsla/þekking. „Honum þótti þetta mikil forfrömun“.

Forfæra (s) Færa til; flytja úr stað. „Það tók nokkurn tíma að forfæra alla áburðarstæðuna“.

Forfæring (n, kvk) Flutningur. „Trillan létti mjög þessar forfæringar“.

Forföll (n, hk, fto) Það að geta ekki komist/ verið viðstaddur; fjarvistir. „Hann boðaði forföll“.

Forgamall (l) Mjög gamall; *afgamall*. „Hér eru einhver forgömul stígvél sem kannski mætti nota“.

Forgangsatíði / Forgangsmál (n, hk) Það sem hefur forgang/ gengur fyrir. „Þetta er algert forgangsatíði“!

Forgefins (ao) Í tilgangsleysi; tókst ekki. „Við reyndum góða stund á þeim miðum, en það var allt forgefins“.

Forgengilegur (l) Hættir til að eyðast/eyðileggjast; skammvinnur. „Ég er viss um að öll blessunarorðin og þakkirnar sem hann fékk fyrir þetta hafa nýst honum betur þessa heims og annars en einhverjir forgengilegir aurar, sem fólk átti reyndar vægast sagt lítið af“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).

Forgylltur (l) Gullsleginn; gullhúðaður; með gullskreytingu. „Ansi eru menn finir í tauinu núna; bara með forgylltum hnöppum og finheitum“!

Forgöngumaður (n, kk) Frumherji; frumkvöðull. „Pabbi var forgöngumaður ýmiskonar framfara í félagsmálum sinnar sveitar“.

Forhalaður (l) Bilaður; flæktur; áhlekkjaður. „Hér er netið eitthvað forhalað; kubburinn hefur slegist inni“.

- Forhalast** (s) Eyðileggjast; bila; týnast; skemmast; *fordjarfast*. „Einhvernveginn hefur þetta forhalast“.
- Forheimska sig** (orðtak) Gera sig að fifli; sýna greindarskort. „Frambjóðandinn þótti hafa forheimskað sig með þessu blaðri. Hann hafði greinilega lítið vit á búskap á þessum slóðum“.
- Forheimskun** (n, kvk) Heimska; heimskupör. „Þvílíka forheimskun hef ég sjaldan fyrirhitt“!
- Forhertur** (l) Harðsvíraður; illa innrættur. „Fjandi ætla þeir að vera forhertir í þessum verðhækkunum“.
- Forhlaupari** (n, kk) Neðsti hluti akkerisfestar/legufæra; keðja sem liggur úr tóginu í akkerið/drekann og gegnir því hlutverki að gera átakið lárétt og hald akkerisins tryggara. „Við drekann var fest svonefndum *forhlaupara*, en það var mjó og liðlega keðja, 20-30 faðmar að lengd. ... Síðan kom stjórafærið, eða hin svonefnda *perllína*; gildur kaðall úr besta hampi. Stjórafærið var 300-350 faðmar á lengd (sem akkeri á skútum)... “ (GG; Skútuöldin).
- Forholning** (n, kvk) *Útgangur*; fyrirkomulag; klæðnaður. „Hverskonar forholning er á þér drengur; ertu í úthverfri peysunni, eða hvað“? „Það er ljóta forholningin á fjósin núna; Búbót hefur slitnið niður halabandið og málað allt í kringum sig uppúr flórnum“!
- Forhönd** (n, kvk) Sá er í forhönd sem fyrstur á að láta út spil í hópspili, s.s. vist, bridds eða þ.h.
- Forkastanlegt** (l) Fráleitt; hneykslanlegt. „Úr þessu urðu svo skríslæti sem mér finnst alveg forkastanleg“ (SG; Bankahrúnið - búskáldabyltingin; Þjhd.Þjms).
- Forkaupsréttur** (n, kk) Réttur kaupa á eign sem gengur framur rétti annars kaupanda, oftast þá þannig að forkaupsréttarhafi gengur inn í hæsta tilboð. Sveitarfélög hafa að jafnaði forkaupsrétt á jörðum. „Ekki nýttur forkaupsréttur að Koti, Krókhúsum, ½ Króki og ½ Stökkum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Forkelast** (s) Kvefast eða kólna um of. „Búðu þig betur ef þú vilt ekki forkelast“.
- Forkostulega** (ao) *Skrýtilega*; furðulega; einkennilega. „Hann gat hermt alveg forkostulega eftir þeim“.
- Forkostulegur** (l) Óborganlega/einstaklega fyndinn/skrýtinn/aðdáunarverður. „Hann Jónsi var alveg forkostulegur í hlutverki hreppstjórans. Þetta er eitt albesta leikrit sem ég hef séð á þorralóti“.
- Forkunnarlaglegur/ Forkunnarfallegur** (l) Afburða fallegur. „Þetta er forkunnarlaglegur bátur“.
- Forkur** (n, kk) A. Gaffall (sjaldan notað þannig í seinni tíð). B. Afburðaduglegur maður; dugnaðarforkur. „Hann er mesti forkur til allrar átakavinnu“.
- Forlagatrú** (n, kvk) Örlagatrú; trúin á að allt, einkum ævi manna, sé ákveðið fyrirfram; „því verði ekki breytt sem fram á að koma“. Fléttast inn í öll trúarbrögð, eins og sjá má m.a. af þíslarsögu Kristis. Sjá *forlög/örlög*.
- Forlata** (s) Afsaka; fyrirgefa. „Þú verður að forlata hvað þetta er lítilfjörlegt með kaffinu“.
- Forlata** (l) Til áhersluauka; Dýrmæta; fína. „Þarna ertu með þennan forlata silfurskjöld“.
- Forlata góður** (orðtak) Mjög/framúrskarandi góður. „Það er folata góð vél í þessum bát; slær aldrei feilpúst“.
- Forlátagripur** (n, kk) Dýrgripur; þéanlegur hlutur. „Þegar hann kom í hádegiskaffið lofaði hann þennan forlátagrip... “ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Forleginn** (l) Gamall; aldraður; *langleginn*; sem hefur legið/geymst lengi. „Þetta reyndist bara hinn ágætasti saltfiskur, þó þetta væri heiðgudur og forleginn fjári“.
- Forljótur** (l) Mjög ljótur; afskaplega ófríður. „Mér finnst þessi bátur forljótur“.
- Forlög** (n, hk, fto) Örlög; það sem mönnum er *áskapað* í upphafi ævinnar um gang hennar og dauða. Margir trúa því að ævi manns sé fyrirfram ákveðin við fæðingu; bæði lífsferill og dánardægur. Virðist sú trú hafa loðað við mannkyn frá fyrstu tíð, og fléttast við önnur trúarbrögð. Sjá *feigur; örlög og skapadægur*.
- Forma** (s) A. Móta. „Mörinn er formaður í töflur“. B. Bera við; snerta á; reyna. „Ég forma það ekki að byrja smölun með svo fáa menn“. „Við urðum að bíða í tvo tíma þangað til við töldum formandi að byrja björgun... “ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Formaður** (n, kk) Skipstjóri á báti. Þetta heiti var einnig notað um skipstjóra á bátum í Kollsvík. Kristján Júlíus Kristjánsson tók saman skrá yfir formenn sem hann mundi eftir að hafi róið úr Kollsvíkurveru, en sjálfur var hann lengi í þeim hópi. Samtals eru þar nöfn 48 manna; þar af voru 9 frá Kollsvík; 2 frá Láganúpi; 8 frá Grundum; 19 frá öðrum bæjum í Rauðasandshreppi; 7 af Barðaströnd og 3 frá Patreksfirði og Tálknafirði. Nefnir hann þar 24 báta þessara formanna, sem hann mundi eftir. (sjá KJK; Kollsvíkurver). „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt formanni; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan. Menn fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Formannavísa (n, kvk) Vísa sem ort er í veri um formann/formenn báta sem þaðan róa. „Enginn kveðskapur var jafn algengur í verstöðvum og formannavísur. Mest af þeim varð til í landlegum, vermönnum til mikillar dægra styttingar. Sama máli gegndi um hásetavísur, vermannadagatöl og skipsvísur. Þessi skáldskapargrein mun vera óþekkt á Norðurlöndum og virðist því sérstæð fyrir Íslendinga“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Vitað er að formannavísur voru ortar í Kollsvíkurlandi og einhverjar þeirra munu enn vera til. „Helgi þegar hratt fram gnoð/ og hervæddist sinni brók,/ þá skalf hvert einasta sköturoð/og skarkolinn andköf tók“ (ÖG; glefsur og minningabrot; formannsvísa um Helga Árnason í Tröð).

Formannskaup (n, hk) Viðbót formanns við skiptahlut sinn; aukahlutur formanns. „Í kvaðarnafni er ábúandi (á Grundum) formaður fyrir landsdrottins (Sauræjarbónda)skipi þar, og hefur í formannskuap höfuðin af skiphlutum“ (AM/PV Jarðabók). Sama kvöð og skiptaregla gildi um bóndann á Hólum.

Formannsrif (n, hk) Aukabiti sem formaður í verum Útvíkna gaf hásetum eftir fyrsta róður og ef einstaklega vel aflaðist, svo og góðum gestum. „Í verstöðvum norðan Bjargs var skammturinn (sem vermaður fékk til *mötu*) hálfvættarkind yfir vertíðina; geld ær eða sauður. Nokkuð af kjötinu var reykt en hitt saltað, og síðan stundum búin til kæfa úr hvoru tveggja. Þar var algengt að formaður hefði með sér, auk kæfunnar, huppa bringukolla og síður, því að þegar gestir komu *bauð hann uppá skrinuna*, eins og það var kallað. Einnig var venja hans að gefa hverjum háseta eitt hangikjötsrif; formannsrifið, eftir fyrsta róðurinn, þá er vel aflaðist. Einnig kom það fyrir að formaður gæfi hásetum bita úr skrinu sinni, auk formannsrifsins, þegar þeir komu að landi dauðlerkaðir með punghlaðinn bát. Slikum formanni gekk oft betur en öðrum að fá háseta, og jók þetta á vinsældir hans“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH).

Formálalaust (l) Án þess að tala fyrst. „Hann gekk ábúðarmikill að túristunum og spurði formálalaust hver hefði gefið þeim leyfi til að aka yfir túnið“.

Formelta (s) Hafa bakflæði fæðu. Bakflæði nefna meltingarfræðingar það þegar neðstu vöðvar vélinda/*vélinda* eru svo slappir að fæða í maga nær að leita aftur upp í munn. Í Rauðasandshreppi var þetta nefnt að „formelta“ matinn; þ.e. ná e.t.v. að tyggja hann betur áður en honum væri aftur rennt ofaní maga. Orðið kann að vera upprunið hjá *nýyrðasmíðnum* GJH, og því ekki gamalt; en það lýsir jákvæðum og vísindalegum skilningi á fyrirbærinu. „Það er nauðsynlegt að formelta dálítið svona tormeltan mat“.

Formennska (n, kvk) Stjórnun báts/nefndar o.fl. „Sá er þetta rifjar upp hafði þarna á hendi formennsku og vélgæslu“ (KJK; Kollsvíkurland).

Formerkja (s) Greina; finna; skynja; *anmerkja*. „Ég get ekki formerkt að hann hefði neitt á móti þessu“. „Ekki gat hún formerkt að neitt ill hlytist af þessu“ (Dagbjört Torfadóttir; upptaka á Ísmús; um huldufólk í Kollsvík)

Formlegheit (n, hk, fto) Síðir; venjur; *ritúal*; *prótókollur*. „Það er óþarfi að vera með einhver formlegheit við þetta; notaðu bara *guðsgafflana* ef þér finnst það betra“. Einnig „*til formlegheita*“ og „*uppá formlegheitin*“.

Formúa (n, kvk) Ógrynni fjár. „Þetta blessað tónlistarhús kostaði víst einhverja formúu af opinberu fé“.

Formúlera (s) Áforma; hugsu fyrir; skipuleggja. „Ég hef nú lítið formúlerað hvernig við gætum farið að“.

Formælingaflaumur / Formælingar (n, kvk, fto) Blótsyrði; *bannsóngur*. „Svona formælingar gagna nú lítið; þér væri nær að fara að hnýta á nýja sökku og renna aftur“!

Forn í orðum/orðavali (orðtak) Notar fornt orðalag/ mikið af gömlum orðum. Á síðari hluta 20 aldar voru enn nokkrir einstaklingar í Rauðasandshreppi svo fornir í orðum að eftir var tekið. Má þar t.d. nefna Guðbjart Guðbjartsson á Láganúpi, sem hélt tryggð við hinn fastkveðna vestfirski framburð alla sína ævi. Af þeim sem lengur lifðu má nefna Óla Ingvarsson á Geitagili, sem manna drýgstur var á notkun orða sem aðrir höfðu síður á hraðbergi lengur.

Forn í skapi (orðtak) Sem hefur fornan hugsunarhátt/ forna trú; oftast notað um galdramenn. „Í þann tíð var maður uppi í Arnarfirði er Benedikt Gabríel nefndist, og var Jónsson. Hann var hvala- og selaskutlari mikill. Talinn var hann forni í skapi og fjölkunnugur, og ekki góður viðfangs ef á hluta hans var gert“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Fornaldarhugsunarháttur (n, kk) Hugafar/viðhorf sem tíðkaðist fyrr á tímum. „Menn eru helst til fastir í þeim fornaldarhugsunarhætti að landsins gæði séu einungis búskapur eða fiskirí“.

Fornaldarvinnubrögð (n, hk, fto) Úreltar aðferðir; óhentugt vinnulag. „Það er óþarfi að nota svona fornaldarvinnubrögð nú á tímum“.

Fornar slóðir (orðtak) Staður sem hefur þýðingu varðandi fortíðina/ var mikilvægur fyrrum. „Þarna var ég kominn á fornar slóðir og minningarnar sóttu að“.

Fornbýll (l) Sá er fornbýll sem á hey frá fyrri árum; mat; verðmæti eða fyrningar af öðru tagi. Afleidd merking er aðhaldssamur; sem lætur vistir endast. „Áttu enn eftir af sælgætinu drengur. Mér þykir þú fornbýll“.

Forneskja (n, kvk) A. Fornir/forsögulegir tímar. „Þetta hefur haldist svona frá því aftanúr grárrí forneskju“. B. Galdrar; kukl; forn kunnátta. „Forneskjunnar fargi létt og fjötur brostinn./ Stendur hann eins og steini lostinn“ (JR; Rósarímur).

Fornfálegur / Fornlegur (l) Forn í útliti; gamaldags; hrumur; úr sér genginn. „Skelfing er þessi bílskrjóður fornfálegur að sjá“. „Neðanvið Vörðubrekkuna er gamall fornlegur stekkur; Stekkur (46). Hann er að nokkru grafinn í jörð og dyr eins og gat inn í kró, þar sem lömbin hafa verið sett í gegn“ (Helgi Einarsson; Örn.skrá Geitagils).

Fornkunningi / Fornvinur (n, kk) Gamall vinur/kunningi. „Þarna hitti ég fornkunningja minn sem ég hef ekki séð lengi“. „Þeir eru fornvínir, og óaðskiljanlegir í flestu“.

Fornmaður (n, kk) A. Fólk landnámsstíðar og sögualdar. „Ekki verður fullyrt um alla lífshætti fornmanna í Kollsvík, en margt má ráða af líkum og samanburði“. B. Örnefni í Láganúpslandi. Aflangur höll í kriknum undir Axlarhjöllum. Sú sögn fylgir hólnum að þar sé heygður fornmaður. Grafið hefur verið í hann, en þar var ekkert að finna nema klappir og aurblandna mól. Sagan kann að hafa myndast af lögun hólsins, en hinsvegar fellur staðsetningin vel að þeirri meginreglu sem virðist hafa verið á staðsetningu grafhauga/kumla. Fornmaður er hæfilega langt frá bæjum; góð heimsýni; gott útsýni; utan túna og með honum liggja þjóðleiðir; norður Umvarp til Kollsvíkur; inn yfir Tunguheiði og á veginn yfir Víknafjall, til Rauðasands og áfram.

Fornótt (n, kvk) Bók sem Einar Jónsson (ættfaðir Kollsvíkurættar) átti, og sumir hafa talið galdraskræðu. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill. Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt. En Gísli Konráðsson segir ennfremur að lítill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því. Bjarni Þórðarson, skáld á Siglunesi, sem var trúmaður mikill, orti sálm til Einars, sen nefndist friþenkjarasálmur. Tekur Gísli í þátt sinn 3 síðustu erindin, en ekki telur hann að Einar hafi svarað þessu. Sú sögn gekk þar vestra á æskuárum mínum um síðustu aldamót (1900) að Einar gamli í Kollsvík, eins og hann var jafnan nefndur, hefði átt bók er Fornótt hét, og geymt hana vandlega. Er þetta líklega afbökun úr Fornuft, með því að bókin hefur óefað verið á dönsku og heitið „Jesus og fornuften“, að ég hygg; enda er það nafn í samræmi við það sem G.K. getur um“ (TÓ; Kollsvíkurætt). „Sú sögn gekk þar vestra á æskuárum mínum (TÓ) um síðustu aldamót (1900) að Einar gamli í Kollsvík, eins og hann var jafnan nefndur, hefði átt bók er „Fornótt“ hét, og geymt hana vandlega. Er þetta líklega afbökun úr „Fornuft“. með því að bókin hefur óefað verið á dönsku og heitið „Jesus og Fornuften““ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Fornumaður (l) Móðgaður. „Stelpan fornumaðist dálítið þegar hún sá einkunirnar“. (n er framb. veikt).

Fornslægja (n, kvk) Dauð sina og jafnvel mosi í heyi/ túni sem slegið er. „Það er ekki að undra þó mikið sé af fornslægju í þessu heyi; þessi blettur var ekki sleginn í fyrra“.

Forn hey (orðak) Gamalt hey; fyrningar frá fyrra ári af heyi. „Það er í góðu lagi að gefa geldfénu fornt hey“. Sjá *tvífornt hey* og *fyrningar*.

Fornuma (s) Móðga; fyrta; stuða. „Ég vildi ekki fornuma hann með því að *vanþakka* kaffið“.

Fornumaður (l) Móðgaður; füll; óánægður. „Hann er eitthvað fornumaður vegna þess að ég bauð honum ekki með“. „Ég er dálítið fornumaður útaf þessum úrslitum“. Einnig heyrðist myndin „fornumaður“, en sjaldnar.

Fornumast (s) Móðgast; fara í fylu. „Það er ástæðulaust að fornunast útaf svona smáræði“.

Forordning (n, kvk) Tilskipun; skipun; boð. „Ég fékk strengilega forordningu frá konunni að vera kominn aftur fyrir kvöldmat“.

Fororð (n, hk) Tilmæli; skilyrði; skipun. „Ég fékk spottann með því fororði að hann yrði ekki notaður í bjargferðir. Hann sagðist ekki vilja bera ábyrgð á því að einhver dræpi sig á því“.

Forpokaður (l) Kreddufullur; haldinn ofstæki. „Hann hefur verið forpokað íhald alla sína tíð!“ Vísar líklega til þess að búa í einangruðum hugarheimi, líkt og í poka. Sama skýring á líklega við orðið *forstokkaður*, sem er líking við að vera tálgaður í tré og geta því ekki aðlagast/ tekið sönsum. Hugsanleg er tenging við orðið *pokaprestur*, en það er fremur ólíklegt.

Forpokun (n, kvk) Kreddufesta; sérvíska. „Oft hef ég kynnst sérvísku, en aldrei svona stækri forpokun“!

Forresten (ao) Eiginlega; þegar öllu er á botninn hvolf. „Hann ræður hvort þú færð að leika þér að þessu dóti; það nú forresten hann sem á það“.

Forretning (n, kvk) Fyrirtæki; verslun; umsvif. „Hann er víst alveg að fara á hausinn með sína forretningu“.

Forréttindapakki (n, hk) Forréttindahyski; skammaryrði um þá sem njóta betra atlætis en aðrir þjóðfélagsþegnar vegna stöðu sinnar, ættar eða annars; án þess að hafa heiðarlega til þess unnið. „Nú er hver

- einasti fisktuttur í sjónum orðinn einkaeign einhvers forréttindapakks; jafnvel þeir sem synda um landhelgi annarra manna. Svona hafa þessir andskotar stýrt lagasetningu í landinu í gegnum árin“!
- Forríkur** (l) Mjög ríkur; veit ekki aura sinna tal. „Sagt er að hann sé orðinn forríkur af þessu braski“.
- Forsenda / Fatsenda** (n, kvk) Festingar færís við fatið/járngjörðina sem liggur kringum vaðstein á færi/handfæri. Forsenda gegndi því hlutverki fyrrum sem sigurnagli gegnir nú.
- Forsett** (l) Fyrir sett/lagt; fyrirskipað. „Ég gerði bara það sem mér var forsett og stóð fyrir í Flosagilinu; þeir hinir áttu að passa að féð rynni ekki upp hlíðina og upp Hjallagötu“!
- Forsjá.** (n, kvk) Fyrirhyggja; varfærni. „Ekki verður þó annað sagt en sjór væri sóttur af kappi en þó með hæfilegri forsjá“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Forsjáll** (l) Fyrirhyggjusamur; hefur vaðið fyrir neðan sig. „Ég var svo forsjáll að hafa með mér nesti“.
- Forsjálmi** (n, kvk) Fyrirhyggja; varfærni. „Við ættum nú að sýna forsjálmi og geyma hluta af þessu“.
- Forsjón** (n, kvk) A. Lukka; almættið sem allt sér fyrir. Svo er forsjóninni fyrir að þakka“. B. Fyrirhyggja; skynsemi. „Mér þykir lítil forsjón að fara á sjó í þessu útliti“.
- Forskala** (s) Múra; setja múrhúð utan á klæðningu. „Láganúpshúsið var forskalað að utan“.
- Forskaling** (n, kvk) Múrhúð, einkum utaná timburhúsi. „Forskalingin er farin að brotna og falla af sumsstaðar“.
- Forskillegur** (l) Mismunandi; ýmis. „Í þessum stökk eru hinar forskillegustu gersemar“.
- Forskriftabók** (n, kvk) Línustrikuð bók sem ætluð er til æfinga í skrift. Fremst í hverri línu er stafur sem hafður er sem fyrirmynd. Sjá *gefa forskrift*.
- Forskrúfa** (s) Herða skrúfbolta/ró of mikið, þannig að gengjur *forhalist*/skemmist. „Þessi ró er forskrúfuð“.
- Forslá** (s) Stinga uppá. „Ég ætla bara að forslá að þið gistið hér yfir nóttina“. Ekki mikið notað í seinni tíð.
- Forsmá** (s) Lítilsvirða; vanvirða; gera lítið úr; fordæma. „Ég ætlaði nú ekki að fara að setjast hér upp í mat, en ekki ætla ég að forsmá þennan dýrindis *hrisingjónavelling*“.
- Forsmán** (n, kvk) Skömm; niðurlægning. „Forsmán er að heyrja í þér bullið“! „Það er náttúrulega algjör forsmán þegar forseti tekur ráðin af löglega kjörinni ríkisstjórn“.
- Forsmánarlega** (ao) Til skammar; skammarlega. „Þetta er forsmánarlega lítið sem þú færð með kaffinu núna“.
- Forsorga** (s) Sjá um; framfæra (dönskusetta sem fyrrum var algeng). „Húsmaður hjá Jóni (bónda í Kollsvík) er bróðir hans með konu sinni, sem fororgar sig og hana á sjáfarafra og hefur hvorki grasnyt nje fyrirsvar, nema það sem bróðirinn ljær honum“ (AM/PV Jarðabók).
- Forsóma / Forsmá** (s) Lítilsvirða; vanþakka. „Ég stoppa aðeins lengur fyrst þú helltir uppá kaffi. Ekki ætla ég að forsóma það“. „Stjórnarandstaðan keppist við að forsmá þennan árangur ríkisstjórnarinnar“.
- Forsorga** (s) Sjá um; bera fyrir brjósti. „Ætli þurfi ekki eitthvað að fororga lambeymingjann“.
- Forsóma** (s) Vanvirða; vanrækja. „Ekki er hægt að forsóma þetta ágæta boð“.
- Forspá** (n, kvk) Spá; ágiskanir. „Mín forspá reyndist rétt í aðalatriðum“.
- Forsprakki** (n, kk) Sá sem stjórnar/ á upptökin; fyrirlíði. „Hann var forsprakki að þessum leiðangri“.
- Forspurður** (l) Ekki spurður. „Við förum ekki í egg að landeiganda forspurðum“.
- Forstagur** (n, kk) Stag til fremri festingar á siglu í báti, strekkt frá siglutoppi á ská niðuri framstafn.
- Forstokkaður** (l) Forhertur; óforbetranlegur; forfallinn. „Hann er alveg forstokkaður í þeim efnunum“. Sjá *forpokaður*.
- Forstokkun** (n, kvk) Forneskja; rótgróin íhaldsemi; *pápíska*. „Hún var svo þver að það *jaðraði* við forstokkun“.
- Forstreymis** (ao) Undan straumi; gagnstætt við *andstreymis*. „Færin *rak á glæ* forstreymis þegar herti fallið“.
- Forsvara** (s) Verja; *bera blak af*. „Það er erfitt að forsvara frekari fjáraustur í þetta tilgangslausa verkefni“.
- Forsvarandi** (l) Verjandi; afsakanlegt. „Það er ekki forsvarandi að fara um hlíðina í þessari hálfu“.
- Forsvaranlega** (ao) Þannig að verjandi sé; vandlega. „Gakktu nú forsvaranlega frá hnútunum“.
- Forsvaranlegt** (l) Verjandi; afsakanlegt. „Mér finnst það varla forsvaranlegt að láta skepnuna þjást lengur“.
- Forsæla** (n, kvk) Skuggi; var fyrir sólskini. „Í svona *breyskjuhita* er gott að komast í forsæluna“.
- Forsögn** (n, kvk) Spá; spádómur. „Það hefði einhverntíma þótt forsögn að mannlaust yrði í Kollsvík“.
- Forsöngvari** (n, kk) Sá sem leiðir söng í hópsöng/kórsöng. „Grundarsystkinin voru afburða söngmenn. Halldóra amma var nánast alltaf syngjandi eða raulandi; hafði skæra og fallega rödd og kunni ógrynni af sönglögum. Júlíus í Tungu, bróðir hennar, var mikill söngmaður og einatt forsöngvari á fundum og

samkomum. Til síðs var að allir risu úr sætum og syngju fjöldasöng þegar fólk úr sveitinni hittist á samkomum; hvort sem það voru skólasetningar, skólaslit, kaupfélagsfundir, hreppsfundir, þjóðhátíðarhöld, jólaskemmtun eða annað tilefni. Sá síður hafði þroskast vel í ungmennafélögum; ekki síst í Kollsvík“.

Fort (ao) Harkalega; hratt; af afli. „Ekki reka fort á eftir fénu; það þarf tíma til að *lera sig* inn í réttina“.

Fortaka (s) Banna; útiloka; *afslá*. „Hann fortók það með öllu að þeir fengju að taka egg í sínu landi“. „Ekki ætla ég að fortaka það að úr þessu rætist“.

Fortakslaust (ao) Ákveðið; án undantekninga. „Hann bannaði þeim fortakslaust að stíga fæti á sitt land“.

Fortekið (l) Útilokað; kemur ekki til greina. „Þeir sögðu þetta mjög ólíklegt; en ekki er það þó alveg fortekið“.

Fortölur (n, kvk, fto) Röksemdafærsla; tilraun til að sannfæra á annan veg/ *telja um fyrir*. „Það dugðu hvorki hótanir né fortölur; hann *sat fast við sinn keip*“. „En ég hafði ekki áhuga og fór ekki nema upp í stigagatið og lét hlerann hvíla á mér og fór ekki lengra, þrátt fyrir fortölur“ (IG; Æskuminningar).

Forugur (l) Ataður eðju/for/drullu. „Fjandi varð ég forugur við að hjálpa kindinni uppúr“.

Forugur uppfyrir haus (orðtak) Mjög skítugur; allur *drullugur*. „Farðu nú úr böslunum úti og þvoðu þér áður en þú kemur inni hús; þú ert allur forugur uppfyrir haus“!

Forundarlegt (l) Mjög undarlegt/skrýtið. „Mér fannst þetta alveg forundarlegt í fyrstu“.

Forundran (n, kvk) Mikil undrun; steinhissa. „Ég fylgdist bara með þessu sjónarspili í forundran“.

Forundrandi (l) Mjög undrandi; steinhissa. „Ég er nú bara forundrandi á þessu háttalagi“!

Forundrunarsvipur (n, kk) Svipur sem lýsir mikilli undrun. „Hann setti upp forundrunarsvip og þóttist ekkert vita“.

Forundrunarvert (l) Furðulegt; mjög einkennilegt. „Ég kalla það forundrunarvert að þeir skyldu bjargast“

Forút (ao) Framvegis; allt til enda; eins langt og séð verður. Bæði notað um stað og tíma. „Ég er nú farinn að halda að hann ætli að liggja í rigningum alveg forút“! Þau fáu dæmi sem finnast í orðabókum sýna eilítið aðra merkingu; þ.e. eingöngu „út“.

Forvaði (n, kk) Sjávarklettur sem nær fram í sjó á flæði en *gengt* er fyrir um fjöru eða *hálfallið*. „Víða eru forvaðar undir nesjum og hlíðum. T.d. undir Blakk, Hnífum og Breið“. Fyrrum var heitið í í hvorugkyni; „forvað“, og frá þeim tíma er orðtakið *síðustu forvöð*.

Forvara (s) Varðveita. „Nei, drottinn forvari mig; það dettur mér ekki 'hug'! Lítið notað í seinni tíð.“

Forvari (n, kk) Fyrirvari; *varnagli*. „Ég lofaði að koma, en hafði þann forvara á að ég gæti forfallast“.

Forvegur (n, kk) Sjá „*í forveginn*“. Eingöngu notað í því orðtaki.

Forveri (n, kk) Sá sem er/var á undan. „Forveri minn í starfi var einstaklega laginn við þetta“.

Forvitnast (s) Athuga; frýnast; skoða. „Ég kom bara til að forvitnast um hvað þú værir að *bedrifa*“.

Forviða (l) Hissa; hlessa; mjög undrandi. „Ég er nú aldeilis forviða yfir þessu“!

Forviðris (ao) Undan veðri/vindátt; í skjóli. „Ég beið forviðris við klettinn meðan elið gekk yfir“.

Forvitnast um (orðtak) Inna eftir; spyrja um; frýnast/hnýsast/garva í. „Mig langar að forvitnast um það hjá þér hvort þú manst eftir þessu“?

Forvígismaður (n, kk) Sá sem er fremstur í víglínu/baráttu; sá sem knýr málefni fram. „Pabbi var forvígismaður margra framfaramála í hreppnum á sinni oddvitatið“.

Forynja (n, kvk) Óvættur; ókind; ófreskja. „Ég áttaði mig ekki strax á hvaða forynja kom þarna útúr þokunni“.

Forystukind (n, kvk) Kind sem hefur sérstakt viljaprek og er gjörn á að hafa forystu fyrir fjárhópi. Bæði kindur og kýr koma sér upp virðingarstiga (líkt og fuglar goggunarröð). Forystukindur eru frekari, úrræðabetri og drottunargjarnari en aðrar í hópnum. Oft leiða þær hópinn, t.d. í beitarrekstrum og fjöruferðum; í heimferðum; í því að sækja í tún og öðru. Þessi eiginleiki gengur gjarnan í erfðir eins og fleira. Einatt var talað um forystukindur í Kollsvík en orðabækur nefna „forystuær“.

„Forystufé er hvergi þekkt í heiminum nema á Íslandi, en hér hefur það verið um aldir og löngum verið mikils metið. Í Jónsbók eru forystusauðir taldir metfé, en það þýddi að þeir voru í hærra verði en aðrar kindur. Forystukindur hafa það í eðli sínu að fara á undan fjárhóp í rekstri. Aðrar kindur í hópnum treysta forystukindinni og fylgja henni eftir yfir svo að segja hvað sem er. Í göngum uppi á hálendinu kom það fyrir, ef gangnamenn fengu dimmar hríðar og voru ekki vissir um að rata, að þeir treystu á forystuféð og létu það ráða ferðinni“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Tekið var mark á hegðun forystufjár varðandi veðurspádóma. Lægi það frammi við fjárhúsdyr boðaði það góðviðri, en illviðri ef það lá innst í garða eða hélt sig aftarlega í fjárhópnum.

Forystusauður (n, kk) Sauður sem hefur forystu fyrir fjárhópi (sjá *forystukind*). „Þá er það eitt sinn að smalamaður Einars í Kollsvík kom með þær fréttir að forystusauður eða besti sauður Einars hafi fundist fótbotinn og dauður, svo að ekki geti talist einleikið“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Forþentur (l) Verðugur. „Nú held ég að við ættum að fá okkur vel forþent nesti“.

Foræði (n, hk) Forarvilpa; for; seil; dý. „Állinn er nú orðinn þurr, en var áður hálfgerð foræði...“ (ÓÍÓ; Örn.skrá Vesturbots).

Foræðismýri (n, kvk) Botnlaus úafæn; mörg samfelld drápsdý. „Varið ykkur á Hestkeldunni; hún er bölvuð foræðismýri“.

Foröktun (n, kvk) Fyrirlitning; óhlýðni. „Túnrollurnar sýna hundinum ekkert nema foröktun; þeim er nokk sama hvað hann gjammar og *sperrir sig*“.

Fossaföll (n, hk, fto) Margir fossar. „Atgangurinn getur orðið mikill í leysingum þegar Gilið steypist niður af Hjöllunum í háværum fossaföllum; rennur á huldu þar sem þrengst er, en breiðir annarsstaðar úr sér eins og stórfljót; djúprænt að lit og ófært hverri skepnu. Getur byggt krapastíflur á svipstundu og hlaupið uppúr farvegi sínum, tildæmis niður Flötina. Er þá hætt við að flæði inn í verkfærahús og jafnvel í hlöður. Kaldabrunnslækurinn yfiryllist og Fitin verður eins og innhaf yfir að líta“.

Fossblautt á (orðtak) Mjög blaut jörð; mjög mikil dökk í grasi; *forblautt á*. „Það er enn fossblautt á; við hreyfum ekki mikið hey í dag sýnist mér“.

Fossblæða (s) Blæða mjög mikið úr sári. „Það fossblæðir úr þessu. Farðu og fáðu bundið um puttann“.

Fossandi úrhelli (orðtak) Fossrigning; úrhellisrigning. „Það gerði allt í einu slíkt fossandi úrhelli að vatnspollar mynduðust í hverri laut og holu“.

Fossrigna (s) Rigna mjög mikið; hellirigna; rigna eins og hellt væri úr fötu. „Við vorum rétt komnir heim á Ormana þegar hann fór að fossrigna“.

Fossrigning / Fossdamba (n, kvk) Mjög mikil rigning; *hellirigning*; *eins og hellt sé úr fötu*. „Þvílík andskotans fossrigning er þetta! Maður er *innúr* um leið“! „Ég hef nú sjaldan upplifað svona fossdambu“!

Fossvaðandi (n, kk) Mjög mikil bleyta á jörð/ í grasi. „Árans fossvaðandi hefur orðið úr þessu náttfalli; hann verður tíma að *þorna af* í þessu logni“! Sjá *vaðandi*.

Foxandi illur/vondur / Foxillur / Foxvondur (l) *Blóðillur*; fjúkandi reiður; *fokillur*; *fokvondur*; *saltvondur*. „Hann er foxillur yfir þessari meðferð“. „Ég er bara foxvondur yfir þessari fjandans vitleysu“! Líklega sama orðið og fokillur/fokvondur, en „s“ komið inni vegna framburðarhagræðis og til áhersluauka. „Andi“-endingin er líklega tilkomin til að auka hrynjandi og áherslu. „Hún varð foxandi vond við að heyra þetta“.

Fóðra (s) A. Gefa skepnu fóður að éta. „Það þarf að fóðar gemlingana vel ef á að hleypa til þeirra hrút í vetur“. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fóðra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931). B. Setja fóður/ innra byrði í jakka eða aðra flík; setja innra lag í rými, s.s. veggfóðra. C. Afsaka; helga tilgang. „Það getur orðið dálítið erfitt fyrir hann að fóðra þennan gerning fyrir öðrum félagsmönnum“.

Fóðrafé (n, hk) Fé sem einn maður tekur í fóður fyrir annan. „Einnig er fjáreigandi fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé; einnig fóðrafé og hagagöngufé...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Fóðrun (n, kvk) Það að *fóðra* (sjá þar).

Fóðurblöndun (n, kvk) Það að blanda saman ýmiskonar fóðri áður en skepna er fóðruð. Frá fornu farið hefur fóðurblöndun verið stunduð í Kollsvík og öðrum útræðisstöðum. Skepnum var gefið slóg/rask úr fiski með heyjum, ásamt t.d. saxaðri grásleppu. Lýsi var mikið notað með heyjum. Eftir miðja 20. öld var fengin söltuð síld sem söxuð var með heyjum og einnig var gefið mais og bygg. fljótlega eftir það fór einnig að koma blandaður fóðurbætir úr verksmiðju; fyrst sem fóðurmél en síðar sem fóðurkögglar. Eftir að Kollsvíkurbændur fóru að gera út á grásleppuhrogn var grásleppan um tíma verkuð í meltu, með maurasýru, og henni hellt yfir heyin. Saltsteinar voru hafðir aðgengilegir fyrir fé, eftir að þeir urðu tiltækir, en fé sem gekk í fjöru og haga fékk þar mikið af nauðsynlegum bætiefnum.

Fóðurbætir (n, kk) Kjarnfóður; kraftmikið fóður sem gefið er búfé með heyjum. „Talsverð vinna fór í að bleyta, berja og höggva fiskibein, en þau voru eini fóðurbætirinn sem féð fékk, auk lýsis sem gefið var alla vetur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Síðar var notaður aðkeyptur fóðurbætir. „Hausar og hryggir voru einnig fóðurbætir bænda hér. Lifrín var líka oftast hirt á tunnur og látin renna sjálf. Var henni blandað í hey á veturna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Fóðurbætisgeymsla (n, kvk) Geymsla fyrir fóðurbæti, þannig að hann sé öruggur bæði fyrir að skepnur komist ekki í hann og fyrir rakaskemmdum. „Kassinn undan Farmalnum var lengi notaður sem fóðurbætisgeymsla í hlöðunni á Láganúpi, en endaði ævina sem reykingakofi niðri í Kaldabrunni“.

Fóðurbætisjata (n, kvk) Aflangur stokkur sem settur er upp úti í girðingarhólfi til að gefa nýbornum kindum fóðurbæti; einkum tvílembum sem þurfa kjarnfóður til að mjólka lömbum sínum vel. Gerð úr borðvíði.

Fóðurbætiskaup (n, hk, fto) Kaup á fóðurbæti. „Þetta síðasta sumar var votviðrasamt svo varla er munað annað eins jafnlengi. Hey urðu að mestu öll hrakin og urðu sumstaðar til á túnnum. Fóðurbætiskaup urðu því feikna mikil“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1955).

Fóðurbætislán (n, hk) Lán sem veitt er bónda til kaupa á kraftfóðri/fóðurbæti, t.d. í erfiðum heyskaparárum. „Greiðsla af fóðurbætislánum bænda frá 1955“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; hreppsnefndarfundur 16.01.1959; ritari S.J.Th. oddviti).

Fóðurbætisskál (n, kvk) Skál til að gefa einni skepnu fóðurbæti. „Oft þarf að gefa einni skepnu meiri næringu en annari; svo sem tvílembdum, snemmbornum ám og nýbornum kúm, og var það tíðum gert með fóðurbæti. Til þess var hentugt að nota netakúlur úr áli, sem oft rak á fjörur fyrrum; þær voru teknar í sundur og tekinn af þeim hankinn. Fóðurbætisskál var einnig notuð til að ausa uppúr fóðurbætispokum“.

Fóðurdrýgindi (n, hk, fto) Það sem verður til sparnaðar á fóðurbirgðum/heyjum. „Til fóðurdrýginda var fénu stundum gefin saltsíld eða grásleppuslang. Meðan verstaða var í Kollsvík var því gefið fiskdálkar“.

Fóðurgangur (n, kk) Gangur í hlöðu eða skepnuhúsi sem farið er um með hey. „Ég sópaði fóðurganginn“.

Fóðurlétt (l) Um búskaparskilyrði; lítil þörf á *vetrarfóðrun* sauðfjár í venjulegu árferði. „Í Kollsvík er góð útbeit fyrir sauðfé að vetrum; bæði hagabeit og fjörubeit. Þar er því mjög fóðurlétt í meðalári“.

Fóðurmél (n, hk) Fóðurbæti; fóðurmjöl. „Gættu þess að sáldra ekki fóðurmélinu á hausana á fénu“!

Fóðurvöntun (n, kvk) Skortur á fóðri/heyi fyrir búfé. „Tilkynning um fóðurvöntun bónda“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). „Þá er fram liðu stundir kom í ljós að fóðurvöntun var almennt meiri en álitíð var skoðunardagana“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1920).

Fólksflótti (n, kk) Hröð og óeðlileg fækkun íbúa á svæði. „Samhliða því fækkar fólki í Víkinni; það flyst burtu, einkum til Patreksfjarðar eða til Reykjavíkur. Fólksflóttinn frá smábátaútgerð og frumstæðu búskaparbasli er byrjaður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fólksfæð (n, kvk) Fámenni; lítið um fólk. „Hrun byggða í Kollavík, og síðan í öllum Rauðasandshreppi, hefur glögglega leitt í ljós hvernig blómlega samfélög molna vegna fólksfæðar. Fyrsta fórnarlambið er félagslíf og samhljálpi sem ekki er bráðnaudsynleg, en menn hafa sér til afþreyingar og lífsuppfyllingar. Næst fara innviðir sem samfélaginu eru nauðsynlegir s.s. velferðarstofnanir, skólar, verslun o.fl., auk þess sem félagslegum þroska fer stórlega aftur. Síðast molna grunnstoðirnar, s.s. vegakerfi, orkudreifing, póstdreifing og annað slíkt. Eftir sitja þessar fornfrægu og gjöfulu byggðir sem augnstungnir afþreyingarstaðir fyrir burtfluttar ættir og ferðafólk úr þéttbýlinu. Þannig hafa nútíma stjórnarhættir leikið land forfeðranna: Það sem hallærum og drepsóttunum mistókst á umliðnum öldum hafa fávísir stjórnarherrar klárað með glans“! „Meðan það ástand ríkir að jarðir fara í eyði og eyðijarðir byggjast ekki, og þar af leiðandi fólksfæð til að inna fjallskil af hendi...“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 24.03.1962; ritari ÖG).

Fólksvagn (n, kk) Bíll af gerðinni Volkswagen, oftast þá átt við litlu fólksbílana sem nefndust „bjöllur“. „Ertu kominn á nýjan fólksbíl Dóri?“

Fólksubragð / Fólksuverk (n, hk/kk) Illur verknaður; óþverraháttur. „Svona framferði hlýtur nú bara að teljast meiriháttar fólksubragð, þegar lítilmagnar eiga í hlut“.

Fór betur en á horfðist (orðtak) Endaði betur en stefndi í. „Það var *óglæsilegt* að sjá lambhrútinn velta niður hlíðina, en það fór betur en á horfðist“.

Fór góður biti í hundskjaf (orðtak) Fór það góða forgörðum; glataðist það eigulega/girnilega. „Hann varð höndum seinni að krækja í þennan kvenkost. Sumir gætu sagt að þar færi góður biti í hundskjaf“. Sjá *þar fór góður biti í hundskjaf*.

Fórna höndum (orðtak) Slá upp/ frá sér höndum í skelfingu/æsingi. „Ég fórnaði höndum þegar ég sá þetta“.

Fórnarlund / Fórnfyssi (n, kvk) Óeigingirni; auðmýkt. „Sýnir þetta e.t.v. betur en flest annað fórnarlund hans, ósérhlífni og drengskap“ (ÖG; minn.grein um AK).

Fórnfús (l) Sem er reiðubúinn að fórna miklu. „Kr. Júl. Kristjánsson þakkaði Hafsteini fyrir fórnfúst starf í þessum málum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fósi (n, kk) A. Fauskur; höfðingi. „Þeir ráða þessu; fósarnir fyrir sunnan“. B. Kóngur í spilum.

- Fósturjörð** (n, kvk) A. Jörðin/landið sem maður lifir á. „Ó fögur er vor fósturjörð...“ B. Gæluheiti um hafsbotninn. „Þú ert sko ekki með neina lúðu góði minn; þetta er bara fósturjörðin“!
- Fóstursonur / Fósturdóttir / Fósturbarn** (n, kk/kvk/hk) Barn uppalið af þeim sem ekki eru blóðforeldrar. „Einn úr hópnum var fóstursonur hans...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Fótaturður** (n, kk) Göngulag. „Gunnsi sagði að svona fótaturður nefndist þúfnavagg. Hann hefði hvergi séð það nema hjá einstaka Kollsvíkingsi og hjá geimförum sem lent hefðu á Tunglinu“.
- Fótabúnaður** (n, kk) Skóbúnaður. „Gúmmískór eru stórhættulegur fótabúnaður í klettum“.
- Fóta sig** (orðtak) *Lappa sig; ná fötfestu*. „Það er dálítið erfitt að fóta sig í þessari hálfu“.
- Fótafeiti** (n, kvk) Fita sem safnað var af soði sviðalappa. Hún var notuð sem alhliða feiti og sáraáburður. „*Smolt* var notað í ull þegar verið var að kember, til að mýkja hana. Yfirleitt var það samt fótafeiti. Þetta er svolítið svipað; storknaði ekki“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Sumar tóvinnukonur báru fótafeiti af soðnum sviðalöppum samn við þelið til að það kembdist betur og hægt væri að teygja það í finni þráð við spunann“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *tóvinna*.
- Fótaferðartími** (n, kk) Tími til að fara á fætur; morguntími. „Hann svaf langt framyfir fótaferðatíma“.
- Fótalaus** (l) A. Án fóta. „Þeir komast furðu hratt yfir, maðkarnir, þó fótalausir séu“. B. Svo þreyttur að maður finnur ekki til fóta. „Ég er alveg fótalaus eftir þessa göngu“. C. Hlaupa svo hratt að fætur sjáist ekki. „Tuddinn sperrti sig allt hvað af tók, en strákur hljóp fótalaust yfir allar hindranir og náði að fleygja sér yfir girðinguna í þann mund sem boli *kom aðvífandi*“.
- Fótaskortur** (n, kk) Hras; fall á göngu. „Gætið nú að ykkur þarna í þræðingnum; að verða ekki fótaskortur“.
- Fótavist** (n, kvk) Það að vera á fótum/ geta gengið um. „Hann er ári slappur karlanginn, en hann hefur samt fótavist ennþá og minnið er ekkert farið að gefa sig“.
- Fótband** (n, hk) Band sem brugðið er um annan framfót stórgrips; neðan lagklaufa, svo hann sé meðfærilegri í taumi. „Við ættum að hafa fótband á nautinu, til öryggis“.
- Fótbrot** (n, hk) Brot á fæti. Fótbrot kinda voru nokkuð algeng eftir að grindur fóru að tíðkast í fjárhúsum, enda var timbrið í þeim fljótt að slitna og þá festu kindur sig í grindunum og fótbrotuðu iðulega við það. Margir voru lagnir við að búa um fótbrot með spelkum og umbúðum, og oft greri brotið sem heilt á eftir. Bein voru gjarnan brotin til mergjar, en þjóðtrúin segir að ekki megi brjóta sauðalegg því þá fótbrotni lifandi kind.
- Fótfesta** (n, kvk) Staður sem veitir öruggt stig fyrir fót við bjargklifur eða göngu í brattlendi. „Það er auðvitað mikið auðveldara fyrir dráttarmenn ef maður nær góðri fötfestu, heldur en að vera dreginn í lofti“.
- Fótfrár** (l) Léttur á fæti; fljótur að hlaupa. „Stóðst það oft á endum að báðir komu jafnsnemma í Verið; bátsverjar og hinir fótfráu æskumenn, sem ekki víluðu fyrir sér að spretta úr spori undir leiðarlokin“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fótgangandi** (l) Gangandi; á fæti. „Þá fengum við úr Rauðasandshreppi leyfi skólastjóra til þess að fara fótgangandi vestur yfir heiðar og fá bátsferðir yfir firði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Fótfúinn** (l) Slæmur í fótum; stirður til gangs. „Maður gerist nú heldur gamall og fótfúinn fyrir svona ferðir“.
- Fóthvatur / Fótlipur** (l) Sprettharður; fjótur að hlaupa; snar. „Mikið skolli er hann fóthvatur drengurinn“!
- Fótkaldur** (l) A. Kaldur á fótum. „Skelfing ertu orðinn fótkaldur drengur; þú ert blóðrauður á tánum“! B. Hættir til að fá fótkulda. „Ég þarf að fá mér inniskó; ég er orðinn svo fótkaldur í seinni tíð“.
- Fótkuldi** (n, kk) Kuldi sem sækir á fæturna. „Skelfingar fótkuldi er alltaf í húsinu hjá þeim“.
- Fótlama** (l) Bagaður/meiddur á fæti; snúinn á ökkla. „Ég er bara hálf fótlama, annars kæmi ég með ykkur“.
- Fótlatur** (l) Latur til gangs; nennir ekki að fara/ganga. „Ég er nú frekar fótlatur að fara svona í erindisleysu“.
- Fótstuttur** (l) *Klofstuttur; stuttur til klofsins*. „Þú ferð nú ekki hratt í smalamenskum, stubburinn minn, meðan þú ert ennþá svona fótstuttur“.
- Fótur fyrir** (orðtak) Sannindi; við rök að styðjast. „Eg held varla að það sé nokkur fótur fyrir þessu rugli“. Sjá *flugufötur fyrir*.
- Fótviss** (l) Öruggur á göngu/í klettklifri. „Hann var furðu fótviss sá gamli þegar hann hljóp yfir urðina“. „Fjaran er þó fær sæmilega fótvissu fólki, norður að Helluvogi...“ (HÖ; Fjaran).
- Frakkneska** (n, kvk) Eldra heiti á tungumáli því sem nú er einatt nefnt franska. „Vatneyringar voru vanir hieimsóknum Frakka, þar sem þangað komu fiskiduggur þeirra á hverju sumri og töluðu allir mál það er þeir kölluðu frakknesku, en Frakkar kölluðu Íslensku; skildu hvorir aðra mæta vel“ (um Frakka á Vatneyri 1808; ók.höf; Árb.Barð 1955-56).

Frakkneskur (l) Franskur. „Síðla sumars 1808 komu þrjú herskip frakknesk inn á Vatneyrarhöfn og léttu þar akkerum“ ... „Þessa mánuði streymdi frakkneskt gull yfir Vatneyri“ (um Frakka á Vatneyri 1808; ók.höf; Árb.Barð 1955-56).

Frakkur (l) Frekur; ágengur; áráðinn. „Mér þykir hann ári frakkur, að heimta þetta“!

Fram (ao) A. Áttavísun. Fram merkir ekki það sama allsstaðar á landinu. Í munni íbúa Rauðasandshrepps og e.t.v. víðar á Vestfjörðum, merkir það áttina upp landið; frá sjó. Að fara fram dalinn merkir að fara frá sjó og uppeftir landinu, en í sumum landshlutum er merkingin þveröfug. „Það er fé lengst frammi í Vatnadal; framan við Kollsvíkurtó“. „Framan við bæinn (fram merkir frá sjó) er Dagmálagil“ (Örnefnaskrá Skápadals). „Var jólatréð *heimagert* og bundinn á það einir sem sóttur var fram í Vatnadal“ (ÖG; Glefsur og minningabrot). B. Fram á sjó. Orðið breytir um merkingu þegar kemur út fyrir landsteina, þar sem þá merkir það áttina frá landi. „Það er gott sjóveður; ég held að við ættum að fara fram“. „Það er lítið að hafa hér uppi á grunni núna. Við skulum sigla lengra fram og reyna þar“. „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Fram að þessu (orðtak) Hingað til; til þessa dags. „Fram að þessu hafði verkmenning þjóðarinnar litlum breytingum tekið, allt frá landnámstíð“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fram á grafarbakkan (orðtak) Þar til yfir lýkur; til dauðadags. „Frá því ég man eftir mér heima á Lambavatni varst þú alltaf raulandi og syngjandi, og það gerðir þú fram á grafarbakkan“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Fram á milli fella (orðtak) Staðbundið orðalag, sem vísar til þess að fara frá Láganúpi, t.d. með fé til beitar, fram Tún; uppá Fremri-Hjalla; upp Sandslágarkjafi og um skarðið sunnanvið Litlafell; um Kjóavötn og framí Skarð; úti Pálslaut; eða Smávatnabrekkur/Stórvatnsbrekkur í Vatnadal. Ekki er því farið á milli Stórafells og Litlafells, eins og orðalagið gæti bent til.

Fram á Víkina (orðtak) Til hafs; fram/út á Kollsvíkina. „Væri ekki ráð að róa herna fram á Víkina og renna í þessi gjör, sem hafa staðið uppi síðan í morgun“.

Fram á rauðanótt (orðtak) Langt framá nótt. „Vertu nú ekki að lesa framá rauðanótt; þú þarft að vakna í fyrramálið“.

Fram í fingurgóma (orðtak) Allur; *eins og hann leggur sig*; algerlega. „Þetta er ágætis náungi, en hann er helblátt í hald alveg framí fingurgóma“!

Fram í rauðan dauðann (orðtak) Áhersluorð; oftast um mikla þrjúsku/sannfæringu. „Hann verður tryggur sínum flokki fram í rauðan dauðann; sama hvaða *afglöp* sá flokkur fremur“.

Fram í snjóa (orðtak) Þar til fer að snjóa að hausti. „Það er ekkert betra að geyma þessar smalamennskur fram í snjóa“!

Fram og til baka (orðtak) *Afturábak og áfram*; úr einni átt til öndverðrar. „Ég gekk fram og til baka á Bökkunum til að halda á mér hita meðan féð beitti sér í fjörinni“.

Fram úr (öllu) hófi / Fram úr máta (orðtak) *Yfirmáta* mikið; *helst til* mikið. „Hann var alltaf glaðlyndur, en fram úr hófi stríðinn“.

Framaf (ao) Framfyrir/niðurfyrir brúnina. „Farðu varlega að gemlingnum þarna á brúninni, svo hann stökkvi ekki framaf“.

Framanað (ao) Að framanverðu; framantil. „Mér finnst nú alltaf betra að koma framanað málunum“.

Framanaf (ao) Í byrjun/upphafi; á fyrri helmingi. „Framanaf ævinni fór maður í egg á hverju vori“. „Framanaf var Ekkna- og munaðarleysingjasjóður í umsjá deildarinnar, og var sama stjórn hans og deildarinnar“ (ÖG; Slysavarnadeildin Bræðrabandið).

Framanfrá (ao) Að framanverðu; réttu megin. „Gættu a þér þegar þú kemur að ljósavélinni framanfrá í þessu myrkri; að reka þig ekki í ásinn“.

Framaní (ao) Inni/uppi í að framanverðu. „Mér sýnist vera kind á hillunni framaní efri klettunum“.

Framansagt (l) Um ritmál; það sem hér fyrr stendur skrifað. „Framansagt er alveg á mína ábyrgð“.

Framantil (ao) Að framanverðu; framan við miðju. „Vertu frekar framantil í bátunum svo hann sitji réttari í sjónum á siglingu“.

Framanundir (fo) Undir að framan/framanfrá. „Mér heyrir vera eitthvað bank framanundir bílnum“.

Framanúr (ao) Úr/af að framanverðu. „Ég ætla að strjúka framanúr mér mesta skítinn“. „Það varð töluvert hrun framanúr klettunum“. „Þeir eru enn ókomnir framanúr Vatnadal“.

Framanvið (ao) Fyrir framan. „Tveir höfrungar fylgdu okkur og stukku framanvið bátinn“.

Framarlega (ao) Framanvið miðju; frammi í/á. „Vertu ekki of framarlega í bátnum, svo skrúfan taki vatn“.

Framavegur (n, kk) Framabraut; leið til upphefðar/frama. „Honum þykir lítill framavegur í svona gutli“.

Framá (ao) Tvenn merking þegar orðið stendur sjálfstætt: Annarsvegar um bát: „Farðu framá með kollubandið“. Hinsvegar um áliðnar ástíðir: „Það er gott að eiga fyrningar þegar kemur framá“.

Framávið (ao) Í áttina áfram. „Heldur miðaði okkur framávið þó hægt gengi róðurinn“.

Frambrýndur (l) Um mann/klett/bjarg; með framstæðar/hvassar brúnir. „En brátt hefur sig upp að nýju stakur bergróðull, uppmjór sem klakkur, og liggur niður hlíðarjaðarinn sem þunnur kambur, frambrýndur, allt niður í fjöru, og endar í strengbergi. Má í raun heita ógengur um þvert, en hefur þó verið klifinn en þykir glæfraför“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Framburður í Kollsvík breyttist mjög á 20. öld. Hinn harði „vestfirski“ framburður sem þar hafði verið notaður um aldir vék fyrir hinni almennu linnmælgj landsmanna, en hafði þó geymst þar lengur en annarsstaðar. Jafnvel mætti tala um „kollvíska“ framburð eða „kollvísku“, þar sem ekki er vitað til að þessi framburðareinkenni hafi neinsstaðar lifað lengur samfelld. Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi var sá síðasti sem hélt hinum forna framburði til dauðadags. Einkennandi fyrir hans framburð var harður framburður á „ð“, „f“ og jafnvel fleiri samhljóðum þegar þeir voru í áhersluatkvæði, ásamt almennt hörðum framburði allra samhljóða. Einnig var haldið hreinum og ákveðnum framburði á „a“ í stað þess að breyta því í „á“ eins og tíðkast nú, t.d. í „langur“. Sama gilti um fleiri sérhljóða. Þar sem ég veit ekki um aðra sem héldu þessum framburði lengur þá hallast ég að því að með Guðbjarti afa hafi dáið út kjarninn í hinum hreina og forna framburði íslensks máls; a.m.k. á þessum slóðum (VÖ). Gamall vestfirskur *húsgangur* lýsir þessum framburði varðandi „ð“:

„Nordan hardan gerdi gard
geysi hardur vard‘ann
upp hann dregur ennisband

inn í skörðin Bardans“ (Þannig haft eftir EB, Hringsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Dæmi um harðan framburð á „f“ og „ð“ er þetta andsvar afa þegar ég kvartaði um handkulda: „Habbdirdu ekki vettlinga“? (VÖ)

Annað einkenni á *kollvísku* málfari var lokun o-hljóða; „ó“ í stað „o“: „Kómu þeir ekki með allt féð“?

Þá var það ekki háttur Kollsvíkinga að syngja í gegnum nefið á „ng“ og „nk“ samstöfum, eins og nú tíðkast almennt. Dæmi um það er einmitt orðið „syngja“, sem var borið fram eftir stafanna hljóðan en ekki sungið gegnum nefið. Sama er um t.d. orðið „banki“; það var borið fram eftir stafanna hljóðan en þó ekki ýkt, eins og gert er í norðlenskum framburði.

Enn var það eitt framburðareinkennið, og það sem sennilega eimir hvað helst eftir af ennþá, en það er tilhneyging til mikillar áherslu á fyrsta orð í setningu; jafnvel fyrsta atkvæði í setningu, og meiri áhersla á kjarnaorð setningar en almennt gerist. Eftir þessu hefur verið tekið af aðkomufólki í Kollsvík, og mun það mikils til vera rétt.

Þó það teljist e.t.v. ekki til framburðarsérkenna þá má geta hér þeirrar tilhneygingar Kollsvíkinga að stytta mál sitt eins og unnt var; tala í stuttum meitluðum setningum. Þetta var sérlega áberandi t.d. hjá fyrrnefndum Guðbjarti Guðbjartssyni: „Kenndirdu“? í stað „Fannstu til“? „Á“? í stað „Er það svo“? „Ódstu“? í stað „Ertu blautur í fæturna“?

Sú kenning hefur verið sett fram að framburðareinkenni mótist af lífsháttum, og er hún ekki ólíkleg.

Framangreind einkenni renna stöðum undir þetta: Mikilvægt er að mál sjómanna sé þannig að orð séu skýrt borin fram til að yfirgnæfa vindgnað, brimhljóð og skarkala í umhverfinu. Vestfirðirnir mótuðu sína íbúa.

Frambærilegur (l) Boðlegur; við hæfi. „Ekki líkaði honum búningurinn á gömlu konunni og þótti ekki frambærilegur fyrir gest, þó nágranni og heimilisvinur væri ...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Framdalur (n, kk) Fremri hluti dals; sá hluti dals sem nær er fjalllendu. „Það er fjárlost í framdalnum“.

Frameftir (ao) A. Um áttavisun; fram dal/tún/vík o.þ.h. „Mér sýnist kýrnar vera komnar í Túnshalann. Ég ætla að rölta frameftir og byrja að mjólka“. B. Um tíma; seint; áliðið. „Ég þarf að vakna snemma og ætla því ekki að vaka lengi frameftir í kvöld“. „Síðan var dansað frameftir nóttu“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Framfaramál (n, hk) Málefni sem bætir aðstöðu/lífskjör margra. „Eitt þeirra framfaramála sem pabbi beitti sér mjög fyrir var rafvæðing allra bæja, og skoðun á virkjanamöguleikum í hreppnum“.

Framfleyta sér (orðtak) Afla lífsviðurveris; komast af. „Einhverveginn þarf maður að framfleyta sér“.

Framfrá (ao) Í áttina frameftir; fremst. „Sumar kýrnar eru komnar niður að fjósi en aðrar eru ennþá framfrá“.

Framfyrir (ao) Framúr; fram fyrir. Orðið er almælt vestra eins og annarsstaðar, og notað sem eitt orð, líkt og t.d. framundir; framundan o.fl. „Duflíð er komið framfyrir bátinn“.

Framfærni (n, kvk) *Por; framhleypni; frekja*. „Ekki vil ég vera með framfærni, en fannst rétt að nefna þetta“.

- Framfærsla** (n, kvk) *Lífsbjörg; lífsviðurværi*; tekjur. „Þetta er það eina sem hann hefur til framfærslu“.
- Framgangur** (n, kk) Velgengi; viðgangur. Einkum notað um velgengi málefni/baráttumáls. „Tillagan var lögð fram á fundinum en fékk ekki framgang“.
- Framgenginn** (l) Um ásigkomulag/vænleika búfjár eftir vetrarfóðrun. „Fénaður var vel framgenginn, og gekk því sauðburður mjög vel“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).
- Framhjá** (ao) Meðfram; til hliðar við; í framhjáhaldi. „Með Guðrúnu konu sinni átti Einar í Kollsvík 4 syni og eina dóttur. Tvo syni átti Einar framhjá Guðrúnu“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Framhlaðinn** (l) A. Um bát; með mikinn farm framanvið miðskip; siginn að framanverðu. „Við þyrftum að kasta einhverju af fiski úr framrúminu í miðrúmið; báturinn er ansi framhlaðinn“. B. Um byssu af eldri gerð, sem hlaðin er með því að hella púðri, forhlöðum og höglum inn í hlaupið að framanverðu. Sjá *afurhlaðinn*.
- Framhleypinn** (l) Frakkur; ókurteis; frekur. „Stundum er hann helst til framhleypinn, þessi drengur“.
- Framhleypni** (n, kvk) Framfærni; áræðni; frekja. „Mér finnst þetta nú dálítill framhleypni í honum“.
- Framkominn** (l) Kominn fram; birtur. „Fyrir því skorar fundurinn á Alþingi að fella framkomna tillögu um kjördæmamálið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).
- Framkvæmanlegt** (l) Unnt/mögulegt að gera. „Þetta ætti nú að vera vel framkvæmanlegt“.
- Framkvæmdaleysi** (n, hk) Aðgerðaleysi; *óduagnaður*. „Skelfingar framkvæmdaleysi er í honum“!
- Framkvæmdalítill / Framtakslítill** (l) Verkasmár; latur. „Heldur þykir hann framkvæmdalítill“.
- Framkvæmdamáttur** (n, kk) Kraftur til framkvæmda/framtaks. „Þetta fámenna og févana sveitarfélag er dreift í tvö kaupfélög; eða jafnvel í þrjú félög. Við þetta lamast framkvæmdamáttur þeirra beggja, borið saman við það ef þau gengju sameinuð til starfa“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Framkvæmdanefnd** (n, kvk) Nefnd sem sér um framkvæmdir. „Þá var kosin framkvæmdanefnd Fagrahvamms fyrir næsta ár“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Framlágur** (l) Þreyttur; úrvinda; niðurlútur. „Þeir voru orðnir framlágir eftir tveggja sólarhringa vökur“.
- Framlot** (n, hk, fto) Halli framstefnis á báti. „Ekki eru mikil framlotin á þessari trillu“.
- Framleiðslustýring** (n, kvk) Kvótasetning í landbúnaði og fiskveiðum; „nýyrði yfir mestu hagstjórnarmistökin Íslandsögunnar; ástæðu þess að blómlegar sveitir eru nú í eyði sem áður voru lifað samfélagsins. Þar er þó fremur um að kenna þeim leiðum sem voru valdar í stjórnun framleiðslu, heldur en þörfin á stýringu. Pólitík réði því að fjölmennustu byggðirnar söguðu til sin allar heimildir til framleiðslu inn á takmarkaðan markað, en dreifdari byggðir voru skipulega teknar af lífi; jafnvel þó þar væru mun meiri rök fyrir áframhaldandi framleiðslu. Ofan á þetta bættist dómgreindarleysi þingmanna Vestfjarðakjördæmis, sem t.d. sögðu að ekkert yrði af kvótasetningu í sjávarútvegi; jafnvel eftir að kvótakerfið var farið að valda byggðahruni“.
- Frammeð** (ao) Meðfram; til hliðar við. „Við náðum landi á vogskorinni strönd, undir klettabelti. Við gengum frammeð því, að leita uppöngu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Víktu fénu hér frammeð Axlarhjallanum“.
- Frammí** (ao) Framanvert í bát eða bíl. „Settu nestispokann frammí *líkar*, svo hann sé ekki í *ágjöfinni*“.
- Framorðið** (ao) Seint að kvöldi; áliðið. „Það var nokkuð framorðið þegar lokið var við að hirða þann daginn“.
- Framrás** (n, kvk) Farvegur vatns. „Fann vatnið þar framrás til sjávar“.
- Framrúm** (n, hk) Rúm það í litlum báti sem er framan við miðskipspóftu. „... stakk Árni upp á því að hella útbyrðis úr þeim poka sem í framrúmi var...“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Framræsla** (n, kvk) Skurðgröftur til að þurrka upp votlendi til ræktunar. Framræsla mýrlendis og stórfelld ræktun eftir miðja 20. öld eru líklega mestu breytingar sem orðið hafa í Kollsvíkinni af mannavöldum frá því byggð hófst; bæði varðandi lífríki og ásýnd lands. Framræslan var aðferð dugnaðarbænda til að viðhalda því farmleiðslustigi jarðanna sem þurfti í nútímabúskap, og því viðleitni til að halda byggð í vikinni. Í stað drápsmýra komu véltæk og frjósöm tún. En á móti breyttist lífríki og ásýnd, ásamt örnefnum og sérkennum.
- Framsettur** (l) Um konu; ólétt. Um mann; feitlaginn; með ýstru. „Hún er að verða all framsett og blómleg“.
- Framskip** (n, hk) Framhluti á skipi/báti. „Guðjón og Sigurður sátu í framskipinu og röbbaðu saman þar, en við Árni á skutþóftunni“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Skaut nú Ásgeir á framskipið, og kom línan á vantinn“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Framsóknarbarátta** (n, kvk) Sókn. „Hin neikvæðu öfl sem allstaðar eru að verki til að hefja framsóknarbaráttuna, hafa dregið þjóðir sem hæst stóðu í menningu niður í vesaldóm og spillingu“ (EG; Vakandi æska).

Framspeni (n, kk) Tvenn pör af milkum spenum eru jafnan á kúm; framspenar og *afturspenar*, en auk þess eru ómilkir *dvergar/dvergspenar* aftar. Þegar *handmjólkað* er eru framspenar mjólkaðir samtímis, og síðan afturspenar samtímis.

Framstafn (n, kk) A. Um skip/bát; fremra stefni. B. Um hús; sá gafl sem snýr framá hlað.

Framstagur (n, kk) Stag úr toppi siglu báts í framstefni. Stögin til hliðar, niður á borðstokka heita *höfuðbendur*. (Sjá þar og *sigling*).

Framstig (n, hk) A. Skref áfram. B. Um hlutfall í stiga/tröppum. Þægilegt hlutfall framstigs og uppstigs í tröppum er að tvöfalt uppstig að viðbættu framstigi sé um 620mm. Æskilegur halli er 33°- 36°. Frá þessu var þó verulega vikið í sumum eldri húsum; þar sem stigar voru hafðir brattir og með háu uppstigi.

Framsýni (n, kvk) Hæfileiki til að spá um óorðna hluti; tilfinning/næmni fyrir framvindu mála. „Húsbyggingar á Láganúpi lýsa mikilli framsýni; hvort heldur er lítið til útihúsanna sem byggð voru 1940-45 eða íbúðarhússins sem byggt var 1974“.

Framsækinn (l) Kappsamur; ötull; með framtíðarsýn. „Með honum var stórt skarð höggvið í hóp framsækinna útvegsbænda“ (KJK; Kollsvíkurveir).

Framsögn (n, kvk) Listin að segja skýrt frá, og á skipulegan hátt, einkum þegar haldin er ræða fyrir marga. Skýr og góð framsögn þjálfadist mjög á tímum ungmennafélaganna í Kollsvík og víðar.

Framtaksdjarfur / Framtakssamur (l) *Tiltektarsamur*; framkvæmdasamur; skörulegur. Notað í jákvæðri merkingu um þann sem kemur hutunum í verk, en einnig um þann sem *fer framúr sér*; *fer offari*. „Nú þykir mér hann vera orðinn einum of framtaksdjarfur“!

Framtakssemi (n, kvk) *Döngun*; dugur; atorka; áræði; dugnaður.

Framtil (ao) Fram að; þangað til. „Við unnum sleitulaust við þetta framtil miðnættis“.

Framtíðarhorfur (n, kvk, fto) Útlit til framtíðar. „Þórður Jónsson ræddi um rekstur barnaskólans og framtíðarhorfur“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Framtíðarkennslustaður (n, kk) Staður þar sem kennsla fer fram til frambúðar. „Össur Guðbjartsson gat þess að reynsla sín sem kennara af félagsheimilinu fyrir kennslustað væri góð, en ekki mætti reikna með því sem framtíðarkennslustað“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Framtíðarlausn (n, kvk) Lausn til framtíðar; lausn sem dugir.

Framum (ao) A. Um stefnu; fram; frameftir; frá landi. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjær landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *útum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innyfir heiði/ inn í fjörð“. „Við skulum sigla hér aðeins framum og reyna þar“. B. Framyfir. „Nú var komið framum hádegi og suðurfall“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Framundir (ao) A. Um staðsetningu; frammi undir/við. „Kýrnar hafa *eigrað* framundir Fossa, sýnist mér“. „Sumir segja að hestarnir væru eltir framundir Vatnadalsbrekkur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). B. Allt að; nærri því. „Mér skilst að bíllinn hafi kostað framundir eina milljón“. „Ám er gefið fram á burð allvíðast, og aldar inni frá því um hátíðar og framundir apríllok“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Framundir þetta (orðtak) Hingað til. „Framundir þetta hefur verið ágæt tíð, en nú sýnist mér að hann gæti verið að breyta eitthvað“.

Framúr (ao) A. Fram og útúr; útfyrir rúmstokkinn. „Það getur verið dálítið erfitt að koma sér framúr þegar maður er svona illa sofinn“. „Ég heyrði að hann var kominn fram úr en móðir mín vann hann með góðu að *fara upp í aftur*“ (JVJ; Nokkrir æviþættir). B. Framvegis; *til eilífðarnóns*; til enda. „Skyldi hann ætla að hafa þessa ótíð alveg framúr“?! Í þessari merkingu er áherslan jafnan á síðasta atkvæðinu; „úr“, en í hinni merkingunni á „fram“. „Ég efast um að honum dugi þessi hey framúr“. C. Út veturinn. „Heldurðu að þér dugi þessi hey framúr“?

Framúrlegur (l) Framlágur; þreytulegur. „Mér þykir hann all framúrlegur eftir þetta strit“. Líklega leitt af eldra orði; „framorðlegur“, sem vísar til þess að orðið er framorðið/kvöldsett.

Framvegis (ao) Til frambúðar; hér eftir; *héðanífrá*. „Framvegis ætla ég að sjá um þetta sjálfur“.

Framvið / Frammivið (ao) Frammi hjá; fremst við. „Þarna eru kindur framvið Startjarnir“. „Járnkarlinn er líkast til frammivið Túnshalahliðið“.

Framvík (n, kvk) Fremri hluti vikur; sá hluti vikur sem nær er hálendinu og fjær sjónum. „Þegar Breiðavík var smöluð þá smöluðum við Kollvíkingar úr Fjarðarhorninu; niður Flosagil og Hjallagötur, en Hafnarmenn og Breiðvíkingar smöluðu niður framvíkina. Látramenn og Breiðvíkingar smöluðu Breiðavíkurver og útvíkina“.

Framvísa (s) Sýna/ koma með til skoðunar/eftirlits. „Skoðunarmaður hugðist leita réttar síns, en sá það ekki fært vegna galla laganna; sem ekki skylda fjáreigendur að framvísa fé sínu til skoðunarmanns“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).

Framyfir sig (orðtak) Slútandi; lotinn; *loft*. „Kletturinn er þarna dálítið framyfir sig, og því útilokað að komast að hrafshreiðrinu“. „Ári er karlinn orðinn mikið framyfir sig í seinni tíð“.

Framþófta (n, kvk) Fremsta þóftan í litlum báti; hinar eru *miðskipsþófta* og *afturþófta*.

Framþungur (l) Um hleðslu á farartæki; þungt að framanverðu. „Báturinn er alltof framþungur; skrufan *sleppir sjó* í kvikunni“!

Framþykkur (l) Framsettur; feitur. „Ég var þá orðinn framþykkur fyrir brjóstinu“ (af sullaveiki). (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Framættir (n, kvk, fto) Ættir manns lengra aftur í tímann. „Þó Kollsvíkurætt sé rakin frá Einari Jónssyni bónda í Kollsvík frá 1797 til 1836, þá ná framættir Kollsvíkurættar mun lengra aftur á þessum stað. T.d. var einn forfaðir Guðrúnar Jónsdóttur, konu Einars, Halldór Jónsson, einn hinna kunnu Sellátrabæðra, sem bjó á Láganúpi frá árinu 1703. Bróðir hans var Bjarni Jónsson sem bjó í Kollsvík um 40 ára skeið“.

Fransklína / Frönsk lína (orðtak) Fiskilína af þeirri gerð sem fransmenn notuðu þegar þeir veiddu hér ið land á skútum, en slíkar línur voru notaðar í veiðarfæri í verum Útvíkna. „Lóðastrengur var gerður úr tveimur þáttum franskrar línu, en franskar línur voru af þremur aðalþáttum. Þriðji þátturinn úr fransklínunni var rakinn niður í grennri þætti, og voru tveir slíkir snúnir saman í öngultauma“ (GG; Kollsvíkurver).

Fransmenn (n, kk, fto) Frakkar. „Fransmenn gerðu út fjölmargar skútur á Íslandsmið; mest á tímanum frá fyrrihluta 19. aldar framundir fyrri heimsstyrjöld, en áætlað hefur verið að undir það síðasta hafi þeir verið hér um 5000 talsins. Skúturnar voru mikið að veiðum á Vestfjarðamiðum, og voru tíðir gestir inni á Patreksfirði. Þótt þess finnist ekki stað í heimildum þá má leiða að því líkum að franskir sjómenn hafi komið á land í Kollsvík, og líklega átt einhver viðskipti við heimamenn, t.d. keypt vettlinga og prjónles. Afí var fáorður um þetta, en þó man ég eftir að hann talaði um *pompólabrauð* og *biskví*, sem var þeirra sjóarakev“. „Um nafn Sölmundargjár er þjóðsaga að strákur að nafni Sölmundur hafi naumlega sloppið frá fransmönnum sem hugðust nota hann í hákarlabeitu“ (HÖ; Fjaran).

Frat (n, hk) Það sem er ónýtt/lítillsvert; fretur; viðrekstur. „Ég gef nú bara frat í þessi kosningaloforð þeirra“! „Óttalegt frat er þessi skrúfsía“. „Hann lýsti frati á þessar fyrirætlanir; sagði að þetta væru bara draumórar“.

Fratgepill (n, kk) Niðrandi uppnefni á manni. „Ég gef nú lítið fyrir það sem sá fratgepill er að gaspra“!

Frauka (n, kvk) Niðrandi heiti á frú/ungfrú/konu. „Ég held að þessi frauka hafi lítil efni á að *þenja sig*“!

-frá (ending áttalýsinga) Í Kollsvík tíðkast áttalýsingar sem sumum finnast framandi, og er þetta ein þeirra. Sá sem er á Láganúpi segir að fólk á Kollsvíkurbæjarins sé norðurfrá og að það geti komið norðanfrá. Það segir hinsvegar að sá sé yfirfrá en geti komið að handan. Sá sem er fyrir innan Hænuvíkurháls er innfrá og getur komið að innan, en sá sem er í Vatnadal, Breiðuvík og Látrum er útfra og getur komið að utan. Sama segir sá sem er inni í Patreksfirði um þá sem eru í Kollsvík.

Frá aldaöðli (orðtak) Um margar aldir; um langan tíma. „Frá aldaöðli hefur verið mikil útgerð í Kollsvík“. Orðið „aldaöðull“ eða „aldaöðal“ er aldrei notað nú á tíð nema í þessu orðtaki. Líklegt er að hljóðbreyting hafi orðið og merkingin sé „óðal aldanna“ eða „staðurinn sem tíminn er talinn frá“. Einnig kann rötin að vera að „öðlast“; og vísi þá til þess að hið umrædda hafi þróast á löngum tíma. En vissulega eru bæði orðin stofnskyld.

Frá ári til árs (orðtak) Milli ára; frá einu ári til þess næsta. „Upp af Bugtinni er landið nefnt Seil. Er það land sem er alltaf að breytast frá ári til árs“ (ÍH; Örn.skrá Melaness). „Því lengur sem ég skoða og set á, eða hef þetta forðagæslueftirlit, því betur sannfærast ég um að fóðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Frá blautu barnsbeini (orðtak) Alla ævi; *frá unga aldri*. „Hér hef ég átt heima frá blautu barnsbeini“.

Frá borði (orðtak) Í land; af báti/skipi. „Svo var tekið á móti okkur af öllum mannskapnum. Það var ekki verið að hleypa okkur frá borði. Það var tekið á loft þetta mikla skip, Korkanesið sjálft, og við bornir upp á Kamb með öllum aflanum í, og sjónum, og það var mikill hlátur af öllu saman“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrá; Árb.Barð 2004).

Frá degi til dags (orðtak) Milli daga; frá einum degi til næsta. „Aflinn er mismikill frá degi til dags“.

- Frá deginum áður** (orðtak) Frá fyrra degi; frá deginum á undan. Algengt orðtak í Kollsvík. „Þá var að fara með mat í verið; sækja fisk í soðið og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður og koma þeim í þurrk“ (IG; Æskuminningar).
- Frá fornu fari / Frá ómunatíð** (orðtak) Frá því á fornum/gömlum tíma. „Brók og skinnstakkur voru þau hlífðarföt sem almennt voru notuð í verstöðvum frá fornu fari og fram um 1930“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Þaðan hefur frá ómunatíð verið sóttur sjór á smábátum“ (ÖG; Þokuróður).
- Frá fyrri tíð / Frá gamalli tíð** (orðtak) Um það sem gamalt er.
- Frá fyrstu hendi** (orðtak) Frá upphafsmanni/ fyrsta heimildarmanni. „Ég vildi heyra söguna frá fyrstu hendi, svo ég fór og hitti hann sjálfan“.
- Frá/af (einhvers) hendi** (orðtak) Frá einhverjum; að hálfu einhvers. „Ég hef aldrei mætt ósannngirni frá hans hendi“
- Frá hvirfli til ilja** (orðtak) Allur líkaminn; frá kalli til fóta. „Hann var *forugur* frá hvirfli til ilja“.
- Frá mínu sjónarhorni / Frá mínum sjónarhóli / Frá mínum bæjardyrum séð** (orðtak) Fyrir mína parta; hvað mig snertir; að mínu áliti. „Það dæmir auðvitað hver fyrir sig, en frá mínum bæjardyrum séð er þetta í besta lagi“.
- Frá náttúrunnar hendi** (orðtak) Eins og mótast/orðið hefur af náttúruöflum. „Þarna virðist hafa orðið til risastórt mannhöfuð frá náttúrunnar hendi“.
- Frá ómunatíð** (orðtak) Svo lengi sem elstu menn muna; frá tíma sem enginn man lengur. „Svona hefur þetta gengið til frá ómunatíð“.
- Frá sér** (orðtak) Brjálaður; ruglaður; notað sem upphrópun. „Ertu frá þér, maður? Þetta máttu ekki gera“!
- Frá sér numinn** (orðtak) Í geðshræringu; óttasleginn; ofsahrifinn. „Hann varð víst alveg frá sér numinn af kæti yfir kosningaúrslitunum“.
- Frá tagli skal tré rífa en frá rót saga** (orðatiltæki) Ef til vill má í þessari speki finna elstu smíðaleiðbeiningar sem enn halda sínu gildi. Tagl merkir þarna króna/toppur á trjábol. Ef kljúfa skal tré er auðveldara að byrja á krónuendanum, en þeir sem reynt hafa að saga trjábol að endilöngu hafa vit á að byrja rötarmegin, svo skurðurinn opnast en lokist ekki og klemmi sögina.
- Frá toppi til táar** (orðtak) Frá hvirfli að tám. „Ég komst við illan leik uppúr dýinu; forugur frá toppi til táar“.
- Frá unga aldri** (orðtak) Frá barnsárum; frá *blautu barnsbeini*. „Ég hef haft þessar freknur frá unga aldri“.
- Frá upphafi vega / Frá örófi alda** (orðtak) Um aldaradur; frá öndverðu; í ómunatíma. „Útræði hefur hér verið frá örófi alda“.
- Frá vinnu** (orðtak) *Óvinnufær*; getur ekki unnið, t.d. vegna veikinda/slyss. „Ég reri um vorið með Einari og fór síðan einn túr á togaranum Gylfa frá Patreksfirði. Líkaði mér það vel og ætlaði að vera áfram, en fékk brjósthimnubólgu og var frá vinnu um sumarið“ (IG; Æskuminningar).
- Frá vöggu til grafar** (orðtak) Frá fæðingu til dauða; alla ævi. „Í þeirri ætt hafa allir verið sjálfstæðismenn; nánast frá vöggu til grafar“!
- Frá örófi alda** (orðtak) Frá því í forneskju; um mjög langan tíma. Orðið „öróf“ er í raun „ör-hóf“; þ.e. eitthvað það sem ekkert hóf er á. „Sjósókn hefur verið í Kollsvík frá örófi alda“.
- Frábiðja sér** (orðtak) Biðja um að sér verði vægt/ ekki íþyngt. „Ég frábið mér svona ásakanir“!
- Frábitinn** (l) Afhuga; ekki gefinn fyrir; langar ekki til. „Hann er alveg frábitinn öllu helgistagli“.
- Frábógur** (n, kk) Annar leggurinn þegar krusað var með landi í beitivindi, þ.e. þegar siglt var fjær landinu. Hinn leggurinn, í átt nær landi, nefndist *uppbógur*. „Var þá skipið á frábóg í á annan sólarhring“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Frábrugðinn** (l) Öðruvísi. „Mér finnst þessi ekki svo mjög frábrugðinn hinum“.
- Frábær** (l) Stórkostlegur; betri en aðrir. „*Undanskil* ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er *verka* betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu *umdæmi*. Samfara því er frábær *hirðing* hjá þeim á öllum *pening*“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Frábærlega** (ao) Mjög; afar. „Mér fannst hann standa sig alveg frábærlega vel“.
- Fráfarandi** (l) Sem er að hætta í starfi. „Oddviti þakkaði einnig fráfarandi nefnd og bauð hina nýju nefnd velkomna til starfa“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fráflakandi (l) A. Um ull á fé; flaksandi frá líkamanum. „Við þurfum að ná þessari kind sem er með fráflakandi reyfið, áður en hún fer í ullarhaft. B. Um fatnað á fólki; losaralegur; flaksandi. „Skelfing er að sjá karla nú til dags; með fráflakandi skyrtna í hálsmálið“!

Fráfælast (s) Styggjast; hrökkva frá; hætta við. „Mér finnst þetta verð á svona grip, ekkert til að fráfælast“.

Fráfæru (n, kvk, fto) Það að taka lömb frá kindum til að unnt sé að mjólka þær og vinna mat úr mjólkinni. Fráfæru voru hluti sauðfjárbúskspars gegnum íslandssöguna, en lögðust af um og eftir aldamótin 1900. Fært var frá í 9-13 vikur; frá því snemma í júní og framá haust. Lömbin voru stíuð frá ánum yfir nótt í stekk og ærnar mjólkaðar að morgni áður en þær fengu lömbin aftur. Sá tími nefndist stekktið. Lömbin voru síðan vanin alveg undan ánum fimm til átta vikna gömul. Ærnar voru síðan mjólkaðar í kvíum tvisvar á dag fram á haust; þó aðeins einusinni á dag undir lokin. Þurfti þá að sitja yfir ánum dag og nótt fyrst eftir að lömbin voru tekin undan. Einnig þurftu lömbin mikla gæslu. Smalinn þurfti að vera mættur með ærnar að stekknunum þegar mjaltakonur mættu, en mjaltir og mjólkurvinnsla var kvennaverk. Mjólkinn var yfirleitt notuð til smjörgerðar, en einnig fékkst úr henni skyr og sýra. Á síðari tímum fráfæru mjólkaði meðalín um 40-50 lítra yfir sumarið. 15 l mjólkur þurfti til að gera kíló af smjöri, en skyr var oftast gert úr undanrenninni. Stekkir eru víða nærri bæjum í Rauðasandshreppi. Frá sumum bæjum tíðkaðist að *hafa í seli*, en þá bjó vinnufólk á grösugum stað í nokkurri fjarlægð frá bænum og mjólkaði þar fé og jafnvel kýr. Tilgangurinn með því var að nýta grösuga haga til að auka nytina. (Heimild; Hallgerður Gísladóttir o.fl.).

Frágangssök (n, kvk) Ómögulegt; óaðgengilegt. „Það er kannski ekki frágangssök þó molasykurinn vanti“.

Frágenginn (l) A. Kláraður; lokið við. „Að löglega frágenginni slíkri sameiningu samþykkir fundurinn að veita þeim nýja félagsskap vaxtalaust framlag...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). B. Sem hafnað hefur boði. „...en samkvæmt fjallskilasamþykkt er óheimilt að leyfa *utanhreppsmönnum* upprekstur nema að *innansveitarmönnum* frágengnum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Frákast (n, hk) Endurkast. „Í skútanum undir Bæjarvellinum er frábær aðstaða til að taka á móti eggjum, sem þá eru látin síga af vallarbrúninni beint niður í gúmbát. En ef mikill súgur er, þarf að vara sig á frákasti öldunnar sem gegnur inn í hellinn og kastast þaðan út aftur af töluverðu afli og með drunum miklum“.

Frákonumegin (ao) Sú hlið kýrinnar sem veit frá mjaltakonu; venjulega vinstri hlið. „Kýrin hefur stigið sig í framspennann, frákonumegin“. Það er eitt af sérkennum huldufólks að það mjólkar jafnan kýrnar frákonumegin, sem aldrei er gert af mennsku mjaltafólki. „Þó var meira áberandi að huldufólk birtist í draumi; einkum konum. Þannig bað mörg huldukonan um mjólk handa barni sínu og kýrin húsmóðurinnar var mjólkuð frákonumegin; þ.e.a.s. vinstra *júfur* kýrinnar“ (Ívar Ívarsson Kirkjuhvammi; Hvatt bæði; grein í Lesbók Tímans 1964).

Frálag (n, hk) Slátrun til matarnytja. „Sauðurinn ætti að verða góður til frálags í þessari beit“.

Frálagssvæði (n, hk) „Svæði í gígdæld, uppi á bökkum frostgígs, þar sem flökkuefni sest eftir að hafa flotið með ís úr gígnunum. Frálagssvæðið er það svæði sem ís getur flotið um í mestu vatnshæð, samfrosinn flökkuefni“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Frálaus (l) Laus frá, t.d. landi. „Þú kemst ekki út á þessa hlein; hún er alveg frálaus“.

Fráleitur (l) Fjarstæðukenndur; afleitur. „Það er alveg fráleitt að ég hafi nokkurntíma sagt þetta“. „...og taldi fráleitt annað en að honum yrði mætt á myndarlegan hátt“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fráleiði (n, hk) Hluti sjóferðar; sigling/róður úr veri á fiskimið. Mikilvægt var, þegar róið var, að haga róðrum þannig að meðstraumur fengist bæði á fráleiði og í *heimróðri*.

Fráleitt (l) Fáránlegt; óhugsandi; af og frá. „Það er alveg fráleitt að fara svona að þessu“! „

Frámunalega (ao) Mjög; afskaplega; einstaklega. „Mér fannst þessi dagskrá bara frámunalega léleg“!

Frámunalega heimskulegt/vitlaust (orðtak) Arfavitlaust; endemisvitlaust. „Þetta er svo frámunalega heimskulegt athugasemd að ég hef sjaldan heyrt annað eins“! „Þetta er svo frámunalega vitlaust“!

Frámunalegt (l) Fáránlegt; yfirgengilegt. „Þetta er auðvitað frámunalegt heimska“! „Alveg er þetta frámunalegt klúður“!

Fráreikna (s) Draga frá í útreikningi. „Ég tek ekki við þessari endurgreiðslu nema að þú fráreiknir þinn kostnað við þetta“.

Frásagnavert (l) Vert að segja frá/ tala um. „Ég hef eflaust sleppt ýmsu sem frásagnarvert gæti talist...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Fráskila (l) „Lambið var frekar rýringslegt og hefur trúlega orðið fráskila við móðurina snemmsumars“.

Fráskorið (l) A. *Afskorið*; skorið af/frá. Sjaldan notað í eiginlegri merkingu. B. Afleidd merking; útilokað; af og frá; kemur ekki til greina. „Það er alveg fráskorið með róðra í dag, sýnist mér“. „Það er nú kannski ekki alveg fráskorið að ég geti þetta“.

Fráskot / Fráskotsborð / Fráskostumfar (n, hk) Borð/skiði í byrðingi/súð á báti; fyrsta borðið frá kjalsíðunni. „Fráskotsumfarið var í þrennu lagi; tveir vindingar og í miðjunni eitt ískeyti“ (LKr; Ísl.sjávarhættir II).

Fráslá (s) Slá frá; hafna; synja. „Ég myndi nú ekki strax fráslá svona tilboði“. „Hann frásló þessu alveg“.

Frátafasamur (l) Hætt við frátöfum; seinlegt vegna tafa. „Honum varð frátafasamt við verkið vegna smalana“.

Frátafír (n, kvk, fto) Tafír frá verki/verkum. „Það eru eilífar frátafír í símann núna“.

Frátalinn (l) Undanskilinn; tekinn til hliðar. „Veid erum sex ef hann er frátalinn; það dugir fyrir þetta sig“.

Frátekin (l) A. Eignaður öðrum. „Það á enginn frátekin nein stæði í netalögnum; við leggjum hérna“. B. Undanskilinn; frátalinn. „Veturinn mátti heita ágætur, að fráteknun Desember og janúar“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).

Frávita (l) Sturlaður; óstjórnlega æstur; ruglaður. „Hann varð alveg frávita af reiði yfir þessu“.

Freði (n, kk) *Frostskán*; *jarðfrost*. „Það er enn töluverður freði í jörð“.

Freðinn (l) Frosinn. Bæði orðin notuð jöfnum höndum, en þó þótti „freðinn“ hafa þyngri áherslu.

Fregna (s) Frétta; fá fréttir af. „Nú fregnar Benedikt Gabriel hvalrekann, og það með að skutull hans hafi í honum fundist; og svo það að Einar bóndi í Kollsvík hafi tekið upp hvalinn allan og flutt á hestum heim til sín“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Freistarinn (n, kk) Sá sem freistaði Jesú; Satan; skrattinn. „Hvíslar þá ekki freistarinn í eyra honum að líklega eigi Gummi bróðir eitthvað ætílegt í skrínu sinni“ (PG; Veðmálið).

Freistast til (orðtak) Láta undan freistingum; gera það sem maður veit þó að er rangt. „Ég var orðinn *glorhungraður* og freistaðist til að kíkja í nestisboxið“.

Frekar en fyrri daginn (orðtak) Frekar en endranær. „Þú ert ekki fágaður í mannsiðunum frekar en fyrri daginn“!

Frekast (l, est) Jafnvel. „Hægt var að fara Kumbara um vel hálfvallinn sjó; frekast þó brim væri, ef tir að Grásleppuvör var dýpkuð“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Frekjugangur (n, kk) Ásælni; heimtufrekja; gleypugangur. „Hættu þessum frekjugangi krakki“!

Frekjuhundur (n, kk) Mjög frek og leiðinleg manneskja. „Hinn hreytti í hann ónotum og kallaði frekjuhund“.

Frekjuskarð (n, hk) Skarð milli framtanna á manneskju. Hjátrú segir það merki um frekju.

Freklega (ao) A. Frekjulega; gróflega. „Honum þótti freklega að sér vegið“. B. Rúmlega; rösklega. „Ég áætla að þetta séu freklega tvöhundrað kíló“.

Freknóttur (l) Með mikið af dökkum dílum/freknum, einkanlega í andliti. Jöfnum höndum notað um fólk, sauðkindur og önnur dýr s.s. fugla.

Frekur (l) A. Yfirgangssamur; sérplæginn. „Þetta finnst mér frekt“. B. Rúmur; ríflegur; umfram. „Aðfall sjóar eru tvær eyktir frekar; útfall eins langt“ (BH; Atli). „Ég hef ekki fengið frekari fréttir af þessu“.

Frekur er hver til fjörsins (orðatiltæki) Allir vilja lifa; *lífseigur*; erfitt að *fyrirkoma*/drepa. „Líklega hefðu einhverjir gefist upp þarna í brimgarðinum, en það að honum skyldi takast að ná landi sýnir að frekur er hver til fjörsins“.

Frelsaður (l) A. Laus úr þrisund/þjökun. B. Laus undan löngun í vín. „Hann er víst frelsaður núna“.

Frelsun (n, kvk) A. Lausn úr fjötrum/ánauð. B. Lausn frá því sem er þirrandi/þjakandi. „Þetta var mikil frelsun; að vera laus við fjandans óperugargið í útvarpinu“.

Fremd (n, kvk) Aukin virðing/álit. „Það er lítil fremd í því að yrkja níð um fólk“!

Fremdarsnauður (l) Nýtur lítils álits. „Hann var ekki vel liðinn; var álitinn fremdarsnauður ribbaldi“.

Fremja (s) Gera; vinna. Notað um sérstakan verknað s.s. fremja glæp; fremja gerning o.fl.

Fremur (ao) Nokkuð; heldur. „Þegar tekið er tillit til þess að vetur hefur verið fremur góður...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Fremur en fyrri daginn (orðtak) Fremur en áður. „Hann var ekkert að *rífa sig á fætur* núna fremur en fyrri daginn“.

Frenja (n, kvk) A. Frekja; óhemja; *bryðja*. „Láttu nú ekki eins og frenja, stelpa“! B. Niðrandi heiti á frekri/uppivöðslusamri kind/kú. „Það eru naumast lætin í þessari frenju“!

Frenjugangur / Frenjuháttur (n, kk) Frekja; óhemjugangur; yfirgangur. „Óttalegur frenjuháttur er þetta“!

Freri (n, kk) Klaki; ís; frosin jörð. „Við hefðum ekki einusinni getað höggvið með grjóthellum því þeim var ekki hægt að ná uppúr jörðinni í freranum“ Frásögn ÁH (ÓS; Útkall við Látrabjarg).

Freskir menn sem ófreskir (orðtak) Ófreskur maður er eldra heiti yfir skyggnan mann, þ.e. mann sem sér drauga, huldufólk og annað sem öðrum er hulið. Freskur er sá sem ekki hefur það skyn. Orðtakið er notað um báða hópa. „Þetta ljósfyrirbæri sáu bæði freskir menn sem ófreskir“.

Fresta því ekki til morguns sem unnt er að gera í dag (orðatiltæki) Speki hins hagsýna/vinnusama.

Frestur er á illu bestur (orðatiltæki) Stundum er gott að láta óþægilega/slæma hluti/verknaði bíða. Þó er til önnur speki sem segir; *sjaldan er bið til batnaðar*; og; *geymdu ekki til morguns sem þú getur gert í dag*.

Freta (s) Prumpa; reka við; leysa vind; létta á sér. „Hver var að freta svona skelfilega fúlt“?

Freta á (orðtak) Skjóta á. „Hann fretaði á tófuna af alltof löngu færi“. Slanguryrði.

Frethólkur (n, kk) Óvandaður maður; kjaftaskur; byssa. „Sá frethólkur er ekkert nema kjafturinn“!

Fretur (n, kk) *Viðrekstur*; *prump*. Það hefur alltaf verið talið hraustleikamerki, en ekki ókurteisi, í Kollsvík að geta *fretað* fullan fret án slysa; þ.e. án þess að *kría* gerðist í brækur. Hinsvegar hefur þetta ekki alltaf aflað Kollsvíkingum vinsælda í finum samkvæmum utan heimaslóða, sér í lagi ef loftgæði þykja spillast.

Frétta á skotspónum (orðtak) Sjá *heyra á skotspónum*.

Fréttafár / Fréttasnaður (l) Hefur ekki mikið frétt næmt að segja. „Heldur er maður fréttafár núna; það skeður ekki mikið á þessari póstleið“.

Fréttافرóður (l) Hefur mikið frétt næmt að segja; veit margt. „Þú hlýtur að vera nokkuð fréttافرóður“.

Fréttalétt / Fréttalítið (l) Tíðindalítið; fátt frétt næmt að segja. „Af okkar slóðum er allt fremur fréttalétt“.

Frétt næmt (l) Það sem telst til tíðinda; *frásagnarvert*. „Kannstu nokkuð frétt næmt“?

Friðarspillir (n, kk) Sé sem heldur uppi ófriði/ er til leiðinda. „Etlar þú að fara að verða einhver friðarspillir“?

Friðlaus (l) Órólegur; eirðarlaus. „Hann er alveg friðlaus að komast ekki á sjóinn“.

Friðmælast við (orðtak) Sættast við. „Hættið nú að *kýta* drengir; og reynið að friðmælast“!

Friðsemd (n, kvk) Friður; rólegheit. „Hér er bara allt í friðsemd“. „Við leystum málin í mestu friðsemd“.

Friðsemdarmaður (n, kk) Sá sem er friðsamur; rólegheitamaður. „Ég á bágð með að trúna að sá friðsemdarmaður hafi átt upptökin að þessu“.

Friðslit (n, hk, fto) Rof á friði; ófriður. „Það er óþarfi að stofna til einhvænna friðslita útaf þessu máli“.

Friðsæld (n, kvk) Friður; ró. „Hvergi finnst meiri friðsæld en sú að setjast niður úti á Hnífum í góðu veðri“.

Friðvænlegt (l) Til friðar fallið; horfir til friðar. „Þá er kannski friðvænlegra í sveitinni, fyrst hann er farinn“!

Fria sig (orðtak) Losa sig undan/frá. „Það fríar ekki landeiganda frá smölun að hann sé fjárlaus“.

Friðleikskona/ -maður/ -fólk / -piltur/ -stúlka Um frítt fólk.

Friðborð (n, hk) Það sem uppúr sjó stendur af byrðingi báts; *borð fyrir báru*. „Við tókum ekki meira af netum í land núna; það er nauðsynlegt að hafa eitthvað friðborð í þessum veltingi“.

Friðbýttari (n, kk) Sjóræningi; sjóreyfari. Friðbýttara nefndu samtíma Íslendingar þá Englendinga sem höfðu leyfi kóngs/drottningar til sjórána, á 16. og 17. öld. Ófriður var með Spánverjum og Englendingum þegar þeir fyrrnefndu hófu að flytja hvern skipsfarminn af öðrum af verðmætum frá hinni nýfundnu Ameríku. Upp komst stétt ófyrirleitinna skipstjóra/útgerðarmanna, sem höfðu leyfi drottningar til að ræna þau spænsku skip sem þeir gátu. Þessir sjóræningjar/fríðbýttarar réðust stundum á skip annarra þjóða, sem Englendingum voru ekki að skapi, og einstaka sinnum freistuðust þeir til gripdeilda hjá Íslendingum. Enskir fríðbýttarinn og fálkakaupmaðurinn Jón Falck stóð fyrir aðförlinni að Eggerti Hannessyni, fyrrverandi lögmanni í Saurbæ á Rauðasandi árið 1579, með því að vísa félögum sínum á auðævi Eggerts. 60 reyfarar neyddu bóndann í Hænuvík til að vísa sér leiðina að Saurbæ; rændu þar bæ og kirkju og höfðu Eggert á brott með sér út Víknafjall, í skip á Hænuvík. Eggert var síðar leystur út af þýskum kaupmanni, og flutti alfarinn til Hamborgar árið 1580. (Sjá *ránið í Saurbæ*). Enski sjóræninginn Tucker gerði tilraun til sjórána á Vatneyri sumarið 1615, en uppreisn var gerð í skipinu sem bjargaði staðnum í það skiptið. Árið áður, 1614, hafði fríðbýttarinn Jón Gentilmann rænt í Vestmannaeyjum.

Gera þarf þó skýran greinarmun á þessum ribböldum og fiskimönnunum ensku sem hér stunduðu friðsamar veiðar um margar aldir, og voru hér fjölmennir; líklega um 8000 á um 400 skipum þegar mest var. Þeir áttu ýmis friðsöm viðskipti við landsmenn; keyptu af þeim sokka, vaðmál og fleira í skiptum fyrir t.d. veiðarfæri og annað. Líklegt má telja að þeir hafi átt töluverð viðskipti við Kollsvíkinga og þeirra sveitunga, enda þurftu þeir oft að leita landvars í brælum. (Heimild; Helgi Þorláksson; Sjórán og siglingar 1999).

Fríkka (s) Verða fríðari/fallegri. „Þú fríkkar ekki af þessu kaffipambi drengur“!

Frílysta sig (orðtak) Fara í frí; lyfta sér upp. Oft í vandlættingartón: „Það er ekki mikið að gera hjá bændum á þeim bænum! Nú eru þeir bara að frílysta sig í í útlöndum yfir bjargræðistímann“.

Frímerki /Frímerkjasöfnun Frímerki voru mikið notuð fyrir daga tölvupósts og fyrir daga stimpilvéla. Á Láganúpsheimilið barst mikill póstur; ekki síst í oddvitatið Óssurar Guðbjartssonar. Frímerkjasöfnun var tómstundagaman barna og fylgdi henni nokkur metnaður.

Frískandi (l) Hressandi; endurnærandi. „Það er nú bara frískandi að fá hressilega ágjöf yfir sig“.

Frískleikastrákur (n. kk) Hressilegur/sprettharður drengur. „Það munar öllu að hafa svona frískleikastrák með í hópnum“.

Frískur byr (orðtak) Góður byr; liðugur vindur. „Bátarnir...koma von bráðar siglandi til lands í frískum byr“ (KJK; Kollsvíkurver)

Frísprok (n, hk) Ráðrúm; svigrúm; pláss. „Vélin var dregin í gang með spotta, þó þarna væri lítið frísprok til þess“. „Hann taldi sig þurfa meira frísprok til að hugsa málið áður en hann tæki ákvörðun“.

Frítími (n, kk) Tími sem ekki er unnið; frí frá vinnu. „Á sumrin var lítill frítími, en hann var notaður í *brönduveiðar* eða veiðar á *vorseiðum* í *fjörupollunum*“ (IG; Æskuminningar).

Fríþenkjari (n, kk) Skynsemistrúarmaður; kreddulaus maður. „Sagt var að Einar bóndi í Kollsvík hafi verið fríþenkjari í sínum viðhorfum“.

Fríþenkjarasálmur (n, kk) Ljóðabálkur, ortur til *fríþenkjara*. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill. Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt. En Gísi Konráðsson segir enn fremur að lítill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því. Bjarni Þórðarson, skáld á Siglunesi, sem var trúmaður mikill, orti sálm til Einars, sen nefndist fríþenkjarasálmur. Tekur Gísli í þátt sinn 3 síðustu erindin, en ekki telur hann að Einar hafi svarað þessu“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Frjósa í staup (orðtak) Frjósa saman; frjósa í kökk. „Vatnið í stampinum er frosið í eitt staup“.

Frjósa saman sumar og vetur (orðatiltæki) Vísar til gamals veðurspádóms, en talið var að gott myndi sumar ef frost væri aðfaranótt sumrdagsins fyrsta. „Frjósí saman fyrstu nótt/ fargi enginn á né kú./ Gróðakonum gerist rótt;/ gott mun verða undir bú“ (gömul staka; PJ; Árb.Barð 1978).

Froðufella (n, kk) Um naut; fá froðu kringum munninn eftir að hafa bölvað mjög mikið/ orðið æst. Notað í líkingu um mann sem verður reiður:

(n, kvk) Hrönn/bakki af sjávarlöðri í fjöru.

Froðufellandi af reiði/illsku (orðtök) Mjög reiður.

Froðubakki / Froðuhrönn (n, kvk) Bakki/bunki af froðu meðframflæðarmáli eftir mikið brim. „Féð þurfti að vaða í gegnum froðubakka upp á miðjar síður, til að komast fram í fjöruna“. „Eftir langvarandi sveran norðangarð situr stundum eftir þykk froðuhrönn efst í fjöruborðinu þegar fellur út“.

Froðuhvítur (l) Um sjólag; hvítfreyðandi brim. „Ekki sýnist mér mikið *linunarmót* á norðanáttinni; hann er enn froðuhvítur hér lengst úti *hafsauga*“!

Froðukenndur / Froðulegur (l) Laus í sér; losaralegur; frauðkenndur. „Þessi víður er ónothæfur í þetta; hann er alltof linur og froðukenndur“. „Mér fannst þessi röksemdafærsla fremur froðukennd“.

Froðulaust (l) Um efni/jarðveg/hey/snjó; mjög laust í sér. „Heyið er enn froðulaust í hlöðunni; það á alveg eftir að síga“. „Gættu að þér þegar þú ferð yfir urðina; hún er alveg froðulaus“. „Mjöllin er froðulaus“.

Froðusnakkur (n, kk) Kjaftaskur; orðhákur. „Mér fannst hann fremur leiðinlegur froðusnakkur“.

Frosinn (l) Frystur; freðinn. Til áhersluauka var notað orðið *beinfrosinn*.

Frosinn í kökk (orðtak) Frosinn saman. Notað þegar hlutur fraus sem þurfti að vera liðugur: „Vettlingunrinn var frosinn í kökk“. „Heyið var frosið í kökk við vegginn“. Einnig var notað orðið *kökkfrosinn*.

Frosinn í staup (orðtak) Frosinn saman. Notað þegar hlutir frusu saman sem þurftu e.t.v. að vera aðskildir: „Fiskurinn í balanum fraus allur í staup yfir nóttina“.

Frost í jörðu (orðtak) Freri í jörðu í sumarbyrtjun. „Það er enn töluvert frost í jörðu“.

Frost við jörð (orðtak) Frostkalt lag af lofti við jörð þó hlýrra sé ofar. Aðstæður sem myndast oft t.d. á haustnóttum þegar kyrrt er í veðri og heiðskirt. Getur þá frosið á pollum og hrímað jörð.

Frostakafli (n, kk) Tímabil með hörðu frosti. „Það tók eiginlega fyrir fjöru í frostakaflanum“.

Frostavetur (n, kk) Sérlega kaldur vetur, með miklum frosthörkum. „Nokkrir vetur hafa fengið heitið „frostavetur“ eða „frostaveturinn mikli“. Á síðari tímum eru veturnir 1880-81 og 1918 alræmdastir. „Guðbjartur afi á Láganúpi talaði oft um frostaveturinn mikla, árið 1918 en þá bjuggu þau Hildur í Tröð. Einnig var veturinn 1881 mönnum þá í fersku minni, þó hann væri fyrir fæðingu Guðbjartar“.

Frostbitinn (l) Doðinn af kulda í miklu frosti. „Ég var fannbarinn og frostbitinn í andliti þegar heim kom“.

Frostblóm (n, hk) *Frostrós*; hrímmyndun á einföldu gleri í glugga, en hún tekur oft á sig jurtamynstur.

Frostbólga (n, kvk) Kuldabólga; bólga sem kemur í húð þegar hún verður fyrir mikilli kælingu/ miklu frosti; áður en hún skemmist og *kal* tekur að myndast.

Frostbólgin (l) Bólgin í andliti eða á útlinum vegna mikillar kælingar; nærri kalinn.

Frostbrestur (n, kk) *Frostsprengring*; hvellur sem verður við það að jörð springur sundur í miklu frosti. „Í miklum vetrarfrostum má oft heyra háværa frostbresti framan af Mýrum; þegar klakahellur og klakabólstrar springa. Hávaðinn er oft svo mikill að undir tekur í fjöllum allt í kringum víkina, ef kyrrt er í veðri“.

Frostgígur (n, kk) Djúp laut með bröttum börmum, í grónum botni á grunnum dal. „Á nokkrum stöðum í kringum Kollsvík má sjá stóra gíga, t.d. í Kjávötnum, Smávötnum, Hvolfum og Keldeyrardal. Þetta hafa hingaðtil verið álitnar tómar tjarnir sem vatn hripar niður að sumarlagi, en hér er sett fram kenning um líklega tilurð þeirra: Upphafid er það að í grunnri, gróinni laut safnast dálítill pollur, t.d. í hlýindakasti að vetrarlagi. Næst þegar frýstir botnfrýs vatnið, ásamt dálitlu af jarðveginum undir. Aftur kemur hlýindakasti og nú með meira vatni; t.d. vorleysingar. Ísinn á pollinum brotnar í fleka sem fljóta uppá yfirborðið og taka með sér jarðvegstorfuna sem frosin var. Ríkjandi vindátt ber þennan fleka til hliðar, svo torfan sest á öðrum stað þegar lautin tæmist. Eftir er sár í lautarbotninum; reglulegt að lögun. Séu aðstæður hentugar, mun þessi atburðarás endurtaka sig; sífellt frjósa klakaflekar í lautar-/gryfjubotninum; fljóta upp með efsta lagi jarðvegsins og bera það til hliðar. Gígurinn sem myndast við þetta er með flötum, ógrónum botni; bröttum bökkum; tómur af vatni að sumarlagi, nema e.t.v. í mestu rigningum. Ég hef séð svona myndunarferli frá fyrstu byrjun; í Lögmannslá í Grundatúni, neðan Láganúps. Nánari lýsing þess er í sérstakri greinargerð“. „Áberandi tög í botni gígdældar, sem myndað er við sérstakar aðstæður; þannig að ís fleytir efni úr botninum upp á bakkana/frálagssvæðið. Nafnið „frostgígur“ er valið fremur en „frostpyttur“, þar sem hið síðarnefnda vísar fremur til þess þegar kviksyndi verður til við það að frost fer úr jörð. Samlíkingin við gosgíg er ekki með öllu fráleit; við báðar myndanir flyst efni til hliðar, og eftir er oftast hola í jörðina, þó flest annað sé ólíkt í ferlinu“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Frostherða (s) Herða fisk þannig að hann fái á sig frost í upphafi herðingar. „Við þurfum endilega að ná okkur í steinbít meðan enn er kuldatíð. Það er upplagt að frostherða hann núna“.

Frostherðing (n, kvk) Herðing fisks að haust- eða vetrarlagi, þannig að hann fái á sig frost í verkuninni.

Frosthertur (l) Um fisk sem nær að frjósa fljótlega eftir að hann er hengdur upp til herðingar. „Frosthertur fiskur verður oft bragðmeiri og mýkri en sá sem hertur er að sumarlagi“.

Frosthörkur (n, kvk, fto) Langvarandi *grimmdarfrost*. „Þessum frosthörkum hlýtur að fara að linna“.

Frostkaldur (l) Frosinn; kaldur í frosti. „Manni kólnar fljótt að sitja svona á frostkaldri jörðinni“.

Frostlaus (l) Ekkert frost. „Það væri kannski ráð að baða féð meðan hann er frostlaus“. „Þetta voru leiðindaaðstæður; bleyta og dimmt, en frostlaust“ (Anna Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).

Frostleysa (n, kvk) Hitastig yfir frostmarki. „Hann er þéttingshvass, en frostleysa“.

Frostlítill (l) Lítið frost. „Hann er að verða frostlítill“.

Frostlyfting (n, kvk) Hreyfing sem verður í rökum jarðvegi við það að vatn í honum frýs og þenst út. Frostlyfting mótar mjög áferð lands sem aurborið er í yfirborði. Þannig má t.d. sjá reglulega melatígla og lanir smásteina á Strypum og víðar í grennd við Kollsvík. Frostið spýtir stórgýti upp á yfirborðið; jafnvel stærstu grettistöfum; það býr til þúfur í mýrlendi sem áður var slétt, og hækkar þær ár frá ári. Til frostlyftingar má einnig telja *frostgígana* sérkennilegu sem víða má sjá í kringum Kollsvík.

Frostlæða / Frostmóða / Frostreykur (n, kvk/kk) Þunn og staðbundin þokuslæða/hrímþoka sem liggur stundum yfir röku og hitagæfu landi í miklum, skyndilegum frosthörkum og kyrru veðri. Þannig frostlæðu mátti t.d. sjá á Handanbæjarmýrunum frosta- og hafisveturinn 1967; t.d. yfir Hestkeldu og Álunum. Einnig getur verið frostlæða/frostreykur yfir sjó og yfir kaldavermslum.

Frostnepja (n, kvk) Kuldi í frosti. „Þú þarft að hafa betri vettlinga í þessari bölvæðri frostnepju“.

Forstrigning (n, kvk) A. Rigning sem frýs þegar hún kemur á frostkalt yfirborð. Myndast við þær aðstæður að hitastig í lofti er yfir frostmarki en frost við jörðu. B. Örmáir ofurkældir rigningardropar sem eru undir frostmarki en frjósa þá fyrst þegar þeir lenda á föstu yfirborði. Getur valdið allmikilli ísingu.

Frostrósir (n, kvk, fto) Mynstur sem myndast í hrími þegar það sest á gler eða aðra fleti. Geta orðið úr því hinar fjölbreytilegustu myndir. Lítið sést af frostrósum eftir tilkomu einangrunarglers í húsum. Tekið var mark á frostrósum til veðurspádóma. Ef þær sneru upp vissi það á gott, en sneru þær niður vissi það á verri veður. Dögg á gluggum á sumrin veit á gott, og þeim mun betra sem hún er meiri.

Frostskán / Frostskel (n, kvk) A. Frosið lag efst á haug, jarðvegi eða öðru. „Það var frostskán á moðhaugnum“. B. Þunnt frosið jarðvegslag undir þýðu yfirborði; leifar jarðfrosts.

Frostsprengringur (n, kvk) *Frostbrestur*; hvellur sem heyrir þegar jörð eða ís springur í miklu frosti. Slíkar sprengringar heyrast iðulega framan af Mýrunum í Kollsvík í frosthörkum.

Frostsprunginn (l) Jarðvegur sem sprungið hefur í miklu frosti. Í síðari tíð notað um miðstöðvarlagir og vélar sem sprungið hafa í frosti.

Froststillur (n, kvk, fto) Stíll veður/ hæglati í miklum frostum. „Oft fer saman hörkufrost og fimbulfrost. Leiðir það enda af sjálfu sér að þá verður kaldast að vetrarlagi þegar engin blöndun er í loftlögum; enginn hiti berst með vindi frá hlýrri sjó; himinn er heiðskír og mikil hitageislun frá jörð. Mest ber á þessu þegar hæðarsvæði er kyrrstætt yfir landinu um langan tíma að vetrarlagi. Þannig froststillur voru t.d. 1967“.

Froststirðningur (n, kk) Frostskán á jörðu eða ofan á sköflum. „Ekkert sögulegt gerðist á leiðinni út á brúnina, enda veður got og gangfæri með besta móti, því froststirðningur var svo uppi héldu þeir snjóskafar sem á leið þeirra urðu“ (AE; Ljós við Látraröst).

Frostþoka (n, kvk) Þoka við viss skilyrði, þegar vatnið í örfínum dropunum er ofurkælt og frýs um leið og það snertir yfirborð. Getur þá myndað miklar breiður af hrími/hélu/ eða jafnvel þykka ísingu.

Fróðleiksbrunnur / Fróðleiksnáma / Fróðleiksuppspretta (n, kk/kvk) Uppspretta fróðleiks; fróðlegt rit; fróður maður. „Hann var botnlaus fróðleiksbrunnur“. „Þessi bók var mér hin mesta fróðleiksuppspretta“.

Fróðleiksþorsti (n, kk) Löngun til að auka sífellt sína þekkingu. „Á Láganúpi er allnokkuð bókasafn með hinni fjölbreytilegustu samsetningu efnis. Þar var því alltaf eitthvað til að svala fróðleiksþorstanum, en inná milli gat maður gleymt sér í yfirborðskenndum en krassandi ævintýrabókum og sykursætum ástarrómönnum“.

Fróður er sá sem fregna kann (orðatiltæki) Sá veit mikið sem marga hittir og kann að lokka fréttir uppúr viðmælendum sínum. Ættað úr Hávamálum: „Fróður þykist/ er fregna kann/ og segir ið sama./ Eyvitu leyndu/ megu ýta synir/ því er gengur um guma“ (Hávamál). Fróður er sá sem kann að afla fréttu. Börn eiga það til að segja það sem þau heyra, þó ekki sé í þökk hinna fullorðnu. Samanber *betri er belgur en barn*.

Frómheit (n, hk, fto) Heiðarleiki; sannsögli. „Hann var ekkert nema frómheitin uppmáluð, svo ég freistaðist til að trúa þessu“.

Frómt/Frómlega frá sagt (orðtak) Í sannleika sagt; í hreinskilni. „Frómt frá sagt hef ég ekki prófað þetta sjálfur, en mér er sagt að þetta sé feikna gott“.

Frómu leggst ætíð eitthvað til (orðatiltæki) Hinum heiðarlegu/einlægu berast oftast einhver bjargráð.

Frómur (l) Heiðarlegur; sannsögull. „Hún er nú merkilega fróm, tíkarkvikindið. Alveg lætur hún ketlærið í friði úti á hlaði meðan henni er ekki gefið það“.

Frugga (n, kvk) Mygluryk í þurrhegi og stundum einnig í þurru votheyi. Merki um að heyið hafi verið rakt og hitnað hafi í því í hlöðu. Frugguna þarf að hrista úr heyinu fyrir *gjöf* og er hún slæm þeim sem hafa heyofnæmi.

Frugga (s) Um hey; verkast svo illa að í því myndast *frugga*. „Heyið náði að frugga dálítið í hlöduendanum“.

Fruggað (l) Um hey; með mikilli *fruggu*. „Sjálfrunnið lýsi batt ryk í frugguðu fóðri“ (Magnús á Skógi; Arb.Barð; 1959-67).

Fruggast (s) Rykast úr heyi. „Svo mikið getur fruggast úr lélegu heyi að ekki sjái handa skil í hlöðunni.“

Frugguhey (n, hk) Hey með mikilli *fruggu*. „Við skulum ekki vera að gefa þennan *stabba*; þetta er hálfónýtt frugguhey“.

Frugguloft / Fruggumökkur (n, hk) Mikil frugga í andrúmslofti, t.d. í hlöðu. „Það er nú engin hollusta að vera lengi inni í þessu fruggulofti án þess að hafa *rýju* fyrir *vitunum*“. „Skelfingar fruggumökkur er nú úr þessu“!

Frumatriði / Frumskilyði (n, hk) *Alger* forsenda. „Það er auðvitað *algert* frumskilyrði að verkfærin bítu“.

Frumbernska (n, kvk) Barnsaldur; byrjun barnsævi. „Tvö börn dóu í frumbersku...“ (S.G; Bréf til mömmu).

Frumburður (n, kk) Elsta barn í systkinahópi. „Frumburðurinn þeirra er núna að fara að heiman“.

Frumefni (n, hk) Efni sem ekki er efnasamband tveggja eða fleiri efna, heldur gert úr einsleitum frumeindum.

Frumhlaup (n, hk) Fljótferni; mistök. „Það var frumhlaup af þeim að leggja netin í þessu veðurútliti“.

- Frumvarp** (n, hk) Tillaga; uppkast að t.d. lögum/reglum. „Ný reglugerð um innheimtu fasteignaskatts. Hreppsnefndin lagði fram frumvarp að slíkri reglugerð fyrir Rauðasandshrepp“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).
- Frontaháttur** (n, kk) Ruddaskapur; fantabrögð. „Svona aðfarir eru bara algjör fruntaháttur“!
- Fruntalegur** (l) Ruddalegur; fantalegur. „Vertu nú ekki svona fruntalegur við yngri krakkana“.
- Frunti** (n, kk) Ruddi; frekja; fantur. „Mér finnst hann bara algjör frunti; svona hreint út sagt“!
- Fruss** (n, hk) Ýringur; skvettur; ágiöf. „Það má alltaf búast við einhverju frussi yfir bátinn þegar siglt er uppí báru og vind“.
- Frussa / Frussast** (s) Ýrast; skvettast; gefa á. „Passaðu að maurasýran frussist ekki á bert hörundið“.
- Frýja (einhverjum) hugar** (orðtak) Væna einhvern um heigulshátt/ragmennsku. „Hvergi munu heiglar mér/hugar frýja lengi./ Hvað sem oss að höndum ber./ hræddan sér mig engi“ (JR; Rósarímur).
- Frýjunarorð** (n, hk, fto) Mönun; ögrun; hæðnisorð. „Hann stóðst ekki frýjunarorð félaga sinna og óð úti“.
- Frýja (einhverjum) vits** (orðtak) Væna einhvern um heimsku/vitsmunaskort.
- Frýnast í** (orðtak) Forvitnast í; gægjast í; skoða í leyfisleysi. „Ég vil nú ekki vera að frýnast í þínar hirslur“.
- Frýnilegur / Frýnn** (l) Álitlegur; falletgur. „Ekki var hann frýnilegur þegar hann náðist úr fjóshaugnum“.
„Karlinn var aldeilis ekki frýnn á svip þegar hann áttaði sig á þessu“.
- Frýs saman sumar og vetur** (orðtak) Það þótti merki um gott sumar ef frost var aðfaranótt sumardagsins fyrsta; ef saman fraus sumar og vetur.
- Fræðapulur** (n, kk) Margfróður/gagnfróður maður; sá sem er fróðari en almennt gerist og miðlar sínum fróðleik. „Maður má sjá eftir því á síðari árum að hafa ekki numið meira af gengnum fræðapulum“.
- Fræðingadót / Fræðingalið / Fræðingapakki** (n, hk) Skammaryrði um það virðulega og sprenglærða fólk sem stundum vill hafa vit fyrir „fáfróðum“ sveitamönnum í ystu Íslandsbyggðum. „Þarna er þessu fræðingapakki rétt lýst“! „Það er nú ekki mark takandi á þessu fræðingadóti, frekar en fyrri daginn“! Ef mönnum var *mikið niðri fyrir* og þótti að sér vegið voru viðhöfð sterkari orð sem illa henta á prent.
- Frægðarför** (n, kvk) Mikilvæg ferð; ferð sem markar tímamót. „Þetta var nú engin frægðarför hjá okkur, þó ekki kæmum við með öngulinn í rassinum í land“.
- Frækilega** (ao) Við góðan orðstí; merkilega; snilldarlega. „Sveltistakan tókst frækilega vel“.
- Frækilegur** (l) Sem mælist vel fyrir; merkur; afrek. „Ég fullyrði að þessi björgun (við Látrabjarg) er sú frækilegasta sem unnin hefur verið hér á landi“ (Guðbjartur Ólafsson form SVFÍ; Útkall við Látrabjarg).
- Frændgarður** (n, kk) Ætt. „Bókin „Kollsvíkurætt“ rekur upphaf frændgarðs Einars Jónssonar í Kollsvík“.
- Frændmargur** (l) Á marga frændur/ mörg skyldmenni. „Hann sagðist vera svo frændmargur að hann þyrfti stærra hús fyrir afmælisveisluna“.
- Frændrækin** (l) Hefur mikil samskipti við sín skyldmenni. „Ekki get ég *státað* mig af að vera frændrækin“.
- Frændsystkini** (n, hk, fto) Frændfólk. „Þarna voru stödd nokkur af mínum frændsystkinum“.
- Frændur eru frændum verstir** (orðatiltæki) Viðhaft t.d. um það að maður ætlast gjarnan til meira af þeim sem eru manni skyldir; jafnvel um of. Einnig vill oft verða svo að þegar misklíð kemur upp, verði hún hatrammari milli skyldmenna en *vandalausra*.
- Frærófa** (n, kvk) Rófa á öðru ári. Sé rófa skilin eftir í jörð yfir vetur, eða sett niður að vori, þó sprettur upp af henni njóli sem síðan ber fræ.
- Fuðla** (s) Gusa; skvetta; krumpa. „Veggirnir eru skellóttir og þyldu að einhverri málningu væri fuðlað á þá fljótlega“.
„Það er ekki alveg sama hvernig kortinu er fuðlað saman“!
- Fuðra upp** (orðtak) Brenna ákaft; kvikna í. „Þegar loginn komst í þilið fuðraði kofinn upp á skömmum tíma“.
- Fugl** (n, kk) A. Þau kvikindi sem tilheyra ættbálki fugla. B. Svartfugl. Svartfugl hefur löngum verið mikilvægastur matfugla í Útvíkum. Einkum var það á jörðum eins og Látrum og Breiðuvík, sem höfðu svartfuglavörp í sínum landareignum, en einnig í Kollsvík, þar sem Kollsvíkingar hafa alla tíð stundað eggjatöku í Bjarginu að einhverju marki og/eða fengið þaðanfugl og egg. Því var oft eingöngu átt við svartfugl í Útvíkum, þegar talað var um fugl; og fuglseggi merkti svartfuglseggi, væri ekki annað tiltekið. C. Máfur. Svartbakur og hvítmáfur voru skotnir á fluginu í Kollsvík og hafðir til matar. Stundum var talað um fugl í því samhengi að allir vissu að átt var við þessar tegundir. „Ég ætla niður að gördum að gá hvort ég sé fugl“.
„Er ekki enn eitthvað eftir af fugli í kvartelinu“?

Fuglabjarg (n, hk) A. Bjarg þar sem mikið verpur af svartfugli. B. Líking um stað þar sem hávaðinn líkist þeim sem er í fuglabjargi.

Fuglabringur (n, kvk, fto) Hvítt brot efst í báruvaldi. Sagt var að hann væri „farinn að skjóta í fuglabringur“ þegar byrjaði að hvítna í báru. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Er þá farið all mjög að herða vind og farnar að sjást fuglabringur á sjónum; þ.e. farið að falla af báru...“ (ÖG; Fiskiróður).

Fuglabyrgi (n, hk) Byrgi á brún fuglabjargs til að geyma í fugl sem veiddur hefur verið. „Fuglabyrgi voru af sömu gerð og *vaðbyrgin* (sjá þar) og voru höfð til að geyma í fugl þegar ekki hafðist undan að flytja heim. En fuglinn þurfti að verja fyrir vörögum“. (MG; Látrabjarg; frás. Daníels Eggertssonar; Hafliða Halldórssonar o.fl.). Tóft af fuglabyrgi/vaðbyrgi má t.d. sjá ofan Stígs, undir Geldingsskorardal.

Fugladrit (n, hk) Fuglaskitur. „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróð; enda var það rikulega áborið af fugladriti“ (PG; Veðmálið).

Fuglafíður (n, hk) Fíður af fugli. „Þangað var seld öll framleiðsla, sem var nær eingöngu saltfiskur og ull; lítið af fuglafíðri og lýsi“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Fuglagarnir (n, kvk) Fuglagarnir voru mikið notaðar til beitu fyrir á tíð, og líkast til hafa menn því beitt ýmsum ráðum til að verða sér úti um þær. Sjá einnig *beitning*.

Fuglager (n, hk) Hópur fugla á flugi yfir litlu svæði; gjarnan átt við svartfuglahóp sem steypir sér ákaft í sílistorfu, en það bendir til þess að undir gæti verið þétt fiskitorfa. „Við skulum renna í fuglagerið og sjá hvort við fáum eitthvað uppúr því“.

Fuglahilla (n, kvk) *Fuglasylla*; hilla/sylla í bjargi þar sem mikið verpur af bjargfugli. „Þórðarbrandshöfðahilla er fuglahilla undan Stignum og stutt e farið eftir henni“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Fuglahræða (n, kvk) A. Brúða í mannsmynd sem sett er upp í varplandi til að fæla varg. Notuð um tíma þegar reynt var að koma upp æðarvarpi á Láganúpi, en með litlum árangri. B. Líking, um mann sem er illa til fara.

Fuglaket (n, hk) Kjöt af fugli. Fuglaket var mikilvægur hluti hinnar fjölbreyttu fæðu í Kollsvík og öðrum Útvíkum. Kollsvíkingar fóru nokkuð í Bjargið með landeigendum eða í leyfi þeirra og öfluðu sér svartfugls, meðan fugl var þar snarður. Kollsvíkingar stunduðu það líka að *skjóta á fluginu*; þ.e. skjóta máf sem flýgur með Grundarbökkunum. Þá var til síðs um tíma að taka fýlsunga áður en hann fór á flug. Önnur fuglaveiði var t.d. sú að skjóta lunda með ríffli í Álkuskútanum, og ekki skal svarið fyrir að *pokaendur* hafi ekki stundum sálast þegar byssumenn voru á ferli. Ef mikið aflaðist af fuglaketi var það saltað í tunnur, og var slíkur vetrarforði af máf síðast til á Láganúpi á 7. áratug 20. aldar. Fuglaket er hinn ágætsti matur, og var oftast soðin af því *fuglasúpa*.

Fuglakippa (n, kvk) *Karmi*; kippa/knippi af svartfugli, hentug til að draga marga saman uppá brún og flytja heim. „Þegar formanninum niðri þykir hæfilegt að fara að draga upp er byrjað að bera fuglinn að vaðnum. Kippuböndin eru tekin. Þetta eru bönd úr meðalildu snæri, og þurfa að vera ófúin og traust... Kippubandið er um 60 cm langt, með rennihnútsknappfellu á hvorum enda. Fuglinum er raðað með hálsana í knappfellulykkjuna og hnútunum rennt að. Lykkjuhnúturinn kemur í veg fyrir að losni á leiðinni, þó kippurnar verði fyrir hnjaski. 15 fuglar eru látnir í hvorn enda kippubandsins, og var knippið kallað karmi. Menn kippa upp þar sem fuglinn liggur og bregða miðju kippubandsins á öxl sér, sem snýr frá berginu á leið til vaðsins... Sigarinn bregður bensli á mitt vaðaraugað, þannig að nú eru tvö augun (lykkjur. Hann lætur kippuband vega salt í neðra auganu með því að smeygja kippunni í gegn. Í efra augað lætur hann annað kippuband, og fuglarnir í því taka niður að neðri kippunum. Nú eru komnir 60 fuglar í vaðinn og þá er komið í ferðina; þetta vegur nær 60 kg. (MG; Látrabjarg; frás. Daníels Eggertssonar; Hafliða Halldórssonar o.fl.)

Fuglamerkingar (n, kvk, fto) Merkingar fugla í því skyni að fræðast um ferðir, hætti og örlög þeirra. Slíkar merkingar hafa lengi verið stundaðar af Náttúrufræðistofnun og einstaklingar víða um land hafa merkt fugla. Það var gert af áhuga í Kollsvík; fyst líklega af einari Guðbjartssyni og bræðrum hans, en Ingvar og Össur héldu þeim síð ásamt sínum börnum framyfir 1970. Sjá *fuglamerkingaferð/fuglamerkingaleiðangur*.

Fuglamerkingaferð / Fuglamerkingaleiðangur (n, kvk/kk) Gönguferð sem farin er að vor- eða sumarlagi til að merkja unga ýmissa fuglategunda áður en þeir kæmust á flug. Börnum þóttu þessar ferðir mjög spennandi, og nutu samveru og fræðslu af fullorðnum auk skemmtunar í náttúrunni. Farið var víða um og handsamaðir og merktir þeir ungar sem náðust og voru nægilega bragglegir til merkingar. Búnaðurinn samanstóð af númeruðum álmerkjum af ýmsum stærðum; þræddum uppá plastslöngur; tóng til að klemma þá hæfilega um fuglsfætur; flatkjöftu ef hagræða þurfti merkinu blýanti til skrifta og stílabók eða pappaspjaldi til skrásetningar. Eftir heimkomu var allt skráð og sent til Náttúrufræðistofnunar. Oft bárust síðar tilkynningar um merкта fugla sem fundist höfðu; ýmist hérlendis eða í fjarlægum löndum. Sá sem lengst hefur stundað fuglamerkingar í Rauðasandshreppi er efalaust fræðimaðurinn og bóndinn Tryggvi Eyjólfsson á Lambavatni.

Fuglari (n, kk) Eldra nafn á *fyglingi*; þ.e. manni sem sigur í bjarg til fuglaveiða. Orðið var þekkt en ekki notað í Útvíkum á seinni tímum. „Þessi er fjárafli margs manns að fara í björgin að taka egg ok fugla. Þessháttar

afli fremst á þann hátt að fuglarinn fer í festarenda ofan fyrir bjargið; gerist það oftlega með miklum háska ok bráðum manntapa, því að festinni kann margt að granda“ (Saga Guðmundar byskups góða).

Fuglasetur (n, hk) Stór varpstaður bjargfugla; flæmi; stór hilla í bjargi með miklu varpi. Oft stytt í *setur*.

Fuglastallar / Fuglasylla (n, kvk) *Fuglahilla*; hilla/sylla í bjargi þar sem mikið verpur af bjargfugli.

„Neddarlega í Lambhöfða eru tveir fuglastallar sem heita Gufur“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

„Undirhlíðarhillur eru fuglasyllur milli Bæjarvallar og Undirhlíðar“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Fuglastöng (n, kvk) Stöng sem notuð var til að snara svartfugl í bjargi. „Nú taka karlar fram... veiðivopnin; fuglastengurnar... Snaran er á enda sex til sjö álna (3,80-4,40 m) langrar stangar úr völdum viði. Stöngin er í þann endann sem maðurinn heldur um, að gildleika á við svert hrífuskaf; 2,0-3,0 cm í þvermál, en mjókkar til hins endans, aðallega frá miðju, og er sá endinn um einn og hálfur sentimetri í þvermál. Á þann endann er snaran fest. Snörutaugin er 40-50 cm löng, fléttuð úr taglhári hrossa, og 3-4 mm að þvermálgildleika. Annar endi snörutaugarinnar er bundinn tryggilega um skoru, 2 cm frá mjórri enda stangarinnar. En frá skorunni mjókkar stöngin til endans, lítið eitt. Á lausa enda snörutaugarinnar er brugðin lykkja, sem er hæfilega víð til að geta runnið upp á endamjódd stangarinnar og stöðvast þar. Þegar snörutaugan hefur verið brugðið til knappellu uppá snörulegginn, og síðan stöðvað á stangarendanum, er komin snörulykkja sem hlaupið gæti yfir hausinn á kollóttri kind. við minnsta átak á innra borð lykkjunnar rennur snörugað fram af stangarendanum og herðir að því sem um grípur, ef kippt er snöggt í stöngina“. (MG; Látrabjarg). „Kollsvíkikingar áttu sjálfir vaði og stangir, en ekki eins góðan útbúnað og Látramenn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Fuglasúpa (n, kvk) Súpa af fuglaketi. „Mávaket er hinn besti matur; bæði nýtt og saltað. Jafnan er soðin af því fuglasúpa og hjörtun þá höfð með sé þess kostur, enda eru þau hið mesta lostæti“.

Fuglasveimur (n, kk) Hópur af fljúgandi fugli.

Fuglatekja (n, kvk) Fengur/afli af fugli sem snaraður er í bjargi. „Fuglatekja var á Brothillum“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Fuglatekjupláss (n, hk) Staður í bjargi þar sem fugl var nytjaður áður fyrr. „Í Þorsteinshvammi var fuglatekjupláss, en heldur óþægilegt vegna vatnsrennslis úr berginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Fuglavaður (n, kk) Bjargvaður sem notaður er til að hífa kippur af fugli uppúr bjargi við bjargnytjar. „Til siga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir)“ (MG; Látrabjarg).

Fuglberg / Fuglbjarg (n, hk) Fuglabjarg; bjargsvæði sem *fugltekja* er í. „Skjaldargjá er úr brún og niður undir fuglbergið um mitt bjarg, en nær ekki að sjó“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Fuglferð (n, kvk) Líflegt og áberandi flug fugla í þéttum hópi yfir sjó, þar sem mikið er af síli undir; *silferð*; *gjör*. „Það er búin að vera mikil fuglferð suður á víkinni í allan morgun. Er ekki ástæða til að fara fram“?

Fuglgammur (n, kk) Stór hvolflega skápur í bjargi þar sem fá mátti mikið af fugli meðan hann var nytjaður. „Melagammur er fuglgammur niður úr Melalykkjunni, og eru 30 faðmar úr henni í gamminn“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Fuglmikið sig (orðtak) Bjargsig þar sem fá má mikið af fugli á sama sigstað. „Niðri í bjarginu er Sléttanefshilla niður af Sléttanefi. Er 60 faðma sig á hana af nefinu; eitt fuglmesta sig í Bjarginu“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Fuglríkur (l) Um fuglabjarg/varpstað. „Jötunsaugu eru allstórir strokklaga hellar, sem mjókka inn, með þunnum vegg á milli. Þeir eru mjög fuglríkir, en þröngir innst, svo þar verður að skríða“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Fuglsblundur (n, kk) Mjög stuttur svefn. „Það var ágætt að fá svona fuglsblundur“.

Fuglsegg (n, hk) A. Egg úr fugli (almenn notkun). B. Svartfuglsegg. Allajafna var átt við svartfuglsegg þegar rætt var um fuglsegg í Útvíkum, enda voru þau löngum mikilvægust allra eggja til matar.

Fuglssmolt (n, hk) *Smolt*; fita af fuglaketi.

Fuglssvæði (n, kk) Svæði í bjargi með miklu af bjargfugli. „Melalykkja er fuglssvæði eða höld, sem kallað var“ (Ólafur Þórarinnsson; Örn.skrá Breiðavíkur).

Fugltekja / Fuglveiði (n, kvk) Snörun/veiði fugla í bjargi til matar/hlunninda.

Full... (forsk) Um of. Forskeyti sem gefur til kynna magn eða styrk. „Þetta er nú fullmikið af því góða“ (Þetta er of mikið). „Kannski var ég full harðhentur við hann í glímunni“. „Grauturinn er full saltur fyrir mig“.

Full gjöf (orðtak) Um föðrun búfjár; fullur skammtur af heyi; *innistöðugjöf*. „Þat tekur í ef þarf að hafa féð lengi á fullri gjöf vegna ótíðar“. „Það er óþarfi að gefa fulla gjöf fyrst það *greip* eitthvað *niður* úti“.

Full upp í mæni (orðtak) Um heyskap í hlöðu; búið að fylla og troða allsstaðar upp í ráfur/mæni. „Þetta er nú alveg þokkalegur heyskapur; allar gryfjur kjaftfullar; hlöður fullar upp í mæni og allstórt hey uppsett úti“.

Fullbata (l) *Albata*; *fullfrískur*; búinn að jafna sig af veikindum/meiðslum.

Fullboðlegur (l) Sem vel er boðlegur/ í góðu lagi að bjóða. „Það er ekkert að þessum rauðmaga; hann er fullboðlegur fyrir hvern sem er“.

Fullburða (l) Fullskapaður; fullhraustur; í heilu lagi. „Mín þekking á þessu er kannski ekki fullburða enn“.

Fullburðugur (l) Fullfær um. „Ég ætla ekkert að stjána við hann; hann er fullburðugur að gera þetta sjálfur“!

Fullbúinn (l) Albúinn; tilbúinn. „Nú er ég fullbúinn í hvaða sjóferð sem er“. „Hann er fullbúinn að ná sér“.

Fullfermdur (l) Með fullan farm; með eins mikinn flutning og framast er unnt. „Þegar Fönix er fullfermdur, er hann færður fram á Lægið og lagt við stjóra“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fullfermi (n, hk) Full hleðsla; fullur farmur. „Mér sýnist þeir vera á leiðinni í land með fullfermi“.

Fullfrekur (l) Helst til frekur/yfirgangssamur. „Nú þykir mér hann vera orðinn fullfrekur á saltíð“.

Fullfrískur / Fullröskur (l) Í góðu líkamlegu formi; vel á sig kominn. „Þetta ætti ekki að vera ofraun neinum fullfrískum manni“.

Fullfær um (orðtak) Getur auðveldlega. „Maður er nú fullfær um að binda sig sjálfur í vaðinn fyrir sig“.

Fullgera (s) Ljúka við; klára. „...veitt verði þegar á þessu ári nægilegt fé til þess að fullgera sýsluvegin frá Gjögurum að Kollsvík“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 24.03.1962; ritari ÖG).

Fullgott (l) Alveg nógu gott; ágætt. „Mér finnst þetta fullgott í kjaftinn á honum fyrst hann mætir ekki í mat á réttum tíma“.

Fullharka (n, kvk) Um sjávarfall; með fullum þunga. „Lagt var þvert á straum, og hyllst var til að leggja lóðina í fullhörku á straum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Fullheimta (s) Alheimta; fá allt fé að hausti sem búist var við. „Nú tel ég mig vera búinn að fullheimta, eða því sem næst“. „Nú er að verða fullheimt af Bjarginu“. Algengara vestra en „alheimta“.

Fullherða (s) A. Um fisk; herða að fullu; gera að harðfiski/skreið o.þ.h. B. Um skrófu/ró/bolta; herða alveg.

Fullhertur (l) Um fisk; orðinn hertur/harður. „Hann kom með þá tillögu að hver útgerðarmaður borgaði okkur einn steinbít; fullhertan, góðan, vel verkaðan harðsteinbít; kúlaðan“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Fullhertur með (l) Á þölmörkum; með ítrustu áreynslu. „Við vorum fullhertir, tveir, með að bjarga þessu tré undan sjó á *skríftóg*“.

Fullheyja (s) Alhirða; koma öllu heyi af tünunum í hlöðu. „Hann er víst að verða búinn að fullheyja“.

Fullhirt (l) Búið að hirða öll hey af túni/jörð. „Það er fullhirt af Melstúnunum, en eitthvað eftir heima“.

Fullhraustur (l) Vel hraustur/sterkur. „Tveir fullhraustir menn ættu að geta komið trénu uppúr fjörunni“.

Fullhreinsa (s) Hreinsa að fullu. „Við tókum nokkur *þaranet* í land til en fullhreinsuðum önnur og lögðum þau aftur“.

Fullhreinsað (l) A. Búið að tína öll egg sem nást. „Það er fullhreinsað af Jónshöfðanum en eftir að fara í Árnastaðina“. B. Búið að hreinsa öll net í sjó; hey af tünunum; fé af fjöllum eða annað.

Fullhvíldur (l) Úthvíldur; ekki lengur þreyttur. „Við lögðum af stað með reksturinn fullhvíldir“.

Fullir kunna flest ráð (orðatiltæki) Betra er að leysa viðfangsefni ef menn eru mettir en ef hungur sverfur að. Spekinni hefur stundum á seinni tímum verið rangsnúið upp á gáfnafar þeirra sem ölvaðir eru.

Fullkeyptur á (l) Fullhertur með: fullt í fangi með. „...t.d. fór hann sinna ferða í því veðri sem mun stærri skip töldu sig fullkeypt á“ (ÖG; minn.grein um AK).

Fullklyfjaður (l) Með fulla byrði. „Einhverjir svitadropar hafa líklega fallið þegar menn örkuðu yfir Hæanuvíkurháls fullklyfjaðir varningi úr verslun; jafnvel með 50 kly sekk á herðum, auk annars“.

Fullkominn (l) A. Alger; yfirgengilegur. „Það var fullkominn klaufaskapur að missa lúðuna“!. B. Gallalaus; óaðfínanlegur. „Þetta finnst mér fullkomin sæla; að dóla sér á skaki frammá Kollsvíkinni í rennbliðu“!

Fullkomlega (ao) Alveg; til fulls; algerlega. „Þetta er mér fullkomlega óskiljanlegt“! „Eigi að síður gáfust hey fullkomlega í meðallagi...“ (ÖHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Fullkunnugt (l) Vel kunnugt/ljóst; þekki ekki vel. „Líklegt tel ég hinsvegar að Liði hafi fengið fallega lífgimbúr hjá Gumma um haustið, en um það er mér ekki fullkunnugt“ (PG; Veðmálið).

- Fulllangt** (l) Of langt. „Mér finnst nú fulllangt gengið þegar þessi ríkisstjórn tekur ævaforan veiðirétt af verstöðvum sem haldið hafa lífinu í þjóðinni í aldaðir; bara til að færa hann góðvinum sínum á einhverju öðru landshorni!“ „Þessi spotti er fulllangur fyrir svona stutt snag“.
- Fulllítið** (l) Of lítið; helst til lítið. „Þessi stígvél eru fulllítill fyrir mig“.
- Fulllæs** (l) Vel læs; fluglæs. „Börn fengu góða tilsögn og kennslu heimavið; iðulega hjá afa og ömmu ekki síður en foreldrum, og voru yfirleitt orðin fulllæs um sex ára aldur“.
- Fullmektugur** (l) Með fullt vald; fulltrúi; fær um. „Þú er fullmektugur að skrifa undir, fyrst hann er ekki hér sjálfur“.
- Fullmikið af því góða** (orðtak) Of mikið af því sem í hófi er viðunandi.
- Fullnaðarpróf** (n, hk) Lokapróf eftir að barnaskólagöngu lauk í fyrra skólakerfi, meðan barnaskóli var við lýði. Eftir fullnaðarpróf tók við tveggja til þriggja ára gagnfræðaskóli eða eins árs landspróf, áður en nemandi gæti farið í menntaskóla, iðnskóla eða aðra sérskóla. Þetta kerfi lagðist af þegar grunnskólinn var upp tekinn. „Vorur börnin útskrifuð með gamla fullnaðarprófinu til 1968“ (MG; Árb.Barð 1959-67).
- Fullnægja** (s) Uppfylla; gera nægilega. „Oddviti gat þess að enn hefði eigi verið fullnægt ákvæði í lögum að ráða byggingafulltrúa fyrir sýslufélagið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Fullnægjandi** (l) Nægilegur; uppfylltur. „Ég myndi nú telja þetta alveg fullnægjandi frágang“.
- Fullorðið** (l) Fullorðið fé; ekki lömb eða gemlingar. Oft er einungis notað fyrra orðið þegar rætt er um sauðfé. „Þarna í Breiðnum sá ég að minnsta kosti þrennt fullorðið og fimm lömb“.
- Fullorðnast** (s) A. Verða uppkomin. „Það er meira hvað tognar úr drengnum þegar hann fullorðnast“. B. Verða gamall/ellihrumur. „Hann fer nú að fullorðnast blessaður, enda kominn á níraðisaldur“.
- Fullorppinn / Fullverptur** (l) Um fuglategund; kominn í fullt varp; *alorppinn*. Báðar orðmyndir heyrðust. „Langvían er fullorppinn núna og það fyrsta byrjað að skemmast, en álkuegg gætu verið óskemmd“. „Það þýðir lítið að gá að eggjum þegar fuglinn er fullverptur og ekkert búið að hreinsa áður“!
- Fullráða / Fullmanna** (s) Ráða alla í skipsrúm sem þarf fyrir vertíð. „Þá voru allir búnir að fullráða“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei).
- Fullreykja** (s) Reykja að fullu/ nægilega. „Ég tók nokkra rauðmaga niður áður en búið var að fullreykja þá“.
- Fullreykt** (l) Um matvöru; búið að reykja nóg/ að fullu. „Það er hæpið að þetta sé fullreykt ennþá; það væri til bóta að kveikja nokkrum sinnum undir því í viðbót“.
- Fullreynt** (l) Búið að reyna að fullu; allar tilraunir hafa mistekist. „Ég held að þessi aðferð sé alveg fullreynd, við þurfum að beita einhverjum öðrum ráðum“.
- Fullreynt er í fjórða sinn** (orðatiltæki) Visar til annars orðatiltækis; *allt er þá þrennt er*, og er oft haft sem viðbót við það, en einnig oft sjálfstætt. „Veið reynum einusinni enn, en hættum ef það tekst ekki; fullreynt er í fjórða sinn“. Sjá *allt er þá þrennt er*.
- Fullriflegt** (l) Heldur mikið; einum um of. „Þetta er fullriflegt af eggjum; ég þarf ekki svona mikið“.
- Fullsalta** (s) Um matvæli; salta að fullu. „Á að fullsalta fiskinn eða bara nætursalta hann“?
- Fullsaltaður** (l) Saltaður að fullu; saltaður til langrar geymslu. „Þessi fiskur er fullsaltaður“.
- Fullseldur** (l) Dýr; í toppverði. „Þú ræður auðvitað hvað þú borgar, en mér finnst báturinn alveg fullseldur á þessu verði“.
- Fullsigið** (l) Um hey; torfgarð; vegg o.fl.; búið að síga að fullu. „Ég held að nú sé fullsigið í votheysgryfjunni“.
- Fullskapaður** (l) Fullgerður; tilbúinn. „Þetta verður ágætis peysa hjá þér þegar hún er fullsköpuð“.
- Fullsmalað** (l) Búið að smala öllu fé. „Með þessu ætti Bjargið að vera fullsmalað“.
- Fullsnemma** (ao) Heldur snemma; aðeins of fljótt. „Leggðu út og hafðu örlítið framá, svo ég nái baujunni; ég drap fullsnemma á vélinni“.
- Fullsnemmt** (l) Heldur snemmt; of fljótt. „Það er fullsnemmt að beita tvílembum á úthagana ennþá“.
- Fullspenntur** (l) Með mestu spennu; á hæstu stillingu. „Ég greip með varúð í innsogið; annað var fullspennt, og vélin bætti við sig“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fullspröttið** (l) Sprottið að fullu. „Sléttan við Grásteininn er orðin fullspröttin, og sama er með efstu sléttuna“.
- Fullsterkur** (n, kk) Einn af aflraunasteinum í steinatökum, sem voru við hverja verstöð til mælinga á kröftum vermanna. Líklegt er að þannig steinatök hafi verið í Láganúpsverstöð, þó ekki sjái þeirra merki í dag, en þau hafa varðveist á Hvallátrum. „Steinatökin á Hvallátrum eru fjögur.. Þyngsti steinninn, Alsterkur, er 354 pund; næstur er Fullsterkur; 288 pund; Hálfsterkur 214 pund og Amlóði 192 pund“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).

Fullstrembið (l) Heldur erfitt. „Þessi reikningsbók er fullstrembinn fyrir barn á þessum aldri“.

Fullteins (ao) Jafnvel meira. „Mér sýnist að það rigni fullteins mikið í dag og í gær“. „Mér finnst heimaræktuðu kartöflurnar fullteins góðar og þær aðkeyptu; ef ekki bara miklu betri“. „Hann stóð sig fullteins vel“.

Fullteinsgott (l) Ráðlegt; jafn gott. „Ég held að þér sé fullteinsgott að vera ekkert að rífa kjaft, eftir þína frammistöðu!“ „Er ekki fullteinsgott að fara þessa leið niður á hilluna“?

Fullteinsmikið (l) Jafnmikið eða meira. „Ég held að þetta sé fullteinsmikið af hrognum og í gær“

Fulltilreynt / **Fullreynt** (l) Gerðar allar tilraunir; gert það sem unnt er. „Það er nú ekki fulltilreynt með þetta fyrir en eftir nokkra daga“. „Mér finnst enn ekki fullreynt hvort þetta sé hægt“.

Fulltíða / **Fullveðja** (l) Fullorðinn; kominn til vits og ára. „Þetta eru núna orðnir fulltíða menn“.

Fulltínt (l) Um eggjatöku; *fullhreinsað*; búið að tína þau egg sem nást. „Ég held að það megi heita fulltínt úr Stóðunum, þó lengi megi *snaga eftir* einu og einu eggi“.

Fullum fetum (orðtak) Um fullyrðingu; án vafa/skilyrða. „Hann *hélt* því *fram* fullum fetum að þarna væri fé“.

Fullur (l) A. Búið að fylla; ekkert pláss eftir. „Þessi hrognatunna er alveg að verða full“. B. Ölvaður. „Hvenig á ég að muna eftir þessu; maður var fullur og vitlaus!“ C. Fyllilega; rösklega. „En 1797 eða 1798 hefur hann flust að Kollsvík og bjó þar til dauðadags, eða að heita má full 40 ár“ (TO; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). D. Um tungl; óskert; að loknu síðasta kvarteli. „Það var fullt tungl og því vel ratljóst“.

Fullur að vöngum (orðtak) *Búlduleitur*; *kinnamikill*.

Fullvel (l) Mæta vel; mjög vel. „Þú veist það fullvel að það er ósiður að freta hátt í fínum samkvæmum“.

Fullveldisdagurinn (n, kk, m.gr) Hinn 1. desember 1918 fengu Íslendingar sjálfstæði frá Danaveldi. Þess er enn minnst á fullveldisdaginn hvert ár. Hinsvegar hefur Ísland aldrei náð fullveldi fremur en nokkuð annað ríki. Sjálffræði þjóða eru þeir hagsmunir og það sjálffræði sem þær njóta innan þeirra marka sem aðstæður setja, þar með talið alþjóðlegir samningar og viðskipti. Eftir inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið þarf þjóðin t.d. að lúta lagasetningu Evrópuþingsins í veigamiklum atriðum. Það var verulegt framsal á fullveldi.

Fullvissa sig um (orðtak) Vera öruggur; Ganga úr skugga um. „Hún fullvissaði sig um að slökkt væri á kertinu í fjósinu áður en hún fór heim“.

Fullvíst (l) Öruggt; alveg víst. „Ég tel fullvíst að þetta verði svona“. „Það er ekki fullvíst enn hvort ég kemst“.

Fullþakkað (l) Að fullu þakkað fyrir; fyllilega launað. „Þessi greiðvikni veður seint fullþökkuð“.

Fullþorna (s) Þorna að fullu; *alþorna*. „Það liggur við að heyið nái að alþorna á einum degi í þessum þurrki“.

Fullþurrt (l) Lokastig verkunar þurrheys; *skraufpurrt*; fullþurrikað. „Fyrrum þurfti að fullþurrika allt hey. Síðar kom votheysverkun; súgþurrun og loks rúlluheyskapur. Þá nægði að hey væri *grasþurrt*“.

Fuma (s) Fálma; þreifa; fáta. „Ég fumaði í óðagoti eftir ífærinni þegar lúðan kom uppundir borðið“.

Fumlaust (l) Án fátis; með öryggi. „Fumlaust greip hann um stýrissveifina og sneri bátinum uppí brotið“.

Fundahús / **Fundarhús** (n, hk) Hús sem notað er til fundahalda; *húslán*. „Leiga eftir fundahús; Bragi Thoroddsen; kr 30“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1943).

Fundament (n, hk) Undirstaða. „Steyptur var stallur sem fundament undir ljósavélina“.

Fundarfært (l) Unnt að halda fund vegna veðurs/færðar/aðsóknar eða annars. „Ég held að það séu alveg nógu margir mættir til að teljist fundarfært“. „Fundurinn verður haldinn næsta fundarfæra dag“.

Fundarseta (n, kvk) Seta/vera á fundi. „Oddviti þakkaði síðan fundarmönnum nokkrum orðum komuna á fundinn og góða fundarsetu“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fundarsköp (n, hk, fto) Fundarreglur. „Við förum bara að fundarskópum varðandi þetta atriði“.

Fundarspjöll (n, hk, fto) Brot á fundarreglum; hindrun á eðlilegu fundarhaldi. „Eru þetta ekki fundarspjöll“?

Fundastúss (n, hk) Frátafir/annir vegna funda. „Það verður lítið úr heyskap með öllu þessu fundastússi“.

Furða (n, kvk) A. Fyrirboði; feigðarboði. Þetta mun vera upprunaleg merking orðsins, en heyrir ekki sem slík á síðari tímum vestra. Stofnskylt „fyrir“, sbr fyrirboði. B. Undur; undrun. „Það er mesta furða hvað hann spjarar sig“. „Mörgum fannst furðu gegna að þetta skyldi vera hægt“. „Það er furðu mikill sandur í Grjótunum“.

Furða sig á (orðtak) Undra sig á; undrast; þykja furðulegt. „Ég furða mig á hvað þeir eru lengi í ferðinni“.

Furðanlega (l) Með ólíkindum; betur; meira en búist var við. „Hann hefur staðið sig furðanlega vel“.

Furðu lostinn (orðtak) Steinhissa; mjög forviða. „Ég var svo furðu lostinn yfir þessari uppákomu að ég mátti varla mæla“.

Furðu- Forskeyti með mörgum lýsingarorðum til að lýsa hástigi; furðulega; undravert. „Líður vetur furðufljótt/flegðan gjörva lætur/ dýrri vins og vista gnótt/ veislu daga og nætur“ (JR; Rósarímur).

Furðubrattur (l) Hressari/heilbrigðari en búast hefði mátt við. „Mér finnst hann furðubrattur eftir allt þetta“.

Furðurfljótur / Furðusnöggur (l) Mjög fljótur/snar. „Hann var furðufljótur að jafna sig eftir þetta“.
„Drengurinn var furðusnöggur að skjótast fyrir kindina“.

Furðufyrirbæri (n, hk) Furðuleg/sjaldséd dýr eða hlutur; ólíkindatól. „Það er meira furðufyrirbærið þessi *kostgangari* sem þau eru komin með“.

Furðugepill / Furðugripur / Furðufugl (n, kk) Skrýtinn/sérkennilegur náungi. „Hann var furðugepill, en ágætisgrei inni við skinnið“.
„Þetta er meiri furðugripurinn“!

Furðukvikindi / Furðudýr / Furðuskepna (n, hk) A. Furðulegt dýr. „Ekki vissi ég að svona furðukvikindi væri til“. B. Líking um einkennilegan mann. „Maður veit aldrei hvar maður hefur þessa furðuskepnu“.

Furðulangur (l) Mjög langur; undarlega langur. „Mér finnst þetta orðinn furðulangur tími“.

Furðulegheit (n, hk, fto) *Undarlegheit*; óvanalegt; bilun. „Það eru einhver furðulegheit í þvottavélinni“. „Hann gaf frá sér einhver furðulegheita hljóð; ég hef bara ekki heyrt *svonalagað* áður“.

Furðulengi (ao) Undarlega lengi. „Hann er búinn að vera furðulengi á leiðinni; mér stendur nú ekki á sama“.

Furðumikið (l) Undarlega mikið. „Það er furðumikill klaki enn í jörðu þarna“.

Furðuverk (n, hk) Furðulegt fyrirbæri/tæki. „Mér fannst þetta sannkallað furðuverk“.

Furtaháttur (n, kk) Bolabrögð; yfirgangur; kúgun. „Mér finnst þetta nú bara vera hreinn furtaháttur“.

Furti (n, kk) Hrotti; rusti; harðstjóri. „Hættu að haga þér eins og furti við yngri krakkana, drengur“!
Orðið finnst ekki í orðabókum utan eitt miðalda dæmi sem ekki er ljóst að tákni það sama. Enn notað í Kollsvík.

Furuskíði (n, hk, fto) Skíði úr furu. „Skíði pantaði Einar frá Noregi; furuskíði, *bindingalaus*“ (IG; Æskuminningar).

Fus (n, hk) Kusk; rusl. „Það þyrfti að ryksuga þetta fus úr bílsætunum“.

Fuss (n, hk) Hnuss; fyrirlitningarhljóð. „Hann gaf sitt álit til kynna með háværu fussi“.

Fussumsvei (uh) Upphrópun til að lýsa vandlætingu/fyrirlitningu. „Sá varð nú heldur byrstur og sagði: „Fussum fei;/ ég fer víst ekki að leika mér við skvísu./ Það kemur ei til mála; nei og aftur nei;/ ég var nefnilega að horfa á hana Disu“!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Fúabíti / Fúaraftur (n, kk) Fúinn máttarviður/raftur í húsum; fúinn grindarbiti í fjárhúsi.

Fúadrasl / Fúasprek / Fúatímur (n, hk) Fúinn viður. „Það þýðir ekki að nota svona fúasprek í þetta“.

Fúafýla / Fúalykt (n, kvk) Lykt af fúa.

Fúamýri / Fúafen (n, hk) Mýri sem heldur ekki gangandi manni. „Hér er varasamt svæði; seilar og fúafen“.

Fúahjallur (n, kk) Lélegt timburhús. „Þessi fúahjallur þeirra er varla mannabústaður lengur“.

Fúasund (n, hk) Blautlend lægð. „Inn af Litladalsbotni er fúasund sem liggur að vegi, og er það nefnd Vonska“ (VP; Örn.skrá Hvalskers).

Fúaskemmd / Fúavottur (n, kvk) Skemmd/veiking í viði vegna fúa. „Þarna er fúaskemmd í bitanum“.

Fúaspotti (n, kk) Lélegt tóg/band; fúid reipi. „Þú *berð* það ekki *við* að nota þennan fúaspotta í lásband“!

Fúaspýta / Fúaspækja (n, kvk) Fjöl/spýta sem orðin er áberandi fúin; *fúasprek*. „Það þýðir ekkert að nota þessa fúaspækju í viðgerðina; hún brotnar *eins og skot*“.

Fúi (n, kk) Skemmd í viði vegna fúasvepps og rotnunar viðaræða. Oftast vegna mikils raka og loftleysis.

Fúinn (l) Feyskinn. Viður vill fúna með tímanum, einkum í raka. Rekaviður fúnar þó mun hægar.

Fúinnfótur (n, kk) Maður sem er orðinn stirður til gangs; *skakklappi*. „Ég fer ekki hratt yfir; eins mikill fúinnfótur og ég er núna orðinn. En einhverntíma fyrir á tíð hefði ég þó manað ykkur strákana í kapphlaup“.

Fúkka (s) Mygla; fúlna. „Á Fúkkateig hraktist yfirleitt og vildi hey fúkka“ (Sigurbjörn Guðjónsson; Örn.skrá Geitagils).

Fúkkabragð (n, hk) Myglukeimur; óbragð; *geymslubragð*. „Mér finnst komið fúkkabragð af kökunum“.

Fúkkaloft (n, hk) Fúkkalykt/ þungt loft í húsi. „Skelfingar fúkkaloft er hérna; opnaðu út úr dyrum smástund“.

Fúkkalykt (n, kvk) Myglulykt; staðnað loft; ólykt. „Út með þessa dýnu; það er af henni bölvuð fúkkalykt“.

Fúkyrðast (s) Skammast; tuða; rifast. „Það er tilgangslaust að fúkyrðast við nautið; það lagast ekki við það“!

Fúkyrðaðflaumur (n, kk) Skammarræða; samantvinnuð blótsyrði. „Ég þóttist illa heyra fúkyrðaðflauminn“.

Fúkyrði (n, hk) Skammaryrði; blótsyrði; þung orð. „Þetta er ágætt bréf, ef hreinsuð eru úr því fáein fúkyrði“.

Fúlasta alvara (orðtak) Rammasta alvara; mjög mikil alvara. „Ég var ekki að gera að gamni mínu með þetta; mér er fúlasta alvara“!

Fúlbeifarinn (l) Paulkunnugur; mjög æfður/vanur; útlærður. „Láttu hann um að gera við þetta; hann er fúlbeifarinn í því“. „Þú ert fúlbeifarinn í ensku; viltu ekki þýða þetta fyrir mig“?

Fúlegg (n, hk) Skemmt egg vegna þess að fuglinn hefur ekki legið á því eða vegna lélegrar geymslu.

Fúlga (n, kvk) A. Hróga; oftast hróga af heyi. „Mokað var góðri fúlgu af heyi inn um töðugatið. Henni var svo ýtt innar af tveimur mönnum með kvíslar, og jafnað innantil í hlöðunni“. B. Há peningaupphæð; mikill sjóður. „Þessi bátur kostaði víst einhverja fúlgu“. Ekki er ólíklegt að upprunalega merki orðið þarabunki í fjöru, sem orðið getur nokkuð füll með tímanum. Sú notkun var þó ekki í seinni tíð.

Fúll (l) A. Í vondu skapi; niðurdreginn; móðgaður. „Láttu hann vera; hann er eitthvað fúll núna“. B. Reiður; pirraður. „Ég er virkilega fúll úti þessa ríkisstjórn“! C. Með vondri lykt / vondu bragði. „Fjári ertu andfúll“! „Láttu renna vel áður en þú notar kranavatnið; það getur verið fúllt vatn í lögninni“.

Fúllyndur (l) Þungt í skapi; viðskotaillur. „Karlinn er afskaplega fúllyndur í landlegum og fiskileysi“.

Fúlmannlega (ao) Óþokkalega; lúalega; með kvikindisskap/ruddaskap. „Þetta fannst mér fúlmannlega gert“.

Fúlmenni (n, hk) Slæmur maður; ruddi; illmenni. „Ekki trúi ég að hann sé slíkt fúlmenni að gera *svonalagað*“.

Fúlmennska (n, kvk) Illska; mjög slæm meðferð/framkoma. „Hafiði heyrt um aðra eins fúlmennsku“?

Fúlsta við (orðtak) Vilja ekki; hundsá. „Kýrnar fúlstaðu við heyinu, enda var það síðslegið og úr sér sprottið“.

Fúlviðri (n, hk) Slæmt veður; dimmviðri; oft notað um langvarandi súldartíð.

Fúna niður (orðtak) Eyðileggjast af fúa/elli. „Endalok bátsins urðu þau að hann fúnaði niður undir húsveg“.

Fúndament (n, hk) Undirstöður. Tökuorð; heyrðist nokkuð notað. „Vélin þarf að setjast alveg á fúndamentið“.

Fúnkera (s) Virka; *braga*; láta. „Ég skil bara ekki hvernig þetta á að fúnkera“.

Fús (l) Viljugur; greiðlegur; sáttur. „Hann var þess fús að koma með okkur“.

Fúska (s) Vinna að án þekkingar/getu/lags. „Ég þori ekkert að fúska við þetta *innú* í vélinni“.

Fúskari (n, kk) Sá sem vinnur við verk án fagmenntunar/þekkingar/lags. „Ég er bara fúskari í þessu“.

Fúslega (ao) Greiðlega; með góðum vilja. „Ég skal fúslega viðurkenna að þetta kom mér mjög á óvart“.

Fúss (n, hk) Fyrirlitning; neikvætt viðhorf; ósætti. „Hann yfirgaf fundinn í hálfgerðu fússi“.

Fútt (n, hk) Fjör; gleðskapur. „Kitti og harmonikkann sá um að ekki vantaði fúttið á ballinu“.

Fygling (n, kvk) Snörun/veiði bjargfugls. „Látramenn fóru á hverju sumri til fyglinga, og oft munu Kollsvíkingar hafa verið í þeirra flokki. Einnig fóru Kollsvíkingar á Almanning í Bjarginu“.

Fyglingur (n, kk) Sá sem snarar fugl í bjargi. Einnig var talað um að „fara í fygling“ þeirra erinda. „Fyglingurinn þurfti að nota báðar höndur á vað...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fylgd (n, kvk) Samfylgd; félagsskapur/aðstoð á ferðalagi. „Þú ættir nú að fá þér einhverja fylgd innfyir hálsinn fyrst veðurútlitið er svona tvísýnt“.

Fylgdarlaust (l) Án fylgdar. „Mér finnst ómögulegt að þú farir fylgdarlaust innfyir Hálsinn í þessu færi“.

Fylgdarmaður (n, kk) Sá sem fylgir; leiðsögumaður; aðstoðarmaður. „Fékk ég þá ljósmyndaranum öruggan fylgdarmann; Össur Guðbjartsson, og bað hann að koma honum af fjallinu; á annanhvorn vegin“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949). „Fékk Jens Hermannson okkur fylgdarmann...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Fylgífiskur (n, kk) Sá/það sem fylgir; fylgdarmaður. „Ég þarf að hafa þennan fylgífisk til að aka mér“. Orðið kann að eiga uppruna í trú á það að sérhver fiskur eigi sér einn eða fleiri fylgífiska. Í trausti þess hafa menn dorgað áfram, eftir að fyrsti fiskurinn var veiddur, í von um að veiða fylgífiskana.

Fylgispakur (l) Trúr; fylginn. „Flestir eru þeir fylgispakir sínum flokki, hvernig sem hann klúðrar málum“.

Fylgispekt (n, kvk) Tryggð. „Það skilur eiginlega enginn þessa fylgispekt hans við íhaldið“.

Fylginn sér (orðtak) Fylgir sínum áherslum/baráttumálum eftir; ákveðinn; *yttinn*. „Hann þótti *hardur i horn að taka* og fylginn sér í flestum málum“. „Hann er nokkuð fylginn sér, þó hann sé ekkert nema hógværdin uppmáluð allajafna“.

Fylgja (n, kvk) A. Hildir; næringarkerfi sem umlykur fóstur í kvið móður, en skilar sér með afkvæminu við fæðingu. B. Vera úr þjóðtrú; draugur sem fylgir lifandi manneskju; oft uppvakningur, eða andi framliðins. Fylgja manns birtist oft á undan honum þegar hann var gestur á bæ. Urðu heimilismenn hennar varir með ýmsu móti, t.d. með því að smáóhöpp urðu eða syfja sótti að fólki. „Bræður frá Hnjóti drukknuðu 19. maí 1781. Bát þeirra rak upp í Breiðuvík. Það sögðu margir að fylgjur þeirra hefðu sést kringum skipið um sumarið, áður en það var rífið á Breiðavíkurfít“ (LK; Ísl.sjávarhættir V).

Fylgja á leið / Fylgja áleiðis / Fylgja úr hlaði / Fylgja á veg (orðtak) Veita einhverjum fylgd hluta leiðar frá upphafi. „Það þarf að fylgja fénu aðeins á leið, en svo rennur það sjálft í fjöruna“. „Ég fylgdi honum áleiðis norður“. „Maggi hafði þann starfa að fylgja póstinum á veg og opna fyrir hann túnhliðið“. „Móðir mín fylgdi henni á leið og lengi var hún og oft var ég búin að gå hvort hún kæmi ekki“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Fylgja (einhverju/einhverjum) eftir (orðtak) A. Fara jafn hratt og einhver; *hafva við* einhverjum. B. Þrýsta á um framgang máls.

Fylgja í kjölfarið (orðtak) Fylgja á eftir; vera afleiðing. Sjá í *kjölfar* (einhvers).

Fylgja straumnum / Láta berast með straumnum (orðtök) Láta berast í þá átt sem straumurinn liggur. Oft notað í óeiginlegri merkingu um þann sem lætur tíðarandann eða almenningsálitid ráða sínum gerðum.

Fylgja til dyra / Fylgja úr garði/hlaði (orðtök) Fylgja gesti sem er að fara, annaðhvort til dyra eða út að mörkum bæjarhlaðs. Þótti það sjálf sögð kurteis húsráðenda. Sjá *fara með vitið úr bænum*.

Fylgja vegi (orðtak) Fara eftir vegi/götu. „Við fylgdum vegi útyfir Tunguheiðina, þar til komið var í Hafnarlautir. Þá fórum við niður Keldeyrdal og Húsadal; heim að Kollsvík“. Einnig „fylgja símalínu“.

Fylgjast að (orðtak) Ferðast fleiri en einn saman. „Við fylgdumst að upp Vörðubrekku; þá fór ég niður á Breiðsbrún en hann hélt áfram útyfir Sanddal“. „Farið var af stað um kl 7, og fylgst að með reksturinn út að Litlavatni; þar skildu leiðir“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Fylkja sér um (orðtak) Hópast að; mynda lið/hóp með. „Útvíknamenn, Bæjamenn og Hafnarmenn fylktu sér um sitt sláturfélag, meðan Rauðsendingar og flestir Innfjarðarmenn sameinuðust um áframhaldandi slátrun hjá sínu kaupfélagi. Á endanum fór þó svo að öllu fé úr Rauðasandshreppi var slátrað á Gjögurum“.

Fylla (n, kvk) Sver og mikil bára. „Þá kemur stór fylla sem gengur fram eftir öllu skipinu“.

Fylla (s) Bát getur fyllt, t.d. í ólagi eða við að fara veltu. „Hitt kom fyrir að báta fyllti og *flatti* við landtöku, jafnvel fyllti við útróður“ (KJK; Kollsvíkurver). „Snerist nú báturinn og fyllti og tók að sökkva“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látramanna).

Fylla sig (orðtak) Um fé; fá nóg að bíta til að verða mett. „Ef féð fyllti sig vel á krafsjörð og fékk eitthvað í fjöru var ekkert hey gefið“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Fylla tuginn (orðtak) Fá upp í tíu; verða tíu. „Ég vil nú helst fylla tuginn áður en við förum að *kippa*“!

Fylla töluna (orðtak) Fá eins margt og tilskilið/vænst er. „Enn vantar mig tvær kindur til að fylla töluna, af því sem ég átti von á af Bjarginu“. Einnig var talað um að „fylla postulatöluna“ þegar náðist upp í tólf. „Þá er maður búinn að fylla postulatöluna! Við förum allavegana ekki tómhentir í land“.

Fyllast heilagri vandlætingu (orðtak) Verða mjög hneykslaður yfir einhverju; þykja eitthvað vera mjög gróft/guðlaust/hneykslanlegt eða á annan hátt óviðeigandi. Einkum viðhaft um hneykslun trúaðra og siðavandra.

Fyllilega (ao) Til fulls; almennilega. „Ég skildi aldrei fyllilega hvað hann meinti með þessu“.

Fylling (n, kvk) A. Magafylli; saðning. „Féð fær kannski einhverja fyllingu af þessari sinu en þetta er afskaplega lélegt fóður“. B. Fullur máni. „Ég gæti trúað að hann færi að lina frostið eftir næstu fyllingu“. C. Blekhyllki í penna. „Kauptu fyrir mig nokkrar fyllingar og umslög ef þú ferð inn að Gjögurum“.

Fyllingur (n, kk) Þel; mjúk og gisín ull innan við tog og þel á ærinni. „Gæta þarf þess við aftekt að klippa í fyllingnum en hvorki skemma ullina með því að klippa í hana né særa kindina“. Þetta var ætíð orðað þannig í Kollsvík, en annarsstaðar heyrðist talað um „fylling“.

Fyllirísraus (n, hk) Brennivínsrugl; rövl í ölæði. „Vertu nú ekki með þetta andskotans fyllirísraus“.

Fyllt (l) Með góðan *fylling*. „Mjög er mismunandi hve vel kindum er fyllt. Fyllingur batnar þegar kemur fram á miðsumar, en einnig er þetta einstaklingsbundið. Sumum kindum verður aldrei vel fyllt“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var almælt í Kollsvík.

Fyndni (n, kvk) Gamansemi; spaug. „Alltaf var stutt í glens og fyndni hjá honum“.

Fyrir (fs) Um mið; sem sést fyrir. „Sólóvélín sett í gang og keyrt suður á Bæi; Kollsvíkurbær fyrir Hnífana og Breiðavíkurbær fyrir Breiðinn“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Fyrir aldur fram (orðtak) Áður en viðmiðunardri er náð. „Hann lést langt fyrir aldur fram“.

- Fyrir alla (lifandis) muni / Fyrir hvern mun** (orðtak) Endilega; *í guðanna bænum*. „Fyrir alla muni farðu varlega ef þú ferð í Smérhellisflesið“. „Fyrir alla lifandis muni farðu nú út með þennan óþverra!“ „hann vildi fyrir hvern mun losna við að gera þetta“.
- Fyrir allan mun** (orðtak) Mjög; endilega. „Ég vil fyrir allan mun klára þetta fyrir kvöldið; það *bíður sér ekki til bóta*“.
- Fyrir allar aldir** (orðtak) Eldsnemma; mjög árla dags. „Hann vaknaði fyrir allar aldir og leit til veðurs“. „Sú leit hefur eflaust verið erfiðust, því að enda þótt lagt væri af stað fyrir allar aldir komu leitarmenn af Bjarginu oftast seinastir til réttar“ (PG; Veðmálið).
- Fyrir alvöru** (orðtak) Svo um munar; verulega. „Ég held við ættum nú að fara að pilla okkur í land áður en hann hvessir fyrir alvöru“.
- Fyrir bestu** (orðtak) Fer best á; lánast best á þann hátt. „Kannski var það okkur fyrir bestu að ná ekki að leggja á vikinni í gær. Það gerði árans norðanvelting í nótt, svo það hefi allt kjaftfyllst af skít“.
- Fyrir bí** (orðtak) Til einskis; ónýtt; farið. „Þau voru ósköp ástfangin um tíma, en ég er hræddur um að það sé allt fyrir bí núna“. Úr dönsku; „forbi“.
- Fyrir borð** (orðtak) Útyfir borðstokk báts. „Kastaðu þessum óþverra fyrir borð“. Eftir lagningu bílvega lá beint við að það sem færi fram af vegkanti færi „fyrir kant“.
- Fyrir borð borinn** (orðtak) Oftast notað um réttindi sem eru lítilsvirt. „Mér fannst mínir hagsmunir í þessu máli vera algerlega fyrir borð bornir“. Líkingin vísar til þess að einhverju sé kastað útbyrðis á bát.
- Fyrir bí** (orðtak) Búið að vera; liðin tíð. „Þeirra samband er longu fyrir bí“. Af dönsku; „forbi“.
- Fyrir engan/öngvan mun** (orðtök) Alls ekki. „Passaðu vel uppá hnífinn; ég vil fyrir engan mun missa hann“.
- Fyrir eina tíð** (orðtak) Einu sinni; fyrir löngum tíma. „Þarna stóð bærinn Hólar fyrir eina tíð“.
- Fyrir forvitnissakir** (orðtak) Af forvitni/áhuga. „Margir leggja leið sína þangað fyrir forvitnissakir“.
- Fyrir frændsemisakir** (orðtak) Vegna skyldleika. „Ég gerði þetta í og með fyrir frændsemisakir“.
- Fyrir fullt og allt / Fyrir fullt og fast** (orðtak) Endanlega; algerlega; ófrávikjanlega. „Nú er ég hættur þessu fyrir fullt og allt“. „Þú þarft að ákveða þetta fyrir fullt og fast“.
- Fyrir garð genginn** (orðtak) Látinn; dáinn; sálaður. „Flest þetta fólk er núna fyrir garð gengið“.
- Fyrir gesti og gangandi** (orðtak) Um mat; beina; greiða; fyrir hvern sem er; fyrir alla sem að koma. „Það er sko alls ekkert fyrir þér haft: Ég hef þetta kex bara á borðinu fyrir gesti og gangandi“.
- Fyrir handan** (orðtak) A. Sunnanmegin í Kollsvík; yfirfrá. Málvenja er í Kollsvík að aðalstefnur séu norður og yfir, og að þeir sem eru sunnanmegin í vikinni séu fyrir handan eða yfirfrá. B. Hinumegin. Notað(þó sjaldan) bæði um þá sem eru látnir og (oftar) um þá sem eru öðru megin við t.d. vatn/fjall en sá sem talar.
- Fyrir hendi** (orðtak) Tiltækur; í boði. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi...“ (PG; Veðmálið).
- Fyrir hendingu** (orðtak) Af tilviljun. „Ég var búinn að leita að hamrinum útum allt, en fyrir hendingu *ráfaðist ég til* að gá inn í traktorinn, og þar lá hann“.
- Fyrir hvern mun** (orðtak) Fyrir alla muni; endilega. „Á sjó gat hann ekki flutt hvalinn vegna ógæfta, en vildi fyrir hvern mun ná honum sem fyrst heim til sín“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).
- Fyrir höndum** (orðtak) Um verkefni sem fyrir liggur að framkvæma. „Þú átt aldeilis mikið verk fyrir höndum!“ „Við eigum langa ferð fyrir höndum“. Sjá *á höndum*.
- Fyrir kurteisissakir** (orðtak) Til að sýna fulla kurteisi; af tillitssemi „Ég var ekki kaffi þurfi, en þáði samt boðið fyrir kurteisissakir“.
- Fyrir langalöngu** (orðtak) „Nú eru flest búðastæði týnd í Láganúpsveri þó þar væri mikil verstöð, enda lagðist útgerð þar af fyrir langalöngu“.
- Fyrir landi** (orðtak) Framundan landi. „Góð grásleppumið eru fyrir landi, norðantil á Kollsvíkinni“.
- Fyrir langalöngu (síðan)** (orðtak) Fyrir mjög löngum tíma; *fyrir lifandis löngu*. „Ég man þetta ekki glögg; enda gerðist það fyrir langalöngu síðan“.
- Fyrir lifandis löngu** (orðtak) Fyrir löngum tíma síðan/alltof löngum tíma. „Óttalegt minnisleysi er þetta! Manstu ekki eftir að ég bað þig um þetta fyrir lifandis löngu?“ „Þá var þetta útihús hjá bónda sem bjó á býlinu Hólum, sem nú er komið í eyði fyrir lifandi löngu“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms).
- Fyrir lífstíð** (orðtak) Um allan aldur; alla ævi. „Maður er nú ekki bundinn neinum flokki fyrir lífstíð“.

- Fyrir löngu síðan / Fyrir margt löngu** (orðtak) Fyrir löngu; fyrir löngum tíma. „Þetta gerðist fyrir löngu síðan“. „Sá bær fór í eyði fyrir margt löngu“.
- Fyrir margra hluta sakir** (orðtak) Af mörgum/ýmsum ástæðum. „Þetta er forvitnileg bók fyrir margra hluta sakir“.
- Fyrir mér** (ortak) A. Hvað mig varðar. „Þú mátt eiga þetta fyrir mér, en þú þarft að spyrja hana mömmu þína líka“. B. *Mín vegna; fyrir mína parta*. „Fyrir mér eru þetta engin ný sannindi; ég vissi þetta alltaf“.
- Fyrir miklu/mestu** (orðtak) Mikilvægast. „Það var leiðinlegt að þið komust ekki innfyir hálsinn, en þó fyrir mestu að þið skylduð komast aftur niður áður en veðrið versnaði“.
- Fyrir mína parta / Fyrir mitt leyti** (orðtak) Hvað mig varðar; að því er mig snertir; að mínu álit; að *minni hálfu*. „Málinu er að fullu lokið fyrir mína parta“.
- Fyrir munni sér** (orðtak) Lágt út um munn. Jafnan með sagnorði framanvið, t.d. tauta, bölvu eða syngja. „Hann gekk snúdugt í burtu og tautaði ljótt fyrir munni sér“.
- Fyrir náð og miskunn** (orðtak) Náðasamlegast; með undirgefni. „Fyrir náð og miskunn fékk ég leyfi til að fara yfir túnið, en einungis fótgangandi“.
- Fyrir neðan allar hellur** (orðtak) Óviðunandi; ófært; sæmir/hæfir alls ekki. „Svona framkoma er auðvitað fyrir neðan allar hellur“.
- Fyrir ofan garð og neðan** (orðtak) Út og suður; út um allt; mismánast. „Ég var svo niðursokkinn í þessr *spekúlasjónir* að mal kennarans fór fyrir ofan garð og neðan í það skiptið“.
- Fyrir opnu hafi** (orðtak) Móti úthafi. „Lendingin er fyrir opnu hafi, og því ótrygg; sérstaklega í norðanátt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fyrir opnum tjöldum** (orðtak) Opinberlega; svo allir geti séð. „Það er sjaldgæft að heyra þá deila svo hart fyrir opnum tjöldum; vanalega er reynt að dylja svona á bakvið flokksmúrana“. Sjá *bakvið tjöldin*.
- Fyrir orðastað** (orðtak) Vegna beiðni. „Sjálfur hafði ég ekki mikinn áhuga á þessu, en fyrir hans orðastað lét ég tilleiðast að gefa kost á mér“.
- Fyrir rest** (orðtak) Að lokum. „... þá var mér orðið svo skrambi kalt fyrir rest að ég fann ekki fyrir myndavélinni“ (Óskar Gíslason kvikm.gerðarmaður um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).
- Fyrir rælni** (orðtak) Fyrir tilviljun; *af hendingu*. „Það var bara fyrir rælni að ég tók eftir þessu“.
- Fyrir siðasakir** (orðtak) Til að sýna háttvísi; til að sýnast. „Fyrir siðasakir tókum við byssuna með“.
- Fyrir sig** (orðtak) *Eitt fyrir sig; útaf fyrir sig*; aðskilið mál; sérstakt málefni. „Það væri nú fyrir sig ef hann gerði þetta bara einusinni, en það er ólíðandi að þetta komist upp í vana“!
- Fyrir skemmstu / Fyrir stuttu** (orðtak) Fyrir stuttum tíma. „Fyrir skemmstu fór ég í ferðalag“. „Ég sá þessar kindur bara fyrir stuttu“.
- Fyrir sopann** (orðtak) Vínheigður; ölhneigður; háður víndrykkju; sækir í vín. „Hann þykir *helst til* mikið fyrir sopann blessaður, en annars er þetta *öndvegisnáungi*“.
- Fyrir stafni** (orðtak) Framundan báti; í stefnunni. „Skjólíð hafnar hyggja á/ hetjujafnar lúnir./ Fyrir stafni ströndin grá/ stígur drafnarkófi frá“ (JR; Rósarímur). Sjá *hafa fyrir stafni*.
- Fyrir stundu** (orðtak) Fyrir nokkru; fyrir dálitlum tíma; áðan.
- Fyrir þá skuld / Fyrir þá sök / Fyrir því** (orðtak) Af þeirri ástæðu; vegna þess. „Hann er *löglega afsakaður* frá þessari smölun, fyrir þá skuld að hann sneri sig á færi í gær“. „Fyrir því skorar fundurinn á Alþingi að fella framkomna tillögu um kjördæmamálið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).
- Fyrir vikið** (orðtak) Í staðinn; þess vegna; sem afleiðing. „Hann fór að finna að rekstrinum við forstjóran, en var rekinn fyrir vikið“. „Mér tókst að elta uppi þessa bykkju, en fyrir vikið er ég allveg uppgefinn“.
- Fyrir víst** (orðtak) Örugglega; vafalaust. „Ékki veit ég hvenær þetta hófst, en ég veit það fyrir víst að því var lokið fyrir mitt minni“. „Ég get ekki sagt um þetta fyrir víst, því ég man það ekki svo glögg“.
- Fyrir það brennt** (orðtak) Útilokað; engin leið. „Það er svo gjörsamlega fyrir það brennt að ég muni hvað þessi maður heitir þó ég þekki hann í sjón“.
- Fyrir það fyrsta** (orðtak) Í fyrsta lagi. „Ástæðurnar fyrir minni ákvörðun eru margar, en fyrir það fyrsta þá hef ég engan áhuga á svona löguðu“.
- Fyrir því** (orðtak) Vegna þess. „Það er í lagi að þú farir heim; við erum nægilega margir fyrir því“ „Fyrir því er það ósk mín að stjórnir beggja félaganna ræði með sér hugsanlega möguleika á að sameinast í eitt félag“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Fyrir öllu (orðtak) *Mest um vert*; mikilvægast. „Það var auðvitað *háþölv* að missa bátinn; en þó fyrir öllu að mannskapurinn bjargaðist“.

Fyrirband (n, hk) Band sem notað er til að loka poka/sekk/skjóðu. „Hvar er nú fyrirbandið af póstpokanum?“

Fyrirbjóða (s) Banna; leyfa ekki. „Ég fyrirbauð þeim alveg að aka utan vegarins“.

Fyrirboði / Fyrirburður (n, kk) Spásögn; forspá; vísbending. Sumir tóku mark á ýmsum atvikum, draumum, hugboði, sýnum eða öðru sem fyrirboða þess sem ætti eftir að verða; einkum varðandi veðurútlit; aflabrogð; slys eða dauðsföll. Mjög var misjafnt hvað fólk var næmt og sannspátt í þessum efnum. „Um morguninn sagði séra Þorsteinn frá þeim fyrirburði að seinni hluta nætur hefði hann vaknað við það að sungið var fyrir utan gluggann hjá honum erindið „Dimmur var Ægir“. Þótti presti þetta illur fyrirboði enda fórst hann ekki löngu seinna...“ (Frásögn ÁE; MG; Látrabjarg). „Sigurður kvað þetta vera í fyrsta sinn sem óhapp hefði hent sig í hákarlalegu og væri þetta fyrirboði þess að ekki færi hann í fleiri legur á þessu skipi; og reyndist það svo“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Fyrirbrigði / Fyrirbæri (n, hk) Óvenjulegt sem sést/ber fyrir augu. „Ekki skal fullyrt að geimverur hafi heimsótt Kollsvíkina, en ennþá er óútskýrt það fyrirbæri sem sást á suðurhimni, líklega fyrir 1970. Ingvar bjó þá í Kollsvík og kom í hendingskasti yfir að Láganúpi. Hann lýsti því að hann hafi séð bjartan krans af ljósum sem bar yfir Hólaljallana, frá Kollsvík séð. Í miðjum kransinum hafi verið skærara og rauðleitara ljós. Þeir bræður, Ingvar og pabbi, fóru báðir uppá Flatir og Strympur að leita, ásamt okkur krökkunum. Gengið var um svæðið í góðan tíma án þess að neitt fyndist, og engin skýring hefur síðan fundist á þessu. Þórður á Látrum lýsti þessu í Moggagrétt, en Látramenn urðu varir við þetta á nokkuð annan hátt“ (VÖ).

Fyrirbundinn (l) Sem bundið er fyrir. „Með hverju *upphaldi* hleyptum við niður þremur til fjórum pokum; fyrirbundnum, fullum af hausum, slori og hryggjum“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Fyrirfara / Fyrirkoma (s) Sálga; drepa; myrða. „Í Klúku bjó í kofa kona sem Gunna hét (snemma á 19. öld?) og kölluð Klúku-Gunna. Var talið að hún ætti börn, en fyrirfæri þeim, þar til hún var tekin úr kofanumrétt áður en hún átti hið síðasta; og lifði það“ (PJ; Örn.skrá Rauðasands).

Fyrirfarast (s) *Fara í útideyfu*; týnast. „Það var alger klaufaskapur að það skyldi fyrirfarast hjá mér að koma þessum boðum til skila“.

Fyrirfinnast (s) Finnast dæmi um. „Um sum orðanna fyrirfinnast fá eða engin dæmi, þó önnur séu algeng“.

Fyrirgangur (n, kk) Brólt; gauragangur; vesen. „Skelfilegur fyrirgangur er þetta í ykkur strákar“!

Fyrirfinnanlegur (l) Finnanlegur; greinanlegur. „Sum orð í máli Kollsvíkinga eru ekki fyrirfinnanleg annarsstaðar á landinu; í það minnsta ekki nú á tímum“.

Fyrirfinnst (s) Til er; hugsast getur. „Hollari hreyfing fyrirfinnst ekki en þessar eggjaferðir“.

Fyrirframvitað (l) Áður þekkt/vitað. „Það var nú alltaf fyrirframvitað að svona myndi fara“.

Fyrirgangur (n, kk) Læti; óskapagangur. „Það er óttalegur fyrirgangur í honum við uppsláttinn“.

Fyrirgefnefnglegt (l) Afsakanlegt; skiljanlegt. „Það er vel fyrirgefnefnglegt þó maður stoppi til að kasta af sér vatni“.

Fyrirgefningarkoss (n, kk) Koss til merkis um fyrirgefningu. „Gefðu honum svo fyrirgefningarkoss“.

Fyrirgera (s) Spilla; glata. „Með þessu hefur hann algerlega fyrirgert sínum rétti“.

Fyrirgengilegur (l) Lítur illa út; ræfilslegur. „Mér fannst hann vera orðinn fyrirgengilegur“.

Fyrirgirða (s) Hindra; koma í veg fyrir. „Ég tek þetta fram til að fyrirgirða misskilning“.

Fyrirgreiðsla (n, kvk) Greiði; úrbót. „Ferðamönnum er veitt sú fyrirgreiðsla sem unnt er, eftir aðstæðum“.

Fyrirgrennslan (n, kvk) Fyrirspurnir; leit; rannsóknir. „Mín fyrirgrennslan um þetta hefur enn engu skilað“.

Fyrirhafnarlaust (l) Án erfiðis/fyrirhafnar; auðveldlega. „Þetta hafðist; nokkurnvegin fyrirhafnarlaust“.

Fyrirhafnarsamt (l) Sem kostar mikla fyrirhöfn. „Það var nokkuð fyrirhafnarsamt að ná þessum eggjum“.

Fyrirhitta (s) Komast í kynni við; sjá. „Þetta er einhver illvígasti netahnútur sem ég hef nokkrusinni fyrirhitt“.

Fyrirhleðsla (n, kvk) Hindrun sem sett er t.d. til að veita vatni eða beina för búpenings. „Fyrirhleðslur voru á nokkrum stöðum í klettum kringum Kollsvík; í fyrsta lagi til að fé færi ekki í sjálfheldu; í öðru lagi til að það rásaði ekki milli svæða, s.s. fyrirhleðslur í Takakletti í Blakknum og í Breiðsgjá; og í þriðja lagi til að afmarka vörsluhólf/beitarsvæði, s.s. í Ytri Lambhaganum í Hnífum. Óljóst er hvaða tilgangi fyrirhleðslur í Sandhelli hafa átt að þjóna“.

„Var það gert með fyrirhleðslu í þrjá ganga Breiðavíkurmegin...“ (HÖ; Fjaran).

Fyrirhuga (s) Áætla; ætlast fyrir. „Hvað hefur þú fyrirhugað þér að gera í þessu máli?“

Fyrirhyggjusamlega (ao) Af fyrirhyggju/forsjálni. „Þetta var mjög fyrirhyggjusamlega gert“.

Fyrirhyggjusemi (n, kvk) Forsjálni; hyggindi. „Ég kalla það mikla fyrirhyggjusemi að muna eftir kíkinum“.

Fyrirkallaður (ao) Fyrirhittur; áttaður. Vanalega notað í neikvæðri merkingu: „Hann var eitthvað *illa fyrir*kallaður morguninn eftir ballið og var því seinn í morgunverkin“.

Fyrirkoma (s) Sálgá; drepa. „Þeim ætlaði aldrei að takast að fyrirkoma steinbítsslánanum“.

Fyrirkviðanlegur (l) Ískyggilegur; uggvænlegur. „Það er fyrirkviðanlegur fjandi ef þessar áburðarhækkanir verða að veruleika“.

Fyrlagt / Fyrirsett (l) Uppálagt; umbeðið; fyrirskipað. „Ég gerði bara það sem mér var fyrlagt“.

Fyrlitning (n, kvk) Lítilsvirðing. „Kötturinn sýndi einstaka fyrlitningu með því að míga á skott hundsins“.

Fyrirmatur (n, kk) Fyrri máltíð af tveimur þegar borðað er tvíréttað. „Til skamms tíma tíðkaðist í sveitum vestra að bera fram tvíréttað. Var þá oftast kjöt- eða fiskréttur í fyrirmat en grautur eða súpa í eftirmat“.

Fyrirmálsborið / Fyrirmálsfætt (l) Um lamb: A. Fætt/borið fyrir tal/ áður en fullri meðgöngu er lokið. B. Fætt/borið nokkru áður en sauðburður byrjar yfirleitt. „Þessi hrútur er fyrirmálsfæddur“.

Fyrirmálsfenging (l) Um kind; höfnuð af hrút snemma á fengitíma, þannig að lamb fæðist fyrir venjulegan sauðburðartíma. „Þessar útigangskindur voru allar fyrirmálsfengnar, enda hefur hrútin ekki drepist frá þeim fyrir en kom fram á harðasta veturinn“.

Fyrirmálgimbur / Fyrirmálskrútur / Fyrirmáls lamb (n, hk) A. Lamb sem fætt er fyrir tal; þ.e. eftir styttri meðgöngu en ætlað var. B. Lamb sem fætt er nokkru áður en sauðburður byrjar yfirleitt. „Það er ekki marka stærðina á þessari; þetta er fyrirmáls lamb“. Síðari merkingin var almennari í Kollsvík; a.m.k. í seinni tíð.

Fyrirmun (n, kvk) Bann; *meinloka*; *slæm mistök*; *yfirsjón*. „Ég skil ekkert í þessari fyrirmun í þér að gleyma að hespa karminum“. „Bölvuð fyrirmun var það að missa tvævetluna; hún sést líklega ekki meir í bili“.

Fyrirmuna (s) Banna; meina. „Það getur enginn fyrirmunað einum manni að fara til eggja eða berja, ef hann er einungis að afla fyrir sjálfan sig“.

(Einhverjum er) fyrirmunað (orðtak) Einhverjum er meinað/ókleyft/útilokað. „Ég á að þekkja þennan mann en mér er fyrirmunað að muna nafnið“. „Bölvuður klaufaskapur er þetta; var ykkur alveg fyrirmunað að standa fyrir þessum rolluskjatum“!

Fyrirmunun (n, kvk) Eiginleg merking; það sem er fyrirmunað; bannað. Afleidd og mest notuð merking; *meinloka*; minnisleysi; huglæg hömlun. „Hvers konar fyrirmunun er það að gleyma pakkanum heima“?

Fyrirmynd (n, kvk) Það sem öðrum er rétt að líta til/ stefna að; það sem telst vera nægjanlega fullkomið. „Um þá er sérstaklega fððra vel, s.s. bændurnar á Lambavatni, er öðru máli að gegna. Þar verða lítil mistök; hvorki í heyverkun né peningshirðingu. Er ekki annað hægt að segja en að afkoman þar sé í besta lagi; svo góð að þar er sú fyrirmynd sem vert er að fara eftir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Fyrirmyndar- Algengt forskeyti á það sem skarar framúr; fyrirmyndarbóndi/-heimili/-nemandi o.fl.

Fyrirmyndaraðferð / Fyrirmyndarbragur (n, kvk/kk) Mjög góð aðferð/ gott yfirbragð. „Við urðum að gera þetta svona við þessar aðstæður, en þetta er engin fyrirmyndaraðferð“. „Mér fannst fyrirmyndarbragur á öllu því sem hann gerði í þessu efni“.

Fyrirmyndarbarn / Fyrirmyndardrengur / Fyrirmyndarstúlka (n, hk/kk/kvk) Mjög mannvænleg börn.

Fyrirmyndarbátur / Fyrirmyndarfleyta (n, kk) Mjög góður bátur; vel heppnuð bátasmíð.

Fyrirmyndarbóndi (n, kk) Mjög góður bóndi og góð fyrirmynd.

Fyrirmyndarbú / Fyrirmyndarbúskapur / Fyrirmyndarbýli (n, hk/kk) Mjög gott bú; farsæll búskapur.

Fyrirmyndarheimili (n, hk) Mjög gott heimili.

Fyrirmyndarhandbragð (n, hk) Mjög gott handbragð; snilldarverk. „Hann velti kistlinum fyrir sér í nokkra stund og grannskoðaði hann, en sagði svo að sjaldan hefði hann séð slíkt fyrirmyndarhandbragð“.

Fyrirmyndarhleðsla (n, kvk) Mjög/listilega vel hlaðinn veggur.

Fyrirmyndarhleðslugrjót (n, hk) Mjög gott hleðslugrjót; grjót sem gott er að hlaða úr, þannig að vel fari og vel standi.

Fyrirmyndarhrútur (n, kk) Mjög laglegur/góðurhrútur; hrútur sem getur góð lömb/ er frjósamur/farsæll. „Hann var tvímælaust mesti fyrirmyndarhrútur sem ég hef nokkurntíma átt“.

Fyrirmyndarkennari / Fyrirmyndarnemandi / Fyrirmyndarskóli (n, kk) Mjög góður kennari/nemandi/skóli.

Fyrirmyndarnáungi / Fyrirmyndarfólk / Fyrirmyndarkona / Fyrirmyndarkvenmaður / Fyrirmyndarmaður

Fyrirmyndarrithönd / Fyrirmyndarskrift (n, kvk) Skrift/riðhönd sem er til fyrirmyndar; mjög góð skrift.

Fyrirmyndaruppeldi (n, hk) Mjög gott uppeldi; góðar uppeldisaðferðir. „Ég fullyrði það hiklaust að óvíða á landinu gefst aðstaða til slíks fyrirmyndaruppeldis og býðst í Kollsvík. Enda hefur það sannast á þeim sem það hlutu“.

Fyrrista (n, kvk) A. Sár sem skorið er eða stungið í jarðveg til að afmarka stærð á torfi sem rista skal í *þökur*. B. Skurður í húð á skrokk sláturfjár eða nautgrips eftir slátrun og áður en flegið er, sem hluti af *hæklun*.

Fyrristuhnífur (n, kk) Hæklunarhnífur; hnífur sem sérstaklega er ætlaður í fyrristu. Hann er með hnúð á blaðoddinum, þannig að rista megi með samfelldu bragði, án þess að skemma kjöt eða gæru.

Fyrrírum (n, hk) A. Eiginleg merking; fremsta eða næstfremsta rúm í báti. Til forna var fyrrírum fyrir framan lyftinguna (fremra þilfar), en síðar merkti það næsta rúm aftanvið hálsrúm. B. Afleidd og mest notuð merking í seinni tíð; forgangur. „Við höfum það þá í fyrrírúmi að taka fólkið með en látum farangurinn mæta afgangi“.

Fyrrírúmsþófta (n, kvk) Þóftan framanvið fyrrírúmið, sem sá sat á sem reri í fyrrírúminu.

Fyrrisát / Fyrrisátur (n, hk) Flotholt á netafæri eða stjórastesti, stutt frá bauju. Þar sem mikill straumur er getur verið nauðsynlegt að hafa fyrrisát til að auka flotmagnið en einnig sýnir afstaða þess við bauju greinilega hvernig fellur/ *streymir* á. Þá er bót að fyrrisát þegar krækja skal færinu upp í bátinn. Báðar myndir notaðar.

Fyrriseyma / Eftirseyma (n, kvk) Nálar við skinnklæðasaum (nánar þar). „Karlmennt saumuðu sjálfir sín skinnklæði að vetrinum. Tæki til þess voru fábotin; aðeins tvær nálar, *fyrirseyma* og *eftirseyma*, og *klembrur*. ... Fyrirseyman var með fjöðrum eða þrírennd, svo hún skæri lítið eitt frá sér, en hin var sívöl, nokkuð sverari um miðjan legg. Saumgarnið var alltaf heimaspuninn togþráður, en náldragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til. Saumþráðurinn var venjulega hafður sex- eða áttfaldur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Fyrriséd (l) Fyrrisjáanlegt; vitað fyrirfram. „Undarlegt var að þeir skyldu halda áfram þó fyrriséd væri að vegurinn væri kolófær“. „Þetta hrún var alveg fyrriséd, eins og vitleysugangurinn hafði verið“.

Fyrrisjón (n, kvk) Aðgæsla; varúð; umsjón. „Það er engin fyrrisjón að leggja af stað í þessu veðurútliti“. „Jónas mælti þá; „Þar sér þú fyrrisjón þína Guðmundur“ Um leið fylltist skipið...“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Fyrrisláttur (n, kk) Afsökun; tilbúin ástæða. „Þessi lasleiki er bara fyrrisláttur hjá honum“.

Fyrristaða (n, kvk) A. Það að standa fyrir fé, t.d. í smalamenskum; beina því í rétta átt eða halda í hópi. „Það vantaði betri fyrirstöðu hjá Hjallagötunum þegar reksturinn kom úr Fjarðarhorninu“. B. Þrenging eða haft sem stöðvar framrás. „Einhver fyrirstaða er í skolplögninni“. C. Um veðurfar. Vindátt sem virðist varna því að blási úr gagnstæðri átt. „Hann getur hangið uppi meðan þessi fyrirstaða er í norðrinu, en ómögulegt er að segja hvað það verður lengi“. „Væri ekki lát á fyrirstöðu boðaði hún *drygindi*; sama veurlag í nokkra daga“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). D. Í líkingum um málefni; tregða; andstaða. „Málið fór í gegnum þingið án verulegrar fyrirstöðu“.

Fyrristilla (s) Merkja; þýða. „Hvað á svona háttalag eiginlega að fyrristilla“? „Hann ætlar víst í framboð en ekki veit ég hvað svoleiðis á að fyrristilla“. „Hvað á þetta eiginlega að fyrristilla“?!

Fyrristraumur (n, kk) Stórstreymi sem verður næst á undan mesta stórstreymi á misserinu. Stærstu straumar ársins eru í kringum jafndægri á vori og hausti. Vorstórstreymið hafði meiri þýðingu vegna róðra, og nefnist *góuginur*. Á undan þeim var stór fyrristraumur, en á eftir fylgdi stór eftirstraumur.

Fyrristöðumaður (n, kk) Sá sem stendur fyrir þegar fé er smalað, til að það fari rétta leið. „Fyrristöðumaðurinn þarf að vera kominn í Flosagilið áður en féð kemur úr Fjarðarhorninu“.

Fyrrisvar (n, hk) Umsjón; forsvar; ábyrgð. „Húsmaður hjá Jóni (bónda í Kollsvík) er bróðir hans með konu sinni, sem forsorgar sig og hana á sjáfarafra og hefur hvorki grasnyt nje fyrrisvar, nema það sem bróðirinn ljær honum“ (AM/PV Jarðabók).

Fyrrisverja (s) Þvertaka fyrir; sverja fyrir. „Ekki skal ég nú fyrir það sverja að einhver egg hafi brotnað“.

Fyrrisögn (n, kvk) A. Forspá; það sem sagt er fyrir um óorðna hluti. „Það hefði einhverntíma þótt (ótrúleg) fyrrisögn að þessi kind yrði ellidauð“. B. Tilmæli; skipun; forskrift. „Við gerðum þetta að hans fyrrisögn“. C. Yfirskrift skrifðrar kláusu/fréttar.

Fyrrirtaks (l) Afbragðs; fyrirmyndar. „Þetta eru alveg fyrrirtaks klattar hjá þér“. „Hér er fyrrirtaks hornsteinn“.

Fyrrirtekt (n, kvk) Sérviska; matvæðni; *dyntir*. „Það er nú bara fyrrirtekt að vilja ekki signa grásleppu“!

Fyrrirtektalaus (l) Laus við sérvisku/hleypidóma/dynti. „Undarlegt er það að í þessari fjölskyldu skuli finnast svo fyrrirtektarlaus náungi; honum *kippir* lítið í *kynið*“!

Fyrrirtektasamur (l) Sérvitur; vandfýsinn. „Það er nú ekkert nema fyrrirtektasemi að vilja ekki smakka“.

- Fyrirtæki** (n, hk) A. Aðgerð; verkefni. „Það er allnokkuð fyrirtæki að komast í þetta eggpláss“. B. Síðari tíma merking; firma; stofnun.
- Fyrirvaf** (n, hk) Þræðir sem liggja þversum í vefnaði þegar ofið er. „Það var mikið ofið á veturna. *Uppistaðan* var tvistur; fyrirvaf var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver sem notuð voru í verbúðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Fyrirverða sig** (orðtak) Skammast sín. „Það er óþarfi að fyrirverða sig þó maður æli í fyrstu sjóferðinni“.
- Fyrningar** (n, kvk, fto) Hey sem ekki hefur nýst yfir veturinn og geymist (fyrnist) til næsta vetrar. Einnig núorðið notað um snjó sem ekki nær að bráðna yfir sumarið.
- Fyrna** (s) Gera fornt; geyma til síðari tíma. „Það þýðir ekki að fyrna þetta hey aftur; betra að gefa það“. „Öllum dugðu heyin; nokkrir fyrna“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Fyrnast** (s) Gleymast; verða gamalt. „Hætt er við að ýmislegt fyrnist og týnist, sem nú er í munnlegri geymd“.
- Fyrningar** (n, kvk, fto) Hey sem geymist í hlöðu yfir sumar, til næsta vetrar. „Fyrningar voru mjög litlar hér frá fyra ári; mest mun það hafa verið á Skógi, eða um 80-90 álnir“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Fyrnist flest þá frá líður** (orðatiltæki) Flest gleymist með tímanum.
- Fyrnt** (s) Gleymt; geymt. „Ýmislegt varðandi útgerð í Láganúpsveri er nú fyrnt og týnt“.
- Fyrr á tíð/tímum** (orðtak) Fyrrum; áðurfyrr. „Nefnist gjótan Pallanáma, og munu hinir lítríku steinar hennar hafa verið muldir út í fernisolíu og það notað sem málning á báta í Kollsvík fyrr á tíð“ (HÖ; Fjaran).
- Fyrr eða síðar** (orðtak) Um síðir; snemma eða seint; örugglega. „Slíkt búskaparlag hrynur fyrr eða síðar“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).
- Fyrr en seinna** (orðtak) Sem fyrst. „Ég held að við ættum að setja upp bátinn fyrr en seinna; það flæðir ört“.
- Fyrr en varir** (orðtak) Fyrr en maður áttar sig á. „Höldum nú á; það verður komið myrkur fyrr en varir“.
- Fyrr er bati en albati** (orðatiltæki) Allri framför ber að fagna, jafnvel þó maður hefði gjarnan viljað hafa hana meiri. Notað bókstaflega um batamerki í veikindum en einnig um aðstæður sem eru að lagast.
- Fyrr má nú rota en dauðrota** (orðatiltæki) Miklu meira en nóg; yfirdrifið; *það er aldeilis!; eitthvað má nú á milli vera!* „Ég átti nú von á einhverjum glaðningi frá skattinum, en fyrr má nú rota en dauðrota“.
- Fyrr má nú (aldeilis) vera** (orðatiltæki) Nú gengur fram af mér; mér er misboðið. „Fyrr má nú vera andskotans frekjan í þessum máfi; að ræna kríuungum alveg uppvið húsvegginn“. „Halda þessir ráðherrar að fólk láti endalaust traðka á sér; fyrr má nú aldeilis vera heimskan“!
- Fyrramál** (n, hk) Snemma morguns. „Við þurfum að vakna snemma í fyrramálið og tygja okkur af stað“.
- Fyrravetur /Fyrrasumar/ Fyrravor/ Fyrrahaust** Liðnar árstíðir síðasta árs. „Það er kaldara en í fyrravetur“.
- Fyrri** (ao) A. Sá sem er á undan. „Ég skýt á fyrri máfinn; þú tekur þann síðari“. B. Áður. „Þetta hefur aldrei fyrri skeð“. „Ég hef ekki séð hann fyrri“. „Ég man ekki til þess að þeta hafi skeð fyrri“.
- Fyrri róður** (orðtak) Fyrri fiskiróður af tveimur, ef tvíróið var úr veri sama daginn. „Það kom fyrir, ef afli var góður í fyrri róðri og einsýnt veðurútlit, að skilinn var einn maður eftir í landi, til þess að halda áfram við aðgerð“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fyrrihluti** (n, kk) Fyrri/fremri hluti/partur. „Ég ræð því almennt *til* að spara hey fyrrihluta vetrar...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Fyrrinótt** (n, kvk) Nóttin á undan síðustu nótt. „Ég sá feikna loftsteinadrífu í fyrrinótt“.
- Fyrritíðarfólk / Fyrritíðarmenn** (n, hk/ kk, fto) Fólk/menn fyrr á tímum. „Fyrritíðarfólk hafði mun meiri tilfinningu og útsjónarsemi fyrir nýtni en samtíðarfólk“. „Mikil framför væri að því ef nútímamenn hefðu vinnuhörku fyrritíðarmanna, þó ekki væri nema hálfá“.
- Fyrrmeir** (ao) *Áðurfyrr; fyrrum*. Hér fyrrmeir var nánast hver einasti karlmaður með skegg“.
- Fyrrum** (ao) *Áðurfyrr; áður og fyrrmeir*. „Fyrrum var margbýlt á Grundum og á Kollsvíkurbjörðinni“.
- Fyrrumtíð** (ao) Áður; fyrr á tímum. „Fyrrumtíð slógu menn þar sem einhverja grastoppa var að hafa“.
- Fyrst... á annað borð** (orðtak) Um afleiður og forsendur. „Það er best að þú klárir þetta, fyrst þú á annað borð ert kominn“. Sjá á *annað borð*.
- Fyrst í stað** (orðtak) *Til að byrja með*; upphaflega; í byrjun. „Fyrst í stað sá ég ekki hvaðan hljóðið kom“.
- Fyrst og fremst** (orðtak) Einkum; aðallega. „Fyrst og fremst þarf að tryggja öryggið“.
- Fyrst skal frægan telja** (orðatiltæki) Hinn þekktu skal nefna fyrst. Oft viðhaft þegar rætt er um þekktu menn.

Fyrsta kastið / Fyrst um sinn (orðtak) Í fyrstu; strax. „Fyrst yrðlingurinn slapp úr búrinu þá má heita öruggt að hann lætur ekki sjá sig aftur; að minnsta kosti ekki fyrsta kastið“. „Þetta verður að duga fyrst um sinn“.

Fyrstakálfsvíga (n, kvk) Kvíga/kú eftir burð fyrsta kálfs. „Ekki finnst mér hún verulega *mjólkurlagin*; en hinsvegar er lítið að marka það hjá fyrstakálfsvígu“.

Fyrsti vetrardagur (orðtak) Laugardagur að lokinni 26. viku sumars; sjá *vetrardagurinn fyrsti/vetrarbyrjun*.

Fyrstu réttir (orðtak) Aðalréttir að hausti, sem jafnan fóru fram í 22.viku sumars. „Þetta mun hafa verið í fyrstu rétt haustið 1946“ (PG; Veðmálið).

Fyrstur kemur - fyrstur fær (orðatiltæki) Sá hlýtur/fær sem fyrstur er á vettvang.

Fyrtast (s) Reiðast; æsa sig; móðgast. „Það er óþarfi að fyrtast yfir svonalöguðu“.

Fyrtinn (l) Móðgunargjarn, viðkvæmur. „Ég áttaði mig ekki á að maðurinn væri svona fyrtinn“.

Fyrtni (n, kvk) Skyndileg reiði; viðkvæmni. „Það þýðir ekkert að taka þessu með einhverri fyrtni“.

Fýkur á brún (orðtak) Um læk sem fýkur til baka á klettabrún vegna uppstreymis í hvassviðri.

Fýla (n, kvk) A. Vond/stæk lykt; óþefur. B. Von/þungt skap; missætti. C. Súld; *rigningarfýla*; *súldarfýla*. „Það er sama fýlan og í gær“!

Fýla grön (orðtak) Um skepnur; bretta upp á efri vörina. Oft síður hrúta þegar þeir eiga við ær um fengitíma.

Fýlavarp / Fýlpláss / Fýlungavarp (n, hk) Staður þar sem mikið af fýl verpur. „Það er skemmst af að segja að þarna var svo þétt af fýlavarp að varla varð stigið niður fæti milli eggja“. (ÖG; Sighvatsstóð). „Í Breiðnum hefur lengi verið allmikið fýlavarp“ (HÖ; Fjaran). Oftar var þó talað um *múkkavarp* og *múkkapláss* í máli Kollsvíkinga, a.m.k. á síðari tímum.

Fýldur (l) Í fýlu; fúll/þungbrýnn á svip/ í fasi. „Hversvegna ert þú svona fýldur núna“?

Fýll (n, kk) Fuglsteind; múkki; fýlungi; Fulmarus glacialis. Nokku stór sjófugl af ætt pípunefja; algengur varfugl við Ísland. Fýll, sem reyndar var áður nefndur *fýlungi* í Kollsvík, hefur líklega alltaf orpið að einhverju marki í klettum í nágrenni Kollsvíkur. Þegar sjósókn jókst að miklum mun með aukinni togaraútgerð á fyrrihluta 20. aldar jókst *fýlungavarp* í klettum á svæðinu. Nýting eggja stórkjóst, og menn stunduðu klettaferðir töluvert yfir varptímann. Víða eru góð eggpláss sem fengu sín heiti, og fundnar voru leiðir að þeim. Sumsstaðar þurfti að síga, en allvíða mátti fara laus eða í lásam. Undir lok 20. aldar fækkaði fýl mjög í klettunum, einkum í efri göngum og þar sem léttast var að komast að. Ugglaust er helsta ástæðan fæðurskortur, þar sem farið var að hirða það af aflanum sem áður hafði verið hent og/eða koma með aflann óslægðan í land. Einnig fjölgaði ref mikið á svæðinu þegar slakað var á með grenjavinnslu, og hann er fljótur að hreinsa þau eggpláss sem aðgengilegust eru. Fyrrum var fýllinn veiddur nokkuð til matar, einkum ungin, en því var hætt fljótlega eftir aldamót 1900. „16. – 17. viku sumars var farið í fýlunga og veiddist oft mikið. Fýllinn var plokkaður, en fíðrið þurfti að geymast lengitil að losna við lyktina áður en það var notað. Mikið af því var selt. Svo var fýllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fítan undir bumbnum) var bræddur til ljósmetis á kolum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Fýlsegg (n, hk) Egg úr fýl; múkkaegg. „Í Kollsvík var talað jöfnum höndum um fýlsegg og *múkkaegg*“.

Fýlseggjatekja (n, kvk) Tekja/taka fýlseggja/múkkaeggja. „Fýlseggjatekja í Blakknum virðist hafa aukist ár frá ári, eftir að fýl fór að fjölga þar verulega“.

Fýludallur (n, kk) Sá sem er iðulega í þungu/slæmu skapi eða niðurdreginn. „Hresstu þig nú við; það er niðurdrepandi að vera alltaf einhver fýludallur.“

Fýluferð / Fýluför (n, kvk) Tilgangslaus ferð; gabb. „Fjárhópurinn var farinn, svo þetta var fýluferð hjá okkur“. „Það þótti því engin fýluför þegar Guðbjartur Þorgrímsson brá sér út á Bjargtanga til að huga að sel en kom aftur með spónný gúmi stígvél...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fýlufjandi / Fýluskítur (n, kk) Niðrandi heiti á finni rigningu/sudda. „Hann ætlar að halda þessum fýlufjanda dag eftir dag“. „Enn er sami fýluskíturinn og í gær. Hann verður fljótur að rofa til með norðanáttinni“.

Fýlulega (ao) Afundið; ekki fjörlega. „Hann svaraði þessu fremur fýlulega“.

Fýlungahilla (n, kvk) Sylla/stallur/gangur þar sem mikið verpur af múkka/fýlunga. „Miðhald er aðeins austar en Kóngshaldarhryggur; aðeins þó heimar, ekki alveg beint niðuraft. Það er aðallega fýlungahilla“ (AS; Örn.lýsing Breiðavíkur).

Fýlungaket (n, hk) Kjöt af fýlunga, en það var áður nýtt í Kollsvík. „Afi sagði að fýlungaketið hefði verið þolanlegur matur en með dálítið sterkum keimi. Hann hefði ekki verið hrifinn af því“.

Fýlungatekja (n, kvk) Það tíðkaðist í Kollsvík fram yfir aldamótin 1900 að tekinn væri fýlungi til matar, og þá einkum í Hnifunum. Einungis var tekinn ungin og *hyllst til* að ná honum rétt áður en hann varð fleygur. Þá er hann sílspikaður og næringarrík fæða. Þetta hefur verið óþrifaverk, enda æla bæði ungi og foreldri fremur

daunillum grút á þá sem nærri koma. Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi talaði um að ketið hafi verið mjúkt, en með sterkum lýsiseim. Fýlungatekja var m.a. í Kofahelli og í Undirhlíðarflesi í Hnífum.

Fýlungavarp (n, hk) Heyrðist hjá eldra fólki í Kollsvík, en þó einatt talað þar um *múkkavarp*.

Fýlungi (n, kk) Múkki; fýll. Nafnið á við fuglategundina (endingin –ungi á hér ekki við ungfugl fremur öðru, heldur er af sama meði og t.d. í orðinu „sveitungi“), en orðið er lítið notað í seinni tíð. „Í 16.-17. viku sumars var farið í fýlunga og veiddist oft mikið. Fýllinn var plokkaður en fiðrið þurfti að geymast lengi til að losna við lyktina áður en það var notað. Mikið af því var selt. Svo var fýllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fitan undir bumbunni) var bræddur til ljósmetis á koler“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Til var að orðið væri haft eins í nefnifalli og þolfalli: „Þarna verða breytingar á gróðri eftir fuglalífi, t.d. fjölgar þar fýlungi“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns). „Í Hreggshöfða mátti fyrrum fá eitthvað af fugli, en síðar vað þar aðallega ritupláss og fýlunga“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). Líklegt er að orðið hafi í upphafi verið „fýlungur“ í nf. en síðan breyst í „fýlungi“, enda er það fyrrnefnda ekki síður gamalt í málinu annarsstaðar á landinu.

Fýlungsegg (n, hk) Fýlsegg; múkkaegg. „Eldra fólk, s.s. G.G. afi minn, talaði oft um fýlungsegg en fýlsegg“.

Fýlupoki / Fýlupúki / Fýluskjóða Fúllynd persóna; sá sem er í fýlu. „Vertu nú ekki þessi fýlupúki“.

Fýluróður (n, kk) Róður sem ekki skilar afla á land. „Það má segja að þetta hafi verið fýluróður hjá okkur“.

Fýlusvipur (n, kk) Þungur svipur; svipmót þess sem er ekki í góðu skapi.

Fýlusuddi (n, kk) Suddi; *fýluveður*; *fúlviðri*. „Farðu nú í stakkinn svo þú blotnir ekki í þessum fýlusudda“.

Fýluveður (n, hk) Fíngerður, þéttur regnúði og dimmviðri; vætutíð. „Skelfing er ég leiður á þessu fýluveðri“.

Fýluþoka (n, kvk) Þokusúld. „Það þyrfti að *setja yfir* galtana svo þeir *dropi* ekki í þessari fýluþoka“.

Fýrverk (n, hk) Rakettur; skotfæri. „Það var kveikt í herjans miklu fýrverki um gamlárskvöldið“.

Fýsa (s) A. Langa; vera fús. „Mig fýsir lítið að fara út í þetta veður“. B. Reka við; prumpa; leysa vind.

Fýsibelgur (n, kk) Áhald sem notað er til eldsmiði; loftdæla til að auka súrefni/hita í deiglu.

Fýsilegt (l) Ráðlegt; áhugavert. „Mér sýnist bara ekkert fýsilegt að leggja af stað í þessu útliti“.

Fýsir augu illt að sjá (orðatiltæki) Vísar til þeirrar árátta margra að vilja helst trú á illu upp á aðra, eða hyggja fláræði búa undir öllu sem frá öðrum kemur, eða þykja slæmar fréttir áhugaverðari en góðar.

Fýsir eyrun illt að heyra (orðatiltæki) Vísar til árátta manna að þykja varið í slæmar fréttir; jafnvel hrakfarir af náunganum eða illindum í sveitinni. Sú árátta er ekki útdauð, samanber t.d. fréttaflutning fjölmiðla.

Fýsisveppur (n, kk) *Kerlingareldur*; *skyrsvveppur*. Sjá *gorkúla*.

Fæðast með silfurskeið í munni (orðtak) Fæðast inn í efnaða fjölskyldu; vera af auðugum ættum. „Það eru ekki allir fæddir með silfurskeiðina í kjaftinum eins og hann“!

Fæðingargalli (n, kk) *Vansköpun*.

Fæðingarhálfviti (n, kk) Skammaryrði; erkiheimskingi. „Hvílíkur fæðingarhálfviti getur maðurinn verið“!

Fæðingarsylla (n, kvk) Sylla/hilla í bjargi þar sem fugl hefur komið úr eggi. „Bjargfuglinn bíður færís að komast fyrir á sinni fæðingarsyllu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fæðuskortur (n, kk) Skortur á mat/fæðu. „Víst má telja að matarkistan Kollsvík hafi bjargað mörgu fólki frá hungurdauða í þeim fæðuskorti sem fylgdi hallærum fyrir á öldum“.

Fægiskófla (n, kvk) Fægiskúffa; stuttur spaði til að sópa uppá ryki af gólfum. „Sæktu kúst og fægiskóflu“. Var notað jöfnum höndum við „fægiskúffu“ í Kollsvík.

Fækka á fódrum (orðtak) *Skera niður*; slátra búfé til að fódurbirgðir endist út veturinn. „Ég er hræddur um að hann megi fækka verulega á fódrum ef honum tekst ekki að kaupa sér meira hey“. Stundum notað í líkingamáli um það að fólki fækki í heimili.

Fækkandi (l) Verða færri. „Þeim fer óðum fækkandi sem nota þetta orðalag“.

Fækkar (nú) um fína drætti (orðatiltæki) Nú er orðið erfitt að fá það sem helst er vænst; nú fækkar kostum sem í boði eru. „Það fækkar nú um fína drætti ef hann fæst ekki í verkið; ég veit ekki hver gæti unnið þetta“. Líking sem vísar í tregt fiskirí. Sjá *fátt um fína drætti*.

Fæla (n, kvk) Mikið magn; *ókjör*; *djöfuldómur*; *býsn*; *kynstur*; *aragrúi*; *gomma*; *ógrynni*. „Það var þvílík fæla af eggjum á þessum smástalli að ílátið dugði ekki“. „Hann á fælu af bókum um þetta efni“.

Fær (l) A. Fær um að klifra eða síga í bjargi; *brattgengur*. „Jón Torfason á Hnjóti var þrekmenni mikið og talinn manna færastur í bjargi“ (MG; Látrabjarg). B. Um færð á vegi; „Það er orðið sæmilega fært yfir“.

- Hálsinn núna“. C. Um sjóleið; unnt að sigla um. „Töldum við að ekki væri færtundið og fórum fyrir framan“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Fær í flestan sjó** (orðtak) Tilbúinn í hvað sem er; alveg reiðubúinn. „Nú er ég fær í flestan sjó, fyrst ég hafði uppá vasahnífnum aftur“. „Hann var kominn í hlífarnar og fær í flestan sjó“. Sjá *þykjast fær í flestan sjó*.
- Færa** (n, kvk) Vegalengd sem fært er um í einni atrennu. „Best er að raka í tvo garða þegar hey er sett á heyvagn með handkvíslum. Ef tveir eru að láta á, þá getur hvor mokað úr sínum garðinum við hverja færú“.
- Færa (einhverri) á sængina** (orðtak) Færa *sængurkonu sængurgjöf* í tilefni barneignar.
- Færa frá** (orðtak) Taka lömb undan kindum þegar þær eru mjólkaðar á stekk. Sjá *fráfærur*. „Hérna sat ég stundum yfir kvíaánum. Fært var frá einu sinni eftir að ég man eftir. Það var árið 1934. Lömbin voru rekin inn í Sauðlauksdal til sumargöngu“ (IG; Sagt til vegar I).
- Færa (einhverjum) heim sanninn um** (orðtak) Sýna; sýna framá; leiða í ljós; sýna framá sannleika/staðreynd; kenna. „Þetta færði mönnum heim sanninn um að þannig atvik hefðu eins getað gerst áður“. Orðtakið er fornt. Í Ljósveitningasögu segir er Norðlendingar sendu mann til Guðmundar ríka til að færa honum heim sanninn um þann boga sem þeir hefðu af fjölmönnum yfirreiðum hans.
- Færa í / Bera í** (orðtök) Festa ífæru í lúðu eða öðrum stórfiski sem á að innbyrða.
- Færa í fót / Færa úr fötum** (orðtök) „Ætlardu ekki að fara að færa þig í fötin“?
- Færa í letur** (orðtak) Skrifa; rita. „Meiri leirburður hefur, held ég, aldrei verið í letur færður“.
- Færa í stílinn** (orðtak) Ýkja; skálda. „Sumir eru lagnir við þá list að færa skemmtilega í stílinn án þess að skaða neinn með grófum lygum eða slúðri“.
- Færa í tal** (orðtak) *Brydda/brúa á; nefna; orða; minnst á; taka upp; ámálga; hreyfa; andvarpa um*; hefja samræður um. „Ég færði þetta aðeins í tal við hann, en hann tók því fremur þunglega“.
- Færa rök fyrir** (orðtak) Rökstyðja; leiða rökum að; sanna. „Fyrir þessu hafa verið færð gild rök“.
- Færa sér í nyt** (orðtak) Nýta sér; notfæra sér; grípa tækifærið. „Ég færði mér það í nyt þegar hann þurfi að anda, og kom að nokkrum andmælum“.
- Færa sig um set** (orðtak) Flytja sig til; skipta um stað/sæti. „Nú var farið að falla óþægilega mikið að, svo við færðum okkur um set og hlóðum annað byrgi ofar í fjörunni“.
- Færa sig upp á skaftið** (orðtak) Færast í aukana; gerast djarfari/frekari; komast lengra. „Þeir eru alltaf að færa sig meira upp á skaftið með þessa gjaldtöku“. Líkingin er e.t.v. dregin af ár sem róid er af tveimur ræðurum. Sá sem er nær síðu skipsins hefur líklega verið lægri að virðingu og honum var hættara við ágjöf og kulda. Því var honum nokkur freisting að færa sig ofar eftir árahlumnum/skaftin; einnig til að ná betra átaki.
- Færa sig upp í bekkinn** (orðtak) Gerast frakkari/djarfari/ágengari; færast í aukana; *færa sig upp á skaftið*. „Nú þykir mér hann vera farinn að færa sig nokkuð upp í bekkinn, ef hann heldur að ég fórní sjóveðri fyrir svona óþarfa“! Líkingin er líklega forn, eða frá þeim tíma að menn skipuðust á misháa bekki í húsum/skálum eftir virðingarstöðu. Sjá *skörin færast upp í bekkinn; þétt setinn bekkurinn og bekkur*.
- Færa sönnur á** (orðtak) Færa sannanir fyrir; sanna; *staðreyna*. „Engar sönnur hafa nokkrusinni verið færðar á þessa frásögn“.
- Færa til betri/verri vegar** (orðtök) Skilja/endursegja málflutning á verri/betri veg en meintur er; gera ástand betra/verra. „Heldur hefur ástandið færst til verri vegar, ef eitthvað er“.
- Færa til bókar** (orðtak) Bóka; skrásetja; *hrípa/skrifa niður*. „Ég fór með honum í fjárhúsin til að „skrifa“; þ.e. færa til bókar nafn á kind sem fékk, og með hvaða hrút það var“.
- Færa upp** (orðtak) Taka mat upp úr potti eftir suðu. „Svo var allt fært upp og tínd úr þau bein sem náðust...“ (SG um *hausastöppu*; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Færa út kvíarnar** (orðtak) A. Bókstafl: Um færiskviar; stækka kvíarnar. B. Líking: Auka starfsemi.
- Færafiskur** (n, kk) Fiskur sem veiddur er á handfæri, til að greiningar frá netafiski eða togarafiski.
- Færaflækja** (n, kvk) Um það þegar tvö handfæri á sama báti flækjast saman. „Við skulum leyfa bátnum að stöðvast alveg áður en við *rennum*, til að lenda ekki í færaflækju“.
- Færafriður** (n, kk) Nægilegt bil milli færa til að ekki flækist. „Þú verður að gæta þess að hafa færafrið á milli okkar áður en þú rennir“.
- Færandi hendi** (orðtak) Með veglegar gjafir. „Hann kom færandi hendi og gaf okkur lúðu í soðið“.
- Færar leiðir** (orðtak) Fært til lendingar í Kollsvíkurveri. „Ef í norðanátt braut á Giljaboða og Djúpboða í Kollsvík var ekki róid, enda voru þá tæpast færar leiðir“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; heim. ÖETh)

- Færast (allur) í aukana** (orðtak) Magnast; verða meiri/sterkari. „Vertu nú ekki að *mæla upp* í honum bölvað montið; þá færist hann bara allur í aukana“.
- Færast (mikið) í fang** (orðtak) Takast mikið á hendur; leggja í stórvirki; byrja á stóru verkefni; *aetla sér um of; gleypa sólina*.
- Færast undan** (orðtak) Víkja sér undan (t.d. að svara); *biðjast undan*.
- Færð** (n, kvk) Gengi til að ferðast. Færð getur verið góð; þá er *greiðfært*, eða slæm og endað með *ófærð*.
- Færi** (n, hk) A. Færð til göngu/aksturs. „Það er ágætis færi hér inn yfir Hálsinn en Fjörurnar eru illfærar“. B. Tækifæri; möguleiki. „Við sætum færís eftir næsta ólag og róum til lands“. C. Veidiþæki til skakveiða. „Lengst af voru færi með einum krók, og stundum tveimur, en síðar með margra króka slóða“. „Hann bauð mér að róa með sér með færi“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). D. Bólfæri; fyrrsát; lína í enda nets/fiskilínu sem bauja/ból er fest við. E. Fjarlægð sem veiðibrað verður skotin á. „Refurinn *snuddaði* í kringum tófuhúsið en kom ekki í færi“. „Ég held að þessi máfur ætli að *gefa færi*“.
- Færishönk** (n, kvk) Uppgert færi. Áður en færarúllur komu í báta voru færi *hönkud uppi* í færishönk, en í seinni tíð hefur orðið táknað hverskonar hönk af bandi/línu: „Höfum með okkur þessa færishönk í *tildráttarband*“.
- Færislengd** (n, kvk) Lengd venjulegs færís til skakveiða; 60 faðmar. „Snemma virðist sá háttur komast á að telja *sextug* (þ.e. 60 faðma) færi hæfilega löng“ (GG; Skútuöldin).
- Færist fjör/líf í leikinn** (orðtak) Lifnar yfir; eykst atgangurinn; *byrjar ballið*. „Ef hann blandar sér í þessar deilur er hætt við að færist fjör í leikinn“.
- Færist í aukana** (orðtak) Eykst; versnar. „Sjór er lítt fallinn að, svo enn tekur allan kraft úr brimi, sem þó færist sífellt í aukana er það brotnar á Klökkunum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Færist skörin upp í bekkinn** (orðtak) Verður full mikið af því góða; verður yfirdrifið. „Mér finnst nú skörin vera að færast nokkuð mikið upp í bekkinn ef hann ætlast til að ég smali líka á morgun fyrir hann“! Sjá; *skörin færast upp í bekkinn*.
- Færleikur** (n, kk) Færni; hæfni. „Svo lengi sem vitað er hefur steinn þessi verið notaður til æfinga fyrir þá sem vilja reyna færleik sinn“ (PJ; Örn.skrá Hvallátra).
- Fæst orð hafa minnsta ábyrgð** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að tala ekki af sér.
- Fætur hljóta bók að bera (en bolur höfuð)** (orðatiltæki) Rökvísi sem oft er gripið til, t.d. ef menn eru aumir/þreyttir í fótum.
- Föðurbetrungr** (n, kk) Afkomandi sem þykir skara framúr föður sínum að tilteknu leyti.
- Föðurland** (n, hk) A. Land sem maður er frá; heimaland; ættjörð. B. Nærbuxur með síðum skálmum. Voru prjónaðar heima úr ull, áður fyrr; síðar aðkeyptar úr bómull. „Annars var „*föðurlandið*“ úr smáu tvinnuðu bandi“. (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Föðurleifð** (n, kvk) Land/jörð sem erfst hefur frá föður til afkomanda. Sjá *arfleifð*.
- Föðurleysingur** (n, kk) Föðurleysingi (eldri mynd). „Heimilismenn Bjarna (bóna á ½ Kollsvík) 9; Jóns (á hinum jarðarhelmingnum) 9, með föðurleysingi sem sveitin gerir nokkurn lítinn styrk“ (ÁM/PV; Jarðabók).
- Föggur** (n, kvk, fto) Farangur; hafurtask; pinkill; böggull. „Einhversstaðar ætti ég að hafa þetta í föggum mínum“. „Viltu ekki hjálpa gestinum að bera inn föggur sínar“? Í færeysku merkir „fjöggur“ gömul dula eða lúinn fatnaður. Í sænsku merkir „foggur“ handraði eða felustaður.
- Föl** (n, ýmist kvk eða hk). Þunn snjóhula á jörð; litur af snjó á jörð. „Hann hefur eiginlega alveg tekið upp þessa litlu föl frá því í gær“. „... gerði svolítið föl í nótt“ (HM í sendibréfi). Oftar notað í kvk í seinni tíð.
- Föl á jörð** (orðtak) Þunnt sýnilegt lag af snjó á jörð. „Hann gerði föl á jörð í *fyririnótt*“. Ekki var yfirleitt notuð endingin „u“ með jörð í þágufalli; ekki fremur en „i“ í þágufalli t.d. báts.
- Fölskvast** (s) Dofna; mást út. „Þetta er kannski eitthvað farið að fölskvast í minningunni“. „Skrúfaðu örlítið upp í lampanum; ljósið er heldur að fölskvast“.
- Fölskvalaus** (l) Hrekklaus; sannur; án undirferla. „Hún var einlæg og fölskvalaus og átti trúnað allra“.
- Föndra** (s) Dunda; leika sér við. „Ég hef verið að föndra við að koma þessu saman“.
- Föngulegur** (l) Laglegur; eigulegur. „Mér sýndist hann vera kominn með föngulegan kvenmann upp á arminn“. „... og sumir huguðu að afrakstri sumarsins sem birtist í föngulegum og lagðprúðum haustlömbum. Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum“ (PG; Veðmálið).
- Fönix** (sérnafn) Nafn á hákarla- og flutningaskipi Kollsvíkinga. Um tvö skip er að ræða; eldri og síðari Fönix. „Eldri Fönix var *teinæringur* og átti *uppsátur* í Kollsvíkurveri og Láganúpsveri. Eigendur voru Guðrún Anna

Magdalena Halldórsdóttir bóndi í Kollsvík og Halldór Ólafsson bóndi á Grundum. Formaður á Fönix um árabíl var Guðbjartur Ólafsson, bóndi á Grundum. Fönix mun upphaflega hafa verið *sexæringur*, en *smíðaður upp* og stækkaður af Sturlu Einarssyni bónda í Vatnsdal, Einarssonar bónda á Hnjóti. Fönix var stærsta hákarlaskipið í Rauðasandshreppi. Honum er svo lýst að hann hafi verið glæsilegasta hákarlaskipið í sveitinni fyrir og síðar. Í *skutnum* á þessu skipi var fjöl og á hana skorið: „Farsæli Fönix. Skipið frá Kollsvík“. Fönix var með *strengjabita*, en það var *vænt* tré að *gildleika* sem lá þvert um skipið um *hálsþóftuna* og út yfir *borðstokkana*. *Stjóraferinu* var brugðið um strengjabitann er *lagst* var fyrir í *hákarlalegum* og var það kallað að *liggja fyrir klofa*. Fór skipið þannig mun betur í sjó heldur en ef *festinni* væri brugðið um *stefni*. Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft *handfestu* á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í lendingu meðan *borið var af*. Strengjabitinn tilheyrði *farviði* skipsins. Fönix var aðallega notaður sem hákarlaskip, en einnig sem skreiðarskip og flutningaskip í kaupstaðarferðum. Hann var notaður til að flytja timbur úr skipinu Ossian frá Mandal sem strandaði undir Djúpadal í Látrabjargi árið 1878. Ossian var hlaðið timbri og var það flutt inn í Keflavík, þar sem það var selt á uppboði. Áhöfnin á Fönix var venjulega 11 til 12 menn. Fönix var happaskip. Endalok hans urðu þau sömu og flestra *gæfuskipa*: Hann var rifinn uppúr aldamótum 1900 og efnið úr honum var notað sem *árefti* á hús í Kollsvík“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi; eftir KJK o.fl.). „*Uppsátrið* (í Kollsvíkurveri) var einkum í *allbreiðum* bás milli Syðri- og Norðari-Kletta. ... *Norðanvert* í hólnum stóðu fjórar verbúðir, tvær og tvær saman, en milli þeirra var allstórt *bátsnaust*. Þar hafði vetrarskjól Fönix; teinæringur allstór sem var hákarlaskip Kollsvíkinga; einnig notaður að sumrinu til skreiðar- og vöruflutninga. Naustið féll þegar eldri Fönix leið undir lok, en var byggt upp að nýju þegar vélbáturinn Fönix síðari var keyptur. Var það um 3ja *lesta* bátur; einkum ætlaður til flutninga. ... Meðan gamli Fönix var við líði *lögðu* skipshafnir *saman* og sóttu salt á honum til Patreksfjarðar. Þessar ferðir voru alltaf farnar þegar veður var gott og *einsýnt*. Um 1920 var síðari Fönix, 3ja *lesta vélbátur*, keyptur. Var hann smíðaður fyrir Kollsvíkinga af Gísla Jóhannssyni *skipasmíð* af Bildudal. Var bátur þessi eingöngu notaður til flutninga, þar til útgerð dróst svo mjög saman úr Kollsvíkurveri upp úr 1930, ásamt því að fólk fluttist þaðan burt. Þá var báturinn seldur til Patreksfjarðar, tveim Kollsvíkingum sem áður höfðu verið, þeim Guðmundi Torfasyni og Andrésí Karlssyni“ (KJK; Kollsvíkurver). Kristján Júlíus reri úr Kollsvíkurveri og var um tíma formaður á síðari Fönix. Yngri Fönix var með vél. Ekki er vitað með vissu um seglabúnað eldri Fönix, en hann kann annaðhvort að hafa verið með *loggortusegli* (sjá þar), eða *þversegli*.

Fönn (n, kvk) Djúpur snjór. „Þarna var allt enn á kafi í fönn“. „Það eru töluverðar fannir uppi í lautunum“.

För (n, kvk) Ferð; ferðalag. „Með í för voru tveir nemendur úr Arnarfirði...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Förla / Förlast (s) Daprast minni; gleyma. „Nú er þér farið að förlast“. „Dálítið er honum farið að förla“.

Föst í grindunum (orðtak) Um kind; með einn eða fleiri fætur niðurrámilli grindaspela. „Það er ein föst í grindunum; réttu mér kúbeinið þarna“. Þegar spælir fóru að slitna í grindum varð bil á milli þeirra meira, og þá var hætta á að kindur festust í grindum. Mest var hætta í troðningi við gjafir. Mikil hætta var á fótbrotum, eða öðrum lemstrunum við þetta.

Föst ofaní (orðtak) Um sauðkind; föst í dýi/feni. „Ég dró eina *uppúr* sem var föst ofaní. Það veitti ekki af að endurreisa girðinguna kringum Grænuelduna“.

Föstudagur (n, kk) Sjötti dagur vikunnar, sem oftast er talin byrja á sunnudegi. Nafnið vísar til föstuhalds í kaþólskum sið, en áður hét dagurinn frjádagur; sennilega kenndur við Freyju eða Frigg.

Föstudagurinn langi Langi frjádagur; föstudagurinn fyrir páska. Helgidagur meðal kristinna þjóða, þar sem þann dag er talið að Kristur hafi verið krossfestur.

Föstuinngangur (n, kk) Fyrstu dagar þeirrar viku sem *langafasta* hefst í; þ.e. sunnudagur, mánudagur (bolludagur) og þriðjudagur (sprengidagur) á undan öskudegi.

Fötin skapa manninn (orðatiltæki) Fötin gefa hverjum manni yfirbragð sem áhorfandinn reynir að dæma hann af; hafi hann ekki önnur viðmið.

Fötugarmur (n, kk) Léleg fata; *fötuskripli*. „Það má kannski nota þennan götótta fötugarm undir egg“.

Fötumjaltakerfi (n, hk) Mjólkurvél sem byggir á því að kerfi loftlagna með undirþrýstingi liggur um fjósið. Hver kú er mjólkuð með sérstakri mjaltafötu með sogskipti sem tengdur er lögninni. Spenahyllkjum er brugðið á spena kúarinnar og sogpúlsar í hylkjunum mjólka kúna. Mjólkin rennur síðan í fötuna, sem borin er á milli kúa þegar mjólkað er, og tæmd í mjólkurtank. Fötumjaltakerfi var á Láganúpi og í Kollsvík, meðan þar var mjólkurframleiðsla til sölu, en ekki *rörmjaltakerfi*.

Fötuskaði (n, kk) Tjón sem verður við það að eggjata hrapar/fýkur í eggjaferð. „Ég varð fyrir fötuskaða þarna á Höfðanum“.

- Gabba** (s) Plata; ginna; narra; blekkja. „Þeir reyndu að gabba hann með því að setja sand undir í balann og fáeina fiska ofaná. En hann var fljótur að *sjá í gegnum það*“.
- Gadda hurðir** (orðtak) Læsa hurðum; slá fyrir loku/slagbrandi. ...mátti ekki gadda bæjardyr að daglokum svo sem siður var. Væri slagbrandur settur fyrir að kvöldi voru dyr brotnar inn að morgni...“ (MG; Látrabjarg). Upprunaleg merking sagnarinnar að *gadda* var að negla eða *seyma* bát með *gaddi* (LK; Ísl.sjávarhættir II).
- Gaddafjöl** (n, kvk) Naglaspyta. „Varaðu þig á gaddafjölonum sem liggja eins og hráviði kringum bygginguna“.
- Gaddaskata** (n, kvk) Tindabykkja; tindaskata; lórskata; Raja aculata. Líklega hefur þessi fiskur helst gengið undir nöfnunum gaddaskata og tindaskata í munni vermanna í Kollsvík, en um það skal þó ekki fullyrt.
- Gaddavír** (n, kk) Gaddavír varð vinsælt girðingarefni þegar hann barst til landsins í kjölfar heimsstyrjaldar, enda ódýr og áhrifarík leið til að verja tún. Í Kollsvík voru tún girt ýmist með gaddavír eða túnneti á síðari tímum.
- Gaddfreðinn / Gaddfrosinn** (l) Gegnfrosinn; beinfrosinn. „Fiskurinn er alveg gaddfreðinn eftir nóttina“.
- Gaddfrost / Gaddafrost** (n, hk) *Grimmdarfrost; hörkufrost*. „Féð helst lítið að beit í þessu gaddfrosti“.
Orðmyndin gaddafrost heyrðist sjaldnar, en hvorttveggja er líklega tilvísun í myndun grýlukerta.
- Gaddharður** (l) Mjög ákveðinn; stífur á meiningunni; harður af sér. „Hann er alveg gaddharður á þessu“.
Algengara var „gallharður“ í sömu merkingu. E.t.v. er það hljóðvilla/afleiðing af þessu orði, en þarf þó ekki að vera, þar sem það kann að vísa í hljóm þess sem er mjög hart, sbr. sögnin að „gella“.
- Gaddhörkufrost** (n, hk) Mjög mikill kuldi. „Féð er eirðarlaust í þessu gaddhörkufrosti, og beitir sér lítið“.
- Gaddkuldi / Gaddneþja** (n, kk) *Helkuldi; fimbulkuldi*. „Endilega settu upp vettlingana í þessum gaddkulda“.
- Gaddur** (n, kk) A. *Hörkufrost*. „Það er bara búinn að vera stöðugur gaddur og tekið fyrir alla fjörubeit“.
Gaddfrost. Sjá *éta út á gaddinn* og *setja á guð og gaddinn*. B. Frosin jörð; frostsқан. „Hafi hann lifað þarna af um veturinn; mest á mosa og grasstráum sem stóðu upp úr gaddinum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). C. Nagli; oddhvass hlutur. „Varaðu þig á gaddinum þarna í dyrakarminum“. D. Slagbrandur; hurðarloka. „Hurðin er læst innanfrá með gaddi“. E. Tannsjúkdómur í fê sem bitur gras eftir öskufall úr eldfjalli; orsakast af flúor.
- Gaffalsegl** (n, hk) Seglabúnaður báta, sem sumsstaðar var farið að nota héraendis uppúr miðri 19. öld. Munurinn á sprytsegl og gaffalsegli er sá að í því síðarnefnda er ekki sprytrá, heldur er rá yfir því sem nefnist gaffall. Fremri endi hans er við sigluna; dreginn upp með klófal og stöðvast töluvert neðan siglutopp. Annar falur; pikkfalurinn liggur um blökk í siglutoppi og festist við gaffalinn aftanvið miðju, en segl eru undin upp með þeim báðum. *Loggortusegl* var um margt svipað gaffalsegli (sjá þar), og var notað á einhverjum stærri skipum í Útvíkum á seinnihelmingi 19.aldar; e.t.v. eldri Fönix og Kóp.
- Gaffaltoppur** (n, kk) Lítið rásegl, fyrir ofan gaffalsegl á bát. „Ég lét taka seglið saman að mastrinu, þannig að gaffaltoppurinn stóð óhreyfður,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Gafhlað / Hálfgafl** (n, hk) Hluti húss; sá hluti gafls sem er yfir veggjahæð og upp í mæni. Gafhlöð gömlu steinhlöðnu húsanna voru ýmist hlaðin alla leið upp eða úr timbri og þá með vatnskæðningu eða klædd járni eða pappa. Stundum var gluggi á þeim (t.d. mókofinn), en stundum ekki (t.d. hesthúsið). „Vorðu þau í rúmi um þveran gafl yfir búrinu, en þar var skafllinn kominn upp á gafhlað“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Gaflsperra** (n, kvk) Sperra í húspaki sem gafl festist á.
- Gaflveggur** (n, kk) Veggur húsgafls; gafl. „...skemman var stækkuð inn í gaflvegginn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Gagaraljód** (n, hk) Bragarháttur ferskeytlu; *stafhendur*, þar sem allar ljóðlínur eru fjórir bragliðir og þeir öftustu stýfðir og víxlrímaðir. Dæmi: „Fugl á skilið lítið ljóð;/ líkkistu með stórum krans.! Rann úr honum banablóð;/ blessuð sé því minning hans“.
- Gagl** (n, hk) Gæluheiti á hænu. „Skrepptu nú og gefðu göglunum. Gáðu að eggjum í leiðinni“.
- Gagnbitað** (l) Mark; biti báðumegin á sama eyra.
- Gagnger** (l) Alger; róttækur. „Kollsvíkurver lagðist af þegar gagngerar breytingar urðu með vélvæðingu báta“.
- Gagngert** (ao) Eingöngu; alfarið. „Ég kom gagngert í þeim tilgangi að sækja þessar kindur“.
- Gagnkunnugur** (l) Þekkir mjög vel til; þaulkunnugur. „Þókan var svo dimm að um tíma var ég alls ekki viss um áttir, og er ég þó gagnkunnugur á þessum slóðum“.
- Gagnkvæmur** (l) Gagnverkandi; hvor fyrir öðrum. „Milli þeirra var gagnkvæm virðing og vinátta“.
- Gagnlegt** (l) Nothæft; til nytja; árangursríkt. „Þetta er afar gagnlegt verkfæri“.
- Gagnmerkur** (l) Mjög merkilegur/athyglisverður. „Verstaða í útvíkum er gagnmerkur þáttur í þjóðarsögunni“.

- Gagnorður** (l) Hnitmiðaður í orðum. „Össur var góður ræðumaður og þótti rökvis og gagnorður á fundum“.
- Gagnólikt** (l) Algerlega ólikt; *gerólikt*. „Báðir voru þeir miklir sómamenn, en gagnólikir um flest“.
- Gagnrýnislaust** (l) Án vefengingar; efalaust. „Það má ekki kyngja öllu því gagnrýnislaust sem stjórnin gerir“.
- Gagnrýnisvert** (l) Vafasamt; *orkar tvímælis*. „Það er mjög gagnrýnisvert hvernig haldið hefur verið á málinu“.
- Gagnsamur** (l) A. Gagnlegur; notadrjúgur. „Kýr eru þar mjög gagnsamur... (PJ; Barðstrendingabók)
- Gagnslaus** (l) Ónothæfur; tilgangslaus. „Svona kjaftatík er algerlega gagnslaus í smalamennskum“.
- Gagnslítill** (l) Kemur að litlu gagni/haldi; notast lítið. „Hnífurinn er gagnslítill, svona bitlaus“.
- Gagnstæður** (l) Hvor á móti öðrum. „Vindurinn virtist koma á víxl úr gagnstæðum áttum“.
- Gagnsær** (l) Gegnsær; glær; tær. „Gluggarnir að norðanverðu voru varla gagnsærir fyrir seltu“.
- Gagntekinn** (l) Hrifinn; hugfanginn. „Við stútungarnir vorum svo gagnteknir af lygasögunum Arinbjarnar að við trúðum hverju orði. Og daginn eftir fóru allir að leita að hausum marsbúanna í hrossastráunum“.
- Gagnvart** (fs) A. Gegn; andspænis; á móti. „Gagnvart Neðri-hlöðunni sunnanverðri er Litla votheysgryfjan“.
B. Með tilliti til. „Síðar þótti því bregða fyrir, þegar báðir komust á fullorðinsár, að Júlli hefði ekki vaxið uppúr hlutverki uppalandans gagnvart Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Gagnvegir liggja til góðs vinar** (orðatiltæki) Til góðs vinar er auðveld/bein leið; góðir vinir finna alltaf leiðir til að halda sambandi sín á milli. „Athvarf mikit/ er til ills vinar/ þótt á brautu búi./ En til góðs vinar/ liggja gagnvegir/ þótt hann sé firr farinn“ (Hávamál). Maður forðast óvin, jafnvel þó til hans séu greiðir vegir. En maður leggur mikið á sig til að halda sambandi við góðan vin þó hann búi fjarri.
- Galdrakukl** (n, hk) Fikt við galdra. „Kollsvíkingar hafa aldrei verið orðaðir við galdrakukl svo vitað sé, og því sloppið við bálkestina. Reyndar vilja sumir trúva því að Einar ættfaðir Jónsson í Kollsvík hafi átt galdrarit sem Fornótt nefndist og hafi sótt í hana kunnáttu í viðureign sinni við galdramanninn Benedikt Gabriel sem bjó í Arnarfirði. Aðrir vilja meina að þessi bók hafi verið „Jakob og Fornuften“, sem var alls ekki galdrarit“.
- Galdrameistari** (n, kk) Snjall galdramaður. „Því má skjóta hér inn í að Benedikt var talinn einhver snjallasti galdrameistari sem sögur hafa farið af á þessum slóðum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Galdraofsóknir** (n, kvk, fto) Sefasýki sem grípur um sig í illa upplýstum samfélögum sem gegnsýrð eru af tortryggni. Einstaklingum er þá kennt um óáran sem gengið hefur yfir eða krankleika annarra; og þeim refsað með þíningum og dauða. Galdraofsóknir upphófst í Evrópu seint á 15.öld en bárust hingað til lands um 1600. Þá jókst ótti við galdra samtímis hreintrúarbylgju sem þá heltók þjóðina. Klerkur gaf út rit gegn göldrum; Hugrás árið 1627 og Kristján kóngur birti tilskipun 1617 um refsingar galdramanna. Fyrsti Íslendingurinn á bálið var J'on Rögvaldsson í Eyjafirði. Valdsmenn, bæði klerkar og sýslumenn, gengu hart fram í galdraofsóknum. Frægstur er Þorleifur Kortsson lögmaður sem lét brenna marga, einkum á Ströndum. Einnig gengu rösklega fram bræðurnir séra Páll Björnsson í Selárdal og Eggert Björnsson sýslumaður Barðastrandasýslu. Eggert átti þá m.a. Saurbæ og þar með allar jarðir í Láganúpslandi, og rak stórútgerð í Láganúpsveri, en Páll og sonur hans áttu Kollsvík. Páll fékk Þorleif til að brenna sex menn vegna veikinda konu sinnar. Talið er að 25 hafi verið brenndir hérlandis á þessum myrku tímum galdraofsókna, þar af 4 konur. Alls komu upp um 120 galdramál. Galdrabrennur voru aflagðar fyrir 1700 en enn eimdi eftir af rammri galdratrú framyfir 1720. Af einhverjum orsökum urðu ofsóknirnar hatrammastar á Vestfjörðum, sem bendir líklega fremur til þess að þar hafi spenna verið mest í samfélögum en að þar hafi trúarhiti verið mestur.
- Galdrar** (n, kk, fto) Fjölkyngi; töfrar; kukl; trú á að ein manneskja geti haft áhrif á aðra með særingarpulum, galdrastöfum, draugasendingum eða hugsunum sínum og serimoníum. „Þótti þessi aburður með undarlegum hætti, og kenndu menn göldrum Benedikts Gabriels“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Galdraverkfæri** (n, hk) Töfratæki; þarfapung. „Þessi heytætla reyndist hið mesta galdraverkfæri í heyskap“.
- Galeiðubræll** (n, kk) Þræll á galeiðu. „Ekki veit ég til hvers maður er að puða þetta eins og galeiðubræll“!
- Galfjöður** (n, kvk) Lengsta fjöðrin í stéli hanans. Þjóðtrúin sagði að hann missti galið ef hennar nyti ekki við.
- Galgopaháttur** (n, kk) Kæruleysi; oflátungsháttur; glæfraskapur. „Ég kann illa við svona galgopahátt“.
- Galgopalega** (ao) Eins og galgopi. „Farðu ekki svona galgopalega með flugbeittan hnífinn drengur“!
- Galgopalegur** (l) Glannalegur; oflátungssamur; fiktasamur. „Hann er stundum alltof galgopalegur í tali“.
- Galgopi** (n, kk) Oflátungur; fiktasamur einstaklingur. „Skelfingar galgopi er hann þarna í blábrúninni“!
- Galinn** (l) Brjálaður; vitlaus. „Ertu alveg galinn“?! „Mér finnst það alveg galið að haga sér svona“! „Það væri nú kannski ekki svo galið að rölja út í Bót“.

Gallagripur (n, kk) Óvandaður maður; misheppnaður hlutur/vél. „Vélin í bátnum var sá gallagripur að þegar dálítill austur var í kjalsoginu þá jós svinghjólíð sjó upp á smellikveikjuna svo vélin drap á sér“.

Gallharður (l) Harðákveðinn; ósveigjanlegur. „Hann er gallharður á því að róa þó útlitið gæti verið betra“.

Galli (n, kk) Vöntun/vankantur á einhverju; ófullkomleiki. „Skoðunarmaður hugðist leita réttar síns, en sá það ekki fært vegna galla laganna; sem ekki skylda fjáreigendur að framvísa fé sínu til skoðunarmanns“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).

Galli á gjöf njarðar (orðtak) Um galla sem fylgir því sem að öðru leyti er kærkomið. „Þetta var ágætur bill, en þó var sá galli á gjöf njarðar að stýrið var vitlausu megin“. „Það var bara einn galli á gjöf njarðar; egginn voru orðin fjári mikið stropuð“. Njörður var sjávarguð, og hugsanlega vísar líkingin til reka sem berst á fjörur, en nýtist ekki af einhverjum ástæðum. Hugsanlega vísast til þess að veiða óæti í stað fisks.

Gallsúr (l) Mjög súr. „Þú þarft að setja meiri sykri í rabbabragrautinn svo hann verði ekki svona gallsúr“.

Galopinn (l) Opinn uppá gátt; alveg opinn. „Hlaðan er galopin“! „Þeir skildu hliðið eftir galopið“.

Galsafullur / Galssamikill (l) Ærslafullur; fjörugur. „Hann var yfirleitt galsafullur og léttur í lund“.

Galsafenginn (l) Ærslafullur; óstýrilátur. „Það þarf að *lempa* krakkana til þegar þeir verða galsafengnir“.

Galsagangur / Galsalæti (n, kk) Ærsl; ólæti. „Stillið ykkur nú með þennan galsagang strákar“!

Galsast (s) Ærslast; vera fjörugur. „Kitti í Botni hafði gaman af að galsast við okkur krakkana“.

Galsi (n, kk) Fjör; ærsl; löngun til leikja. „Það er einhver galsi í kálfastóðinu núna“.

Galskapur (n, kk) Flónska; fiflalæti. „Þetta er bara óviljaverk; gert í einhverjum galskap“.

Galta (s) Setja hey upp í galta; *bera upp í galta*. „Hann er að ljókka; við ættum að galta það sem þurrt er“.

Galtabotn (n, kk) *Sátubotn*; neðsta lag af heyi í galta/sátu. Ef galtinn stóð á mólendi eða í langan tíma var hætt við að jarðraki drægist uppí þetta lag og það fruggaði. Því var stundum hægt að hirða galtann beint í hlöðu, en galtabotninn þurfti oft að rífa vel í sundur og þurrka betur.

Galtað (l) Um þurrhey; búið að bera upp í galta. „Ég náði að galta þetta á Grundatúninu áður en fór að rigna“.

Galtafar (n, hk) Gulnað far á túni eftir galta sem staðið hefur um tíma. „Það grær upp úr galtaförunum“. Notað töluvert í Kollsvík en sést ekki í orðabók.

Galtafjöldi / Galtaröð / Galtaskógur (n, kk/kvk) Heiti yfir fjölda *galta* á sama svæði. „Það er ekki lítill galtafjöldi á þeim bænum“! „Á sléttunni voru fjórar galtararöðir“. „Alltaf er búmannlegt að líta yfir vel slegin tún með svona þéttum og vel upp bornum galtaskógi“.

Galtahæra (n, kvk) *Hæra* sem sett er yfir galta til að verja hann rigningu (sjá þar).

Galtakúra (n, kvk) Gæluorð á galta; lítill galti; *dryli*. „Við skulum reyna að koma þessu í einhverjar galtakúru fyrir rigninguna; það skemmist þá síður“.

Galtanefna / Galtaómynd (n, kvk) Illa upp settur/borinn galti. „Ég setti þetta upp í einhverjar galtanefnur; ég er ekki sérlega laginn við að bera upp í galta“. „Hver setti nú upp þessa galtatómynd“?!

Galtastæði (n, hk) Grunnur undir *galta*. „Ef galtastæðið er faðmsbreidd má galtinn vera tveggja faðma hár“.

Galti (n, kk) Sáta; lön. Þurrt hey sem sett er upp á sérstakan hátt í sátu til að verja það veðrum. Fullstór galti var *settur upp* þannig: Eftir að *flekkurinn* hafði verið *rakaður saman* voru tekin *föng*, stundum *söxuð*, fjögur föng mynduðu botn galtans, sem ýmist var kringlóttur eða ferhyrndur, og síðan var hlaðið upp og þjappað vel; létt börn voru jafnvel látin *troða*. Galtinn var látinn *halla* lítið *ad sér* fyrst en síðan meira, og þegar komið var upp í mannhæð var hann orðinn svo *aðdreginn* að eitt gott fang dugði í *kollinn*. Í það var saxað mjög vandlega, þar sem stráin þurfa að liggja sem mest út af galтанum svo síður *drjúpi* í þegar rignir. Eftir *uppsetninguna* var *rakað utanúr*; strokið létt með hrífu niður galtann svo ekki fyki úr honum og vatn rynni vel af, og rakaðar *slæðurnar* í kring. Þegar lokið hafði verið við að *galta* allt hey úr flekknum voru settar *hæru* á galtana; *sett yfir*. Hærunar voru ferhyrndar strigadulur með bandspotta í hverju horni. Í hvert band var vafin *visk* af heyi og henni troðið vandlega inn í galtann, þannig að strekktist á hærunni. Vel hlaðinn galti, þegar hann var að fullu siginn, gat staðið af sér hin verstu veður og í honum geymdist heyið furðu vel. Stundum var heyið *hirt* beint úr göltum í hlöðu, en oftár voru þeir þó *breiddir*; heyinu *kastað úr* þeim í *flekk* til þurrs. Þurfti þá að *ká* vel *úr*, ef *tuggur* voru samþjappaðar. Eftir að vélvæðing hófst, og fljótlega var að rífa heyið og koma því í hlöðu, lagðist þessi „galtamening“ fljótlegra niður. Sjónarsviptir var að, þar sem galtar settu oft mikinn svip á túnin yfir heyskapartímann. Mjög litlir galtar, eða illa uppsettir hrúgur, var nefnt *dryli*. „Rífað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi; í föng ef hey var blautt, annars lanir og að lokum galta; oftast kringlóttá, þegar heyið var farið að þorna vel“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Það var hér galti við baðstofugaflinn. Hann var eins og skorinn í sundur um miðjar hliðar, og stóðu eftir stúfarnir að neðan“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). „Það var allt slegið með orfi og ljá

- og rifjað og rakað með hrífum. Það var rakað saman og sett í galta að kvöldi og breitt úr þeim á höndum að morgni. Þetta var mikið púl“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Galtómur** (l) Alveg tómur. „Það er ómögulegt að byrja á erfiðisvinnu með galtóman maga“.
- Galvaskur** (l) Mjög hress; ókvíðinn. „Ef smala vantaði í göngur var hann ávallt mættur; galvaskur“.
- Gamaldags** (ao) Úreltur; *fornfálegur*. „Sumir kalla þetta gamaldags aðferðir, en þær hafa dugað hingaðtil“.
- Gamalfugl** (n, kk) A. Ekki ungfugl/ungi; fullorðinn fugl. „Það er erfitt að ná máfnum í færi þegar gamalfuglinn er með í hópnun. Hann er alltaf tortrygginn og heldur unganum í öruggri fjarlægð“. B. Bjargfugl; langvía, nefskeri og álka. „Þessir fuglar voru einu nafni kallaðir gamalfugl við Látrabjarg“ (LK; Ísl.sjávarhættir V).
- Gamalgróinn** (l) Með mikla reynslu; hefðbundinn; hefur lengi verið. „Þetta er gamalgróinn siður“.
- Gamalkunnugur** (l) Þekktur frá fyrri reynslu; kunnugur um langan tíma. „Var ætlunin í byrjun að fara út á Kollsvík, á gamalkunnug fiskimið þar“ (ÖG; Fiskiróður).
- Gamalkunnur** (l) Þekktur frá fyrri tíð/tíma. „Hann er þá lagstur í þennan gamalkunna útsýningsfjanda“.
- Gamall í hettunni** (orðtak) Gamalreyndur; vanur. „Ég lærði þetta af manni sem var orðinn gamall í hettunni“. Líkast til er þarna vísað til munkahettu, en munkar voru mestir fræðimenn á sinni tíð; einkum hinir gömlu.
- Gamall og elligrár/ellimóður / Gamall og fótfúinn / Gamall og lúinn / Gamall og stirður** (orðtök) Lýsingar á ellihrumleika. Gamall og lúinn er einnig notað um hlut; stundum þá haft „gamall og *snjáður*“.
- Gamall og æruverðugur** (orðtak) Um gamlan hlut sem mælandi hefur dálæti á. „Hesthúsið á Hólum er gamalt og æruverðugt dæmi þeirrar byggingalistar sem hér viðgekkst fyrir um 400 árum“.
- Gamall sem á grönnum má sjá** (orðtak) Gamall og skeggjaður/hrukkóttur/tannlaus. „Ég er nú gamall sem á grönnum má sjá; en aldrei hef ég orðið vitni að öðru eins“!
- Gamallegur** (l) Ellilegur; ellihrumur. „Mér sýnist þessi bátur vera orðinn töluvert gamallegur“.
- Gamalmáður** (n, kk) Gamall máður (hvítmáður eða svartbakur). „Það er vonlaust að ná færi á unganum ef gamalmáður er með í hópnun; hann lokkar ungann frá byrginu“.
- Gamalreyndur** (l) Með mikla reynslu. „Hann var gamalreyndur sjóhundur og hafði lent í ýmsu um ævina“.
- Gamalsaldur** (n, kk) Elliár; elli. „Hann er enn mjög vel *ern* þó kominn sé á gamalsaldur“.
- Gamalvanur** (l) Löngu orðinn vanur; margreyndur. „Maður er orðinn gamalvanur í þessum efnunum“.
- Gamalær** (n, kvk, fto) Öldruð/aflóga kind; *afsláttarkind*; stirð manneskja. „Maður er stirðari en nokkur gamalær“.
- Gamanlaust** (l) Grínlaust; alvarlegt. „Það er gamanlaust ef íhaldið kemst aftur í stjórn næstu fjögur árin“.
- Gamanleysa** (n, kvk) Alvara; ekki til að grínast með. „Það hefði getað orðið gamanleysa ef fúaspottin hefði gefið sig þar sem gangurinn er tæpastur“.
- Gamanmál** (n, hk, fto) Gamanyrði; spaug; grín. „Spurt var almæltra tíðinda, kastast á glensi og gamanmálum og sumir huguðu að afrakstri sumarsins...“ (PG; Veðmálið).
- Gamansamt** (l) Erfitt; mikil áskorun. „Kindin er úti í enda á sveltinu; það getur orðið gamansamt að ná henni til baka“. „Það gæti orðið gamansamt að vitja um netin eftir þennan norðangarð“.
- Gamansamur** (l) Spaugsamur; gerir að gamni sínu. „Hann þótti gamansamur og hrókur alls fagnaðar“.
- Gamanspil** (n, hk) Gamanmál; grín. „Það er bara hreint ekkert gamanspil ef manni skrikar fótur þarna“.
- Gambanfillerí** (n, hk) Hrikalegur drykkjuskapur; sjóðandi túr. „Þetta varð þvilíkt gambanfillerí að annað eins hefur ekki sést í *háa herrans tíð*“.
- Gambri** (n, kk) Vín í bruggun, fyrir eimingu. „Honum varð víst ekkert gott af að drekka fjárans gambrann“.
- Gamburmosi** (n, kk) Grámosi; hraungambri; *Racomitrium lanuginosum*. Algengur mosi til fjalla; myndar miklar og þykkar breiður víða á heiðum í Rauðasandshreppi, s.s. á Kóngshæð, Tunguheiði, Breið, Látraheiði og Látrabjargi. Kann best við sig þar sem ekki verða miklar og langvarandi fannir. Vex hægt í efri endann en dyr í þann neðri, þannig að undir myndast dýna úr dauðum mosa. Þreytandi getur verið að ganga til lengdar í miklum mosa, eins og eggjaberar af Stíg hafa löngum kynnst á Geldingssskorardal.
- Gamla brýnið** (n, kk) Gæluheiti á þeim sem kominn er yfir miðjan aldur/ eldri en annar. Viðhaft um manneskju en einnig stundum um skepnu. „Nú held ég að fari að draga að endalokunum hjá henni Pontu; skarninu atarna. Hún er alveg að verða ónýtt til gangs, gamla brýnið.“
- Gamla konan** (orðtak) Gælunafn á Látraröst. „Nú er hún grettin, gamla konan“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Gamlaður (l) Aldraður; gamall. „Afi hélt lengi þeirri venju, þó gamlaður væri orðinn, að arka út á tún með orfið og slá þá toppa og skára sem óslegnir voru eftir sláttuvélina“.

Gamlast (s) Eldast; verða gamall. „Hún er nú farin að gamlast blessunin“.

Gamli sáttmáli (n, kk) Samningur Íslendinga við Noregskóng, sem fyrst var samþykktur 1262-1264, en síðan í fyllri gerð árið 1302. Með honum urðu Íslendingar kóngsins þegnar og *þjóðveldið* var úr sögunni. Helsta tilefni þessa valdaafsals hefur verið talið stjórnarfræðis eðlis. Goðaveldið virkaði ágætlega meðan hver virti annars rétt, en reyndist veikburða gagnvart valdagræðgi og samþjöppun valds. Minnkandi siglingar til landsins áttu einnig sinn þátt, en ekki var sinnt endurnýjun hins mikla skipastóls sem hér var í upphafi byggðar.

Gamli seigur (orðtak) Gæluheiti á manni sem þykir þolinn/úthaldsmikill/þrjóskur.

Gamli still (orðtak) Gamalt heiti yfir *júlianska tímatalið* (sjá þar).

Gamlingi (n, kk) Aldraður einstaklingur; eldri borgari. „Gamlingjarnir halda uppi öfluglu félagslífi“.

Gammur (n, kk) A. Stór hvolflega skápur í bjargi þar sem fá mátti mikið af fugli meðan hann var nytjaður. „Melagammur er *fuglgammur* niður úr Melalykkjunni, og eru 30 fadmar úr henni í gamminn“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs). „Út og uppaf Lambhöfða er gammur sem nefndur er Stórigammur. Gammur er hvolf inn í bjargið; það slútir fram“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). B. Hræfugl; ránfugl. C. Gæluorð/skáldaheiti um skip eða hest eða ágengan mann. D. Frekja; ágengur maður. „Hann hagaði sér eins og gammur“.

Gammosía (n, kvk) Aðfelldar buxur, vanalega úr þrjónuðu efni og bornar innanundir ytri buxum.

Gamna sér (orðtak) Skemmta sér; leika sér. „Það gengur ekki að gamna sér yfir *hábjargræðistímann*“!

Gan (n, hk) A. Frumhlaup; *an*; stefnulaus/fljótræðisleg ferð. „Svona gan með heyvagninn gengur ekki; það liggja sáturnar eftir við hverja holu“! B. Gláp/gón út í loftið. „Hættu nú þessu gani og hugsaðu um námið“!

Gana (s) A. Æða; flumbrast. „Þeim hefndist fyrir að gana í róður í þessu svikalogni“. „Ég undrandi og hissa á viðtökunum varð/ og vildi í flýti þaðan burtu ganga./ En rétt í þeirri andrá ég gekk útfyrir garð/ og ganaði þá beina leið á Manga“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Um bát/klettaneft; trana/skaga fram; vera afturhlaðinn. „Færum aðeins úr skutnum svo hann gani ekki svona mikið“.

Gandur (n, kk) A. Töfrastafur; töfrasproti. B. Heiti á hesti, einkum notað í skáldskap: „Hetja vor að hófi loknu hröðum gandi/ ríður heim að Rauðasandi“ (JR; Rósarímur).

Ganering (n, kvk) Þilja; einkum notað um þiljur báta innaná stoðir og bönd, en einnig þiljur í húsum. „Ég setti ganeringu innanum kartöflugryfjuna, og einangraði með reidngi“.

Ganga (s) A. Koma sér um með fótaborði. B. Um vist búfjár; velja sér kjörlendi til beitar. „Um sauðburðinn þurftum við að fara annan hvern dag út í Breiðavík, en þar gekk mikið af okkar fé“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Nú gengur margt fé leyfislaust í sumarbeitilönd annarrar jarðar...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). „Þaðan skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“... „Hefði ég vitað að lambið hafði gengið á Stígnum, þá hefði ég hugsað mig betur um“ (PG; Veðmálið). C. Um nautgripi og sauðfé; beiða; vera blæsma/yxna. „Mér sýnist að Búkolla gangi“. D. Um pest/tísku eða annað sem fer milli manna. „Það er að ganga einhver lumbrufjandi“. „Látiði súpuskálina ganga“. E. Viðgangast. „Svona kjaftæði gengur ekki; maður verður að fara að drífa sig í verkið“. F. Um bát; hafa ferð á. „Báturinn gengur hægt með þessa hleðslu“. G. Um vegg; ganga til; skekkjast; skríða undan þunga/frosti/sigi. „Næst var að huga að búðunum sem búa átti í, vor og sumar. Það þurfti að laga vegg sem var farinn að ganga; bera nýjan sand á gólfið; laga rúmstæði og fleira“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Veggir í Hesthúsinu voru sumir farnir að ganga verulega“. H. Um fisk; ferðast um í miklu magni. „Nú má búast við að grásleppan gangi í næsta stórstraum“. I. Um klukku/úr/vél. „Nú er úrið mitt alveg hætt að ganga“. J. Um bát/bátaflota; róa til fiskjar. „Að sögn Gísla Konráðssonar átti Einar Kollsvík með tollverum öllum; hafi þar að jafnaði gengið 11-12 skip, en 15 steinbítar goldnir fyrir hvern mann“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Gengu þaðan (úr Kollsvíkurveri) milli 20 og 30 bátar þegar mest var“ (HÖ; Fjaran).

Ganga (n, kvk) A. Ferð/vegalengd sem gengin er. „Þangað er um korters ganga“. B. Fiskiganga; fiskur sem kemur í miklu magni á mið. „Það hlýtur að hafa komið ný ganga“. C. Smöln fjár; einatt í fleirtölu; göngur.

Ganga að (orðtak) A. Bjáta á; vera að meini. „Hvað gengur nú að þér greyið mitt; afhverju ertu að skæla“? B. Um fullnustu eignarréttar; heimta sínar eignir frá öðrum. „Bankinn gengur að veðinu“. C. Samþykkja, t.d. skilmála, tilboð eða kaup. „Ég geng að þessum skilmálum“.

Ganga að dauðum (orðtak) Drepa; *verða að aldurtíla*. „Eftir að sendingin sem Benedikt Gabriel sendi Einari í Kollsvík hafði gengið að hesti hans dauðum...“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

- Ganga að mat sínaum / Ganga að matnum** (orðtak) Umgangast matinn; nýta mat sinn vel; viðhafa góða borðsiði. „Skelfilegt er að sjá hvernig þú gengur að matnum strákur; hann er hálfétinn“!
- Ganga að óskum** (orðtak) Ganga eins vel og á verður kosið. „Gekk ferðin að óskum og vorum við mætt á tilsettum tíma í skólann“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Ganga að sem gefnu** (orðtak) Slá föstu; gera ráð fyrir; gefa sér. „Við getum ekki gengið að því sem gefnu að sjóveðrið haldist alla vikuna“. „Við skulum ekki ganga að því sem gefnu að þetta sé fé frá okkur“.
- Ganga að (einhverju) vísu** (orðtak) A. Um það sem ávallt er á réttum stað; vita hvar eitthvað er. „Það má alltaf ganga að henni vísri á Stígnum“. „Settu hamarinn á sinn stað svo ég geti gengið að honum vísu á morgun“. B. Gera ráð fyrir; *ganga að sem gefnu*. „Það er óvarlegt að ganga að því vísu að hann hafi munað eftir þessu“.
- Ganga af** (orðtak) A. Verða afgang/eftir. „Gefðu hundinum það sem af gengur“. B. Um vindátt; færast frá. „Mér finnst hann loksins vera aðeins að ganga af þessum norðanbeljanda“.
- Ganga af áttinni** (orðtak) Um vindátt; vinda úr annarri átt en verið hefur. „Nú sýnist mér hann eitthvað vera að ganga af áttinni; það er ekki þessi eindregna norðanátt sem verið hefur“.
- Ganga af dauðum** (orðtak) Drepa. „Höfðu menn það fyrir satt að hann hefði sent Einari draug þann er ært hefði hestana og gengið af þeim dauðum að lyktum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Ganga af göflunum / Ganga af vitinu** (orðtak) Verða æstur/vitlaus; ærast; *steyta görn*. „Það er óþarfi að ganga af göflunum þó þessar kindur hafi sloppið! Það er *ekki um annað að gera* en sækja þær aftur“. „Það hvessti þann djöful að hér ætlaði allt af göflum að ganga“.
- Ganga af sér** (orðtak) Ganga svo hratt að aðrir gefist upp, sem eru meðferðis. „Pabba þótti ekki mikið mál að ganga langar vegalengdir, því hann var annálaður göngugarpur; bæði léttur á fæti og hljóp frekar en gekk. Skemmti hann sér stundum við það að ganga þá af sér sem þyngri voru til göngu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Ganga/rölta af sér spikið / Ganga/rölta sér til heilsubótar** (orðtök) Fara í gönguferð til að maður *hlaupi* ekki *i spiki*/ til að viðhalda góðri heilsu/likamsþyngd.
- Ganga af trúnni** (orðtak) Hætta að trúa á; snúast frá fyrri trú. „Mér finnst að hann sé *hérumbil* að ganga af trúnni sem sjálfstæðismaður“.
- Ganga aftur** (orðtak) Úr þjóðtrú um dauðan mann; rísa upp, gerast draugur og oftast valda einhverjum skaða.
- Ganga allt í vil** (orðtak) Ganga allt í haginn; *ganga að óskum*. „Ennþá gengur honum allt í vil með þetta“.
- Ganga á** (orðtak) A. Ganga/labba eftir. „Mér þykir þú ganga *gapalega* á blábrúninni“. B. Rekast á á göngu. „Tóbakssvælan var svo mikil að mér fannst ég ganga á vegg þegar ég kom inn í stofuna“. C. *Saxast á*; eyðast. „Það er farið að ganga verulega á saltíð; við þyrftum bráðum að fara á Eyrar“. D. *Inna eftir*; þrýsta á um svör. „Hann játaði þetta þegar ég fekk á hann“. E. Heyrast/viðgangast læti. „Hvað *í dauðanum* gengur eiginlega hér á“?!
- Ganga á góðmennsku** (orðtak) Notfæra sér velvild óhóflega. „Ég þakka fyrir gott boð, en ég ætla nú ekki að ganga meira á góðmennsku þína en orðið er“.
- Ganga á hluta/rétt (einhvers)** (orðtak) Gera eitthvað sem skaðar annan, eða brýtur gegn hans rétti. „Honum fannst allmikið gengið á sinn hluta með þessum skiptum“. „Stjórnvöld hafa blygðunarlaust og bótalaust gengið á hinn ævaforna rétt sjávarjarða til sinna fiskimiða“. „Hluti“ er eldri mynd orðsins „hlutur“.
- Ganga á lagið** (orðtak) Nýta tækifæri; sýna ágengni. „Það má ekki rétta skrattanum litlafingur; þá gengur hann á lagið og hirðir alla hendina“! Vísar til þess að lag er nýtt til að hrinda bát á flot.
- Ganga ekki andskotalaust** (orðtak) Ganga ekki vandræðalaust/ án erfiðleika. „Það gekk ekki andskotalaust að fá hann til að skilja þetta“!
- Ganga á** (orðtak) Gerast; láta illa. „Hvað gengur eiginlega á“? „Alltaf er hann tryggur; hvað sem á gengur“.
- Ganga á (einhvern)** (orðtak) Inna eftir álit/skýringu; þvinga til sagna. „Daginn eftir fór bróðurdóttir hennar að ganga á betur á hana með hvað hún hefði orðið vör við...“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Ganga á afturfótunum** (orðtak) Ganga illa; mislánast. „Það hefur allt gengið á afturfótunum í þessum rekstri“. Líking við það að ferfætlingar gangi á afturfótunum, en hérlendum skepnum ferst það flestum illa.
- Ganga á bak orða sinna** (orðtak) Svíkja það sem sagt/lofað hefur verið. „Auðvitað stóð ég við þetta; ég er ekki vanur að ganga á bak minna orða“.
- Ganga á eftir (einhverri/einverjum) með grasið í skónum** (orðtak) Gera hosur sínar grænar fyrir; einkum notað um það þegar strákur er að reyna við stelpu eða öflugt. Einnig þegar einhver væntir einhvers annars af

öðrum. Líklega vísar orðtakið til þess að sum grös áttu að vera árangursrík í þessu efni samkvæmt þjóðtrú; væru þau lögð í skó.

Ganga á grunn / Ganga á grunnmið / Ganga á lóðamið / Ganga á sandinn (orðtök) Um fisk; ganga í stórum göngum af djúpi upp á grunn, á hefðbundin fiskimið. „Þetta var það snemma vors að steinbítur var ekki genginn á grunnmið“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). „Eftir að fiskur gekk á grunnmið; lóðamiðin; „sandinn“ eins og það var kallað í Kollsvík, var venja að róa eftir því sem stóð á flóði eða fjöru, og aldrei öðruvísi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Ganga á hljóðið/lyktina/ilminn (orðtak) Ganga í þá átt sem hljóð/lykt berst úr. „Það var vandalaust að finna þá í þokunni; ég gekk bara á hljóðið því þeir voru að þrátta eins og vanalega“.

Ganga á lagið (orðtak) Nýta sér aðferð (lag)sem áður hefur tekist. „Ef maður byrjar að klóra heimalningnum þá gengur hann á lagið og heimtar klór við öll tækifæri“.

Ganga á leið/veg með (orðtak) Fylgja úr hlaði; fylgja áleiðis. „Ég gekk á leið með honum norður að Torfalæk“.

Ganga á með eljum/skúrum/hvassviðri/byl/hryðjum (orðtak) „Á vökunni gekk á með vestanéljum...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Voru hásetar ekki búnir að yfirgefa skipið er snögglega gekk á með vestan hvassviðri“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar). „Gekk þá á með norðaustan byl, svo ekki var hægt að veita þeim eftirför um kvöldið“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Ganga á merki (orðtak) Sá löggerningur að sýslumaður, eða annar til þess bær valdsmaður, gengur eftir landamerkum jarða til að úrskurða hvar þau liggja, þegar um það er deilt.

Ganga á reka (orðtak) Gá í fjöru hvort eitthvað hafi rekið. Reki er hlunnindi í Kollsvík og nýttur á ýmsan hátt. Því var það fastur liður að ganga á reka; finna það sem rekið er og bjarga því, enda óvída góð *festiffara*. „Inni var leikið með kuðunga og skeljar sem sótt var í fjöruna, en það var einnig mjög eftirsótt að ganga á reka“ (IG; Æskuminningar).

Ganga á röðina (orðtak) Gera í röð/ *koll af kalli*. „Ég tyllti staurunum á sinn stað, en gekk svo á röðina og sló þá niður“.

Ganga á skjön/snið/svig við (orðtak) Vera ekki í samræmi við; ganga gegn; hliðra hjá. „Þessi fullyrðing gengur mjög á skjön við allt sem hann hefur áður sagt“. „Ég ætla ekki að ganga á svig við mín loforð“.

Ganga álfreka (orðtak) *Ganga örna sinna; hægja sér; kúka; skíta*. Sjá *álfreki*.

Ganga álútur (orðtak) Halla sér á móti veðrinu á göngu. „Maður varð að ganga álútur í þessu hagli“.

Ganga berserksgang (orðtak) Fá æðiskast; brjóta allt og bramla í kringum sig; láta mjög ófriðlega. „Geymslan var útlits eins og heil herdeild hefði gengið þar berserksgang í fulla viku“!

Ganga/fara bónleiður til búðar (orðtak) Fá ekki ætlunarverki/beiðni framgengt við einhvern. „Ég er hræddur um að þeir sem ágirnast traktorinn hans fari allir bónleiðir til búðar“.

Ganga e-n ofan í jörðina (orðtak) Ganga svo hratt að annar geti varla fylgt eftir. Líking við það að fætur drauga eyddust á göngu; þeir gengu sig ofan í jörðina. „Hægðu nú á þér drengur; ætlarðu alveg að ganga mig ofan í jörðina“? Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Ganga eftir (orðtak) A. Rætast. „Spáin virðist ætla að ganga eftir“ B. Ítreka. „Ég vil síður ganga eftir þér“.

Ganga eftir (einhverjum) með (eitthvað) (orðtak) Gera tilraun til að fá einhvern til einhvers; fá einhvern til að gefa/láta/þiggja eitthvað. „*Hann um það* ef hann þiggur ekki aðstoðina; ekki ætla ég að ganga eftir honum“!

Ganga eins og í sögu/lygasögu (orðtak) Ganga mjög vel. „Heimferðin gekk eins og í sögu“. Stundum „*ganga eins og í lygasögu*“ þegar leggja skal áherslu á velgengnina.

Ganga ekki að því gruflandi (orðtak) Vera meðvitaður/kunnugt um; vera þess ekki dulinn. „Ég geng ekki að því gruflandi að þetta verður erfitt verkefni“.

Ganga ekki heill til skógar (orðtak) Vera ekki heill heilsu. „Allir vissu að hann gekk ekki heill til skógar“. Líklega er upprunans að leita til þess tíma sem menn fóru til skógar að sækja við eða veiði, og lýsir áhyggjum af þeim sem fór heilsuveill í slíkar villur og hættur.

Ganga erinda sinna (orðtak) *Ganga örna sinna; flytja lögmenn; ganga til sýslu; létta á sér; gera að buxum sínum; kúka*.

Ganga fram (orðtak) *Fara af stöfnum; ganga fyrir sig; reiða af*. „Við skulum sjá hvernig málið gengur fram“.

Ganga fram af (orðtak) *Yfirgang; ofbjóða; ganga yfir*. „Nú gengur alveg fram af mér; haldiði ekki að strákurinn hafi látið klippa af sér bítlalufurnar“! „Klæðnaður unglínganna á ballinu gekk fram af eldra fólkinu“. „Tveimur atvikum ætla ég að segja frá; þegar ég gekk fram af nöfnu minni, eins og ég kallaði hana“ (IG; Æskuminningar).

- Ganga fram af (sér; mér; öðrum)** (orðtak) Ofbjóða; misbjóða; *ganga frá sér*. „Nú gengur alveg framaf mér: Haldiði ekki að þessir bjöllusauðir hafi aftur lagt ofanyfir hjá okkur“! „Honum líkaði það ekki illa að ganga framaf fólki með furðulegum uppátækjum sínum“.
- Ganga framá** (orðtak) Finna eitthvað á göngu sinni. „... og þarna geng ég fram á lík“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Ganga framhá** (orðtak) Hundsá; vanvirða; taka ekki mark á. „Einnig að Rafmagnsveitur ríkisins mundu ætla að ganga framhá þeim möguleikum sem í Suðurfossá eru...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ganga (út)frá sem gefnu/vísu** (orðtak) Reikna með; telja öruggt/eðlilegt. „Það má ekki ganga frá því sem gefnu að hann muni eftir þessu; það getur þurft að minna hann á það“.
- Ganga frá sér** (orðtak) *Ganga framaf sér; fara með sig; fara illa með sig*. „Gakktu nú ekki alveg frá þér með þessu púli“!
- Ganga fyrir** (orðtak) A. Ganga fremstur; ganga á undan. B. Hafa forgang. „Lagði oddviti fram þá tillögu að símtöl sem færu fram innan sveitarinnar gegnum skiptiborð á Patreksfirði gengju fyrir samtölum innan hvernar línu“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ganga fyrir gafl** (orðtak) Fermast. „Ætli þú verðir ekki að ganga fyrir gafl í vor“?
- Ganga fyrir sig** (orðtak) Um málefni/feril/verk; hafa framgang; æxlast. „Þetta gekk bara ágætlega fyrir sig“.
- Ganga fyrir ætternisstapa** (orðtak) Deyja. Sagt notað að fornu um þá sem fyrirföru sér, en sú var aldrei merkingin á síðari tímum. „Hann er þá genginn fyrir ætternisstapann, blessaður; búinn að liggja lengi í kör“. Sumir vilja rekja uppruna orðtaksins til frásagnar í Gautreks sögu sem er ein af Fornaldarsögum Norðurlanda. Þar segir Snotra bóndadóttir Gauta kóngi frá stapa sem nefnist Ætternisstapi, þar sem gamalmenni fyrirfari sér til að vera ekki afkomendum byrði. Líklegt er þó að þessi saga sé búin til sem þjóðsöguskýring á orðtakinu; sem er líklega mun eldra. Að öllum líkindum má rekja það til þess tíma sem fólk trúði á náttúruvætti (stokka og steina) og að fólk gengi í björg við andlát. Hver ættbálkur dýrkaði því sinn ætternisstapa í sínu ættarhéraði. Stapinn laukst upp fyrir þeim sem vildu í hann ganga; gengu fyrir hann. Helguþúfa er líklega af sömu rót runnið, en margar Helguþúfur eru til sem örnefni í Rauðasandshreppi. Kollsvíkingar eiga sér hvorki Helguþúfu né ætternisstapa; og þó: Mætti ekki segja að Kollur hafi gengið fyrir ætternisstapa Kollsvíkinga þegar hann var heygður á Blakknesnibbu?
- Ganga gegn** (orðtak) Gera öndvert við. „Ég geng ekki gegn vilja meirihlutans í þessu máli“.
- Ganga hart að (einhverjum)** (orðtak) *Ganga nærri einhverjum; vera aðgangsharður/kröfuharður við einhvern*. „Hann upplýsti allt um málið þegar gengið var hart að honum“.
- Ganga hart fram** (orðtak) Vera ákveðinn/ákafur við framkvæmd verks; vera harður í málarekstri. „Ýmsum þótti hann ganga helst til hart fram í svo viðkvæmu máli“.
- Ganga hjá** (orðtak) Um kýr; vera blæsma/yxna án þess að eftir sé tekið og því ekki haldið undir naut. „Hún Sokka er fjári *dulgeng*; það þarf að passa að hún gangi ekki hjá í þetta skiptið“.
- Ganga hægt um gleðinnar dyr** (orðtak) Stunda skemmtanir/vínneyslu í hófi. „Ég held þeir ættu að ganga hægt um gleðinnar syr sem ekki kunna að fara með áfengi“.
- Ganga í** (orðtak) A. Um vind; snúast í. „Ég gæti trúað að hann sé að ganga í austanátt“. „En um lok sláturtíðar gekk hér í frost og snjókomu. Töldu margir *veðurfróðir* að nú væri að ganga í einn hörkuveturinn. slíkur sem 1918, en hann byrjaði svipað; enda *sundurskurður* á miltum úr kúm og fleiri tákni staðfestu það“ (ÞJ; Árb.Barð 1968). B. Hefja verk; fara í verk. „Þegar við fórum að draga lóðirnar var ágætur afli á þær og lét Guðmundur einn manninn strax ganga í að *afhausu* og slægja fiskinn“ (HO; Ævisaga; róið úr Láturdal).
- Ganga í augun á (einhverjum)** (orðtak) Heilla einhvern með útliti. „Hann keypti sér dýrindis drossú til að ganga í augun á stelpunum“.
- Ganga í berhögg við (eitthvað)** (orðtak) Ganga gegn; vera á móti /í andstöðu við; ganga augljóslega gegn vilja/fyrirmælum/lögum einhvers. „Mér sýnist að þessi aðgerð gangi beinlínis í berhögg við loford þeirra fyrir kosningarnar“.
- Ganga í eina sæng** (orðtak) Giftast; hefja sambúð. Sjá *sæng*.
- Ganga í erfðir** (orðtak) Vera *arfsgengur; liggja í ættum*.
- Ganga í förin** (orðtak) Ganga í för þess sem gekk á undan. Börn gerðu sér þetta oft að leik, og kölluðu *þrautakóng*. Hinsvegar var þetta illa séð af eldra fólki, því þjóðtrúin segir að sá sem gengur í för annars manns, rétt á eftir honum, vilji hann feigan.
- Ganga í garð** (orðtak) Koma; birtast. „Senn gengur vorið í garð“. Garður merkir þarna býli/bær/heimili.
- Ganga í með oddi og egg / Vinna að með oddi og egg** (orðtök) Vinna ötullega/einarðlega að. „Össur gekk í það með oddi og egg að koma Orkubúi Vestfjarða á laggirnar, og naut við það góðrar aðstoðar“.

- Ganga í móti** (orðtak) Verða fyrir mótlæti. „Mér gengur ýmislegt í móti þessa dagana“.
- Ganga í sig** (orðtak) A. Byrja að hægja vind/veður. „Mér sýnist hann nú eitthvað vera að ganga í sig“. B. Hætta við áform; skipta um skoðun. „Hann var ákveðinn í þessu, en ég held að hann sé eitthvað að ganga í sig með það; enda væri það algert tilgangsleysi“. Eldri mynd er að „ganga í sjálfan sig“.
- Ganga í skrokk á** (orðtak) *Lumbra/lúskra á*; berja; fara illa með. „Vertu nú ekki að egna nautkálfinn. hann gæti þá gengið í skrokk á þér seinna meir“.
- Ganga í skúrir** (orðtak) Um veðurlag; breytast úr samfelldri rigningu í skúrir með uppstytta á milli; *skúra sig*.
- Ganga í strauminn** (orðtak) Um fiskigöngu; koma á grunnmið þegar stórstreymt verður. „Hér er mikið af bjartri og bústinni grásleppu; hún hefur líklega gengið í strauminn“.
- Ganga í sæng með (einhverjum/einverri)** (orðtak) *Samrekkja* einhverjum/einverri.
- Ganga í takt** (orðtak) Ganga þannig að fótahreyfingar/skref séu í sama hrynjandi.
- Ganga í veg fyrir** (orðtak) Ganga að þeim sem er á göngu/ferðalagi. „Er við förum upp Skorarjaðarinn gengur konan í veg fyrir okkur og segir mér frá heimilisátæðum sínum...“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Ganga í verk annarra** (orðtak) Halda áfram með verk sem aðrir hafa verið að vinna. „Mér er alltaf fremur illa við að ganga í verk annarra, því hver maður hefur sitt vinnulag“.
- Ganga kaupum og sölum** (orðtak) Vera gjarnan seldur. „Veidiréttur sem ólöglega var svikinn af sjávarjörðum gengur nú kaupum og sölum milli sægreifa“.
- Ganga kringum jólatré** (orðtak) Um jólasíð; hópur fólks á öllum aldri helst í hendur og gengur kringum skreytt jólatré; syngjandi jólasöngva og e.t.v. fleiri lög. „Gengið var kring um jólatréð og sungnir sálmar og ýmsir söngvar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).
- Ganga ljósum logum** (orðtak) Breiðast hratt út; fara eyðandi um. Oft notað þegar lýst er draugagangi, þar sem draugur er mjög virkur. „Sendingin frá Benedikt Gabríel gekk ljósum logum í Kollsvík og olli ýmsum óskunda, þar til Einari tókst að koma á hana böndum; leiða hana inni Hænuvík og tjóðra við stein“. „Þessi kjaftasaga gengur núna ljósum logum um allar sveitir“.
- Ganga með** (orðtak) A. Bera ófætt afkvæmi. B. Fara meðfram. „Það þarf að ganga með girðingum og sjá hvar þessar túnrollur komast inná“.
- Ganga með grasið í skónum** (orðatiltæki) Vera á *biðilsbuxunum*; leita eftir sambandi við mannsekju. „Hann er búinn að ganga með grasið í skónum eftir henni í langan tíma, en hún virðist eitthvað erfið við hann“.
- Ganga menntavegin** (orðtak) Fara í skóla; stunda nám í skóla.
- Ganga milli bols og höfuðs á** (orðtak) Drepa; ráða af dögum. Orðtakið er komið af þeirri ævafornu trú að koma meg í veg fyrir að dauður maður gangi aftur með því að taka haus frá bol og svo gangi sá þar í milli sem líklegast er að hinn dauði hefði ofsótt. Aukið öryggi fékkst ef hausinn var jarðsetur við sitjandann á skrokknum. Aðferðin mun ekki hafa verið notuð nýlega, þó orðtakið sé nýtt við ýmis tækifæri.
- Ganga niður** (orðtak) Draga úr ríkjandi vindi; minnka sjógangur. „Nú held ég að norðanþræsingurinn sé að ganga niður“. „Ef norðanátt gekk skyndilega niður, en *rauk* aftur *upp* sama sólarhringinn; *uppherðingur*, boðaði það vaxandi norðanátt næstu dægur“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). Sjá einnig *þetta niður*.
- Ganga niður úr (skónum)** (orðtak) Slíta skófatnaði mjögmikið. „Þú þarft að fara að efna þér í nýja skó; þú ert eiginlega alveg genginn niður úr þessum“.
- Ganga nærri (einhverjum)** (orðtak) Sýna einhverjum hörku; kúska/pína einhvern; fara illa með einhvern. „Þótti sumum hann ganga nærri sínu vinnufólki með slíkri vinnuhörku“.
- Ganga nærri sér** (orðtak) Reyna mjög á; gera úrvinda/örmagna/fátækan; nær lama. „Þessi mikla vinna hefur gengið mjög nærri honum“. „Gakktu ekki nærri þér með endurgreiðsluna; ég get alveg bedið“.
- Ganga ríkt eftir** (orðtak) Þrýsta á um; gera mikla kröfu til. „Ég gekk ríkt eftir því að hann *stæði við þetta*“.
- Ganga rösklega/vasklega til verks** (orðtak) Vinna af dugnaði/krafti; láta verk ganga. „Hér hefur *heldur betur* verið gengið rösklega til verks“!
- Ganga seigt og fast** (orðtak) Ganga hægt en örugglega; ganga treglega. „Það gekk seigt og fast að koma þessu í gegnum kerfið“.
- Ganga/rölta sér til heilsubótar** (orðtak) Vísar til þess hve gönguferðir hafa bætandi áhrif á líðan og heilsu manns. „Ég rölti mér til heilsubótar fram með Fellum“.

- Ganga sér til húðar** (orðtak) Fara illa með sig; ganga nærri sjálfum sér; ganga framaf sér. „Það er fjandi hart ef bændur þurfa að ganga sér til húðar, bara til að borga laun einhverra óparfa blýantsnagara í Reykjavík!“ „Mér sýnist að þessar hjólbörur hafi gengið sér til húðar“. Eiginleg merking er að fá fótisæri af göngu.
- Ganga slyppur/tómhentur frá borði** (orðtak) *Bera ekkert úr bítum*; hafa ekkert *upp úr krafsinu*; vera *hlunnfarinn*; *ganga bónleiður til búðar*. „Það er lítið réttlæti í því að þeir gangi slyppir frá borði sem mest hafa lagt á sig til að ná þessum árangri“!
- Ganga staflaust (um sveitir)** (orðtak) Um orðróm; berast milli manna með kjaftasögum/slúðri. „Það gegnur staflaust hér um allar sveitir að þau ætli að bregða búii haust“. Staflaust = ekki skrifað.
- Ganga suðurá** (orðtak) Um vindátt; snúast til sunnanáttar. „Við þyrftum að ná að galta þetta hey áður en hann gengur suðurá með rigningu“.
- Ganga til altaris** (orðtak) A. Eiginleg merking; meðtaka kristileg *sakramenti*. B. Líkingamál; fara á fylleri; *detta í það*. „Er hann strax byrjaður að ganga til altaris; og bara fimmtudagur enn“!
- Ganga til atkvæða** (orðtak) Hefja atkvæðagreiðslu; greiða atkvæði. „Var síðan gengið til atkvæða um þessa tillögu“.
- Ganga til þurrðar** (orðtak) Verða að engu; minnka og hverfa. „Fóðurbætirinn fer að ganga til þurrðar“.
- Ganga upp** (orðtak) A. Um veður; herða/auka vind; *blása upp*; hvesa. „Hann er að ganga asskoti fljótt upp af norðan núna“. B. Um kind/kú; halda ekki fangi; beiða aftur. „Fjári eru margar að ganga upp sem fengið hafa með þessum hrúti“ C. Takast; lánast. „Mér sýnist að þetta ætli að ganga upp hjá okkur“. D. Um deilingu/reikningsdæmi/ fjölda. „Ef við setjum þennan fjölda í kvern karm, þá gengur þetta upp“.
- Ganga (einhverjum) úr greipum** (orðtak) Einhver nær ekki endanlegum tókum á því sem hann vill gripa/fá; einhver missir af því sem hann vill halda/fá. „Þetta var fjandi svekkjandi; lúðan var kominn uppundir borðstokkinn og ég var að færa í hana þegar hún gekk okkur úr greipum. Greipar merkir hendur; það sem gripið er með. Sjá *spenna greipar*.
- Ganga þannig/svona til** (orðtak) A. Um frásögn/framgang í atburðarás: „Þetta gekk þannig til að annar mokaði heyinu inn en hinn jafnaði og tróð í hlöðunni“. B. Merkingarlaus hiksetning: „Það gengur svona til..., ójá; *þannig er nú það* og *það er nú svo...*“. „Þótt hér hafi lítilllega verið sagt frá einum bát og stjórn hans, þá mun þó svipað hafa gengið til hjá hinum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ganga þurrum fótum** (orðtak) Ganga án þess að blotna í fæturna. „Á stórum fjörum er unnt að ganga þurrum fótum útá Breiðaskersklakk“.
- Ganga til** (orðtak) A. Ganga; gerast; ske. „Þannig gengur þetta nú stundum til“. B. Ganga á stígvélum/skóm þar til þau falla vel að fæti; mýkja. „Það var skaði að tapa skónum þegar ég var rétt búinn að ganga þá til“.
- Ganga til altaris** (orðtak) Um kirkjusíði/helgisiði; fara upp að grátum í kirkju, krjúpa og þiggja *sakramenti/náðarmeðul* úr hendi prests. Sjá *sakramenti*.
- Ganga gott/illt til** (orðtak) Hafa gott/illt í hyggju. „Mér gekk gott eitt til, með því að bjóða honum þetta“.
- Ganga til búðar** (orðtak) Um vermenn; ganga í sína verbúð. „Enn var gengið til búðar og neytt hressingar áður en byrjað var á síðari aðgerðinni, eða kannski aðgerð á öllum dagsaflaum, svo og beitningunni eins og fyrr segir“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ganga til hvílu/náða** (orðtak) Fara að sofa; fara í bólið; *taka á sig náðir*; *draga sig í bælið/lúsina*. „Það gat tekið 4 – 6 tíma að ljúka aðgerð og ýmsu fleira sem sinna þurfti áður en gengið var til náða“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ganga til kosninga** (orðtak) Kjósa. „Þá var gengið til kosninga í húsnefnd“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).
- Ganga til prests / Ganga til spurninga** (orðtök) Vera undir handleiðslu prests til undirbúnings fermingar.
- Ganga til sýslu** (orðtak) Kúka; skíta; *léttu á sér*; hægja sér; *gera að buxum sínum*; *flytja lögmann*. „Sýsla var nefnt svæði það sem vermenn í Kollsvík notuðu til slíkra athafna, og þar réði *sýslumaður*“.
- Ganga til viðar** (orðtak) Um sólargang; orðin *lágt á lofti*; *hníga til viðar*. „Sól fer bráðum að ganga til viðar“. Vísar til þess að sól sýnist lágt á lofti og hverfur á bak við við/skóg.
- Ganga til þurrðar** (orðtak) Tæmast; verða uppurinn; fjara út. „Saltið gengur hratt til þurrðar þessa dagana“.
- Ganga um garð** (orðtak) Líða hjá; hverfa; hætta. „Okkur sýndist mesta hætta af hruninu vera gengin um garð, og áráddum að hlaupa yfir skriðuna“.
- Ganga undan** (orðtak) Vinnast vel; sýna dugnað. „Það gengur skratti vel undan honum við flánunguna“.

- Ganga undir** (orðtak) A. Um lamb; vera með móður sinni, eða annarri kind ef vanið var undir. „Hún lítur bara fjári vel út blessunin, þó undir henni hafi gngið þrjú lömb í sumar“. B. Um sól; setjast. „Við þurfum að klára að setja þetta upp í galta áður en sól gengur undir, til að fá ekki á það *náttfall*“. C. Koma sér fyrir undir hlut, t.d. kinnung á bát, til að lyfta honum og færa til. Sjá *bera á endum*.
- Ganga undir jarðarmen** (orðtak) Heita órjúfanlegri tryggð. „Ég hef aldrei gengist undir það jarðarmen að kjósa þennan flokk út ævina“! Talið dregið af fornri athöfn þar sem bræðralag var staðfest með því að menn ristú sér blóð og gengu eða skriðu undir torfu sem skorin hafði verið af jörðinni og blóðið hafði dropið í.
- Ganga upp** (orðtak) A. Um veður; auka mjög vind, oft úr tiltekinni átt. „Hann er að ganga upp með vestan sýnist mér“ (uppgangsvæður). B. Um búfé; verða aftur blæsma (ganga) eftir að því hefur verið haldið (ám undir hrút; kúm undir naut). „Hún Gráhetta er að ganga upp í annað sinn núna“. C. Takast; lánast. „Mér sýnist að þetta muni ekki ganga upp hjá okkur“. D. Um reikningsdæmi; leysast. „42 gengur upp í 168, fjórum sinnum“. E. Klárast; ganga til þurrðar. „Frostaveturinn 1918 var mikið til af mó (í Vesturbotni) og kom fólk frá Patreksfirði til að fá mó og allt gekk upp, sem til var“ (Örnefnaskrá Vesturbotns; frás. Kristins Kristjánssonar frá Grundum og Ólafu Ólafsdóttur).
- Ganga upp og niður** (orðtak) Eiga misjöfnu gengi/láni að fagna; búa ýmist við velgengi eða andstreymi; ganga ýmist vel eða illa. „Vertíðin hefur gengið upp og niður, en ég er ekki ósáttur við heildarveiðina“.
- Ganga upp og niður af mæði** (orðtak) Vera mjög móður; mæðast svo að höfuðhreyfing fylgi öndun. „Hann hafði kindina með þrjóskunni, en hann gekk upp og niður af mæði á eftir“.
- Ganga upp í** (orðtak) Um fjárhæð; ganga til greiðslu á. „Láttu þetta bara ganga uppí það sem ég skulda þér“.
- Ganga úr greipum** (orðtak) Tapast; missast. „Hann beið tilbúinn með ífæruna; ákveðinn í að þessi lúða skyldi ekki ganga þeim úr greipum“.
- Ganga úr lagi / Ganga úr sér** (orðtak) Fara aflaga; bila; slitna. „Hér er margt úr lagi gengið“. „Þessar klippur eru farnar að ganga dálítið úr sér“.
- Ganga úr rúmi/hvílu** (orðtak) Eftirláta öðrum sinn rúm. „Stundum var þröngt í gamla bænum þegar gestakomur voru miklar. Ekki var óalgennt að heimilisfólk gengi úr rúmunum sínum fyrir gesti, og sváfu þá á gólfu, í flatsæng“.
- Ganga úr sér** (orðtak) Verða lélegur af notkun/aldri. „...viðhaldsfé væri svo lítið að vegirnir gengju stöðugt úr sér“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ganga úr skugga um** (orðtak) Sjá um að örugglega sé; *fullvissa sig um*. „Ég gekk úr skugga um að festingin væri trygg, áður en ég renndi mér niður lásinn“.
- Ganga/hrökkva úr skaftinu** (orðtak) Hætta við það sem áætlað var; heltast úr lestinni; gefast upp. „Hann er alveg genginn úr skaftinu með þessi byggingaráform“. „Ætli ég verði ekki að ganga úr skaftinu með þátttöku útaf þessari pest“. „Ekki veit ég hvað verður eftir að hann er hrokkinn úr skaftinu“. Líkingin er dregin af því að áhald losnar úr skafti sínu; t.d. axarblað, en það var fyrrum fest í klofa fremst á skaftinu.
- Ganga/fara úr skorðum** (orðtak) Fara úrskaiðis; raskast. „Hér hefur eitthvað gengið úr skorðum. Líking við það að skorður losni undan bát, svo hann leggist á hliðina“.
- Ganga úr skugga um** (orðtak) Fullvissa sig um; aðgæta hvort öruggt sé. „Ég gekk úr skugga um að kötturinn væri farinn úr blásaranum áður en ég setti í gang“.
- Ganga úr vistinni** (orðtak) Fara þaðan sem maður hefur dvalið um langa hríð; hætta að búa/vinna hjá þeim húsbændum sem maður hefur haft. „Þeir segja að vinnukonan sé gengin úr vistinni“.
- Ganga útá/úti** (s) Vindátt snýst til vestanáttar. „Hann er að ganga úti“. Ef jók vestansjó voru líkur á að vestanátt fylgdi á eftir og síðan e.t.v. norðanátt með tilheyrandi þurrki og jafnvel landlegum.
- Ganga út á** (orðtak) Hafa þann tilgang; vera í því skyni gert/sagt. „Spilið gengur útá það að ná sem flestum slögum“.
- Ganga út í öfgar/æsar** (orðtak) Ganga of langt; verða um of; verða ýkjukennt. „Hér held ég að sé nokkuð gengið úti öfgar“. Æs er gamalt heiti á gati, einkum þvengjagati á skóm. Þegar skórinn er slitinn að æsunum er hann „genginn út í æsar“; þ.e. nánast ónýtur. „Æsar“ heyrast sjaldnar en „öfgar“ í þessu orðtaki.
- Ganga út frá** (orðtak) Telja öruggt/víst; *slá föstu*; hafa sem útgangspunkt. „Ég geng þá út frá því að þetta verði greitt, í síðasta lagi núna á föstudaginn“.
- Ganga vel að mat sínum** (orðtak) Nýta mat sinn vel; borða skipulega/kurteislega; klára sinn mat og skilja snyrtilega við borðhaldið.
- Ganga vel/illa fram** (orðtak) Um holdafar búfjár eftir vetrareldi. „Féð er allvel fram gengið þetta vorið“.

Ganga yfir (orðtak) A. Ganga fram af; ofbjóða. „Nú gengur alveg yfir mig: Haldiði ekki að kattarfjandinn sé að draga hingað heim steindauða önd“! Af þessu er leitt orðið „yfirgengilegur“. B. Um sjógang; báru hvolfast yfir fyrirstöðu. „Sjór hafði gengið yfir Garðinn og rífið í hann skarð“.

Ganga þess ekki dulinn (orðtak) Vera meðvitaður um; vita vel af. „Hann bar sig vel, en enginn gekk þess samt dulinn að hann var veikur“.

Ganga örna sinna (orðtak) Kúka; skíta; *létta á sér; hægja sér; gera að buxum sínum; flytja lögmann; ganga til sýslu; ganga álfreka*. „Það var alltaf regla í Kollsvík að þeir sem reru þar í fyrsta skipti í þeirri verstöð áttu að *glíma um sýsluna* og sá sem féll var útnefndur *sýslumaður*. Sýslan var fjaran frá flæðarmáli og upp í Syðrikletta sem kallaðir voru. Það var eins og gerðist í þá daga; þá voru hvergi klósett. Þetta svæði urðu menn að nota sem klósett. Svona viðvaningar; nýliðar, þeir áttu að glíma um hver væri sýslumaðurinn; yfirmaðurinn á þessu svæði og annast þrif á því. Innheimta síðan gjald fyrir hvern mann sem notaði svæðið; gengi þar örna sinna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Var það ungur maður frá Grundum að ganga örna sinna í fjörugrjótinu, eins og alsíða var“ (HÖ; Fjaran). Líklega er þetta upprunalega að „ganga örinda sinna“, sem er það sama og nú tíðkast; að *ganga erinda sinna*.

Gangandi peningur (n, kk) Búpeningur; búfé. „Gangandi peningur gaf eigendum sínum góðan arð. Hrognkelsaveiði mjög góð, en selveiði br’st á Rauðasandi“ (ÞJ; Árb.Barð 1973).

Gangast fyrir (orðtak) A. Verða ellilegur/hrörlegur. „Ósköp finnst mér karlinn vera farinn að gangast fyrir“. B. Standa fyrir; standa að. „Félagið gekkst fyrir söfnun, ekkjunn til styrktar“. C. Langa í; lítast á. „Fyrir hverju gangast karlmenn og kvenmenn, hvort hjá öðru“? (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1919).

Gangast inná (orðtak) Samþykkja; fallast á; *gútera*. „Lokst gekkst hann inná að greiða sinn hlut í þessu“.

Gangast undir (orðtak) Skuldbinda sig til; vera tilbúinn í. „Hann gekkst undir þessi skilyrði“.

Gangast upp í (orðtak) Verða yfirlætislegur; taka hlutverk/upphefð helst til alvarlega; miklast af. „Hann gengst víst mjög upp í sínu hlutverki sem réttarstjóri. Þeir halda að hann fari bráðum að heimta borðalagt kaskeyti“!

Gangast við (orðtak) Viðurkenna; meðganga. „Ég gengst fúslega við því að hafa hent gúrkuskattanum“.

Gangberg (n, hk) Bergtegund sem finnst í berggangi. Bergganga má víða sjá í Kollvík, þar sem þeir ganga lóðrétt upp í gegnum berglagastafla í klettum; s.s. í Blakknum. Gangberg er oftast dílött, einkum í þykkum göngum. Sumsstaðar er það mjög stuðlað, og inni í hverjum stuðli er kjarni með járnríku bergi, s.s. í Strengbergsgjá og Bekk. Við jaðrana er gangbergið glerjað, og bergið í kring er stundum myndbreytt af hita. Bergtegund gangbergs í blágrýtismynduninni nefnist díabas. Það er millistig basalts og gabbrós og frumsteinir þess eru feldspat, ólivín, pýroxen og seguljárn.

Gangbretti (n, hk) Brettur sem lagt er yfir torfæru sem braut til að auðveldara sé að komast. „Við settum gangbetti yfir forina til að koma hjólbörnum út að haug þegar *stungið* var út úr fjárhúsunum“.

Gangdagar (n, kk, fto) Dagarnir þrír á undan uppstigningardegi. á gangdögum var gengið umhverfis tún í kaþólskum sið og beðið til árs og jarðargróða. Annar dagur er gangdagurinn eini/mikli sem haldinn var hátíðlegur í pápískunni hinn 25. apríl. Upphaflega var hann rómversk hátíð.

Gangdyr / Ganghurð (n, kvk) Dyr/hurð innanvið anddyri og útihurð; innridyr/innrihurð. „Lokaðu nú gangdyrunum; það er hálfgerður dragsúgur hér inni“.

Gangendi (n, kk) *Þrot*; endi á gangi í klettum. „Það eru tvö hreiður þarna í gangendanum“.

Gangfær (l) Um traktor, bíl eða ljósavél; getur gengið/verið í gangi. „Gráni er ekki gangfær í þessu ástandi“.

Gangfær (l) A. Um manneskju; getur gengið. „Það heitir ekki að maður sé gangfær, þó maður staulist um húsið“. B. Um bíl/traktor/vél; fer í gang; getur gert sitt gagn. „Gamli Jobbi er ekki gangfær þessa stundina“.

Gangfæri/Göngufæri (n, hk) Færð til að ganga. „Ekkert sögulegt gerðist á leiðinni út á brúnina, enda veður gott og gangfæri með besta móti, því froststirðningur var svo uppi héldu þeir snjóskafar sem á leið þeirra urðu“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Ganglúinn (l) Þreyttur eftir göngu. „Ertu ekki orðinn ganglúinn eftir þetta“?

Gangmál (n, hk) Tími sem kýr ætti að verða yxna. „Það er komið gangmál hjá Skjöldu“.

Gangmikill / Ganglítill / Ganglaus (l) Um hraða báta. „Ég gæti trúað að þessi bátur sé nokkuð gangmikill, eftir laginu á hinum“. „Þetta er viðtakamikill bátur en líklega fremur ganglítill“.

Gangnaboð (n, hk) Fjallskilaseðill; boð um að fara í göngur. „Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila frá gangnaskyldu þótt gangnaboð berist honum ekki í tíma áður en fjallgöngur hefjast“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Gangnadagur (n, kk) *Leitardagur; réttardagur*; dagur að hausti þegar almennt skal smalað og rekið til réttar. „Gangnadagur var ákveðinn með fjallskilaseðli og var, samkvæmt fjallskilareglugerð; mánudagur í 22. Viku“.

sumars, sem er kringum 20. september. Þá var oftast búið að smala heimalönd að mestu, en þennan dag ráku Kollsvíkingar, Látramenn og Breiðvíkingar til réttar í Breiðvík. Þar var dregið í sundur í dilka og síðan rak hver heim til sín. Hafnarmenn og aðrir sóttu sitt fé, en lengra að komið flækingsfé var flutt á skilarétt í Bjarngötudal“. Sjá *réttardagur*. „Ennþá fór gangnaseðillinn rétta boðleið um hreppinn í tuttugustu viku sumars, og gangna- og réttardagur til fyrstu réttar var mánudagurinn í tuttugustu og annarri viku viku“ (PG; Veðmálið).

Gangnahugur (n, kk) Löngun til að komast í göngur. „Kominn var gangnahugur í alla, nokkru fyrir réttardag“.

Gangnamenn (n, kk, fto) Mennt sem gera fjallskil; menn sem smala fé. „Við stóðum fyrir á Brunnsbrekkunni, og eftir nokkra bið birtust gangnamenn með reksturinn á Hjallabrúninni“.

Gangnanesti (n, hk) Nesti fyrir gangnamenn/ þá sem taka þátt í göngum/réttum. „Á laugardag var slátrað lambi í gangnanestið og á sunnudag smalað heimalandið“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Gangnaseðill (n, kk) *Fjallskilaseðill*. „Gangnaseðillinn barst bæ frá bæ; kom að Láganúpi um hálfum mánuði fyrir göngur og þaðan varð pabbi að senda með hann út að Breiðvík. Í honum var ákveðið hvað pabbi ætti að senda marga í göngur á Breiðavíkurrétt og hvort hann ætti að sækja fé á Skógarrétt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Ennþá fór gangnaseðillinn rétta boðleið um hreppinn í tuttugustu viku sumars, og gangna- og réttardagur til fyrstu réttar var mánudagurinn í tuttugustu og annarri viku viku“ (PG; Veðmálið).

Gangnaskylda (n, kvk) Skylda til smölunar; *fjallskilaskylda*. „Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila frá gangnaskyldu þótt gangnaþó berist honum ekki í tíma áður en fjallgöngur hefjast“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Gangnatími (n, kk) Sá árstími sem göngur standa yfir. „Hann er að gutla við heyskapinn framá gangnatíma“.

Gangnasvík (n, hk, fto) Undanskot frá fjallskilum. „Hann má ekki komast upp með þessi gangnasvík lengur“!

Gangnasvæði (n, hk) Svæði sem fjallskil eru gerð á. „Gangnasvæði Kollsvíkinga var allt Kollsvíkurland og Láganúpsland, ásamt norðari hluta Breiðavíkurlands til móts við Breiðvíkinga“.

Gangskip (n, hk) *Gangmikill* bátur/skip. „Hann er nú tæpast mikið gangskip með þessari vél“.

Gangslefra (n, kvk) Mjög hallandi/afsleppur gangur í bjargi/klettum. „Haltu í spottann yfir gangslefruna“.

Gangspil (n, hk) Spil til að draga báta á land. Það er með sverum lóðréttum ás; *spilkarli*, og er einni eða tveimur stöngum; *vindutrjám*, stungið í gegnum augu í efri enda hans; *spilhausinn*. Spilkarlinn situr lóðréttur í grind, og gengur rúm *möndulgjörð* á henni utanum hann ofanverðan. Tveir menn ganga svo með sinn hvorn enda stangarinnar, hring eftir hring og *spila* bátinn upp með *spilvír* sem vefst upp á ásin en er krækt með járnkrók í járnlykkju á stefni bátsins; *stafnlykkju*. Á meðan styður a.m.k. einn maður bátinn og annar ber hlunna og setur fyrir. Ekki eru heimildir um upphaf gangspila í Kollsvík, en líklega hefur það verið nokkru eftir aldamótin 1900. Tvö gangspil voru í Kollsvík framyfir 1960; annað í Kollsvíkurvegi og hitt ofan við Láganúpslendinguna. „Þá (þegar lent var) var venjulega búið að draga spilstrenginn fram í flæðarmál og bera niður hlunna. Við lendingu er ár rennt út í skutnum, til að varna því að bátinn fletji, því skakkafall var oft með sandinum. Króknum er krækt í stefnislykkjuna og gefið merki um að strekkja á spilstrengnum. Þá eru settir hlunnar og einn maður þarf að styðja bátinn. Það þarf að vera fljótur með hlunnana því margir eru á spilinu. Þegar faturinn er kominn upp á kamb er skorðað; oft var sagt: „Skorðið skipsmenn; ábyrgist eigendur““ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). „Ýmist var notað gangspil eða spil handsnúið með tveim sveifum (við plægingu kúfisks)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Gangtími (n, kk) Sá tími sem eðlilegt er að kyr beiði á eða beiði upp á. „Það þarf að passa vel uppá gangtímann á henni Sokku; hún er svo dulgeng að hún hefur stundum *gengið hjá*“.

Gangur (n, kk) A. Ganga; gönguferð. „Yfir Tunguheiði er um tveggja tíma rólegheita gangur“. B. Hilla í bjargi/klettum. „Þarna má komast í lásun niður í þriðja gang, og fá sémilegt af eggjum“. C. Það að kyr sé yxna; að kyr gangi. „Nú sýnist mér að það sé gangur á Búkollu“. D. Það að vél sé í gangi. „Því skyldi vera svona ójafn gangur í traktornum?“ „Það má fara að setja í gang“. E. Rými í húsi; inngangur. „Skötuilminn leggur framá gang“. F. Göngulag. „Ég er orðinn stírður til gangs“. G. Sigling/skrið báts. „Það er góður gangur á honum á lensinu“. H. Framgangur. „Þetta hefur sinn gang“. „Undirbúningurinn er í fullum gangi“. I. Flokkur samstæðra hluta. „Hér á ég einn gang af skeifum“. J. Berggangur; innskot. „Strengbergsgjáin er mjög áberandi gangur í Blakknum“. K. Skipti; sinn. „Vertu nú ekki að tyggja þessa vitleysu einn ganginn enn“!

Gangur á (orðtak) Um sauðkind/kú; *blæsma*; eðlunarfús; vantar hrút/naut. „Nú sýnist mér að sé gangur á henni Sokku. Ætli við þurfum ekki að fara að mýla nautið“.

Gangvegur (n, kk) Leið sem gengin er; gangur í húsi; stígur milli bæja. „Liggðu nú ekki fyrir fólki í gangveginum drengur“!

Gangverð (n, hk) Verð sem vara/mynt gengu/selst á hverju sinni. „Gangverð á svona bílum hefur lækkað“.

Gangverk (n, hk) Vélbúnaður; sigurverk (í klukku). „Ég lét yfirfara og hreinsa gangverkið í klukkunni“.

Gangþýður (l) Um vél/hest; gengur lipurlega/þýðlega. „Mikið er Fergusoninn gangþýðari en Setorinn“.

Gantast (s) Grínast; *kankast*; *hafa í flimtingum*. „Þeir voru stundum að gantast með þessar *rassbögur*“.

Gapa (s) A. Gína; hafa munninn galopinn. „Ég gapti af undrun yfir þessum aðförum“. B. Blaðra af litlu viti. „Vertu nú ekki að gapa þetta um hluti sem þú hefur ekki hundsvit á“!

Gapa um (orðtak) Geispa/fjasa/tala um. „Árann er hann að gapa um það sem hann skilur ekki sjálfur“!

Gapaháttur (n, kk) Glannaskapur; bjánagangur. „Það væri gapaháttur að fara fram (á sjó) í þessu útliti“.

Gapafenginn (l) Glannalegur; *teflir á tvær hættur*. „Mér finnst hann alltof gapafenginn í klettum“.

Gapalega (ao) Óvarlega; án varúðar. „Farðu ekki svona gapalega með hnífinn“. „Mér þótti hann fara gapalega þarna í ganginum“.

Gapalegur (l) A. Ógætinn. „Ósköp finnst mér þú gapalegur með hnífinn“. „Þetta var hin ánægjulegasta sjóferð, en um leið sú gapalegasta sem ég hef verið með...“ (HO; Ævisaga; róíð úr Láturdal). B. Um steinbítisveiði; „Steinbíturinn var sagður gapalegur ef menn hlóðu á skammri stundu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; ÓETH).

Gapandi hissa / Standandi hissa (orðtak) Forviða. „Ég var alveg gapandi hissa yfir þessum bjánagangi“.

Gapastokkur (n, kk) Tæki til refsingar. Með lögum var heimilt að nota gapastokk hérlendis frá 1685 til 1809, og var hann allmikið notaður; þó ekki jafn algengur og erlendis. Útbúnaðurinn var margskonar, en algengast var að nota tvo stokka með grópum sem felldir voru utanum háls og stundum hendr/fætur sakamannsins. Einnig lóðréttur staur með hálshring sem nefndist stjaki. Gapastokkar voru á fjölförnum stöðum, þar sem hinn seki var hafður um tíma svo aðrir gætu hætt hann og smánað. Hugmyndir hafa komið fram á síðari tímum að endurvekja þyrfti gapastokkinn; t.d. létu þær á sér kræla eftir efnahagshrunið 2008, þegar fjárglæframenn komu þjóðinni nánast á *vonarvöl*. Má ætla að hann hefði mun meiri fælingarmátt en þeir silkihanskar sem brotamenn eru nú teknir.

Gaphús (n, hk) Kjaftur. „Það vantar ekki á hann gaphúsið þegar pólitík er annars vegar“.

Gaphyrnd (l) Um hornalag kúa; stórhyrnd og með áberandi gleitt á milli horna.

Gapi (n, kk) Sá sem fer óvarlega/glannalega/gapalega. „Hann var vel fær en þótti mikill gapi í klettum“.

Gapuxi (n, kk) Heimskur/kjöftugur maður. „Það er nú lítið að marka þennan gapuxa rétt fyrir kosningar“.

Garanterað (s) Tryggt; öruggt. „Það er ekki alveg garanterað að af þessu verði, en ég *reikna fastlega með því*“.

Gardur (n, kk) Garður með vestfirskum framburði. Almenn notaður fyrrum, en síðastur til að nota hann að staðaldri í Kollsvík var Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi. „Nær skyldi hann lina þennan gard“?

Garða (s) Raka heyi saman í garða. „Það gæti orðið náttfall; ég held við ættum að garða þetta fyrir nóttina“.

Garðadvyr (n, kvk) Dyr á garða í fjárhúsi, en Kollsvíkingar nefna garða það sem sumsstaðar annarsstaðar er nefnt „kró“. „Vertu við garðadvyrnar svo þær ryðjist ekki allar inn í einu“.

Garðafjöldi (n, kk) Fjöldi garða í fjárhúsi. „Garðafjöldi var misjafn í fjárhúsum. Melsfjárhúsin voru með fjóra stóra garða, en Láganúpsfjárhúsin sex smærri, áður en tveimur þeirra var breytt í fjós“.

Garðahurð (n, kvk) Hurð fyrir *garðadyrum* á fjárhúsi. „Garðahurðin er *snöruð* að innanverðu“.

Garðaló (n, kvk) Ullartásur sem losna af fé í fjárhúsum. Hún var notuð m.a. til þéttingar á húsum, en einnig mun stundum hafa verið spuninn af henni samnefndur þráður.

Garðarolla (n, kvk) Kind sem sækir mjög í að komast inn í jurtagarð og er þar yfirleitt óvelkomin. „Einhverjir Patreksfirðingar voru orðnir fremur pirraðir á garðarollunum hans Fjella í Raknadal“.

Garðast (s) Um hey; net eða annað efni; rúllast saman/upp. „Það hvessti svo mikið þennan dag að heyið garðaðist upp í *göndla*; það sem ekki fauk í skurðina“. „Þessi peysa er ómöguleg. Hún garðast öll upp á bak þegar ég er að vinna“. „Netið garðaðist allt í göndul í storminum; það sem ekki *kjafthylltist* af þara“.

Garðhleðsla (n, kvk) A. Hlaðinn garður. Garðhleðslur eru miklar og áberandi í Kollsvík, ekki síður en tóftir hlaðinna húsa. Það kann að skýrast annarsvegar af því að nóg er hleðslugrjótið og grjóthlaðnir garðar endast um aldir meðan torfhlaðnir mást. Hinsvegar er skýringin sú að í mörgum þessum gördum sjást handarverk mesta hleðslumanns sem uppi var í seinni tíð á þessu svæði og þó víðar væri leitað; Guðbjartar Guðbjartssonar á Láganúpi. Ekki er víst að Kollsvíkingar hafi í gegnum tíðina hlýtt mjög grannt kóngs tilskipunum, en árið 1776 skipaði hann svo fyrir með gaðhleðslur: „Hver einn skal skyldugur að hlaða árlega 6 faðma af steingarði eða 8 faðma af moldargarði fyrir sjálfan sig og eins mikið fyrir hvern verkfaeran karlmann sem hann hefur til vinnu. En ef hann hleður umfram þetta ákvarðaða mál skal hann af þeim

- höfuðstól og summu, sem vér viljum allranáðugast ætla til hér, fá til upphvatningar fyrir slíka sína vinnusemi, fyrir hvern faðm af steingarði 16 skildinga og af moldargarði með grassverði lögðum allt í kring 12 skildinga danska í kúrant, hver skenkur (framlag) þó einasta er handa bændastandinu og þeim af prestastandinu sem hafa þau allra fátæklegustu prestaköll Fyrir annars slags garða af steini eða mold gefst enginn skenkur...“ (BH; Atli). B. Hleðsla garðs. „Mun Kristján (Ásbjörnsson á Grundum) hafa verið landlegum til garðhleðslunnar og nýtt starfskrafta áhafnar sinnar, enda annálaður ákafa- og keppnismaður“ (HÖ; Fjaran).
- Garðhola** (n, kvk) Lítill garður/matjurtagarður. „Fjelagið sá um að drengir innan 14 ára, sem í því voru, hafa komið sér upp garðholuog ræktað þar jarðepli og selt þau...“ (ES; Ungmennafélag í Rauðasandshreppi).
- Garði** (n, kk) A. *Karmur*; kró í fjárhúsi. Garði var ekki notað um jötu fyrir vestan, eins og sumsstaðar var á landinu, heldur um stúrnar báðumegin við. Oftar var þó notað heitið *karmur* um það sama í Kollsvík. „Ég setti gemlingana í norðasta garðann“. B. Vitað var þó af notkun orðsins um kró/karm, enda var notað orðtakið að „*gefa á garðann*“.
- Garðsendi** (n, kk) Endi á hlöðnum garði. „Við röltum út Grundabakkana, útfyrir Garðsendann, og heim Brunnsbrekku“. „Neðan við garðsendann er Garðsendadý, sem til skamms tíma var skæð drápskenda“.
- Garðtraktor** (n, kk) Lítill traktor sem hentar til jarðvinnu í görðum. „Sumir reyndu að léttu sér sláttinn með garðtraktorum og komu fyrst tveir í Rauðasandshrepp, að Hvalskerri og Efra Lambavatni. Þessi tæki hétu Rotortiller og voru með ábyggðan tættara að aftan en sláttuvélagreiðu þvert fyrir miðju að framan“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Garður** (n, kk) A. Langvarandi hvassviðri, vanalega af norðri eða vestri. „..... var þá kominn austnorðan garður með frosti“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). B. Kálgarður; kartöflugarður. C. Hlaðinn garður; túngarður; varnargarður. „Skyldi þetta óveður vera um garð gengið“? Sjá *löggarður*. D. Múgi af heyi sem rakað hefur verið saman. „Þessi garður kemst allur á heyvagninn“. Framburður var til skamms tíma upp á vestfirsku; „gardur“. E. Persóna einstaklings. „Þeim sómir illa að vera með *köpuryrði* í hans garð“. F. Heimili; býli. „Senn gengur Góa í garð“. „Nú ber sjaldséðan gest að garði“. „Nú þarf að búa þetta sem best úr garði“.
- Garður er granna sættir** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að ef garður er hlaðinn á landamerkjum eru um leið settar niður landamerkjadeilur. Landamerkjagarð skyldu báðir jarðeigendur vera sammála um og hlaða að jöfnu, samkvæmt gömlum lögbókum.
- Garðyrkja** (n, kvk) Ræktun plantna í görðum, sem allajafna þrífast ekki eða verr utan þeirra, til nytja eða augnayndis. Eithvað hefur líklega verið um garðrækt frá landnámi, en þá nokkuð sérhæfða. T.d. greina heimildir frá grasagörðum, bygggörðum, hvannagörðum og laukgörðum, einkum á helstu setrum s.s. biskupssetrum og klaustrum. Gísli Magnússon, Vísi-Gísli, má teljast upphafsmaður nytjaræktunar í görðum á síðari tímum. Á 17. öld kom hann frá námi í Hollandi og sáði þá um 30 jurtagöndum í garð sinn að Munkaþverá. Hann hélt garðrækt sinni áfram að Hlíðarnenda og í Skálholti. Ræktaði hann m.a. rúg, kál og rófur og reyndi fyrir sér um kartöflurækt. Enginn hélt þó frumherjastarfi hans áfram. Hastfer barón hóf að fíkta við kartöfluræktun á Bessastöðum 1758. Það var þó ekki fyrr en með starfi séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal að kartöfluræktun er talin hefjast fyrir alvöru. Eftir hans daga hófst garðrækt í Rauðasandshreppi fyrir alvöru og varð mjög almenn á 19.öld. Nánast hvert býli varð sjálfu sér nægt um kartöflur og ýmislegt fleira, s.s. rófur, kál, salat, rabbarbara, gulrætur, næpur og annað. Þannig var um bæi í Kollsvík. Sigríður Guðbjartsdóttir, sem síðust bjó samfelt í Kollsvík, var mikil garðæktarkona, og hélt glæsilegum garði við á Laganúpi þar til hún veiktist alvarlega árið 2011. Jafnvel eftir það heimsótti hún garðinn í hjólastól sínum og hélt starfinu áfram fram að andláti sínu 5.júní 2017.
- Garfa** (s) Verka/súta skinn til að verja það rotnun. „Garfað skinn var notað í bókarspjöldin“.
- Garfa í** (orðtak) Hugleiða; spá í; velta fyrir; grafast fyrir um. „Ég hef mikið verið að garfa í þessum hlutum“.
- Garg** (n, hk) Hrjúfur og hátóna hávaði; skrækir. „Lokaðu nú fyrir þetta skollans garg í útvarpinu“.
- Gargan** (n, hk) Skrapatól; ónýti. „Þetta vaðhjól er nú að verða óttalegt gargan“.
- Garmalegur** (l) *Ótölegur*; tætingslegur; ræfilslegur. „Skelfing er þessi úlpa orðin garmaleg“.
- Garmaskarn / Garmaskinn** (n, hk) Gæluorð í vorkunnartón um dýr og fólk.
- Garmahró / Garmaskarn / Garmaskinn / Garmaskitti** (n, hk) Gæluorð í vorkunnartóni um manneskju eða skepnu. „Hann er orðinn fjári lélegur til heilsu, garmahróið“. „Varstu nú að meiða þig, garmaskinnið“? „Tíkin er farin að verða stírd, garmaskinnið“.
- Garmur** (n, kk) A. Lélegur hlutur; *úr sér gengið* hús/húsgagn/áhald o.fl.; hró. „Dívaninn er orðinn hálfgerður garmur, en það má alveg sofa á honum enn“. B. Hró; Heilsulítill maður; ræfill. Upphaflega hundsheiti en í seinni tíð gæluorð um dýr/fólk. „*Hvað gerir nú garmurinn hann Ketill*“? „Nú er hann einn í kotinu,

karlgarmurinn“. „Ég er enn hálfgerður garmur eftir þessa pest“. C. Slitin föt; lélegt áhald/tæki o.fl. „Þessi úlpa fer nú að verða hálfgerður garmur. „Skelfingar garmur er þetta net“.

Garnagaul (n, hk) Ólga/hljóð sem heyrir frá meltingarvegi. „Óttalegt garnagaul er nú í manni“.

Garmör (n, kk) Mör/fita í görnum. Garmör úr sláturfé var notaður m.a. í bjúgu og lundabagga. Eftir slátrun var garmörinn kældur í þéttan skjöld og síðan var *ristillinn* rakinn úr honum. Fara þurfti varlega við að *rekja ristla*, enda slæmt ef þeir slitnuðu og saurinn fór í mörinn.

Garpskapur (n, kk) Áráði; hetjulund; karlmennska. „Það er kannski ekki mikill garpskapur að fara í land þó *goli* eitthvað, en ég treysti því ekki hvernig hann verður í Varinu í aðtakinu“.

Garrafjandi (n, kk) Vindasöm tíð; hvassviðri. „Hann ætlar seint að linna þessum garrafjanda“!

Garragangur (n, kk) A. Um veður; rýsjótt tíð; hvassviðri. Um viðmót/hegðun; skammir; rífrildi; *garralæti*. „Hættið nú þessum garragangi; báðir tveir“!

Garralegur (l) A. Tætungslegur; hvass vindur. B. Hranalegur maður.

Garralæti (n, hk, fto) Skammir; offors. „Það er tilgangslaust að vera með garralæti og ofstopa“!

Garri (n, kk) Hvassviðri; rok. „Það var um hausttíma...í vestangarra, svo undir flæðina urðumvið að setja bátana upp“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Gasa (s) Blása. „Hurðin í miðhúsinu er orðin fjári óþétt; þar gasar dálítið innmeð í norðanveðrum“.

Gasa með (orðtak) Blása meðfram/innmeð. „Hurðin var undin og gasaði með henni í efra horninu, svo þar átti skafmoldin greiða leið inn“.

Gasalegt (l) Agalegt; afar. „Gasalegt hitamolla getur þetta nú verið“!

Gasbindi (n, hk) Sárabindi; grisja. „Hún vafði fótbrotið á kindinni með gasbindi; setti við það grannar spelkur úr bambus og batt þétt utan um þær með snæri“.

Gaseldavél (n, kvk) Eldavél sem notar gas. „Gaseldavél kom á Láganúp, líklega uppúr 1960; með tveimur brennurum. Enn var þó gamla olíuldavélin notuð um sinn. Um svipað leyti var 220v rafmagn lagt í húsið og fyrsta lister ljósavélin kom. Hún réði þó illa við kyndingu eða eldunartæki“.

Gaslukt (n, kvk) Ein tegund af *steinolíulukt* sem algeng var á sveitabæjum vestra á síðari hluta 20. aldar. Steinolíugeymir neðst í luktinni var „pumpaður upp“ svo olían spýttist undir þrýstingi út í pokalagaðan kveik (gaspoka) inni í glerhólk; og nærði bjarta glóð í pokanum. Þessar gasluktir gáfu gríðarmikla birtu og töluverðan hita. Fara mátti með þær í slæmum veðrum milli húsa og innandyra gáfu þær gott ljós. Þær voru svo leystar af hólmi með endurbættum vasaljósum; ljóskösturum og rafljósum. „Einar var svo heppinn að vera með gaslukt“ (Guðrún Grímsdóttir; Útkall við Látrabjarg).

Gaspoki (n, kk) Pokalaga kveikur í *gaslukt*.

Gaspra (s) Blaðra; tala ógætilega/heimskulega/af vanþekkingu. „Ekki gaspra um það sem þú þekkir ekki“.

Gasprari (n, kk) Bullukollur; blaðurskjóða. „Skelfing fer þessi gasprari stundum í mig“.

Gaspur (n, hk) Bull; marklaust hjal. „Óttalegt gaspur er þetta; hver heldurðu að trú þessu slúðri“?

Gaspursháttur (n, kk) Glæfralegt tal; *glorraskapur*; *kjaftháttur*. „Mér finnst þessi *gaspursháttur* vera árans löstur á honum“.

Gaspurshjal (n, hk) *Gaspur*; kjaftæði; bull. „Hættum nú þessu árans gaspurshjali“.

Gassafenginn (l) Með *gassagang*; óstýrilátur; *glorralegur*. „Strákurinn er dálítið gassafenginn“.

Gassagangur (n, kk) *Glorragangur*; fyrirgangur; læti. „Ekki með þennan gassagang kringum féð“!

Gassalega (ao) Með flumbrugangi/látum/hávaða. „Það má ekki fara svona gassalega að lámbánum“!

Gassast (s) Vera með læti/hávaða/fyrirgang. „Reynið nú að gassast heldur úti krakkar“!

Gatatöng (n, kvk) Töng til að gera göt á leður o.fl.; notuð til að gera göt í eyru búfjár svo unnt væri að setja í þau eynamerki. „Mundu eftir gatatónginni þegar þú ferð að merkja og bólusetja lömbin“.

Gatklettur (n, kk) Klettabrik með opi í gegn, en þær er víða að finna í sjávarklettum. „Sífellt molnar úr undirstöðum Gatkletts undir Blakknun og því gæti þetta örnefni horfið á næstu árum“.

Gatslitinn (l) Mikíð slitinn; *gauðslitinn*. „Mér sýnist að sokkarnir þínir séu orðnir gatslitnir“.

Gauð (n, hk) Gufa; ónytjungur; *mannleysa*. „Það er nú varla hægt að hafa svona gauð á bátnum“.

Gauðsháttur (n, kk) *Aumingjadómur*; *ræfildómur*. „Þú nærð aldrei árangri með svona gauðshætti“!

Gauðrifinn (l) Flengrifinn; rifinn í tætlur. „Tjaldið er ónothæft, svona gauðrifíð“.

Gauðslitinn (l) Mjög slitinn; *gatslitinn*. „Þessi jakki er orðinn gauðslitinn og verður vara bættur meira“.

- Gauf** (n, hk) Slór; hægagangur við vinnu. „Ætlarðu að ver endalaust að þessu gaufi“?
- Gaufa** (s) Hangsa; tefjast; fara sér hægt. „Pabbi vakti mig um 7.30 þegar þeir fóru að vinna og svo var ég mest ein að gaufa á daginn...“ (SG; Vegavinna; Þjhd.Þjms).
- Gaufa við** (orðtak) Hangsa; slóra. „Skyldi hann ætla að gaufa við þetta allan daginn“?!
- Gaufari** (n, kk) Sá sem gaufar/slórar við verk. „Hann var af sumum kallaður gaufari“.
- Gaufast** (s) Dunda; *rolast; læpast; hangsa*. „Afskaplega voruð þið lengi að gaufast heim með kýrnar drengir“.
- Gauka að** (orðtak) Gefa. „Einn skipverja hafði gaukað sigarettupakka að Andrési“ (ÓS; Útkall við Látrabjarg).
- Gaul** (n, hk) Óhljóð; gól; org; ópolandi músik. „Lokaðu nú fyrir þetta andskotans gaul í útvarpinu“.
- Gaula** (s) Baula; væla; syngja ámátlega/falskt. „Gefðu nú kálfinum svo hann hætti að gaula þetta“.
- Gaula garnir** (orðtak) Heyrist garnagaul/lofthljóð í meltingu. „Eftir allt þetta puð var ég orðinn svo svangur að það gauluðu í mér garnirnar“.
- Gaumgæfa** (s) Athuga/rannsaka mjög vel. „Það er nú rétt að gaumgæfa þetta aðeins nánar“.
- Gaumgæfilega** (ao) Mjög vel; ítarlega. „Þú þarft að skoða gaumgæfilega hvort þetta sé mögulegt“.
- Gaumgæfni** (n, kvk) Vandvirkni; mikil athygli/kostgæfni. „Ég skoðaði sauminn af mikilli gaumgæfni og fann ekki að hann væri farinn að láta sig neitt“.
- Gaupnir** (n, kvk, fto) Hendur; á einkum við um íhvolfan lófa. „Farðu nú og þvoðu á þér gaupnirnar drengur, áður en þú sest við matborðið“. Sjá *blása/horfa í gaupnir sér*. Gaupn er líklega stofnskylt „gopa“ og „gap“.
- Gauð** (n, hk) Rola; væskill; aumingi; rola. „Það er ekki hægt að hafa svona gauð í vinnu“!
- Gaur** (n, kk) A. Stór nagli/saumur. B. Stórþorskur. C. Stórvaxinn maður; rumur; óþekkur drengur.
- Gauragangur** (n, kk) Hávaði; læti. „Skelfilegur gauragangur er þetta nú í ykkur strákar“!
- Gá að** (orðtak) Athuga; skoða; *huga að; líta til*. „Ég ætla að fara upp á Hjallana og gá að fénu“.
- Gá að sér** (orðtak) Gæta sín; vara sig. „Gáið að ykkur í fjörunni; það er fljótt að falla upp í *forvaðann*“.
- Gá í dýin / Gá í mýrarnar / Gá í skurðina** (orðtak) Fara um mýrlendi til að athuga hvort fé hefur *farið ofaní*.
- Ganga til** (orðtak) A. Hafa sem tilgang/markmið. „Ég veit ekki hvað honum gengur til með þessu“. B. Hreyfast; skekkjast.
- Gá til berja/grasa** (orðtök) Fara til berja/grasa; fara að tína ber/fjallagrös.
- Gá til eggja** (orðtak) Huga að varpi bjargfugls/fýls; gá hvort tekur því að *fara til eggja*.
- Gá til kinda** (orðtak) Huga að fé. Oft notað annaðhvort um sauðburð, þegar huga þarf að lambám, eða þegar svipast þarf um eftir fé sem ekki hefur skilað sér úr högum. „Ég ætla að rölda framum Fellin og gá til kinda“.
- Gá til sjóar** (orðtak) Huga að sjóveðri; meta möguleika á róðri. „Það þýðir lítið að gá til sjóar meðan hann liggur í þessari norðanátt“.
- Gá til slægna** (orðtak) Huga að sprettunni; gá hvort nægilega sé sprottið til að unnt sé að slá.
- Gá til veðurs / Líta til veðurs / Skyggnast til veðurs** (orðtak) Líta til veðurs og reyna að ráða í veðurhorfurnar. „Það voru fyrstu morgunverk húsbænda fyrrum að ganga útfyrir hús; míga og gá til veðurs“. „Það er kvöld; orðið lágskýjað, og hráslagalegur vindur slítur úr þeim skvettur og slengir framan í þann sem í heimsku sinni ætlar að gá til veðurs úti á hlaði“ (JB; Verstöðin Kollsvík). „Vaknað er kl 6 og gáð til veðurs. Það er hæg norðlæg átt og bárulaust; ákjósanlegt sjóveður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Gá undir** (orðtak) A. Hluti af *hrútaskoðun*/vali á lífhrút; gá hvort pungur og önnur tól séu eðlileg. „Ertu búinn að gá undir hann“? B. Taka upp kartöflugras til að skoða sprettu. C. *Fara undir* bjarg til eggja. „Hann er alveg að detta niður með sjóinn. Við gætum kannski gáð undir á morgun“. D. Gá að varpi bjargfugla; skoða varp í hreiðrum múkka. „Það mætti nú bráðum fara að gá undir múkkann“.
- Gáðu að! / Gættu að!** Upphrópun til viðvörunar, t.d. á yfirvofandi hættu. „Gættu að! Þarna er að losna steinn“! „Nei, nei, nei...gáðu að; það gleymdist að setja negluna í bátinn“!
- Gá að fé / Gá til kinda** (orðtak) Huga að fé; gá hvort kindur sjást. „Þessa leið fórum við ekki oft, en stundum ef við ætluðum að gá að fé í Vatnadalnum“ (IG; Sagt til vegar II).
- Gáðu að Guði!** (orðtak) Upphrópun sem heyrir lítt eða ekki nú, en var áður viðhöfð, af þeim sem þótti annar haga sér eða tala ókristilega.
- Gáfaður** (l) Vel gefinn; vitur. „Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Gáfnafar** (n, hk) Gáfur; atgervi. „Hann er víst harðduglegur til vinnu, en minni sögum fer af gáfnafarinu“.

Gáfnaljós (n, hk) Mjög greindur einstaklingur. „Ég er kannski ekkert gáfnaljós, en ég botna ekkert í þessu“.

Gáfnamunur (n, kk) Mismunur á gáfnafari milli manna. „Mér finnst vera töluverður gáfnamunur á þeim“.

Gáfnasljór (l) Treggáfaður; heimskur; hugsunarlaus. „Varstu alveg sofandi, eða ertu virkilega svona gáfnasljór?! Þú hleypur ekki frá bílnum í frígír og í halla án þess að setja hann í bremsu“!

Gáfulega/gáfumannlega mælt/sagt (orðtak) Sagt af viti/hugsun. „Mér þótti þetta gáfulega mælt hjá honum“.

Gáfumannsbragur (n, kk) Gáfuleg framkvæmd/hugsun/tillaga. „Mér fannst verulegur gáfumannsbragur á öllum hans hugmyndum í þessu efni“. „Ekki get ég sagt að sé gáfumannsbragur á þessari ríkisstjórn“!

Gáfumannsenni (n, hk) Hátt enni á manni, en það hefur þótt bera vott um miklar gáfur og/eða höfðingslund.

Gáfumannslegur (l) Gáfulegur; greindarlegur. „Þú getur í það minnsta reynt að líta gáfumannslega út“!

Gáfumerki (n, hk, fto) *Visdómsvottur*; merki um mikið vit. „Mér finnst það ekki mikil gáfumerki að leggja á fjallið á sléttum dekkjum og keðjulaus, í þessari færð“. Þekkest annarsstaðar í fleirtölu; „gáfnamerki“.

Gálaust (ao) Hugsunarlaust; óábyrgt. „Það var auðvitað gálaust af mér að skilja föturnar eftir á brúninni í þessu veðri, án þess að setja stein í þær“.

Gáleysi (n, hk) Hugsunarleysi; óvarkárni. „Árans gáleysi var það að loka ekki hliðinu“!

Gáleysislega (ao) Með óaðgætni/óvarkárni; *gapalega*. „Farðu ekki svona gáleysislega með hnífinn“!

Gáleysislegt (l) Gáleysi; óvarfærið. „Það var gáleysislegt að gleyma að slökkva á kertinu í glugganum“.

Gálgafrestur (n, kk) Stundarfriður; stuttur frestur á einhverju slæmu. „Með þessu fékk hann gálgafrest“.

Gálgatimbur (n, hk) Hrófatildur; *skjágrind*. „Það er varla hægt að kalla þetta gálgatimbur húsgrind“.

Gáll (n, kk) Stíll; bragur. heyrðist einungis notað í samsetningu: „Hann gat nú verið dálítið stríðinn ef sá gállinn var á honum“. Strákurinn getur hlaupið alla af sér ef sá gállinn er á honum“.

Gálmi (n, kk) Snurða á þræði. „Sagt var að gálmar væri á garni þegar það var illa tvinnað“. Mjög sjaldgæft utan Kollsvíkur. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Gárungsháttur (n, kk) Hrekkvísi; stríðni. „Fram á gamalsaldur var stutt í gárungsháttinn hjá honum“.

Gárungur (n, kk) Æringi; grínaktugur maður. „Kitti í Botni gat verið óttalegur gárungur þegar hann fíflaðist í okkur krökkunum, en hann gat líka tekið þátt í rökræðum af mikilli alvöru; ekki síst um pólitík“.

Gáttaður (l) *Steinhissa*; *hlessa*; í *forundran*. „Maður er alveg gáttaður á svona háttalagi“.

Geðgóður (l) *Glaðsinna*; jákvæður. „Hann hefur alltaf þótt einstaklega geðgóður og mannblendinn“.

Geðslag (n, hk) Skaplyndi; viðmót. „Geðslagið skiptir verulegu máli hjá mjólkurkúm“.

Geðslegur (l) Viðkunnanlegur; viðfelldinn. „Ekki er það geðslegt sjóveðrið núna“!

Geðstillingarmaður (n, kk) Maður sem sjaldan skiptir skapi/ reiðist; *skaplaus* maður.

Geðstirður (l) Þungur í skapi; viðskotaillur. „Af hverju er karlinn svona geðstirður í dag; fór hann vitlausu megin framúr, eða hvað“?

Geðugur (l) Viðkunnanlegur; viðfelldinn. „Hann virðist allra geðugasti náungi við fyrstu sýn“.

Geðvondur (l) *Úrillur*; *snefsinn*. „Hann hafði fundið kind hrapaða frá tveimur og var frekar geðvondur“.

Geðvonska (n, kvk) Skapstyggi; *ergelsi*. „Í þinginu fá menn útrás fyrir alla sína geðvonsku“.

Geðvonskukast (n, hk) Reiðikast; fýlukast; uppnám. „Ég nenni ekki að tala við hann í þessu geðvonskukasti“.

Geðþekkur (l) Viðkunnanlegur; vinalegur. „Mér finnst hann afskaplega geðþekkur náungi“.

Geðþóknun (n, kvk) Skaplyndi; vilji. „Þar skammta menn sér líklega laun eftir eigin geðþóknun“.

Geðþóttaákvörðun (n, kvk) Duttlungur; sérvíska. „Í þessu efni má ekki ráða nein geðþóttaákvörðun“.

Geðþótti (n, kk) Það sem þóknast/hentar/vill hverju sinni. „Hann getur ekki valið þetta að geðþótta“.

Gefa (einhverjum) að sök (orðtak) Saka einhvern um; ásaka einhvern. „Honum var gefið það að sök að hafa stolið mörnum“.

Gefa auga (orðtak) Líta eftir; hafa gát á; hafa auga með. „Gefðu því auga hvort sést til fjárflutningabílsins uppi í Kinninni, svo við verðum tilbúnir að setja á hann“.

Gefa á (orðtak) Um siglingu; *pusa*; þegar sjólöður/skvettur skvettast úr öldum inn yfir bátinn. „Farðu í hlífar; það getur gefið á hér út fjörðinn á móti innlögninni“.

Gefa / Gefa á garðann (orðtak) Gefa búfé hey. Yfirleitt var látið nægja að nota fyrsta orðið, en oft að *gefa kúnum*; *gefa fénu* o.s.frv. „Ég ætla að röлта norður í hús að láta inn og gefa“. Stundum voru notuð önnur orð,

s.s. kasta í; hára; fôðra; bera í; henda í; viska; gefa tugguna. „Þangað til eftir hátíðar mátti heita að mjög lítið væri búíð að gefa öllum *útbaitarskepnunum*“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Gefa (s) A. Gefa gjöf; fara að gjöf. B. Skipun í bjargsigi; slaka niður; láta sigara síga. „Gefa örlítið“! „Gefa liðugt“!

Gefa (á sjó) (orðtak) Gera sjóveður. „Það hefur ekki gefið á sjó í langan tíma“. Yfirleitt var þetta styt: „Heldurðu að það gefi á morgun“? „Ekki gaf að sækja líkin fyrr en á útmánuðum vegna veðra og sjógangs“ Frásögn GG um strand togarans Croupiers undir Blakk. „Það var alltaf byrjað á einmánuði að þvo fisk frá haustinu áður, og um sumarmál að hvolfa upp bátunum og sjóbúa þá. Róðrar hófust svo strax og gaf“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Gefa af sér (orðtak) Búa til; skapa; skila arði/hagnaði. „Fyrr á öldum lifði vel á annað hundrað manns á því sem landbúnaður og sjósókn í Kollsvík gaf af sér. Því má spyrja hvort rétt sé að kalla „framfarir“ þær breytingar sem orðið hafa í atvinnu- og lífsháttum á síðari tímum“.

Gefa (einhverju) auga (orðtak) *Hafa auga með* einhverju; gæta einhers. „Viltu gefa barninu auga meðan ég fer og hengi upp þvottinn“?

Gefa á / Gefa á bátinn (orðtak) Um siglingu; *gefa yfir*; sjór skvettist inn í bát. „Farðu í hlífar; það getur gefið á þegar við siglum á móti innlögninni“.

Gefa á að líta (orðtak) Mega sjá; birtast; koma í ljós. „Þarna útaf Blakknum gaf á að líta fannhvíta ísspöng sem náði eins langt til norðurs og séð varð, og langleiðina suður á Röst“.

Gefa á gaddinn (orðtak) Um meðferð búfjár; gefa búfé fóður úti að vetrarlagi, þegar *þústnar* að. „Ekki var til síðs að gefa á gaddinn í Kollsvík, a.m.k. ekki í seinni tíð. Allar skepnur voru hýstar að vetri“.

Gefa á garðann (orðtak) Gefa kindum fóður í jötu; *gefa fénu*; *kasta í skepnurnar*. „Ég skal gefa á garðann ef þú leysir heyið“. Þetta er líklega eina dæmi þess að orðið garði væri notað um jötu í Kollsvík, en annars var það einungis notað um *kró*; stað sem kindur eru í í fjárhúsi.

Gefa á hann/kjammann/kjafittinn/lúðurinn (orðtak) *Gefa/slá utanundir*; gefa kjafthögg.

Gefa ádrátt um (orðtak) Gefa fyrirheit/von um; *láta í veðri vaka*. „Hann gaf mér nokkurn ádrátt um skipsrúm næsta sumar“. „Ég vil ekki gefa neinn ádrátt um það; við sjáum hvað setur“.

Gefa brjóst (orðtak) Um móður; leyfa barni að sjúga brjóst sitt. „Eitthvað er hann að *ambra*; ætli ég þurfi ekki að fara að gefa honum brjóst“.

Gefa dauðann og djöfulinn í (orðtak) Formæla; *gefa skít í*; fyrirlíta. „Ef þeir ætla að fara svona að hlutunum þá gef ég dauðann og djöfulinn í þetta stjórnarfar“!

Gefa eftir (orðtak) Slaka á; gefa laust. „Halðið fast í vaðinn en gefið eftir þegar ég segi“. „Hann stóð fast á sinni skoðun og gaf ekkert eftir“.

Gefa ekki mikið fyrir (orðtak) Virða ekki mikils; hafa lítið álit á. „Ég gef nú ekki mikið fyrir svona loforð“!

Gefa falt (orðtak) Vera reiðubúinn að láta/gefa/selja. „Hann átti tóma dós undan grammofónnálum og hafði ein mikinn áhuga á dósinni. Hann gaf hana fala ef ég syngi fyrir hann“ (IG; Æskuminningar).

Gefa fénu (orðtak) Færa búpeningi fóður; *kasta í skepnurnar*; *gefa á garðann*. „Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjárrag; sækja vatn bæði fyrir heimilið og kýrnar, eftir því sem geta og vilji náði, og fara með pabba að gefa fénu“ (IG; Æskuminningar).

Gefa forskrift (orðtak) Kennsla barna í skrift sem felst í því að sá sem er vel skrifandi ritar stafi sem nemandi æfir sig í að herma eftir, helst á tvístrikuðum línunum. „Viltu gefa mér forskrift“?

Gefa frat í / Gefa skít í (orðtök) Fyrirlíta; virða að vettugi.

Gefa frá sér (orðtak) Afsala; hætta við; sækjast ekki eftir. „Ég ætlaði að skjótast í Hnífana í egg seinnipartinn, en ég gef það alveg frá mér fyrst hann fór að rigna“. „Hann gaf þetta nefndarstarf alfarið frá sér“.

Gefa (einhverjum) frjálssar hendur (orðtak) Veita einhverjum heimild til að gera eins og hann vill.

Gefa færi (orðtak) Um það þegar veiðibráð kemur í skotfæri. „Þessi máfur ætlar að gefa færi; vertu klár“!

Gefa færi á sér (orðtak) A. *Gefa höggstað á sér*. B. Veita öðrum tækifæri til að tala við sig/ ná í sig.

Gefa gaum (orðtak) Taka eftir; veita athygli. „Formaður sá er seilaði fiskinn út virtist ekki gefa því gaum að hverju fór“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ég sá þetta þetta með öðru *auganu*, en gaf því engan sérstakan gaum“.

Gefa góða raun (orðtak) Reynast vel; koma vel út. „Það gaf góða raun að blanda dálitlu af steinolíu úti rússaolíuna; þá þykknaði hún síður í mestu frostunum“.

Gefa grið (orðtak) Hlífa; þyrma. „Halda mun ég gefin grið,/ gerða sátt og eiða,/ þótt mér skyggi í skapi við/ skilnað okkar leiða“ (JR; Rósarímur).

- Gefa gull við eiri** (orðtak) Gjalda ekki sannvirði fyrir; kaupa of dýru verði. „Helvítis ónýti eru nú þessi verkfæri! Þarna hef ég gefið gull við eiri og *látið hafa mig að fflí*“. Vísar til misjafns verðgildis málma.
- Gefa gætur** (orðtak) *Hafa gætur á; gefa auga*. „Það þarf að gefa því gætur hvar kindurnar komast inná“.
- Gefa hornauga** (orðtak) *Gjóa augum; horfa útundan sér; skjóta augum á skjálg*. „Gefðu barninu auga meðan ég sæki pelann“.
- Gefa hýrt auga / Renna hýru auga til** (orðtök) Líta vonaraugum til; ágirnast; vilja fá/eignast. „Ég sá að hann gaf tertunni hýrt auga, og rétti honum hana“. „Hún hafði lengi rennt hýru auga til hnyðjunnar“.
- Gefa höggstað á sér** (orðtak) Vísar til orrustu; gefa óvini færi á að höggva. „Ég gætti þess vandlega að segja ekkert ógætilegt, til að gefa honum ekki höggstað á mér“. Vísar til þess að glufa sé í vörnum manns í bardaga. *Sjá fá höggstað á (einhverjum)*.
- Gefa (einhverju) illt auga** (orðtak) Líta illúðlega til; vera á varðbergi gagnvart. „Ég gaf steininum í brúninni illt auga; hann þyrfti að fjarlægja áður en nokkur færi niður í bjargið“.
- Gefa í guðskistuna** (orðtak) A Gefa til samfélagsins/sáluhjálpar. „Mikið asskoti hafa skattarnir hækkað núna. Það er ekki lítið sem maður gefur í guðskistuna þetta árið“. Fyrsti fiskur sem maður dró á ævi sinni nefndist *Mariúfiskur*, og hann skyldi maður gefa í guðskistuna, sér til heilla. „Ég *verð var* og fæ minn Mariúfisk. Hann á að gefa í Guðskistuna samkvæmt þjóðtrúnni. Ég lét hann til hliðar. Kannski gef ég kettinum hann, ef ég man“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). B Afleidd merking, en meira notuð í seinni tíð; verða sjóveikur; æla í sjóinn. „Ertu nú farinn að gefa í guðskistuna vinur“?
- Gefa í soðið** (orðtak) Gefa þeim veiði sem ekki hefur, t.d. fisk, fugl eða egg. „Ég ætla að koma aðeins við og gefa þeim í soðið; þau eiga það margfaldlega skilið, og svo er ágætt að *gefa fyrir sálu sinni*“.
- Gefa í skyn** (orðtak) Láta í veðri vaka; segja óbeinum orðum; láta á sér skiljast. „Hann gaf ót'virætt í skyn að honum líkaði þetta miður“.
- Gefa (einhverjum) í staupinu** (orðtak) Veita einhverjum áfengi; bjóða einhverjum snafs.
- Gefa kost á / Gefa/gera þess kost** (orðtak) Veita möguleika á; gefa tækifæri til. „Ég gaf honum kost á að greiða þetta í dag; annars færi það í innheimtu“.
- Gefa kost á sér** (orðtak) Vera í framboði; heimila að maður sé kosinn. „Formaður nefndarinnar Þórður Jónsson gaf ekki kost á sér, en hann hefur gegnt starfi frá upphafi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gera kost/kosti** (orðtak) Setja/veita valmöguleika. „Hann gerði þess engan kost að koma með í ferðina“. „Ég gerði honum tvo kosti; annaðhvort greiddi hann þetta í dag, eða fengi á sig lögfræðing á næstu dögum“.
- Gefa langt nef** (orðtak) Sýna óvirðingu/fyrirlitningu. Sé þetta gert á táknmáli eru hendur réttar upp með glenntum fingrum, þannig að þumalfingur annarrar handar nemur við nefbrodd geranda og þumalfingur fjærhandar nemur við litlafingur nærhandar. Auka má í með því að reka útúr sér tunguna um leið; *ulla*.
- Gefa (einhverju) lausan tauminn** (orðtak) Slaka á hömlum; halda ekki aftur af einhverju. „Það tekur því ekki að gefa kætinni lausan tauminn fyrr en við erum komnir með þessar *skröttur* í rétt“!
- Gefa liðlega** (orðtak) Um bjargsig; gefa/slaka sigara fljótt niður. „Aðalsteinn gengur framaf brúninni... við gegum honum heldur liðlega; vonum allt það besta“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Gefa lítið fyrir** (orðtak) Fyrirlíta; virða lítills; hafa að engu. „Ég gef nú lítið fyrir svona tal ef hugur fylgir ekki máli“.
- Gefa merki** (orðtak) *Gefa til kynna*; láta vita, t.d. með handahreyfingu; kipp í vað eða öðru.
- Gefa niður** (orðtak) Um bjargsig; slaka sigmanni niður í bjarg. Niðurgjöfinni er stýrt af undirsetumönnum á bjargbrúninni. „Gefði liðlega niður þegar ég er kominn framaf; það er *loft* hérna undir“.
- Gefa ordrur** (orðtak) Skipa fyrir. „Við fengum skýrar ordrur um þetta“.
- Gefa orðið frjálst** (orðtak) Um fundarsköp; leyfa hverjum sem er að *biðja um orðið*/ halda ræðu. „Var orðið síðan gefið frjálst“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gefa (einhverjum) selbíta** (orðtak) Gefa ofurlítið skot með fingrum, á þann hátt að saman eru spenntir þumalfingur og langatöng (eða vísifingur); og síðan „hleypt af“ upp við þann sem skotið á að fá, þannig að langatöng lendir af dálitlu afli á húð hans án þess þó að meiða verulega. Oftast smáhrekkir barna.
- Gefa sér (góðan) tíma** (orðtak) Taka nægan tíma áður en verk er hafið/klárað, til að skoða allar kringumstæður/hugsa hvernig best sé að vinna verkið.
- Gefa sér tíma til** (orðtak) Taka tíma í; gera. „Sá flýtti för sinni svo að hann gaf sér ekki tíma til að fara af baki til að pissa“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

- Gefa sig** (orðtak) A. Um hlut; láta undan; *láta sig*; brotna; bogna. „Kanturinn á veginum gaf sig svo billinn fór að hallast“. B. Um manneskju; láta undan í deilumáli. „Hann *sat fastur við sinn keip* og neitaði að gefa sig“.
- Gefa sig að** (orðtak) Helga sig; snúa sér að; hefjast handa við; skipta sér af. „Ætli sé ekki rétt að fara að gefa sig að þessu; ekki dugir að sitja allan daginn í kaffi!“ „Frúin hefur líka bannað henni að gefa sig að ókunnu fólki sem hún hittir á götunni“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).
- Gefa sig á tal við** (orðtak) Fara að tala við; yrða á. „Ég gaf mig aðeins á tal við þessa ferðamenn“.
- Gefa sig fram** (orðtak) Sýna sig; koma sér til skila. „Ég fór úteftir öllum Stíg en þar vildi engin kind gefa sig fram“.
- Gefa sig til / Gefa sig** (orðtak) Fara að fiskast. „Við skulum láta reka hér norður á Hyrnurnar og sjá hvort hann gefur sig ekki til“. „Sumir voru svo vaðglöggir að þeir urðu þess strax varir þegar fiskur fór að gefa sig til...“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). „Hann gæti farið að gefa sig í stórstrauminn“. „Oft var þá góður haustaflí þegar fiskur fór að gefa sig til“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Gefa sig upp** (orðtak) Segjast vera/gera. „Þú hefur gefið þig upp sem meistaraskyttu; sýndu nú hvað í þér býr“. „Hann gefur sig upp sem sjálfstæðismann, en mér er ekki grunlaust um að hann kjósi meira til vinstri“.
- Gefa sig út fyrir** (orðtak) Þykjast/látast vera. „Ég hef aldrei gefið mig út fyrir að vera sérfræðingur um þetta“.
- Gefa sig við** (orðtak) Sinna; hafa áhuga á. „Ég setti föðurbæti hjá tvílembunni, en hún gaf sig lítið við því“.
- Gefa (einhverjum) sinn/sitt undir hvorn** (orðtak) Slá einhvern utanundir á báða kjálka. „Þófið endaði með því aðkötturinn gaf hvolpinum sitt undir hvorn og gekk svo burt með stýrið upp í loftið“.
- Gefa skít í** (orðtak) Láta sér það í léttu rúmi liggja; sýna því lítillsvirðingu. „Ég gef nú bara skít í það, þó þessi stjórnmöld þykist núna ætla að styðja við dreifðar byggðir: Hvar hafa þeir verið til þessa“?
- Gefa (einhverjum) slakan tauminn** (orðtak) Reyna ekki að halda aftur af einhverjum; *gefa frjálssar hendur*.
- Gefa svar** (orðtak) Svara; *gefa til svars*. „Hann hefur ekki gefið mér neitt svar um þetta“.
- Gefa til kynna** (orðtak) Tilkynna um; láta vita af; *gefa merki* um. „Þú verður að gefa mér til kynna þegar nóg er komið“.
- Gefa til leyfis** (orðtak) Leyfa; veita leyfi fyrir. „Hann gaf það ekki til leyfis að tófa yrði skotin í sínu landi þetta árið“. „Ekki var byrjað að draga fyrr en réttarstjóri gaf það til leyfis“.
- Gefa til svars** (orðtak) Svara; bregðast við beiðni/spurningu. „Hann gaf það til svars að sér kæmi ekki til hugar að róa í þessu veðurútliti“.
- Gefa tóninn** (orðtak) A. Láta kór eða meðsóngvara vita um tóntegund sem sungið er í, t.d. með því að syngja tón áður en söngur hefst eða hefja söng á undan hinum; vera *forsöngvari*. B. Líkingamál um að gefa fordæmi um eitthvað; segja fyrir um vinnulag eða annað.
- Gefa (einhverju/einhverjum) undir fótinn** (orðtak) *Láta í veðri vaka*; ýta undir væntingar. „Hann hefur gefið því undir fótinn að jörðin væri fól ef nógu hátt verð væri í boði“. Óviss uppruni, en gæti átt rætur í þeirri þjóðtrú að væri brönugrasi/ástargrasi komið í skó einhvers fengi maður ást hans. Eða í þeim sið að kona þrjóni íleppa í skó þess sem hún vill sýna vináttu. „Man ég er þú áður gafst mér undir fótinn/ skömmu eftir aldamótin“ (JR; Rósarímur).
- Gefa upp** (orðtak) A. Segja frá; upplýsa. „Veit ég vel hver gjörði, en ég gef það ekkert upp að sinni“. B. Í spilum; gefa upp á nýtt; gefa aftur.
- Gefa upp á bátinn** (orðtak) *Gefa frá sér*; hætta við; gefast upp á; afskrifa. „En þar hafa mest stálin stinn, því dóttirin neitaði að gefa unnustann upp á bátinn“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).
- Gefa upp andann/öndina** (orðtak) Deyja; *sálast*; eyðileggjast; bila. „Nú var blessaður gamli maðurinn að gefa upp öndina“. „Mér sýnist að þessi bílskrjóður eiga lítið eftir annað en gefa upp öndina“. Önd merkir andardráttur og að gefa upp merkir að hætta.
- Gefa/slá utanundir** (orðtak) Slá á kjammann; gefa kjaftshögg. „Það var eins og Rúnu hefði verið gefið utanundir“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).
- Gefa út** (orðtak) Láta festi/net/línu renna út/niður í sjó. „Gefðu aðeins meira út af ankerisfestinni, þannig að stjórnin fái meira hald“. „Þá varð mér lítið upp í fjöruna. Þar voru þeir búnir að binda einn mann í taug frá landi; sá maður hét Guðbjartur Torfason. Ekki var talið óhætt að hann væði svo djúpt; kannske undir hendur eða axlir, án þess að hafa á honum taug. Gáfu þeir hann út og hann óð eins langt og hann orkaði; þá var hann kominn í axlir“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Gefa út á** (orðtak) Segja um; tjá sig um. „Hún var spurð hvað hún hefði séð en hún gaf ekkert út á það“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms). „Kemur þá Hjálmar niður á stallinn til mín og ég spyr hann hvort hann vilji fara

- niður, en hann gefur ekkert út á það; segir hvorki já eða nei, en segir; „vilt þú ekki fara“? (SbG; Að vaka og vinna).
- Gefa yfir** (orðtak) Um *ágjöf*; gusast/skvettast yfir. „Við nálguðumst nú Röstina, og ég fót í stakkinn því *viðbúið* var að eitthvað myndi gefa yfir bátinn í veltingnum sem þar var“.
- Gefa það tröllunum** (orðtak) Gefa skít í það; finnast lítið til um það. „Ég gef það tröllunum að ég fari að mæta á þessa samkundu. Ég hef nóg annað að gera“.
- Gefa þess engan kost** (orðtak) *Gefa ekki kost á*; láta ekki hafa tækifæri til; koma ekki til greina. „Ég vildi kaupa af honum traktorinn, en hann gaf þess engan kost; sagðist þó geta lánað mér hann um tíma“.
- Gefandi** (l) Þakklátt; gefur af sér. „Kollsvíkin getur verið krefjandi en er þó án nokkrs vafa enn meira gefandi“.
- Gefast** (s) A. Fást. „Það verður að grípa tækifærið þegar það gefst“. „Undir Hreggnesa er sumsstaðar sæmileg festifjara fyrir reka ef gefst, en torvelt um björgun“ (HÖ; Fjaran). B. Vera gefin (t.d. sem skepnufóður). „Þessi vetur er einhver sá besti er menn muna, en þó hafa hér á Sandinum gefist töluverð hey“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Gefast færi á** (orðtak) Fá tækifæri til; geta. „Mér gafst ekki færi á að kveðja hann almennilega“.
- Gefast illa/vel** (orðtök) Lánast illa/vel; verða til ills/góðs. „Það gafst ágætlega að nota þessa beitu“.
- Gefast upp** (orðtak) Verða örmagna; geta ekki haldið áfram. „Elsta kindin gafst upp á miðri leið“. „Ég var nú svona í huganum hnuggin bæði og reið./ Hnjótsheiði ég lagði undir fótinn./ Ég vildi ekki gefast upp, þó grýtt væri mín leið/ því gatan stefndi beint á Örlygshnjótinn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Gefast upp á** (orðtak) A. *Gefa upp á bátinn*. „Ég er alveg að gefast upp á þessum hávaða“. B. Um herslu; slakna á. „Það þarf að herða þetta vel og helst hafa tvöfalda ró svo ekki gefist upp á boltanum“.
- Gefast upp á miðri leið** (orðtak) Verða uppgefinn áður en ferðalaginu lýkur.
- Gefinn** (l) Dýrmætur; fágætur. „Ertu alveg frá þér að nota svona efni?! Þessi harðviður er alltof gefinn til að nota hann sem hverja aðra *þarfaspýtu* í *milligerðir*“!
- Gefinn fyrir** (orðtak) Hefur áhuga á; sýnir áhuga. „Ég er ekkert gefinn fyrir svona rómana, en ég er afskaplega mikið gefinn fyrir fróðleik af ymsu tagi“. Oft einungis „fyrir“.
- Gefinn fyrir sopann** (orðtak) Vínhneigður; *þykja sopinn góður*; *þykja gott í staupinu*. „Þetta er öndvgisnáungi, en nokkuð gefinn fyrir sopann“.
- Gefins** (ao) Að gjöf; frítt. „Það er fátt gefins í þessum heimi“.
- Gefið** (l) Dýrt/verðmætt. „Ég förna ekki harðviði í girðingarrengru; hann er heldur gefinn í slíkt“. „Ertu frá þér; að ætla að nota hamarshausinn í sökku! Hann er heldur gefinn til þess“!
- Gefst í gjörðar spyrður / Gefur Guð í gjörðar spyrður** (orðatiltæki) Sú trú að fiskspyrða á hjalli dragi að sér meiri veiði.
- Gefur** (s) Unnt er að fara á sjó vegna veðurs og sjólags. „Við róum í býtið ef gefur“.
- Gefur að skilja** (orðtak) Skiljanlega. „Eins og gefur að skilja er þetta alls ekki tæmandi skráning“.
- Gefur auga leið** (orðtak) Liggur í augum uppi; er augljóst. „Það gefur auga leið að svona getur þetta ekki gengið til lengdar“!
- Gefur á / Gefur á bátinn** (orðtak) Skvettist sjór yfir og ofaní bát á siglingu í nokkrum/miklum sjógangi. „Farðu í stakkinn; það getur gefið hressilega á í Röstinni“!
- Gefur margur minna og sér eftir því** (orðtak) Um gjafmildi/þakklæti; ekki eru allir svo gjafmildir. „Þakka þér kærlega fyrir hákrlinn; það gefur margur minna og sér eftir því“!
- Geggjað** (l) Fráleitt; arfavitlaust; endemisvitlaust. „Það er alveg geggjað að hugleiða ferðalag í þessu veðri“!
- Geggjun** (n, kvk) Brjálæði; út í hött. „Svona peningaastur í óparfa er algjör geggjun“.
- Gegna** (s) A. Sinna; þjóna. „Hann er úti að gegna í húsunum“. B. Hlýða. „Ætlarðu ekki að gegna strákur“!
- Gegnblautur / Gegndrepa / Gegnvotur** (l) Blautur inn að skinni. „Ég varð gegndrepa við að komast heim úr fjárhúsunum“.
- Gegnblásinn** (l) Kaldur/hrakinn vegna hvassviðris. „Ertu ekki gegnblásinn; svona illa búinn í þessu roki“?
- Gegnd** (n, kvk) Það sem getur gagnast; *hemja*. „Það er engin gegnd að brúðla með fé í svona óparfa“.
- Gegndarlaust** (l) Hömlulaust; viðstöðulaust. „Er eitthvað vit í þessum gegndarlausu fjáraustri“?
- Gegndrepa** (l) Blautur inn að skinni. „Hann var gegndrepa og skjálfandi þegar hann kom heim“.
- Gegnfredinn / Gegnfrosinn** (l) Frosinn í gegn. „Settu nú á þig vettlinga áður en þú verður gegnfredinn“.

Gegnfúinn (l) Grautfúinn; fisfúinn; fúinn í gegn. „Þessi grindarslá er alveg gegnfúinn“.

Gegningamaður (n, kk) Sá sem sér um skepnuhirðingar í útihúsum. „Farið var á fætur kl 6 og aldrei seinna en kl 7. Oftast var kveikt á morgnana og setið við vinnu. Gegningamenn fóru út ekki seinna en kl 7 og fengu ekkert fyrr en þeir voru búnir að gefa búpeningnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Gegningar (n, kvk, fto) Dagleg sinning á búfénaði; hýsa; gefa; mjólka; stinga út o.fl. „Gegningamenn fóru út klukkan 7 og fengu ekkert fyrr en þeir voru búnir að gefa búpeningnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Gegningum gat fylgt barningur milli útihúsa í slæmum veðrum.

Gegningatími (n, kk) Tími fyrir daglegar gegningar búfjár að vetraralagi; gjafir, mokstur, mjaltir, fara með hrút o.fl. Á Láganúpi hófust morgunmjaltir oft milli kl sjö og átta að morgni og þá var kúm gefið; mokaður flór; brynnt (áður en brynningarker komu) og mjólkað. Fé var látið út eftir mjaltirnar. Seinnipart dags var fé sett inn og því gefið og brynnt því fé sem var á innistöðu; hrútum og gemlingum. Kvöldmjaltir hófust um sjö til áttaleytið á kvöldin; brynning, mokstur, gjafir og mjaltir. Ýmis önnur störf þurfti að vinna samhliða reglulegum gegningum, s.s. fara með hrút; kamba kúr og klippa, dytta að grindum, halaböndum o.fl.; bera út möð; leysa hey; klippa klaufir; bera undir kúr; stinga skánir af grindum; lagfæra jötubönd o.fl.

Gegnir furðu (orðtak) Er furðulegt/undarlegt. „Þegar á allt þetta er litið gegnir nærri furðu að afkoma skuli vera jafn góð og skoðunarskýrslan sýnir...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).

Gegnir öðru máli (orðtak) Gildir annað; er aðra sögu að segja. „Um þá er sérstaklega föðra vel, s.s. bændurna á Lambavatni, er öðru máli að gegna. Þar verða lítil mistök; hvorki í heyverkun né peningshirðingu. Er ekki annað hægt að segja en að afkoman þar sé í besta lagi; svo góð að þar er sú fyrirmynd sem vert er að fara eftir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Gegnaldur (l) Mjög kalt. „Hann var þá orðinn gegnkaldur og hriðskalf“. Einnig *kaldur í gegn*.

Gegnt (ao) Á móti; andspænis. „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Við endann á Evu... var fiskhjallur kallaður Adam“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Gegnum þykkt og þunnt (orðtak) Í mótlæti/erfiðleikum sem velgengni; *í blíðu og stríðu*. „Fóstbræður stóðu saman gegnum þykkt og þunnt“. „Alltaf heldur hann þessu jafnaðargeði, gegnum þykkt og þunnt“.

Gegnumdregin (l) Um bók; innsiglið; boruð í gegn, þrædd og innsiglið af sýslumanni. Þannig var háttað löggildingu mikilvægra opinberra bóka fyrr á tíð, s.s. sjóðbóka, gerðabóka, forðagæslubóka o.fl. „Bók þessi, sem er 240 -tvö hundruð og fjörutíu- tölusettar blaðsíður; gegnum dregin og útbúin með innsigli Barðastrandasýslu, löggildist hér með til að vera forðagæslubók fyrir Rauðasandsumdæmi í Rauðasandshreppi. Skrifstofu Barðastrandasýslu 12. desember 1946; Jóhann skptason, sýslumaður Barðastrandasýslu“. (Forðagæslubók Rauðasands).

Gegnumsneitt (l) *Yfirhöfuð*; að meðaltali; *til jafnaðar*. „Þetta er þokkalegasti fiskur, svona gegnumsneitt“.

Gegnumtekt (n, kvk) *Betrumbætur*; gagngerar endurbætur; alger hreinsun;/ *yfirhalning*. „Skúrinn sem staðið hafði á Stekkjarmel var fluttur inn í Hænuvík. Hann fékk góða gegnumtekt áður en hann hlaut nýtt hlutverk sem verkunarhús fyrir grásleppuútgerðir Kollsvíkinga og Hænuvíkinga“.

Gegnivotur (l) Gegnblautur; innúr; blautur inn að skinni. „Ertu ekki alveg gegnivotur“?

Geifla (s) Aflaga; gretta. „Vertu nú ekki að geifla þig eins og bjáni; þú frikkar ekkert við það“!

Geiflur (n, kvk, fto) A. Grettur; fettur í andliti. B. Tennur/tönnur. „Ég var að fá mér falskar geiflur“.

Geiga (s) Um skot; hitta ekki; fara framhjá skotmarki. „Nei helvíti; nú geigaði illilega hjá mér“!

Geigur (n, kk) Kvíði; hræðsla; uggur. „Einhver geigur er nú í manni við þetta“.

Geigvænlega (ao) Uggvænlega; hryllilega. „Mér list geigvænlega á stöðuna í byggðamálum“.

Geigvænlegur (l) Skelfilegur; uggvænlegur. „Þessi geigvænlega pólitíska spilling hefur orðið til þess að réttur sjávarjarða til nýtingar á eigin auðlindum er nú orðin einkaeign fárra fégráðugra kvótakónga“!

Geil (n, kvk) Hola; gangur; vik. „Leystu nú þannig úr *heystabbanum* að geilin verði bein og *stálið* lóðrétt“. Þegar hey var leyst úr hlöðu var gerð geil inn frá fóðurdyrunum í jötuendanum, oft rétt yfir 1m á breidd og ekki margir metrar á lengd í byrjun. Í henni var heyið leyst og gefið, alveg niður í hlöðugólf; og stálið (veggirnir) hafðir eins lóðréttir og unnt var. Ýmist var stungið með heyskera, kroppað með heynál eða með berum höndum. Heyið geymist betur ef ekki er of mikið yfirborð þess opið á sama tíma. Í Laganúpsahlöðunni var leitast við að gera fyrst geilar að töðugötunum, til að forða heyi frá skemmdum þar í rigningum; og yfir í gamla fjósið til að auðvelda umgang milli fjárhúss og fjóss.

Geipifé / Geipiverð (n, hk) Mjög mikið fé; geysihá fjárhæð. „Samningar tókust; en eignin fór fyrir geipifé“

Geipihár (l) Gríðarlega hár; firnahár. „Hann greiddi geipihátt fé fyrir bátinn“.

Geipilega (ao) Gífurlega; óheyrilega. „Þetta er geipilega hátt verð fyrir hrút“.

Geipilegur / Geipimikill (l) Mjög mikill/stór; gríðarlegur. „Það varð honum geipilegt áfall þegar þetta skeði“.
„Það var geipimikill peningur á þeim tíma“.

Geipimargt (l) Mjög/gríðarlega margt; fjölmargt. „Það var að sjá geipimargt fé frammi í vikinni“.

Geipimunur (n, kk) Firna/gríðarlegur munur. „Á þessu tvennu er geipimunur“.

Geiri (n, kk) Sneið; brot af flötu yfirborði. „Það skarst dálitill geiri af sléttunni þegar skurðurinn var grafinn“.

Geirhynd (l) Um horn sauðkindar; Tvennskona skilningur hefur verið lagður í orðið: A. Horn áberandi stutt og þrýhryningslaga. B. Ljós horn með áberandi svörtum rákum/geirum.

Geisla (l) Ljóma; skína. „Það mynduðust tignarlegir sólstafir í frugguloftinu í hlöðunni þegar sólin náði að geisla í gegnum naglagötin í þakinu“.

Geislandi (l) Um manneskju; ljómandi; brosmild. „Hún kom geislandi til mín og þakkaði fyrir gjöfina“

Geislungar (n, kk, fto) Brjósktindar í barði skötu. „Sumir borða geislungana með bestu lyst“.

Geislakrýndur (l) Um fjall/landslag; nýtur sólarbirtu eftst en ekki neðar. „Það er tignarlegt að líta til fjalla í Kollsvík þegar sól er að ganga til viðar og er farin af láglendi, en Blakkur, Núpur, Hæðir og Hjallar glóa geislakrýnd í roðasól kvöldsetursins“.

Geispa (s) Gapa og draga andann djúpt þegar maður er syfjaður; *rífa lönguhausu*. „Ætli maður fari ekki bara að draga sig í lúsina, í stað þess að sitja hérna *geispandi* og *gapandi*“.

Geispa golunni (orðtak) Deyja; andast; gefa upp öndina. „Þessu verki vil ég helst ljúka áður en ég geispa golunni“.

Geispa um (orðtak) Gapa/tala um. „Ég held hann ætti ekki að vera að geispa um það sem hann veit ekkert um“!

Geispandi og gapandi (orðtak) Um það að *geispa* mikið og ítrekað.

Geispalangur (l) Geispar langdregið. „Fjári er maður orðinn þreyttur og geispalangur; ég ætti að fara að sofa“.

Geispandi (l) A. Með mikla/tíða geispa. „Ekki dugir að sitja svona geispandi og gapandi; ég held ég fari bara að draga mig í lúsina“. B. Áhugalaus. „Heldur var hann nú geispandi yfir þessu“.

Geitaskóf / Geitnaskóf (n, kvk) Samheiti yfir hvítar skófir sem eru algengar á grjóti á fjöllum í kringum Kollsvík og nágrenni. Skófir eru, líkt og fjallagrös og aðrar fléttur, sambýli svepps og þörung. Þær geta því komist af í umhverfi sem öðrum plöntum þykir næringarsnautt. Víðast á óhreyfðu grjóti vaxa litskrúðugar skellur af skjannahvítum, gulleitum eða svörtum skófum; stundum í því magni að jörð virðist hulin snjó. Málvenja var að nefna þær samheitinu geitaskóf, en síðari tíma plöntufræðingar kvitta ekki uppá það. Geitaskóf er aðeins ein tegundin, en aðrar eru t.d. kragaskóf, skeljaskóf og engjaskóf. Séra Björn nefnir ýmis not af geitaskóf. „Bókbindaralím má af geitaskófinni fá... Fátt held ég fljótar græði litla skinnsprettu en ullarlagður vættur í geitaskófarhlaupi og vel um búið... Geitaskófnagratour af mjólk kallast góð lækning brjóstveikum mönnum“ (BH; Grasnytjar).

Gelda (s) A. Vana; gera karlkyns skepnu ófrjóa. „Ýmsar aðferðir hafa í gegnum tíðina verið notaðar til að gera sauð úr hrút og uxa úr nauti. Um skeið var notuð til þess *geldingatöng*“. B. Hætta reglulegum mjöltum kýr fyrir burð. „Það þarf að fara að gelda hana Dimmu; hún fer að nálgast burð“. C. Gera *lens/uppiskroppa*. „Strákarnir eru alveg búnir að gelda mig með nagla“. D. *Draga svo á einhvern með verk að hann hafi ekki undan*. „Þú verður að drífa þig að hausu; við erum alveg að gelda þig“. „Það gengur svo vel *fláningin* að við erum alveg að gelda *hæklarana*“. „Ég má *herða* mig með að saxa föng, þú ert svo röskur að setja upp galtann“.

Gelda upp (orðtak) Um mjólkurkú; fá kýr til að hætta mjólkurframleiðslu fyrir burð, svo hún *mjólki ekki af sér holdin* og beini orkunni að því að þroska sitt fóstur. Gert með því að mjólka hana sjaldnar og fódra á lakara fódri en mjólkurkúr. Mjólk úr *geldstöðukúm*; *geldmjólk*, var ekki notuð til manneldis.

Gelddýr / Geldtófa (n, hk/kvk) Hlaupadýr; ekki *grentófa*. „Ég náði þar tveimur grentófum og einu gelddýri“.

Geldfé / Geldfénaður (n, hk) Sauðfé sem ekki er/verður með lömbum að sumri; hrútar, gemlingar, sauðir og ær sem ekki er haldið undir hrút eða *ganga upp*.

Geldfugl (n, kk) Fugl sem ekki hefur orpið og/eða fugl án maka, t.d. ungfugl, sem heldur sig saman í hópi.

Geldingahnappur / Geldingarknappur (n, kk) *Armeria maritima*; jurt sem algeng er í þurrlandum holtum, t.d. í grennd Kollsvíkur. Vex í þúfukendum brúski; mjó, striklaga blöð, en blómin eru sérkennilegir rósbleikir og kúlulaga *knúppar*. Séra Björn segir að rótin hafi verið nefnd „harðsægjur“ og stundum verið soðin til matar.

Geldkálfur / Geldneyti (n, hk) Stálpaður kálfur sem þó er ekki orðinn til nytja sem þarfanaut eða mjólkurkúr.

Geldmjólk (n, hk) Mjólk úr kúm sem komnar eru að *geldstöðu*.

- Geldneyti** (n, hk) Nautgripir sem hvorki eru mjólkurkýr né þarfanaut; oftast notað um stálpaða kálfa. „Síðan ásetning lauk hefir sorðið sú breyting á að í Saurbæ hefir verið fargað og látið í burtu 3 kýr og 6 geldneyti, og hefir þetta bætt ásetninginn um 80m³“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).
- Geldpeningur** (n, kk) Búfénaður sem ekki er með afkvæmi og ekki er nytjaður til mjálta. „Það má alveg nota þessar *fyrningar* fyrir geldpening“.
- Geldrusl** (n, hk) Geldar kindur; kindur og gemlingar sem ekki eiga lömb að vori. „Það þarf að fara að koma þessu geldrusli *útaf*; ástæðulaust að hafa það á tünnum lengur“.
- Geldstaða** (n, kvk) Tíminn sem kýr mjólka ekki, á síðasta hluta meðgöngu, en lengd hans er einstaklingsbundin.
- Geldstirtla** (n, kvk) Niðrandi heiti um kýr eða ær sem ekki mun eiga afkvæmi á næstunni.
- Geldstöðukýr** (n, kvk) Kýr sem er geld fyrir burð eða er að geldast.
- Geldstöðutími** (n, kk) Tími sem kýr stendur geld fyrir burð.
- Geldur** (l) A. Um kýr; kind og önnur kvenkyns spendýr; vera ekki mjólkandi. „Það verður lítið um mjólk þegar báðar kýrnar verða geldar“. B. Um hrút; naut o.fl dýr; vanaður; hafa verið *geltur* og geta því ekki átt afkvæmi. C. Um fugla og önnur dýr; eiga ekki afkvæmi. Sjá *geldfugl*.
- Geldur hver heimsku sinnar** (orðatiltæki) Heimskuleg breytni getur komið manni í koll.
- Gelgjubein** (n, hk) Baula; baulubein; þrjónlaga kinnbein úr fiski. Áður notað til að sauma saman sláturkeppi.
- Gelgjuhimna** (n, kvk) Þrjónahimna; himnulaga, flatt bein í þorskhaus; milli kerlingarþrjónanna.
- Gelgjuháttur** (n, kk) Ungæðingsháttur; heimóttaháttur. „Skelfingar gelgjuháttur er þetta í þér krakki“.
- Gelgjuskeið** (n, hk) Unglingsár; breytingatími barns/unglings á kynþroskaárunum.
- Geljandi** (n, kk) *Sveljandi*; *þræsingur*; hvass vindur, oft norðanstæður. „Skelfing ætlar hann að ver þrálátur í þessum norðan geljanda alla tíð“!
- Gella** (n, kvk) Lubbi/kverksigi; pétursbeita; vöðvinn undir haus fiskisins, milli kjálkana. Þrýðisgóður matur. (frb lint). „Við beitum lubba, en það er gellan á fiskinum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Gella** (s) Skera gellu af fiski. Fljótlegasta aðferðin er að bregða gellunni á fastan, oddhvasan pinna/nagla; teygja hausinn frá og skera gelluna af. „... þá var gellaður allur fiskur og *tekið gellutal* um leið og gert var að fiskinum“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Líklegt er að gellun þorskhausa hafi ekki tíðkast hér fyrr en með komu þilskipanna á 18.öld. Til að fylgjast með fiskatölu aflans á þilskipunum var hásetum gert að skyldu að gella hvern fisk sem þeir drógu. Gengu skipstjórar ríkt eftir þessu, enda voru gellurnar aukahlutur þeirra... Gellan var ýmist etin ný eða söltuð, eins og enn er síður. Það þótti jafnan góð búbot að eiga mikið af gellum; þar var um að ræða beinlausan bita, þótt núorðið fylgi henni stundum nokkrir *kerlingarþrjónar*. Fyrrum þótti að því verksmán“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Gella við** (orðtak) Svvara/tala hátt og snjallt. „...Svara þú bara fyrir þig“! gall þá frúin við“. (frb. hart)
- Gelt** (n, hk) Hundsgá; *glamur* í hundi. B. Hlaup/sláttur í liðamótum vélar. „Það er komið eitthvað gelt í hjólið á vagninum“.
- Gelta** (s) Gefa frá sér gelt/hundsgá. „Hún notaði fyrsta tækifæri til að svíkjast frá okkur, svo við urðum að gelta eins og hundar“ (IG; Æskuminningar).
- Geltinn** (l) Um hund; gjarn á að gelta um of. „Ég myndi ekki vilja eiga svona geltinn hund“.
- Geltinn hundur glefsar síst** (orðatiltæki) Ekki er þessi speki einhlít, en hún er oft viðhöfð.
- Gemlingafjöldi / Gemlingahópur / Gemlingastóð** (n, kk/hk) Hópur af *gemlingum*. „Þetta er svipaður gemlingafjöldi og í fyrra“. „Hvar skyldi þetta gemlingastóð halda sig núna“?
- Gemlingastía / Gemlingagarði / Gemlingakarmur** (n, kvk/kk) Stía/garði/karmur *gemlinga* í fjárhúsum. „Ég setti fótbrotnu kindina í gemlingagarðann meðan hún er að jafna sig betur“.
- Gemlingslamb** (n, hk) Lamb undan gemlingi. „Þetta er furðu stór gimbur; af gemlingslambi að vera“.
- Gemlingsræfill** (n, kk) Gæluorð um gemling; lélegur/horaður gemlingur.
- Gemlingsvitleysingur** (n, kk) Niðrandi heiti um gemling, en þeir geta verið býsna erfiðir í smalamenskum ef fullorðnar kindur eru ekki nærri. „Þetta var stakur gemlingsvitleysingur; alveg gjörsamlega *spinnvitlaus*“!
- Gemlingur** (n, kk) Gimbrarlamb á fyrsta vetri. Gemlingar voru hafðir sér í fjárhúsi, oftast á innistöðu, og sjaldnast var hleypt til þeirra hrúti á fyrsta vetri áður fyrr. Stafavíxlið *gemlingur* var ekki notað í Kollsvík. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fódra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (OHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Gemsi (n, kk) Stytting á *gemlingur*. Notað í alls óskyldri merkingu á tölvuöld.

Gengd (n, kvk) A. Hóf; hófsemi. „Skelfing geturðu étið af eggjunum; þetta er engin gengd“! B. Ganga af fiski. „Ég er ekki frá því að það sé meiri gengd af grásleppu í fjörðinn nú en í fyrra“. C. Hlýðni. „Hundurinn sýnir engum neina gengd nema sínum húsbónda“.

Gengdarlaus (l) Viðstöðulaus; hömlulaus. „Mér finnst þetta orðin nokkuð gengdarlaus föðurbætisgjöf“.

Genginn (l) A. Farinn. „Hann er bara nýlega genginn út“. B. Dáinn; látinn. „*Góður er sérhver genginn*“. C. Fær; unnt að ganga. „Í Bjargleitina þurfti að velja menn sem ekki veigruðu sér við að fara niður fyrir bjargbrún á þeim stöðum sem voru vel gengir bandlausum manni; svo sem á Stíginn, í Saxagjá og fleiri staði“ (PG; Veðmálið).

Genginn í barndóm (orðtak) Orðinn barn aftur; farinn að haga sér barnalega. „Hann er úti á túni í kapphlaupi við krakkana. Ég held að hann sé genginn í *barndóm* á gamals aldri“.

Genginn fyrir gafl (orðtak) Fermdur; *biskupaður*. „Ertu ekki ánægður með að vera loksins genginn fyrir gafl“?

Genginn upp að hnjám (orðtak) Mjög þreyttur; búinn að ganga lengi. „Ég held að maður sé nú bara genginn upp að hnjám eftir þetta ferðalag“! Vísar til þjóðtrúar sem segir að draugur sem vakinn er upp endurnýi ekki sinn skrokk og því slitni fæturnir neðanfrá eftir því sem hann gengur lengur. Sjá einnig; *það kostar klof að riða röftum*.

Gengur (l) Hægt að ganga. „Gengir, snarbrattir brekkufláar eru þar ofantil...“ (MG; Látrabjarg). „Þá er Hnífaflagan...líklega 18m há... Þar er gengt í fjöru“ (Örnefnaskrá Láganúps). „Fyrir kemur, en mjög sjaldan, að Helluvogur fyllist svo af sandi að gengt sé áfram norður fjöruna“ (HÖ; Fjaran).

Gengur að óskum (orðtak) Gengur eins og maður hefði helst viljað; gengur vel. „Ferðin gekk að óskum“.

Gengur að sköpum / Gengur skaplega (orðtök) Gengur eins og forlögin hafa ætlað því; gengur þokkalega.

Gengur af sjálfu sér (orðtak) Gengur án mikillar aðstoðar; gengur af vana/ sinn vanagang. „Hann hefur þurft aðstoð með heyskap og smalamennskur, en annars gengur búskapurinn mikistil af sjálfu sér“.

Gengur á afturfótunum (orðtak) Gengur erfiðlega; er basl; mikið af mistökum. „Það gekk allt á afturfótunum hjá okkur í dag. Bauja slitin af; bóúð að leggja yfir og svo lentum við í erfiðri botnfestu“.

Gengur á með éljum/hryðjum/rofum/skúrum/stórviðri/stórgarð/stórsjó o.fl. (orðtök) Um rysjóttá tíð eða sjólag. Setningin byrjar oft með „hann“. „Hann gengur á með sótsvörtum éljum en bjart á milli“. „En um kvöldið gekk á með vestan stórgarð og gerði stórsjó“ (EÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Gengur á ýmsu (orðtak) Skeður margt; gengur ýmist vel eða illa. „Það hefur víst gengið á ýmsu í þeirra hjónabandi“. „Það gekk á ýmsu í róðrinum. Fyrst vildi vélarfjandinn ekki í gang; svo tapaðist hnífurinn í hafið. Og til að kóróna allt urðum við bensínlausir og urðum að róa í hálf tíma“!

Gengur eins og í sögu/lygasögu (orðtak) Gengur mjög/ótrúlega vel.

Gengur ekki / Getur ekki gengið (orðtak) Er óviðunandi/ómögulegt/óviðeigandi. „Það gengur ekki að skilja svona við bátinn“! „Það getur ekki gengið að hann komist ítrekað upp með svona slóðaskap“!

Gengur ekki andskotalaust (orðtak) Gengur ekki mjög vel. „Það ætlar ekki að ganga andskotalaust hjá þeim að berja saman þessi fjárlög *frekar en fyrri daginn*“.

Gengur ekki hljóðalaust / umyrðalaust (orðtak) *Hefst* ekki án þess að kvartað sé. „Það gekk ekki hljóðalaust að ná flísinni úr drengnum“. „Hann samþykkir þetta ekki umyrðalaust, trúi ég“.

Gengur ekki hnífurinn á milli (einhverra) (orðtak) Einhverjir eru óaðskiljanlegir/ góðir félagar/mátar/vinir. „Annan daginn rífast þeir eins og hundur og köttur en hinn daginn gengur ekki hnífurinn á milli þeirra“!

Gengur fjöllunum hærra (orðtak) Um orðróm; breiðist hratt út. „Það gengur fjöllunum hærra að hann sé búinn að selja jörðina“.

Gengur hvorki né rekur (orðtak) Miðar ekkert áfram. „Það gengur hvorki né rekur að koma þessum málum áfram“.

Gengur/leggst í ættir (orðtak) Erfast; algengara í einni ætt en annarri. „Þessi sjúkdómur virðist ganga í ættir“.

Gengur maður undir manns hönd (orðtak) Um hjálpssemi; hjálpar her sem betur getur; sameinast allir um aðstoð. „Þessi bruni var mikið áfall fyrir þau, en hér gengur maður undir manns hönd við að aðstoða þau“.

Gengur og gerist (orðtak) Almenn er/viðgengst; venjulegt er. „Mér finnst tíðin ekkert verri en gengur og erist á þessum árstíma“. Sjá *eins og gengur og gerist*.

Gengur seint og fast (orðtak) Gengur hægt en örugglega. „Okkur sóttist seint og fast að komast uppúr Skarðsbrekkuinni; þar var töluverður þæfingur“.

Gengur sinn vanagang (orðtak) Gengur/er samkvæmt venju. „Hér gengur allt sinn vanagang“.

- Gengur staflaust um (allar) sveitir** (orðtak) Um orðróm/slúður; breiðist hratt út. „Það gengur víst staflaust um allar sveitir að karlinn eigi ekkert í þessu barni“. Tvær upprunaskýringar eru hugsanlegar. Annarsvegar líking við förumann sem ferðast staflaust. Líklegri skýring er vísun til boða sem ganga um sveitir utan hins formlega boðkerfis að fornu, sem var axarboð/krossboð/örvarboð (sjá *boðleið*). Þá var boði vafið um axarskaft, kross eða ör. „Stafur“ í orðtakinu gæti annaðhvort merkt bókstafi á skjalinu eða öxin/örin/krossinn sem boðin eru vafin um. Merkingin væri þá sú að orðrómur gengur meðal manna sem ekki hefur ták valdhafanna til staðfestingar.
- Gengur tisona/tilsvona** (orðtak) Gengur þannig; er á þann veg. „Maður hefði kannski þegið það að hafa fæðst með silfurskeiðina í kjaftinum; en þetta gangur nú tilsvona; að maður verður víst að puða til að bjarga sér“!
- Gengur undan** (orðtak) Afkastast; miðar. „Það gengur aldeilis undan honum í söltuninni í dag“.
- Geníalt** (l) Upplagt; kjöríð; tilvalið. „Það væri alveg geníalt að nýta þetta tækifæri“.
- Genverðugheit** (n, hk) Fyrirtektarsemi; vandlæti. „Genverðugheit eru munaður þeirra sem hafa það of gott“.
- Genverðugur** (l) Vandlátur; *fyrirtektasamur*. „Hann hefur alltaf verið genverðugur á signa grásleppu“.
- Gepill** (n, kk) Ólíkindatól; fremur óvandaður/viðsjárverður náungi. „Ég treysti illa á þann gepil“. Einnig í samsetningum; *hrútgepill*; *hver gepillinn*.
- Gepillinn** (n, kk, m.gr) Áhersluorð/milt blótsyrði; fjandinn. „Gepillinn skyldi nú hafa orðið af gleraugunum mínum“? Einnig oft *hver gepillinn*, og gat þá staðið sjálfstætt.
- Ger** (n, hk) A. *Gjör*; þéttur sveimur af fugli á flugi yfir sílatorfu; sjá *gjör*. B. Lyftiduft.
- Gera** (s) Ýmis merking. Ein var sú merking sem títt var viðhöfð meðal fjárbænda í Útvíkum, þ.e. koma á fót lömbum: „Það er eftirsjón að þeirri kind; hún hefur gert afburðagóð lömb, alla sína tíð“.
- Gera að** (orðtak) A. Verka fisk; einkum þá átt við að slægja. „Lendingin var beint niður undan bæjunum og fiskurinn borinn á bakinu upp yfir Rifið, upp að naustum, þar sem að honum var gert“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra). „Áður en sjómennirnir fóru að gera að, fengu þeir sér að borða“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Byrjað var að gera að á fjörinni“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). B. Framkvæma; láta verka. „Eitthvað er bilað í stýrisvélinni. Stýrið gerir ekkert að þó ég *leggi* alveg í *borðið*“. C. Klára verk; ganga frá. „Hér hefur gleymst að gera að vélindanu; gorinn lekur útum allt“. D. Gera í málum; taka á sig sök. „Ég get ekkert gert að því þó búkurinn leysi örlítinn vind“!
- Gera að buxum sínum / Gera að brókum** (orðtak) Bjarga/bregða brókum; hægja sér; *flytja lögmann*; *ganga örna sinna*. „utanvert í túninu er önnur lág, Lögmanslág. Dregur hún nafn af því að það var kallað að flytja lögmann er menn gerðu að buxum sínum“ (Örnefnaskrá Láganúps).
- Gera að gamni sínu** (orðtak) Gera sér til skemmtunar; gera í tilgangssleysi. „Við gerðum það stundum að gamni okkar að grípa bröndur í Ánni, en slepptum þeim oftast aftur“. „Þetta var slys hjá honum; svonalagað gerir enginn að gamni sínu“.
- Gera að skotspæni** (orðtak) Sjá *gerður að skotspæni*; *hafa að skotspæni*.
- Gera að tillögu sinni** (orðtak) Leggja til; leggja fram tillögu um. „Gerði oddviti það að tillögu sinni að öllum frekari ákvörðunum í málinu yrði frestað...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gera að verkum** (orðtak) Verða valdandi; valda. „Náttfallið hélst langt framá dag í logninu, sem gerði það að verkum að lítið var hægt að hreyfa heyi þann daginn“.
- Gera að því skóna** (orðtak) Sjá *gera því skóna*.
- Gera aðsúg að** (orðtak) Gera atlögu að; veita atlögu; gera árás á. „Það var nánast gerður aðsúgur að honum eftir framsöguræðuna“. Sjá *aðsúgur*.
- Gera af** (orðtak) Gera. „Ég fór í egg á hverju vori áður fyrr, þó ég geri minna af því í seinni tíð“.
- Gera af sér** (orðtak) A. Gera eitthvað neikvætt; gera skammarstrik; *brjóta af sér*. „Strákurinn var ekkert að gera af sér; hann sat bara við að telja á sér tærnar“. B. Dveljast; vera; gera. „Ég veit ekki hvað maður ætti að gera af sér þarna fyrir sunnan; ætli maður verði ekki bara að fara á hótél“.
- Gera afsökun sína** (orðtak) Gera eitthvað *til siðasaka*/ til að sýnast. „Ætli maður verði nú ekki að mæta á kjörstað, svona til að gera afsökun sína“.
- Gera (einhvern) afturreka** (orðtak) Reka einhvern til baka; láta fara aftur til síns heima; hafna beiðni. „Hann var gerður afturreka með þessa umsókn, vegna formgalla“.
- Gera alvöru úr** (orðtak) Koma í verk; láta verða af því sem sagt/lofað/hótað hefur verið. „Hann mun aldrei gera alvöru úr þessum hótunum“.
- Gera at í** (orðtak) Stríða; *atast í*; egna; espa. „Dóri hafði gaman af að gera at í okkur“ (IG; Æskuminningar).

- Gera atlögu að / leggja til atlögu** (orðtak) Gera gangskör að; gera áráð á; ráðast í/að; einhenda sér í. „Það þyrfti að gera gangskör að því að ná þessum *útileguskjátum*“.
- Gera á hlut/hluta einhvers** (orðtak) Gera einhverjum miska/óleik. „Ekki veit ég hversvegna hann er móðgaður út í mig; ég veit ekki til að ég hafi gert neitt á hlut hans“. „Talinn var hann forn í skapi og fjölkunnugur, og ekki góður viðfangs ef á hluta hans var gert“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).
- Gera á/í móti skapi** (orðtak) Gera til ergelsis; gera gegn vilja. „Ég myndi aldrei gera honum það í móti skapi að fara án þess að kasta á hann kveðju“.
- Gera á/í sig / Gera í buxurnar** (orðtök) Kúka/skíta í buxur sínar. „Ég gæti trúað að sá stutti sé búinn að gera á sig“.
- Gera bilt/dauðbilt/hvekk við** (orðtak) Láta bregða; hrekkja. „Rosalega gerðirðu mér bilt við“!
- Gera boð á undan sér** (orðtak) Láta vita fyrirfram um ferðir sínar; segja að maður ætli að koma. „Segðu honum að gera boð á undan sér þegar hann kemur í heimsókn, svo við séum örugglega viðlátin“. Sjá *gerir ekki boð á undan sér*.
- Gera bragð úr boðorðinu** (orðtak) Vera sniðugur; gera eitthvað óvænt. „Ég hélt ég hefði króað rolluskrottann af þarna í ganginum, en hún gerði þá bragð úr boðorðinu og henti sér fram af og niður í hlið“.
- Gera eina ferð að / Gera einróið að** (orðtak) Klára í einni atrennu. „Það er vafningaminna að gera eina ferð að því að ná þessum hópum báðum, heldur en að eyða tveimur dögum í smalamennskur“. „Ég nenni varla að fara fyrir smáslatta í dag og annan á morgun. Eigum við ekki bara að gera einróið að þessu á morgun“?
- Gera (einhverjum) bjarnargreiða** (orðtak) Gera einhverjum vafasaman greiða; valda einhverjum skaða þegar ætlunin er að gera honum greiða. Um upprunann segir Guðrún Kvaran íslenskufræðingur svo á Vísindavef HÍ: Orðatiltækið að gera einhverjum bjarnargreiða 'gera eitthvað í greiðaskyni við einhvern en það verður honum til skaða' er erlent að uppruna. Það hefur líklegast borist í íslensku úr dönsku, göre nogen en björnetjeneste, en þar er það þekkt frá miðri 19.öld. Orðatiltækið er einnig til í þýsku, jemand einen Bährendienst erweisen. Að baki liggur saga eftir franska rithöfundinn La Fontaine (1621-1695) um einsetumann sem átti taminn björn. Björninn mat húsbónda sinn mikils og vildi allt fyrir hann gera. Dag einn, þegar einsetumaðurinn hafði lagt sig, sóttu að honum flugur sem ónáðuðu hann í svefni. Björninn veitti þessu athygli og vildi bæga flugunum frá höfði húsbónda síns. Hann lamdi því á flugurnar með hrammi sínum en ekki fór betur en svo að hann malaði hauskúpuna.
- Gera (einhverjum) boð / Gera (einhverjum) orð / Gera boð fyrir (einhvern)** (orðtök) Senda einhverjum orðsendingu/bréf/skeyti/skilaboð; láta liggja boð fyrir einhverjum. „Ég gerði honum boð um að fundinum væri frestað“. Orðtakið er af gömlum uppruna og vísar til þess að „*skera upp boð*“; þ.e. senda boð með boðöxi, en það var hin opinbera *boðleið* fyrrum. Sjá *þingboð*.
- Gera einhvernvegin og einhvernvegin** (orðtak) Um kæruleysisleg vinnubrögð; framkvæma/vinna með einhverju móti, en ekki endilega því rétta; beita ekki réttum vinnubrögðum; *kasta höndum til*. „Þið verðið að vanda ykkur betur við fráganginn á þessu; það dugir ekki að gera þetta bara einhvernvegin og einhvernvegin“! Sama orðtak var notað með ýmsum sagnorðum: „Gakktu nú almennilega frá fötunum þínum, en kastaðu þeim ekki bara einhvernvegin og einhvernvegin“!
- Gera einróið að** (orðtak) Vinna verk í einni lotu; klára verkefni í einni ferð/skorpu. „Ætli ég geri ekki bara einróið að þessu; klára innkaupin um leið og ég fer á fundinn. Mér leiðast þessar kaupstaðarferðir“.
- Gera ekki endasleppt** (orðtak) Að vera dyggur/tryggur; halda sig vel að verki; linna ekki; gefast ekki upp. „Enn sendir hann okkur hákarlslykkju, blessaður; hann ætlar ekki að gera það endasleppt“! „Hann ætlar ekki að gera það endasleppt með rigningarnar“!
- Gera ekki flugu mein** (orðtak) Meiða/skaða engan; vera meinlaus. „Þú þarft ekki að vera hræddur við nautið; það hefur aldrei gert flugu mein“.
- Gera fast** (orðtak) Um band/vað; setja/hnýta fast; festa; binda. „Gerðu þeir endann fastan, en landmenn strengdu síðan“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Gera fjallskil** (orðtak) Fara í göngur/smalamennskur; smala fé af landi. „Síðan menn hættu almennt að gera fjallskil hefur allt komist í óefni með heimtur og útigangsfé hrakist ár eftir ár við slæmar aðstæður“.
- Gera fleira en gott þykir** (orðtak) Gera einnig það sem síður er skemmtilegt. „Þetta var bölvæð basl; en það verður stundum að gera fleira en gott þykir“!
- Gera fyrir** (orðtak) Ganga frá enda/opi. „Það þarf að gera fyrir endann á vaðnum svo hann *strúist* ekki“. „Hæklararnir gleymdu að gera fyrir vélindað svo gorinn rann út um allt þegar skrokkurinn kom á gálgann“.
- Gera fyrir bónarstað** (orðtak) Gera vegna bónar/beiðnar; gera að beiðni. „Ég ætlaði ekki að mæta, en gerði það fyrir hans bónastað“.

- Gera fyrir sálu sinni** (orðtak) Vinna góðverk; sýna góðvild/miskunnsemi. Alsíða var að þeir sem reru og öfluðu vel *gæfu* þeim í *sóðið* sem ekki gátu sótt sjóinn af einhverjum orsökum. Var það nefnt að gera fyrir sálu sinni, og talið að slíkt yrði launað á dómsdegi. Siðurinn og orðtakið hélst framundir þennan dag. Einnig notað um það fyrrum að menn gáfu jarðir eða annað til kirkna gegn aflausn synda. Sjá *aflausn*.
- Gera fyrir siðasakir** (orðtak) Gera af skyldurækni/til málamyndu/af hefð. „Ég læsti húsinu fyrir siðasakir, en annars hefur þess ekki gerst þörf hér um slóðir“.
- Gera fyrirspurn um** (orðtak) Spyrra eftir/um; *spyrjast fyrir*. „Ívar Ívarsson gerði fyrirspurn um það hvort kostnaður við breytingar á símalínunum...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gera gangskör að** (orðtak) Drífa í; hella sér í; hefjast handa. „Það þyrfti að gera gangskör að allsherjar umbótum á þessu sviði“. Gangskör í þessu sambandi merkir brú. Orðtakið hefur því upphaflega merkt að brúa, sem vísar til þess að setja brú yfir vatnsfall.
- Gera glatt/gramt í geði** (orðtak) Kæta/ergja skap. „Svona heyskapatríð gerir öllum bændum glatt í geði“. „Þessi árans marglytta hefur verið að gera okkur fremur gramt í geði uppá síðkastið“.
- Gera glóriur** (orðtak) Gera mistök; fremja afglöp. „Nú er maður farinn að gera eintómar glóriur af þreytu“.
- Gera gott fyrir sér** (orðatiltæki) Koma sér í mjúkinn; blíðka; vinna af sér. „Hann reynir nú að gera gott fyrir sér við formanninn til að eiga betri möguleika á skipsrúmi“.
- Gera gott í magann** (orðtak) Um mat; vera hollur/ góður fyrir meltinguna. „Hákarlinn er herraþingur, og svo gerir hann líka býsna gott í magann“.
- Gera góða lukku** (orðtak) Líka vel; vera vinsælt; tekið fagnandi. „Leikritið gerði góða lukku og leikendur voru tvisvar *klappaðir upp*“.
- Gera góðan róm að** (orðtak) Taka því vel sem sagt er; taka vel undir/ hrósa ræðu/frásögn. „Var gerður góður rómur að ræðu hans“.
- Gera (einhverjum) greiða** (orðtak) Veita einhverjum aðstoð; víkja í lið fyrir einhvern; gera einhverjum viðvik án þess að ætlast til endurgjalds. „Eins og aðrir sveitungar mínir á þessum tíma voru þeir Gummi og Liði ágætir vinir og lögðu gjarnan hart að sér til að gera öðrum greiða“ (PG; Veðmálið).
- Gera greinarmun á** (orðtak) Leggja ekki að jöfnu; greina á milli. „Ég geri mikinn greinarmun á því hvort ferðin er nauðsynleg eða hvort þetta er eingöng skemmtiferð“.
- Gera (einhverjum) grikk** (orðtak) Hrekkja; *gera skráveifu*. „Strákaskrattarnir gerðu mér bölvaðan grikk með þessu“.
- Gera/henda grín/spaug að** (orðtak) Henda gaman að; glettast/grínast/spauga með. „Þið skulið ekki gera grín að karlinum; hann er glúrnari en þið hafið hugmynd um“!
- Gera gys að** (orðtak) Hafa að háði; gera grín að. „Það er óþarfi að gera gys að þessu þó það sé óvenjulegt“.
- Gera gæfumuninn** (orðtak) Skipta sköpum; skilja á milli velgengni og vandræða. „Það gerði gæfumuninn að hafa svona unga og fríska smala með í hópnum“.
- Gera (einhverju/einhverjum) hátt undir höfði** (orðtak) Upphefja; gera að meginatriði máls; gera vel við einhvern. Góðum gesti eru færðir nægir koddar til að hann geti hagrætt sér fyrir svefn.
- Gera heyrumkunnugt** (orðtak) Um málefni; gera opinbert; láta alla vita. „Ýmsir vissu um þessa ákvörðun, þó hún hafi ekki verið gerður heyrumkunnug fyrir en nú“.
- Gera hosur sínar grænar fyrir (einhverjum)** (orðtak) Um tilhugalíf; *halda sig til fyrir* (einhverjum); vonast eftir nánnum kynnum. „Hann er farinn að gera hosur sínar grænar fyrir heimasætunni á næsta bæ“.
- Gera hreint fyrir sínum dyrum** (orðtak) Notað í afleiddri merkingu um að útskýra vel sín mál, t.d. til að hreinsa af sér grun um eitthvað misjafnt. „Hann þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum og útskýra þetta“.
- Gera (einhverjum) hvekk við** (orðtak) Bregða (einhverjum); *gera bilt við*.
- Gera hvorki af né á / Gera hvorki til né frá** (orðtak) Breyta engu; hafa engin áhrif. „Það gerir hvorki til né frá þó þú reynir að hafa áhrif á hann. Hann kys bara það sem hann hefur alltaf kosið“.
- Gera illt verra** (orðtak) Valda enn meiri vandræðum/hættu. „Ég át súrblöðkur og hvannir við þorstanum, en það gerði eiginlega illt verra“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Gera í blóðið sitt** (orðtak) Gefa vel af sér; sýna hagnað. Upprunalega haft um vænt sláturlamb, þar sem mörinn úr því nægði til að gera góðan blóðmör úr blóðinu.
- Gera í buxurnar / Gera í sig** (orðtak) Skíta á sig. „Mér finnst á lyktinni að sá litli sé búinn að gera í buxur“. „Honum brá svo mikið að hann gerði næstum í sig“. Sjá einnig *bremisufar* og *kriulöpp*.
- Gera/skíta í bælið sitt / Gera/skíta undir sig** (orðtak) Sjá *skíta í bælið sitt*.

- Gera (einhvern) kjafstopp/orðlausan** (orðtak) Þagga niður í einhverjum með snjöllu svári; Gera einhvern svo hugsí/undrandi að hann þagni. „Hann gerði mig alveg kjafstopp með þessum viðbrögðum“.
- Gera klárt** (orðtak) Hafa reiðubúið; greiða úr flækju/óreiðu. „Gerðu klárt til að láta bólið fara“!
- Gera kleift** (orðtak) Gera mögulegt/framkvæmanlegt. „Þetta fé gerði honum kleift að *grynnka á* skuldunum“.
- Gera leit að** (orðtak) Leita að. „Vertu ekki að gera mikla leit að þessu núna; þetta kemur í ljós síðar“.
- Gera lífið leitt** (orðtak) Vera til ama/óþurftar. „Oft hefur sandurinn gert mönnum lífið leitt, þegar allt er freðið og norðanstormur flæðir hann yfir allt og fyllir í lautir“ (IG; Sagt til vegar I).
- Gera lítið úr** (orðtak) A. Vilja helst ekki ræða; tala úr. „Hann gerði lítið úr sínum eigin afrekum“. B. *Kasta rýrð á*; niðurlægja; virða lítils. „Við skulum ekki gera lítið úr honum þó þetta hafi ekki lánast“.
- Gera lukku** (orðtak) Vekja ánægju; verða til gagns/gleði. „Þessi gjöf gerði mikla lukku“.
- Gera (sér) mannamun** (orðtak) Gera ekki öllum jafn hátt undir höfði; taka einn framyfir annan. „Þann 17. apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókhúsum vegna persónulegrar ársár í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).
- Gera með vilja** (orðtak) Gera viljandi; gera af ásetningi. „Þetta var alls ekki óvart; hann gerði þetta með vilja“!
- Gera/gjöra mein** (orðtak) Skaða; valda meini/sárum/skaða. „Við þann stein bindur hann drauginn, og mælti svo um að hann skuli ekki gjöra sér eða sinni ætt mein framar; og hefur það þótt ásannast“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Gera meira gagn en ógagn** (orðtak) Vera fremur til bóta en skaða. „Ekki veit ég hvort þetta gerir meira gagn en ógagn, en þetta er þó viðleitni“.
- Gera niður** (orðtak) Hringa niður vað/færi/slöngu o.fl. „Ætlar þú að gera niður varinn meðan ég geng frá kútunum“?
- Gera (einhverjum) orð** (orðtak) Gera boð fyrir einhvern; senda orðsendingu. „Ég náði ekki að hitta hann sjálfan, en ég gerði honum orð að koma við fyrsta tækifæri“. „Hann gerði mér orð að hringja í sig“.
- Gera orð á** (orðtak) Hafa á orði; segja. „Var jafnvel orð á því gert, hve lítið svo stór atburður fékk á hana“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknum Látramanna).
- Gera (einhverjum) óleik** (orðtak) Gera erfitt fyrir; spilla fyrir. „Hann gerði mér árans óleik með þessu“.
- Gera (einhverjum) ónæði** (orðtak) Raska ró/næði einhers. Er ég ekki að gera ykkur ónæði með því að koma svona seint að degi“?
- Gera óskunda** (orðtak) Vinna spjöll/skaða; *vera til óþurftar*. „Hvaða óskunda var hundurinn nú að gera“.
- Gera ráð fyrir** (orðtak) Búast við; ætla. „Ég geri ráð fyrir að fara á Eyrar á morgn“.
- Gera ráðstafanir til** (orðtak) Sjá til/um; skipuleggja; *leggja drög að*. „Jón Hákonarson *upplýsti* að búið væri að gera ráðstafanir til að síminn komi aftur inn í húsið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gera reka að** (orðtak) Framkvæma; koma í framkvæmd. „Nú þurfum við að fara að gera einhvern reka að þessu eða *láta það eiga sig* með öllu“.
- Gera (einhverjum) rúmrusk** (orðtak) Vekja. „Það er leitt að gera ykkur rúmrusk svona seint að kvöldi“.
- Gera sárt og klæja** (orðtak) Á báðum áttum; vilja annarsvegar stoppa/hætta af hræðslu við afleiðingar, en á hinn veginn langa til að halda áfram. „Mig gerir dálítið sárt og klæjar með þetta; í aðra röndina langar mig að vera heima þegar hann kemur, en þá missi ég kannski af ferðinni hjá þeim“.
- Gera (bæði) sárt og klæja** (orðatiltæki) Er hikandi; með hálfum huga. „Mig langar að fara í réttirnar, en gerir þó sárt og klæjar, þar sem mig langar líka að heyra endinn á útvarpsögunni“.
- Gera sér að góðu / Gera sig ánægðan með** (orðtak) Láta nægja/lynda; *setta sig við*. „Hann varð að gera sér að góðu að sofa í sófanum“.
- Gera sér (það/eitthvað) að leik** (orðtak) Leika sér við eitthvað; stundum óæskilegt. „Strákar í Verinu gerðu sér það meðal annars að leik að kasta skeljum í gaflinn á salthúsinu“.
- Gera sér að venju** (orðtak) Venja sig á; hafa fyrir venju; gera sér far um. „Eftir þetta gerði hann sér það að venju að gá sérstaklega í skurðinn tvisvar á dag yfir sumartímann“.
- Gera sér dælt við** (orðtak) Vingast við; fara á fjörurnar við. „Mér sýndist að hann væri að gera sér dælt við frána á næsta bæ á þorablótinu“.
- Gera sér ekki hægara / ekki hægari hlut** (orðtök) Fara létt með. „Ég geri mér ekki hægari hlut en að stökkva yfir þessa lækjarsprænu“.

- Gera sér far um** (orðtak) Reyna; gera sér að venju; leitast við. „Ég gerði mér far um að sinna þessu hlutverki eins vel og framast var mögulegt“.
- Gera sér (sérstaka) ferð** (orðtak) Leggja á sig sérstakt ferðalag; fara ferð. „Ég gleymdi veskinu í búðinni, og þurfti að gera mér ferð til að ná í það“.
- Gera sér glaðan dag** (orðtak) Gera eitthvað til tilbreytingar; að gleðja sjálfan sig; halda veislu/samkvæmi/boð.
- Gera sér gott af** (orðtak) Njóta; hafa gott af; borða; éta. „Ég skildi fiskinn eftir við dyrnar, en þegar ég kom aftur var kattarfanginn *mikistil* búinn að gera sér gott af honum“.
- Gera sér grein fyrir / Gera sér ljóst** (orðtak) Átta sig á; skilja; *vakna til vitundar um*. „Það er þetta atriði sem allir þurfa að gera sjer rjetta grein fyrir, áður en farið er að fjalla um íþróttir“ (Guðbjartur Hákonarson; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).
- Gera sér (engar) grillur** (orðtak) Gera sér (engar) vonir. „Það þýðir víst ekki að gera sér nokkrar grillur um að finna þessa kind fyrir myrkur“. „Ég geri mér engar grillur um að verðið lækki“.
- Gera sér hægt um vik / gera sér lítið fyrir** (orðtak) Gera fyrirhafnarlaust/í fljótheitum. „Þá gerði gamla konan sér lítið fyrir og bannaði prestum í nálægum sóknunum að gefa þau saman“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Sjá *eiga ekki hægt um vik og eiga erfitt um vik*.
- Gera sér í hugarlund** (orðtak) Ímynda sér; *setja sér fyrir hugskotssjónir*; hugsa sér. „Ég á erfitt með að gera mér í hugarlund hvernig nokkrum getur dottiið svona vitleysa í hug“!
- Gera sér leik að / Gera sér það að leik** (orðtak) *Gera sér til dundurs*; leika sér að. „Við gerðum okkur að leik að fleyta kerlingar á vatninu meðan við biðum“. „Þið skuluð ekki gera ykkur það að leik að erta karlinn svona; hann getur verið þungur á bárunni þegar hann reiðist“.
- Gera sér lítið fyrir** (orðtak) Gera með lítilli fyrirhöfn; framkvæma hiklaust. „Ég gerði mér lítið fyrir og sigraði í langhlaupinu á sautjándajúnihátíðinni“.
- Gera sér mannamun** (orðtak) *Gera upp á milli* manna; telja eina manneskju betri/mikilvægari en aðra. „Heimalningurinn gerir sér verulegan mannamun“.
- Gera sér mat úr** (orðtak) Notað í afleiddri merkingu um að nýta sér eitthvað eða gera meira úr málum en efni standa til. „Blöðin voru fljót að gera sér mat úr þessum mistökum ráðherrans“.
- Gera sér ómak** (orðtak) Leggja á sig; hafa fyrir. „Blessaður vertu ekki að gera þér ómak mín vegna“!
- Gera sér rellu útaf/vegna** (orðtak) *Æsa sig yfir*; fárast yfir; vera uppnæmur vegna. „Hann gerði sér enga rellu útaf því að báturinn væri fokinn, en slæmt þótti honum að tapa neftóbakspontunni í lúkarnum“.
- Gera sér til dundurs** (orðtak) Dunda sér við: „Þeir gerðu sér það til dundurs í *hjástöðunni* að hlaða vörður“.
- Gera sér til erindis** (orðtak) Hafa til yfirvarps; hafa sem tilgang ferðar. „Strákurinn sótti í að hitta heimasætuna nágrannans og gerði sér hitt og þetta til erindis“.
- Gera/finna sér til gamans/skemmtunar/upplýftingar** (orðtök) Skemmta sér við að gera; gera það sem er skemmtilegt. „Alltaf var hægt að finna sér eitthvað til skemmtunar. Ef ekki var hægt að vera úti var alltaf hægt að gera eitthvað innvið; t.d. spila, fara í leiki, kveðast á, segja sögur og margt annað“.
- Gera sér títt við** (orðtak) Vingast við; sækjast eftir vináttu/nærveru við; eltast við. „Hann er víst farinn að gera sér nokkuð títt við vinnukonuna á bænum; eða *svo segir sagan*“.
- Gera sér upp** (orðtak) Vera með látalæti; þykjast. „Ég held að hann sé að gera sér upp þessi veikindi til að sleppa við kirkjuferðina“.
- Gera sér (góðar) vonir um** (orðtak) Vonast eftir; *bera von í brjósti um*. „Ég gerði mér vonir um að veiðin væri betri nokkru dýpra“.
- Gera sig að athlægi** (orðtak) Haga sér þannig að öðrum þyki hlægilegt/fráleitt/heimskulegt. „Ég ætla ekki að fara að gera mig að athlægi með svona klæðaburði“!
- Gera sig breiðan / Gera sig merkilegan** (orðtök) Vera montinn/yrirlætisfullur; sýnast meiri en maður er; *setja sig á háan hest*. „Vertu bara ekkert að gera þig breiðan; ég sé ekki að þinn flokkur hafi riðið svo feitum hesti frá síðustu kosningum“! „Hann ætlaði eitthvað að fara að gera sig merkilegan og neita mér um þetta, en ég minnti hann þá á það sem hann hafði áður sagt“.
- Gera sig heilagan í andlitinu** (orðtak) Setja upp sakleysissvip. „Svo þegar þessar þingmannanefnur eru búnar að gera í buxurnar í hverju málinu eftir annað þá koma þeir hingað á framboðsfundi; gera sig heilaga í andlitinu, og ætlast til að við kjósum þá áfram! Fjandinn hossi þeim í minn stað“!
- Gera sig heimakominn** (orðtak) Haga sér eins og heimamaður. „Þar kom að sumum fannst gesturinn vera farinn að gera sig full heimakominn, auk þess sem þetta var mesti letihaugur“.

- Gera sig kláran** (orðtak) Undirbúa sig; *setja sig í stllingar; búast til*. „Ég gerði spottan kláran meðan sigarinn skoðaði aðstæður“.
- Gera sig líklegan til** (orðtak) Búast til; undirbúa sig í. „Hann gerði sig líklegan til að lása sig fram af brúninni, þegar ég minnti hann á að setja hjálminn á hausinn“.
- Gera sig sekan um** (orðtak) Fremja brot; gera það sem maður telur allajafna vera rangt. „Hann gerði sig sekan um bölvad gáleysi þegar hann gleymdi nestinu“.
- Gera sitt besta** (orðtak) Leggja sig fram; reyna af alefli. „Hann hefir lengst af verið formaður fjelagsins og viljað gera sitt besta til þess að fjelagsskapurinn gæti dafnað“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Gera (einhverju) (góð) skil** (orðtak) Fara með eitthvað eins og vera ber; borða eitthvað með góðri lyst; klára þann mat sem á diskinum er.
- Gera (einhverju) skóna / Gera (einhverju) á fætturna** (orðtak) Sjá *gera því skóna; gera því á fætturna*.
- Gera sér dælt við (einhvern) / Gera sér títt við (einhvern)** (orðtak) Sækja í samvistir við einhvern; vilja vera með einhverjum. „Hann er víst farinn að gera sér nokkuð títt við heimasætuna á næsta bæ“. „Þú skalt ekki gera þér of dælt við nautkálfinn; hann getur orðið skeinuhættur þegar hann stækkar meir“.
- Gera sjóklárt** (orðtak) *Sjóbúa* bát/skip; tryggja að allir farviðir séu um borð ásamt öðrum nauðsynjum og að öllu sé tryggilega fest, einkum þegar von er á slæmu sjólagi.
- Gera skammarstrik** (orðtak) Gera það sem ekki má; brjóta af sér; brjóta reglur. Oftast notað um minni háttar afbrot; stundum um hrekkji. „Passaðu nú að krakkinn geri ekki fleiri skammarstrik“!
- Gera (einhverjum) skráveifu** (orðtak) *Gera grikk*; spilla fyrir; hrekkja. „Þessi skúr gerði okkur bölvada skráveifu“. Líklega merkir skrá hér skinn, og gæti orðtakið átt uppruna í ævafornum galdri þar sem skinni var sveiflað til að senda einhverjum bölvun. Sjá *skráveifa*.
- Gera skurk/slag í** (orðtak) Drífa í; taka til við. „Ég ætla að gera skurk í hreingerningum á laugardaginn“. Einnig notað sem upphrópun/hneykslun: „Sá held ég að geri slag í því, *eda hitt þó heldur*“!
- Gera (einhverjum) skömm til** (orðtak) *Skammfæra* einhvern; gera eitthvað þannig að annar þurfi að skammast sín. T.d. sigra í einhverskonar keppni. „Strákurinn stóð sig bara ansi vel í smalamenskunum; ég er hræddur um að hann geri þeim mörgum skömm til sem eru eldri“!
- Gera sprell** (n, hk) Ærslast; grínast; hrekkja. „Nú hafa strákarnir gert eitthvað bölvad sprell í vélinni“!
- Gera stórt / Gera stykkinn sín / Gera þrekk** (orðtak) Skíta; kúka; hægja sér; flytja lögmann. „Nú þarf ég að skreppa bak við stein og gera stórt“. „Hefur nú *kattaróbermið* gert stykkinn sín í heyið“?!
- Gera strandhögg** (orðtak) Fara í ránsferð; sölsa eitthvað undir sig hjá öðrum. Sjá *strandhögg*.
- Gera/setja strik í reikninginn** (orðtak) Breyta því sem áætlað var; breyta niðurstöðunni. „Ég er hræddur um að geri töluvert strik í reikninginn hvað hafa verið mikil afföll af fénu þetta árið“. Vísar til þess að strikaður sé út hagnaður í reikningshaldi.
- Gera stykkinn sín** (orðtak) Kúka; skíta; ganga örna sinna; hægja sér. „Hér hefur *kattaróbermið* gert stykkinn sín í heyið“! „Þessir túristar eru *óþjóðalyður*; vaðandi yfir tún og eigur manna og gerandi stykkinn sín fyrir hunda og manna fótum“!
- Gera til** (orðtak) A. Skipta máli; vera til baga/skaða. „Það hrundi niður í mógröfina, en það gerir ekkert til; ég ætlaði hvort sem er að moka ofaní hana“. B. Verka/gera að veiði/afla; verka veiði/afla þannig aðunnt sé að matbúa hana. „Skatan var gerð til; börðin voru grafin í sand svona vikur til 10 daga, þá tekin og þvegin; söltuð dálítið og geymd sem vetrarforði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). „Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í *snatri* og gert til“ (PG; Veðmálið).
- Gera (einhverjum) til ama/ergelsis** (orðtök) Skaprauna; fara í taugarnar á; pirra. „Ég er viss um að hann er bara að gera þetta mér til ergelsis; hann veit hvað mér er illa við það“.
- Gera (einhverjum) til eftirlætis/hæfis** (orðtök) Gera ánægðan; láta að óskum/duttlungum; láta undan. „Hann *lagði sig mjög fram* um að gera henni til hæfis“.
- Gera (einhverjum) til erfíðis** (orðtak) Auka erfíði einhvers; valda einhverjum fyrirhöfn. „Þeir gerðu mér það til erfíðis að negla aftur kofadyrnar“.
- Gera (einhverjum) til geðs** (orðtak) Þóknast; gera til að þóknast. „Ætli verði ekki að gera þetta honum til geðs“?
- Gera (einhverju) til góða** (orðtak) A. Gera að afla; hausa, slægja og fletja. B. Bæta; bæta úr; laga; fegra; hlúa að. „Kofinn er að verða ári siginn í mæninn. Það veitti ekki af að fara að gera honum eitthvað til góða“.

Gera (einhverjum) til háðungar/minnkunar/skammar/vanvirðingar (orðtök) Gera það sem veldur einhverjum skömm/niðurlægingu/vanvirðingu; niðurlægja einhvern. „Við gerðum þeim það til skammar að hnýta úldinn fisk á niðristöðuna; þeir leggja þá kannski ekki ofaní hjá okkur aftur á næstunni“!

Gera (einhverjum) til hæfis (orðtak) Gera svo líki. „Það er aldrei erfitt að gera þeim lítilláta til hæfis“.

Gera til kola (orðtak) Gera viðarkol úr viðarkurli. Járnframleiðsla var stunduð á landinu frá landnámi og til þess að það fór að flytjast inn. Rauðablástur nefndist sú iðja að framleiða járn úr mýrarrauða, og Einar Jónsson bóndi í Kollsvík mun síðastur hafa stundað hana hérlendis. Ekki verður núna sagt með vissu hvar hann náði í mýrarrauðann, en nóg er af honum í Kollsvíkurmýrum. Ekki er ljóst hvar smiðja hans stóð, eða hvaða eldsmat hann notaði. Þar er um þrennt að ræða: Mó úr Kollsvíkurmýrum, en sérlega hitagæfur mór er t.d. í Harðatorfspytti. Hann gæti hafa notað rekavið eða hris, sem hvorttveggja var nýt sem eldsmat. Eða, sem e.t.v. er líklegt, hefur hann gert til kola einhversstaðar í skóglendi í hreppnum; e.t.v. í Vesturbotni eða við Suðurfossá. Viðarkolagerð var mikið stunduð á landinu, enda nauðsynleg í járnsmíði og til dengingar á ljáum. Þegar gert var til kola var viðurinn höggvinn; kvistaður og kurlaður. Síðan var tekin kolagröf og kurlið látið glóðast í henni, án þess að logaði uppúr. Sjá einnig *rauðablástur*.

Gera til meins (orðtak) Skaða; valda tjóni. „Ég vildi ekki gera honum það til meins að taka hnífinn, þó ég ætti hann sjálfur að réttu lagi“.

Gera til minnkunar (orðtak) Verða til skammar/niðurlægingar/óvirðingar. „Ég geri mér það ekki til minnkunar að gefast upp í fyrstu tilraun“.

Gera til skammar (orðtak) Niðurlægja; verða til minnkunar. „Við verðum að hanga á þessu dálítið lengur; við gerum okkur það ekki til skammar að koma í land með öngulinn í rassinum“!

Gera (einhverjum) til skapraunar (orðtak) Skaprauna einhverjum; ergja einhvern; gera það sem *fer í taugarnar* á einhverjum. „Hann virðist reyna að gera nágrannanum það til skapraunar sem mest hann má“.

Gera til þægðar (orðtak) Gera greiða. „Hann gerði það mér til þægðar að taka með sér úttekt í búðinni“. „Kokkurinn var í hvítum slopp og gerði okkur allt til þægðar,“ (ÆE; Ljós við Látraröst).

Gera tilkall til (orðtak) Gera kröfu til; heimta. „Hann sagðist ekkert tilkall ætla að gera til þessa eignarhluta“.

Gera um sig (orðtak) Um sár; grafa; hlaupa *slæmska* í. „Mér finnst að einhver árin sé að gera um sig í sárinu“.

Gera undir (orðtak) Kúka í rúmið.

Gera upp (orðtak) A. Greiða skuld. „Þegar kom að því að gera upp veðmálið var ekki viðhöfð nein smámunasemi“ (PG; Veðmálið). B. *Hanka* upp færi/vað/slöngu eða annað. „... þá fer að kalda af norðri svo færin eru gerð upp og haldið í land“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). „Árni stöðvaði færið og fór að gera það upp“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Gera upp á milli (orðtak) Velja einn fremur en annan; *gera sér mannámun*. „Þeir eru báðir *hörkugóðir* smalar; ég geri ekki upp á milli þeirra“. „Ég geri ekki upp á milli þessara hrúta hvað bygginguna varðar“.

Gera upp hug sinn (orðtak) Ákveða sig; taka afstöðu/ákvörðun; mynda sér skoðun. „Ég er enn ekki búinn að gera upp hug minn um þetta. Maður *hrasar* ekki að svona ákvörðun“.

Gera upp orð/ skoðanir (orðtak) „Ég ætla ekki að gera honum upp orð, en ég held að meiningin hafi verið þessi“. „Ég kann ekki við að mér séu gerðar upp skoðanir, eins og síðasti ræðumaður gerði“.

Gera upp reyk (orðtak) *Kveikja undir* til reykningar í reykkofa. „Rauðmaginn var etinn nýr; saltaður og reykur. Einnig stundum bara hertur og borðaður *einætur*; helst ef lítið var af honum, svo ekki þótti taka því að gera upp reyk fyrir hann“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

Gera upp við sig (orðtak) Ákveða sig; taka afstöðu. „Þórður Jónsson taldi höfuðatriði að menn gerðu upp við sig kosti og galla sameiningarinnar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Gera uppá bak (orðtak) Kúka svo rækilega í buxurnar/bleyjuna að hægðirnar fari uppeftir baki. Stundum notað í líkingum um þann sem klúðrar málum rækilega.

Gera upptækt (orðtak) Taka í sína vörslu; nema á brott; hirða; *leggja hald á*.

Gera um sig (orðtak) *Færast í aukana*; *grassera*; gerjast; aukast. „Lúpínan er fljót að gera um sig þar sem hún nær fötfestu; og gjörbreyta landslagi og lífríki. Ég vona að sá skratti komi aldrei í Kollsvíkurland“!

Gera um/utanum (orðtak) A. Binda band tryggilega utanum netastein, oftast þá átt við endastein eða *miðmætungsstein*. B. Smíða/girða utanum. „Ætli verði ekki eitthvað að ger utanum garðholuna, ef hún á að verða í friði“.

Gera/valda usla (orðtak) Vera með átroðning; valda tjóni/skaða. „Grasmaðkurinn gerði töluverðan usla“.

Gera úr garði (orðtak) Útbúa; hafa til. „Ég reyndi að gera þetta sem best úr garði“. Upphaflega merkingin er að útbúa mann fyrir ferðalag, t.d. með nesti, fatnað o.fl. Garður merkir þarna heimili.

- Gera úlfalda úr mýflugu** (orðtak) Gera óþarflega mikið úr lítilfjörlegu málefni. „Við skulum nú ekki gera úlfalda úr mýflugu; skaðinn er kannski ekki svona mikill“. Líkingin á sennilega rætur í biblíunni, enda hafa úlfaldar ekki enn tekið land hér. Þaðan er einnig spekin að „sía mýfluguna en svelgja úlfaldann“.
- Gera út af örkinni** (orðtak) Senda einhvern í ákveðnum erindagjörðum. „Hann var gerður út af örkinni með einhverja skoðanakönnun“. „Ég var gerður út af örkinni til að sækja salt“. Vísar til dúfu Nóa í Örkinni.
- Gera út um** (orðtak) Um deilumál/sakir/skuld; ganga frá; semja; komast til botns í; jafna sakir. „Þeir sömdu loks um að taka eina glímu til að gera út um það hvor væri liprari“.
- Gera útrækan** (orðtak) Reka af/burt/frá/út. „Hann heimtaði að nábúinn yrði gerður útrækur af jörðinni“.
- Gera útslagið á** (orðtak) Ríða baggamuninn um; ráða úrslitum. „Þessi harðindavetur gerði útslagið á það að hann ákvað að bregða búi, en lengi hafði það legið í loftinu“. Sjá *útslag*.
- Gera vel við (einhvern)** (orðtak) Vera einhverjum góður; veita einhverjum vel. „Þau tóku á móti okkur og gerðu vel við okkur í alla staði“.
- Gera vart við sig** (orðtak) *Láta vita af sér*; sýna að maður er kominn/mættur. „Þeir komu hér heim á hlað og fóru aftur án þess að gera vart við sig“.
- Gera/gjöra veður úr/útaf** (orðtak) *Æsa sig vegna*; fjargviðrast yfir. „Ég nenni nú ekki að gera veður útaf því að menn stelist í fáeina *eggjakoppa*, svo lengi sem þeir slasa sig ekki á þessu fíkti“. „Í þá tíð var miklu meira veður gjört úr svona hneyksli“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Gera við (eitthvað)** (orðtak) A. Lagfæra; laga. „Það má gera við þessa skemmd“. B. Taka slag í spili (vist/bridds) sem síðastur í hringnum (*íbakhönd*). „Ég ræð ekki við þetta; þú verður að gera við“.
- Gera við (einhverju)** (orðtak) A. Fá rönd við reist; hindra framgang. Stýrir þá alltaf þágufalli. „Ömurlegt er að horfa uppá þessa landeyðingu, en það er víst lítið við þessu að gera“. B. Búast við; gera ráð fyrir. „Ég geri við að þeir fái einhverja fisktitti; allavega nóg í soðið í kvöld“. „Hann gerði við því að verða kominn heim fyrir mjaltir“.
- Gera víðreist** (orðtak) Fara víða. „Þú er víst búinn að gera víðreist síðan þú komst hérna síðast“?
- Gera þarf fleira en gott þykir** (orðtiltæki) Vísar til þess að það er ekki alltaf skemmtilegt/vinsælt/þægilegt sem nauðsynlegt er að framkvæma. „Ég nenni nú varla að fara á þennan fund; en það þarf víst að gera fleira en gott þykir“.
- Gera þarfir sínar** (orðtak) A. Gera það sem nauðsynlega þarf. B. (Algengara) Hægja sér; leysa buxur; tefla við páfa; létta á sér; kúka o.fl. „Nú eru þessir andskotans túristar farnir að gera þarfir sínar í réttarhorninu“!
- Gera því skóna / Gera því á fæturna / Gera að því skóna/skæðin** (orðtak) Reikna með; slá föstu; *ganga út frá því sem vísu*. „Ég bara geri því skóna að búið verði að opna veginn“. „Ég ætla nú ekki að gera því á fæturna að þetta verði svona“.
- Gerandi** (l) Gerlegt; framkvæmanlegt; mögulegt. „Það er varla gerandi að koma bátnum í vagn, svona á háfjöru“. „Heldurðu að það sé gerandi að draga eggin hérna upp“?
- Gerbreyta** (s) Breyta algerlega(m)jögmikið; gjörbreyta. Eflaust er „gjörbreyta“ upprunalegra.
- Gerð** (n, kvk) A. Verkaður; framkvæmd. „Mér var alltaf fremur illa við þessa gerð“. „Söm er þín gerð“. B. Dómur; ákvörðun; fundarniðurstaða. „Málið var lagt í gerð“. „Gerðir stjórnar skal færa í gerðabók“. C. Gerjun. „Gerðin í brauðinu verður til þess að það *hefast*“. D. Tegund; fyrirkomulag. „Þessi bill var af annarri gerð“. „Flestar voru verbúðirnar sömu gerðar“.
- Gerðabók** (n, kvk) Fundagerðabók; bók sem ákvarðanir stjórna/funda eru færðar/ritaðar í.
- Gerðarlegur** (l) Myndarlegur; viðkunnalegur. „Mér sýndist þetta bara nokkuð gerðarlegur piltur“.
- Gerði** (n, hk) Girðing; hólf; svæði afmarkað af hindrunum. „Framanvið fjósið var úbúið *kálfagerði*“.
- Gerðu/gjörðu svo vel** (orðtiltæki) Kurteislegt ávarp sem venja er að viðhafa þegar maður býður öðrum manni eitthvað; hvort sem það er matur eða annað. Sjá *bjóða*.
- Gerður/hafður að skotspæni** (orðtak) Látinn taka á sig alla sök/ taka við öllum skömmum; skammaður; gagnrýndur. „Fyrir þetta var hann ranglega hafður að skotspæni; allt þar til hið sanna upplýstist“.
- Gerhugull** (l) Mjög athugull/skarpskyggn. „Hann þótti með eindæmum gerhugull og ráðagóður“.
- Gerir ekki boð á undan sér** (orðtak) Um það/þann sem birtist óvænt. „Mundu eftir að setja frostlög á traktorinn. Næturfrostið gerir ekki mikil boð á undan sér“. Sjá *gera boð á undan sér*.
- Gerir gott og klæjar** (orðtak) Finnst eitthvað vera í senn eftirsóknarvert og fráhrindandi. „Víst er hann ánægður með að vera boðin formennska á bátnum. En honum gerir gott og klæjar; hann er alltaf svo *drullusjovéikur* og var búinn að heita því að fara aldrei aftur á sjó“.

- Gerir hvorki til né frá** (orðtak) Skiptir engu; skiptir ekki máli. „Mér finnst að það geri hvorki til né frá þó hann fái að hirða þessar spýtur“.
- Gerjast** (s) Koma gerð í; gerlar farnir að umbreyta; verða áfengt. „Ég er ekki frá því að þessi rabbarasaft sé farin að gerjast töluvert“.
- Gerkunnugur** (l) Mjög vel kunnugur; þekkir mjög vel til. „Á þessum slóðum er ég gerkunnugur“
Upprunalegra er þó orðmyndin „gjörkunnugur“, og meira notuð í máli Kollsvíkinga.
- Gerla / Gjörla** (ao) Ítarlega; alveg. „Ég sé ekki gerla hvort þarna eru tvær kindur eða þrjár“. Báðar orðmyndir heyrðust notaðar í Kollsvík, en þó mun þessi líklega vera þar eldri. „Sést gerla fyrir hleðslu vegkantsins upp brekkuna í Kollsvík“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Gerlegt** (l) Gerandi; framkvæmanlegt. „...ekki þótti gerlegt að draga mennina upp í svartamyrkri...“ (MG; Látrabjarg).
- Gerningahávaði** (n, kk) Ærandi hávaði. „Þá komu yfir okkur tvær orrustubotur; skriðandi með jörðinni; með þessum ærandi djöfulsins gerningahávaða og látum að það söng og hvein í nálægum fjöllum. Það er eins gott að hafa hlaðinn byssuhólkinn með í för, næst þegar maður fer í friðsamlegan spásserstúr“!
- Gerningahríð** (n, kvk) Aftaka stórhrið/hriðarveður. „Það gerði á okkur þvílíka gerningahríð að ég hef sjaldan lent í örðu eins“!
- Gerningamyrkur** (n, hk) Niðamyrkur; óvænt myrkur. „Maður sér ekki handaskil í þessu gerningamyrkri“!
- Gerningaveður** (n, hk) Aftakaveður; óskiljanlega slæmt veður. „Og á skömmum tíma hafði hann skipt úr stilltu veðri yfir í öskrandi byl og sannkallað gerningaveður“.
- Gerningapoka** (n, kvk) Mikil og óvænt/þyk þoka. „Það er að leggja upp einhverja gerningapoku. *Settu á þig vindáttina svo við náum til lands*“.
- Gernýta** (s) Nota til fulls/algerlega. „Til að komast af fyrir á tíð þurfti að gernýta þá lífsbjörg sem í boði var“.
- Gernýttur** (l) Notaður til fulls/upp til agna. „Þar var hver einasti spýtubútur og bandspotti gernýttur“.
- Gerólíkir** (l) Mjög ólíkir. Eldra og algengara er þó „gjörólíkir“.
- Gerónýtur** (l) Algerlega ónýtur; *liðónýtur*; *handónýtur*. „Ég held að þessi blessaður mjaltastóll sé gerónýtur“.
- Gerpi** (n, hk) *Furðufyrirbæri*; *skrípi*; *gimpi*; niðrandi orð um mann eða dýr. „Burt með þetta gerpi“!
- Gerringslegur** (l) Reigingslegur; montinn. Heyrist ekki nú til dags. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Gerræði** (n, hk) Tílræði; glæpsamlegt ráðabrug. „Stefna stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum, síðustu áratuginu, hefur verið hreint gerræði við afkomumöguleika dreifbýlisins“!
- Gersamlega** (l) Algerlega; alveg. „*Sandburður* var svo mikill í Grundarfjöru að Pallasteinn hvarf gersamlega“.
- Gersemi** (n, kvk) Dýrgripur; djásn. „Ætlarðu að *tjasla* við hrífufjandann eina ferðina enn? Þetta er nú engin gersemi lengur“.
- Gersneyddur** (l) Frábitinn; alveg laus við; auður. „Ég er svo gersneyddur allri virðingu fyrir þessu *pumpulíði*“.
- Gerspiltur** (l) Mjög óheiðarlegur/undirföfull. „Svona gerspiltta kóna þarf að uppræta úr stjórnkerfi landsins“!
- Gert er gert** (orðatiltæki) Því verður ekki breytt sem búið er að gera/framkvæma.
- Gervallur** (l) Alveg/algerlega allur. „Það er eins og gervallur fiskur sé horfinn eftir þennan óveðurskafla“.
- Gervilegheit** (n, hk, fto) Þrudmennska; mannkostir. „Þetta er bara gervilegheita kona sem hann hefur náð í“.
- Gervilegur** (l) Myndarlegur; kostum búinn; *gerðarlegur*. „Þótti skaði að missa svo gervilegan mann á besta aldri í þessu hörmulega slysi“.
- Gervitennur / Gervitönnur** (n, kvk, fto) Falskar tennur; tanngarðar úr gerviefnum. „Hvar lagði ég nú gervitönnurnar mínar“
- Gerþekkja** (s) Þekkja mjög vel; gjörþekkja. „Ég gerþekki staðhætti þarna, ekki síður en lófann á mér“.
- Gestakomur** (n, kvk, fto) Heimsóknir gesta. „Gestakomur hafa alltaf verið tíðar í Kollsvík, einkum að sumarlagi. Þó föst búseta sé þar minni nú en áður dregur síst úr trafikinni, þó færri líti í bæinn en áður“.
- Gestalæti** (n, hk, fto) Feimni; óframfærni. „Vertu ekki með þessi gestalæti; hagaðu þér eins og heimamaður“.
- Gestaspjót** (n, hk) Um hegðun katta, sjá; *setja upp gestaspjót*.
- Gestir og gangandi** (orðtak) Fólk almennt; ferðafólk. „Alltaf er hún með tertur og kruðeri sem hún trakterar gesti og gangandi á“. Sjá *fyrir gesti og gangandi*.
- Gestkomandi** (l) *Aðkomandi*; staddur sem gestur. „Einnig Gestur Jósefsson frá Kollsvík; hann var gestkomandi að Hvallátrum og reri þennan eina róður með Erlendi“ (ÖG; Þokuróður).

- Gestkvæmt** (l) Mikið um gesti. „Það var töluvert gestkvæmt hérna á síðustu helgi“.
- Gestrisni** (n, kvk) Góð móttaka gesta; greiðasemi við gesti. „Gestrisni var sjálfsagðari fyrrum en nú er“.
- Geta** (s) A. Vera fær um; afkasta; klára. B. Giska á; geta uppá. „Sumsstaðar þarf að geta í eyðurnar“. C. Segja frá; nefna. „Utantil í mýrinni er lækur; kvísl úr Melanasá er síðar getur“ (ÍH; Örn.skrá Melaness). D. Eignast afkvæmi. „Ég veit ekki til að þau hafi getið fleiri börn“.
- Geta** (n, kvk) Færni; afköst. „Það þýðir ekki að ætla sér meira en getan leyfir“. „Þó hann sé að reyna þetta þá er það engin geta“.
- Geta (einhvers) að góðu einu** (orðtak) Tala einungis vel um einhvern en aldrei illa; minnst einhvers vegna þess sem hann gerði gott/jákvætt.
- Geta/gefa að líta** (orðtak) Sjást; koma í ljós; unnt að sjá. „Þarna gaf að líta stóran fjárhóp“.
- Geta af sér** (orðtak) Fjölga sér; eignast afkomanda/afkvæmi; skapa. „Þegar útgerðin fluttist úr Útvíkum á Eyrar gat hún af sér ýmsa þjónustustarfsemi, sem leiddi til þéttbýlismyndunar“.
- Geta andað léttara** (orðtak) Losna við áhyggjur; laus við spennu/kvíða. „Nú er mesti þurrheyskapurinn frá, og þá getum við farið að anda léttara“.
- Geta átt það til** (orðtak) Henda/ske stundum. „Það er vissara að hefta kúna, hún getur átt það til að sparka fótunni aftur í flór“. „Gummi var lægri og grennri maður en Liði, en kvikur á fæti, ákafa- og dugnaðarmaður, fljóthuga og gat átt það til að vera dálítið fljótfær“ (PG; Veðmálið).
- Geta ekki að því gert** (orðtak) Geta engu um það ráðið; geta ekki breytt framgangi/niðurstöðu. „Ég gat ekkert að því gert þó svona færi; þarna var engu hægt að breyta“.
- Geta ekki á heilum sér tekið** (orðtak) Komast yfir. „Ég get bara ekki á heilum mér tekið að hafa gert þessi mistök“. „... en hún gat ekki á heilli sér tekið árum saman“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms).
- Geta ekki á sér setið** (orðtak) Ráða ekki við sig; láta eftir sér. „Ég gat ekki á mér setið að stríða honum dálítið útaf þessu“.
- Geta/fá ekki betur séð** (orðtak) Komast helst að þeirri niðurstöðu; sjá það helst. „Ég get ekki betur séð en að kindin sé alveg búin að taka undirvaningnum“.
- Geta ekki haldið aftur af sér / Geta ekki hamið/stillt sig** (orðtak) Láta eftir sér; láta flakka. „Ég átti erfitt með að halda aftur af mér með hláturinn þegar ég sá svipinn á honum“.
- Geta ekki litið réttu auga** (orðtak) Vera ekki sáttur við; vera í nöp við. „Mér sárnaði mikið þessi orð, og ég hef ekki getað litið hann réttu auga síðan“.
- Geta ekki orða bundist** (orðtak) Geta ekki þagað (lengur); finna sig knúinn til að tala. „Mér ofbauð svo bullið í karlinum að ég gat ekki orða bundist“.
- Geta ekki tára bundist / Geta ekki varist tárur** (orðtak) Geta ekki annað en tárast/grátið.
- Geta enga björg sér veitt** (orðtak) Vera hjálparlaus; geta ekki bjargað sér. „Mennirnir í bátnum geta því enga björg sér veitt“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *björg*.
- Geta gátu** (orðtak) Ráða gátu. Að geta gátur var vinsælt tómsfundagaman á bæjum í Kollsvík meðan þar var nokkuð fjölmenni. Slíkt lagðist nær alveg niður með tilkomu sjónvarps.
- Geta hvorki hreyft legg né lið** (orðtak) Geta ekkert hreyft sig; vera þvingaður fastur. „Ræsið var svo þröngt að ég hefði ekki getað hreyft legg né lið hefði ég reynt að skríða í gegnum það“.
- Geta/giska í eyðurnar** (orðtak) Ráða í merkingu þess sem sagt er á óljósan hátt.
- Geta í hvorugan fótinn stigið / Geta í hvoruga löppina stigið** (orðtak) Vera svo ánægður/glaður/montinn/spenntur að maður er á iði. „Ég var yfir mig ánægður með þetta og gat í hvorugan fótinn stigið af eftirvæntingu“. „Hann gat í hvorugan fótinn stigið af monti yfir þessum árangri“.
- Geta (ekki) litið (einhvern) réttu auga** (orðtak) Sýna einhverjum tortryggni; vera einhverjum sár/móðgaður/reiður. „Ég hef ekki fyllilega getað litið hann réttu auga síðan hann nappaði af mér hnífnum“.
- Geta/fara nærri** (orðtak) Giska rétt; vita. „Þú getur nærri um það, hvort ekki var farið að síga í mig“!
- Geta sagt sér sjálfur** (orðtak) Geta ímyndað/hugað sér; vita. „Ég hefði svosem getað sagt mér það sjálfur að þetta gæti gerst“! „Hann hefði nú alveg getað sagt sér þetta sjálfur; óttaleg skammsýni er þetta“!
- Geta sér gott orð / Geta sér góðan orðstír** (orðtak) Vinna sig í álit; vinna sér til frægðar. „Ungmennafélagið Von á Rauðasandi hafði getið sjer góðan orðstír og hafði hylli allra“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi). „Magnús Ólafsson frá Botni var lengi með þessa ýtu og gat sér gott orð fyrir afköst og verklagni“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

- Geta sér til um** (orðtak) Giska á. „Það má svo reyna að geta sér til um hvernig Kollur hefur bjargast á land úr sínu strandi á Arnarboða forðum tíð“.
- Geta sig hvergi hrært** (orðtak) Geta ekki hreyft sig; komast ekki áfram. „Ég er hérna lokaður inni í horni og get mig hvergi hrært“.
- Geta sjálfan sig séð** (orðtak) Geta litið í eigin barm; geta sett sig í sporin. „Mér fannst slæmt að komast ekki með ykkur í róðurinn, en konan var lasin og enginn til að mjólka. Það getur hver sjálfan sig séð í því“.
- Geta sjálfum sér um kennt** (orðtak) Eiga sjálfur sök á. „Hann getur sjálfum sér um kennt ef afföll verða af fénu þarna í Bjarginu; hann hefur alltaf sett öll lömb á af þessum slóðum“!
- Geta trútt um talað** (orðtak) Geta tjáð sig af reynslu. „Hann getur trútt um talað þegar hann varar við að fara þennan gang. Þar hrundi undan honum í fyrra“.
- Geta trútt um talað** (orðtak) Tala af reynslu. „Það er best að hann segi þér frá þessu; hann ætti að geta trútt um talað, sem lenti sjálfur í þessu“.
- Geta um (eitthvað)** (orðtak) Minnst á eitthvað; nefna eitthvað. „Hann gat ekkert um þetta við mig“.
- Geta um frjálst höfuð strokið** (orðtak) Vera frjáls/ laus við skyldur.
- Geta uppá** (orðtak) Giska á; ráða í. „Þessu hefði ég aldrei getið uppá“.
- Geta varla haldið vatni yfir (einhverju)** (orðtak) Vera eftirvæntingarfullur/óþreyjufullur. Afbökun á orðtakinu *mega varla/vart vatni halda*.
- Geta öngva björg sér veitt** (orðtak) Vera bjargarlaus/ósjálfbjarga. „Ég sá að ég var kominn í sjáfheldu og myndi enga björg mér geta veitt, fyrr en þeir köstuðu til mín lásbandinu“.
- Getast að** (orðtak) Líka við; falla við. „Mér gest ekki alveg að þessum vinnubrögðum þingsins“.
- Getgátur** (n, kvk, fto) Ágiskanir; tilgátur. „Það voru uppi ýmsar getgátur um þetta“.
- Getsakir** (n, kvk, fto) *Rikti*; ósönnuð sök; illt umtal. „Í Sjöundármálinu var fólk borið getsökum, að því er virðist, og rannsókn málsins hefði varla staðist nútíma kröfur um vndða málsmeðferð“. „Ég ætla ekki að hafa uppi neinar getsakir um þetta“.
- Getspakur** (l) Sannspár; getur rétt til. „Hann reyndist nokkuð getspakur í þessum efnum“.
- Gettu (nú/bará) hvað!** (orðtak) Stundum notað í byrjun setningar af þeim sem er íbygginn/ vill byggja upp spennu hjá viðmælanda.
- Getulaus** (l) A. Hefur ekki bolmagn/fjármuni. „Hann reyndist alveg getulaus þegar gengið var eftir greiðslu“. B. Ekki fær um að geta börn. „Karlinn var ekki alveg getulaus, þó kominn væri á efri ár“.
- Getur brugðið í báðar áttir / Getur borið til beggja vona** (orðtak) Getur farið á báða vegu; getur versnað eða batnað. „Hann er frekar að lagast eftir áfallið, en þeir segja þó að enn geti brugðið í báðar áttir með framhaldið“. „Þegar veður var tvísýnt gat borið til beggja vona að dagurinn yrði til enda tryggur, en oftast þó sá róðurinn sem farinn var“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Getur hver sjálfan sig séð (í því)** (orðtak) Getur hver sett sig í þau spor; hægt að ímynda sér eigin viðbrögð. „Þetta var alveg óþolandi aðstaða hjá honum; það getur hver sjálfan sig séð í því“.
- Getur tekið af gamanið** (orðtak) Getur orðið alvarlegt/slæmt. „Það er ekkert að því að dóla hérna í röstinni í svona veðri, en ef hér stendur stíft fall undir hvassan norðanvind; þá getur nú tekið ef gamanið góði minn“!
- Getur trútt um talað** (orðtak) Sjá *má trútt um tala*.
- Gey** (n, hk) Grey; gæluorð þegar talað er til barna. „Komdu nú geyið mitt; þú þarft að fara að háta“.
- Geyma sér sjóveður** (orðtak) Draga það að fara á sjó þegar *gefur*. Eftirfarandi heilræði er það sem *hvað* oftast er haft um hönd í Kollsvík: „Það hefur aldrei þótt ráðlegt að geyma sér sjóveður“.
- Geymdu ekki til morguns það sem þú getur gert í dag** (orðatiltæki) Auðskilin speki hins hagsýna, sem oft vill gleymast hinum værukæra. Honum stendur e.t.v. nær önnur speki; *frestur er á illu bestur*.
- Geymisskór** (n, kk) Pólskór; klemma, oft úr blýi eða kopar, til að festa rafleiðslu á pól rafgeymis. „Geymaskór“ í fleirtölu.
- Geymissýra** (n, kvk) Rafgeymasýra; blönduð *brennisteinssýra* sem notuð er á blýrafgeyma. „Það hafði hellst geymissýra niður á mig þegar ég var að bera geymirinn. Mig sakaði ekkert, en þegar ég hátaði sá ég að bómullarnærbuxurnar höfðu gufað upp að framanverðu. Í raun höfðu þær breyst í sprengibómull, eins og notuð er í skotfæri“.
- Geymslubragð** (n, hk) Fúkkabragð; óbragð. „Árans geymslubragð er nú komið af þessu súkkulaði“.

Geymsluckytra (n, kvk) Lítil geymsla. „Ekki voru húsakynnin stór; aðeins eldhús; lítið herbergi innaf því; auk geymsluckytru“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Geymt en ekki gleymt (orðtak) Verður munað/fest í minni til síðari tíma. „Hann losaði stígvélið af króknum í rólegheitum; beitti hann og renndi aftur; þegjandi og hljóðalaust. Þetta atvik var geymt en ekki gleymt“.

Geysa (s) Þjóta; herja; dynja á. „En svo er það hinn svipurinn. Veður geysa af hafi. Brimið er stórkostlegt“ (KJK; Kollsvíkurver).

Geysifjöldi (n, kk) Mjög mikill fjöldi; akur; stappa. „Það var geysifjöldi af netum innmeð öllum Hlíðunum“.

Geysiharður (l) Um straum; hlut; vetur o.fl; mjög harður. „Straumur getur orðið geysiharður útmeð öllu Bjarginu, en þó einkanlega fyrir Tangana“.

Geysilega (l) Mjög; afar. „Tengdamóðir mín sagði að hér í Kollsvík hefði verið geysilega mikið notað af fugli úr Bjarginu“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Geysilegur (l) Mjög mikill. „Báturinn reis að aftan og hallaðist mikið í bak, svo við lá að hann tæki sjó um bátrúmið; svo tók hann geysilegt hlaup“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Geysimikill / Geysistór (l) Mjög mikill/stór. „Þetta er geysimikill bátur“.

Gifta (s) Gefa mann og konu saman í hjónaband. „Þá fór ég að Kvígindisdal og við Jóna giftum okkur í Sauðlauksdal. Séra Gísli Kolbeins gifti okkur í stofunni í gamla húsinu“ (IG; Æskuminningar).

Giftudrjúgur (l) Til mikillar gæfu; bætir heppni/lán. „Það hefur ekki reyns neinum giftudrjúgt að æða af stað án þess að gá til veðurs; hvorki til róðra né langferða“.

Giftur (l) Gefinn maka með vígslu. „Eitt sinn var ég giftur, og átti konu og bú/ á öllu slíku var þá mikill kraftur./ En fjadinn kom í spilið og farin er hún nú;/ ég fer víst ekki að byrja á slíku aftur“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Giftusamlega (l) Farsælega; vel. „Þá er þessari frásögn um björgunina að verða lokið. Hér tókst giftusamlega til. Enginn varð fyrir alvarlegu slysi, þó oft væri mjórra muna vant“ (SbG; Að vaka og vinna).

Giftusnaður (l) Ólánsamur; ógæfusamur. „Hann hefur verið frekar giftusnaður í kvennamálunum“.

Gikkfastur (l) Alveg fastur; pikkfastur. „Skotið sitursvo gikkfast í hlaupinu að ég næ því ekki úr“. Líklega ekki gamalt í málnu.

Gigtarfjandi (n, kk) Slæm gikt. „Fallega lætur hún við mig núna, gigtarfjandinn“.

Gigtarflog / Gigtarkast / Gigtarstingur / Gigtartak / Gigtarverkur / Gigtveiki. Verkjakast vegna gigtar, en til gigtar var ýmislegt flokkað áður sem fengið hefur önnur nöfn nú, s.s. brjós-klos og önnur hryggjarmein. Margt af því skapaðist eflaust af vinnuhörku og misjöfnum rúm-fletum; og ekki var vekjalyfjum fyrir að fara.

Gikksháttur (n, kk) Sérviska; *fyrirtektir*. „Vertu ekki með þennan gikkshátt og skelltu þessu í andlitið á þér“.

Gikkislegur (l) Eins og gikkur/sérvitringur. „Vertu nú ekki svona gikkislegur og smakkaðu á þessu!“

Gikkur (n, kk) A. Pinni til að hleypa skoti af byssu. B. Sérvitringur; vandlátur á mat. „Þú ert óttalegur gikkur ef þú vilt ekki einusinni smakka signu grásleppuna“. „Þetta er nú bara *gikksháttur* í honum“.

Gil / Gilfarvegur (n, hk) Djúp vatnsrás. Frá fornu fari merkir orðið farveg sem vatn hefur skorið í umhverfi sitt; sbr Gilið á Láganúpi, sem stundum er nefnt Hólagil; Ytragil þar fyrir utan; Sandagil (Sangdgil) milli Blakks og Núps; Lynggil, neðan Keldeyrardals; Flókagil og Hafnargil í sunnanverðum Breið.

Gilbarmur (n, kk) Bakkar gils. „Kartöflugryfjan var grafin inn í gilbarminn“.

Gildi (n, hk) A. Verðmæti; merking; innihald. „Svona loforð hefur lítið gildi ef efndirnar eru engar“. „Þetta er það sam gefur lífinu gildi. B. Veisla. Sbr gildaskáli; reisugildi. C. Félag iðnaðarmanna í Evrópu fyrrum. Finnur Thorlacius frá Saurbæ var um tíma í gildi trésmíða meðan hann dvaldist þar sem farandsmiður.

Gilding (n, kvk) Áfella/styrking; það sem sett er á hlut til að styrkja hann. „Hvalbein voru eftirsótt í hlunna, enda renna bátar vel á þeim. Þegar lítið var um hvalbein voru notaðir hlunnar úr tré, en ofaná þá var felld flis úr hvalbeini; svokölluð gilding. Þá var stundum fellt hvalbein á þann hluta borðstokks sem árin lék á; einnig nefnt *þrælka*.

Gildingshlunnur (n, kk) Hlunnur til sjósetingar á báti, gerður úr tré en með flis/stykki af hvalbeini á slitfletinum, til að auka endingu og til að báturinn renni betur á hlunninum. „Þegar ég rótaði í sandfylltri tóft á bak við Afakofann í Láganúpsfjöru, kringum 1970, fann ég m.a. forna heimasníðaða reislu úr járn; einn vaðarstein og einn gildingshlunn. Líkast til allt frá Grími Árnasyni. Reisluna fékk Guðrún Grímsdóttir; vaðarsteinninn er enn á Láganúpi, en hlunnurinn fór á Byggðasafnið á Hnjóti“ (VÖ).

Gildingsfiskur / Gildingur (n, kk) Fiskur af ákveðinni stærð/þyngd sem er gild verðeining í viðskiptum. Geur verið eitt af eftirfarandi: A. Flattur þorskur sem er alin að breidd um þunnildin. B. Þorskur sem vegur 16

- merkur hausskorinn og slægður. C. Þorskur sem vegur 4 merkur (1 kg) hertur. „Sex fjórðungar af blautum hákarli í fjöru samsvöruðu tólf gildingsfiskum“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Gildingur** (n, kk) A. Fleða/flís úr hvalbeini sem felld er á slitflöt til að varna sliti. Slíkir gildingar voru notaðir m.a. á *gildingshlunna* og á *steinbítsgogga*. B. *Gildingsfiskur* (sjá þar).
- Gildir einu** (orðtak) Skiptir ekki máli; kemur niður í sama stað. „Það gildir mig einu hvort þú greiðir þetta með peningum eða ávísun“.
- Gildir einu hvaðan gott kemur / Sama er hvaðan gott kemur** (orðatiltæki) Maður tekur því góða, sama hver gefandinn er.
- Gildleiki** (n, kk) Sverleiki; þykkt; þvermál. „Rósinkrans sagði að álarinn á Rauðasandi væru að gildleika eins og mannshandleggur. Kransi var mikill fræðimaður, en sumir hafa dregið þetta í efa“.
- Gildna undir belti** (orðtak) Um kvenmann; verða ólétt. „Hún er farin að gildna allmjög undir belti“.
- Gildrag** (n, hk) Grunnt/stutt gil. „Framanvið Startjarnir eru gildrög úr nokkrum áttum að dalbotninum“.
- Gildrulagning** (n, kvk) Það að leggja gildir fyrir veiðidýr/bráð. „Músagangur var eilíft vandamál í Gjöggraverslun. Jónsi velti því stundum upp að kvikindin yrðu til úr engu; í þeim eina tilgangi að gera bölvun. Það var eins og hvorkidygðu til eilífar viðgerðir og þéttingar á húsunum né sífelld gildrulagning“.
- Gildur** (l) A. Sver; mikill að þvermáli; gildvaxinn. „Þetta er nokkuð gildur trjábólur“. B. Í gildi; að fullu marktækur; trúverðugur „Þetta er fullgild kvittun“. „Hann sagðist hafa góða og gilda afsökun“. „Hver gildur bóndi þarf að leggja til mann í fjallgöngur“.
- Gildur bóndi** (n, kk) Í dag er orðið notað yfir bónda sem er jarðeigandi og hefur nokkur umsvif. Fyrir á tíð merkti orðið *þingfararbónda*.
- Gildur fiskur** (orðtak) Verðeining fyrir á öldum. Gildur fiskur er eitt kíló af *skreið* og tveir gildir fiskar jafngilda einni *alin* (sjá *álnir vaðmáls/ búalög*).
- Gildvaxinn** (l) Þrekinn; feitur; í góðum holdum. „Marínó í Tungu var nokkuð gildvaxinn og samanrekin, en léttari mann hef ég ekki dregið í bjargsigi; kæmi hann fótum einhversstaðar við til að létta dráttinn“.
- Gilja** (s) Sænga með; komast yfir; tæla. „Hann sagðist hafa giljað þær ófáar, á sínum skólaárum“.
- Giljóttur** (l) Með mörgum giljum. „Tákninn er sérkennilegur múli; giljóttur og gróðursnaður“.
- Gillemoji** (n, hk) Safnorð með óvissan uppruna og aldur; notað um óskilgreindan hóp eða safn hluta. „Túristaskrattarnir höfðu skilið hliðið eftir opið, og bæði kálfahyski og túnrollur voru ekki sein á sér að nýta það. Ég hljóp til og rak allt heila helvítis gillemojið útaf með það sama; og túristahyskið með“!
- Gimbrakofi** (n, kk) Hús/kofi fyrir gimbrarlömb/gemlinga. „Fjárhúsin voru tvö, auk gimbrakofa, og stóðu þau niður við sjó“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Gimbur / Gimbrarlamb** Lamb af kvenkyni. „Venja er að tala um gimbur fram á næsta vetur eftir burð, en síðan *gemling*; veturgamla á eftir veturinn; *tvævetlu* eftir þann næsta og síðan þriggja vetra; fjögurra o.s.frv“.
- Gimpi** (n, hk) *Gerpi*; auli; skrípi. Styttning úr *himpigimpi*. „Alltaf er hnn samur við sig, þetta gimpi“!
- Gin** (n, hk) Kjaftur; *hvoftur*. „Í hvert sinn þegar karlinn nálgast, opnaði hrúturinn ginið og beið þess að hann spýtti *tóbaksslummuni* í mark. Líklega hefur hann verið háður nikótíninu, ekki síður en karlinn“.
- Gina / Ginfjara** (n, kvk) Mjög stór fjara; stórstraumsfjara. „Stærstar verða ginfjörur í góuginunum“.
- Ginheilagt** (l) Alveg/mjög heilagt/ósnertanlegt. „Tóbakspontan var honum ginheilög; hana lét hann aldrei frá sér nema hann hefði tóbaksdós í staðinn. Vasahnífurinn var einnig fast fylgifé“. Í Kollsvík var fremur notuð orðmyndin „ginheilagur“ en „ginnheilagur“ sem annarsstaðar tíðkaðist. Hið einfalda „gin“ er nokkuð örugglega upprunaleg mynd. Orðið á líklega rætur aftur í ásatrú eða trú á náttúruvætti. „Gin“ merkir það sem er mikið/mikilfenglegt, sbr nafnorðið „gin“ og sagnirnar að „gína yfir“; „gína við“, og „ginur“ sem eru miklar fjörur. Ginhelgi er því mikil helgi. Heilagir staðir voru ginheilagir, og goð ginheilög. Staðir sem ekki voru viðurkenndir sem heilagir, þrátt fyrir vilja einhvers, voru *skinheilagir/skinhelgir* (sjá þar).
- Ginhelgi** (n, kvk) Mikil helgi. Sjá *ginheilagt*. „Ég skil nú ekki að það sé svo mikil ginhelgi á þessu að engu megi breyta“!
- Ginklofi** (n, kk) Ungbarnastífkrampi. Sjúkdómur sem orsakast af gerli í jarðvegi og olli miklum barnadauða sumsstaðar á landinu áður fyrr, þar sem ekki var sýnt nægt hreinlæti, einkum við fæðingar. Var einkar skæður í Vestmannaeyjum fram á miðja 19. öld. Veldur krampa og m.a. stífleika í kjlakaliðum dýra og manna og skemmdum á miðtaugakerfi.
- Ginna** (s) Lokka; fá til með gilliboðum; tæla; *beita brögðum*; *leika á*. „Mér tókst að ginna kálfinn innfyrr með ilmandi nýrri töðu“.

- Ginningarfífl** (n, hk) Einfeldingur sem lætur ginnast. „Ekki ætla ég að vera þeirra ginningarfífl“.
- Ginnkeyptur** (l) Auðfenginn; áfjáður; áhugasamur. „Ég er nú ekki ginnkeyptur fyrir þessháttar óþarfa“.
- Girða af** (orðtak) Aðskilja með girðingu. „Um miðja síðustu öld var reynt að girða Breiðinn af, þannig að sauðfé kæmist ekki í hann“ (HÖ; Fjaran).
- Girða sig** (orðtak) Ganga þannig frá fötum að skyrta sé ofan í buxum; loka lokuð og axlabönd/belti fest á réttan hátt. Í líkingum notað um að hverskonar frágang mála, og stundum bætt við „...í brók“.
- Girði** (n, hk) Upprunaleg merking er viður sem notaður var í þunnum ræmum; sveigður utanum tunnur og önnur ílát til að halda þeim saman. Síðari tíma merking er blikkræma sem gegnir sama tilgangi, auk annars.
- Girðingalykkja** (n, kvk) Virlykkja til að festa girðingarstreng á staur. „Hér er pakki af girðingalykkjum“.
- Girðingastaur** (n, kk) Staur til að halda uppi girðingu. „Girðingastaurar eru af margvíslegu tagi. Í Kollsvík er mikið notað af rekaviði; bæði grannar renglur í sínum sverleika og stærri tré sem eru þá klofin og söguð. Einnig tilbúnir járnstaurar og, eftir tilkomu rafgirðingar, renglur úr plasti og tregleiðandi viði. Í hornstaura þarf gilda boli og góðan frágang, en grennri staura má nota á milli.“
- Girðingarrafíll** (n, kk) Léleg/ónýt girðing; slitu af girðingu. „Kringum Sandahlíðina var lengi girðingarrafíll“.
- Girðingavinna** (n, kvk) Vinna við girðingar. „Ætli við þurfum ekki að fara í einhvörja girðingavinnu þarna“?
- Girni** (n, hk) Upprunaleg merking er þráður úr görnum, sem notaður var m.a. til sauma. Á síðari tímum merkir orðið nælonþráð sem notaður er m.a. í veiðarfæri.
- Gisbentur** (l) Um bát; langt á milli banda. Bátar eru að jafnaði veikari eftir því sem þeir eru gisbentari, en um leið léttari. Þetta fer þó eftir þykkt og efni bandanna.
- Gishærður** (l) Þunnhærður. „Maður er nú orðinn dálítið gishærður á hvirflinum“.
- Gisinn** (l) Dreifður; strjáll; með bilum á milli. „Báturinn er orðinn gisinn á að liggja svona lengi á þurru, en hann verður fljótur að þetta sig þegar hann kemur í sjó“.
- Gisnegldur** (l) Um bát o.fl.; seymdur/negldur með nokkuð löngu millibili saums/nagla.
- Gista** (s) Sofa; dvelja að næturlagi; vera yfir nótt. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá slátruhúsinu“ (PG; Veðmálið).
- Gistenntur** (l) A. Um mann; bil á milli tanna eða tennur vantar. B. Um hrífu; langt á milli tinda, eða tinda vantar. C. Um sög; með fáar tennur á tommuna; búin að tapa tönnum; ekki *þéttentt*.
- Gistipláss** (n, hk) Rúm/herbergi sem maður fær að gista í yfir nótt/nætur. „Þegar þangað kom hafði skólastjórnin pantað gistipláss fyrir okkur“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Gífuryrði** (n, hk, fto) Heitingar; illmælg; þungar ásakanir. „Svona gífuryrði þjóna engum tilgangi“.
- Gífuryrði** (n, hk) Stóryrði; heitingar; hótanir. „Svona gífuryrði hefði betur verið *ósögð*“!
- Gífuryrtur** (l) notar stór/niðrandi orð. „Ég gef skrattanum það að ég hafi verið óþarflega gífuryrtur“!
- Gígðæld** (n, kvk) „Vatnasvæði frostgígs; oft dalur/dæld með víðum og hallalítilli botni; nokkru aðrennslissvæði og oft yfirfalli, þannig að vatnshæð verður takmörkuð í dældinni“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.
- Gill og úlfur** (orðtak) Ljósbrott á himni sem veldur því að við hlið sólar sjást stundum tvær *aukasólir/hjásólir*; sín hvorumegin. Í Kollsvík var talað um að hann *blési út sólir*; að *sólir* væru á lofti, eða að sól væri í *úlfakreppu*. Sú trú er ævaforin að dílarnir séu vættir sem vilja tortíma sólinni. Í Gylfaginningu Snorra-Eddu segir að Úlfurinn Skoll renni á eftir sólu og muni gleypa hana, en Hati Hróðvínarson hlaupi fyrir og vilji gleypa tunglið. Þessu tengist forspá um veður og annað: „*Eigi/sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur á eftir renni*“.
- Gímald** (n, hk) Geymir; stórt rými. „Töllkarlshellir er heljarstór gímald“.
- Gína við** (orðtak) Vera *ginnkeyptur* fyrir; *gleypa við*; langa í. „Það er varasamt að gína við gyllitilboðum“.
- Gína yfir** (orðtak) Einoka; leggja undir sig. „Það er nú óþarfi að gína einn yfir öllu sælgætinu“.
- Gínandi** (l) Blasandi ógnandi/ógnvænlegt við. „Við vorum að draga netin þarna úti í kantinum og þegar okkur varð litið upp var stefnið á þessum *flutningadalli* gínandi yfir okkur á óskrandi fleygiferð“!
- Gínandi loft** (orðtak) Um bjargsig; *húrrandi loft*; loftsig á löngum kafla. „Mér sýnist vera gínandi loft niður á þessa hillu, en þarna er líklega nokkuð þétt af eggjum“.
- Gíra** (s) Aka bíl; aka á mikilli ferð. Eitt af nýyrðum GJH, sem hafa síðan orðið hluti af mæltu máli í Rauðasandshreppi. „Hvur skyldi nú vera að gíra á þessum tíma“? Hús Jónsa á Hnjóti stóð þétt við þjóðveginn þar um.

Gírugur (l) Gráðugur; *lystarmikill*; ákafur. „Féð var gírugt í saltsíldina“.

Gjafafang (n, hk) Fang af heyi sem gengið er með framá jötu og gefið búfé. „Gjafaföng geta verið misjöfn að magni. Ég tók stór föng og því dugðu tæp sex föng mín sem full gjöf, þar sem aðrir gáfu sjö“.

Gjafafé (n, hk) A. Sauðfé sem gefið er fóður í fjárhúsum; ekki fé sem mestmegnis er á útiþeit. B. Verðmæti sem gefið er. „Slysavarnaskýlið var byggt fyrir gjafafé“.

Gjafagrind (n, kvk) Grind sem lögð er yfir hey í jötu til að kindur geti étið, en samt ekki slætt; þ.e. dregið heyið útúr jötnunni og niður á grindur. „Hilmar notaði gjafagrindur nokkuð, og taldi þær gagnast vel“.

Gjafalóa (n, kvk) Hásetaspraka; lítil smálúða. „Gjafalóur voru stofnaðar, sem kallað var; tekinn af þeim haus og sitt flakið hvoru megin af hrygg; þannig að hvorri kápu fylgdi sitt rafabeltið. Kápurarnar voru síðan ristar og hertar. Var þeim skipt á milli hásetanna er öðrum afla hafði verið skipt“ (PJ; Barðstrendingabók).

Gjafalúga / Föðurlúga (n, kvk) Lúga ofanvið jötu hjá kúm eða sauðfé, en í gegnum hana er hey/fóður sett í jötuna. „Gjafalúgur voru við tvær jötur af þremur í gamla fjósinu á Láganúpi, og mátti því gefa um þær beint úr hlöðunni. Ingvar í Kollsvík smíðaði einnig föðurlúgur í fjós sem hann gerði við Kollsvíkurbæinn“.

Gjafatími (n, kk) Tími sem skepnur eru vanar að fá sína gjöf. „Kýrnar standa á öskrum, enda komið töluvert umfram þeirra gjafatíma“.

Gjafmildur (l) Á auðvelt með að gefa; nýtur þess að gefa. „Mér þykir þú gjafmildur á annarra eigur“!

Gjaf tollur (n, kk) Skattur sem *greiddur* var í *fríðu* af lausafé; ekki af fasteign. Hann var greiðsla fyrir minni háttar yfirsjónir og rann til presta og sýslumanna fyrir síðaskipti, en síðar til kóngs. Lagður niður 1877.

Gjafverð (n, hk) Mjög/óeðlilega lágt verð; mjög góð kaup. „Ég fékk þessi stígvél á gjafverði“.

Gjalda gráu fyrir svart / Gjalda rauðan belg fyrir gráan (orðtak) Hefna sín. „Ég skal einhverntíma gjalda honum rauðan belg fyrir gráan, þó síðar verði“!

Gjalda heimsku sinnar (orðtak) Hefnast fyrir heimskulega ákvörðun/ heimskulegan verknað. Sjá *geldur hver heimsku sinnar*.

Gjalda í sömu mynt (orðtak) Hefna sín á líkan hátt og misgert var.

Gjalda keisaranum það sem keisarans er (og guði það sem guðs er) (orðtak) Greiða hverjum það sem hann á tilkall til. Biblíutílvitnun. „Alltaf hækka þeir skattana. En ætli maður verði ekki bara að gjalda keisaranum það sem keisarans er og ríghalda kjafti eins og vanalega“!

Gjalda líku líkt (orðtak) *Launa í sömu mynt*; hefna sín á sama hátt. „Ég held að maður hjálpi honum nú aðeins við heyskapinn; hann er *vís til* að gjalda líku líkt þó síðar verði“.

Gjalda rauðan belg fyrir gráan (orðtak) Hefna sín á einhverjum, jafnvel harðar en tilefni er til. Ekki skal hér fullyrt með skýringu, en hugsanlega vísar þetta til þess að kæfa var geymd í belgjum. Sé kæfan mygluð verður belgurinn grámygluður utan, en þó má e.t.v. borða hana ef mikið liggur við. Hafi innihaldið náð að úldna verður belgurinn rauður útlits og allt óætt sem í honum er. Einnig hefur verið sett fram sú upprunaskýring að rauður belgur merki skinn sem litast hefur rautt af blóði. Sé svo þá er líklegt að grár belgur merki skinn með marblettum og orðtakið vísi því til þess að barsmíða sé hefnt með blóðsúthellingum.

Gjalda skal gjöf við gjöf (en lausung við lygi) (orðatiltæki) Vísar til þess að sá sem lýgur getur átt von á að því sé tekið með óhreinskilni og yfirdrepskap, fremur en hreinskilni og einlægni. Tilvitnun í Hávamál: „Vin sínum/ skal maður vinur vera/ og gjalda gjöf við gjöf./ Hlátur við hlátri/ skyli höldar taka/ lausung við lygi“ (Úr Hávamálum). Maður skyldi vera góður og gjafmildur vinum sínum og eiga með þeim góðar stundir. Lygi kallar á ótryggð.

Gjalda skal líku líkt (orðatiltæki) Maður skyldi koma fram við aðra líkt og þeir koma fram við mann sjálfan. Mildari og víðtækari útgáfa hins fornkvæða; *auga fyrir auga; tönn fyrir tönn*.

Gjalda torfalögin (orðtak) Gera skyldu sína gagnvart þeim sem um er rætt. Líklega á orðtakið rætur að rekja til þess að menn sórust í fóstbræðralag með því að láta blóð sitt drjúpa á/undir sömu torfu. Milli fóstbræðra myndaðist sáttmáli, sem var jafngildur lögum, um gagnkvæma vernd og trúnað. Að gjalda einhverjum torfalögin er því að gera skyldu sína vegna hans; t.d. með hefnd.

Gjalda varhug við (orðtak) Sýna varkárni; vera á verði; gæta sín. „Mér finnst rétt að gjalda varhug við öllum svona gylliboðum“.

Gjaldgengur (l) A. Um verðmæti; gildur sem greiðsla/greiðslumiðill. B. Um mann; fær/gildur í tiltekið verk/verkefni. „Mestu tímamótin um ferminguna voru þau að þá taldist ég gjaldgengur í eggjaferðir“.

Gjalla (s) A. Hrópa; tala/kalla hátt; gagga. „Það voru tvær tófur gjallandi hér uppi á Hjöllunum í nótt“. B. Bera út slúður; segja frá. „Þetta má satt vera, en það er óþarfi að gjalla það *útum allar jarðir*“!

Gjallandi (n, kk) Hávaði; skræk og há rödd. „Skelfilegur gjallandi er í þér drengur“!

- Gjalt** (n, hk) Gjall; brunasori. „Blý úr rafgeymum var brætt upp og mótað í *netablý*. Þurfti að gæta þess vel að bræða við nógan hita til að gjaltið skildi sig vel frá, áður en hellt var í mótið“.
- Gjamm** (n, hk) A. Gelt/glamur í hundi. „Það heyrðist ekki mannsins mál á réttunum fyrir gjammi í hundunum“. B. Háværð tal; kall. „Ég tek ekkert mark á gjamminu í honum“!
- Gjamma** (s) A. Um hunda; gelta. „Á hvað er tíkin nú að gjamma“. B. Um manneskjur; rífast; gjamma/kalla frammí; hrópa hátt. „Ég hlustaði ekkert eftir því sem hann var að gjamma“!
- Gjamma/kalla frammí** (orðtak) Grípa framí fyrir ræðumanni. „Leyfið ræðumanninum að klára og hættið að gjamma frammí“!
- Gjarðajárn** (n, hk) Girði; lélegt járn. „Ekki veit ég *hvurslags* gjarðajárn þeir hafa í skóflur *nú til dags*“. „Veturnir voru einkum notaðir til að renna sér á sleðum eða skautum, en þeir voru úr tré með gjarðajárni að neðan og bundnir með snæri“ (IG; Æskuminningar).
- Gjarn á** (orðtak) *Hættir til*; á vanda til. „Farmallinn er einum of gjarn á að festast í fjórða gir“.
- Gjarnan** (ao) Oft; iðulega; alveg. „Þær komu gjarnan með götóttu pottana sína, kaffikönnurnar og katla og hann hnoðaði og lóðaði í götin og styrkti þetta á allan hátt, svo þær höfðu á orði að þetta væri sem nýtt“ (SG: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Var þá gjarnan skroppið inn yfir háls að Hænuvík“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Þú mættir gjarnan sækja handa mér kaffisopa“. „Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið).
- Gjáarbotn / Gjárbotn** (n, kk) Innsti hluti á gjá. „Efri lásinn er farinn niður gjáarbotninn“.
- Gjáarveggur** (n, kk) Hlið/klettaþil í gjá. Öðrumegin í Strengbergsgjánni eru höfðar og gangaendar, en hinumegin er gjáarveggurinn *standberg*; ofan frá Blakkbrún og niður í Hryggi“.
- Gjárhluti** (n, kk) Hluti af gjá. „Hægt er að komast út í nefið á milli gjárhlutanna, sem nefnast þar Hreggshöfði“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Gjármót** (n, hk) Grunn/ógreinileg gjá í kletta. „Dulan er ógreinilegt gjáarmót heiman Fjarðarhorns“.
- Gjálfra / Gjálpa** (s) A. SkvettastM gutla. „Það gjálpar aðeins við hleinina, en mér sýnist í lagi að leggja upp að henni“. „Það gjálpaðist uppúr fleytifullum vatnsfötunum, svo buxurnar blotnuðu svolítið“. B. Afleidd merking; *sviðra*; bulla. „Honum hættir til að gjálfra um hluti sem hann þekkir lítið til“.
- Gjálfur** (n, hk) Sviður; bull; *endaleyra*. „Hverskonar bölvæð gjálfur er þetta“!
- Gjóa augum** (orðtak) Gjóta/renna augum; horfa útundan sér. „Hann gjóaði augum öðru hvoru á klukkuna“. Sjá *gjóta augum*.
- Gjóla** (n, kvk) Vindur; stífur kaldi. Stundum talað um *hafgjólu* ef vindur stóð af hafi.
- Gjóla** (s) Gera gjólu; vinda. „Eitthvað er hann byrjaður að gjóla af norðri“.
- Gjólukaldi** (n, kk) Kaldi, en þó ekki verulega hvass. „Hann er eitthvað að leggja að með gjólikalda“.
- Gjólusláttur** (n, kk) Óstöðugur kaldi, stundum *tviátta*. „Hann er kominn með gjóluslátt fyrir Blakkinn“.
- Gjósa** (s) Skvetta/þeyta samfellt um stund. „Nú gýs upp í miðjar hliðar á Bekknum í þessum vestansjó“.
- Gjósta** (s) Vinda; þjóta. „Það er farið að gjóstá verulega af austri“.
- Gjóstur** (n, kk) Kaldur þéttingsvindur; golukaldi. Oftast í orðasambandinu *kuldagjóstur*, en einnig var talað um *norðangjóst*; *vestangjóst*; *austangjóst* og *sunnangjóst*. „Það leggur einhvern kuldagjóst gegnum bæinn“.
- Gjóta** (n, kvk) Lítil gjá; sprunga; bil milli stórra steina í urð. „Þarna er gjóta sem hægt er að fara á brún, en það heitir að fara Dulu“ (IG; Sagt til vegar I).
- Gjóta augum** (s) Skondra/skjóta augum; líta útundansér; líta hornauga. „Hann gaut augum á mig um leið og hann sagði þetta“. Sjá *gjóta augum*.
- Gjugga** (s) Hreyfa lítið fram og til baka; gjökta; liða. „Þetta fellur saman ef þú gjuggar því aðeins til“.
- Gjúðra** (n, kvk) Lítil poki. „Gott er að hafa gjúðru í vasanum þegar eggjum er safnað saman í bjarginu, einkanlega í strjálum eggjum og miklum teygingum. Þægilegra er að koma gjúðrunni með sér í þröngri aðstöðu en eggjafötu. Í henni má líka koma *stoppi* á brún til frágangs á eggjum“ (VÖ)
- Gjúga** (n, kvk) A. Kýli; lintroðinn poki. „Troðið betur í ullarballana drengir; þetta eru bévítans gjúgur hjá ykkur“. B. Kaldi; kæla. „Hann er að *leggja upp* einhverja gjúgu“.
- Gjöf** (n, kvk) A. Fóður fyrir búfé; glaðningur fyrir fólk. „Féð verður á *innistöðu* og fullri gjöf í þessu veðri“. „Mikinn þátt í þessu á góð og mikil gjöf, samfara góðri hirðingu o.fl.“ (ÓHE; Fordagæslubók Rauðasands 1930). B. Það sem einhverjum er gefið; t.d. jólagjöf, afmælisgjöf, morgungjöf o.fl.

Gjöfull (l) Gefur vel af sér. „Lending er slæm í Kollsvíkurverri við brimasama strönd en stutt var á gjöful fiskimið“ (ÖG; minningargrein um AK).

Gjögur (n, hk) Klettaskarð. „Lending er þar (í Skor) að sumu leyti góð. Henni er þannig háttað að mjótt gjögur skerst inn á milli tveggja hamraveggja. Gjögur þetta heitir Skorarvogur“ (PJ; Barðstrendingabók).

Gjökt (n, hk) Sláttur; hlaup. „Það er komið eitthvað gjökt í grindina á vagninum; það þyrfti að styrkja hana“.

Gjökta (s) Skrölta, slást til. „Stýrisendarnir á bílnum eru orðnir dálítið gjöktandi“.

Gjör (n, hk) *Fuglager; ger*. Um það þegar fuglar hópast saman í æti yfir seiða- eða sílavöðu í yfirborðinu. „Það *stendur uppi gjör* frammi á miðri vikinni; ég held við ættum setja á flot og reyna að renna í það“. Í seinni tíð var stundum notuð orðmyndin „ger“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Gjör hönd (orðtak) Hönd hagleiksmanns; vandvirkni. „Hann lagði gjörva hönd á margt um sína daga“.

Gjöra (s) Gera. Fyrrum var orðmyndin oftast þessi, þó hún heyrst ekki nú á dögum. „Í þá tíð var miklu meira veður gjört úr svona hneyksli en nú, þó ekki séu nema 45 ár síðan þetta var og sumarið eftir átti systir mín stúlkubarn“ (JVJ; Nokkrir ævifættir). (Stúlkubarnið var Hildur Magnúsdóttir, síðar á Láganúpi). „Almennt mátti ekki heita að skepnur kæmu á gjöf fyrr en um og eftir hátíðir, því kast það er gjörði snemma vetrar varð hér svo vægt að litlu sakaði“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Gjörbreyta/ Gjörbylta (s) Breyta gjörsamlega/algerlega; umblyta. „Skurðirnir gjörbreyttu landslaginu“.

Gjörbreyting/ Gjörbylting (n, kvk) Umskipti; mikil breyting. „Gjörbreyting hefur orðið á atvinnuháttum á svæðinu“. „Gjörbylting varð á útgerð með tilkomu vélbátanna“.

Gjörð (n, kvk) A. Hringur úr flötu efni, til að halda saman t.d. tunnu (tunnugjörð). B. Breið ól/ breiður borði sem liggur undir kvið hests og festir hnakk eða reiðing á baki hans.

Gjörðótt (l) Litur á sauðfé og kúm; dökkt en með hvíta gjörð um miðjan bolinn. (GG afi nefndi það „gjörðótt“).

Gjöreýða (s) Leggja í eyði; útmá; eyðileggja með öllu. „Tófu fjölgar ört þegar hún er ekki unnin. Á nokkrum árum eftir 1990 gjöreýddi vargur múkka úr öllum efstu göngum í Blakk, Hnífum og Breið“.

Gjöreýðing (n, kvk) Algjör eyðilegging. „Gjöreýðing byggða utan höfuðborgarsvæðisins virðist hafa verið í forgangi í atvinnumálum stjórnvalda, a.m.k. síðustu hálfu öldina“.

Gjörkanna (s) Kanna mjög vel; skoða ofani kjölinn. „Ég hef ekki gjörkannað allar heimildir í þessu efni“.

Gjörkunnugur (l) Þekkir mjög vel til; mjög hagvanur. „Á þessum slóðum er ég gjörkunnugur“.

Gjörla (ao) Vel; ítarlega; ofan í kjölinn. „Ég þekki þetta mál ekki svo gjörla, en hef heyrt af því“.

Gjörningamyrkur (n, hk) Svartamyrkur; niðamyrkur. „Þetta er ljóta gjörningamyrkrið; ertu með ljós“?

Gjörningaveður (n, hk) Mikið og óvænt óveður. „Þetta er nú meira gjörningaveðrið, uppúr þurru“.

Gjörningur (n, kk) Gerð; verknaður; samningur. „Ég held að þessi gjörningur hafi verið ólöglegur“.

Gjörnýta (s) Nýta til fulls/eins og kostur er. „Sokkar voru gjörnýttir; stoppað var og stagað meðan unnt var“.

Gjörólikur (l) Mjög frábrugðinn; allt öðruvísi. „Hann er gjörólikur bróður sínum að þessu leiti“.

Gjörónýtur (l) Alveg ónýtur; handónýtur. „Billinn var gjörónýtur eftir veltuna“.

Gjörsamlega (l) Algerlega; alveg. „Það er gjörsamlega útilokað að ég komist í þetta verk á morgun“. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófust nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið).

Gjörsneyddur (l) Algerlega laus við; rúinn. „Hann er algerlega gjörsneyddur allri sómatilfinningu“!

Gjörspilltur (l) Algerlega spilltur/samvískulaus/óheiðarlegur. „Við þurfum að losna við gjörspillta embættismenn, sem eru orðnir svo mosavaxnir í sínum stólum að hvorki þeir né aðrir vita hvaða hlutverki þeir hafa að gegna eða hversvegna þeir voru ráðnir í byrjun“!

Gjörvulegur (l) Myndarlegur; glæsilegur. „Þetta er hinn gjörvulegasti piltur“.

Gjörþekkja (s) Þekkja mjög vel; vita öll skil á. „Hann gjörþekkir alla staðhætti þarna eins og lófa sína“.

Glaðasólskin (n, hk) Mjög bjart sólskin. „Það er bara komið glaðasólskin eftir þessa dembu“.

Glaðatunglskin (n, hk) Bjart tungl og heiðríkt; mikil tunglbirta. „Það var glaðatunglskin og gott göngufæri“.

Glaðbrosandi (l) Gleiðbrosandi; glaður á svip. „Pollinn sagði glaðbrosandi að nú væri komin fullorðinstönn“

Glaðhlakkalega (ao) Með gleðisvip; glaður. „Hún tilkynnti glaðhlakkalega að hún ætti von á pakka“.

Glaðhlakkalegur (l) Kampakátur; glaðlegur. „Hann var nokkuð glaðhlakkalegur yfir þessum málalokum“

Glaðlegur/ Glaðlyndur/ Glaðsinna (l) Glaður í bragði; *liggur vel á*; léttur í lund *að eðlisfari*.

Glaðna fyrir sól (orðtak) Móa fyrir sól; þegar sól byrjar að brjótast í gegnum skýjahulu/dimmviðri. „Svei mér þá, ef hann er bara ekki farinn að glaðna fyrir sól“.

Glaðna til (orðtak) Létta til/upp; birta eftir dimmviðri. „Mér finnst að hann sé nú allur að glaðna til“ .

Glaðna yfir (orðtak) A. Um manneskju; gleðjast; verða kát. B. Um veðurlag; *birta til*; sól brýst fram.

Glaðningur (n, kk) Gleðigjafi; gjöf. „Við þurfum að fara með einhvern glaðning í afmælið“.

Glaðsinna / Glaðvær (l) Geðgóður; léttur í lund. „Hún er alltaf mjög glaðsinna og hefur góð áhrif á aðra“.

Glaður og reifur (orðtak) Glaðvær; fjörugur; kátur; *spilandi kátur*. „Flestir í samkvæminu voru orðnir glaðir og reifir, enginn þó leiðinlega ölvaður“.

Glaðvakandi (l) Alveg/vel vakandi. „Ég var glaðvakandi að horfa útum gluggann þegar ég sá þetta“.

Glaðvaknaður (l) Alveg vaknaður. „Ég var glaðvaknaður fyrir allar aldir og fór að hafa mig til á sjóinn“.

Glampandi logn (orðtak) Svo mikið logn að glampar á sjó, eins og spegil; *svartalogn*.

Glampandi sól (orðtak) Bjart sólskin; glaðasólskin. „Þú skaðbrennur; svona ber í glampandi sólinni“

Glampandi tunglskin (orðtak) Bjart tungl; glaðatunglskin. „Það stírnir á Mýrarnar í glampandi tunglskininu“.

Glampi til hafsins (orðtak) Glenna/ljós/hreinn/eyddur/bjartur til hafsins. Norðanátt í aðsigi, sem lýsir sér fyrst með því að ský hverfa í norðri og heiðskír blettur sést fyrir Blakkinn, ofanvið hafsbrún.

Glamra (s) A. Skrölta; hristast með hávaða. „Mér var orðið svo kalt að það glömrudu í mér tönnurnar“. B. Um hunda; gelta; hafa hávaða. „Í hvað skyldi tíkin núvera að glamra“.

Glamur (n, hk) A. Hávaði; skrölt. „Verið nú ekki með þetta glamur meðan fréttatíminn er, strákar“! B. Gelt í hundi. „Hvaða glamur er nú í tíkinni“? C. Málæði; kjaftæði. „Ég hlusta nú ekki á hvaða glamur sem er“!

Glannabirta (n, kvk) Skær birta; ofbirta. „Ég sé ekkert í þessari glannabirtu“. Orðið „glan“ var þekkt annarsstaðar á landinu yfir mikla birtu í lofti.

Glannafenginn / Glannalegur (l) *Gapalegur*; ógætinn. „Mér finnst hann dálítið glannalegur í klettum“.

Glannakúnstugur (l) Mjög skondinn/furðulegur. „Það kom glannakúnstugur svipur á hann þegar hann áttaði sig á hrekknum“.

Glannalega (ao) Gapalega; óvarfærið. „Farðu ekki svona glannalega með opinn hnifinn“!

Glannasólskin (n, hk) Mjög bjart sólskin. „Skelfing hitnar manni við puðið í þessu glannasólskini“.

Glannaskapur (n, kk) Fyrirhyggjuleysi; ofdirfska. „Hann fékk tiltal fyrir glannaskapinn; það væri ekki annað en bjánagangur og fifldirfska að fara niður á höfðann bandlaus“.

Glannatunglskin (n, hk) Glampandi tunglskin; fullt tungl í heiðskýru veðri að nóttu. „Það var glannatunglskin, og því enginn vandi að rekja slóðina“.

Glanni (n, kk) Sá sem fer ógætlega; *gapi*. „Mér þykir þú vera dálítill glanni með hnifinn“.

Glansandi sólskin (orðtak) Mikið sólskin og heiðríkja. „Maður sólbrennur dálítið í þessu glansandi sólskini“.

Glansderhúfa (n, kvk) Derhúfa með glansandi deri; kasketi. „Þarna var það sem Össur bróðir kastaði nýrri glansderhúfu fram af í misgripum fyrir stein, þegar hann var að grýta fé úr Breiðnum“ (IG; Sagt til vegar I).

Glappaskot (n, hk) A. Mistök; afglöp. „Þetta var ferlegt glappaskot að leggja stöguð net á þessum stað“! B. Skammarskot; skot sem missir marks. „Nú eru komin alltof mörg glapparskot hjá mér; taktu nú við“.

Glappast á/til (s) *Ratast á*; *lukkast til*. „Ég glappaðist á rétta stefnu heim í þokunni“. „Bara að hann gæti nú glappast til að muna eftir skólatöskunni með sér heim“!

Glapræði (n, hk) Afglöp; afleitt úrræði; slys. „Það væri hreint glapræði að fara á sjó þegar svona spáir“.

Glapstigur (n, kk) Villigötur; röng leið. „Þetta tal um Evrópusambandið finnst mér allt vera á glapstigum“.

Glaseygur (l) Rangeygur; drukkinn. „Karlinn var bara orðinn dálítið glaseygur eftir þorablótið“.

Glassúr (n, kk) Sykurbráð. „Glassúrinn á snúðunum fór fyrir lítið í nestisþokanum“.

Glata glórunni (orðtak) Tapa vitinu; ganga af göflunum. „Ertu nú gjörsamlega búinn að glata glórunni“?

Glatkista (n, kvk) Glötun; gleymska. „Ég er hræddur um að þetta sé nú komið í glatkistuna“.

Glatt/kátt á hjalla (orðtak) Góð stemning; gleði/fjör í hóp/samkvæmi/veislu. „Það var jafnan glatt á hjalla þegar Kollsvíkursystkinin komu saman. Auk þess að ræða *landsins gagn og nauðsynjar*; pólitíkina; fræðileg málefni og heimspeki voru sagðar sögur úr fortíð og samtíð; lognar og sannar. Hávaðinn *keyrði* iðulega *um þverbak* og menn gátu aðra stundina lent í *hörkustælum* um eitthvað smáatriði eða hlegið og *skrollað* að öðru“. Orðtakið vísar e.t.v. til fögnuðar þess sem ferðast hefur um fjöll en kemur fram á hjalla og veit þá að

- hann er að komast til byggða. Þá var hóað til að láta vita af komu sinni. Gesti var jafnan fagnað og gæti orðtakið átt við það að farið var á móti gestinum og glaðst með honum á hjallanum.
- Glatt í sinni** (orðtak) Í góðu skapi. „Mönnum var glatt í sinni á þessum hátíðisdegi“.
- Glatta** (s) Slétta; gera glansandi. „Það er til bóta, uppá þrifin að gera, að glatta geymslugólfið“.
- Glámhvítur** (l) Um litarhátt á fé; notað um fé (albinóa) sem er skjannahvitt, með bleikar nasir og bleikt kringum augu. Einnig notað um fólk sem er líkt í litarhætti og jafnvel fleiri skepnur.
- Glámótt** (l) Um lit á sauðfé; svört með hvítan haus; andstaðan við *helmótt*. Notað í Kollsvík í þessari merkingu en annarsstaðar landsins virðist það hafa verið notað yfir það sem Kollsvíkingar sögðu *glámhvitt*.
- Glámskyggn** (l) Sést yfir; ófundvís; óglöggur. „Óttalega ertu glámskyggn; sérð ekki bókina við nefið á þér“.
- Glámskyggni** (n, kvk) Yfirsjón; ónóg leit. „Dauðans glámskyggni er þetta; skærin voru fyrir augunum á þér“!
- Glápa eins og naut á nývirki** (orðtak) Stara/einblína stíft/ í forundran. Vísar til forvitni nauta.
- Glápa (á eitthvað) eins og tröll á heiðríkju** (orðtak) Stara/einblína stíft/ í forundran, án þess að aðhafast. „Þeir stórðu allir á þetta tryllitæki eins og tröll á heiðríkju. Vísar til þess hve tröll þola illa dagsljósið.“
- Glápa/horfa út í bláinn** (orðtak) Horfa á eitthvað langt í burtu; glápa ómarkvisst. „Hvernig í ósköpunum gátu kindurnar farið framhjá ykkur?! Þið hafið annaðhvort verið á kafi í berjum eða bara að glápa út í bláinn“!
- Glás** (n, kvk) Mikill fjöldi; *gomma*; *hellingur*. „Hann á víst einhverja glás af peningum“. Síðari tíma orð.
- Gleðibragur** (n, kk) Glaðlegt yfirbragð. „Ég var hundfúll yfir þessu fermingartilstandi, enda sýnir fermingarmyndin ágætlega þann gleðibrag. Fúlli mannvera hefur líklega ekki verið fest á filmu“.
- Gleðiefni** (n, hk) Ánægjulegt; gott; fagnaðarefni; *skemmtiefni*. „Það er auðvitað gleðiefni að heimta þetta fé“.
- Gleðifrétir / Gleðitíðindi** (n, hk/kvk, fto) Góðar fréttir; fagnaðarfréttir. „Alltaf gott að fá svona gleðitíðindi“.
- Gleðjast/kætast yfir óförum annarra** (orðtak) Um *þórðargleði*; nota ólán annarra sem *skemmtiefni*. Einnig *henda/hafa gaman að óförum annarra*.
- Gleðskaparmaður** (n, kk) Partíljón; hrókur alls fagnaðar. „Ég hef aldrei talið mig mikinn gleðskaparmann“.
- Glefsa** (n, kvk) Kafli úr frásögn; sögubrot. „Ég náði ekki að heyra nema glefsu af því sem hann sagði“.
- Glefsinn** (l) Um hund sem er á það til að bíta fólk eða skepnur. „Varaðu þig á hundinum, hann er stundum glefsinn“. „Það er ófært að hafa svona glefsinn hund í smalamennskur“.
- Gleiðbrosandi** (l) Með miklu brosi. „Hann játaði gleiðbrosandi að hafa farið *bandlaus* á stallinn og til baka“.
- Gleiðgosi** (n, kk) Monthani; vindbelgur; kjaftfor maður. „Það væri þörf á að *stinga uppi* þennan gleiðgosa“!
- Gleiðglottulegur / Gleiðgosaegur** (l) Montinn; *kjaftagleiður*. „Hversvegna ert þú svona gleiðglottulegur á svíp“? „Það er ekki víst að þú verðir svona gleiðgosaegur á landleiðinni“!
- Gleiður** (l) A. Með miklu bili/opi. „Mér finnst alltof gleitt á milli áma á þessari heykvísl“. B. Um þann sem stendur með langt bil á milli fóta. „Þú þarft að standa gleiður og stíga ölduna“. C. Montinn; góður með sig. „Hann var nokkuð gleiður yfir aflabrögðunum hingað til“.
- Glenna** (n, kvk) A. Upprof í ský; sólarglenna. „Mér sýnist að það sé einhver glenna að myndast í vestrinu“. B. Skref. „Þetta er lítill túnbleðill; varla nema örfáar glennur á kant“. C. Skráveifa; hrekkur. „Þeir voru einlæggt að gera karlinum einhverja glennu“.
- Glenna gaupnir/greipar** (orðtak) Fórna höndum. „Maður gat lítið annað gert en glenna gaupnir“.
- Glenna sig** (orðtak) A. Um manneskju; rífa kjaft; þusa. B. Um veðurlag; birta til. „Mér sýnist hann eitthvað vera farinn að glenna sig; kannski hann fari að *þurrka sig* eitthvað“.
- Glenna sig upp (fyrir allar aldir)** (orðtak) Fara mjög snemma á fætur; *rífa sig upp*. „Við erum ekkert að glenna okkur upp fyrir allar aldir á morgun; hann spáir engu sjóveðri“.
- Glenna til hafsins** (orðtak) Glampi/ljós/hreinn/eyddur/bjartur til hafsins. Norðanátt í aðsigi, sem lýsir sér fyrst með því að ský hverfa í norðri og heiðskír blettur sést fyrir Blakkinn, ofanvið hafsbrún.
- Glenna/sperra upp glugga** (orðtak) Skammaryrði um það að opna glugga; hafa opna glugga. „Vertu nú ekki að sperra upp gluggana og hleypa hitanum úr húsinu“!
- Glenntur** (l) Útsperstur; með t.d. fingur, fætur í sundur. „Ég stóð glenntur yfir læknum og vippaði yngri strákunum yfir“.
- Glensfenginn** (l) Spaugsamur; gáskafullur. „Hann gat líka verið glensfenginn ef sá gállinn var á honum“.
- Glepja** (s) Villa um fyrir; blekkja. „Sólin var að glepja mig svo ég sá ekki fjárans hleinina“.
- Glepja (einhverjum) sýn** (orðtak) Villa um fyrir einhverjum. „Sólin var í augun á mér og glapti mér sýn“.

- Glepjast á / Glepjast til** (orðtök) Verða á mistök; *glæpast á*. „Ég glaptist á að kaupa þessa bók, en andskotakornið að það sé nokkuð varið í hana“!
- Gler** (n, hk) Hált svell. Einnig notað með áhersluviðbót; *hálagler*. „Fitin er eitt samfellt gler núna“.
- Gleraugnaglámur** (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem er með gleraugu. „Nú er maður orðinn gleraugnaglámur“.
- Glerfinn** (l) Mjög finn/snyrtilegur. „Þú ert alveg glerfinn í þessum nýju jakkafötum“.
- Glerharður** (l) A. Um hlut; mjög harður. „Það þarf að berja þennan harðfisk mikið betur; það étur þetta enginn svona glerhart“! B. Harðákveðinn; járnharður; einþykkur. „Hann var glerharður á því að róa, þrátt fyrir útlitið“.
- Glerhákarl** (n, kk) *Kviðhákarl*; kviðbeita; kviðlykkja; kæst stykki/beita úr kviði hákarlsins. Glerhákarl er annars eðlis en búkhákarl/skyrhákarl. Hann er yfirleitt brúnn eða hálf-glær áferðar og fremur þurr eða stökkur.
- Glerhált** (l) Mjög sleipt; flughált. „Gáðu að þér á leiðinni; það eru víða glerhálar svellblettir“.
- Glerkúpill** (n, kk) Klerkúla; kúlulaga glerskermur. „Í eldhúsið var sett rafljós með glerkúpli“.
- Glerskeri** (n, kk) Áhald til að skera einfalt gler. Stöng með litlu skerahjóli fremst, úr karbít. Skorin er rispa í glerið í beinni línu; glerið spennt lítillaga og dumpað á það þar til það brotnar um skersárið.
- Gletta** (n, kvk) Hrekkur; *baldni*; óþægð. „Það hindraði þá hinsvegar ekki í góðlátlegum glettum hvors á annars kostnað“ (PG; Veðmálið).
- Glettast við** (orðtak) Bregða á grín/leik við; stríða; bekkjast við; hrekkja. „Þið skuluð nú ekki glettast of mikið við karlinn, strákar; hann kann alveg að launa fyrir sig“! „Eftir að sendingin sem Benedikt Gabríel sendi Einari í Kollsvík hafði gengið að hesti hans dauðum, sem áður er greint frá, glettist hún við hann á ýmsan hátt á heimili hans og gerði þar margskonar glettingar“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Glettilega** (ao) Áhersluorð um magn/mælingu; all-; furðulega. „Þeir voru glettilega fallegir skinnskórnir; svartir með hvítum bryddingum og rósaleppum“ ... „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason afi minn smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru glettilega fallegir askarnir útskornir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Glettingar** (n, kvk, fto) Hrekkir; skráveifur. Sjá *glettast við*.
- Glettinn** (l) Hrekkjóttur; stríðinn; gamansamur. „Kitti í Botni var alltaf hress í bragði og glettinn, bæði við börn og fullorðna“. „Vélarfjandinn í bátnum var glettinn við okkur eins og stundum áður“.
- Glettni** (n, kvk) Gamansemi; gáski. „Alltaf var stutt í glettnina hjá honum“.
- Gleyma sér** (orðtak) A. Gleyma að gera það sem ætlað var. „Þú hefur eitthvað gleymt þér með að setja fiskinn í útvötnun“. B. Vera annarshugar/í öðrum heimi. „Fyrirgefðu að ég gleymdi mér og tók ekki eftir því sem þú sagðir“. C. Dotta; sofna smástund; *þetta útaf*. „Ætli ég hafi ekki gleymt mér yfir sjónvarpsfréttunum“.
- Gleymd er goldin/greidd skuld** (orðatiltæki) Ekki skal rifja upp gamlar skuldir/syndir/ávirðingar ef búið er að bæta fyrir þær.
- Gleyminn** (l) Hættir til að gleyma; farinn að tapa minni. „Maður er svo skratti gleyminn í seinni tíð“.
- Gleymaska** (n, kvk) Minnisleysi; það sem ekki er munað. „Hætt er við að það falli í gleymsku sem ekki er skráð, þegar þeir eru fallnir frá sem vissu“.
- Gleypa í sig** (orðtak) Borða í miklum flýti. „Hann skropp heim, rétt til að gleypa í sig“.
- Gleypa sólina** (orðtak) Ofmetnast; *færast of mikið í fang*; *ætla sér um of*. „Bíddu aðeins hægur; þú gleypir nú ekki sólina“!
- Gleypa (gína) við** (orðtak) Trúa eins og nýju neti; trúa efasemdarlaust því sem sagt er; láta blekkjast. „Kjósendur virðast hafa gleypst við þessu innihaldslausu skrumi, að venju“.
- Gleypugangur** (n, kk) Græðgi; frekja. „Ekki veit ég hvað svona gleypugangur á að *fyrirstilla*“.
- Gleypur** (l) Gleypir í sig; hleypir í gegnum sig. „Jarðvegurinn er þarna svo gleypur að vatnið hleypur í gegn“.
- Glimrandi** (l) Frábært; afbragðs. „Þetta eru glimrandi góðar kleinur“.
- Glingra við** (orðtak) Dunda við; leika við. „Ég skal glingra við strákinna meðan þú hellir uppá kaffi“.
- Gliss** (n, hk) Glampi, glit. „Mér sýndist vera eitthvað gliss inni í rafmagnstöflunni“.
- Glitrandi** (l) Glampanði; sem stírnir á. „Efst á gamla jólatrénu var glitrandi toppur“.
- Glitský** (n, hk) Perlumóðurský; háský sem stundum sjást hátt á lofti við vissar aðstæður. Þau eru mynduð úr ískristöllum ofan heiðhvölsins, í 15-30 km hæð við 70-90°C frost. Skýin geta verið fallega regnbogalituð

vegna ljósbrots í kristöllum þeirra, en þeir eru ýmist úr saltþéturssýrusamböndum, brennisteinssýru eða ís. Helst sjást glitský um eða eftir sólarlag, þegar dimmt hefur í neðri loftlögum. *Silfurský* myndast mun ofar.

Glitta í (orðtak) Sjást örllítið í; glampa á; *móa fyrir*. „Mér sýnist glitta í augun á yrðlingnum inni í holunni“

Glík skulu gjöld gjöfum (orðatiltæki) Sá sem fær gjöf leitast vanalega við að launa hana í sama verðmæti.

Glíma (n, kvk) A. Einvígi tveggja manna sem lýtur ákveðnum reglum; þjóðaríþrótt Íslendinga. Hvor hefur tók á hinum á ákveðnum stöðum sem hann má ekki sleppa, og reynir að fella andstæðing sinn án þess að nota til þess óleyfilegar aðferðir. Byggir á styrk, fimi og útsjónarsemi. Viðurkennd brögð í glímu eru m.a. leggjarbragð; hnéhnykkur og lausamjöldm. Glíma hefur líklega verið stunduð hérlendis frá landnáms tíð, en er í dag skipuleg keppnisíþrótt. Var t.d. þáttur 'starfi ungmennafélaganna, t.d. Vestra í Kollsvík. B. Heitið er notað um viðureignir af hverskonar tagi, þar sem ekki er tekist á með vopnum.

Glíma um sýsluna (orðtak) Athöfn sem virðist hafa verið bundin við Kollsvík, en sennilega mjög gömul hefð þar. „Það var alltaf regla í Kollsvík að þeir sem reru þar í fyrsta skipti í þeirri verstöð áttu að glíma um sýsluna og sá sem féll var útnefndur sýslumaður. Sýslan var fjaran frá flæðarmáli og upp í Syðrikletta sem kallaðir voru. Það var eins og gerðist í þá daga; þá voru hvergi klósett. Þetta svæði urðu menn að nota sem klósett. Svona viðvaningar; nýliðar, þeir áttu að glíma um hver væri sýslumaðurinn; yfirmaðurinn á þessu svæði og annast þrif á því. Innheimta síðan gjald fyrir hvern mann sem notaði svæðið; gengi þar örna sinna“ (GJH; Hálfdrætingur í Kollsvíkurveri).

Gljá (s) Glampa; glóa. „Þá sá mamma gljá á hringinn ofan á þúfunni...“ (Guðný Ólafsd. frá Láganúpi; upptaka Ísmús 1970; um huldufólk á Láganúpi).

Gljá (n, kvk) A. Slétt og víðáttumikið svell; miklir ísar. „Fitin og Leirarnir eru ein samfelld gljá eftir hretið“. „Gættu að þér þegar þu ekur um gljána í brekkunum“. B. Sandfláki á hafsbotni. „Það voru ýmis mið, grynningar og hleinar, sem þótti best að þræða með. Þeir sem lentu á miðjum sandi; „gljánni“, fengu minni fisk“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Gljásvell (n, hk) Mikil hálka; mikið og hált svell. „Þarna er gljásvell, og nokkur halli í því“.

Gljái (n, kk) A. Glans. „Það er nú fljótur að fara af þessu mesti gljánni við notkun“. B. Svell; hálka. „Vegurinn er þarna einn samfelldur gljá á löngum kafla“.

Gljáskúraður (l) Þveginn/skúraður svo glansar. „Þú veður ekki á skítugum skónum inn á gljáskúruð gólfinn“!

Gljúpt (l) Mjúkt; meyr; sundurlaust. „Það er stutt síðan frost fór úr jörð, og því getur verið gljúpt sumstaðar“.

Gloppa / Glompa (n, kvk) Gat; op. „Túnrollurnar komast vel í gegnum þessa stóru gloppu á girðingunni“. „Það er fjandi mikil glompa í netinu eftir hámerina“.

Gloppast (s) Glutrast; glatast uppúr. „Vasahnífurinn hlýtur að hafa gloppast uppúr vasanun hér inni“. „Ég er hræddur um að leyndarmálið hafi óvart gloppast uppúr honum“.

Gloppóttur (l) Götóttur; með miklum eyðum/götum. „Mitt minni er kannski orðið gloppótt í þessu efni“.

Glopra niður (orðtak) Missa niður; glata. „Hvar skyldi ég hafa gloprað niður vasahnífnum“?

Glopra út úr sér (orðtak) Segja meira en ætlað/viðeigandi var. „Ég glopraði því óvart út úr mér“.

Glorhungraður / Glorsvangur / Glorsoltinn (l) Sársvangur; *banhungraður*. „Maður er glorsoltinn eftir sjóferðina“.

Gloría (n, kvk) Mistök; afgangur. „Hún fór kannski sæmilega af stað, þessi ríkisstjórn; en núna gerir hún hverja glóriuna á fætur annarri“! Orðið var einnig notað í þessari merkingu vestra, en virðist þekkt annarsstaðar í merkingunni „dýrðarljómi“ eða „upphæð“.

Glorragangur (n, kk) Fyrirgangur; hávaði; munnræpa. „Ekki vantar glorraganginn í þennan sýslumann“.

Glorralegur (l) *Gassafenginn*; með hávaða/læti. „Skelfing getiði verið glorralegir strákar“!

Glorsoltinn (l) *Sársvangur*; *sársoltinn*; *banhungraður*. „Nú gæti ég þegið að fá nestið; ég er orðinn glorsoltinn“.

Glott (n, hk) Háðslegt/yfirlætislegt/íbyggð bros. „Hvaða glott er á þér núna“?

Glotta (s) Brosa. „Mér varð það á að glotta úti annað, og heldur æstist hann við það“.

Glottaralegur (l) Kankvís; glottuleitur. „Hann var heldur betur glottaralegur þegar hann sýndi hrútin“.

Glotti (n, kk) Svell. Venjulega notað þegar svell var á afmörkuðum stað. „Það var svellglotti undir klettinum í Hænuvíkurbrekkunum“.

Glottleitur / Glottuleitur (l) Kankvís; brosleitur. „Hann var heldur betur glottleitur og hróðugur þegar hann kom með fêð“.

Glóð (n, kvk) Neisti; dulinn eldur. „Það var enn dálítill glóð, þegar ég fór að *kveikja undir* í reykkofanum“.

Glóðvolgur (l) Ylvolgur; skarpheitur; nýr. „Það er sælgæði að fá rúgbrauðið glóðvolgt úr boxinu“.

Glóðarhausvél (n, kvk) Vélargerð sem algeng var í fyrstu trillum, mest milli 1920-30. Einvirkar tvígengis-dísilvélar, 3-80 hö, með glóðarhaus sem þurfti að hita með prímuslampa fyrir gangsetningu.

Glóðarlampaúttvarp (n, hk) Úttvarp sem nýtir glóðarlampa í stað transistora, en þau voru algeng á fyrstu dögum úttvarps. Glóðarlampaúttvörp voru í notkun í Kollsvík fram yfir 1960.

Glóheitur (l) Sjóðandi heitur; mjög heitur. „Passaðu þig á ofninum, hann er glóheitur“!

Glóhitna (s) Hitna mikið. „Það *skíðlogaði* uppúr torfinu og var farið að glóhitna í kofanum þegar ég opnaði“.

Glópaháttur (n, kk) Glópska; bjánagangur; aulaskapur. „Það var auðvitað hreinn glópaháttur í mér að gleyma bensínbrúsanum í landi“!

Glópalán (n, hk) Heppni. „Eitthvað glópalán hefur verið yfir þeim, að lifa þetta af“.

Glópera (n, kvk) Ljósapera með glóþræði úr wolfram. Notaðar til lýsingar til 2015, þegar led-perur tóku við.

Glópska (n, kvk) *Aulagangur*; *rataháttur*; heimiska. „Þetta er meira en lítill glópska“!

Glópur (n, kk) Auli; bjáni. „Stattu ekki þarna eins og glópur; reyndu að hjálpa aðeins til“!

Glóra (n, kvk) A. Skíma; ljós. „Mér sýnist vera einhver glóra uppi á Núpnum“. B. Vit; skynsemi. „Mér finnst ekki minnsta glóra að leggja af stað í þessu útliti“.

Glóra (s) Grilla; sjást móta fyrir. „Aðeins er að minnka bylurinn; það er farið að glóra í ljós norður í Kollsvík“.

Glórolaus (l) A. Sér ekki útúr augum fyrir hríðarbyl. „Það er glórolaus bylur og varla hundi út sigandi“ B. Vitlaust; heimskulegt. „Þetta er gjörsamlega glórolaust, og engin fyrirhyggja“!

Glóruvottur (n, kk) Vottur af skímu/ljósi. „Það sést ekki glóruvottur út um glugga í þessu dimmviðri“

Glósur (n, kvk, fto) Athugasemdir; rósamál; háðsyrði. „Hann vildi ekki deila við verkstjóran en lét hann í þess stað heyrá ýmiskonar glósur og *meiningar* við öll tækifæri“.

Glúða á (orðtak) Maka á; dreifa ótæpilega á (t.d. málningu, olíu o.fl.). „Ætli maður verði ekki að glúða einhverri málningu á þökin“. E.t.v. nýlegt í málinu.

Glufa (n, kvk) Bil; gjá; gjóta. „Ég tróð torfi til bráðabirgða í glufuna við stafninn á kofanum“.

Glugga í (orðtak) Skoða; rýna í. „Gaman er oft að glugga í / gamlar fúnar skræður“.

Gluggabora (n, kvk) Lítill gluggi. Yfir hurðinni á framstafni Mókofans var gluggabora“.

Gluggafiskur (n, kk) Búrfiskur; gatfiskur; fiskvöðvi í kinn *þorskhauss* (sjá þar).

Gluggasylla (n, kvk) Sólbekkur; gluggabílik. „Saggin af rúðunni rann niður á gluggasylluna“.

Glundur (n, hk) Þunnur vökv; þunnt skyr. „Mér list ekkert á þetta glundur sem á að heita súpa“.

Glutra niður / Glotra niður (orðtak) Týna; týna niður. „Fljótt hallaði á verri veg eftir að skólinn glutraðist úr höndum hreppsþúa“. „Vestfirðingum hefur tekist að glotra niður sínum kraftmikla og sérstæða framburði“.

Glúpna (s) Guggna; gefa eftir; sýna veikleika. „Hann glúpnaði og meðgekk hrekkinn þegar á hann var *gengið*“

Glúrinn (l) Séður; útsjónarsamur. „Hann var skratti glúrinn að sjá bestu leiðirnar í bjarginu“.

Glúrni (n, kvk) Útsjónarsemi; sjálfsbjargarviðleitni. „Þessu náði hann fram með einstakri glúrni“.

Glymur/bylur hátt í tómrni tunnu (orðatiltæki) Oftast viðhaft um *gorgeir*/mont; um þann sem talar mikið og/eða hátt um það sem hann hefur litið vit á. Líkingin er auðskilin. Stundum var „oft“ á undan.

Glyrna (n, kvk) Niðrandi heiti á auga. „Hvar höfðuð þið eiginlega glyrnurnar þegar kindurnar hlupu framhjá“?!

Glyrnótt (l) Um lit á sauðfé; *eyglótt*; með dökkkan blett í kringum auga. Glyrnótt var yfirleitt notað ef blettur var á öðru auga, en eyglótt ef blettir voru á báðum augum.

Glysgjarn (l) Gefinn fyrir marglitan/sundurleitan klæðaburð/ mikið skart. „Hrafninn er glysgjarn og safnar oft í laupinn sinn öllu sem fallega glitrar eða hefur skæran lit“.

Glyss / Sólarglyss (n, hk) Glampi; óþægileg birta; bjartur geisli í fjarska. „Skelfing er erfitt að aka á móti þessu sólarglyssi“. „Er einhver að kom innanað? Mér sýndist ég sjá eitthvað glyss uppi á Jökkladalshæð“.

Glýja (n, kvk) A. Ofbirta í augum. „Órar greina annað fátt./ augum hamlar glýja./ Sé ég þó í sólarátt/ síðinn þann hinn nýja“ (JR; Rósarímur). B. Um veðurfar; skammvinnur þurrkur; flæsa. „Það gengur hægt að þurrka hey, þó að geri einhverja glýju inna milli skúra“.

Glýja yfir einhverju (orðtak) Hafa ágirnd á einhverju; sjá ofsjónum yfir einhverju. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Glæða þurrk/vind/golu/gjólú (orðtök) Auka vind, *hreyfa vind*. „Hann er aðeins að byrja að glæða norðangjólú; kannski fari að hýrna eitthvað yfir þurrkinum eftir þessa mollu“.

Glæðast (s) Aukast; hýrna; skána. „Heldur hefur veiði verið að glæðast *uppá síðkastið*“.

Glæfraferð / Glæfracör (n, kvk) Háskaleg/áhættusöm/fiflsdjörf ferð. Þótti mörgum það hin mesta glæfracör; ef hún lánaðist“ (TÖ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þegar í land kom var ég hinn rognasti og lét í ljós við jafnaldra mína að þetta hefði verið hin mesta glæfracör“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Glæfralegt (l) Hættulegt; glannalegt; kæruleysislegt. „Mér fannst þetta afskaplega gæfralegt af honum“!

Glæfraskapur (n, kk) Óvarkárni; hættuspil. „Það er bara glæfraskapur að fara í kletta í svona votviðri“!

Glæfraspil / Glæfracyrirtæki (n, hk) Áhættusamt; teflt á tvær hættur. „Það var glæfraspil að reyna lendingu“.

Glæja (s) A. Móta fyrir; glitta í. „Eitthvað er hann að léttu þokunni; mér sýnist að þarna sé farið að glæja fyrir sólu“. B. Um það þegar glittir í sandbotn í grunnnum sjó. „Við leggjum þegar hættir að glæja á sandinn“. C. Oftast notað um það þegar straumur er svo mikill að færi/net liggur mjög út frá bátnum og þótti ekki mjög veiðilegt. Þá „glæjar“ eða færið/strengurinn „liggur á glæ“. „Þetta liggur allt á glæ hjá okkur“. „Það þýðir ekkert að hanga á þessu þegar færinn eru farin að gljæja svona“.

Glæja fyrir (orðtak) Móa fyrir; móta fyrir; sjást í gegn. „Farðu ekki mikið nær landi; ég sé glæja fyrir Klakknum þarna gegnum þokuna“.

Glæjandi fall / Glæjandi straumur (orðtök) Svo mikið fall að færi og net glæja. „Það er komið glæjandi fall“.

Glænapalegur (l) Illa klæddur; kuldalegur. „Skelfing ertu glænapalegur; fáðu eitthvað utanyfir þig“.

Glænast / Glænepjast (s) Vera illa klæddur úti. „Vertu nú ekki að glænast úti svona úlpulaus“.

Glænapi (n, kvk) Illa klæddur maður; kuldastrá. „Farðu í úlpu drengur; þú ert alveg eins og glænapi“! Líklega hefur þetta heiti upprunalega átt við klökugan fjallstind/klettanef.

Glænýr (l) Alveg nýr; ferskur. „Mikið er gott að fá loksins glænýjan fisk“.

Glæpafyrirtæki (n, hk) Óheiðarlegt fyrirtæki/stofnun. „Ég kaupi ekkert frá því glæpafyrirtæki“

Glæpamennska (n, kvk) Óheiðarlegar aðferðir. „Þetta brask er náttúrulega glæpamennska og ekkert annað“!

Glæpast á (orðtak) Slysast til; *glepjast á*. „Ég glæptist á að kaupa mér þessa hrútleiðinlegu skáldsögu“.

Glær (n, kk) Gamalt heiti um sjó. Á síðari öldum þekktist það eingöngu í orðtökunum *kasta á glæ* og í veiðiskap um að *standa á glæ*. Einnig í sögninni að *glæja* sömu merkingar“.

Glær (af kulda) (l) Þegar húðin verður hvítleit af kulda. „Búðu þig betur barn, þú ert glær í gegn og skjálfandi!“

Glæra (n, kvk) Klammi; klakabrynja; ísing. Vegurinn er ein glæra alla leiðina; endilega gættu að þér“!

Glærahálka (n, kvk) Mjög sleipt; slétt, sleipt svell. „Gáðu að þér! Það er glærahálka á leiðinni“.

Glærasandur (n, kk) Sandlæna/sandblettur í grunnnum sjó. „Það þýðir ekki að leggja netin hér fram á glærasand; þau verða þá fljót að fyllast af drullu. Við þurfum að stytta strenginn“.

Glæringar (n, kvk, fto) Eldingar; *ljósagangur*. „Það eru feikna glæringar að sjá inn yfir hálsinn“.

Glæsibragur (n, kk) Prúðmennska; viðhöfn; þrjál. „Mér fannst lítill glæsibragur á svona framkomu“.

Glæsikerra (n, kvk) Glæsilegur/finn bíll. „Hafi þetta verið glæsikerra þá er það örugglega liðin tíð“.

Glæsilegur (l) Mjög fallegur/virðulegur. Oft í hæðnistóni eða neikværi merkingu: „Þetta er glæsileg *uppákoma*, eða hitt þó heldur“! „Mér fannst alveg hræðilegt að heyra þetta um Jón./ Ég hrifin var svo fjarskalega af honum./ Nei það var ekki glæsilegt að gera úr okkur hjón/ fyrst greyið hafði ofnæmi fyrir konum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Glæta (n, kvk) Skýjarof. „Það er nú einhver glæta í norðrinu sýnist mér“.

Glætuvottur (n, kk) Örlítill bjarmi; smá skíma. „Ein hver glætuvottur sýnist mér nú kominn til hafsins“.

Glöðum til gamans (orðtak) *Skrattanum til skemmtunar*; öfugmæli, til lítillar skemmtunar. „Í þriðja sinn grenjaði sig þarna tófa rétt fyrir aldamótin, en þágiltu önnur log og fjölskyldan var oll að velli lögd. Sumt af dýrunum var þá farið að hafast við heima í húsum í Kvígindisdal, glöðum til gamans, því þar bjó þá fræg refaskytta“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Glögglega (ao) Greinilega; skýrt. „Mátti glögglega heyra að honum þótti þetta miður“.

Glöggskyggn (l) *Glöggur*; skarpskyggn. „Ansi varstu glöggskyggn að átta þig á þessu“.

Glöggskyggni (n, kvk) Skarpskyggni; næmni. „Það þarf enga glöggskyggni til að sjá hvert stefnir“.

Glöggt er gests augað (orðatiltæki) Aðkomumaður sér oft hlutina á annan hátt og betur en sá er nær stendur og hefur þá einatt fyrir augum..

Glögg er móðuraugað (orðatiltæki) Enginn sér þarfir barnsins betur en móðir. Einnig; *þunnt er móðureyrað og milt er móðurhjartað*.

Glögg er smíðs augað (orðatiltæki) Vanur smíður er fljótur að meta smíðisgrip og sjá á honum kosti og lesti.

Glöggur (l) A. *Veðurglöggur*, sem merkir skarpskyggn á veður. Fólki var misjafnlega næmt á að lesa úr skýjafari og öðrum veðramerkjum og þannig spá fyrir um væntanleg veðrabrigði og tíðarfar. Sú list hefur verulega tapast úr menningu Kollsvíkinga eftir tilkomu veðurspáa í fjölmiðlum. B. *Sauðglöggur* (sjá þar)

Glöggva sig á (orðtak) Átta sig á; þekkja. „Ég ætla að fara innan um féð og glöggva mig á hvað vantar“. „Skyldi hann ekkert ætla að létta svo maður geti glöggvað sig á miðum“.

Glötun (n, kvk) Tjón; eyðing; hvarf. „Nauðsynlegt er að halda til haga hinu sérstæða fyrri tíðar málfari og lífsháttum og forða því frá glötun“. „Endirinn verður því oft sá að þeir (drykkjumenn) verða algjörlega ósjálfstæðir fjárhagslega og glata þarafleiðandi frelsi sínu og leiða með því glötun og óhamingju yfir þá sem þeir hefðu átt að vera til aðstoðar og ánægju í lífinu“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Gnafinn (l) Öngur; afundinn. „Hann er eitthvað gnafinn yfir veðrinu þessa stundina“.

Gnaud (n, hk) Þytur; vindhljóð. „Lokaðu nú glugganum svo við loskum við þett leiðindagnaud“.

Gnauða (s) Þjóta. „Gat þá orðið all hávær söngur í bænum þegar vindurinn gnauðaði um símalínurnar“.

Gneip (n, kvk) Hönd; hnefi. „Það er ekki hægt að borða fuglinn með hníf og gaffli; taktu bara stykkið og *stýfðu* það úr gneipinni“. „Hann sat bara niðurlútur og horfði í gneipar sér“. „Ekki dugir að sitja bara og horfa í gneipar sér; við þurfum að drífa okkur í verkið“.

Gneypur (l) Álútur; boginn; beygður; niðurlútur. „Fjallið gneypt sem guðvef sólar geisla vafið;/ firrðin dul og draumblátt hafið“ (JR; Rósarímur).

Gníaraháttur (n, kk) Okur; svindl. „Svo virðist sem gníaraháttur Bæjarhöfðinganna hafi verið takmarkalaus“.

Gníari (n, kk) Þrjótur; okrari; svindlari. „Hvað skyldi þessi bölvauður gníari ætla að ganga langt?“

Gnípa (n, kvk) Bjargnibba; tindur; klettadrangur. „Norður af Stapa gengur gnípa fram úr fjallinu; Söðull. Þar er vegur inn í Skor“ (Guðm.Sig; Örn.skrá Rauðasandshr.).

Gnísta tönnum (orðtak) Bíta/núa saman tönnum; oftast í reiði eða sársauka, en stundum í svefni.

Gnoð (n, kvk) Skip; bátur. Oftast í virðulegri merkingu. „Þar koma þeir að; og gnoðin drekkhlaðin *að vanda*“. „Svipur formannsins var á þann veg, að nú skyldi hann og gnoðin sýna listir sínar til hins ýtrasta; enda sjáanlega ærið tilefni“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Heilög goð er heitið á/ höldum stoð að veita;/ brugðið vodarbandi þá;/ brunar gnoðin landi frá“ (JR; Rósarímur). „Helgi þegar hratt fram gnoð/ og hervæddist sinni brók;/ þá skalf hvert einasta sköturoð/ og skarkolinn andköf tók“ (ÖG; glefsur og minningabrot; formannsvísa um Helga Árnason í Tröð).

Gnótt (n, kvk) Nóg; yfirdrifið. „Það var gnótt af snarvitlausum ufsafjanda, en fremur lítið af fiski“.

Gnýjari (n, kk) Nirfill; maurapúki; okrari; sá sem þjarmar að. „Ekki hefði ég ímyndað mér að hann væri þvílíkur gnýjari; að heimta full laun fyrir að bjarga manneskju í neyð“!

Gnýr (n, kk) Stöðugur og ærandi hávaði. „Þú þarft að hlífa heyrninni við þessum gný“.

Gnæfa (s) Skaga; gína; skaga. „Skekín sævar svaka gný/ siglum gnæfa ofar;/ hrika-ræfur hátt við ský/ himinglævu borgum í“ (JR; Rósarímur).

Gnæfandi (l) Sá sem stöðugt gnæfir yfir. „Enn stendur Blakkurinn tignarlegur og gnæfandi fram á röstina“.

Gnægð (n, kvk) Yfrið nægt; yfirdrifið. „Yfirleitt rak gnægð rekaviðar til þess sem þurfa þótti í Kollsvík, en athafnasamir bændur fyrri tíðar fóru þó stundum í rekaviðarferðir á Strandir“.

Gnægtabrunnur (n, kk) Forðabúr; auðlind. „Viða af landinu sóttu menn í gnægtabrunn Útvíknanna“.

Go / Gobara (uh) Afbrigði af hikorðinu „sko“ og upphrópuninni „sko bara“. Iðulega notað, þó *áhöld* kunnir að vera um hvort þetta séu eiginleg og gild orð. „Go; ég skal segja þér...“. „Gobara karlinn! Þetta gat hann“!

Goðgá (n, kvk) Firra; glapræði. „Það er nú ekki goðgá þó við verðum á undan að leggja netin hérna einu sinni“.

Goðorð / Goðorðsmaður / Goði (n, hk/kk) Stjórnsýslueining á þjóðveldisöld. Þungamiðja hennar var höfðingi sem nefndur var goði. Var hann leiðtogi íbúa í sínu goðorði og gætti hagsmuna þeirra, t.d. við uppkvaðningu dóma á héraðsþingum og síðar Alþingi. Í fyrstu snerust goðorðin einkum um mannaforráð. Bændur urðu að fylgja einhverjum goða en gátu valið sér hann; þeir voru þá nefndir þingmenn hans. Síðar urðu þau svæði með landfræðileg mörk. Goðorð voru í fyrstu þrjú í hverri þinghá, en þrjú þing voru í hverjum landsfjórðungi; samtals 36 goðorð, en síðar var bætt þremur við í Norðlendingafjórðungi. Goðinn gat krafist þess að níundi hver bóndi í goðorðinu fylgdi sér til þings; væri þingmaður hans. Goðinn/goðorðsmaðurinn hafði framanaf það hlutverk að stýra blótum, en síðar varð hlutverk hans meira á sviði veraldlegrar

stjórnsýslu. Goðorðin voru persónuleg eign hvers goða; þau gengu í arf og gátu verið seld af hendi. Með tímanum söfnuðust því mörg goðorð undir sama höfðingja. Goðar hófu þá að innheimta skatta af þingmönnum sínum og skipulagið fór að líkjast um margt lénskipulagi Evrópulanda. Goðorð lögðust af þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd, en segja má að sýslumenn og sýslur hafi þá tekið við. Goðorðsmenn eru í hópi forfedra Kollsvíkinga. T.d. feðgarnir í Odda, Jón Loftsson og Sæmundur sonur hans. Jón var talinn valdamesti maður sinnar samtíðar.

Goðumlíkur (l) Yfirnáttúrulegur; í guðatölu. „Sumum þótti Jón Sigurðsson goðumlíkur“.

Gofótt (l) Litur á sauðfé: Dökkt á búk og haus en ljóst á kvið og framundir höku.

Gofr / Gofur (n, hk) Hangs; gauf; dund. „Ég nenni nú ekki þessu gofri lengur“. „Óttalegt gofr er þetta; ætlið þið ekki að klára þetta fyrir kvöldið“?! Báðar orðmyndir heyrðust notaðar, þó gofr væri algengara.

Gofra (n, kvk) Rola; væfla. „Hann stóð þarna eins og gofra og hafði ekki rænu á að stugga við fénu“!

Gofra / Gofrast (s) Gaufa; hangsa. „Þið eigið ekki að vera að gofra í lækjunum þegar þið sækið kýrnar, strákar“! „Ætlaðu að vera að gofrast í allan dag við að fletja þennan eina fisktitt“?!

Gogg (n, hk) Um slátt; snöp; sláttur þar sem lítið er að hafa/ erfitt er að slá. „Afi hélt áfram sínu goggi þar sem hann sá vænlega grastoppa, þó synirnir væru farir að stunda stórtækari heyskap með vélum“.

Gogga (s) A. Um fugl; kroppa í. B. Um fiskveiðar; krækja í fisk með áhaldi, gogg, til að ná honum inn í bátinn. C. Um heyskap; slá gras með orfi og ljá; oft notað í niðrandi merkingu um lítil afköst, en stundum einnig í sömu merkingu og *kroppa*; þ.e. slá á aðþrengdum stöðum eða stöðum sem ekki voru grasgefnir.

Goggur (n, kk) A. Fuglsgoggur. B. Áhald til að færa í fisk og ná honum inni bát. Helstu hlutar goggs eru goggskaft úr tré og oddhvasst goggjárn sem gengur þvert útúr framri enda skaftsins. Sé goggurinn notaður við stinbítveiðar er einnig oft flís/gilding úr hvalbeini hinumegin á fremri endanum, og hann þar kylfulaga; notaður jafnframt til að rota steinbítinn. Lengd goggs fer eftir stærð bátsins; á smábáti er hann oft um 40-60 cm. Netagoggar eru stuttir; rétt þægilegir í greip á manni; notaðir til að greiða fisk úr netum.

Gola (n, kvk) Örlítið meiri vindur en andvari.

Gola (s) Byrja að vinda í hæglaeti; auka andvara. „Það þýðir lítið að rjúka alltaf í land, þó aðeins goli“.

Golfranska (n, kvk) Óskiljanlegt hrognamál; algjört rugl. „Þetta hljómar eins og einhver bölvuð golfranska í mínum eyrum; reyndu að tala skiljanlegt mál drengur“!

Gollurshús (n, hk) Himnu- og fitupoki utanum hjartað.

Golsótt (l) Litur á sauðfé: Ljóst á búk en dökkt á kvið og haus.

Golukaldur (l) Um vind/veðráttu; kaldur andvari. „Þetta er ágætisveður, en nokkuð er hann samt golukaldur“.

Golukast (n, hk) Gola um stundarsakir. „Það var ágætis sjóveður, en gerði smá golukast um miðjan daginn“.

Golusteytingur (n, kk) Kaldi; þéttingshvas vindur. „Það verður árans golusteytingur norður yfir víkina“.

Goluvottur (n, kk) Lítilsháttar gola; andvari. „Það var ekkert að veðri; smá goluvottur, en *daudasjólaust*“.

Golþorskur (n, kk) Stór þorskur; rígaþorskur. „Var það einkum skata og lúða; stórir *golþorskar* og steinbítur, sem veiddist á haukalóð“ (KJK; Kollsvíkurver).

Gomma (n, kvk) *Glás*; *hellingur*; mikill fjöldi. „Þarna var gomma af fólki á ströndinni“. Síðari tíma orð.

Gonna (n, kvk) Smábátur; skekta. „Mér finnst hann sækja nokkuð langt á gonnunni“.

Gopa (n, kvk) Munnur; *munngopa*; *gúll*. „Settu bara lýsið í gopuna á þér drengur, það drepur þig ekki“.

Gopast (s) Flaka frá; gapa; pokast. „Við þurfum að bera nægt grjót á jaðrana á yfirbreiðslunni svo hún gopist ekki upp“. „Ullin er farin að gopast á bakinu á þessari; við þyrftum að losa hana við reyfið“.

Gopi (n, kk) Lítilfjörlegur klæðnaður. „Þessi kjólgopi hlífir þér nú lítið fyrir kulda“.

Goppast (s) Skoppa; hrökkva til; detta. „Hana! Nú goppaðist hnykillin niður og eitthvað undir rúm“. „Ég ætlaði ekki að segja þetta; það goppaðist bara óvart útúr mér“.

Goppast uppúr/útúr (orðtak) Velta uppúr; sagt í ógáti. „Þetta goppaðist bara alveg óvart uppúr mér“.

Gorbragð (n, hk) Keimur af gor (hálfmeltu grasi) í sláturafurðum, en það þykir merki um óvönduð vinnubrögð.

Gordionshnútur (n, kk) Erfitt/illeysanlegt vandamál. „einhver verður að höggva á þennan gordianshnút“.

Vísar til sögunnar um Alexander mikla, sem árið 333 f.Kr var í miðjum klíðum að leggja undir sig heiminn og kom til borgarinnar Gordíon í Litlu Asíu. Þar höfðu menn lengi glímt átt við þá gestþraut sem var óleysanlegur hnútur. Alexander átti einfalt ráð við því, og hjó á hnútinn.

Gorgán (n, kk) Þetta örnefni hefur orðið tilefni umræðna og telja sumir það merkja risa (e: gorgon = ófreskja).

Gorgán er nafn á höfða utanvið Keflavík við Bjarg. „Gorgán er höfði og löng hlein fyrir framan. Gangur er í

Gorgán, en fáir eru sem fara hann“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). Gorgán er einnig heiti á kletti úti í sjó í Breiðavíkurveri. Aðalsteinn Sveinsson, áður bóndi í Breiðavík, nefnir aðra skýringu á heitinu: „Þegar Gorgán stóð uppúr sat oft á honum svartbakur eða hvítmákur; má vera að hann hafi fengið nafnið af garginu í fuglinum“ (AS; Örn.skrá Breiðavíkur).

Gorgeir (n, kk) Mont; raup; *gort*. „Ekki vantar í hann gorgeirinn“!

Gorgeirsseggur (n, kk) Monthani; vindbelgur. „Ég var feginn að þurfa ekki að deila herbergi með þeim gorgeirssegg“.

Gorhljóð (í hrafni) (n, hk) Sérstakt krunk í hrafni, líkist fremur „klunk; klunk“. Var talið vita á votviðri. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Gorkátur (l) Ánægður; montinn. „Strákurinn var heldur betur gorkátur yfir nýju stígvélunum“. Heyrist lítið núorðið en var almennt notað í Kollsvík til skamms tíma. Vísar til ánægju hrafs sem kemst í hræ (gor).

Gorkúla (n, kk) Belgsveppur (*Lycoperdala*) sem algengur er í hæfilega þurru mólendi. Verður hnöttóttur, á stærð við epli; hvítleitur í byrjun og gróin innani þá eins og skyr. Nefnist þá *skyrsvveppur* eða *merarostur*. Síðar verður innihaldið brúnleitt, líkt og *ræpa* eða gor, og nefnist sveppurinn þá gorkúla. Enn síðar gráan hirslan að utan og gróin verða brún, þurr og rokgjörn. Þá nefnist sveppurinn *fýsisveppur* eða *kerlingareldur*. Sé hann sprengdur á því stigi dreifast gróin líkt og reykský. Algengasta heitið í Kollsvík er gorkúla.

Gormánuður (n, kk) Fyrsti mánuður vetrar að fornu tímatali; hófst fyrsta vetrardag og endaði í lok nóvember. Gor er hálfmelt fæða í innyflum grasbíta, og vísar nafnið til sláturtíðar á þessum tíma, þegar gor var þveginn úr vömbum og litaði læki.

Gormur (n, kk) A. Görn úr steinbít þegar hún var höfð til beitu. „Til beitu var notuð görnin úr steinbítum sem kölluð er gormur; svo og lifrin“ (PJ; Barðstrendingabók). „Að því búnu setti dráttarmaður hnífinn milli tanna sé meðan slógið var slitið úr steinbítum, sem allt fór fyrir borð nema gormurinn“ (LK; Íls. sjávarhættir IV). B. Upphringuð fjaðrandi og margvafin lykkja úr málmí eða öðru efni. C. Mýrarflói; starengi; forarteigur. Algengt sem örnefni yfir slík landsvæði, t.d. Gormur sem er tjörn í Kollsvík.

Gormæltur (l) Kverkmæltur; *skrollar*. „Hann getur lítið gert að því þó hann sé gormæltur“.

Gornefur (n, kk) Afæta; hrægammur; sá sem gerir sér mat úr ófórum/bágindum annarra. „Ekki stóð á því að sýslumaður mætti á staðinn með hamarinn. Sá gornefur er ekki mikið í að leita sátta“! Vísar líklega til hrafs sem leggst á kind sem er afvelta eða föst í dýi, en hann kroppar gjarnan fyrst gat á kvið og vömb, þannig að gor kemur á nef hans.

Gort (n, hk) Mont; *gorgeir*; raup. „Ég legg nú alveg til hliðar þetta bölvæð gort í karlinum“!

Gorta (s) Monta/stæra sig. „Þetta er svosem ekki mikið til að gorta af“.

Gortari (n, kk) Monthani; vindbelgur. „Skelfilegur gortari geturðu nú verið“!

Gorvömb (n, kvk) Vömb innanúr sláturgrip, full af gori. „Gorvömbunum var kastað í kerruna“.

Goshlein (n, kvk) Hlein fram í sjó með helli í og gati á þaki hans, þar sem sjór gýs upp við vissar aðstæður. „Bekkur er goshlein er norðan við Straumskerid undir Blakknum. Þar getur gosið upp í miðjar hliðar um hálfallið, þegar vestanbrim er mikið. Önnur goshlein er undir Sandhelli í Hnífunum“.

Gosi (n, kk) Spjátrungur; monthani. „Mér finnst hann fremur ómerkilegur gosi“.

Gosmistur (n, hk) Þó Kollsvíkingar hafi ekki orðið fyrir barðinu á eldgorsum með beinum hætti, þá hafa þeir vafalaust orðið varir við afleiðingar þeirra með ýmsu móti. Annarsvegar hefur straumur uppflosnaðs fólks án efa legið í verstöðvarnar í leit að lífsbjörg. Hinsvegar hefur gosmistur frá stærstu eldgosum vafalítið náð til alls landsins með tilheyrandi óþægindum og kólnun í tíð. Er þar skemmst að minnast að gosmengun frá Holuhraungosinu 2014-15 mældist á Vestfjörðum, og vikur frá Surtseyjargosinu lagðist í hrannir á Kollsvíkurfjörum.

Gossa (s) Sturtast/hellast niður. „Láttu þetta bara allt gossa í gjótuna“.

Gosull (n, kvk) Glerull og steinull til einangrunar var í upphafi nefnd gosull.

Got (n, hk) A. Það þegar dýr eiga afkvæmi. „Þetta er fyrsta gotið hjá tíkinni“. B. Litill/ungur hákarl.

Gota (n, kvk) *Kýta*; *þorskhrögn* (sjá þar). „Gota úr þorski er sælkeramat, einkum með góðri lifur“.

Gotfiskur (n, kk) Fiskur sem orðinn er kynþroska; hrognafullur fiskur.

Gotinn (l) Um fisk; búinn að gjóta. „Margar af grásleppunum voru gotnar“.

Gotneskt letur (orðtak) Oddbogaletur sem mikið var notað á síðmiðöldum. Stafagerð er að sumu leyti frábrugðin latínuletri. „Guðbjartur afi var vel læs á gotneskt letur og reyndi að kenna okkur strákonum“.

- Gott betur** (orðtak) Meira en það; umfram. „Hún náði lágmarkseinkun, og gott betur; fékk 9,5 á prófinu“. „Hann aflaði gott betur en í fyrra. Nú náði hann tólf tunnum af hrognum á vertíðinni“.
- Gott ef ekki er** (orðtak) Andsvar til að taka undir fullyrðingu eða tilgátu. „Heldurðu að kindin sé í *ullarhafti*? Jú, gott ef ekki er; mér sýnist það líka“.
- Gott er að eiga góða(n) að** (orðatiltæki) Gott er að eiga góða vini/nágranna/ættingja sem veita aðstoð þegar í nauðir rekur. „Þakka þér kærlega fyrir hjálpinu; það sannast hér sem oftast, að gott er að eiga góða að“!
- Gott er að þiggja góðra manna ráð** (orðatiltæki) Gegnsæ speki og alloft vihöfð.
- Gott er að eiga góða(n) að** (orðatiltæki) Gott er að eiga góða vini/ættingja þegar á *móti blæs*.
- Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri** (orðatiltæki) Háðsk speki; manni getur vissulega þótt þægilegt að segja eitt við einn og annað við hinn, en hætt er við að slíkt komi manni í koll; fyrr eða síðar.
- Gott/auðvelt/hægt er að vera vitur eftirá** (orðatiltæki) Þegar verki er lokið sést oft greinilega að betra hefði verið að standa öðruvísi að því eða fyrirbyggja það sem miður fór. „Hefði ég vitað af lömbunum í hillunni hefði ég farið öðruvísi að; það er oft gott að vera vitur eftirá“!
- Gott er (að hafa) barn til blóra** (orðatiltæki) Þægilegt er að kenna barninu um það sem miður fer, sem margur hefur eflaust freistast til þó ekki sé það alltaf sanngjarn. Þó óvitar geti vissulega valdið óhöppum óviljandi þá er þeim gjarnan einnig kennt um yfirsjónir hinna fullorðnu.
- Gott er dyggum að duga** (orðatiltæki) Gott er að eiga tryggan vin og reynast honum vel. Úr Hávamálum: „Mildur að þurftum/ vertu í mörgum hlutum./ Gott er dyggum að duga“ (Hávamál).
- Gott er góðum að líkjast** (orðatiltæki) Kostur að vera líkt við góðan mann. „Hann hélt að ég hefði smíðað þetta; gott er góðum að líkjast“.
- Gott er sjúkum að sofa** (orðatiltæki) Fátt er líklegra til heilsubótar en góður svefn, og til þess vísar þessi speki.
- Gott og vel** (orðtak) Allt í lagi. „Gott og vel; ég skal gera þetta“. „Hann var ekkert að flýta sér að hjálpa þeim; honum þótti gott og vel að þeir bættu sjálfir fyrir sín eigin mistök“.
- Gott leiði** (orðtak) Góður byr. „Þeir fengu gott leiði suður fyrir Bjargtanga, en lentu þar í dálitlum mótvindi“.
- Gott og blessað** (orðtak) Ágætt; mjög gott. „Það er svosem gott og blessað að veiða, en hver á að verka aflann ef þið farið núna á eftir“?
- Gott og vel** (orðtak) Gott; í góðu lagi; ágætt. „Furðuleg eru þessi stjórnvöld! Þeim finnst það bara gott og vel að leyfa fjárglæframönnum að hirða eignir af varnarlausum bændum, en banna þeim um leið að nýta fiskimiðin eins og þeir hafa gert frá því land byggðist“!
- Gott undir bú** (orðtak) Góð búskaparskilyrði; vænlegt að hefja búskap. „Kollur hefur fljótt séð að gott var undir bú í þeirri vík sem skip hans hafði brotið við land. Gróðursæld og skógarkjarr; víðir bithagar; fiskur í vötnun; víðarreki á fjörum; hellutak; mótak; torfskurður; góð landtaka og gnægð fiskjar við landsteina“.
- Gotterí** (n, hk) Sælgæti; nammi. „Mest var um gotterí í víkinni fyrir jólin og þegar sumardvalarkrakkar birtust“.
- Gotuhimna** (n, kvk) *Greppur*; himna sem er utan um gotu/hrogn. „Sumir plokka gotuhimnuna af“.
- Gotuskálm** (n, kvk) Gotuhelmingur. Þorskhrogn líkjast buxum í laginu, með tveimur skálmum.
- Góa** var einn af gömlu íslensku mánuðunum og byrjar um 20. febrúar. Henni fylgdi þjóðtrú varðandi veðurspádóma, sbr þuluna: „Grimmur skyldi Góudagur hinn fyrsti; annar og hinn þriðji; þá mun Góa öll góð verða“. Góð góubyrjun var talin vita á slæma góu, og öfugt. Nafnskýring er ekki augljós en ein kenning er að góa hafi verið nafn á *snjófól*. Líklegar er orðstofninn þó „góður“ og vísar til batnandi tíðar.
- Góð kona er gulli betri** (orðatiltæki) Þarfnast ekki skýringar; a.m.k. ekki þeim sem vel hafa verið giftir.
- Góð til áheita** (orðtak) Vænlegt að heita á. „Breiðavíkurkirkja hefur oft reynst góð til áheita“.
- Góða stund / Góðan tíma** (orðtak) Nokkuð lengi; drykklanga stund. „Hinir sátu góða stund við kaffiborðið og ræddu landsins gagn og nauðsynjar“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Góðan kipp / Góðan spotta** (orðtak) Nokkra vegalengd; *drjúgan spotta*. „Við eigum góðan kipp eftir enn“.
- Góðbændur** (n, kk, fto) Gælunafn á góðum bændum. „Þarna komu saman helstu góðbændur sveitarinnar“.
- Góðfúslega** (ao) Í góðsemi; í góðu. „Ég bað hann góðfúslega að útskýra þetta betur“.
- Góðgerðir / Góðgjörðir** (n, kvk, fto) Veitingar; beini. „Við erum vel búnir undir gönguferðina, eftir góðgerðir hjá bróður mínum og mágkonu, og með nestisbita í vasa“ (IG; Sagt til vegar I). „Hann býður þó fátæka bóndanum að fá sér einhverjar góðgjörðir...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Eftir að hafa fengið góðgerðir á öllum þremur bæjum í Kollsvík komum við í fyrirhugaðan dvalarstað...“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949). Einnig velgjörðir í sömu merkingu.

Góðgjarn / Góðhjartaður (l) Vel meinandi; góðlátlegur; vingjarnlegur. „Þau voru sérlega hlý og góðgjörn“.

Góðglaður (l) Hreifur af víni; hifaður. „Hann var orðinn nokkuð góðglaður og skemmti sér vel“.

Góðgæti / Góðmeti (n, hk) Góður matur; kræsingar; góðmeti. „Sigin grásleppa er algert góðgæti“.

Góðhjartaður (l) Vel innrættur; *góður í sér; vænn*.

Góði (n, kk) Sá sem góður er; það sem bætir. A. Notað sérstætt sem stuttnefni/gælunafn/upphrópun. „Réttu mér diskinn góði“. Góði, láttu ekki svona“! B. Í orðtökum: *Halda til góða; eiga til góða; gera til góða*.

Góðir hlutir gerast hægt (orðatiltæki) Oft er það svo; samanber *sígandi lukka er best*.

Góðkunnur (l) Þekktur að góðu; vel kynntur. „Hingað kom einn góðkunnur þingmaður“.

Góðlátlega (ao) Í góðu; hlýlega. „Hann bað okkur góðlátlega að láta sig vita fyrirfram í næsta skiptið“.

Góðlátlegur / Góðlegur / Góðsamur (l) Vingjarnlegur; hlýlegur. „Hann var góðlátlegur í bragði“. „Það hindraði þá hinsvegar ekki í góðlátlegum glettum hvors á annars kostnað“ (PG; Veðmálið).

Góðmenni (n, hk) Góður maður; gæðasál. „Hann var af öllum talinn hið mesta góðmenni“.

Góðmennska (n, kvk) Umhyggja; vinsemd. „Af góðmennsku sinni gaf hann okkur fáeina *eggjakoppa*“.

Góðorður (l) Hefur góð orð; gefur góðar vonir. „Ég spurði hvort ég fengi far, og hann var góðorður um það“.

Góðra gjalda vert (orðtak) *Pakkarvert*; verðskuldar viðurkenningu. „Það ætti að vera góðra gjalda vert ef einhver sýnir áhuga á sinni heimabyggð og varðveitir sérstæða menningu sem einkendi hana“.

Góðs viti (orðtak) Veit á gott; góður fyrirboði. „Það er góðs viti ef gjör eru farin að sjást á víkinni“.

Góðsemd / Góðsemi (n, kvk) Góður vilji/hugur/ásetningur. „Af góðsemd sinni gaf hún mér þessa vettlinga“.

Góðum gáfum gæddur (orðtak) Skynsamur; greindur. „Hann var mörgum góðum gáfum gæddur“.

Góður á jafnan góðs von (orðatiltæki) Sé sem er öðrum góður, mætir oftast góðu af öðrum. Hinsvegar; *illur á jafnan ills von*.

Góður biti í hundskjaf (orðtak) Sjá; *þar fór góður biti í hundskjaf*.

Góður er sérhver genginn (orðatiltæki) Notað þegar látinn maður er lofaður látinn; meira en í lifanda lífi. *Vestra heyrðist ekki síðari hluti máltækisins; „illur aftur fenginn“*.

Góður heim að sækja (orðtak) Tekur vel á móti gestum; *alþýðlegur*. „Þau eru bæði góð heim að sækja“.

Góður í sér (orðtak) Vel innrættur; *góðhjartaður; vænn*. „... en ljúfmenni var Jón (Thorberg) og góður í sér og fyrir það mun hann hafa liðið alla ævi“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Góður í sjó að leggja (orðtak) Um bát; gott sjóskip; fer vel í sjó þó veltingur sé.

Góður/drjúgur með sig (orðtak) Drýldinn; sjálfhælinn; montinn. „Hann er prýðis vinnumaður; en líka nokkuð góður með sig“.

Góður spotti/spölu/ kippur / Góð bæjarleið (orðtök) Allangur vegur; þónokkuð langt. „Þetta var góðan spöl frá“.

Góður/ágætur/þéanlegur til síns brúks (orðtak) Góður til þeirra nota sem hann er ætlaður til. „Vasahnífurinn er þéanlegur til síns brúks, en hann hentar enganvegin til að hausa stórþorsk“!

Góður vinur er gulli betri (orðatiltæki) Góð vinátta getur verið ómetanleg.

Góðverk (n, hk) Verknaður af góðu tagi; það sem verður öðrum til góðs. „Það væri bara góðverk að koma þessari ríkisstjórn frá; ekki hefur hún komið svo miklu í verk“!

Góðviðrakafli (n, kk) Tímabil góðrar verðráttu. „Það stóð heldur stutt þessi góðviðrakafli um sumarmálin“.

Góðviðri (n, hk) Gott veðurlag. „Það er bara sama góðviðrið, dag eftir dag“.

Góðviðrisdagur (n, kk) Dagur með góðu veðri. „Það komu nokkrir góðviðrisdagar í byrjun mánaðarins, en síðan hefur þetta verið leiðindatíð“.

Góðviðriskafli (n, kk) Tímabil með góðri tíð. „Þetta hefur verið ágætur góðviðriskafli“.

Góðviðrissumar (n, hk) Sumar með góðri veðráttu. „Þetta hefur nú verið einstakt góðviðrissumar“.

Góðviður (n, kk) Góður viður; gott efni; kjörviður. „Mér sýnist vera einhver góðviður í þessu tré“.

Góðvild landsdrottins (orðtak) „Um aldamótin 1700 þurftu heimamenn í Kollsvík ekki að greiða uppsátursgjald. sú venja hefur sjálfsagt verið gömul, enda í samræmi við það sem víða tíðkaðist vestanlands. Aftur á móti varð þá hver *viðlegumaður* í veri að gjalda 2 fjórðunga í vertoll sem þó var, fyrir *góðvild landsdrottins*, stundum gefinn eftir. Seint á 19. öld varð Kollsvík allstór *verstöð*, eftir að Kollsvíkurmenn höfðu reist allar *búðirnar* í verinu, áttu þær og leigðu. *Búðartollurinn* varð þá 6 krónur og *vertollurinn* 6

krónur og samsvaraði því tollurinn af hverju skipi 60 hertum steinbítum (Frásögn GG o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir II).

Góðviljaður (l) Velviljaður; með góðum hug. „Vill ekki einhver góðviljaður skreppa eftir mjólk“?

Góðvilji (n, kk) Velvilji; góður ásetningur. „Góðviljann vantar ekki, en getan er öllu minni“.

Góðvinur (n, kk) Góður vinur; vildarvinur. „Hann er góðvinur minn frá skólaárunum“.

Góðæri (n, hk) Tímabil velmegunar. „Hér hefur verið góðæri til lands og sjávar í allt sumar“.

Gófla í sig (orðtak) Eta af áfergju; gleypa. „Hann góflaði í sig kræsingarnar“.

Gól (n, hk) Væl; langdregið hátóna væl/grátur; *grenjur*. „Um morguninn ég uppdagaði óttalega þraut;/ ég alsettur var heljarmiklum bólum./ Með þessar rosaskellur til Þóris læknis þaut;/ ég þreyttur var og linnti ekki gólum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Góla (s) A. Um hund; spangóla. B. Um barn; orga; skæla. C. Um söngvara; syngja illa.

Góletta (n, kvk) *Skonnorta* sem Frakkar notuðu til fiskveiða sinna hér við land. Sjá *skonnorta*.

Gólfkaldi (n, kk) Kaldi á gólfum vegna ónógrar kyndingar, lélegrar einangrunar eða trekkis.

Gólfskrúbbur (n, kk) Bursti með stífum hárum og með skafffestingu; ætlaður til að skúra/skrúbbu gólf.

Gólfuska (n, kvk) Gólfklútur; gólfþurrka; niðrandi orð um kúgaða manneskju.

Gólpa (s) Gleypa; háma. „Vertu nú ekki að þefa af matnum; gólpaðu þetta bara í þig“!

Góma (s) A. Gripa; ná tökum á; fingra. „Þetta er nú svo lítið og óverulegt að það er varla hægt að góma það“.
B. Fanga; *handsama* „Það ætlar að reynast erfitt að góma þetta útigangsfé“.

Gómfylla (n, kvk) Holdið efst í gómnum. Sumum þykir gómfyllan besti bitinn á sviðakjammanum. Sú var þjóðtrú að vanfær kona mætti ekki borða gómfyllu, því þá yrði barnið holgóma.

Gómstór blettur (orðtak) Á stærð við fingurgóm. „Það finnst varla gómstór blettur ígarðinum sem hænsnin eru ekki búin að krafsa upp“.

Góna (s) Glápa; stara. „Á hvað ert þú að góna“?

Góna (n, kvk) Selshaus. „Selurinn synti grunnt á Bótinni, með gónuna uppúr“.

Gósentími (n, kk) Velsældartími; góðæri. „Það eru ekki þeir gósentímar núna að verðbólgan greiði upp lánin“.

Góubyrjun (n, kvk) Upphaf góu; fyrrihluti góu. „Þótt veturinn hafi verið snjólaus hafa samt verið innistöður að mestu sökum illviðra fyrri hluta vetrarins, en kulda og storma með þurrkum eftir góubyrjun“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1942).

Góuginur (n, kvk, fto) Stærstu straumar ársins, en þeir verða á Góunni; eftir jafndægur. Þá verður mest fjara. „Um góuginur fellur svo mikið út að einungis mjór áll skilur Arnarboða frá ystu hleinum. Minnir mig að um góuginur hafi ég eitt sinn komist um fjöruna frá Hreggnasa út undir Hnífaflögu“ (VÖ).

Góur (n, kk) Góði; manni (gæluorð). „Nú varstu smeykur góurinn“ (MG; Látrabjarg).

Góutungl (n, hk) Heiti þeirrar tunglkomu sem kemur næst á undan páskatungli. Talinn marktækur um veðrabrigði fyrrum.

Góupræll (n, kk) Síðasti dagur góumánaðar.

Graðhestaskyr (n, hk) Skyr sem hlaupið hefur, þannig að í því eru litlar örður þó hrært sé út (þynnt). „Það má alveg sóða þessu í sig, þó það sé árans graðhestaskyr“.

Graðhestamúsik (n, kvk) Hávær og pirrandi tónlist, með hröðum takti, sem ekki fellur að smekk. „Lækkiði nú þessa andskotans graðhestamúsikk í útvarpinu; þetta gerir hvern mann vitlausan“!

Graðnaut (n, hk) Þarfanaut; naut sem ekki er geltur uxi. „Stundum þurfti að teyma kýr langar leiðir til að halda þeim undir naut, því ekki var graðnaut á hverjum bæ“.

Graðskata (n, kvk) Karlkyns skata; mjög stór skata.

Graðýsa (n, kvk) Stór en horuð/lausholda ýsa. „Ekki finnst mér mikið varið í svona graðýsu“.

Grafa sig (orðtak) Um siglingu báts; skrufast niður að aftanverðu vegna sogs þegar mikið er siglt.

Grafa sig í fönn (orðtak) Gera sér holu í snjóskafli og biða í henni þar til óveðri slotar. Mörg dæmi eru um að þannig hafi menn lifað af, þegar óveður gerði á þá á göngu milli staða“.

Grafa stríðsöxina (orðtak) Hætta hernaði; semja frið. Orðtakið á rætur í þeim ævaforna sið að til hernaðar var forðum boðað með því að senda öxi eftir fyrirfram ákveðinni *boðleið*, og giltu ströng lög um *boðburðinn*. Boðið var skorið í skaft axar eða örvar eða ritað á lepp sem vafinn var um skaftið. Þetta er hin eiginlega stríðsöxi. Hún hefur líklega verið grafinn þegar hernaðinum lauk, til vitnis um stríðslok; um það vitnar þetta

orðtak. Þó þessi siður hafi löngu verið aflagður við landnám Íslands lifðu ákveðnar leifar hans lengi hérlendis, í svonefndum *axarboðum*. Í stað stríðsaxar kom *þingboðsöxi*; líkan af öxi sem boð var vafið um og öxin borið um byggðina eftir *réttri boðleið* til að boða hverskonar þing eða annað. Enn eru varðveittar nokkrar þingboðsaxir, t.d. eftirlíking einnar í eigu þess sem þetta ritar, og hinar réttu boðleiðir voru notaðar framundir þennan dag til þess t.d. að koma fjallskilaseðlum til skila.

Grafa um sig (orðtak) Festast í sessi; setjast að; *verða að meini*. „Svona spillingu verður að uppræta tafarlaust, áður en hún grefur um sig og verður að þjóðarmeini“!

Grafalvarlegur (l) Mjög alvarlegur; gamanlaus. „Það er grafalvarlegt mál ef vegurinn er lengi lokaður“.

Grafarraust (n, kvk) Dimm og alvöruþrungin rödd. „Þá síast í gegnum mínar lokuðu hlustir dularfullar umræður utan úr horni sem bentu til að þar væru unnin myrkraverk: „Ég ætla að eiga blóðið; þú mátt eiga ketið“, var sagt með grafarraust...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Grafast fyrir um (orðtak) Forvitnast um; spyrjast fyrir um; leita að. „Það þyrfti að grafast fyrir um það hver hefur tekið þessa bók af Bókasafninu án þess að skila henni“. Visar til þess að grafa þarf rætur trés upp, ef það á ekki að verða til vandræða við t.d. ræktun lands. Einnig kann hér að vísast til þess að fyrir á öldum voru grafnir upp fauskar; þ.e. rætur löngu dauðra trjáa, til að nýta þá sem eldivið.

Grafalda (n, kvk) Um sjólag; „Grafalda er svipuð undiröldu, en báturinn er þá eins og grafinn niður í öldudalinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir III).

Grafalvarlegt (l) Mjög alvarlegt/válegt. „Þetta getur haft grafalvarlegar afleiðingar“!

Grafarraust (n, kvk) Draugaleg/dimm rödd. „Ég ætla að eiga blóðið; þú mátt eiga ketið“ var sagt með grafarraust“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Grafinn sjór (orðtak) Úfinn sjór; allnokkur sjór. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Grafkyrr (l) Alveg kyrr; hreyfingarlaus. „Ég stóð grafkyrr og beið þess að tófan kæmi nær“.

Graftarbóla / Graftarkýli / Graftarmein Bóla/kýli vegna ígerðar. „Þetta er að verða fjári mikið graftarkýli“.

Graftól (n, hk, fto) Áhöld/amboð sem notuð eru til að taka gróf/ greftra. Siður var að leggja þau í kross yfir gröfina fyrir og eftir greftrum.

Grallaraháttur (n, kk) Ærsl; glens; hrekkvísi. „Það ætlar seint að eldast af honum grallarahátturinn“! Engin dæmi finnast um orðið í orðabókum.

Grallaralaus (l) Gáttaður; ringlaður. „Maður er bara aldeilis grallaralaus yfir svona háttalagi“. Grallari var messusöngbók sem kom fyrst út árið 1594. Sá sem ætlaði að taka undir í kirkjusöngnum gat verið nokkuð utangátta ef hann var grallaralaus.

Grallaralegur (l) Kíminn; íbygginn; líklegur til hrekkja/gríns. „Því ertu svona grallaralegur á svipinn“?

Grallarasþói (n, kk) Grallari; ærslabelgur; hrekkjalómur. „Þeir eru ferlegir grallarasþóar, báðir tveir“.

Grallari (n, kk) A. Ákveðin útgáfa messusöngbókar. B. Stór þorskur þorskur; *golþorskur*. C. Koli. Hann er algengur á miðum Víknamanna og veiðist stundum, ekki síst í net. Áður fyrr var hann einkum hertur til skepnufóðurs, en á síðari tímum hirtur til matar enda er feitur koli ágætur matfiskur. D. Hrekkjalómur; stríðnisþúki; galgopi.

Grammófónn (n, kk) Plötuspilari. „Ingvar átti grammófón, sem lengi var á Stekkjarmel eftir að hann flutti í Kollsvík. Fónninn var fyrir 78 snúninga lakkplötur; trekkur og notaði ekki rafmagn“. „Svo voru húsakynni í Saurbæ rúmgóð, eins og fyrr segir, svo unga fólkið gat dregið sig nokkuð útúr eftir kaffidrykkju og jafnvel haft uppá grammóföngarmi og dansað stundarkorn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Grammofónnál (n, kvk) Nál í grammófón. Elstu grammofónarnir voru með lausri málmnál í klemmu, sem unnt var að skipta um. „Hann átti tóma dós undan grammofónnálum og hafði ég mikinn áhuga á dósinni“ (IG; Æskuminningar).

Grams (n, hk) A. Rót; rísl. „Vertu nú ekki að þessu gramsi í kistunni“!. B. Ólíkar sortir; afgangar.

Gramsa (s) A. Róta; hræra. „Þú mátt ekki gramsa í kössunum nema að þú lagir til aftur“. B. Verka fisk; *sundra* innmat úr sláturdýri. „Hann er duglegur að gramsa“.

Granabein / Kjaftabein (n, hk) Beininn fremst í kjafti fisks, sem tanngarðar sitja í (sjá *steinbítur*).

Granda (s) Eyða; tortíma. „Þó hersveitir Norðra þér hyggist að granda/ þá hræðistu aldrei þá gráköldu fjanda“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).

Grandalaus (l) Grunlaus; á sér einskis ills von. „Ég var alveg grandalaus um að svona lagað gæti skeð“. Grandi merkir íhugun/hugsun; samanber *grandvar*; *grandskoða*; skylt sögnunum að *grunda* og *gruna*.

- Grandaleysi** (n, hk) *Óaðgæsla; ugga ekki að sér*; eiga sér ekki ills von. „Ég var að rifja flekkinn í algjöru grandaleysi, þegar allt í einu gerði hellidembu úr heiðskíru lofti“.
- Grandskoða** (s) Skoða gaumgæfilega/mjög vel. „Hann þurfti að grandskoða þetta nýja tæki“.
- Grandvar** (l) Heiðarlegur; hrekklaus. „Ekki hef ég þekkt heilsteypitari eða grandvarari manneskju“.
- Grannholda / Grannvaxinn** (l) Horaður; magur. „Mér finnst kálfurinn vera grannholda eftir sumarið“.
- Grannleitur** (l) Grannur í andliti; *kinnfiskasoginn; þunnur á vangann*.
- Grannhrynd** (l) Um hornalag sauðkindar; með grönn/veikluleg horn. „Taktu varlega í hornin á gimbrunum; sérílagi ef þær eru grannhryndar“.
- Grannt** (l) Vandlega; ítarlega. „Ef grannt er skoðað má enn finna rústir verbúða í Láganúpsveri“.
- Grannur** (l) Mjór; horaður. „Af vel fóðruðu sauðfé með afburðum má nefna á báðum bæjum á Lambavatni, því fé er þar grannt að hausti til; enda eru þarna alltaf vel verkuð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).
- Grannþekkingja** (s) Nauðþekkingja; þekkingja í smáatriðum. „Ég tel mig grannþekkingja þetta svæði“.
- Grasaferð / Grasafjallaferð / Grasiatínsla** (n, kvk) Ferð til að tína fjallagrös, en þau voru töluvert nýttjuð fyrrum. Einnig var talað um að „fara á grasafjall“ eða „fara til grasa“. „Þetta var í grasafjallaferð, seint á sumri...“ (Davið Davíðsson frá Kónsengjum; upptaka á Ísmús; 1970; um huldufólk í Vestubotni).
- Grasafólk** (n, hk) Fólk sem tíni fjallagrös/ fer til grasa. „Líklegt er að grasafólk hafi farið þessar slóðir og þá sennilega komið grösunum á Grashjalla undir heimferð“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).
- Grasagrautur** (n, kk) *Fjallagrasagrautur*; grautur úr fjallagrösum og vatni, stundum einnig mjöli.
- Grasamjólk** (n, kvk) Mjólkurseyðingur af fjallagrösum. „Fjallagrasamjólk er góð með púðursykri“.
- Grasaseyði** (n, hk) *Fjallagrasaseyði*; seyði af fjallagrösum. Notað sem lækningadrykkur, t.d. við kvefi. Grösin eru þá soðin dágóða stund í vatni; síðan síuð frá og vökvinn drukkinn. Oftast er bætt í þetta hvítum sykri eða púðursykri. Einnig var elduð *grasamjólk* og með viðbót af mjöli var eldaður *grasagrautur*.
- Grasasni** (n, kk) Erkihálfviti; alger bjáni. „Óttalegir andskotans grasasnar geta þessir menn verið, alltaf hreint!“
- Grasate** (n, hk) Te af fjallagrösum. „Það var kveikt kl 6-7 (síðdegis); þá var miðdagsmatur. Hafði þá ekkert verið borðað frá því kl 10 árdegis, en kl 12 á hádegi var kaffi fyrir fullorðna en grasate fyrir börn og unglínga“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Grasatevatn** (n, hk) Grasate. „Farið var til grasa á hverju vori eða sumri. Fjallagrös voru notuð væði í brauð og grauta. Það eru reglulega góð rúgbrauð blönduð með fjallagrösum. Grasatevatn var búið til úr fjallagrösum og grasamjólk“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Grasár** (n, hk) Sprettuár; sumar þegar grassprettar r góð. „Síðustu áratugin hafa yfir leitt verið góð grasár“.
- Grasbali** (n, kk) Grasi vaxinn harðbali. „Utan við Stórhólinn taka við grasbalar sem heita Flatir“ (IG; Sagt til vegar I). „Blaðkan úr Sefinu var þurrkuð á góðum grasbala, t.d. á Flötinni“.
- Grasbeit** (n, kvk) Úthagi; hagabeit. „Í Kollsvík er bæði góð grasbeit og fjörubeit, og því *fóðurlétt* fyrir fé“.
- Grasbrestur** (n, kk) Sprettuleysi; ekki grassprettar til að næg hey fái af túnum. „Sumarið 1966 byrjaði grasbrestur, og hélst næstu sumur. Urðu bændur að fækka búpeningi“ (MG; Árb.Barð 1959-67).
- Grasbýli** (n, hk) Býli/kot sem hefur túnskika til ábúðar (grasnytjar) en á ekki land. „Nokkur grasbýli voru í Kollsvík, svo sem Grænamýri; Grundir; Grundabakkar og Hólar“. „Hér í Víkinni voru mörg grasbýli þar sem fólk lifði á sjávarfangi...“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). „Kollsvík, Lágínúpur og Grundir voru lögbýli í Kollsvík, en auk þeirra voru Bakkar þurrabúð; Grund líka þurrabúð, þar bjó Samúel Eggertsson. Og Stekkjarmelur, þar var grasbýli og þar standa hús, því þar var búið til 1962“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Grasekkja** (n, kvk) Gift kona sem er ein um einhvern tíma vegna fjarvista eiginmanns.
- Grasflá / Grasfles / Grasflesja / Grasflæmi** (n, hk) Gróið svæði í bjargi/klettum. „Skjöldur er grasflæmi fyrir utan Forvaðagjótu og út að Skjaldsargjá“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). „Undan Gvendarhelli er Sandhellissvelli; grasfles sem kindur gátu stokkið niðu í, en komust ekki upp aftur“ (HÖ; Fjaran).
- Grasflóki** (n, kk) Grastoppur; sinuflóki. „... þegar hann ætlaði að horfa fram af bjarginu hafi hann stigið í holu sem var hulin í grasflókanum á bjargbrúninni...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Grasfoldir** (n, kvk, fto) Þurrleitt svæði þar sem gróið er uppúr mosa. „Það hagar þannig til á vjargbrúninni víðast hvar, að fyrst frá brúninni er töðugras og grafoldir sem við köllum; svo taka við mosaþembur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Grasgangur / Grashilla** (n, kk) Gróinn gangur/sylla í klettum. Virðist ekki þekkt annarsstaðar í þessari merkingu. „Melahvappshellur eru grasgangar og hægt að ganga á milli þeirra“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

- Grasgefið** (l) Um tún; gefur af sér mikið gras; gott til slægna. „Gamla túnið var alltaf mjög grasgefið“.
- Grasgræna** (n, kvk) Grænn litur úr grasi sem getur litað föt og annað. „Þú ert með grasgrænu á hnjánum“.
- Grasgræna** (n, kvk) Grænn litur úr gróðri sem sest á hluti, t.d. föt, sem nuddast við jörðina. „Varstu nú að renna þér í bræjarhólnum strákur? Það er grasgræna á buxunum“.
- Grashilla** (n, kvk) Grasivaxinn gangur/hilla í klettum. „Framan í Lambhöfða; yst og ofarlega, er grashilla sem heitir Svartakollshilla. Upp af Lambhöfða er grashilla sem heitir Sinuhilla“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Grashnjúskur / Grashnúskur** (n, kk) Grashnaus; gróin jarðvegsfylla. „Líklega hef ég aldrei verið hættara kominn í mínum mörgu bjargferðum en eitt sinn í Blakknesnibbu. Þá hafði ég þokað mér eftir tæpum grasgangi; sótt egg og var að skriða yfir stóran grashnúsk. Þá finn ég að hann losnar, og skiptir engum togum að hann þeytist niður hamravegginn um leið og ég næ að bjarga mér á fastan bakkann. Gangurinn varð ófær á eftir“ (VÖ). Báðar framburðarmyndir heyrast í Kollsvík og nágrenni, og báðar líklega jafnréttar; orðstofninn er annarsvegar hnúkur en hinsvegar hnjúkur. *Hnjúskur/hnúskur* er minni þúst eða þúfa.
- Grashöfði** (n, kk) Grasi vaxinn kletthöfði við sjó eða í klettum. „Utan við Gat og Forvaða tekur við samskonar stórgrýtisfjara út að grashöfða sem heitir Lambhöfði“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Grasigróinn** (l) Uppgróinn; vaxinn grasi. „Barðstrendingar geymdu báta sína fram að vertíð innst í Patreksfirði; við árosana á Skeiðseyri; sléttri grasigróinni eyri vestan fjarðarins, sem nú hefur að mestu verið tekin til ofaniburðar. Þeir standsettu bátana áður en þeir komu í Verið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Þúfustekkur er, eins og hinir fyrrnefndu, í grasigróinni laut, samnefndri“ (HÖ; Fjaran). „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróið“ (PG; Veðmálið).
- Graslaut / Graslág / Grasbolli** (n, kvk/kk) Gróin laut; gróinn bolli.
- Graslent** (l) Uppgróið; gróið. „Stóra- og Litlató voru graslend drög niður af Holtum“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Grasleysi** (n, hk) Léleg grasspretta. „Árið 1918 var hjá bændum allmikið grasleysi vegna kals á túnnum, eftir undangenginn frostavetur“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Grasnál** (n, kvk) Gæluheiti um gras, einkum fyrstu sprota þess. „Það er farið að votta fyrir grasnál þar sem skjóls og vætu nýtur“. Oftast var þó notað stuttheitið *nál*.
- Grasnef** (n, hk) Gróið klettaneft. „Fyrst hafði hann komið niður á herðarnar, á grasnefinu í bjarginu; síðan tekið eitt kast og komið þá niður á grúfu og getað gripið í grasið og stöðvað sig“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Grasnyt** (n, kvk) Not af beitolandi og nytjajurtum. „Húsmaður hjá Jóni (bónda í Kollsvík) er bróðir hans með konu sinni, sem forsorgar sig og hana á sjáfarafila og hefur hvorki grasnyt nje fyrirsvar, nema það sem bróðirinn ljær honum“ (AM/PV Jarðabók). Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal skrifaði bókina Grsnytjar um það gagn sem hafa mætti af hverri jurt sem á landinu vex.
- Grasrein** (n, kvk) Grasrönd/-rák. „Enn má sjá grasreinar um Strympurnar þar sem Kollsvíkurbændur létu dreifa áburði með flugvél á 7. áratug síðustu aldar.“
- Grasrimi** (n, kk) Mjór láréttur grasteigur. „Þegar gatan lá í fjöru var farið eftir grasrima. Var hann og svæðið í kringum hann nefnt Sneiðingur“ (KJK; Örn.skrá Tungu).
- Grasræktarland** (n, hk) Land sem hentar til ræktunar; ræktanlegt land.
- Grassera** (s) Verkast; verka; ganga um; viðgangast; *gera um sig*. „Það grasserar víst einhver flensufaraldur fyrir sunnan“.
- Grasspretta** (n, kvk) Spretta túna. „Grasspretta var mismunandi ár frá ári og tún voru misjafnlega *grasgefin*“.
- Grastoddi / Grastotti** (n, kk) Toppur/visk af jarðföstu grasi. „Þarna standa nokkrir grastottar uppúr, en annars hefur skafið sandi yfir allt“.
- Grastó** (n, kvk) Gróinn teigur. „Grastór eru sitthvorumegin í Dalnum; Breiðavíkurtó til vinstri og Hænuvíkurtó til hægri“ (IG; Sagt til vegar II).
- Grasvöxtur** (n, kk) Grasspretta. „Stafar þetta af því að frá lokum júlímánaðar 1936 var sumar afar votviðrasamt svo hefyfengur, þrátt fyrir góðan grasvöxt, varð með minna móti, og sumsstaðar ekki góð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).
- Grasþurrt** (l) Það stig þurrkunar heys þegar grasið er orðið þurrt að utan en ennþá grænt. „Meðan hey var *fullþurrt* var það oft *garðað* þegar það var grasþurrt, einkum ef útlit var fyrir óþurrk. Einnig var það sett í *vothey* grasþurrt og síðar í *súgþurrkun*. Nú til dags er til síðs að rúlla heyið grasþurrt; jafnvel beint *af ljánum* ef þurrt er í veðri“.
- Grauta í** (orðtak) Athuga; skoða; læra. „Ég er að grauta dálítið í ættfræðinni þessa dagana“.

- Grauta saman** (orðtak) Rugla; hræra saman. „Þú mátt ekki grauta saman gullauga og Látraktöflum“!
- Grautarausa** (n, kvk) Ausa til að *færa* graut eða annan *spónamat upp* úr potti.
- Grautargerð** (n, kvk) A. Það að gera graut/súpu. B. Í líkingamáli: Samhræringur; sambræðingur; rugl. „Þessar nútímabókmenntir eru ljóta grautargerðin“!
- Grautarhaus** (n, kk) Vitleysingur; rugludallur. „Skelfingar grautarhaus getur maðurinn verið, ef hann heldur að hann kom ist upp með svona endemis tiltektir“!
- Grautarlap** (n, hk) Gæluorð um graut/ þunnan graut. „Mikið þykir mér nú betra að fá rötsterkt kaffi á morgnana en eitthvað grautarlap“.
- Grautarsleikja** (n, kvk) Lítil skammtur af graut; *grautarspónn*. „Áttu svolitla grautarsleikju fyrir mig“?
- Grautarspónn** (n, kk) Lítil skammtur af graut; *grautarsleikja*. „Gefðu mér nú dálítinn grautarspón á diskinn“.
- Grautfúinn** (l) Ónýtur af fúa. „Við þurfum að skipta um slár undir grindunum. Þær eru orðnar grautfúnar“.
- Grautfúll** (l) Mjög vonsvikinn/leiður/niðurdreginn. „Ég er grautfúll út í hann fyrir að standa ekki við sín orð“.
- Grábölváð** (l) Slæmt; afleitt; óviðunandi. „Það er alveg grábölváð að geta ekki notað þetta sjóveður“. Sjá *fari það bölváð/grábölváð*.
- Gráð** (n, hk) Sjólag; mjög fíngerð vindgára sem mattar yfirborðið þó ládautt sé að öðru leyti. „Vikur hrollur, vænkast ráð,/ vættir hollar duga./ Bláum kalli lyftir láð/ leiðar yfir sollið gráð“ (JR; Rósarímur).
- Gráðugur** (l) Lystarmikill; sólginn í; *gírugur*. „Féð er gráðugt í þarann næst sjónum“.
- Gráflekkótt** (l) Um lit á sauðfé; hvítt með gráum flekkjum/litaskellum á bol, og oftast einnig á haus.
- Grágás** (n, kvk) Safn íslenskra laga frá þjóðveldisöld (930-1262). Um er að ræða safn rita úr ólíkum áttum og e.t.v. misgamalla. Nafnið Grágás hefur verið notað um safnið frá miðri 16.öld og vísar líklega til þess að textinn er ritaður með fjaðrpena. Fyrstu lög Grágásar eru svonefnd Hafliðaskrá, frá 1117-18, en síðan voru gerð mörg lagahandrit. Tvö þeirra hafa varðveist í skrautlegum og heillegum skinnhandritum; Konungsbók og Staðarhólsbók. Grágás er eitt umfangsmesta lagasafn germanskra þjóðar á eigin tungu. Ný lögþing, Járnsíða, var lögtekin 1271-3 og byggði á norskum rétti. Járnsíða þótti meingölluð og var óvinsæl, en við henni tók Jónsbók 1281 sem studdist meira við Grágásarlög.
- Gráglettni** (n, kvk) Kaldhæðni; gálghúmor. „Ég missti fjárans refinn, en fyrir einhverja gráglettni rakst ég þarna á tvær útigangsræ“.
- Grágofótt** (l) Um lit á sauðfé; Grá ær með hvítan hvið, bringu og undir snoppu.
- Grágolsótt** (l) Litur á sauðfé; ljóst yfir skrokkinn en grátt að neðanverðu, á fótum, kvið og haus.
- Grágrýti** (n, hk) A. Blágrýti sem er grátt að lit vegna skófa og mosa. „Upp af Bugahjalla eru svo grágrýtisskriður, sem ná inn að svonefndum Smérteigum“ (Örn.skrá Geitagils; heim. Helgi Einarsson). Ekki vitað um þessa merkingu annarsstaðar. B. Bergtegund; alm. merking.
- Gráhálsótt** (l) Litur á sauðfé; ljóst yfir skrokkinn og á haus en með gráan hring um hálsinn.
- Gráhöttótt** (l) Litur á sauðfé; Ljóst á skrokkinn en grátt yfir höfuðið, aftur á háls.
- Grákápótt** (l) Litur á sauðfé; ljóst yfir skrokkinn og á haus en með gráa kápu um háls og framhluta.
- Grákinnótt** (l) Litur á sauðfé; ljóst á skrokk og haus, en með grátt í öðrum eða báðum kjömmum.
- Grákjálki** (n, kk)óviss merking....(líkl. gamall maður, en e.t.v. notað yfir steinbít) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Grákrímótt / Grákolótt** (l) Um lit á sauðfé; Hvít ær, grá í framan og oftast einnig á fótum.
- Gráleiga leikinn** (orðtak) Fær slæma útreið; illa farið með. „Hann þóttist gráleiga leikinn að vera skilinn eftir“.
- Gráleitur** (l) Með gráu yfirbragði. „Nú þyrfti að fara að mála hurðina; hún er orðin ansi gráleit“.
- Grályndur** (l) Styggur/viðskotailur í skapi; illskeyttur. „Hann sagðist aldrei ræða við þann grálynda gaur“.
- Gráma** (s) Skíma; bjarma. „Aðeins er að byrja að gráma af degi“.
- Grámagi** (n, kk) Rauðmagi sem skortir rauða litinn og er því gráleitur á kvið (sjá *hrognkelsi*).
- Grámáfur** (n, kk) Ungur hvítmáfur á fyrsta ári, en þá er hann grár með brúnleitum flikrum. Þegar skotið var á fluginu í Kollsvík var hyllst til að ná grámáf eða svartbaksunga.
- Grámi** (n, kk) Grár litur; fúi; blika. „Þú þarft að mála hér er kominn grámi“. Það er einhver grámi í vestrinu“.
- Grámosi** (n, kk) *Gamburmosi*, sjá þar.

Grámóskulegur / Grámyglulegur (l) A. Um útlit á manni og veðurútlit: föður og tekinn í andliti; *grár og gugginn*. „Óttalega ertu grámyglulegur; ertu veikur?“. B. Um veðurútlit; dimmt yfir, annaðhvort vegna þoku eða *élfjamuggu*. „Hann er ári eitthvað grámyglulegur í dag“.

Grámugga / Grámulla / Grámóska (n, kvk) Grámi; dimmt veðurútlit vegna élja eða þokulofts.

Grámullulegur (l) A. Um útlit manns; gugginn; föður; veikulegur. „Þú ert eitthvað grámullulegur í framan“. B. Um veður; þokuloft; mistur; dimmviðri. „Það er rigningarlaust, en óttalega er hann grámullulegur“.

Grámullupoka (n, kvk) Þokuloft; mistur; þokusúld. „Það er sama grámullupokan og í gær“.

Grámyglaður / Grúmyglaður (l) Grár af myglu; þakinn myglusvepp. „Ég henti þessu harðfiskstrengsli; það var orðið grúmyglað“ Grú- er fjöldi, sbr *grúi/aragrúi*.

Grána gamanið (orðtak) Versna ástandið; versna í því. „Gamanið gránaði þegar stjakinna hætti skyndilega að ná til botns, og flekann tók að reka frá landi“.

Grána í fjöll / Grána niður í hlíðar / Grána uppi (orðtak) Um snjóalög; snjóa lítilega til fjalla/ niður í hlíðar.

Grána í rót (orðtak) Um snjóhulu; nægur snjór á jörð til að breyta lit á landslagi, en ekki svo að myndi hvíta snjóþekju. „Mélhvilt er stór hvílt norðantil á Bjarnanúpnum, sem nær niður á klettabrún. Nafnið gæti stafað af því að þar ber meira á snjó en umhverfis þegr lítill snjór fellur á auða jörð. Gránar þá fljótt í rót í sjálfri hvíltinni“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Grár fyrir járnum (orðtak) Þungvopnaður; vel vígbúinn/græjaður. „Þeir eru mættir símakarlarnir, grár fyrir járnum“.

Grár og gugginn (orðtak) *Grámyglulegur*; föður. „Þú ættir að mæla þig; mér sýnist þú svo grár og gugginn“.

Grásleppa / Grásleppuveiðar (sjá *hrognkelsi/hrognkelsaveiðar*)

Grásleppudrifa (n, kvk) Mjög stórgerð snjócoma í logni. Líkingin á að leggja áherslu á kornastærð.

Grásleppuganga (n, kvk) Ganga/fylking grásleppu upp á veiðislóð. „Það er vonandi að einhver grásleppuganga birtist í næsta straum; þetta er að verða ári *skrælt*“.

Grásleppuhrogn (n, hk, fto) Hrogn grásleppu/*hrognkelsis*, verðmæt söluvara á síðari hluta 20 aldar.

Grásleppuhvelja (n, kvk) Húð grásleppu. „Grásleppuhvelja er ekki þykkari en roð þorskfiska; ekki hreistruð, en alsett göddum. Hvelja á siginni grásleppu er borðuð með fiskinum, en stærstu gaddar tíndir af“.

Grásleppukambur (n, kk) Efsti hluti grásleppuhvelju; kambur alsettur göddum sem skorinn er af áður en fiskurinn er verkaður.

Grásleppukvikindi (n, hk) Gæluorð um grásleppu. „Ekki var mikið úr þessum streng að hafa; upprúlaður af smáþorski og örfá grásleppukvikindi“!

Grásleppumið / Grásleppulagnir (n, hk, m fto) Hrygningasvæði grásleppunnar. Bestu grásleppumiðin eru í gróskumiklum þaragörðum. Grásleppulagnir eru innmeð öllum Hænuvíkurhlíðum; utanfrá Þyrsklingahrygg og inná Hænuvík; frá Nesi inná Gjöggra; í kantinum framundan Hænuvíkurhlíðum; í Bótinni í Kollsvík; undan Landamerkjahrygg og Fjarðarhorni og frá miðri Breiðavík suður á Kóra.

Grásleppunet / Gráslepputrossa (n, hk, fto) Net til veiða á grásleppu. Möskvastærð þeirra er 6“ leggur (4“ í rauðmaganetum) og hvert net er 30 faðmar á lengd. Netin eru bundin enda í enda í gráslepputrossu eða *streng*. Misjafnt er hve mörg eru í *trossu*; oft 4-6. felling getur verið með ýmsu móti; nálarfelld eða bekkfelld; stöguð eða óstöguð.

Grásleppurask / Grásleppuræksni / Grásleppuslang (n, hk, fto) Slóg, hold og hvelja af grásleppu, stundum notað niðurskorið sem skepnufóður. „Til fóðurdrýginda var fénu stundum gefin saltsíld eða grásleppuslang. Meðan verstaða var í Kollsvík var því gefið fiskdálkar“.

Grásleppuspyrða (n, kvk) Spyrða af grásleppu. Alltaf var mikið *tekið* af vænni grásleppu *til upphengingar* meðan hún var veidd. Haus og kviður var skorið frá í einu lagi og kamburinn af; innyfli og blóðlifrar hreinsuð úr; skorin *þuma* kviðmegin í stirtlu og annað þunnildi og síðan spyrtaf fjórar grásleppur saman í spyrðu; með sporðana upp. Látið var hanga á hjalli þar til var orðið vel *skelþurrt* utan, og jafnvel í gegn.

Grásleppuveiði (n, kvk) Veiðar á grásleppu. Grásleppuveiði hefur lengi verið stunduð í Kollsvík. Fyrrum var sóst eftir grásleppu til matar; í beitu og til skepnufóðurs, en á síðari tímum eru hrognin helsta verðmætið. „Árið 1966 hófust hrognkelsaveiðar í verulegum mæli í hreppnum, en þá var kominn markaður fyrir grásleppuhrogn. Það ár stunduðu 6 bændur veiðarnar“ (MG; Árb.Barð 1959-67).

Gráta (s) Vola; skæla. „Bjarni sagði á eftir að mikið hefði verið grátið yfir líkinu“ (IG; Sagt til vegar II).

Gráta fögrum tárur yfir (einhverju) / Gráta (eitthvað) fögrum tárur (orðtak) Gráta þannig að vekji meðaunkun/vorkunnsemi annarra. Getur merkt að gráta í mikilli einlægni, en stundum notað í merkingunni

að gráta *krókudilatárum*, Einnig í líkingamáli: „Maður grét það auðvitað fögrum tárur að missa lúðuna; en það verður víst að *taka því eins og hverju öðru hundsbíti*“.

Gráta hástöfum (orðtak) Gráta/orga með miklum hávaða. „Barnið er farið að gráta hástöfum úti í *kerrunni*“.

Gráta (eitthvað) þurrum tárur / Gráta þurrum tárur yfir (einhverju) (orðtak) *Láta sér í léttu rúmi liggja*; vera ekki sorgmæddur yfir einhverju. „Ég græt nú þurrum tárur yfir því þó þessi ríkisstjórn leggi niður skottið; hún hefur ekki verið svo björguleg“. Vísar til þess atviks í norrænni goðafræði að Baldur var drepinn. Hel bauðst til að gefa honum aftur líf ef allir menn og allar vættir grétu hann. Það gerðu allir nema gýgurin Þökk; hún neitaði að gráta og því lifnaði Baldur ekki aftur.

Gráta úr sér augun (orðtak) Gráta svo mikið að manni daprist sjón/ að mann verki í augun.

Grátbeiða / Grátbiðja / Grátbæna (s) Biðja innilega/með tár í augum. „Það stoðar víst lítið að grátbæna þingmenn um vegabætur“. „Það er ekkert hlustað þó þetta landsbyggðarpakk grátbiðji um akfæra vegi, en í borginni þarf helst að sópa spegilslétt malbikið oft á dag“!

Grátbólgin (l) Bógin um hvarma af gráti. „Hættu nú að vola; þú ert að verða grátbólgin“.

Grátbroslegt (l) Broslegt atvik sem þó er sorglegt/slæmt. „Það var dálítið grátbroslegt að sjá fötuna koma fjúkandi framaf klettunum, þegar ég var að koma upp og sækja hana“.

Gráti næst (orðtak) Nærri grátandi; *grátklökkur*. „Hann var gráti næst þegar hann sá eggjafötuna renna framaf brúninni“.

Grátklökkur (l) Óstyrkur í röddinni af geðshræringu/gráti/ekka.

Grátlegt (l) Hörmulegt; mjög slæmt. „Það var nú alveg grátlegt að missa þessa lúðu“.

Grátt gaman (orðtak) Ekkert gamanmál; háskaleikur; mikil hætta. „Gaman þetta gerist flátt;/ grálegr armaspenna./ Ungum manni orkufátt/ er við jötun þenna“ (JR; Rósarímur).

Grátur (n, kk) Það að gráta; vol; skætur.

Grátur (n, kvk, fto) Í kirkju; grindverk með fjöl/planka ofaná í kringum altari og staði prestsins framanvið það. Fólk sem gengur til altaris krýpur við gráturarnar og meðtekur *sakramenti* úr hendi prests. Heitir líklega svo vegna þess að um leið skyldu menn gráta syndir sínar í iðrun.

Grátt að gjalda (orðtak) Sjá *eiga (einhverjum) grátt að gjalda*.

Grátt leikinn (orðtak) Hefur fengið slæma útreið. „Honum þótti hann heldur grátt leikinn“.

Grátur og gnístran tanna (orðtak) Mikil sorg/eftirsjá/hugarvél. „Það varð grátur og gnístran tanna hjá krökkunum þegar hann þurfti að fara“. Notað fyrrum af prestum til að lýsa ástandinu í Helvíti, en sífellt þurfti að halda fáfróðum lýðnum í þrælsótta við verri staðinn.

Gráungað (l) Um egg; með vel þroskuðum unga. „Gráungað egg þykja ekki góð söluvara“.

Gráupplagt (l) Mjög *vel til fundið; kjörið; tilvalið*. „Það væri gráupplagt ef þú gætir leyft mér að fljóta með“.

Grávara (n, kvk) Skinnog húðir sem verslunarvarningur.

Grefill (n, kk) Áhald til jarðvinnu; blendingur skóflu og haka. B. Milt blótsyrði; „Ja, hver grefillinn“. „Grefils vandræði eru þetta“. „Hvern grefillinn ætlarðu að gera við þetta“?

Greftra (s) Jarða; veita útför. „Þessir skipbrotsmenn voru greftraðir í Braiðavíkurkirkjugarði“.

Greftrun (n, kvk) Jarðarför; útför. „Greftrun hefur verið leyfð við hálfkirkjuna í Kollsvík um nokkurn tíma“.

Gregorískt tímatal Nýi stíll; tímatal sem Gregoríus páfi 13. Innleiddi ári 1582 og leysti *Júlianska tímatalið* af hólmi. Það var orðið úr takti við árstíðirnar og til samræmingar var hlaupið yfir 11 daga þegar Gregoríska tímatalið var tekið upp. Einnig var þá ákveðið að sleppa þremur hlaupárum á 400 ára fresti. Nýi stíll var innleiddur á Íslandi ári 1700.

Greiða atkvæði (orðtak) Segja sína skoðun í atkvæðagreiðslu, t.d. á atkvæðaseðli eða með handauppréttingu.

Greiða í fríðu (orðtak) Merkti upphaflega að greiða milliliðalaust með fríðu/lifandi sauðfé, en fékk síðar merkinguna að greiða með vöruskiptum í stað peninga. Er þó stundum notað um peningagreiðslur út í hönd.

Greiða/gjalda í sömu mynt (orðatiltæki) Borga í sama verðmæti; launa greiða/atlögu á sama verðlagi. Sjá *líkt skal líku gjalda*.

Greiða/taka úr (orðtak) Um veiðar; greiða/ná fiski úr netum. „Fyrst straumurinn liggur svona á þetta er best að ég dragi, en þú greiðir úr“.

Greiðasamur / Greiðvikinn (l) Lipur; hjálpsamur. „Hann hefur verið sérlega greiðasamur við okkur“.

Greiðasemi / Greiðvikni (n, kvk) Greiðvikni; liðlegheit. „Þau voru þekkt að greiðasemi, jafnt við sveitunga og aðra“. „Það þykir nú sjálfsögð greiðvikni að gefa svöngum manni að éta“.

- Greiðfært** (l) Auðvelt yfirferðar/um að komast. „Annars var túnið frekar greiðfært og því mikið hægt að slá múgaslátt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Greiðgengt** (l) Vel fært; gott að komast. „Geriðgengt er um Hryggina, sé fólk ekki mjög lofthrætt“.
- Greiði kemur í greiða stað** (orðatiltæki) Menn fá oft þann greiða launaðan sem þeir gera öðrum; menn leitast við að launa greiða með öðrum eða með annarri velvild. Einnig; *oft sér greiði til greiða*.
- Greiðlega** (ao) Vel; án hindrana. „Okkur gekk nokkuð greiðlega að ná lúðunni inni bátinn“.
- Greiðstígur** (l) Hraðgengur; stórstígur. „Hann er svo greiðstígur að maður á fullt í fangi með að fylgja eftir“!
- Greiðubreidd / Greiðufar** (n, hk) Slegin rák í túni eftir greiðusláttuvél. „Ég var búinn að slá nokkrar greiðubreiddir af sléttunni þegar *hlaupastelpu* brotnaði“.
- Greiðusláttuvél** (n, kvk) *Sláttuvél* knúin af hesti eða traktor sem notuð er til að slá gras. Greiðusláttuvél á traktor tók við hlutverki orfs og ljás í Kollsvík um og eftir miðja 20.öld. Greiðan er löng og flöt og stendur þvert á akstursstefnunna. Á henni eru greiðutindar og milli þeirra rennur blaðaður ljár fram og til baka; knúinn af afli traktorsins gegnum hjámiðjuhjól og *hlaupastelpu*.
- Greiðutindur** (n, kk) Tindur úr járn í sláttuvélagreiðu, sem greiðir leið grassins að ljónum og heldur við meðan hann sker það. Tveir tindar eru samfastir í einingu, en mynda allir heild í greiðunni.
- Greikka sporið** (orðtak) Hraða göngunni. „Fórum við þá af stað og greikkuðum sporið“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Greinarkorn** (n, hk) Lítil blaðagrein; bæklingur. „Í þessu greinarkorni er ætlunin að gera fjörunni í Kollsvíkur- og Láganúpslandi nokkur skil“ (HÖ; Fjaran)
- Greind** (n, kvk) Hyggjuvit; skynsemi; brjóstvit. „Hann bar af öðrum um greind og *skarphygli*“.
- Greindarskepna** (n, kvk) Skynsöm skepna; dýr sem sýnir meiri hugsun/greind en önnur. „Hún er greindarskepna blessunin. Alltaf virðist hún vita hvað til stendur“.
- Greindarskortur** (n, kk) Heimska; vitleysa. „Það ber vott um nokkurn greindarskort að klúðra þessu svona“.
- Greindur nærri getur (en reyndur veit þó betur)** (orðtak) Skarpskyggn/greindur maður sér þetta auðveldlega. „Greindur nærri getur; þetta var einmitt það sem ég hugsaði“! Orðtakið er enn notað í þessari mynd í Kollvík (t.d. SG), en sumsstaðar var áður bætt við það „...en reyndur veit þó betur“.
- Gremjulegt** (l) Ergilegt; fer í taugarnar. „Það er gremjulegt þegar svona fer, en við því er lítið að gera“.
- Gren / Greni** (n, hk) Staður sem tófa leggur á eða flytur yrðlinga sína í; oftast holur í urð eða bökkum með mörgum útgöngum. Málvenja var áðurfyrr að tala um gren, en í seinni tíð er oftast talað um greni. „Suðvestan í Stakkahnjót er gamalt gren“ (Magnfríður Ívarsd.o.fl; Örn.skrá Skógs)
- Grendýr / Grenlægja / Grentófa** Tófa sem lagt hefur í greni; *grensmogin* tófa; ekki *hlaupadýr/geldtófa/gelddýr*. „Hann er búinn að skjóta þrjár grentófur og nokkur *hlaupadýr*“.
- Grenismunni / Grenisop** (n, kk) Inngangur í tófugreni. Oftast eru inngangar að lágmarki tveir.
- Grenja** (s) A. Orga; skæla. „Krakkinn var að grenja“. B. Brimhljóð. „Boðinn grenjaði rétt hjá okkur“ (KÓ).
- Grenja sig** (orðtak) Um tófu; gera sér greni. „Í þriðja sinn grenjaði sig þarna tófa rétt fyrir aldamótin, en þágiltu önnur log og fjölskyldan var oll að velli lögð“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Grenjaleit** (n, kvk) Leit að tófugreni/tórugrenjum. „Það þyrfti að fara í grenjaleit þarna á dalnum“.
- Grenjandi brot** (orðtak) Miklir brotsjóir; grynningar sem mjög brýtur á. „Blessaður farðu aðeins dýpra; við erum hér uppi í grenjandi brotum“!
- Grenjandi bylut/stórhrið/stórhriðarbylur** (orðtök) Mjög ákaft, hvasst og dimmt él.
- Grenjandi rigning** (orðtak) Hellirigning. „Það þýðir ekki að setja féð út í þessari grenjandi rigningu“.
- Grenjaskytta** (n, kvk) Maður sem *liggur á greni* til að skjóta ref. „Hann var talinn afbragðs grenjaskytta“.
- Grenjasvæði** (n, hk) Svæði þar sem mikið er um tófugreni eða búast má við að leynist tófugreni.
- Grenjatími** (n, kk) Tíminn sem tófa er á greni. Oft er átt við tímann frá 1. maí til 1. ágúst., t.d. í lagaskilningi.
- Grenjavinnsla / Grenvinnsla** (n, kvk) Skipulagðar aðgerðir til að halda tófugengd í skefjum. Felst í því að halda skrá yfir greni og fá góðar grenjaskyttur til að vinna þau á hverju ári. Tilskamms tíma eitt af verkefnum sveitarstjórna.. „Ég tók að mér grenjavinnslu í allmörg ár í Rauðasandshreppi...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Grenjur** (n, kvk, fto) Ákafur grátur; mikil org; hávær köll/öskur. „Hættu nú þessum grenjum stubburinn minn; þessi rispa er nú ekki lífshættuleg“! „Gafstu kúnum eitthvað annað föður núna? Þær standa á grenjum og hreyfa ekki við heyinu“.

Grenjuskjóða (n, kvk) Vælukjóí; sá/sú sem þykir oft gráta af litlu tilefni.

Grenlega (n, kvk) Það að *liggja á greni*; liggja og reyna að ná grentófum og yrðlingum þeirra.

Grennd (n, kvk) Nánd; nálægð. „Gáðu hvort hann er hér einhversstaðar í grenndinni“.

Grennslast fyrir / Grennslast eftir (orðtak) Leita að; spyrjast fyrir um; gá að. „Það þarf að fara að grennslast fyrir um þá“. „Hann kemur að máli við mig eitt kvöld; hvort ég sé nú ekki fánlegur til þess að fara út í sveit og grennslast eftir því hvort einhver væri nú ekki fánlegur til að kaupa kvígukvikindið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Grensmogin (l) Um tófu; hefur verið á greni; býr í greni. „Þetta er grensmogin tófa“.

Grenstæði (n, hk) Staður sem tófa velur fyrir greni. „Grenstæði þarf að uppfylla ýmsar þarfir tófunnar, s.s. að þar sé þurr og helst sólríkt; víðsýnt; öryggi fyrir helsta óvininum (manninum); hæfilega nálægt fæðusvæðum o.fl. Algengt er að tófa flytji fjölskyldu sína nær veiðisvæðum þegar yrðlingar stálpast. Þá er algengt að sama grenstæði sé notað ár eftir ár, og jafnvel öldum saman af mörgum kynslóðum“.

Grentófa Grendýr; tófa sem er með greni. „Hann er búinn að skjóta þrjár grentófur og nokkur *hlaupadýr*“.

Greppitrýn (n, hk) Ófrýn persóna; krumpufés. „Uppnefni voru mörg; greppitrýn; þrjótur og þaðan af verra“.

Greppur (n, kk) A. Gotuhimna; himnan sem er utanum gotu/hrogn fisks. B. Gæluheiti á gömlum manni.

Grettistak (n, hk) A. Stórir steinar sem víða er að finna og sagt er að Grettir sterki Ásmundarson hafi lyft. Fullyrða má þó að flestar þær sagnir eru ósannar, hvað sem líður sannleiksgildi Grettissögu. B. Almennt heiti á stórum staksteinum/steinatökum sem víða sjást; sem ísaldarjökullinn hefur flutt að og skilið eftir.

Grey (n, hk) A. Tík; hundur. B. Oftast notað í líkingamáli um þann sem vorkennt er: „Mér fannst alveg hræðilegt að heyra þetta um Jón./ Ég hrifin var svo fjarskalega af honum./ Nei það var ekki glæsilegt að gera úr okkur hjón/ fyrst greyið hafði ofnæmi fyrir konum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Greykivikindi / Greyskarn / Greyskinn / Greyskömm (n, hk) Kvikindisgrey; gæluorð í vorkunnartóni um dýr. „Vertu nú ekki að skamma greykivikindið; hundræfillinn reyndi eins og hann gat að komast fyrir kindurann“.

Gribba (n, kvk) Skass; *frenja*; *bryðja*. „Hún er víst óttaleg gribba við karlinn ef hann fær sér í tána“.

Grið (n, hk, fto) Vægð; miskunn. „Rituðu margir riðuspá/ og reistu siðaboðin há./ /Engum griðum ærnar ná; úti er friður bændum hjá“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort þegar riðufé í Tálkna var skotið). Sjá *biðja* (*einhverjum*) *griða*.

Griðastaður / Griðland (n, kk) Var; skjól; öruggur staður. „Kollsvíkin er griðastaður fyrir rjúpur og aðra smáfugla“. „Einhversstaðar þurfa þessi kvikindi að eiga griðland“.

Griður (n, kk) Friður; lífgjöf; uppgjöf saka. „Þingmönnum sem svona haga sér verður enginn griður gefinn í næstu kosningum“!

Grikkur (n, kk) Hrekkur; bragð; óleikur. „Nú gerði hann mér ferlegan grikk“!

Grilla (s) Sjá eitthvað ógreinilega. „Ég rétt grillti í Kollsvíkurbæinn í kafaldinu“. (Harður framb.). „Grillti hann þá í ljós á skipi sem honum virtist vera rétt fyrir framan bryggina á Gjögurum“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Grillur (n, kvk, fto) Falsvonir; óraunhæfar væntingar. „Þú skalt ekki gera þér neinar grillur um að þeir ætli að standa við sín loforð í þessu efni“. (Harður framb.)

Grimmdarél / Grimmdarhríð (n, hk/kvk) Hörkuél; hvöss stórhrið. „Hann brast fyrirvaralaust á með grimmdaréli“.

Grimmdarfrost / Grimmdargaddur / Grimmdarkuldi Frosthörkur; mikið frost. „Það frusu allir lækir í þessu grimmdarfrosti“.

Grimmdarnorðanbál (n, hk) Hvass og frostkaldur *norðansveljandi*. „Enn er sama grimmdarnorðanbálið“!

Grimmilega (ao) Illilega. „Það hefnir sín grimmilega ef þú gleymir að setja frostlög á vélina“.

Grind (n, kvk) Rist; ýmis merking. A. Hliðgrind. B. Grind í fjárhúsi. Undir hverjum fjárhúskarmi var í seinni tíð skítakjallari með grindum yfir, stundum vélengur eftir að tækni kallaði á það. Yfir kjallaranum voru grindur úr tré sem samanstóðu úr slám sem hvíldu á stöllum báðumegin kjallarans, og grindaspelum sem negldir voru á slárnar. Grindurnar voru hafðar hæfilega léttar til að unnt væri að lyfta þeim upp til að *stinga út* úr fjárhúsunum, væru þau ekki véleng. Þá var mokað upp í hjólbörur og skítum ekið út á haug eða í skítadreifara. Gat þurft að stinga út oftast en einusinni yfir árið ef *innistaða* var mikil á fé. C. Grindhvalur.

Grinda (s) Raða einhverju upp til þurks, t.d. víði eða mó. „Það þarf að grinda timbrinu svo það þorni“.

Grindahús (n, hk) Fjárhús þar sem féð er á *grindum* en ekki á *taði*.

- Grindaskítur** (n, kk) Skítur úr fé sem haft er á grindum í fjárhúsi, til aðgreiningar frá taði/skán. „Gindaskítur er hinn besti áburður, en hann er ónothæfur til að reykja við“.
- Grindarslá** (n, kvk) Burðarbiti undir fjárhúsgrind yfir *áburðarkjallara*.
- Grindarspelur** (n, kk) Mjó fjöl í *grind* í fjárhúsum. „Það mætti alveg saga þennan *battning* í grindaspeli“.
- Grindasög** (n, kvk) Sög af sérstakri gerð. Má líkja henni við stórt og ofurbreitt „H“ og er mjótt sagarblaðið strengt í annað bil þess en í hinu bilinu er snæri sem strekkt er á með snarvöndli.
- Grindhoraður** (l) Mjög mjósleginn/grannur. „Ærin var orðin gindhoruð í sveltinu og stóð varla á löppunum“.
- Grindhvalur** (n, kk) Sjá *marsvín*.
- Gripagirðing / Nautagirðing** (n, kvk) Girðing sem ætluð er til að geyma nautgripi.
- Gripinn glóðvolgur** (orðtak) Náður/gripinn meðan verknaður er framinn/ þegar tækifæri gefst. „Þarna kemur hann, þá grip ég hann glóðvolgan og spyr hann sjálfan að þessu“.
- Gripla** (s) Stela; *bísa*. „Nú hefur einhver griplað húfuna mína“.
- Gripsvit** (n, hk) Vit á við skepnu/nautgrip. „Ég hef nú hingað til talið að menn þyrftu að hafa nokkuð meira en gripsvit til að geta orðið ráðherrar“!
- Gripur** (n, kk) A. Hlutur; munur, t.d. dýrgripur. B. Stórt húsdýr, s.s. nautgripur; stórgripur. C. Gæluheiti um mann/manneskju. „Þegar mamma var búin að eiga barnið og farin að hressast sótti Maggi mig út á tún og vildi að ég skoðaði þennan grip“ (IG; Æskuminningar).
- Grisja** (s) Draga úr þéttleika. „Hér þyrfti að grisja rófuþlönturnar dálítið“.
- Grisjast** (s) Verða dreifðari. „Þetta mun hafa verið í fyrstu rétt haustið 1946, en þá var byggðin í nefndum hreppi lítið farin að grisjast frá því sem verið hafði um aldir“ (PG; Veðmálið).
- Grisjusía** (n, kvk) Sía úr grisju/ finofnu efni til að sía t.d. hrogn fyrir söltun eða berjahrat fyrir söftun. „Í upphafi grásleppuveiða notuðu menn grisjusíur til að sía vökva úr hrognunum, eftir að himnur höfðu verið skildar frá í *grófsigt*. Síurnar voru gerðar úr sama efni og barnableyjur sem þá tíðkuðust“.
- Gripsvit** (n, hk) Lítið vit. „Ekki skil ég þegar fjölmiðlafólk er að fjalla um hluti sem það hefur ekki gripsvit á“!
- Gríðarharður** (l) Afar/mjög harður. „Veturinn var gríðarharður um þetta leyti“.
- Gríðarhávaði** (l) Mjög mikill hávaði. „Bjargið splundraðist á hleininni með gríðarhávaða“.
- Gríðarhraustur / Gríðarsterkur** (l) Kraftamikill; mjög sterkur. „Hann er gríðarhraustur drengurinn; hann lét sig ekki muna um að lyfta Júdasi uppí kjöltu og kom Brynjólfstakinu vel á loft“.
- Gríðarmikill / Gríðarstór** (l) Mjög stór/mikill. „Það hefur komið gríðarstór steinn á Fjörurnar“.
- Grímótt** (l) Með snjó- eða klakagrímu í andlitinu. „Féð er allt grímótt eftir að standa úti í élínu“.
- Grímubúningur** (n, kk) Búningur sem fólk klæddist til hátíðabrigða og skemmtunar á áramótum. „Stundum á áramótum bjuggu menn sig í grímubúninga og gengu um með kyndla. Það var aðeins fullorðið fólk; unglingar máttu ekki taka þátt í því. Svo var spilað“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Grímulaust** (l) Umbúðalaust; án dulbúnings/fegrunar. „Þetta er auðvitað grímulaus árás á landsbyggðarfólk“!
- Grína** (s) A. Þíra augun; rýna í. „Þú skemmir augun ef þú ert að grína í bók í þessu myrkri“. B. Gera grín. Ýmist með eða án „st“ viðbótar. „Maður grínar nú ekki með svona hluti“. „Ertu að grínast“?
- Grínaktugur** (l) Gamansamur; fyndinn. „Hann átti það til að vera grínaktugur og jafnvel hinn mesti æringi“.
- Grínaktugheit** (n, hk, flo) Gamansemi; grallarháttur. „Hann gerði þetta stundum af sínum grínaktugheitum“.
- Grínast við** (orðtak) Gera að gamni sínu við. „Ég hélt fyrst að hann væri að grínast við mig“.
- Grípa** (s) A. Taka; ná taki á. „Við það að sjá þessa fallegu kjötbíta sem í skrinunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni; greip einn bitann og skar sér með vasahnífnum vænan munnbita“ (PG; Veðmálið). B. Fanga; taka föstum tókum. „Meðal helstu skemmtana okkar strákanna var að sniglast um bakka á skurðum og lækjum og *grípa bröndur*“.
- Grípa andann á lofti** (orðtak) Anda snöggt/djúpt að sér, stundum í undrun, hræðslu eða þegar óvænt gerist.
- Grípa bröndur** (orðtak) Veiða bröndur/smásílungr í lækjum og skurðum með berum höndum. Bröndur liggja gjarnan í felum undir holbökkum og steinum. Með lagni má stundum lauma hendi að þeim; grípa þær og koma þeim uppá bakkann. Minni bröndum var sleppt, en þær stærri hirtar og matreiddar.
- Grípa/taka feginshendi** (orðtak) Þiggja með þökkum; taka fagnandi; þiggja. „Ég var fremur illa búinn og greip því feginshendi þegar hún bauðst til að lána mér húfu og vettlinga“.

- Grípa (einhvern) glóðvolgan** (orðtak) Góma einhvern; ná tali af einhverjum strax. „Þarna koma þeir; ég ætla að grípa hann glóðvolgan“. Vísar til þess að fá mat/köku, t.d. flatköku/hveitiköku, nýbakaða og borða volga.
- Grípa gæsina (meðan/þegar hún gefst)** (orðtak) Nota tækifærið meðan í boði er; *nota/nýta byrinn þegar hann býðst*. „Þarna kemur mávahópur *amlandi* með Görðunum. Nú er að grípa gæsina meðan hún gefst“. Vísar til þess þegar gæsir voru eltar uppi og gripnar meðan þær voru í sárum.
- Grípa inni** (orðtak) *Skipta sér af*; hafa áhrif á framvindu; bjarga; stýra. „Ég greip inni og afstýrði því að strákarnir færu að *fljúgast á*“.
- Grípa í** (orðtak) Um störf; sinna stundum/stopult. „Hreinsun túna og garðvinna voru að mestu störf kvenna og barna; karlmenn gripu í það í landlegum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Grípa í afturendann á / Grípa í skottið á** (orðtak) Ná á einhvern; ná einhverjum til viðtals. „Ég þarf að grípa í skottið á honum áður en hann fer, og biðja hann fyrir þakkann“.
- Grípa í endann á deginum** (orðtak) Nota það sem eftir lifir dags. „Ansi er hann að ljókka hratt; við megum grípa í endann á deginum og hnoða einhverju upp í galta“!
- Grípa/taka í spil** (orðtak) Fara að spila á spil. „Á jólum áður fyrr fóru fjölskyldur í heimsóknir milli bæja. Íðulega kom frændfolk t.d. úr Efri-Tungu eða Kvígindisdal ásamt fólki af öðrum bæjum í Víkinni. Þá þótti sjálfsgagt að grípa í spil; oftast vist, en einnig manna eða maríás. Menn skiptust á fréttum og gamanmálum yfir spilum, en létu líka álit sitt hreinskilnislega í ljós ef mótspilarinn stóð sig ekki eða mönnum voru gefnir „handónýtir hundar sem ekki var viðlit að segja neitt á af viti“! (VÖ).
- Grípa í taumana** (orðtak) Hindra að illa fari; hægja á ferðinni; koma stjórn á. „Nú þurfa stjórnvöld að fara að grípa í taumana og snúa þessari byggðaeýðingu við“.
- Grípa í tómt** (orðtak) Finna ekki það sem ætlað var; *koma að tómun kofanum*. „Ég ætlaði að sækja þakkann en greip í tómt; annar hafði orðið fyrri til“.
- Grípa niður** (orðtak) Um sauðfé; bita stutta stund án þess að staðnæmast lengi. „Það er nánast orðið haglaust. Féð grípur lítið niður þó því sé beitt út“.
- Grípa ofaní** (orðtak) A. Um skoðun sauðfjár; þukla hrygginn til að finna holdafar og byggingu. „Gríptu aðeins ofaní hrygginn á þessum lambhrút þarna; mér sýnist hann ári lífvænlegur“. B. Lesa lauslega/lítillega í bók/riti. „Ég greip aðeins ofaní lærdómsbækurnar meðan ég beið“.
- Grípa til sinna/minna ráða** (orðtak) Gera það sem mér/honum/henni finnst réttast. „Þegar ég sá að allt *stefndi í óefni* og féð væri að sleppa um efri ganginn þá tók ég bara til minna ráða og ruddi grjóti niður klettana“.
- Grípa til varna / Grípa til vopna** (orðtök) Taka vopn sín og verjast; verjast árás. „Ætli maður verði ekki að grípa til varna ef á mann er ráðist“.
- Grípa/nota/nýta tækifærið** (orðtak) Hagnýta sér aðstæður sem skapast.
- Grísir gjalda það er gömul svín valda** (orðatiltæki) Þeir sem eru ungir/nýliðar og saklausir þurfa oft að gjalda fyrir mistök eða misgjörðir þeirra sem fyrr hafa klúðrað/misgert.
- Grjónagrautur / Grjónavellingur** (n, kk) Hrísgjónagrautur. Hann var töluvert etinn; ýmist með rúsinum eða án, en alltaf með kanilsykri útá. Sumum þykir lítt sem ekki varið í hann nema slátur sé með. „Þykkur og skjólgóður grjónavellingur með *gallsúru* slátri er algjört sælgæti“.
- Grjótfall** (n, hk) Grjóthrun; hrun. „Skriðuhætt mjög, og grjótfall sífellt á vetur (um Kollsvíkurtún og bæjarstæði“ (AM/PV Jarðabók).
- Grjótflug** (n, hk) Þegar veðurhæð er svo mikil að *þeytir grjóti*, t.d. úr vegköntum yfir vegfarendur. „Það var *bálhvasst* þarna í Skarðinu og grjótflug“. Orðið var ekki notað vestra yfir *hrun* úr klettum.
- Grjótgarður** (n, kk) Garður, hlaðinn úr grjóti. „Meðal annars hlóð Guðbjartur mikinn grjótgarð kringum túnið í Tröðinni, sem enn er eitt tilkomumesta mannvirkið sem sést þegar komið er niður Hæðina“.
- Grjóthalda/ríghalda kjafti** (orðtak) Steinþegja; þegja eins og steinn. „Mér tókst að gjóthalda kjafti yfir þessu“.
- Grjótharður** (l) Mjög harður. „Þú hefur ekki *barið* fiskinn nógu vel; hann er enn grjótharður“.
- Grjóthlaðinn** (l) Hlaðinn úr grjóti. „Stíflan sem Ingvar gerði í Ánni var allmikið mannvirki; grjóthlaðin að neðanverðu en steinsteypt það byrðið sem vissi inn í lónið og í yfirfallinu.
- Grjóthólmi** (n, kk) Hólmi í vatni, gerður úr grjóti. „Úti í Litlavatni ofanverðu mátti til skamms tíma sjá móta fyrir grjóthólma. Hann gerðu Einar, Halldór og þeir Láganúpsbræður með því að draga grjót á sleða út á ísinn að vetrarlagi. Var ætlunin að þar kæmist upp varp. Lítið varð þó úr því, og ís hefur nú borið þetta að mestu í burtu“.

- Grjóthreinsa** (s) A. Hreinsa grjót úr túnnum og túnstæðum. „Á sumum bæjum hafa bændur lagt verulega vinnu í grjóthreinsun túna. Má þar nefna vinnu Ingvars á Stekkjarmel við hreinsun sléttunnar á Svaðrarholti og Ólafs á Nesi við ruðning og gjóthreinsun sléttu undir Hænuvíkurnúp“. B. Hreinsun hrungrjóts af vegum.
- Grjóthrun** (n, hk) Þegar grjót hrynur úr fjalli. „Alltaf er eitthvað grjóthrun á Fjörurnar, einkum að vorlagi“.
- Grjóthróngl** (n, hk) Dreifðir steinar. „Það er töluvert grjóthróngl á veginum eftir hrúnið“.
- Grjót kast** (n, hk) Það að kasta/grýta grjóti. „Eftir mikið grjót kast valt tófan niður í Sandahlíð og sótti ég hana þangað“ (IG; Sagt til vegar I). „Þeir gátu stöðugt búist við grjót kasti úr Bjarginu, og vissu í rauninni ekki hvort þeir gætu haldist þarna við“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Grjót nógur / Grjót nægur** (l) Yfirdrífinn; meira en nægilegur. „Mér sýnist að við höfum grjót nóg efni í þetta“. „Það er grjót nóg af fiski uppi í *harðalandi*, en auðvitað þarf að bera sig eftir björginni“. „Og með þessari vinnu hef ég grjót nægan tíma fyrir tamninga og hestamennsku“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Grjót púkk** (n, hk) Grjót fylling; grjóthaugur. „Grjót púkk var sett í fjárhúskjallarann og á það steipt fjósgólfið“.
- Grjót trif** (n, hk) Mön úr grjóti. „Grjót trif er ofan sandrífisins neðanvið Fit og Leira. Þar eru tóftir, svonefndar Oddatóftir; líklega leifar verbúða frá gamalli tíð“.
- Grjót rúst** (n, kvk) Haugur/hrúga af grjóti. „Í sumarbyrjun mátti fyrrum sjá grjót rúst við hverja votheysgryfju. Þá tíðkaðist að fergja heyið þegar gryfjan var full; til að bygja hitamyndun niðri í heyinu og forða efsta laginu frá skemmdum. Síðar gegndu plast og sandpokar þessu hlutverki, og að lokum tóku rúllurnar við“.
- Grjót sofa** (s) Steinsofa; sofa djúpt. „Ég varð ekkert var við þetta í nótt; ég bara grjót svaf eins og ég er vanur“.
- Grjót sofandi** (l) Steinsofandi; sefur djúpum svefni; *rotaður*. „Er hann ennþá grjót sofandi“?!
- Grjót sofna** (s) Sofna mjög fast/fljótt. „Ég held ég hafi bara grjót sofnað“.
- Grjót sofnaður** (l) Sofnaður mjög fast/ djúpum svefni. „Hann er grjót sofnaður þarna í lautinni“.
- Grjót svefn** (n, kk) Djúpur svefn; *rotsvefn*. „Það er nú alveg orðið tímabært að vekja manninn. Þvílíkan grjót svefn hef ég sjaldað vitað“!
- Grjót skriða** (n, kvk) Skriða úr þursabergi/ lausu grjóti. „Við förum varlega hér yfir grjót skriðuna“.
- Grjót tangi** (n, kk) Grýttur tangi/skagi. „Merkin eru um grjót tanga miðja vegu á brún upp af Gorgán“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs)
- Grobb** (n, hk) Mont; raup. „Hlustaðu nu ekki á bölváð grobbið í karlinum“!
- Grobba** (s) Stæra sig; monta sig; raupa. „Hann stóðst ekki mátið að grobba örlítið af þessu“.
- Grobbinn** (l) Montinn; raupsamur. „Mér finnst hann helst til grobbinn“.
- Groddafjandi / Groddaskratti** (n, kk) A. Efni, verkfæri, efni og annað sem þykir mjög gróft. „Vegslóðinn er varla öküfær; þetta er groddaskratti“. B. Drykkur, súpa sem þykir ólystugt. „Ekki veit ég hvað var í þessu, en þetta var alger groddafjandi og algerlega ódrekkandi“!
- Groddalega** (ao) Gróflega; ruddalega; með grófum hætti. „Farðu nú ekki svona groddalega að þessu“!
- Groddalegur** (l) Grófgerður; hrikalegur. „Þessi pensill er nú dálítið groddalegur fyrir finheitin“.
- Groddasmíði** (n, kvk) Groddalega/gróflega smíðað; óvandað. „Skelfingar groddasmíði er á þessu“!
- Groddaverkfæri** (n, kk) Heldur grófgert verkfæri fyrir verkefnið. „Þetta getur illa lánast með svona groddaverkfæri; áttu enga almennilega *skrúfsíu*“?
- Groddi** (n, kk) Rumur; heiti á því sem er of gróft og stórt fyrir það sem við á. „Það þýðir nú ekkert að nota svona hnífgródda við þetta“. „Þetta garn er nú óttalegur groddi“.
- Grogg** (n, hk) Botnfall; útfelling. „Þegar vatnið hafði staðið um stund í glasinu var sest töluvert grogg á botninn“. Virðist óþekkt í þeirri merkingu utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Orðið er annars notað um vatnsblandað romm.
- Groms** (n, hk) Korgur; botnfall; grotti. T.d. notað yfir botnfall af sjálfrunnu lýsi og kaffikorg.
- Groppa** (n, kvk) Hrjónungur; gropinn snjór/jarðvegur/viður. „Það er leiðinlegt göngufæri; þunnur skari yfir, en undir er bara groppa; sunduréttin eftir hlýindakaflann“.
- Groppulegur** (l) *Laus í sér*; tætingslegur; fúinn. „Fjári er víðurinn orðinn groppulegur í neðri falsinum“.
- Grotna** (s) Molna; eyðast; rotna. „Bergið er alltaf að grotna niður og sama er lausagrjótið og fyrr..“ (MG; Látrabjarg).
- Grotnaður** (l) Orðinn sundurlaus/morkinn/molnaður. „Kassinn var grotnaður af fúa“.
- Grotti** (n, kk) Groms; botnfall undan sjálfrunnu lýsi. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

- Gróa inn** (orðtak) Vaxa inn í húð/likama. „Það þarf að *skella af* hornunum á hrútnúm áður en þau gróa inn“.
- Gróa sára sinna** (orðtak) Verða heill af sárum/meiðslum. „Hann var varla gróinn sára sinna þegar hann *skurslaði sig* aftur; og nú í hina hendina“!
- Gróa um heilt** (orðtak) Vingast aftur. „Það greri aldrei um heilt með þeim eftir þessar deilur“.
- Gróandi** (n, kk) A. Spretta gróðurs. „Lömbin eru fljót að *braggast* á gróandanum“. B. Bati sárs. „Mér sýnist að það sé góður gróandi í *handarmeininu*“.
- Gróðabrask** (n, hk) Vafasamir viðskiptahættir; auðsöfnun. „Hér eru menn ekki vanir neinu gróðabraski“.
- Gróðavegur** (n, kk) Tekjulind. „Það hefur nú aldrei talist neinn veraldlegur gróðavegur að stunda búskap“
- Gróðavon** (n, kvk) Von um gróða/arð. „Alltaf er hann þar kominn sem einhver gróðavon er“!
- Gróðavænlegt** (l) Líklegt til að skila gróða/arði. „Ekki held ég að svona fyrirtæki geti verið gróðavænlegt“.
- Gróði** (n, kk) A. Arður; hagnaður; eftirtekja. „Heldurðu að þetta geti komið út í gróða“? B. Gróður; frjósemi jarðar. Lítið notað á þann hátt í gróðapjóðfélagi samtímans; helst þó í skáldamáli.
- Gróðrarskúr** (n, kvk) Rigningarskúr, einkum í hlýindum að vori. „Mér sýnist að túnunum hafi farið mikið fram, bara við að fá þessar fáu gróðrarskúrir í gær“.
- Gróðrarstía** (n, kvk) A. Upprunaleg merking; gróðurreitur/afmarkað ræktunarhólf. B. Ýmis afleidd merking. „Svona óþrif eru gróðrarstía fyrir bakteríur“. „Pólitík er stundum gróðrarstía valdagræðginnar“.
- Gróðureyðing** (n, kvk) Uppblástur og önnur eyðing gróðurþekju. „Síðustu árin hefur gróðureyðingin gengið óhugnanlega hratt á jarðvegstorfunu á Litlufitinni“.
- Gróðurhús** (n, hk) Lítið hús, þakið gluggum, ætlað til jurtaræktunar. „Sigríður á Láganúpi er mikil ræktunarkona. Hún fékk draum sinn um gróðurhús uppfylltan þegar Láganúphúsið nýja var byggt. Þá voru í fyrsta sinn ræktaðar ýmsar ávaxta- og berjategundir í Kollsvík, s.s. stikilsber“.
- Gróðurilmur** (n, kk) Sterk lykt af gróðri, einkum greinileg í sprettutíð. „Nú er gróðurilmur og vor í lofti“.
- Gróðurlitill** (l) „Fyrst eru gróðurlitlir hryggir niður á sjóarkletta“ (IG; Sagt til vegar I).
- Gróðurnál** (n, kvk) Byrjun gróanda að vori; lítlsháttar gróður. „Einhver gróðurnál kemur fljótlega í svona miklum hlýindum“. „Það er farin að sjást *nál* um leið og snjór fer af“.
- Gróðurrýr** (l) Með gisnum/óburðugum gróðri. „Melarnir voru yfirleitt þurrir, harðir og gróðurrýrir“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Gróðursetja** (s) Um plöntu/jurt; planta út/niður; setja niður. „Páll gróðursetti nokkrar trjáplöntur í reit sem hann gerði heimanvið Litlavatn. Féð sá um að gera þær tilraunir að engu á nokkrum árum“.
- Gróðurskáli** (n, kk) Bjart rými í íbúðarhúsi, þar sem ræktaðar eru plöntur. „Í nýja Láganúphúsinu fékk Sigríður uppfylltan sinn draum um gróðurskála. Þar ræktaði hún m.a. ýmsar rósir, vínber o.fl.“.
- Gróðursæld** (n, kvk) Gróska; góð gróðrarskilyrði. „Gróðursæld er mikil þar sem skjóls nýtur í Kollsvík“.
- Gróðursæll** (l) Gróskumikill; góð skilyrði til sprettu. „Víkin sjálf var einnig fögur, þótt ekki væri hún ýkja gróðursæll“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Gróðurtó** (n, kvk) Gróinn teigur innan um hrjóstugara land. „Í Vatnadal framanverðum eru tvær langar og áberandi gróðurtór, Kollsvíkurtó og Hænuvíkurtó; hjá lækjarsytrum sem allajafna eru þó ekki sýnilegar.“
- Gróf** (n, kvk) Kröpp laut; jarðfall; víð hola. „Örnefnið Gróf er á utanverðum Hnífunum; rétt utanvið Stórhól. Þar hefur myndast sérkennileg djúp laut; e.t.v. þar sem ísaldarjökull hefur brotið niður þak hellis, enda gengur grunnur hellir inn af grófinni. Í henni eru holur sem greinilega eru mót eftir trjáboli frá því blágrýtislagið rann. Í Grófinni hefur verið stekkur; Grófarstekkur, og sjást hleðslurnar greinilega“.
- Grófgerður** (l) A. Um hlut/grip; óvandaður; ekki finlegur. B. Um mann; hrjúfur í viðmóti.
- Grófriðið** (l) Um net; með stórum möskvum. „Þetta net er of grófriðið fyrir silung“.
- Grófhreinsa** (s) A. Hreinsa mesta skítinn/hroðann. „Við grófhreinsum netin núna og sjáum hvað skolast úr þangað til við vitjum næst“. B. Grófsmala; hreinsa fé að mestu af svæði.
- Gróflega** (ao) Með stórbrotnum hætti; mikið. „Honum þótti gróflega á sér brotið“.
- Grófsigti** (n, hk) Sigti til verkunar á grásleppuhrognum. Í því voru himnur skildar frá með því að hrognunum var nuddað með *hrognaspaða/hræl* niður í gegnum sigtið, en himnurnar sátu eftir.
- Grófsmalað** (l) Um svæði; smalað að mestu leyti; *grófhreinsað*. „Það má segja að búið sé að grófsmala Bjargið. Enn er eftir að smala Stíginn og gá hvað getur leynst víðar niðri“.

- Grófur** (l) A. Um hlut/efni; óvandað að smíði; hrjúft á yfirborði; stórgert í áferð; svert. B. Um mann; ókurteis í orðum; ruddalegur; klunnalegur; klúr. C. Um sjólag; allmikill sjór; grafinn sjór.
- Gróinn** (l) A. Um meiðsli; heil; lokuð. „Mér sýnist að fótbrotið á kindinni sé nokkuð vel gróið“. B. Um landsvæði/spildu; með miklum gróðri. „Gilið, þar sem maður lék sér í ægisandi sem barn, en nú alveg gróið“. C. Um veðurlag; skýjað í lofti; rigningarlegt. „Ári er hann að verða gróinn í suðurloftinu“. D. Um efnahag manns; ríkur. „Hann er víst orðinn ágætlega gróinn á þessum viðskiptum“. E. Um vanafestu/sið; djúpstæð „Milli þessara heimila ríkti einatt gróin vinátta“.
- Gróinn sára sinna** (orðtak) Sár gróið/gróin á einhverjum. „Hann er að mestu gróinn sára sinna eftir hrapið“.
- Gróm** (n, hk) Óhreinindi; kusk; „Eitthvað gróm flýtur ofaná vatninu“. „Ég þurrkaði mesta grómið af þessu“.
- Grómtekinn** (l) Ataður af óhreinindum. „Þú ert grómtekinn af skít; ég held þér veiti ekki af góðu þrifabaði“.
- Gróp** (n, kvk) Fals; far; rispa; skurður. „Tappinn þarf að falla vel inni grópina“. „Vaðurinn liggur í gróp um brúnahjólíð“. Stundum haft í hvorugkyni.
- Grópa** (s) Búa til gróp/rás; fella saman með tappa og gróp. „Loftbitarnir eru grópaðir saman“.
- Gróska** (n, kvk) Gróðursæld; mikið líf í gróðri. „Það er gróska í túnnum í svona veðurfari“.
- Gróskumikill** (l) Um gróður; í mikilli sókn; líflegur. „Melurinn er orðinn helst til gróskumikill hérna“.
- Gróusaga** (n, kvk) Slúður; lygasaga. „Ég hef ekki lagt það í vana minn að bera út bölvadar gróusögurnar; þær dafna alveg nógu vel fyrir því“! Vísar líklega til Gróu á Leiti í sögunni „Maður og kona“ en er e.t.v. eldra.
- Grufl** (n, hk) A. Gróftur; rót. „Vegagerðin mætti víða ganga betur frá gruflinu sínu“. B. Umhugsunarefni; heilabrot. „Hættum nú þessu gruflni og förum að gera eitthvað af viti“.
- Grufla** (s) A. Gramsa; krafla; róta í. „Vertu nú ekki að grufla berhentur í þessum óþverra“. B. Athuga; rannsaka; hugsa djúpt; rifja upp. „Ég hef dálítið verið að grufla í þessum málum“.
- Grufla upp** (orðtak) Rifja upp; *grafast fyrir um; risla í*. „Ég man þetta ekki í *svipinn*, en ég skal reyna að grufla það upp“.
- Grugg** (n, hk) Sýnilegur sori/óhreinindi í vatni/vökva. „Við biðum með að drekka þar til gruggið sest“.
- Grugga / Grugga upp** (s/orðtak) Þyrlla upp óhreinindum í vatni/vökva. „Það má ekki grugga upp í skurðinum fyrir ofan brunnhúsið meðan saltfiskurinn er þar í *afvötnun*“.
- Grugglas / Gruggkúla** (n, hk/kvk) Ílát sem eldsneyti vélar fer um frá eldsneytistanki, og hefur það hlutverk að safna vatni/óhreinindum sem kunna að vera í eldsneytinu. „Það er að verða full gruggkúlan á Farmalnum“.
- Gruggugt** (l) A. Um vatn/vökva; með miklu gruggi. „Vertu nú ekki að drekka vatnið svona gruggugt“! B. Um málefni/ástand; óljóst; tortryggilegt. „Mér finnst eitthvað gruggugt við þessi kosningaloforð“.
- Gruna um græsku** (orðtak) Um álit á manni; hafa grunaðan um undirferli/óheilindi. „Þetta hljómaði allt vel sem hann sagði, en ég grunaði hann strax um einhverja græsku“.
- Grunaði ekki Gvend!** (orðatiltæki) *Datt mér ekki í hug;* eins og mig grunaði. „Grunaði ekki Gvend; þið fóruð semsé að grípa bröndur þegar þið áttuð að reka útaf og koma strax til baka“!
- Grunða** (s) Íhuga; hugsa af rökfestu, færa rök fyrir. „Mér finnst að þetta mál sé fremur illa grundað“.
- Grundvallaratriði** (n, hk) Meginforsenda; sem allt byggir á. „Hér er um grundvallaratrið að ræða“.
- Grundvöllur** (n, kk) Grunnur; það sem byggt er á. „Eftir niðurlagningu mjólkursvinnslu á Patreksfirði var ljóst að ekki væri grundvöllur fyrir mjólkurframleiðslu í Kollsvík að óbreyttu“.
- Grunlaus** (l) *Óraði ekki fyrir;* grunaði ekki. „Ég var alveg grunlaus um að svona lagað gæti skeð“.
- Grunn** (n, hk) Hafsvæði sem er tiltölulega grunnt. „Þarna í *marbakknum* snarhallar af grunninu niður í *dýpið*“. „Borgarisjakarnir *stóðu grunn* hér langt frammi á vikinni“.
- Grunnbauja / Grunnbelgur / Grunnból / Djúpból** (ao) Mismunandi heiti á bóli (floti) á neti eftir því hvort var nær eða fjær landi. Á sama hátt var rætt um *grunnmegin* og *djúpmegin*. „Það er komið norðurfall og því var ekki rétt af okkur að fara djúpmegin í strenginn. Við tókum grunnbólíð í næsta streng“. Einnig notað *grunnendi* og *djúpendi*.
- Grunnbára / Grunnrið / Grunnskafli** (n, kvk) Brimalda sem nær til botns. „Er þá einkar áriðandi fyrir stjórnandann að hann sé svo viss í stjórninni að láta grunnbárana koma beint aftan á skutinn á skipinu til að grunnriðið renni því beint í land. Komi grunnskafllinn öðrumegin á kinnung skipsins snýst það í sama vetfangi og verður flatt. Er þá mikil hætta búin“ (HE; Barðstrendingabók)
- Grunnboði** (n, kk) Blindboði; boði sem ekki kemur uppúr sjó en stendur þó svo grunnt að á honum brotnar.
- Grunnborði** (n, kk) Sú hlið báts sem snýr að landi. „Láttu stjórnann fara á grunnborða“.

- Grunnbrot / Grunnrið** (n, hk) Mikil alda sem hækkar og brotnar þegar hún kemur að landi og nær í sjávarbotn. „Helstu boðarnir eru Djúpboði og Leiðarboðar. Setið var á sjó þó á þeim félli grunnbrot um fjöru“ ... „Veður geysa af hafi. Brimið er stórkostlegt; tröllaukin grunnbrot sem hóta tortímingu því nær öllu lífi; jafnvel sjávargróðri“ (KJK; Kollsvíkurver). „Við áttum nokkurn spöl eftir ófarinn að Blakknum, þegar stórt og víðáttumikið grunnbrot kom æðandi á móti okkur. „Hver dj..., það er grunnbrot á Þembunni... „ ... Ljót var að sjá upp í Verið; þar virtist grunnbrot yfir allt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Grunnendi / Djúpendi** (n, kk) Endar nets/línu eftir því hvor er nær landi. Sjá *grunnból/djúpból*.
- Grunnfesta** (n, kvk) Um það þegar færi festist í botni/grunni. „Hér er oft góð veiði, en hætt við grunnfestum“.
- Grunnfiskur** (n, kk) Fiskur sem fæst á grunnmiðum; oft þarapýrsklingur og frekar smár.
- Grunnhygginn** (l) Einfaldur; hugsunarlítill. „Þetta er ágætur karl, en fremur grunnhygginn“.
- Grunnhyggni** (n, kvk) Einfeldni; hugsunarleysi. „Skyldi þetta vera af illvilja eða bara grunnhyggni“?
- Grunnleið** (n, kvk) Siglingaleið sem liggur grynna en aðrar leiðir, en getur verið betri við vissar aðstæður. „Grunnleið fyrir Blakk er fyrir ofan Blakknesboða, sem er blindboði“. „Miðið í sunni milli Blakknesboðans og lands er að halda Bræðragjám þar til Tálkni kemur framundan“ (Landamerkjálýsing Kollsvíkur).
- Grunnmál** (n, hk) Fjarlægð *sökku* frá botni á skakveiðum. „Mikilvægt er að *taka* gott *grunnmál* þar sem hætta er á *festu*“. „... grunnmál (á steinbítisveiðum) var tvö til þrjú handtök“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Grunnmið** (n, hk, fto) Fiskimið á grunnslóð. „Venjan áður var að koma í verið strax um sumarmál, en svo hætti fiskur að ganga svo snemma á grunnmið, ekki fyrir en komið var fram í maí“ ... „Færu menn í róður áður en fiskur gekk á grunnmið var róid djúpt og verið tvö sjávarföll í róðrinum, eða 12 tíma. Eftir að fiskur gekk á grunnmið; lóðamiðin; á sandinn, eins og það var kallað í Kollsvík, var venja að róa eftir því sem stóð á flóði eða fjöru, og aldrei öðruvísi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Grunnrek** (n, hk)(óviss skýring en þrennt virðist einkum koma til greina; rek af þara sem veltist eftir botninum og sest í net; fint rek sem ekki verður vart nema færi liggja í botni eða rek uppi á grunni meðan þess gætir ekki dýpra frá landi) (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Grunnskafli** (n, kk) Um sjólag; stórt brot í grunnnum sjó; grunnbrot. „Í sverum sjó má sjá grunnskafla taka sig upp lengst frammi á víkinni; ekki alleina á þekktum boðum, heldur líka á milli þeirra“.
- Grunnskreiður / Grunnristur** (l) Um bát; nær ekki langt niður í sjó; kemst nálægt landi án þess að *taka niðri*. „Miklu skiptir við lendingar í fjöru, líkt og í Kollsvík, að bátar séu bæði grunnskreiðir og *léttir á höndum*“.
- Grunnslóð** (n, kvk) Landgrunn; svæðið næst ströndum. „Nú fer grásleppan að ganga á gunnslóð“.
- Grunnstingull** (n, kk) Frost við botn en ekki við yfirborð. Getur helst myndast í ám og lækjum í miklu frosti; þegar ísnálar myndast í vatninu; það nær ekki að firjósa á yfirborði vegna straums og iðukasta en nálarnar verða að íshellu við botninn þar sem straumur er hægari.
- Grunnsævi** (n, hk) Grunnt hafsvæði; grunnur sjór. „Það er orðið minna um grásleppu upp á grunnsævinu“.
- Grunnt / Djúpt** (l) Um fjarlægð á sjó frá landi. „Við rerum norður á Bætur, svokallaðar. Það var norðurundir Blakknesinu; grunnt nokkuð, og þar var tekið til að skaka“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Grunnt á því góða** (orðtak) Stutt í illindi/misklið; um viðsjár/tortryggni milli manna. „Mér kemur þetta rifrildi ekki á óvart; það hefur löngum verið grunnt á því góða á milli þeirra“.
- Grunsamlega** (l) Furðulega; undarlega. „Mér finnst vera grunsamlega lítið eftir í kökuboxinu“.
- Grunsemdir** (n, kvk, fto) Grunur; hugboð. „Ég veit þetta ekki fyrir víst, en ég hef ákveðnar grunsemdir“.
- Grúa** (s) Mora; vera mikið/*býsn* af. „Þorskhræið er grúandi í marfló“.
- Grúeygt** (l) Um þroska eggs; komin greinileg augu í stropann og e.t.v. einnig goggur. „Ég hafði ekki lyst á þessu; ég ét það ekki grúeygt eins og þú“. Sjá *eygt* og *koleygt*.
- Grúfa** (s) A. Gnæfa; þruga. „Hér hefur grúft yfir niðarþoka í allan dag“. B. Um leiki; halda fyrir augu eða snúa sér undan meðan aðrir fela sig. „Nú átt þú að grúfa“.
- Grúi** (n, kk) Mikið notuð stytting úr *aragruí*.
- Grúmaðkaður** (l) Mjög maðkaður; iðandi í maðki; maðkaveita. „Fiskurinn var grúmaðkaður innan, þó ekki sæist á honum að utanverðu“. Forskeytið líklega komið af *grúa*.
- Grúnsa** (s) *Pussa*; slægja steinbít (sjá *steinbítur*).
- Grúsk** (n, hk) Það að grúska/gramska/leita, gjarnan þá þess sem sjaldan er leitað. „Hann er eilíflega að einhverju grúski. Nú er það málfar fólks sem flest er látið; úr byggðum sem að mestu eru komnar í eyði!“

Grúska (s) A. Lesa og leita upplýsinga í ritum; iðka bókleg fræði; sökkva sér í lestur og úrvinnslu rita. „Ár og síð menn segja hann kafinn sínum fræðum;/ grúskandi í gömlum skræðum“ (JR; Rósarímur). B. Grufla í; grandskoða; sökkva sér niður í verkefni.

Grúskítugur / Grútskítugur (l) Mjög skítugur. „Farðu nú úr útigallanum áður en þú kemur inn; þú ert grútskítugur“! „Þetta er enginn þvottur; þú ert ennþá grúskítugur í framan“! Grú- er skylt *grúi/aragrúi*. Báðar orðmyndir voru notaðar í Kollsvík.

Grútarbiblía (n, kvk) Uppnefni sem festist við þá útgáfu Biblíunnar á íslensku sem Ebenezer Henderson stóð fyrir árið 1813 og náði víðtækri dreifingu. Almenn talin dálítið misheppnuð útgáfa. Nafngiftin er tilkomin vegna þess að Harmaljóðin eru í þessari bók misrituð „Harmagrútur Jeremiae“, auk þess sem orðið harmagrútur kemur víðar fyrir. Má nærri geta hve slíkt hefur kætt *ókristilega þenkjandi* sálir, en enn *skippuðust* Kollsvíkingar með þetta og annað *guðsorðastagl* að áliðinni 20. öld.

Grútarháleistur (n, kk) Drullusokkur; óvandaður maður. „Þarna er þessi grútarháleistur *ljóslifandi kominn*“!

Grútarháttur (n, kk) Nirfilsháttur; níska. „Skelfingar grútarháttur er þetta í honum“!

Grútartunna (n, kvk) Tunna með lýsi/grút. „Meðan lýsi var algengur ljósgjafi var grútartunna eða *grútaskaggi* til á hverju heimili. Sennilega hefur aldrei orðið skortur á því ljósmeti í Kollsvík“.

Grútlínur / Grútmáttlaus / Grútslappur (l) Mjög kraftlaus/línur/aflvana. „Hann ræður ekkert við þetta; hann er svo grútlínur“! „Maður verður svo grútmáttlaus í þessari árans pest“.

Grútsyfjaður (l) Mjög syfjaður. „Ég er grútsyfjaður eftir að *vaka yfir* lambfénu í alla nótt“.

Grúarsál (n, kk) Nirfill; *nískupúki*; *grútur*.

Grúartýra (n, kvk) Óvirðulegt heiti á lýsislampa/grútarlampa; einu helsta ljósfæri fyrri alda.

Grútleiðinlegur (l) mjög leiðinlegur. „Grútleiðinlegri bók hef ég ekki lesið“!

Grútskítugur / Grútdrullugur (l) Mjög skítugur; haugdruullugur; útataður. „Farðu nú úr böslunum úti; þú ert gútskítugur“!

Grútsyfjaður (l) Mjög syfjaður/svefnþurfi. „Blessaður farðu nú í háttinn; þú ert orðinn grútsyfjaður“!

Grútur (n, kk) A. Lýsi; lýsisbrækja. B. Nirfill. „Karlinn var sagður forríkur en algjör grútur“.

Gryfjuplast (n, hk) Þolplast; gluggaplast; þykkt plast sem á tímabili var notað ofaná votheysgryfjur til að koma í veg fyrir að hiti hlýpi uppúr og skemmdi þannig heyið. Sandpokum var raðað með veggjum á jaðrana.

Grynna á sér (orðtak) Um veiðiskap; fara að veiða nær landi. „Það er að *detta undan* herna núna; ég legg til að við grynnum aðeins á okkur“.

Grynningafláki (n, kk) Svæði í sjó þar sem eru miklar grynningar og hættulegt að sigla um. „Nær samfelldur grynningafláki er frá heimanverðri Vatnadalsbót norður fyrir Grundagrjót. Þarf að sigla framanvið hann þegar farið er milli Breiðavíkur og Kollsvíkur; einkum ef lágsjávað er og *ylgja* í sjó“.

Grynni (n, hk) Grunnsvæði; grunnboði. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Grynningar (n, kvk, fto) Svæði sjávar þar sem jafnan er mjög grunnt. „Segja má að Kollsvíkin sé öll grynningar, en einkum er þó grunnt á hleinar og boða sunnantil. Í miklum sjó eru grunnbrot á allri víkinni“.

Grynna á (orðtak) Minnka magn/umfang; léttá. „Hann sagðist heldur hafa grynnað á skuldunum“.

Grynna á sér (orðtak) Um sjómennsku; færa sig á minna dýpi. „Ég held að við ættum að grynna á okkur með þennan streng; hér erum við úti á sandbletti“.

Grýla (n, kvk, sérn) Tröllskessa úr þjóðsögum. „Eins og víðar voru börnum í Kollsvík sagðar sögur af Grýlu til að halda þeim á mottunni. Í seinni tíð var Lágánúpsbörnum sagt að hennar hellir væri gjótan í Efri-Hjöllum; rétt framan við Hádegisskarð. Gilitrutt, lagskona hennar, átti þá heima í klettinum í Gilinu“.

Grýlupoki (n, kk) Poki Grýlu; sem hún safnaði óþægum börnum í. „Í gegnum tíðina hefur grýlupokinn líklega notast á sama hátt gagnvart börnum og helvíti gagnvart fullorðnum. Þetta voru „verri staðirnir“ sem stuggur stóð af og enginn vildi lenda í. Annað var byggt á þjóðtrú úr grárrí forneskju og hitt á kristnidónum“.

Grýlukerti (n, hk) Klakastykki sem verða til við rennsli og fall vatnsdropa í frosti, t.d. niður úr þakskeggjum húsa. Þjóðtrú segir að þetta séu kerti *Grýlu*.

Grýta (n, kvk) Lítill pottur; almennt (niðrandi) um lítið ílát. „Það komast ekki margar kartöflur í þessa grýtu“.

Grýta (s) Kasta grjóti. „Þegar farið var að smala fé heim Lágánúpsfé eftir sláturtíð fóru oft tveir framí Vatnadal en einn útá Breið. Hann gáði á Sanddalinn og leit niður í Fjarðarhorn. Fór síðan heim Breiðsbrún, en oftár

voru einhverjar kindur í Breiðnum. Þeim smalaði hann heim hlíðina með því að grýta steinum ofanaf brúninni. Dugði það oftast. Rekið var heim að Láganúpi“.

Grýttur (l) Um jarðveg/landslag; með miklu grjóti í yfirborði. „Tún sendið og grýtt (í Kollsvík)“ (AM/PV Jarðabók). „Túnshalinn var mjög illslægur; þýfður og grýttur og því oft látinn bíða, ásamt Brekkunni og Urðunum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Græddur er geymdur eyrir (orðatiltæki) Speki þess sem kann að spara og safna. Ef hinu smáa verðmæti er haldið saman verður það að nothæfum sjóði. Mjög skiptir í tvö horn með skilning manna á þessu, en sumir virða e.t.v. meira orðatiltækið „eyrir er einskis virði“. Hinu má ekki gleyma að *margur verður af aurum api*.

Græða sig (orðtak) Um kýr; ná upp góðri nyt. „Hún var dálítið lengi að koma til eftir burðinn, en nú er hún óðum að græða sig, eftir að fór að koma smá beit úti“.

Græðiduft (n, hk) Duft sem stráð er í sár til að þerra það og sóttþreinsa. „Ingvar í Kollsvík var laginn við dýralækningar og átti í sínum meðalaskáp m.a. lítinn bauk með græðidufti. Þetta var nefnt pensilinduft og var úðað yfir sár gegnum lítinn stút á plastglasinu, og síðan var bundið um. Virtist það virka mjög vel“.

Græðifingur (m, kk) Baugfingur; næsti fingur við litlafingur.

Græn grös (orðtak) Gras í sprettu. „Kálfarnir eru fljótir að *slást við* þegar þeir komast á græn grös“.

Grængolandi (sjór) (l) A. Um sjó; hyldjúpur; grænleitur vegna dýpis. „Mér verður fyrst litið frameftir bátnum, sé ekkert annað en grængolandi sjó og álit að hann sé að sökkva“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Árni var í essinu sínu og spýtti af mikilli leikni og ánægju út í grængolandi öldurnar, þegar hann hafði snúið þær af sér“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Áhersluorð með blótsyrðum. „Farið það nú í hurðarlaust, grængolandi, sjóðbullandi helvíti! Gleymdist nú íferan í landi; ég er þá hræddur um að þessi lúða kveðji við borðstokkinn“!

Grænhöfði / Grænhöfðaönd / Gráönd (n, kk/kvk) Önnur heiti á *stökkönd/vatnsönd* sem stundum voru notuð í Kollsvík og víðar.

Græningi (n, kk) Heimskingi; sá sem þekkir ekki til. „Ég er alger græningi í þessum efnu“.

Grænjaxl (n, kk) A. Vísir að krækiberi. B. Aumingi; amlóði. „Hann er bara óharðnaður grænjaxl ennþá“.

Grænka (s) Um gróður; gróa; lifna við; taka lit. „Tún eru fljót að grænka eftir svona mikinn snjóavetur“.

Grænka (n, kvk) Grænn litur á jörð/gróðri. „Það er strax komin grænka í allar lautir þegar hlýnar“.

Grænlingur (n, kk) A. Þarlendir íbúar; eskimóar og aðrir. B. *Flökkusteinn* sem víða finnst á fjörum, t.d. í Kollsvík, af allt öðru bergi en þar er. Þetta er grjót sem grænleskir skriðjökklar hafa skafið úr berggrunni þar og síðan borist neðan í *borgaris* sem bráðnað hefur á fjörum í Kollsvík“. Orðið virðist óþekkt annarsstaðar í þessari merkingu, en var notað þannig í Kollsvík.

Grænmeti (n, hk) Það úr jurtaríkinu sem haft er til matar. Grænmeti þykir í dag bráðnaðsynlegt í daglegri neyslu fólks, en svo hefur ekki alltaf verið. „Auðvitað má segja að þetta (hundasúrur og himinnjóli) hafi verið grænmeti og kannski hef ég náð þessum aldri vegna þess. Annars þekktist ekki grænmeti, enda þótti það ekki mannamat“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Grænmosi (n, kk) *Dýjamosi*; *Philonotis fontana*; ljósgrænn mosi sem gjarnan vex í votlendi og flýtur oft í breiðum ofaná uppsprettuaugum og drápsdýjum. Sigrænn, enda frýs sjaldan í rót í kaldavermslum.

Grænstur kostur (orðtak) Vænstur kostur; besti kostur; skársta úrræðið. „Ég taldi þann kost grænstan í stöðunni að láta þá kasta til mín spotta og feta mig svo varlega yfir hrúnið í ganginum“.

Græskulaust gaman (orðtak) Skemmtun/ góðlátlegir hrekkir án þess að illt búi undir. „Rökræður Kollsvíkurbæðra gátu vírst ókunnugum sem hávaðarifrildi, en í þeirra augum var þetta oftast græskulaust gaman; glíma í mælskulist, rökvisi og vísdómi sem löngum hefur tíðkast í Kollsvík“.

Græta (s) Koma einhverjum til að gráta. „Vertu nú ekki að græta barnið með þessum óhemjugangi“.

Grætilegt (l) Hörmulegt; sorglegt. „Það væri grætilegt ef þetta tækifæri glataðist af tómun *klaufaskap*“.

Gröftur (n, kk) A. Það að grafa. „Það kostaði allmikinn gröft að ræsa fram dýið“. B. Vilsa sem safnast í graftarkýli/graftarbólu. „Það þarf að kreista gröftinn sem best úr þessu“.

Grön (n, kvk) Svæðið kringum munn; efri vör. „Skafðu nú þennan *óræktarhýjung* af gröninni á þér“!

Grönótt (l) Um lit á sauðfé; dökkt um granir en hvítt að öðru leyti. „Grön fékk nafn af því hún var grönótt“.

Grösugur (l) Grasi vaxinn; vel sprottinn. „Utan við Strengbergið taka við grösugar lautir sem heita Kálfalagar“ (IG; Sagt til vegar I). „Blakkurinn er grösugur sunnantil, enda sólríkt og nægur áburður“.

Gubba (s) *Æla*; *selja upp*; (á sjó:) ræða við Jónas; skila matnum.

Gubbupest (n, kvk) *Ælupest*; *spýjupest*; veikindi með uppgangi. „Það er að ganga einhver árans gubbupest“.

- Guð forði...** (orðtak) Upphrópun. „Guð forði þér frá því að koma með rjúpu í þetta hús“. Áhersla á „forði“. Sjá *forði mér frá*.
- Guð gefi...** (orðtak) A. Byrjun á kveðju. „Guð gefi þér góða nótt“. B. Um væntingar. „Ég vona nú að guð gefi það að við þurftum ekki að horfa uppá þjóðina missa sjálfstæðið aftur“.
- Guð gefur björg með barni** (orðatiltæki) Sú trú að einhver bjargráð verði þó fjölgi í fátækum fjölskyldum.
- Guð bjargar/hjálpar þeim sem bjargar/hjálpar sér sjálfur** (orðatiltæki) Þessi speki hefur löngum verið í hávegum höfð í Kollsvík, og eflaust viðar þar sem menn hafa þurft að hafa fyrir lífsbjörginni. Hún er í ætt við aðra speki, s.s. að „fiskurinn syndi ekki upp í pottinn“. Sjómenn í Kollsvíkurveri vissu að þeir þyrftu sjálfir að hafa fyrir veiðum, en væntu þess eflaust að Guð sendi þeim fisk á mið og sæmilegt sjóveður.
- Guð launar fyrir hrafnninn** (orðatiltæki) Notað bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Talið er að Guð launi þeim með einhverju happi sem vikur mat að hröfnum í harðindum. Sama orðatiltæki var notað ef mönnum áskotnaðist gjöf eða greiði úr óvæntri átt. „Kærar þakkir fyrir hákarlslykkjuna; það er *geymt en ekki gleymt* og Guð launar vafalaust fyrir hrafnninn“.
- Guð láti gott á vita** (orðatiltæki) Von um að tiltekinn viðburður verði til happs, eða breyti gangi máls sem stefnir í óefni. „Er kominn nýr sýslumaður? Já Guð láti þá gott á vita að hann verði röggsumari en sá fyrri“!
- Guð leggur björg með barni** (orðatiltæki) Eflaust mikið notað máltæki áðurfyrr, er trúaðir foreldrar höfðu litla vissu um lífsbjörgina þegar nýr einstaklingur bættist í fjölskylduna.
- Guð má vita / Guð einn veit** (orðtak) Enginn veit; ekki er gott að segja um; ég veit ekki. „Einhvernvegin komst hann upp á brún, en guð má vita hvernig“. „Guð má vita hvenær þeir koma“. „Einhversstaðar lét ég þetta; en hvar; það má guð vita“! „Guð einn veit hvenær við losnum við þessa ríkisstjórn“!
- Guð náði þig!** (orðtak) Guð hjálpi þér. Stundum viðhaft; einkum af fyrri tíðar fólki, þegar þeim vannst einhver vera ógætilegur í orðum eða þegar einhver hnerraði.
- Guð sé oss næstur!** (orðtak) Upphrópun þegar einhverjum ofbýður eða honum bregður mikið.
- Guða á glugga** (orðtak) Um fyrritíðar sið. Sá sem var seint gestkomandi að bæ átti að fara nærri glugga og kalla „hér sé guð“. Þá var svarað að innan; „guð veri með þér; hver er kominn“? Sjá *berja að dyrum*.
- Guði sé lof (og prís)!** (orðatiltæki) Upphrópun sem oft er viðhöfð þegar eitthvað gengur í haginn eða lánast, ekki síst ef illa hefur horft með það áður.
- Guðaveigar** (n, kvk, fto) Gæluorð um drykki, oftast vín. „Það gengur hægt á guðaveigarnar í þessu húsi“.
- Guðdómur** (n, kk) Heilagleiki; dýrð guðs. „Því má velta fyrir sér hvort Kollsvíkingum hafi ekki þótt skaði að missa sitt guðshús þegar hálfkirkjan í Kollsvík lagðist af. E.t.v. hefur þó hinum sívinnandi, og stundum orðljótu, útvegsbændum þótt ágætt í aðra röndina að hafa guðdóm og *guðsorðastagl* í hæfilegri fjarlægð“.
- Guðfaðir / Guðmóðir** (n, kk/kvk) Sjá *skírnarvottar*.
- Guði sé lof!** (orðtak) Upphrópun/áherslusetning, sem oftast er notuð án þeirrar trúarjátningar sem í setningunni liggur. „Guði sé lof að þeir náðu landi í þessu veðri“.
- Guðlaun fyrir mig / Guðlaun fyrir matinn / Guð launi fyrir matinn/mig** (orðtak) Þakkarávarp eftir þeginn mat, húsaskjól, gjöf eða annan greiða. Orðalag í þessum efnum hefur verið misjafnt gegnum tíðina, og frá einum manni til annars. Eftir miðja 20. öld mátti heyra framangreint af munni eldra fólks, en einnig „Guðlaun fyrir matinn“; „Guð launi þér fyrir mig“; einungis „Guðlaun“; „innilegar þakkir...“; „bestu þakkir...“; „ástarþakkir...“; „hjártans þakkir...“ og fleiri orð voru til. Andsvar gestgjafa/veitanda var einnig margbreytilegt: „Verði þér að góðu“; „haltu til haga“; „ekkert að þakka“; „Guðvelkomið“; „nýtist/verði þér vel“ o.fl. Sá sem kom að borðhaldi sem hafði var sagði gjarnan; „verði ykkur að góðu“ eða „blessist ykkur vel/maturinn“. Slík ávörp voru og eru jafn ófrávíkjanleg í síðum Útvíknaþólks og það að bjóða hver öðrum góðan dag að morgni; góða nótt að kveldi; heilsast og kveðjast.
- Guðrækilegar hugsanir** (orðtak) Hugleiðing um guðdóminn; djúpt hugsni. „Vertu ekki að trufla hann: Hann er niðursokkinn í guðrækilegar hugsanir“. Þannig tilsvár heyrðist og *ekki er örgrannt um* að í því gætti stundum einhvernna kaldhæðni, enda gátu hugleiðingarnar verið misjafnlega guðrækilegar.
- Guðrækilegur á svipinn** (orðtak) Sakleysislegur; einlægur. „Ekki sá ég þegar þetta skeði, en kötturinn sat á borðinu, guðrækilegur á svipinn, og brotin skálin á gólfinu þar undir“.
- Guðsbarnalega** (ao) Eins og guðs börn; skikkanlega; vel. „Hættið nú þessum fjárans látum strákar og reynið að haga ykkur guðsbarnalega“!
- Guðsblessun** (n, kvk) Hamingja; happ. „Mikil Guðsblessun er það að vera laus við þessa ríkisstjórn“.
- Guðsfeinn / Guðslifandifeginn** (l) Mjög feinn/ánægður/létt. „ég yrði svo guðsligandifeginn ef þetta gæti gengið“. Síðarnefnda orðið er mun algengara í seinni tíð.

Guðsgafflar (n, kk, fto) Fingurnir. Orðið virðist hafa verið bundið við Vestfirði, og eingöngu notað um það hvernig matast var. „Vertu nú ekki að *potast* þetta með hnif og gaffli; það er langbest að taka þetta með guðsgöfflum og *stýfa úr hnefa*“!

Guðsgræn jörð (orðtak) Gróin jörð. „Klósett segirðu; geturðu ekki bara migið á guðsgræna jörðina?“

Guðsgræn náttúra (orðtak) Náttúran; umhverfið til sveita. „Fátt veit ég betra en vera einn með sjálfum sér í guðsgrænni náttúrunni, og láta hugann reika“.

Guðskapartíð (n, kvk) Blíðutíð; einmunatíð. „Maður getur ekki treyst á að þessi guðskapartíð haldis endalaust“. Orðið gæti hafa orðið til sem afleiðing af „guðskaparveður“.

Guðsbarnablíða / **Guðsbarnaveður** / **Guðskaparveður** (n, hk) Algjört logn; *stafalogn*; *rjómalogn*. „Það er sama guðsbarnablíðan, dag eftir dag“! „Nú er hann bara dottinn niður og komið guðskaparveður; ætli maður hleypi þá ekki skjátunum aðeins út“.

Guðsgræn jörð / **Guðsgræn náttúra** (orðtök) Jörð/náttúra sköpuð af guði. Notað til áherslu: „Ég held bara að annar eins bjálfi hafi ekki gengið um guðsgræna jörð“! „Mikið líður manni alltaf vel úti í guðsgrænni náttúrunni“!

Guðslangan daginn (orðtak) Liðlangan daginn; mjög lengi. Áhersluorð um það sem þykir taka langan tíma. „Ætlarðu að *dunda* við þetta allan guðslangan daginn?“

Guðslifandi feginn (orðtak) Mjög feginn. „Síðan varð að koma Bretunum öllum í rúm og gefa þeim að drekka. Menirnir voru allir guðslifandi fegnir og sofnuðu vel“ (Anna Hafl.dóttir; Útkall við Látrabjarg).

Guðsmildi (n, kvk) Sérstakt lán; heppni. „Það verður að teljast mesta guðsmildi að ekki fór verr“.

Guðsnáð (n, kvk) Það sem drottinn gerir/vill; guðs vilji. „Hann var leikari *af guðsnáð*“.

Guðsorð (n, hk) Trúarlegt tal; bænir; signingar; predikanir. „Ég held þú ættir að drífa þig meðokkur til kirkju; það skemmir þig ekkert að heyra guðsorð *stöku sinnum*“! „Eitthvað *tautaði* hann *yfir hausamótunum á hrekkjalómunum*, og ég held það hafi ekki allt verið guðsorð“.

Guðsorðastagl (n, hk) Sífelld *klif* bibliútilvitnana og *guðsákalla*; *skinhelgi*. „Þó ekkert verði dregið í efa um einlægán kristindóm Kollsvíkinga og hollustu þeirra við sinnar tíðar lög og siði, þá má leiða að því líkum að í hinni krefjandi lífsbaráttu á þessum útkjálka hafi minna verið lagt uppúr skinhelgi, yfirborðsmennsku og prjálí sem einkenndi kristindóminn nærri höfðingjum og þvílíku slekti. Um leið og Kollsvíkingar héldu manna lengst í heiðri hina aldagömlu hefð einlægrar *sjóferðabænar*, geymdu með sér orðið „guðsorðastagl““.

Guðsvolaður (l) Aumur; vesæll. „Ekki getur maður verið slíkur guðsvolaður aumingi að maður reyni ekki að bjarga sér eftir bestu getu“.

Guðspakkarvert (l) Greiði við alla. „Mikið væri það nú guðspakkarvert ef þessi ríkisstjórn færi frá“.

Guðsþjónusta (n, kvk) Messa; kirkjuleg athöfn. „Nokkrum skemmtiferðum, að sumrinu, hefur fjelagið staðið fyrir; einni í Skor. Var þar haldin guðsþjónusta undir beru lofti og fyrirlestur um Eggert Ólafsson“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Guðvelkomið (l) Sjálfsagt; endilega. „Þér er guðvelkomið að gista yfir nóttina ef þú vilt“.

Gufa (n, kvk) A. Eimur af sjóðandi vatni. B. Sjóreykur; brimreykur. C. Gauð; ónytjungur. „Óttaleg gufa geturðu verið við róðurinn“.

Gufubrim (n, hk) Svo mikið brim að mikill sjóreykur myndast. „Hann er kominn með svern vestansjó; það er gufubrim norðurundir“.

Gufurok (n, hk) Mikið rok, þannig að sjór rýkur hátt upp. „Það er að sjá gufurok norður yfir víkina“.

Gufuruglaður (l) *Utan við sig*; mjög örökvis. „Mér finnst karlinn vera orðinn gufurruglaður í seinni tíð“.

Gugginn (l) Veiklulegur; *framúrlegur*; slappur. „Maður er skelfing gugginn og slappur eftir pestina“.

Gugginn og grár (orðtak) Fölur og veiklulegur. „Hann varð sjóveikur, strákgreyið; allur gugginn og grár“.

Guggna (s) Gefast upp; *missa móðinn*; *fallast hendur*. „Það þýðir ekkert að guggna þegar á hólminn er komið“!

Guggna á (einhverju) (orðtak) Gefast upp við eitthvað. „Mér sýnist hann alveg vera að guggna á þessum fyrirætlunum; enda var ekki minnsta vit í þessu“!

Gugta við (orðtak) Sýsla við; fást við; hangsa við. „Síðar unnu á þessari vél til dæmis Gunnar Gíslason frá Hvammi á Barðaströnd; Þórir Stefánsson á Hvalskeri; Svavar Guðbjartsson á Lambavatni og undirritaður var einhverntíma að gugta við hana; en frekar var það lítið“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Gulhnökkuð (l) Um lit á sauðfé; með áberandi gulan hnakka. „Hvaða mark er á þessari gulhnökkuðu þarna“?

- Gulhyrind / Gulkollótt** (l) Auðkenni sauðfjár; með gul horn/gulan ennisbrúsk/andlit. „Gáðu að markinu á þeirri gulkollóttu fyrir mig“.
- Gull af manni** (orðtak) Hrósyrði um mjög góða/vandaða/alúðlega manneskju. „Hann er kannski *ekki allra*, og fremur fráhrindandi í útliti, en hann er gull af manni þegar maður nær að kynna honum“.
- Gullauga** (n, hk) Kartöflutegund, gul, hnöttótt og með bleikum lit í augum. Geymist vel og er bragðgóð. Mikið ræktuð í Kollsvík, enda hentar hún vel fyrir skilyrði þar.
- Gulleit** (l) A. Um lit á sauðfé; hvít en með all gulum blæ á ull, og gul á haus. Þó ekki *mógul*.
- Gullfallegur** (l) Mjög fallegur; afbragðsfallegur. „Pabbi fékk gullfallega *rekaspiru* hjá afa þínum til að nota í spruð á Kóp“.
- Gullhamrar** (n, kk, fto) Skjall; smjaður; hrós í óhöfi. Sjá *slá gullhamra*.
- Gulrófa** (n, kvk) Rófa; Brassica napus; Tvíær rótarávöxtur af krossblómaætt sem lengi hefur verið ræktaður til matar. Upphaflega kynblendingur hvítkáls og næpu. Í Kollsvík kom rófan líklega snemma á 19. öld, enda hefur þar löngum verið mikill áhugi fyrir garðrækt. Rófur eru yfirleitt uppskornar á fyrsta ári og þeirra neytt sem meðlætis. Þær þykja góðar soðnar með nýju keti, t.d. ketsúpu; og saltketi. Ekki var til síðs í Kollsvík að borða rófur með fiski, eins og sumsstaðar annarsstaðar var. Rófur eru einnig borðaðar nýjar, t.d. saxaðar eða raspaðar niður í salat. Síður var í mínu ungdæmi að skera rófu í tvennt; skafa innanúr henni með borðhníf og borða beint af hnífnum. Þegar búið var að skafa allt innanúr berkinum var stundum settur kandísmoli í rófunu og látinn bráðna í henni yfir nótt. Þótti sá elxír góður við kvefi og lumbru. Rófur voru geymdar í kartöflugryfju, en þær þola vel kulda. Sé rófa höfð í mold annað árið, ber hún fræ; erður frærófa. Þannig var unnt að eiga nægt heimafrægið fræ, en gott var þó að fá meira að til kynbóta. Kál af rófum er vel ætt, en var þó aldrei nýtt nema til kúaföðurs. Þóttu þær *græða sig* vel af því.
- Gulrót** (n, kvk) Daucus carota; rôtargrænmeti af svipjurtaætt. Hefur líklega borist til ræktunar á svipuðum tíma og gulrófa. Tvíær eins og rófan og er þá fræmyndandi síðara árið, en uppskorin til neyslu á því fyrra. Gulrætur eru m.a. mjög auðugar afbeta-karóteni, eða A-vítamíni, sem er m.a. mikilvægt fyrir sjónina.
- Gulsnoppótt** (l) Um lit á sauðfé; með áberandi gula snoppu. „Sérðu nokkursstaðar þá gulsnoppóttu“?
- Gulur** (l) A. Litur af gulum blæ. B. Móleitur litur á sauðfé, jafnvel svo að fætur og snoppa sé ljósbrúnt. Flestum bændum er það kappsmál að rækta skjannahvít fé vegna ullargæða, auk þess að hafa það kollótt og lágfætt. En því var öfugt farið með Guðbjart Guðbjartsson á Láganúpi, þann glögga fjárbónda; hann var hrifnastur af hyrndu, gulu og háfættu fé. Það taldi hann hraustast og mest sjálfbjarga.
- Guma** (s) Hreykja sér; státa; monta sig. „Það er nú ekkert til að guma af þó þú hafir rekið við í messunni“!
- Gumpur** (n, kk) Rass; sitjandi; *óæðri endi*. „Þér liggur ekkert á; sestu á gumpinn og fæðu þér kaffi“. „Leysir hann þá niður brækur sínar og snýr gumpinum fram móti þeim Jóni“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Gums** (n, hk) Hrærigrautur; innvols; blanda. „Það er ómögulegt að vita hvaða gums er í þessum pylsum“.
- Gunguháttur** (n, kk) Heigulsháttur; *roluháttur*; *ninnuhræðsla*. „Vertu ekki með þennan gunguhátt! Horfðu bara á hvar þú gengur og vertu ekki að góna framaf og niður í fjöru“.
- Gusta** (s) Vinda. „Það var farið að gusta hressilega um okkur við eggjatökuna“.
- Gustmikill** (l) Fasmikill; mikilúðlegur; þjóstugur. „Heldur þótti mér hann gustmikill á fundinum“.
- Gustuk** (n, kvk) Góðverk; guðspakkarverk. „Það er nú ekki gustuk að fara í heimsóknir með þessa pest“.
- Gustukasemi** (n, kvk) Meðaumkvun; þegnskylda. „Maður gerir nú svona lagað fremur af gustukasemi en að maður hafi hag af því“.
- Gustukaverk** (n, hk) Gustuk; guðspakkarverk. „Það væri nú bara gustukaverk að tína grjótið af Fjörunum“.
- Gustar af** (orðtak) Er valdsmannlegur í fasi/ ábúðarmikill/vargur. „Það gat gustað ansi hressilega af kerlingunni ef hún taldi á sig hallað“.
- Gustur** (n, kk) A. Vindur; vindhviða. „Það er töluverður gustur þarna uppi á fjallinu“. B. Stirt skap; *hvefsinn*. „Það var bara þó nokkur gustur í frúnni þegar karlinn kom draugfullur heim um nóttina“.
- Gusugangur** (n, kk) Busl; skvettur. „Kallarðu þennan gusugang róður“?
- Gutl** (n, hk) A. Um sjólag; veltingur. „Við förum nú að fara í land ef hann eykur þetta gutl“. B. Vökvi; blanda; slæmur/þunnur drykkur. „Hann var með eitthvað bölvæð gutl á flösku“. C. Dund; vinna sem skilar litlu. „Ég nenni ekki svona gutli; annaðhvort gerum við þetta almennilega eða ekki neitt“!
- Gutla við** (orðtak) Bauka; dunda; vinna í rólegheitum. „Alltaf er hann eitthvað að gutla við bílskrjóðinn“.
- Gutlandi** (n, kk) Allnokkur sjór. „Mér sýnist að við róm ekki í dag ef hann heldur þessum gutlanda“.
- Gutlari** (n, kk) Afkastalítill maður; dundari. „Hann getur verið skelfilegur gutlari“.

- Guttur í (einhverjum)** (orðtak) Einhver er með fýlu/ólund; það er *stutt í einhverjum*. „Mér fannst vera einhver guttur í honum þegar við hittumst síðast“.
- Gúlfylli** (n, kvk) Fullur munnur af mat. „Hann spýtti gúlfyllinni aftur þegar hann fann hvítlauksbragðið“.
- Gúll** (n, kk) Munnhol; *munngopa*; kjaftur. „Vertu nú ekki að tala með fullan munnin krakki“!
- Gúlpa** (s) Um löggun hlutar/íláts; poka; mynda kúlu. „Þarna er dekkið farið að gúlpa hættulega mikið“.
- Gúlpur** (n, kk) A. Þræsingur; langvarandi hvassviðri. „Skyldi hann ekkert ætla að lægja þennan norðangúlp“? B. Um sjólag; óregluleg straumkvika sem lítið brýtur. (ÞJ Látrum; LK; Ísl. sjávarhættir III).
- Gúlsopi** (n, kk) *Munnsopi*; munnfylli af vökva. „Hann fékk sér gúlsopa af sjálfrunnu lýsi“.
- Gúmmilaði** (n, hk) Ógeðslegur hrærigrautur; óþverri. „Daginn eftir þorrablótið þurfti að ganga frá áður en kennsla gæti hafist í félagsheimilinu. Meðal annars þrifa gúmmilaði af gólfum og sópa upp gleri“.
- Gúmmískór** (n, kk, fto) Þó gúmmískór þyki ekki fótaskart nú á tímum þá olli tilkoma þeirra um seinna stríð byltingu í sveitum. Þeir leystu af hólmí skinn- og roðskó fyrri tíma og veittu mun betri vatnsvörn. Í fyrstu buðust einungis alsvartir skór, óföðraðir, en síðar komu skór með hvíttri rönd; strigaföðraðir; með innleggi og betur lagaðir. Um svipað leyti ruddu gúmmístígvél sér rúms, sem enn frekar tryggðu þurra fætur. Strigaskór létu tilveruna fyrir smala og bjargmenn: Þá var byltingin fullkomnuð varðandi fótabúnað sveitafólks.
- Gúmmítuðra** (n, kvk) Gúmmíbátur; gúmbátur. „Við fórum á gúmmítuðru frá Keflavík út á Langurðir“.
- Gúmören** (n, hk) Upphaflega dönsk kveðja „god morgen“, en varmeira notað sem gæluorð á kjaftshöggi. „Vertu bara ekkert að rífa þig, ef þú vilt ekki fá einn hressilegan gúmören“!
- Gúndapottur** (n, kk) Eldunartæki sem var nokkuð vinsælt og til á mörgum bæjum í Rauðasandshreppi í kringum 1965-75. Kringlóttur, tiltölulega flatur pottur eða panna úr blikki, með rafhitaelementi í botni og djúpu, kúptu loki með litlum glerglugga. Í þessum potti mátti sjóða; baka og hita. Á fyrstu árum rafvæðingar var þetta því notadrjúgt tæki, en þótti fljótt úrelt þegar ofneldavélar, mínútuagrill og annað kom til.
- Gúrka** (n, kvk) Agúrka; ílangur grænn ávöxtur klifurjurtar. Af einhverjum ástæðum, sem skrásetjara eru óskiljanlegar, hafa Íslendingar tekið slíku ástfóstri við þetta vatnsbjúga að hjá sumum nálgast tilbeiðslu.
- Gútera** (s) Samþykkja; *gangast inná*; *meðtaka*. „Ég er nú ekki alveg búin að gútera það að þetta sé vonlaust“.
- Gvendarber** (n, hk) Ber sem vaxa neðanjarðar, á rótum elftingarjurtar. Þau geta orðið um 5mm í þvermál; með svörtu hýði en hvít innaní. Vel æt og hafa líklega verið nokkuð nýtt í hallæri, samanber nafnið sultarber sem haft var yfir þau í einhverjum landshlutum. Sjá nánar undir *elftingarte*.
- Gvendarbrunnsvatn** (n, hk) Vatn úr Gvendarbrunni í Kollsvík. Gvendarbrunnur er uppspretta heimanundir Sandahlíð í Núpnum; efst á Sandflötum. „Hafði Guðmundur góði vígt hann á yfirreiðum sínum, enda er í honum afbragðsgott vatn er gjarnan var sótt handa sjúklingum og sængurkonum. (GT;VT; Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Sagt er að þegar Guðbjartur Ólafsson í Kollsvík lá banaleguna (d. 1879) hafi hann látið sækja sér vatn úr Gvendarbrunni í norðanverðu Kollsvíkurtúni. Er það til marks um þann átrúnað er menn höfðu á verkum Guðmundar“ (IG; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi, 1989) „Þegar skírnir fóru fram í Kollsvík var einn sótt Gvendarbrunnsvatn“. „Þegar vatn er í Gvendarbrunni (á Látraheiði) er það heilagt vatn og gerir sitt gagn, bæði innvortis og útvortis; hvort sem það er magakveisa eða skalli; augnverkur eða náttúruleysi; allt batnar þetta með inntöku eða áburði ef menn hafa þolinmæði til að bíða eftir því“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Gvendardagur** (n, kk) 16. mars; dánardagur Guðmundar góða Arasonar Hólabiskups, sem deyði árið 1237. Undarlegt er að hann skuli ekki almennt haldinn hátíðlegur, í ljósi þess hve Gvendar góði er enn í minnum hafður fyrir vígslur sínar og *strögg*l gegn höfðingjavelðinu.
- Gyðingslegur** (l) Nískur; nirfilslegur. „Skelfing geturðu verið gyðingslegur við hann bróður þinn; að gefa honum ekki með þér af þessu“!
- Gyðingur** (n, kk) A. Sá sem er af gyðingapjóð. B. Nirfill; aðhaldssamur maður. Óvíst um uppruna þess, en e.t.v. af sömu rótum og áróður gegn gyðingum hefur stundum byggst á. „Óttalegur gyðingur geturðu verið“!
- Gylliboð** (n, hk) Yfirboð; ginning; talar. „Nú dynja yfir gylliboð í allskonar verðlistum“.
- Gyllinital** (n, hk) Tímatalstútreikningur sem notaður var til að finna réttan páskadag. Gyllinital hvers árs segir hvar það stendur í tunglöldinni, og má finna út með því að deila í ártalið með 19. Afgangurinn er þá einum lægri en gyllinitalið.
- Gyllivonir** (n, kvk, fto) Tálvonir; of miklar væntingar. „Ég geri mér engar gyllivonir um að þær kindur finnist“.
- Gyrða sig í brók** (orðtak) Hysja uppum sig; koma sínum málum í betra lag. „Þeim ferst að tala um aðra! Ég held að þeir ættu að girða sig í brók sem eiga fé á útgangi um hávetur“.

- Gyrtur** (l) Búinn að gyrða sig; með buxur uppum sig og skyrtu girta niður í þær. „Nú ertu eitthvað illa girtur drengur;komdu og láttu mig laga þetta“.
- Gýgiarpus** (n, hk) Tegund af sæsvepp, oft bleikur að lit eða hvítleitur. Kemur stundum upp á krókum neti eða rekur á fjörur. Ekki þekkt annarsstaðar með þessum framburði/rithætti.
- Gýll** (n, kk) Dreki í þjóðtrú. Heyrðist í seinni tíð oftast nefndur í veðurspádómnum „sjaldan er gýll fyrir góðu nema úlfur á eftir renni“. Sjá *blæs út sólr*.
- Gæða sér á** (orðtak) Borða; fá sér að borða/éta. „Mér sýnist hrafninn vera að gæða sér á kjötinu“.
- Gæða sér í mat (og drykk)** (orðtak) Fá sér betri mat til tilbreytingar.
- Gæðablóð / Gæðakarll / Gæðakona / Gæðamaður / Gæðaskinn / Gæðasál** (n, kvk) Góðmenni; góð manneskja. „Þau hjónin voru mestu gæðasálir; bæði við börn og alla sem þau umgengust“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Gæðaskepna** (n, kvk) Stólpagripur; gott dýr. „Hún Nótt var mesta gæðaskepna“.
- Gæfa** (n, kvk) Lán; velgengni; hamingja. „Þetta varð honum til lítillar gæfu“.
- Gæflega / Gæfulega / Gæfusamlega** (ao) Vel; gæfulega; farsælega. Oft notað í öfugri merkingu í seinni tíð: „Það fór nú svo gæflega þessi smölun; ég missti allan hópinn þegar kom niðurundir túnið!“ „Tapaði ég nú slóðanum!“ Það byrjar þá gæfulega þessi sjóferðin“!
- Gæflyndisgrey / Gæflyndismaður** (n, kk) Hæglátur/vingjarnlegur maður. „Þetta er nú gæflyndisgrey, þó hann stígi kannski ekki í vitið“. „Mér fannst hann vera gæflyndismaður í viðmóti“.
- Gæflyndiskvikindi / Gæflyndisskepna** (n, hk/kvk) Stíllt/róleg/gæf skepna. „Hrafninn var orðinn mesta gæflyndiskvikindi og hræddist menn lítið“. „Alltaf er Gibba sama gæflyndisskepna“.
- Gæflyndisveður** (n, hk) *Meinhægt* veður; stíllt veður. „Mér heyrst á spánni að það verði bara gæflyndisveður næstu daga“.
- Gæftakafli** (n, kk) Tímabil ágætra gæfta /góðs sjóveðurs.
- Gæftaleysi** (n, hk) Stopul/engin sjósókn; *rosi*; *rosatið*. „Það var algert gæftaleysi framan af sumri“.
- Gæftalítið** (l) Litlar gæftir; sjaldan sjóveður. „Heldur hefur verið gæftalítið í þessum mánuði“.
- Gæftir** (n, kvk, fto) Sjóveður; þegar gefur á sjó í einhvern tíma. „Heimamenn (í Kollsvík) fluttu einnig í sínar verbúðir; fannst meira næði þar en heima á bæjunum, því oft var róið jafnt á nóttunni og menn lögðu sig þá að deginum, en *fast* var *sótt* ef gæftir voru“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Einnig er talað um hið gagnstæða; *ógæftir*. „Það hafa verið stöðugar ógæftir í langan tíma“.
- Gæfulaus / Gæfulítill** (l) Lánlaus; óheppinn; utangarðs. „Margt gæfulítið fólk hefur eflaust sótt í verin“.
- Gæfulega** (ao) Lánlega; vel. „Þessi vertið ætla ekki að byrja gæfulega“!
- Gæfulegur** (l) Lánlegur; ber með sér gæfu/velferð/hamingju. „Ekki sýndist mér þetta gæfulegur búnaður á piltinum“.
- Gæfur** (l) Spakur; stílltur; ekki mannfælinn. „Blikinn varð fljótt mjög gæfur og taldi sig jafnan einn af heimilisfólkinu“.
- Gæfusamlega** (ao) Vel; æskilega; lánlega. „Þetta endaði þó ekki gæfusamlega“.
- Gæfuspor** (n, hk) Gagnleg/heillavænleg gerð. „Taldi hann að stigið hefði verið mikið gæfuspor er ráðist var í þessa framkvæmd (skólabyggingu)“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Gægingur** (n, kk) Hótfyndni; kaldhæðni. „Hann er með einhvern gæging eins og vant er“.
- Gægjumaður** (n, kk) *Brúnamaður*; vaðbergsmáður; maður við bjargsig sem hefur það hlutverk að fylgjast með sigaranum. Gægjumaður kemur sér fyrir á snös þar sem sér til sigarans og lætur dráttarmenn vita hvernig honum gengur. Í drætti og sigi situr hann framan við dráttarmenn; hefur hann hönd á vaðnum og greinir merki sigarans. Mikilvægt er að gægjumaður sé vel *vaðglöggur*. „*Vaðbergsmáður/gægjumaður* er kominn á sinn stað...“ (MG; Látrabjarg).
- Gægjur** (n, kvk, fto) Gát; eftirlit; það að fylgjast með svo lítið beri á. „Ég ætla að hagræða máfunum sem eru komnir; vertu á gægjum á meðan“.
- Gægsni** (n, hk) Hró; garmur. Þessi kofi er nú orðinn hálfgerð gægsni og rétt að rífa hann“.
- Gægsnislegur** (l) Hrörlegur; hrumur; lélegur. „Skelfing er nú bílgarmurinn að verða gægsnislegur“.
- Gæla við** (orðtak) A. Láta vel að; strjúka. „Það er tvíeggjað að vera að gæla við nautkálfinn“. B. Um hugmynd/fyrirætlun; velta fyrir sér; *kallsa við*. „Ég er að gæla við það að skreppa suður á næstunni“. „Hann sagðist stundum gæla við þá hugsun að hætta þessu búskaparbasli“.

Gæluheiti og viðurnefni voru gjarnan notuð um fólk, líkt og viðgengst líklega í fámennari byggðarlögum. Það sem hér er átt við með gæluheiti er þrennt. Í fyrsta lagi eru það almenn orð sem hafa mjög óljósa skírskotun til viðkomandi persónu, ef þá nokkra, og lýsa e.t.v. meira viðhorfi þess sem ummælin viðhefur. Oftast voru þessi ummæli í góðgjörnum tón; til áhersluauka og mótunar fremur en annað. Algeng voru heiti sem bættust í enda setningar sem fjallaði um viðkomandi: *Karlhólkurinn; ræfillinn; ræfilstuskan; karlgreyið; larfurinn; karluglan; kerlingargreyið; kerlingarálfinn; besefinn; jálkurinn; áransbeinið; jaskurinn; fauskurinn; ræfilstuskan* o.fl.. „Alltaf er hún jafn artarleg í sér, ræfilstuskan“. „Ekki veit ég hvað hann ætlast fyrir með þessu, karlfauskurinn“. „Hann er nú víst farinn að *berja í nestið* sitt, ræfillinn“.

Í öðru lagi voru það uppnefni sem fámennissamfélögin hengdu á einstakar persónur. Í flestum tilfellum var þeim ekki heldur ætlað að vera niðrandi, heldur var um nokkurskonar stuttheiti að ræða, með tilvísun í það sem einkenndi viðkomandi persónu; gjarnan nafngift sem hún gat sjálf sætt sig við. Á fyrri hluta 20 aldar var þessi tilhneyging til uppnefna mjög áberandi Patreksfjarðarkauptúni, og mátti heita að hver hreppsúi bæri viðurnefni, þó flest þeirra séu nú gleymd. Viðurnefnin fékk fólk t.d. af útliti sínu eða hæfileikum, s.s. Jói einhenti, Jói á löppinni eða Geiri máturegi, sem var hinn eini í hópi starfsfélaga nógu mjór til að komast inn í kyndingarhólf gufutogara þegar þau þurfti að hreinsa: Af starfsheiti sínu, s.s. Gvendur grútlari sem fékkst við grútarbræðslu og Siggi meistari sem var vélsmiðameistari; eða af bústað sínum, s.s. Gummi í Hliðskjálfi og Jón við Ána. Önnur viðurnefni gátu átt langsóttari skýringar, s.s. atvik, sögur eða orðatiltæki. Í sveitum Rauðasandshrepps var þessi tilhneyging til viðurnefna ekki eins mikil, e.t.v. vegna fámennisins þar sem ekki var sama þörf á aðgreiningu. Helst var það að starfsheiti eða staða einstaklings festist við hann og var þá gjarnan notuð í stað nafns. Þar má t.d. nefna Kristinn Ólafsson í Hænuvík, sem lengi gegndi starfi landpósts af stakri skyldurækni og samviskusemi, en gekk í daglegu tali undir heitunum Kitti í Hænuvík; Kitti póstur eða bara pósturinn. Þeir sem gegndu starfi hreppstjóra voru stundum einungis nefndir starfsheitinu, og sama var um aðra í einstökum störfum, s.s. faktorinn. Oft gengu menn undir heiti sinna bújarða, s.s. Gilsbóndinn eða Hnjótsbóndinn.

Í þriðja lagi er svo stytting nafna, sem viðhöfð var til hægðarauka. Þau eru þó ekki alltaf til styttingar heldur miða meira að þægilegu tveggja atkvæða orði. Þessi tegund gæluheita lifir góðu lífi enn í dag, þó áður nefnd viðurnefni séu orðin fátíðari. Oftast fær fólk sín stuttheiti strax á barnsaldri og þau fylgja því gjarnan óbreytt alla ævi. Þannig er Guðmundur oft styttr í Gummi eða Mundi; Guðbjartur í Bjartur; Magnús í Maggi og Björn í Bjóssi. Meiri fjölbreytni er þó til, og stafar oft af bjögðum framburði barna sem festist við á unga aldri.

Gæra / Fláning / Gæruslöttun verkun og notkun sauðskinnns Aðferðir við *fláningu* og verkun gæra hefur tekið miklum breytingum. Fyrri tíðar aðferðir voru í stórum dráttum þannig: „Gærurnar voru rakaðar, fljótlega eftir að fénu hafði verið *lógað*. Stundum voru þær rakaðar samdægurs að kvöldi, eftir að slátrun var lokið. Í Búalögum er það talið *meðalmannsverk* að *slátra* 10 sauðum og raka gærurnar að kvöldi. Notaður var *flugbeittur* hnífur úr *ljáblaði* til að raka gærana. Margir gerðu það á beru hnénu. Sagt var að fljótustu menn væru *stundarfjórðung* að raka eina gæru. Stundum var flegið þannig að skinnið var látið halda sér sem heill belgur að sem mestu leyti. Þegar búið var að raka voru belgirnir fylltir með heyi og hengdir upp í eldhúsi. Þar voru þeir látnir hanga og þorna. Síðan voru þeir teknir niður og *eltir*. Þegar þurkað skinn var elt var það núið og hreyft milli handa sér eða undir fótunum. Þá komu fljótlega brot í það þar sem skinnið var að verða mjúkt. Þá var haldið áfram að núa, böggla, snúa, vinda og teygja skinnið, þangað til hvergi var orðinn eftir harður blettur og allt skinnið var orðið *lungamjúkt*. Það hét *eltiskinn*. *Skinnbeltgir* voru notaðir mikið undir mat; bæði kæfu, smjör, tólg og fleira. (Einnig í baujur/belgi). *Eltiskinn* var haft í karlmannabuxur á 17. og 18. öld. Það var líka notað í skjóður og í *skinnþvengi* í skó og *bryddingar* á skó. Annars voru skinn af sauðkindum, *sauðskinn*, notuð í skó eins og þau komu fyrir, en *sauðskinnsskór* voru mikið notaðir áður fyrr og langt fram á 20. öld. Annars var skinn til skógerðar, sem hét *skæðaskinn*, oft blásteinslitað á síðustu áratugum, en til þess var notaður *blásteinn* (koparsúlfaat) uppleystur í vatni. Sjóklæðnaður var allur úr sauðskinni áður fyrr (sjá *skinnklæði*). Skinn í sjóklæði og annan skinn fatnað voru verkuð með því að bera í þau lýsi, hangikjötsflot eða kúarjóna meðan verið var að elta þau. Lykt var af *lýsisbornu* skinnunum, en ekki af þeim sem *flotið* og rjóminn var borið í. *Þvengjaskinn* var búið til úr þunnum skinnunum; yfirleitt lélugustu bjórnum. Þvengjaskinnið var stundum rakað en oftast var ullin *rotuð* af því með því að láta það liggja í hlýju í nokkra daga. Þá losnaði ullin af því og engin hnífisfór komu í það, eins og stundum gerðist við raksturinn. Þvengjaskinnið var alltaf strekkt á sléttum fleti og neglt niður á öllum jöðrum. Það hét að *spýta* skinnið. Þá varð það *rennislétt* og hart þegar það þornaði og var geymt þannig. Mjóar ræmur voru ristar af skinninu og þær bleyttar og teygðar. Þannig voru *þvengirnir* búnir til.

Sauðskinnsskór og annar skinnfatnaður var saumaður með *togþræði*. Sauðskinnsskórarnir voru stundum *verptir*, en þá var skinnþvengur dreginn kringum allt opið á skónum og dregið saman með þvengnum, sem lá yfir jaðar skóvarpsins milli hverra tveggja gata. Verptir skór voru með *hælpvengjum* og *ristarböndum*. Oft voru menn í *skinnleistum* innan í skónum til að verjast bleytu. Á ferðalögum voru menn stundum í belgjum af *veturgömlum* kindum; sínum á hvorum fæti, og leðurskór saumaðir neðan á belgina. Spariskór voru gerðir úr *sortulituðu* sauðskinni og bryddað kringum opið með hvítum eltiskinnsbryddingum. Þessir skór voru með hvítum hælpvengjum. Sauðskinnsskór fóru vel á fæti, en endingin var stutt. Þeir urðu harðir og flughálar á

- grasi í þurrkum, og voru þá látnir liggja í bleyti yfir nóttina. Skóþvengir urðu að vera sterkir, því mikið reyndi á þá þegar fast var spyrnt við fæti.
- Hrútsprungar* undan fullorðnum hrútum voru oft skornir af þannig að mikið skinn af kvíðnum var látið fylgja pungnum. *Pungurinn* var síðan rakaður; tekið innan úr honum og hann troðinn út með heyi. Um leið og troðið var í hann var hann teygður og lagaður til, eins og hann átti að verða. Síðan var hann þurkaður, þangað til skinnið var orðið glerhart og glært, en að því búnu eltur vel og lengi, þangað til hann var orðinn mjúkur. Þá var komin *skinnskjóða* sem var til margra hluta nýtsamleg. Margir höfðu hann undir neftóbak, og var hann þá brotinn saman í opið og vafinn upp til að loka honum. Stundum var dreginn þvengur í opið á pungnum og hann notaður undir peninga og ýmsa smáhluti. (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá einnig *flá*; *flá í belg*; *skinn*; *skinnklæði*; *skinnstakkur*; *bryddur*.
- Gæra** (n, kvk) Um sjólag; hvítur sjór af roki. „Aðlögnin getur orðið svo snögg og stíf að innanvið Blakknesið verði sjór eins og gæra á stóru svæði“. Sjá *eins og hvít gæra*.
- Gæruhvítur sjór** (orðtak) Sjór í svo miklu roki að yfirborðið rýkur og verður eins og hvít, kemd sauðagæra. „Fram af Blakknum var stólparok og gæruhvítur sjór“.
- Gærurok** (n, hk) Svo mikið rok að sjór rýkur/ verður hvítur. „Hann er að spæna upp norðan gærurok“.
- Gæta bús og barna** (orðtak) Sinna um heimilishald og búskap. „Hann var heima og gætti bús og barna meðan hún fór í orlofsferðina“.
- Gæta eins og sjáaldurs augna sinna** (orðtak) Gæta/varðveita mjög vel. „Þú verður að gæta þessa erfðagrips eins og sjáaldurs augna þinna“! Sjá *sjáaldur*.
- Gæta straums** (orðtak) Straums verður vart. „Þegar ládautt var eða lítil *ylgja* var um flóð róið suður með landi, fast með landsteinum og ofan skerja...Þar gætti minna straums; norðurfallsins...“ (KJK; Kollsvíkurveir)
- Gæt'ég** (samrunnið orðtak) Algengt var að slá saman orðunum „gæti“ og „ég“ í slíkan sambræðing. „Hann lægir með kvöldinu gæt'ég trúað“. „Þarna leynist eitthvað fê, gæt'ég ímyndað mér“.
- Gæti átt til** (orðtak) Gæti hugsanlega gert; er vís til. „Passaðu þig á nautkálfinum; hann getur átt það til að setja undirsig hausinn og vilja leggja í þig“. „Hafðu alla fingur sömumegin á sveifinni; vélin getur átt það til að slá“. „Hann gæti átt til að rigna úr þessu útliti“.
- Gætilega** (ao) Með varúð; varlega. „Farið nú gætilega ef þið eruð að þessu príli“!
- Gætinn** (l) Athugull; fer gætilega. „Hann er mjög grandvar og gætinn, jafnt í fjármálum sem öðru“.
- Gætni** (n, kvk) Varúð; aðgæsla. „Þú verður að laumast ofanvið kindurnar með mikilli gætni“.
- Gætt** (n, kvk) Op/dyr á húsi. „Meðan Ólafur gegndi safnvörslu á Hnjóti stóð hann yfirleitt í gættinni og veifaði þeim sem framhjá fóru, væri hann ekki upptekinn í öðru“.
- Gættu að! / Gættað!** (orðtak) Aðvörun; „passaðu þig“; „gáðu hvað þú gerir“! Var iðulega sagt þegar vekja þurfti athygli á einhverju, og þá yfirleitt án þess að bæta neinu öðru við til skýringar: „Nei gætið nú að“! „Gættað! Þú ert nærri brúninni“. Sjá *aðgæsla*.
- Gögl** (n, hk, fto) Hænsni; oft í niðrandi merkingu. „Fjárans göglin eru að verða búin að róta upp garðinum“!
- Göltra / Göltrast** (s) Skrölta; röлта. „Ég ætla að göltra hér út í Bót og gá til reka“.
- Göltun** (n, kvk) Það að setja hey upp í galta. „Göltun á heyi lagðist af með tilkomu öflugra tækja. Þá varð unnt að raka hálfþurrt hey upp í svera garða og hirða þurrt hey strax í hlöðu á fljótlegan hátt. Hey var þó galtað á Láganúpi að einhverju marki framyfir 1970“.
- Göltra** (s) Gaufa; þvælast. „Ekki skil ég hvernig þú nennir að göltra svona frameftir á kvöldin“! *Kvöldgöltur*.
- Göltur** (n, hk) Þvælingur; flakk; gaus. „Hvaða göltur er á honum frammi á Umvarpi“? Einnig *næturgöltur*.
- Gömul saga og ný** (orðtak) Um það sem einatt er viðvarandi. „Svona mistök geta alla hent; það er gömul saga og ný“.
- Göndlast** (s) A. Bauka; bardúsa. „Hann er nú eitthvað að göndlast í þessu, en árangurinn er ekki mikill“. B. Vefjast upp; *garðast* í göndla. „Heyið göndlaðist upp í rokinu“.
- Göndull** (n, kk) Vafningur; strangi. „Heyið vill hlaupa í göndla þegar því er ýtt með greipinni“.
- Göngubjart** (l) Nægilega bjart til að ganga; *ratljóst*. „Við förum af stað þegar orðið er göngubjart“. „Ratljóst“ var þó meira notað.
- Göngufiskur** (n, kk) Fiskur sem gengur á grunnmið en er þar ekki að staðaldri; vanalega ljósari, stærri og vænni en þyrsklingar sem halda þar til að staðaldri.
- Göngufært** (l) Fært gangandi manni; unnt að ganga um. „Um gilið er göngufær leið, og er fjaran fær *þónokkurn* spöl norður fyrir Hnífaflögu...“ (HÖ; Fjaran).

- Göngufæri** (n, hk) Færð til gönguferðar. Einkum notað þegar snjór var á jörðu, en þá gat göngufæri verið misgott. „Það er finasta göngufæri núna; rifahjarn yfir allan Hálsinn“.
- Göngugarpur / Gönguhrólfur** (n, kk) Mikill göngumaður; eljusamur á göngu. „Pabba þóttit ekki mikið mál að ganga langar vegalengdir, því hann var annálaður göngugarpur; bæði léttur á fæti og hljóp frekar en gekk. Skemmti hann sér stundum við það að ganga þá af sér sem þyngri voru til göngu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Gönguleið** (n, kvk) Leið sem unnt er að ganga; leið þar sem margt er að sjá. „Í Kollsvík eru fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir, með hinni fjölbreytilegustu upplifun“.
- Göngulúinn / Göngumóður** (l) Þreyttur eftir göngu. „Hvíldu þig nú. Þú hlýtur að vera göngulúinn“. „Inni tröllu arni hjá/ eftir málsverð góðan;/ svefn og þreyta sækir á/ segginn göngumóðan“ (JR; Rósarímur).
- Göngumannaleið / Göngumannavegur** (n, kk) Göngustígur; leið sem fær er gangandi fólki en hvorki hestum né bílum. „Í Bæjargjá er Göngumannavegur yfir fjallið; oftast fært að vetrinum“ (PJ; Örn.skrá Rauðasands). „Um Lambahlíðarskarð liggur göngumannaleið úr Breiðuvík í Lambahlíð“ (Guðm. Sigurðss; Örn.skrá Rauðasandshrepps).
- Göngur** (n, kvk, fto) *Smalamennskur* að hausti; *fjallgöngur*; *fjallskil*. „Göngur fóru fram samkvæmt *fjallskilaseðli*“. „Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars; síðari leitardagur tveimur vikum seinna“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). „Allir sem eiga fé að einhverju marki eru skyldugir að inna af hendi ákveðinn fjölda dagsverka við að smala fé úr afréttum og heimalöndum og koma því til réttar. Gangnakvöðinni má líkja við herútböð. Allir eru skyldugir að hlýða kallinu og enginn getur skorast undan“ (Stefán Aðalst.son; Sauðkindin, landið og þjóðin). „Með haustinu komu göngur og slátrun og þá ný horn til að leika sér með“ (IG; Æskuminningar).
- Göngustafur** (n, kk) Stafur til að létta göngu. „Sumir nota göngustaf en öðrum þykir hann þvælast fyrir“.
- Göngutúr** (n, kvk) Ferð á fæti/fótgangandi. „Ég ætla að fá mér göngutúr norður á Stekkjarmel“.
- Gönguveður** (n, hk) Veður til gönguferða. „Við fengum ágætt gönguveður; hlýtt og sólarlaust“.
- Gönuhlaup** (n, hk) Frumhlaup; ótimabær aðgerð. „Það borgaði sig illa þetta gönuhlaup“.
- Gönur** (n, kvk, fto) Æðiskast; stefnulaust rás. „Kýrnar tóku allskonar gönur þegar þeim var sleppt út“.
- Göróttur** (l) Varasamur; eitradur; viðsjárverður. „Hún reyndi að bjóða mér eitthvað görótt gúrkusalat“.
- Göslari** (n, kk) Sá sem *göslast/brauðhófast/ganar/brussast*. „Hann er ferlegur göslari“.
- Gösla / Göslast** (s) *Gana*; *brussast*; *brauðhófast*. „Það þýðir lítið að göslast áfram svona fyrirhyggjulaust“.
- Habði** (s, þt) Hafði. Beygingarháttur Kollsvíkinga og líklega margra annarra Vestfirðinga áðurfyrr. „Habðirdu ekki góða vettlinga“? Sumir málfræðingar kalla þetta böð og gð framburð, en einkenni hans er að framan við ð eru sérhljóðar bornir fram mjög hart.
- Habítur** (n, kk) Ákafi; áfergja; æði. „Hann er í hábit að jafna í hlöðunni; svo varaðu þig á kvíslinni“.
- Hafa** (s) A. Eiga; ráða yfir; vera með. B. Ná; takast; geta. „Mér sýnist að hann muni hafa þetta alla leið upp á brún“. „Rollan hljóp í *rassaköstum* út eftir bökkunum en ég hafði hana loks í stórgrýtisurðinni yst“.
- Hafa að að hverfa** (orðtak) Geta flúið/horfið að; geta leitað skjóls/athvarfs í; geta farið í verk/starf; hafa lífsbjörg. „Þó einhver myndi vilja taka upp búskap aftur, er hætt við að sá hefði að litlu að hverfa, þar sem bæði þarf að byggja mestallt upp að nýju og grundvöllur búskapar er tæpast fyrir hendi“.
- Hafa (einhvern) að fifli** (orðtak) Gabba/ginna/narra/plata einhvern. „Hann sagðist sjá það eftirá að hann hefði verið hafður að algeru fifli; hann hefði aldrei átt að samþykkja þetta“.
- Hafa að leiksoppi** (orðtak) Leika sér að; fara gáleysislega með; *gera at í*. „Ég ætla ekki að láta hafa mig að leiksoppi í þessu máli“! Soppur mun fyrrum hafa verið heiti á knetti/bolta, en upprunalega flot á t.d. neti.
- Hafa að segja** (orðtak) A. Þurfa að segja. „Ég hef ekkert meira um málið að segja“. B. Skipta máli. „Það hefur ekkert að segja þó þú andæfir; straumurinn er orðinn svo mikill“.
- Hafa (einhvern) að skotspæni** (orðtak) Beina háði/gagnrýni að einhverjum; *bauna á*. „Fyrir þessa sérvisku var hann hafður að skotspæni af vinnufélögum sínum“. *Skotspónn* merkir þarna skotmark (sjá þar). Sbr. *heyra á skotspónum*.
- Hafa að engu/öngvu / Hafa að vettugi** (orðtak) Virða að vettugi; líta framhjá. „Það þýðir ekkert að ráðleggja þér ef þú hefur það að öngvu“! „Hvernig sem á því stendur, virðist svo sem Einar hafi haft þessa kröfu að engu...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

- Hafa af** (orðtak) A. Svipta; hindra í að fá. „Hann hafði af mér slaginn, blessaður mótspilarinn“. B. Lifa af; halda lífi. „Mér sýnist að lambkægillinn ætli að hafa það af“. „Það sannast að báturinn hefur þetta aldrei af“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Hafa (einhvern) afsakaðan** (orðtak) Fyrirgefa óviðráðanlega fjarveru einhvers. „Hafðu mig afsakaðan smástund; ég þarf að bregða mér á klósettið“. Sjá *afsaka*; *biðjast afsökunar*; *hafa sér til afsökunar*.
- Hafa afskipti af** (orðtak) *Blanda sér í; skipta sér af*. Sjá *afskipti*.
- Hafa afturá** (orðtak) Róa bát afturábak; bakka. „Hafðu örlítið afturá svo ég nái duflinu“. Sjá *hafa áfram/framá*.
- Hafa aldrei difið hendi í kalt vatn** (orðtak) Hafa aldrei unnið ærlega vinnu. „Hún var engin puntudúkka sem aldrei hefði difið hendi í kalt vatn, heldur hinn mesti *dugnaðarforkur*“.
- Hafa alla króka úti / Hafa allar klær úti / Hafa allar árar úti / Hafa öll spjót úti** (orðtak) Nota allar aðferðir til að fá; sækjast mjög eftir. „Ég hef enn ekki eignast þessa bók, en ég hef alla króka úti“. „Spjót“ merkir þarna það sama og krókur/öngull.
- Hafa allt á hornum sér** (orðtak) Finna að öllu; vera argur úti allt. „Þegar hann er svona illa *fyrirkallaður* þá hefur hann allt á hornum sér“. Líking við naut/hrútsem setur undir sig hausinn.
- Hafa andvara á sér** (orðtak) A. Sofa laust, þannig að maður vakni við minnsta hljóð. B. Vera á verði; gefa gætur. „Hafðu andvara á þér og fylgstu með þegar reksturinn kemur heimyfir Hjallabrunina“. Sjá *hafa vara á sér*, sem hefur víðtækari merkingu.
- Hafa antípat á** (orðtak) Vera illa við; *hafa illan bifur á*; finnast fráhrindandi. „Hún sagðist hafa hálfgernt antípat á þessari nýju tækni“.
- Hafa auga á hverjum fingri** (orðtak) Vera á verði; sýna mikla aðgát; *hafa vakandi auga með*. „Við þurfum að hafa auga á hverjum fingri; túnrollurnar eru fljótar að finna sér einhverja glufu“.
- Hafa auga fyrir** (orðtak) Vera eftirtektarsamur/næmur á. „Hún hafði næmt auga fyrir öllum formum í náttúrunni og sá víða tröll og svipmót í klettum og steinum“.
- Hafa auga með** (orðtak) *Gefa auga*; líta eftir; hafa gát á. „Formennirnir höfðu auga með veðurútliti, sem var nú allt í einu orðið skuggalegt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Sjá *hafa vakandi auga með*.
- Hafa augastað/ágirnd á** (orðtak) Ágirnast; hafa áhuga á. „Ég hef lengi haft augastað á þeim báti“.
- Hafa augun hjá sér** (orðtak) Líta vel í kringum sig; taka eftir því sem er að sjá; leita. „Hafiði augun hjá ykkur þegar þið farið á Stíginn; hvort þar hafi verið útigangsfé í vetur“.
- Hafa á að skipa** (orðtak) Vera með liðsmenn/starfsmenn til reiðu. Vísar til þess að herforingi skipi liðsmönnum í réttar stöður og/eða formaður/skipstjóri/stýrimaður skipi skipverjum til ræðis. Í síðara tilvikinu mætti setja þóftu inn í setninguna.
- Hafa á bak að sjá** (orðtak) Vera sviptur; sakna. „Mestu höfðu þó eiginkona og stór barnahópur á bak að sjá“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hafa á bakvið eyrað** (orðtak) Leggja á minnið; hafa í huga. „Ég skal hafa þetta á bakvið eyrað“.
- Hafa á boðstólum** (orðtak) Bjóða til sölu; bjóða falt. Sjá *á boðstólum*.
- Hafa á hendi** (orðtak) Sjá um; vera ábyrgur fyrir; *hafa með höndum*. „Sá er þetta rifjar upp hafði þarna á hendi formennsku og vélgæslu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hafa á hornum sér** (orðtak) Finna að; vera argur/önugur úti; fjargviðrast yfir. „Hann hefur allt á hornum sér þegar hann er orðinn svona syfjaður og þreyttur“.
- Hafa á/í móti** (orðtak) A. Um róður/veiðar; andæfa; róa upp í rekið. „Nú er farið að reka á netið; leggðu út og reyndu að hafa dálítið á móti“.
- Hafa/ vera með á hraðbergi** (orðtak) Vera með svör við; hafa tiltæk andsvör. „Hann var með allar þessar upplýsingar á hraðbergi“. Hraðberg er þarna sama og tennur.
- Hafa á höfðinu** (orðtak) Vera með húfu á höfði. „Habbdu á höbbdinu drengur; hann er kaldur núna“!
- Hafa á/með höndum** (orðtak) A. Um siglingu báts; *sigla fyrir lausu*; um það þegar formaður heldur um skaut segls en setur það ekki fast. B. Líkingamál; hafa með mál að gera; hafa umleikis.
- Hafa á móti** (orðtak) Vera á móti; *hafa við að athuga*. „Ég hef ekkert á móti því að hann komi með“.
- Hafa á orði / Hafa við orð** (orðtak) Segja; nefna. „Hann hafði það á orði að kannski væru þau að flytja“. Eldri frb: „hafa á ordi“; „hafa við ord“.

- Hafa á þrjónunum** (orðtak) Hafa áform um; áætla; *bigera; hafa í bigerð*. „Ertu með einhverjar áætlanir á þrjónunum um þetta“?
- Hafa á reiðum höndum** (orðtak) Hafa tiltækt; vera með tilbúið. „Ég hafði steininn á reiðum höndum og henti honum fyrir borðstokkinn þegar síðasta netið hafði verið róið út“. Sjá *hafa svar á reiðum höndum*.
- Hafa á réttu/röngu að standa** (orðtök) Segja hið rétta/ósanna. „Þarna hefurðu á röngu að standa, tel ég“.
- Hafa á samvisskunn** (orðtak) A. Vera sekur um. „Egill Skallagrímsson mun hafa haft nokkur morð á samvisskunn“ B. Vera sakbitinn. „Ekki vil ég hafa það á samvisskunn að þú farir svngur af stað“.
- Hafa á sér misjafnt orð** (orðtak) Vera misjafnlega/ ekki vel látinn. „Ég myndi ekki kaupa mér þessa bíltegund; hún hefur á sér misjafnt orð“.
- Hafa á sínum snærum** (orðtak) Vera með á sínum vegum; hafa til umráða. Orðtakið vísar til skakveiða, en snæri er sama og færi. Sá sem hefur eitthvað á sínum snærum er með fisk á færinu. Tvö eru snærin í hverju færi; annað frá veiðimanni í sökku og hitt er öngultaumurinn.
- Hafa (fé) á taði** (orðtak) Hafa fé í húsum þar sem það gengur í eigin skít og treður hann niður, en ekki á grindum. Var almennt gert áður fyrr, enda var þurrkað tað dýrmætt eldsneyti.
- Hafa á takteinum** (orðtak) Hafa tiltækt; vera tamt. „... þá hafði gamla konan ekkert nafn á takteinum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Takteinn nefndist glóandi teinn sem sakamaður var látinn bera í höndum sér, vildi hann sanna sakleysi sitt. Upphaflega gæti heitið einfaldlega merkt járnteina sem notaðir voru til að taka málm úr afli, og gæti orðtakið *sem best* verið frá þeim tíma.
- Hafa á tilfinningunni** (orðtak) Skynja óljóst; þykjast skynja án þess að vita hvernig. „Ég hef það á tilfinningunni að nú sé eitthvað mikið *í aðsigi*“.
- Hafa áfram/framá** (orðtak) Róa bát áfram; láta bát miða áfram. „Kastað var út jafnóðum og dregið var. Og hálmennirnir, þ.e. andófsmennirnir, urðu að róa til að hafa áfram“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi). „Hafðu örliðið framá, svo bátinn reki ekki í netið“. Á sama hátt eru orðtökin að „*hafa afturá*“; „hafa í stjórn“ og „hafa í bak“ . „Ég náði ekki baujunni; hafðu örliðið afturá og í stjórnborða“.
- Hafa ágirnd á** (orðtak) Ágirnast. „Ári hef ég mikla ágirnd á þessum rekastaur“.
- Hafa áhuga á / Hafa hug á** (orðtök) Leggja hug á; vilja. „Ég hef nokkurn hug á að klára þetta í dag“.
- Hafa bakvið eyrað** (orðtak) Hafa í huga; vera meðvitaður um; gera síðar, þegr tækifæri gefst. „Ég skal hafa það bakvið eyrað að hirða nokkrar góðar grásleppur fyrir þig, til upphengingar“.
- Hafa bein í nefninu** (orðtak) Vera málafylgjaður; standa fast á sínum skoðunum; láta ekki stjórna sér. „Þú verður að hafa eitthvað bein í nefinu, og ekki láta þessa andskota þvæla þér í hvað sem er“. Sjá *með bein í nefinu*.
- Hafa beinin til að bera (eitthvað)** (orðtak) Vera nógu sterkur til að standast/þola eitthvað; hafa styrk til að ráðast/standa í. „Þetta var ansi mikið fjártjón fyrir hann. Það *vill til* að hann hefur beinin til að bera það“.
- Hafa betur** (orðtak) Sigra/ vinna í viðureign. „Þetta var hnífjöfn keppni og óljóst hvor myndi hafa betur“.
- Hafa borð fyrir báru** (orðtak) A. Eiginleg merking; hlaða bát ekki meira en svo að efsta borð sé uppúr sjó, og geti tekið við báru í sjólitlu veðri. B. Afleidd merking; gæta öryggis; eiga t.d. varasjóð. Sjá *borð fyrir báru; ætla skal borð fyrir báru*.
- Hafa bréf uppá (eitthvað)** (orðtak) Hafa bréf/skjal til sönnunar einhverju. „Hann spurði forðagæslumenn hvort þeir hefðu bréf uppá það að þeir mættu *valsa* um öll sín hús“.
- Hafa (ekki) brjóst í sér til (einhvers)** (orðtak) Geti (ekki) fengið (eitthvað) að sér; geta (ekki) hugsað sér að gera eitthvað. „Ég ákvað að taka fuglinn heim og láta sjá hvort hann jafnaði sig ekki. Ég hafði bara ekki brjóst í mér til að *snúa* hann þarna á staðnum“. Sjá *brjóst*.
- Hafa brúk fyrir** (orðtak) Hafa not af/fyrir. „Ég hirti þessa fjöl úr fjörunni; það gætu orðið brúk fyrir hana“.
- Hafa daginn/tímann fyrir sér** (orðtak) Byrja tímanlega á verki sem vinna þarf/fyrirhugaðri ferð. „Það er vissara að hafa daginn fyrir sér ef við eigum að ná fénu úr Breiðuvíkinni fyrir myrkur“ „Ég held að þú ættir nú að byrja strax þannig að þú hafir tímann fyrir þér til að læra öll þessi ósköp fyrir vorið“.
- Hafa döngun í sér til** (orðtak) *Hafa einurð á*; vera nægilega staðfastur í; hafa *uppburði* til. „Fjandans leti er þetta í mannum; að hafa ekki einusinni döngun í sér til að gera við girðingarnar“!
- Hafa (ekki) efni á** (orðtak) Vera (ekki) fær um vegna t.d. fjárhagsaðstæðna. „Ég hkaup þetta ekki fyrr en ég hef efni á því“. Stundum um málefnalega fátækt; „Hann hefur nú lítil efni á að rífa kjaff“!
- Hafa eftir** (orðtak) A. Herma/apa/éta eftir. B. Vitna í. „Hann hafði þetta eftir nokkuð traustum heimildum“. „Það var haft eftir Gumma að aldrei hefði hann séð eftir bita eða sopa ofan í nokkurn mann, en sér hefði verið

sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfellt sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).

Hafa eftir sínu höfði (orðtak) Gera eins og manni sýnist/ finnst réttast. „Það er sjálfsagt að gera þetta, ef ég fæ að hafa það eftir mínu höfði“.

Hafa einurð á (orðtak) Vera einbeittur/staðfastur; hafa döngun í sér til. „Þú verður að hafa einurð á að standa á þínum skoðunum“.

Hafa (enga) eirð í sér (orðtak) Geta verið rólegur/ slappað af. „Maður hefur bara enga eirð í sér að sitja í landi í svona sjóveðri. Það er ekki hægt að *liggja í landi* þegar sjór er *spegilsléttur* og *lóar ekki við stein*“.

Hafa eitthvað/nokkuð fyrir snúð sinn (orðtak) Fá eitthvað fyrir vinnu eða annað sem látið er af hendi. Vísun í þjóðsöguna um Kiðhús og kerlinguna. Einnig; *kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn*.

Hafa ekki augun af (einhverju) (orðtak) Líta ekki af einhverju; horfa stöðugt á eitthvað. „Hann hafði ekki augun af brotinu meðan hann sneri bátnum uppí“.

Hafa ekki grænan grun/ græna glóru (orðtök) Hafa ekki minnstu hugmynd um; vita alls ekki. „Ég hef ekki grænan grun um hvar hann er“. „Ég hef ekki græna glóru um þetta; spurðu hann afa þinn“.

Hafa ekki/hvorki heyrt né séð (einhvern) (orðtak) Hafa ekki orðið var við/ hitt einhvern. „Ég hvorki heyrt hann né séð *í háa herrans tíma*“.

Hafa ekkert að segja / Hafa enga/öngva þýðingu (orðtak) Vera tilgangslaust; breyta litlu. „Það hefur ekkert að segja þó einn bisi í viðbót; við þurfum traktor ef við eigum að ná þessu tré uppúr fjörunni“.

Hafa ekkert/lítið uppá sig (orðtak) Hafa öngva þýðingu; hafa ekkert að segja; vera ekki til neins. „Það hefur ekkert uppá sig að *hanga á* þessu lengur; hann er að auka báruna það mikið að við förum að koma okkur í land“. „Það hefur lítið uppá sig að byrja að hræra í heynu áður en þornar vel af“.

Hafa ekki erindi sem erfiði (orðtak) Ná ekki þeim árangri sem mjög hefur verið unnið að: ná ekki takmarki þrátt fyrir mikla viðleitni.

Hafa ekki hátt um (orðtak) Tala ekki mikið um; láta liggja í þagnargildi. „Við skulum ekki hafa hátt um þetta tilvik; honum er illa við að því sé haldið á lofti“.

Hafa ekki/engin ráð/efni á (orðtök) A. Vera ekki fær um að greiða/kaupa vegna fátæktar/peningaleysis. B. Líkingamál; vera ekki þess umkominn að gera. „Hann hefur engin efni á að setja útá það sem ádrir gera“!

Hafa ekki roð við (orðtak) Ná ekki sömu afköstum; vera á eftir í vinnuhraða, kapphlaupi, glímu eða öðru. „Þú verður nú aðeins að hægja á þér; ég hef ekki roð við svona frískum göngumönnum“. Vísar til þess þegar togast er á um fiskroð, en það er aflraunaleikur í líkingu við reiptog.

Hafa ekki/litla trú á / Hafa ótrú á (orðtök) „Eldri bændur höfðu megnustu ótrú á traktorssláttuvélum í byrjun, og þótti þær slá illa. Var enda von, þar sem fáir vellir voru sléttir“. „Ég hef enga trú á að það verði neitt úr þessari rigningarspá hjá þeim; hann er að koma upp bakka í hafid“.

Hafa ekki úr miklu að moða (orðtak) Hafa lítið úrval; hafa lítil fjárráð; hafa lítið matarkyns; hafa lítil aðföng (fróðleik, heimildir o.fl.). „Ekki hafði ég úr miklu að moða, þar sem heimildir voru fáar“.

Hafa endaskipti á (orðtak) Snúa við; snúa því upp sem áður sneri niður, og öfugt. „Þetta kalla ég að hafa endaskipti á sannleikanum“! „Gott er að geyma egginn með því að pakka þeim þétt í stokk; loka honum; hafa í kaldri þurri geymslu og hafa endaskipti á honum öðru hvoru svo rauðan sigi ekki út í skurninn“.

Hafa enga eirð í sínum beinum (orðtak) Vera eirðarlaus/friðlaus. „Hann hefur enga eirð í sínum beinum meðan féð er ófundid“.

Hafa engar/öngvar vendingar/vöfflur á (orðtak) Bíða ekki boðanna; tefja ekki. „Þegar ífæran var komin í lúðuna höfðum við öngvar vöfflur á; heldur vippuðum henni inn yfir borðstokkinn í einum rykk“.

Hafa engu/öngvu að tapa (en allt að vinna) (orðtak) Um verknað; allt jákvætt en ekkert neikvætt; getur einungis grætt en ekki tapað á framkvæmdinni/gerðinni.

Hafa engu við að bæta (orðtak) Hafa ekkert meira að segja.

Hafa fallið með sér (orðtak) Stilla róðra þannig af að fallið hjálpar til við róðurinn.

Hafa fataskipti/húfuskripti/skóskripti o.fl. (orðtök) Skipta út viðkomandi fatnaði fyrir annan.

Hafa forgöngu um (orðtak) Vera í forystu varðandi; beita sér fyrir; stýra átaki. „Vélvæðing báta hér um slóðir hefst ekki mikið seinna en á Ísafirði 1904. Það er Pétur A. Ólafsson útgerðar- og kaupmaður sem hefur forgöngu um þau mál á Patreksfirði“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Hafa forvara/fyrirvara á (orðtak) *Slá varnagla*; lofa/samþykkja með skilyrðum.

- Hafa (sitt) fram** (orðtak) Ná þeim málefnum í höfn sem maður ætlar sér. „Hann hafði sitt fram með offorsi og frekju“. „Ég hafði það fram að þeir moka alla leið yfir hálsinn“.
- Hafa framá** (orðtak) Um siglingu; róa/sigla bát áfram. „Leggðu út og hafðu örlítið framá, svo ég nái baujunni; ég drap *fullsnemma* á vélinni“.
- Hafa framyfir** (orðtak) Vera betri kostum búinn. „Fergusoninn hafði það framyfir Farmalinn að vera með ámoksturstækjum“.
- Hafa frjálsar hendur** (orðtak) Hafa leyfi til að gera að vild; vera ekki stjórnað.
- Hafa fyrir** (orðtak) A. Vera fyrirmynd; sýna fordæmi; kenna. „Vertu nú ekki að hafa þennan ósið fyrir blessuðu barninu“. B. Gera fyrirhöfn/vesen; leggja á sig vinnu fyrir. „Blessuð vertu ekki að hafa neitt fyrir mér; ég er ekki svo þurfandi“. „Hann hafði ekki mikið fyrir því að klífa *laus* upp á Völlinn“. C. Hafa að heimildarmanni; *bera fyrir*. „Ég heyrði þessa sögu svona, en blessaður hafðu mig ekki fyrir þessu“.
- Hafa fyrir augunum / Hafa fyrir sjónum** (orðtak) Vera sýnilegt. „Ekki er að undra þó maður sé áhugasamur um sjávarorku, eftir að hafa haft hana fyrir augunum frá blautu barnsbeini“. „Skelfing fer í taugarnar á mér að hafa allt þetta rusl fyrir sjónum dag eftir dag“!
- Hafa fyrir satt** (orðtak) Telja satt; virðast rétt; *taka trúanlegt; taka gott og gilt*. „Höfðu menn það fyrir satt að hann hefði sent Einari draug þann er ært hefði hestana og gengið af þeim dauðum að lyktum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Það höfðu menn fyrir satt að draugurinn hafi losað sig skömmu síðar og farið heim til Benedikts og áreitt hann, því svo brá við að hann lagðist sjúkur og lá lengi“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Hafa fyrir sér** (orðtak) Hafa sannanir/heimildir fyrir. „Þú segir þetta, en hefurðu eitthvað fyrir þér þí því“?
- Hafa fyrir snúð sinn** (orðtak) Fá í laun/staðinn. „Eitthvað taldi hann sig þurfa að hafa fyrir snúð sinn“.
- Hafa (eitthvað/mikið/lítið/nóg/ærið) fyrir stafni** (orðtak) A. Eiginleg merking; hafa land/ kennileiti í stefnu báts. B. Starfa við; vinna að; *hafva við að vera*. „Það er nauðsynlegt að hafa alltaf eitthvað fyrir stafni“. „Hvað hefur þú haft fyrir stafni“?
- Hafa fyrir vana/venju** (orðtak) Vera vanur; *leggja í vana sinn*. „Hann hafði það fyrir vana að ganga útfyrir húshornið; kasta af sér vatni; líta til veðurs; spýta hraustlega um tönn og fá sér í aðra nösina; báðar ef útlitið var slæmt“.
- Hafa gaman af** (orðtak) Skemmta sér við; gleðjast yfir. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru og enn í dag hafa menn gaman af að rifja það upp...“ (PG; Veðmálið).
- Hafa gott af** (orðtak) Njóta; vera betur settur með. „Hann hefur bara gott af því að verða dálítið sjóveikur; allir verða einhverntíma að *sjóast*“. „Ég held ég sé búinn að éta meira af eggjum en ég hef gott af“.
- Hafa gát/gætur á** (orðtak) *Gefa gætur*; fylgjast með. „Það þarf að hafa gát á kindum sem eru *komnar á tal*“.
- Hafa góð orð um** (orðtak) Vera *jákvæður gagnvart; láta líklega yfir; láta liggja að samþykki*. „Hann hafði góð orð um að koma í kaffi þegar ég bauð honum það“.
- Hafa grasnyt** (orðtak) Hafa slægjur/tún. „Þeir bræður höfðu litla grasnyt og fáar skepnur“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Hafa grænan grun** (orðtak) Hafa *hugboð* um; gruna. „Ég hef ekki grænan grun um hvar þeir eru núna“.
- Hafa handa í milli** (orðtak) Hafa fjárráð; vera efnum búinn. „Maður hefur lítið handa í milli þessa dagana“.
- Hafa hátt** (orðtak) Vera með hávaða. „Hafðu ekki svona hátt svo þú vekir ekki barnið“!
- Hafa hemil á** (orðtak) Halda afturaf; hafa stjórn á. „Hann þarf að læra að hafa hemil á skapinu í sér“.
- Hafa hendur í hári (einhvers)** (orðtak) Handsama; ná einhverjum. „Það þarf að hafa hendur í hárinu á þessum gemlingsskröttum“. Vísar líklega til þess að handsama sauðfé, t.d. í réttum, með því að grípa í ullina.
- Hafa hjá sér augun** (orðtak) Taka eftir; vera á verði. „Hafiði hjá ykkur augun ef þið farið niður í hús; ég hef einhversstaðar lagt frá mér vasahnífinn áðan“.
- Hafa horn í síðu (einhvers)** (orðtak) Vera *í nöp við einhvern*; tortryggja; vera illa við. „Margir hafa horn í síðu hans fyrir þetta“.
- Hafa hraðann á** (orðtak) Flýta sér; hafa snör viðbrögð. „Það er auðséð að snögglega eykur brim frá vestri, svo að hraði er hafður á að fara út aftur að ná upp línunni“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hafa hug á** (orðtak) Hafa áhuga á; ágirnast; áforma. „Ég hef mikinn hug á þessari körfu sem ég fann rekna; ef þú mátt missa hana“. „Hann hefur hug á að róa á morgun“.
- Hafa hugfast / Hafa í huga** (orðtak) Vera þess minnugur/meðvitaður. „Þú hefur þetta í huga“.

- Hafa hugsun á** (orðtak) Hugsu úti/fyrir; *hafa rænu á*. „Mikið vildi ég að ég hefði haft hugsun á að spyrja þá gömlu betur úti þetta, meðan þeir voru enn ofar moldu“.
- Hafa (ekki) hundsvit á** (orðtak) Hafa lágmarksþekkingu á; þekkja ögn til. „Nú þarf ég að kalla á Kára; ég hef ekki hundsvit á þessu tölvurugli“. „Nú ert þú að bulla um það sem þú hefur ekki hundsvit á“!
- Hafa hægðir** (orðtak) Kúka; *flytja lögmann; tefla við páfa; leysa buxur; létta á sér* o.fl. sjá þar.
- Hafa hægt um sig** (orðtak) Láta ekki á sér bera; vera rólegur. „Bíddu hér og hafði hægt um þig meðan ég reyni að komast nær tófunni“.
- Hafa hönd á** (orðtak) A. Snerta á; koma við; taka. „Vorud þið eitthvað að hafa hönd á nýju skærunum strákar“? „Drengurinn má ekki hafa hönd á neinu í stofunum, því allt er svo brothætt“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938). B. Halda stöðugt utanum. „Hann hélt þétt um stýrirssveifina en hafði einnig hönd á ólúgjöfinni; tilbúinn að slá af þegar komið væri upp á lægið“. C. Halda utanum *sigvað* til að geta fundið merki sem sigari gefur með því að kippa í vaðinn, þegar hann t.d. vill fá slaka eða vera dreginn upp.
- Hafa hönd í bagga með (einhverju)** (orðtak) Vera hjálplegur; aðstoða. „Þú hefur hönd í bagga með honum ef með þarf“. „...enda hafði hún hönd í bagga með uppeldi þeirra barnabarna sem hún náði til“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Vísar e.t.v. til þess að styðja við bagga á hesti eða hjálpa til að koma bagga á hest. Sjá *hlaupa undir bagga með (einhverjum)*.
- Hafa illan bifur á** (orðtak) Vera tortrygginn; hafa andúð/ýmugust á. „Ég hef alltaf haft dálítið illan bifur á þessu hyski sem lofar öllu fögru til að komast á þing, en stendur svo við minnst af því“. Bifur í þessari merkingu er nú aflagt orð en merkti hugur eða löngun og má skilja orðtakið í því ljósi. „Út af þessu illan bifur að mér setur/ fósturlandsins freyjutetur“ (JR; Rósarímur). Sjá *bifur*.
- Hafa innan sinna vébanda** (orðtak) Hafa í sínum flokki/ undir sinni umsýslu. Sjá *vébönd*.
- Hafa í** (orðtak) Hafa efni á; geta greitt. „Heldurðu að þú hafir nóg í þessa greiðslu, þegar þar að kemur“?
- Hafa í bakhöndinni** (orðtak) Hafa til vara; eiga kost á. „Ef ólendandi er á Gjögurum þó höfum við það alltént í bakhöndinni að fara í Patrekshöfn“.
- Hafa í bígerð / Vera með í bígerð** (orðtak) Ætlast fyrir; *hafa á þróunum; bigera*. „Ég hef það í bígerð að koma þessum bíl í ökufernt stand, en hef ekki enn komið því í verk“.
- Hafa í flimtingum** (orðtak) Skopast að; tala óvirðulega um. „Mér finnst ekki rétt að hafa þetta í flimtingum“.
- Hafa í frammi** (orðtak) Um hegðun/framkomu; *sýna af sér*; viðhafa. „Hann hafði í frammi hinn mesta dólghátt“.
- Hafa/eiga í fullu tré við (einhvern)** (orðtak) Vera jafnoki einhvers. „Hann hefur í fullu tré við flesta á hlaupum og er þolinn með afbrigðum“. Líklegt er að tré merki hér siglutré, en málfræðingar hafa ekki skýrt orðtakið svo vit sé í. E.t.v. er vísað til kappsiglingar; að maður treysti sér til að hafa öll segl uppi þegar sigld er kappsigling við einhvern.
- Hafa í för með sér** (orðtak) Þýða; bera með sér; hafa afleiðingar. „Þessi töf hafði það í för með sér að við lentum í myrkri áður en við komum með reksturinn heim“.
- Hafa gott af** (orðtak) A. Njóta/borða þannig að til bóta verði. „Þú hefur gott af að hreyfa þig aðeins“. B. Hafa gagn af. „Hann á leið á Patró í dag, og ég ætla að reyna að hafa gott af ferðinni“.
- Hafa í hávegum** (orðtak) Sýna virðingu; halda uppá; virða. „Skýr framburður hefur alltaf verið í hávegum hafður í Kollsvík, sem og önnur málvöndun“. „Var Ungmennafélagsóður Péturs á Stökkum hafður í hávegum innan Vonar, og sunginn við hátíðleg tækifæri“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Hafa í heiðri** (orðtak) Virða; meta mikils. „Það er öllum hollt að hafa þessa gömlu speki í heiðri“.
- Hafa í heitingum** (orðtak) Heitast við; heita því að hefna sín á einhverjum/ lumbrá á einhverjum.
- Hafa í huga** (orðtak) Hugsu til. „Formennirnir virtust hafa Kollsvíkina í huga...“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Hafðu mig í huga ef þú færð góðar grásleppur í næstu vitjun; ég myndi þiggja að fá eitthvað til *upphengingar*“.
- Hafa í minnum** (orðtak) Muna; segja sögur af. „Þetta atvik var lengi í minnum haft“.
- Hafa í mörg/ýmis horn að líta / Hafa í mörgu að snúast** (orðtak) Eiga annríkt; vera upptekinn; vasast í mörgu; hafa mörgum skyldum að sinna. „Ég hef haft í mörg horn að líta, og lítið getað sinnt þessu“.
- Hafa í ráði** (orðtak) Ráðgera; *hyggjast fyrir; ætla sér*. „Þeir höfðu það í ráði, síðast þegar ég vissi, að koma vestur með vorinu“.
- Hafa í seli** (orðtak) A. Eiginleg merking vísar til gamla seljabúskaparins sem löngu er aflagður. Á sumum bæjum nýttu menn kjarngott gras á svæði nokkuð frá bæ til að auka mjólkurframleiðslu kúa. Þar voru byggð

- íveru- og vinnsluhús og dvaldi vinnufólk þar að sumarlagi við mjaltir og úrvinnslu mjólkurafurða. B. Afleidd merking er að hafa aukalegan rekstur/útibú eða eiga hjákonu á öðrum bæ.
- Hafa í sig og á** (orðtak) Hafa nóg fæði og klæði. „Þetta var sífelldur barningur við að hafa í sig og á“.
- Hafa í takinu** (orðtak) Hafa tiltækt; nota. „Mér finnst gott að hafa fleiri en einn hníf í takinu“. „Það er aldeilis kvenhylli sem hann nýtur; bara með tvær í takinu núna“!
- Hafa (einhvern) í vasanum** (orðtak) Geta ráðskast með, ráða með einhvern. „Útgerðarmenn eru með ríkisstjórnina í vasanum“.
- Hafa ímugust á** (orðtak) Vera tortrygginn úti; vera í *nöp við*. „Ég hef alltaf haft ímugust á þessum undirlægjuhætti stjórnvalda við hernaðarbandalög“. Íma var annað orð yfir tröllskessu og gustur merkti hugsun. Tröllahugsun var því tæpast væntumþykja.
- Hafa lagið upp** (orðtak) Sæta lagi til landtöku; taka land á milli stórsjóa. „Gísli gamli kom æpandi á móti syni sínum og sagði: „Ja þetta áttir þú ekki að gera. Þú áttir að sigla; *halda á* að sigla. Þá hefðir þú haft lagið upp““ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Hafa lítið/mikið um sig** (orðtak) Láta lítið/mikið á sér bera; láta lítið/mikið fyrir sér fara; hafa litlar/miklar þarfir. „Hann hefur haft lítið um sig síðustur árin, miðað við athafnasemina áðurfyrr“. „Hún er nú ekki vön að hafa mikið um sig; alltaf jafn nægjusöm“.
- Hafa lúmskt gaman af** /orðtak) Þykja skemmtilegt/ánægjulegt en reyna að *láta ekki á því bera*. „Hann hafði lúmskt gaman af þessu, þó hann léti ekki mikið á því bera“.
- Hafa lyst á** (orðtak) Vilja borða; hafa löngun í. „Ég hef eiginlega ekki lyst á þessu grænfróðri“.
- Hafa löngun til** (orðtak) Vilja; langa til. „Ég hef enga löngun til að fara í svona snobbpartí“!
- Hafa (vera með) margt/ýmislegt í takinu** (orðtak) *Standa í mörgu* í samtímis; vinna að mörgu á sama tíma. „Hann hefur margt fyrir takinu þessa dagana“. „Ég er með ýmislegt í takinu núna og hef ekki tíma í þetta“.
- Hafa með að gera** (orðtak) A. Hafa þörf fyrir; geta notað. „Nei, þú hefur ekkert með flugbeittan hnífa að gera drengur; þú getur skorið þig“. B. Hafa umsjón með; sjá um; hafa á sínu verksviði; *eiga með*. „Ég held að ráðuneytið hafi eitthvað með þetta mál að gera“.
- Hafa með höndum** (orðtak) Hafa á hendi; sjá um; vera ábyrgur fyrir; hafa með að gera. „Hann hefur með höndum allt *reikningshald* fyrirtækisins“. *Sjá hafa á höndum og sigla fyrir lausu*.
- Hafa með að gera** (orðtak) Sjá um; hafa umráð yfir. „Talaðu við verkstjórnann; hann hefur með alla saltsölu að gera“.
- Hafa með í ráðum** (orðtak) Ráðfæra sig við; þiggja ráð frá. „Við skulum hafa hann með í ráðum um þetta“.
- Hafa með sér / Hafa meðferðis** (orðtak) A. Hafa meðferðis; taka með. „Mundu eftir að hafa skófluna með þér“. B. Hafa sér til hjálpar. „Beta er að hafa hann með sér en á móti“. „Við höfðum fallið með okkur“.
- Hafa meðalgöngu/milligöngu um** (orðtök) Vera í samskiptum varðandi; koma á tengslum; koma til leiðar. „Fyrir hans meðalgöngu komst ég í samband við réttan aðila“.
- Hafa meðbyr / Hafa vind í seglum** (orðtök) A. Í bókstaflegri merkingu um siglingu báts. B. Í líkingamáli um velgengni manneskju/málefnis.
- Hafa mikið undir** (orðtak) Hafa mikið *flatt* af heyi í einu; *slá* mikið *niður*. Slíkt var yfirleitt ekki gert áður fyrir nema í *rakinni norðanátt/einsýnum þurrki*, enda meiri vinna að ná saman heyi en síðar varð.
- Hafa mikið við** (orðtak) Leggja mikið í; gera glæsilegt. „Þú þarft ekki að hafa mikið við þó að ég komi“.
- Hafa munninn/kjaftinn fyrir neðan nefið** (orðtak) Vera lipur í máli/ létt um mál; vera vel fær um að svara fyrir sig. „Þetta er hin hressasta manneskja, og hefur munninn fyrir neðan nefið“.
- Hafa (miklar) mætur á** (orðtak) Meta mikils; þykja vænt um; vera kært. „Ég hef miklar mætur á þessum erfðagrip“. Gagnstætt er að „hafa litlar mætur á“; þ.e. bera enga virðingu fyrir; *hafa skömm á*.
- Hafa mörg járn í eldinum** (orðtak) A. Um járnsmíði; hita mörg smíðajárnsstykki samtímis í afli, þó annasamt verði að vinna þau. B. Líkingamál; vinna að mörgum verkefnum samtímis. „Össur á Láganúpi hafði mörg járn í eldinum. Auk fjár- og kúabúskapar og fiskiróðra stundaði hann grásleppuútgærd og hrognaverkun; var sýslunefndarmaður; sat á Fjórðungsþingi Vestfjarða og í stjórn Orkubús Vestfjarða; var í framboði til Alþingis; sat í stjórn Búnaðarfélagsins og fulltrúi á Búnaðarþingum og þingum Stéttarsambands bænda; sat í stjórn Sláturfélagsins Örlygs og var helsti skotmaður við haustslátrun; stundaði barnakennslu; var prófdómari o.fl.“.
- Hafa mörg orð um** (orðtak) Orðlengja; tala óþarflega mikið um; andmæla. „Hann var óhress með þetta og hafði mörg orð um“. „Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta; málið liggur ljóst fyrir“.

- Hafa nasasjón af** (orðtak) Hafa óljósa vitneskju um; verða áskynja um. „Hann fékk nasasjón af þessum áformum og lagði blátt bann við þeim“. Líking við að finna þef/lykt. Sjá *fá nasasjón af*.
- Hafa niðri** (orðtak) Hafa færi í sjó. „Við megum ekki draga allir í einu; einhver verður að hafa niðri þó komið sé á slóðann; annars *tekur undan*“.
- Hafa nokkuð/lítið/vit í kollinum** (orðtak) Vera gáfaður; sýna hugkvæmni. „Mér list ekki illa á þennan nýja sýsluskrifara; hann virðist hafa nokkuð í kollinum“.
- Hafa nokkuð til síns máls** (orðtak) Hafa töluverð rök fyrir sínu máli; hafa ekki alveg rangt fyrir sér. „Ég verð að játa að hann hefur nokkuð til síns máls í þessu efni“.
- Hafa nóg að bíta og brenna** (orðtak) Hafa nógan mat og geta haldið á sér hita. „Við höfðum alveg nóg að bíta og brenna í útilegunni“.
- Hafa nóg fyrir sig (að leggja)** (orðtak) Vera sjálfbjarga; komast af; geta lifað af.
- Hafa nóg með** (orðtak) *Eiga í fullu fangi með*; vera *fullhertur með*. „Hann gat ekki aðstoðað mig við þetta; hann hafði nóg með að sinna því sem *að honum snéri*“.
- Hafa nóg með sig** (orðtaltækni) Vera *fullhertur með* að koma sjálfum sér áfram. „Ég læt hann ekki bera neitt á brún; hann hefur nóg með sjálfan sig“.
- Hafa nóg á sinni könnu** (orðtak) Hafa mikið fyrir stafni; vera önnum kafinn.
- Hafa ofanaf fyrir** (orðtak) A. Vinna fyrir sér. „Hann hafði ofanaf fyrir sér með tilfallandi vinnu“. B. *Stytta stundir*; forða frá leiðindum. „Geturðu ekki haft ofanaf fyrir barninu smástund meðan ég skrepp frá“?
- Hafa orð á** (orðtak) Nefna; brydda uppá. „Vertu ekkert að hafa orð á þessu að fyrra bragði“.
- Hafa orð fyrir** (orðtak) Tala fyrir hönd; vera formælandi. „Hann hafði orð fyrir hópnum“.
- Hafa orð um** (orðtak) *Telja eftir*; draga úr; nöldra/tuða yfir. „Vertu nú ekki að hafa orð um þetta; þér er enginn verkunn að raka frá skurðunum eins og hinir strákarnir“!
- Hafa/fá pata af** (orðtak) Hafa fréttir af; *komast á snoðir um*; *heyra á skotspónum*; *heyra fleygt*; *heyra utan að sér*. „Einhvern pata hafði ég af þessum áformum“. Pati merkir eitthvað óljóst, sbr *pata*= benda ómarkvisst.
- Hafa rangt við** (orðtak) Svindla; beita óheiðarlegum aðferðum. „Ég spila ekki við þig ef þú hefur rangt við“!
- Hafa ráð á** (orðtak) Hafa efni á; geta greitt. „Þeir kaupa sér tækin sem hafa ráð á því“.
- Hafa/fá/gefast ráðrúm til** (orðtak) Gefast tími til; fá tíma til. „Ég hef ekki enn haft ráðrúm til að skrifa honum til baka“.
- Hafa/eiga ráð undir hverju rífi** (orðtak) Vera ráðagóður. Sjá *ráð er undir rífi hverju*.
- Hafa rétt/rangt fyrir sér** (orðtök) Hafa á réttu/röngu að standa. „Þú hefur sennilega rétt fyrir þér um þetta“.
„Ég skal lofa þér fallegustu lífgimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið).
- Hafa roð við (einhverjum)** (orðtak) Vera jafnoki einhvers; *standa í einhverjum*; *hafa við einhverjum*; geta *att kappi* við einvern. „Hann hafði ekkert roð við mér í kapphlaupinu“.
- Hafa rænu á** (orðtak) *Hafa hugsun á*; hugsa úti/fyrir. „Hafði virkilega enginn rænu á að muna eftir ífærinni“!
- Hafa/ vera með samviskubit / Hafa/ vera með vonda/slæma samvisku** (orðtak) Vera haldinn eftirsjá vegna misgjörða sinna. „Hann sagðist hafa dálítið samviskubit útaf þessu“.
- Hafa sans fyrir (einhverju)** (orðtak) Hafa áhuga á einhverju; *kunna að meta* eitthvað. „Ég hef engan sans fyrir þessum fjárans boltaleikjum“!
- Hafa (einhverntíma/ekki) séð það svartara** (orðtak) Hafa lent í verra veðri/ verri aðstæðum. „Við lentum þarna í ansi dimmu éli. En maður hefur svosem séð það svartara og samt *rammað á rétta leið*“.
- Hafa sér til afbötunar/afsökunar/málsbóta** (orðtak) Hafa þá afsökun; nota sem afsökun. „Hann getur ekki haft veðrið til afbötunar í þetta skiptið“. „Þetta klúðraðist allt hjá þeim, en þeir hafa það þó til afsökunar að þeir fengu litla sem enga tilsögn“. Sjá *afsökun*; *biðjast afsökunar*; *hafa afsakaðan*; *segja sér til afsökunar*.
- Hafa sér til blóra** (orðtak) Nota sem fyrirslátt/afsökun. „Hann missti kindurnar fram alla vík og hafði það svo sér til blóra að hinir hefðu ekki staðið fyrir á réttum stað“.
- Hafa sig (af stað)** (orðtak) Tygja sig til brottfarar: „Það er best að fara að hafa sig“.
- Hafa sig allan við** (orðtak) *Eiga fullt í fangi með*; vera *fullhertur með*. „Þeir ruddu heyinu svo skarpt inn í hlöðuna að ég mátti hafa mig allan við að jafna“.
- Hafa sig hægan** (orðtak) Stilla sig; *halda sig á mottunni*; sýna ekki ofstopa/yfiringang/reiði. „Ég bað hann að hafa sig hægan; ég skyldi útskýra þetta alltsaman“.

- Hafa sig í** (orðtak) Koma sér af stað í verk; hefja verk. „Nú þurfum við að fara að hafa okkur í þetta“.
- Hafa sig í burtu** (orðtak) Hverfa frá; snauta burt. „Hann skipaði þeim að hafa sig í burtu hið snarasta“.
- Hafa sig í frammi** (orðtak) Láta á sér bera; vera aðsópsmikill. „Hann hafði sig frekar lítið í frammi“.
- Hafa sig til** (orðtak) Gera sig tilbúinn, t.d. í ferð eða á samkomu. „Best að fara að hafa sig til“.
- Hafa sig upp** A. Standa upp. „Það er erfitt að hafa sig upp eftir lúrin“ B. Fara upp. „Farðu nú að hafa þig upp á loft í háttin drengur“! „Þá fer að koma að því að hafa sig upp á brún með egginn“.
- Hafa sinnu/sinningu á** (orðtak) Sinna; sýna áhuga; vinna að. „Mér finnst þú hafa heldur litla sinningu á náminu“.
- Hafa sitt á þurru** (orðtak) Gæta vel sinna hagsmuna; *láta ekki standa uppá sig*; vera skuldlaus við aðra; *hafa sitt hjá sér*. „Hans óreiða kemur mér ekki við; ég hef mitt á þurru“! Líking við veiðiskap. Gæri annarsvegjar vísað til þess að vera kominn með afla sinn í land, eða hinsvegjar til þess að fá hlut án þess að sækja sjó, t.d. bátshlut sem eigandi.
- Hafa sitt hjá sér** (orðtak) Bera ekki sín málefni á torg; segja ekki öðrum of mikið um málefni sem rétt er að geyma hjá sjálfum sér. Getur einnig merkt að vera fastur fyrir; láta ekki aðra hafa áhrif á sig.
- Hafa sína hentisemi** (orðtak) Fara sínar eigin leiðir; gera það sem viðkomandi hentar best. „Ég fékk að hafa mína hentisemi um flesta hluti, svo lengi sem árangur væri tryggður“.
- Hafa skal heil ráð hvaðan sem þau koma** (orðatiltæki) Sjálfsgagt er að nota góðar lausnir þó ekki hafi manni sjálfum dottið þær í hug.
- Hafa skal það heldur er sannara reynist** (orðatiltæki) Gömul speki sem oft er viðhöfð. Ari fróði Þorgilsson greip til þess varnagla í Íslendingabók sinni á þennan veg: „En er hvatki er missagt er missagt er í fræðum þessum þá er skylt að hafa það heldur er sannara reynist“.
- Hafa skal það sem hendi er næst og hugsa ekki um það sem ekki fæst** (orðatiltæki) Spakmælið vísar til þess að maður verði að bjargast við það sem er til staðar í stað þess að vonast eftir öðrum lausnum.
- Hafa skömm á** (orðtak) Fyrirlíta; líta niður á; virða lítils. „Ég hef alltaf skömm á þessum gúrkufjöndum“!
- Hafa slæma samvisku af/vegna** (orðtak) Líða illa vegna; hafa á samviskunni. „Ég hef dálítið slæma samvisku af því að láta þig fara einan í þessa ferð“.
- Hafa stjórn á sér** (orðtak) Ráða við sig; geta stjórnað tilfinningum/gerðum sínum.
- Hafa strauminn með sér** (orðtak) Róa í sömu átt og sjávarfallið liggur. „Ef búist var við að veður spilltist var þess jafnan gætt að róa í þá áttina að menn hefðu strauminn með sér í land. (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM).
- Hafa stutt í** (orðtak) Vera með stutt band í einhverju.
- Hafa svör á reiðum höndum** (orðtak) Vera tilbúinn með svör; svara greiðlega/strax; *láta ekki standa í sér*. „Hún var jafnan með svör á reiðum höndum við öllum okkar spurningum“.
- Hafa fréttir/spurnir af** (orðtak) Fá að vita um; fá fréttir af. „Ég hef ekki haft neinar spurnir af honum síðan“.
- Hafa strauminn með/móti sér** (orðtök) Sigla/róa með/móti sjávarfalli. „Það passar hjá okkur að fara að leggja af stað ef við ætlum að hafa strauminn með okkur fyrir Blakkinn“.
- Hafa tal af** (orðtak) Tala/ræða við; eiga orðaskipti við. „.... leist honum ekki sem best á veðri en vildi þó fara niður í Ver og hafa tal af félögum sínum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Hafa tangarhald á** (orðtak) Hafa þau ítök í/ lag á manneskju að gata stjórnað henni að vild. „Manni finnst stundum eins og þessar stofnanir hafi óeðlilegt tangarhald á ráðherrum“.
- Hafa taugar til** (orðtak) Vera hugleikið; þykja vænt um; *láta sér annt um*. „Margir hafa sterkar taugar til Kollsvíkur, og álíta þar með réttu sinn samastað og heimaland“. Sjá *römm er sú taug er rekka dregur...*
- Hafa taumhald á** (orðtak) Hafa undir stjórn; halda aftur af. „Fleygðu til mín landfestinni svo ég hafi eitthvað taumhald á bátnum meðan hann rennur í kerruna“.
- Hafa til (reiðu) / Hafa reiðubúið/tilbúið / Hafa klárt** (orðtak) Undirbúa; gera tilbúið. „Hafðu ífærana tilbúna“. „Mamma þurfti að hafa til mat og föt á hverjum degi til að senda sjómönnum í Verið“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Húsfreyja á Laganúpi hafði til mat, sem við snæddum í skyndi og héldum svo af stað“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Hafa til ábúðar** (orðtak) Búa á an þess að eiga. „Þau höfðu til íbúðar helming af loftinu, en áttu sér skemmu...“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).

- Hafa til að bera / Hafa (eitthvað/margt/ýmislegt) til brunns að bera** (orðtak) Hafa einhverja hæfileika/kosti/gæði; *hafa til síns ágætis*. „Hún hefur marga kosti til að bera, sem gagnast gætu í þessu starfi“. „Hann hafði margt til brunns að bera sem gagnaðist í þessu starfi“. Orðskyring óviss, en gæti annaðhvort vísað til viskubrunnsins í norræni goðafræði eða vísað til þess að sá sem sækir vatn í brunn þarf að hafa góð ílát.
- Hafa til mat** (orðtak) Elda; matreiða; *kokka*. „Nú ætla ég að skreppa heim og hafa til mat; þið komið þegar búið er að hirða“.
- Hafa til matar** (orðtak) Nota sem fæðu; hafa í mat; gera sér mat úr. „Átti hann að hafa grunað að eitthvað óhreint lægi á bakvið, og öruggast væri að eiga ekki neitt á hættu með því að hafa sauðinn til matar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Hafa til málanna að leggja** (orðtak) Hafa eitthvað að segja; *leggja (eitthvað) á hjarta*. „Mig langar að heryra hvort hann hefur eitthvað til málanna að leggja“.
- Hafa (sér) til saka unnið** (orðtak) Hafa *gert sig sekan um*; vera valdur að; *hafa á samviskunn*. „Ég var *sárasaklaus* að þessu og vissi ekki til að ég hefði neitt mér til saka unnið“.
- Hafa til siðs** (orðtak) Vera vanur; *hafa fyrir vana/venju*. „Afi hafði það til siðs á hverjum morgni, þegar hann vaknaði, að fara útá hlað og *skygnast til veðurs* og bregða sér um leið útfyrir húshornið og míga; oftast á föðurlandi og nærskyrtu einu fata“.
- Hafa til síns ágætis** (orðtak) Hafa þann kost; hafa það með sér; vera þeim kosti gæddur; *hafa til brunns að bera*.. „Hann hefur ýmislegt til síns ágætis“. „Vaðurinn hafði það til síns ágætis að vera léttur en sterkur“.
- Hafa til skiptanna** (orðtak) Hafa (meðferðis) hrein/þurr föt til að fara í ef íveruföt blotna/ verða skítug. „Ég held þú ættir að hafa með þér sokka til skiptanna“.
- Hafa tíma/ráðrúm til** (orðtak) Geta vegna tímaskorts. „Ég hef engan tíma til að gera þetta núna“.
- Hafa tímann fyrir sér** (orðtak) Vera forsjáll; gæta þess að hafa nægan tíma til framkvæmda. „Við erum kannski dálítið *snemma í því*, en mér finnst alltaf gott að haf tímann fyrir mér í svona langferðum“. „Fyrir merkir þarna „framundan“ og vísar til sjómanna máls.“
- Hafa nokkuð/mikið til síns máls** (orðtak) Hafa sterk rök fram að færa.
- Hafa tíma til** (orðtak) Hafa ráðrúm til vegna tíma. „Ég hafði ekki tíma til að klára allt verkið“.
- Hafa tromp á hendinni** (orðtak) Vera með betri úrræði en aðrir í viðureign; vita það sem aðrir vita ekki. „Mér finnst þú hafir þarna ansi gott tromp á hendinni“. Líking við spilamennsku. Sjá *spila út trompinu*.
- Hafa trú á** (orðtak) Vera sannfærður um; halda; telja. „Ég hef töluverða trú á að þetta sé framkvæmanlegt“.
- Hafa (bæði) tögl og hagldir** (orðtak) Ráða öllu; hafa fulla stjórn. „Hún hefur bæði tögl og hagldir á því heimili“. Líking við það að binda hey í bagga til flutnings á hestum, og einn maður sjái bæði um tögl og hagldir, en þægilegra þótti að tveir væru í því.
- Hafa tölu á** (orðtak) Vita hvað er margt; vita fjölda. „Hefurðu tölu á því hvað er af fé í dilknum?“
- Hafa um að segja** (orðtak) Hafa stjórn á; ráða; geta mótmælt. „Þeir ráðskast með þetta höfðingjarnir; við smælingjarnir höfum lítið um það að segja“.
- Hafa um hálsinn** (orðtak) Hafa trefil eða aðrar hlífar um hálsinn til að verjast kulda. „Hafðu nú um hálsinn“.
- Hafa um hönd** (orðtak) Vera með; nota. „Eitthvað mun vín hafa verið haft þar um hönd“.
- Hafa undan** (orðtak) Um vinnulag; hafa við; láta ekki standa á sér. „Hann var svo fljótur að hausa að við höfðum ekki undan að fletja“.
- Hafa (einvern) undir** (orðtak) Ná yfirtökunum í viðureign við einvern. „Það munaði ekki miklu að nautið hefði mig undir“.
- Hafa undir höndum** (orðtak) Vera með; hafa í sinni umsjá; búa yfir. „Flestir sem eignuðust dráttarvélar höfðu ekki haft neinskonar vélar undir höndum“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Hafa undirtökin** (orðtak) Hafa betri stöðu í viðureign. Komið úr leiknum *hryggspennu*. Sjá *undirtök*.
- Hafa upp** (orðtak) Þylja upp; endurtaka. „Hún hafði þetta orðrétt upp eftir honum“.
- Hafa uppá** (orðtak) Finna. „Svo voru húsakynni í Saurbæ rúmgóð, eins og fyrr segir, svo unga fólkið gat dregið sig nokkuð útúr eftir kaffidrykkju og jafnvel haft uppá grammófongarmi og dansað stundarkorn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Hafa uppá að hlaupa** (orðtak) Hafa til varúðar/vara; *eiga/hafa í bakhöndinni*. „Taktu nokkra króka með okkur í róðurinn, svo við höfum eitthvað uppá að hlaupa ef við missum slóða“.

- Hafa uppá (einhvern) að klaga** (orðtak) Hafa undan einhverjum að kvarta; geta fundið að. „Ég hef ekkert uppá hann að klaga; hann hefur reynt mér vel í alla staði“. Sjá *klaga uppá*.
- Hafa (lítið/ekkert) uppá sig** (orðtak) „Hafa tilgang. „Ég held að það hafi ekkert upp á sig að bölsótast þó vélin fari ekki í gang; það er bara til að skemmta skrattanum“. „Ég veit ekki hvað það hefur upp á sig að galta þetta“. Áhersla var gjarnan á „á“, einkum ef menn voru að bræða/hugleiða eitthvað, en á „ekkert“ ef sýnd var andstaða.
- Hafa uppá vasann** (orðtak) Um peninga/skjál; vera með, eiga. „Þeir höfðu uppá vasann bréf sem undirritað var af sýslumanni“. „Honum er betra að hafa eitthvað uppá vasann ef hann ætlar að kaupa bátinn“.
- Hafa uppi** (orðtak) Draga upp færi. „Það er komið töluvert rek. Ég held við höfum uppi og förum í land“ „Hann er á hjá mér. Skaka þú áfram meðan ég hef uppi“. „Við fengum skipun um að hafa uppi færin; það átti að kippa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Hafa uppi á (einhverju/m)** (orðtak) Finna eitthvað eftir leit. „Ég hafði loksins uppi á gleraugunum“.
- Hafa uppi áform um** (orðtak) Ætlast fyrir; segja frá áætlunum/áformum; *áforma*. „Hafði hann uppi einhver áform um róður í býtið“?
- Hafa uppi hverja dulu/tusku** (orðtak) Um siglingu; hafa öll segl uppi sem unnt er/ tiltæk eru.
- Hafa uppi kjaft / Hafa uppi stór orð / Hafa uppi stórheit** (orðtak) Gefa miklar yfirlýsingar; vera stóryrtur. „Þeir höfðu uppi stór orð um þetta í kosningabaráttunni, en það virðist nú alveg vera gleymt“. Sjá *uppi á einhverjum kjafturinn*.
- Hafa uppúr krafsinu/kroppinu / Hafa uppúr því** (orðtak) Hagnast af; hafa eftirtekju/ávinning. „Við flengdum um allan sjó og *reyndum*, en höfðum fremur lítið uppúr krafsinu“. Líking við það þegar fé krafsar snjó af jörð, til að ná í beit undir honum.
- Hafa uppúr sér** (orðtak) Vinna sér inn tekjur. „Maður hefur minna uppúr sér í þessari vinnu en hinni“.
- Hafa utaná sér / Hafa utanum sig / Hafa utanyfir sig** (orðtök) Vera í utanyfirfatnaði/úlpu. „Hafðu eitthvað utaná þér; það er þónokkuð kalt núna“. „Ertu ekki í neinu utanum þig? Það er ekkert vit í að vera að *glænast* svona“! „Habbdu nú eitthvað utanyfir þig ef þú ætlar að standa yfir fénu“! Mikið notað í Kollsvík til skamms tíma, en heyrst ekki í daglegu máli annarsstaðar.
- Hafa úr að spila** (orðtak) Eiga fé/peninga; vera efnaður. „Þau hafa líklega ekki úr miklu að spila“.
- Hafa úthald** (orðtak) Vera þolin. „Hann hefur alveg ótrúlegt úthald drengurinn; ég held að hann hljóti að vera alveg þindarlaus“!
- Hafa úti** (orðtak) A. Hafa árar úti; róa; andæfa. „Það er farið að *reka* dálítið á færin. Þú ættir kannski að hafa úti“. B. Hafa færi í sjó; skaka. „Ég ætla að draga upp; hafðu úti rétt á meðan svo við *missum* ekki *undan*“.
- Hafa úti alla króka / öll spjót** (orðtak) Neyta allar ráða til að ná í /fá framgengt; leita stíft eftir. „Ég hef haft úti öll spjót til að eignast þessa bók“. „Ég hef úti alla króka til að ná sér í hákarlslykkju“.
- Hafa útundan** (orðtak) Leyfa einhverjum ekki að vera með hópi í leik eða öðru. „Þið megið ekki hafa hann útundan þó hann sé dálítið yngri; þið getið öll leikið ykkur saman“. Nú er orðtakið að „leggja í einelti“ allsráðandi og mikið notað um það sama. Orðið „eineltisbarn“ er komið í stað *olnbogabarns*.
- Hafa útúr** (orðtak) Ná einhverju af einhverjum; láta einvern segja sér eitthvað. „Léstu hann hafa útúr þér bílinn fyrir þetta frálagsverð“?! „Ekki hafði ég það útúr honum hvaðan sagan er upprunnin“.
- Hafa (skilja) útundan** (orðtak) *Vía frá; setja hjá*; leggja í einelti. „Þið megið ekki hafa hann útundan í leiknum“.
- Hafa vaðið fyrir neðan sig** (orðtak) Vera varfærinn; gæta fyllsta öryggis. „Til að hafa vaðið fyrir neðan sig setti hann aukastag yfir bátinn“. Betra er að hafa grynningar neðanvið sig þegar farið er yfir straumharða á.
- Hafa vakandi auga með** (orðtak) Vera á verði gagnvart; *gefa* góðar *gætur*; fylgjast með. „Hann hafði vakandi auga með túnrollunum“. Sjá *hafa auga með*.
- Hafa vantrú á** (orðtak) Treysta ekki; hafa litla trú á; *vera vantrúaður á*. „Ég hef hálfgerða vantrú á þessu apparati“. „Hann hefur vantrú á að þetta lánist“.
- Hafa vara á sér / Hafa varann á** (orðtak) Sýna aðgát; gæta sín. „Ekki hef ég heyrt um slys í því sambandi, enda þekktu menn þessar aðstæður og höfðu varann á“ (SG; Náttúruhamfarir; Þjhd.Þjms). „Hér þarf að hafa varann á; hér er dálítið um laust grjót sem gæti skoppað af stað“. Sjá *hafa andvara á sér*.
- Hafa veðrið/vindinn í fangið** (orðtak) Ganga/snúa á móti vindi. „á heimleiðinni höfðum við veðrið í fangið og var *seinfarið* í *moldarbylnum*“.

- Hafa/fá veður af** (orðtak) A Eiginleg merking; Finna lykt af. „Ég gætti þess að læðast hlémegin við tófuna svo hún hefði ekki veður af mér“. B. Afleidd merking. Komast á snoðir um. „Þess var vandlega gætt að kennarinn fengi ekki veður af þessum bollaleggingum strákanna“.
- Hafa veg og vanda af (einhverju)** (orðtak) Sjá alfarið um eitthvað; annast eitthvað, þannig að maður beri af því erfiði og kostnað en njóti einnig heiðurs og annars afraksturs vegna þess.
- Hafa verkabýtti** (orðtak) *Býtta verkum* (sjá þar).
- Hafa verra af** (orðtak) Fá ráðningu; verða fyrir meiðingum. „Hann hótaði því að ef hann sæi þá aftur traðka niður sléttunnar sínar að þarflausu þá skyldu þeir hafa verra af“.
- Hafa við** (orðtak) A. Hafa fyrir; vera með tilstand/prjál. „Það er óþarfi að hafa mikið við þó svona pótintátar sé á ferð“. B. Geta fylgt eftir; fara jafn hratt. „Þú mátt ekki ganga hraðar en svo að strákurinn hafi við þér“. „Hann treysti mér ekki til að róa á móti sér; hélt að ég hefði ekki við sér, sem gat nú náttúrulega verið satt“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurvegi). C. Viðhafa; framkvæma; hafa fyrir venju/sið; *hafa yfir*. „Hann er farinn að hafa það við að koma alltof seint“. „Hann átti það til að hafa rangt við, ef honum gekk illa *spilamennskan*“. D. Um lendingu báts; hafa úti stjaka/ár afturí báti til að halda honum réttum í ölduna, eftir að stafn nemur við land. „Vertu tilbúinn með ár til að hafa við meðan við *berum af*“.
- Hafa við að athuga** (orðtak) Gera athugasemdir við; vera mótfallinn; *hafa á móti*. „
- Hafa við að vera** (orðtak) Hafa fyrir stafni; starfa við; föndra. „Mér finnst gott að hafa eitthvað við að vera“.
- Hafa við hendina** (orðtak) Hafa tiltækt; hafa nærri sér. „Hafðu ífæruna við hendina; ef þetta skyldi vera lúða“.
- Hafa við orð / Hafa á orði** (orðtök) Segja; nefna. „Hann hafði það við orð að koma í heimsókn fljótlega“.
- Hafa viðþol** (orðtak) Þola við; umbera; harka af sér. „Ég hef nú ekki viðþol lengur í þessari blíðu; kemurðu með í róður“?
- Hafa vit fyrir** (orðtak) Sýna einhverjum framá skynsamlegri leið/aðferð. „Nú ætlar hann enn að ana á sjóinn í slæmu veðurútliti. Ég ætla ekki að reyna að hafa vit fyrir honum í þetta skiptið“!
- Hafa von um** (orðtak) Vonast eftir. „Úr þessu hef ég litla von um að féð skili sér sjálft“.
- Hafa yfir** (orðtak) A. Um það þegar ær eða kýr er enn óborin, nokkru eftir eðlilega meðgöngu. „Búbót hlýtur að bera núna í stórstrauminn; hún er búin að hafa fimm daga yfir“. B. Þylja texta/tilvísun; endurtaka. „Vélarfjandinn fer ekkert frekar í gang þó eitthvað sé haft yfir úr manúalnum“. „Presturinn hafði yfir biblíutilvitnun“. C. *Hafa fyrir venju; hafa við; viðhafa*. „Þú verður að lóga hundinum ef hann fer að hafa það yfir að bita fê“!
- Hafa yfir (einhverjum) að segja** (orðtak) Ráða yfir/ stjórna einhverjum. „Sýslumaður hefur ekkert yfir okkur að segja í þessum efnum“!
- Hafa yfirhöndina** (orðtak) Vera með sigurlíkur; hafa betur. „Ég hafði yfirhöndina framanaf, en svo dró hann á mig. Við lukum netahreinsuninni á nánast sömu mínútu og sættumst á jafntefli“.
- Hafa ýmugust á** (orðtak) Vera smeykur/hræddur við; tortryggja. „Ég hef alltaf ýmugust á þessum dýjum og reyni að halda krökkunum frá þeim“.
- Hafa það** (orðtak) Vera svo. „Það verður bara að hafa það þó þetta hafi ekki lánast núna; ég reyni aftur síðar“.
- Hafa það af** (orðtak) A. Lifa af; komast af; sleppa lifandi. „Mér sýnist að lambið ætli að hafa það af“. B. Geta; koma í framkvæmd. „Ætlarðu ekki að hafa það af að klæða þig í dag strákur“?
- Hafa það fyrir satt** (orðtak) Telja rétt; trúa. „Hann sagði mér, og hafði það fyrir satt, að nágranninn væri að flytja búferlum með vorinu“.
- Hafa það skítt/slæmt** (orðtak) Vera við slæma heilsu; líða illa. „Ég hef það alls ekki slæmt þarna, en leiðist“.
- Hafa það við** (orðtak) Sýna þá viðhöfn/virðingu/kurteisi. „Ætlarðu ekki að hafa það við að skipta um föt áður en gestirnir koma“?
- Hafa þann hátt á** (orðtak) Gera/framkvæma þannig; viðhafa það vinnulag. „Hafði hann þann hátt á við að knýja það mál áfram, að hann bauð Vegagerð ríkisins lán frá Sparisjóðnum til að leggja í ákveðinn vegarþotta í einu, gegn veði í væntanlegum framlögum ríkissjóðs“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).
- Hafa þar/þangað að gera** (orðtak) Eiga erindi. „Þarna eru engin egg; þú hefur ekkert þangað að gera“.
- Hafa þá trú** (orðtak) Trúa; vonast eftir. „Ég hef þá trú að fljótlega verði aftur heilsársbúseta í Kollsvíkinni“.
- Hafa þunga bagga að bera** (orðtak) Líkingamál um það að hafa mikið um að hugsa; hafa miklar áhyggjur/sorgir; bera mikla ábyrgð.

- Hafa (allt) öðrum hnöppum að hneppa** (orðtak) Vera upptekinn við annað; vera í öðrum verkum. „Ég má ekkert vera að þessu; ég hef nógum öðrum hnöppum að hneppa“! „Hann sagðist hafa *alltöðrum* hnöppum að hneppa núna, en hann skyldi athuga þetta á morgun“.
- Hafa öll ráð í hendi sér / Hafa öll tök á** (orðtak) Vera í góðri aðstöðu til að ráða öllu; ráða örlögum. „Hann hafði öll okkar ráð í hendi sér“. „Hann hefur haft öll tök á að ljúka þessu, án þess að nýta þau“.
- Hafa öll spjót úti / Hafa öll útispijót** (orðtak) Reyna allar leiðir til að afla einhvers. „Ég hef haft öll spjót úti til að eignast þessa bók, en ennþá hefur það ekki tekist“. Líkingin er líklega við veiðiskap; hafa alla króka úti, og hefur spjót þá einhverntíma verið notað um öngul til fiskveiða.
- Hafald** (n, hk) Hluti á vefstól; lykkja sem uppistaðan festist í/ er dregin í. „Við krakkarnir réttum í haföldin og skeiðina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hafalda** (n, kvk) Alda hafsins. „Hafaldan hefur mótað hin margvíslegustu form í klappirnar“.
- Hafarí** (n, hk) *Vesen*; uppistand; *tilstand*. „Það kostaði mikið hafarí að ná kindunum aftur, sem sluppu“.
- Hafast** (s) Takast; lánast; nást. „Við þurfum að drífa okkur ef þetta á að hafast fyrir myrkur“. „Þetta er alveg að hafast, sýnist mér“.
- Hafast (ekki) að** (orðtak) Gera; starfa; framkvæma. „Ætlið þið bara að láta féð sleppa án þess að hafast að“?! „Hvað höfðingjarnir hafast að, / hinir meina sér leyfist það“ (Hallgr. Pétursson; Passíusálmar).
- Hafast/dragast orð uppúr** (orðtak) Fást til að tala. „Ekki hafðist orð uppúr honum um þetta“.
- Hafast (ekki) við** (orðtak) A. Dvelja; vera. „Útlaginn hafðist við í byrgi þarna í Miðmundahæðinni“. B. Þola; umbæra. „Verkurinn versnaði fljótt, svo ég hafðist varla við um tíma“. „Maður hefst ekki við í þessum *gaddkulda*“!
- Hafátt** (n, kvk) Vindátt af hafi. „Hafáttir í Kollsvík geta verið vestlægar og norðlægar áttir. Hörðustu veður gerir yfirleitt af norðri“. Sjá *landátt*.
- Hafdi** (s, þt) Dæmi um framburð Kollsvíkinga; þáttíð af sögninni „að hafa“. Ft höfðu. Þessi harði framburður var tamur fólki sem sumt lifði nærri út 20.öld (T.d: TÖ; viðtal á Ísmús 1978). GG á Láganúpi notaði enn harðari framburð; „habbdí“.
- Hafdýpi** (n, hk) Sjávardýpi; dýpi. „Þarna framundan Grænhólnum er *firnamikið* hafdýpi“.
- Hafðu mín orð fyrir því** (orðtak) Treystu mér. „Þetta gerðist nákvæmlega svona; hvað sem þeir segja sem ekki þekkjast til. Hafðu bara bín orð fyrir því“.
- Hafflötur** (n, kk) Yfirborð sjávar. „Blakkurinn speglaðist í lognkyrrum haffletinum. Gamla Rut er sett á flot í Kollsvíkurverri. Sólóvélin sett í gang og keyrt suður á Bæi“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Haffær** (l) Um skip. A. Haffær skip voru þau skip einungis nefnd áður sem voru hæf til úthafssiglinga; þ.e. gátu þolað flest sjólag. „Fyrsta haffæra skipið í Kollsvík var án efa skip Kolls landnámsmanns, samkvæmt Landnámu“. B. Á nútíma hefur komist á sú skilgreining að það skip sé haffært sem fengið hefur opinbert haffærnissskírteini. Þar með getur sérhver julla talist haffært skip, hafi hún hina opinberu stimpla.
- Hafgall** (n, hk) Geislabrot sem stundum sést við hafsbrún; líkt regnboga. „Hafgall kallast geisli mislitur við hafsbrún; ei ólíkur hálfprotnu tungli eða nokkuð áþekkur regnbogafæti; boðar langvinnt regn; að sögn bænda ei skemur en hálfan mánuð“ (BH; Atli).
- Hafgjóla / Hafgola / Hafkul** (n, kvk) Útræna; hægur vindur af hafi; getur orðið köld og e.t.v. lagt upp þoku.
- Hafís** (n, kk) Hafís hefur iðulega borist upp á Kollsvíkina og alveg suður undir Látraröst; síðast 1968. Af miklum fjölda flökkusteina frá Grænlandi sem liggja um allar fjörur má ætla að borgarís hafi verið algengur við ströndina, en þeir steinar hafa sennilega setið neðan í ísnum er hann bráðnaði. Sagnir eru um bjarndýr, t.d. það sem Bjarnargjá og Bjarnarnúpur heitir eftir. „Hafís kemur þráfaldlega, og eru hans afleiðingar vondar á skepnum og öllu veðurfari, kuldum og gróðurleysi“ (séra Gísli Ólafsson; Sóknarlýsingar 1840). „Hafís hefur lítið sést hér eftir því sem ég veit best nema smá mor á fjörur. Þó mun ís hafa orðið hér landfastur öðru hvoru fyrir síðustu aldamót. Reyndar segir bóndi minn að ísspöng hafi orðið landföst hér í Útvikum sennilega árið 1944 en á Rauðasandi held ég að ekki hafi komið hafís að landi sem sögur fara af“ (SG; Náttúruhamfarir; Þjhd.Þjms). „Og svo er það hafísinn, sem áður fyrr var nær árlegur en þó síður en svo aufúsgestur“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hafísár / Hafísvetur** (n, hk) „Árið 1967-68 má kalla síðasta hafísveturinn í Kollsvík, þó ekki hafi hann valdið usla. Þá kom síðast borgarís uppá víkina; ishrafí á fjörur og hafísspöng lá framundan Blakk, suður á röst“.
- Hafisfláki / Hafísspöng** (n, kk/kvk) Stór samfelld röst eða tunga af hafís. „Ofan af Jökuldalshæð mátti sjá skjannahvíta, endalaus hafisfláka til norðurs og norðvesturs, og hafísspöng sem teygði sig suður fyrir Blakk; að Látraröst. Ekki eru til heimildir um að ís hafi nokkrusinni komist suður fyrir hana“.

- Hafishröngl** (n, hk) Mikið af smáum hafsisjökum eða mulningi. „Árið 1968 lá hafisspöng suður með Vestfjörðum og sást vel norðvesturaf Blakk. Nokkuð stór borgarís sat um tíma botnfastur frammi á víkinni, og hafishröngl var um allar fjörur. Frá 4 m háum jökum niður í hnefastóra mola“.
- Haflægur** (l) Um vindátt; kemur af hafi; norðlægur eða vestlægur. „Hann heldur þokuruddanum uppað meðan hann er svona haflægur“.
- Hafna** (s) A. Neita; synja. „Svona boði er erfitt að hafna“. B. Um naut; *kelfa*; geta kálf með kú. „Ég fór með kúna til nautsins og mér sýndist að það hafnaði hana“.
- Hafnarbúi / Hafnarmaður** (n, kk) Manneskja sem býr í Örlygshöfn. Rauðasandshreppur skiptist í nokkur byggðasvæði eftir staðhættum (sjá *Rauðsendingur*) og er Örlygshöfn, eða Höfnin, eitt þeirra. „*Hafnarmenn sýrja ekki um þrísá*“.
- Hafnarfé** (n, hk) Sauðfé Hafnarbúa. „Það var óvanalega mikið um Hafnarfé í Breiðavíkurrétt núna“.
- Hafnarmark** (n, hk) Innsiglingarmerki; leiðarmerki. „Fjelagið (Vestri) hefir byggt hafnarmörk á Miðleiðinni í Kollsvík og hlaðið upp gömul hafnarmörk á svokallaðri Snorrallengu“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Hafnarmaður** (n, kk) Maður úr Örlygshöfn. „Er við omum á strandstaðinn voru þar nýkomnir þeir hafnarmenn er fyrir getur...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Hafnarmenn spyrja ekki um þrísá** (orðatiltæki) Ekki er vitað að fullu um uppruna orðatiltækisins, en það mun vísa til þess að í Örlygshöfn eru bújarðir sumar góðar og þar hafa löngum setið efnaðir menn á sinnar tíðar vísu. Sagt er að þetta sé andsvar *hafnarmanns* við uppsettu verði kaupmanns á Eyrum. Hvað sem uppruna liður, hefur þetta tilsvár orðið að orðatiltæki í Rauðasandshreppi. Er það gjarnan viðhaft þegar menn vilja sýna að verð sé ekki fyrirstaða í kaupum, eða þegar einhverjum blöskrar eyðslusemi annars.
- Hafnlaus** (l) Þar sem ekki er höfn. „Útvíkurar teljast hafnlausar, samkvæmt þeim kröfum sem nútíma útgerðarhættir gera. Fyrri tíðar útgerðarmenn settu lendingarskilyrðin þó síður fyrir sig en langræðið. Þeir einfaldlega lögðu sína báta og aðferðir að skilyrðunum og gerðu Útvíkurar að mestu verstöðvum sunnanverðra Vestfjarða. Enginn vafi leikur á að með nýrri útgerðartækni fá þær aftur sinn fyrri sess“.
- Hafnorðan** (ao) *Hánorðan*; vindur af norðri. „Hann hefur snúið sér og er núna alveg hafnorðan“.
- Hafnorður** (ao) Norðan. „Fram af Bjargtöngum, í hafsuður um útfall og í hafvestur um aðfall, gengur hin nafnkennda Látraröst“: Lýsing Ara Finnsonar í Saurbæ (MG; Látrabjarg). „Hann er enn við hafnorður“.
- Hafnryðingur** (n, kk) Norðan vindátt. „*Landnryðingur* (sunnanátt); *útsynningur* (suðvestanátt); *hafnryðingur* (norðanátt); *austnorðan* (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og *norðaustan* (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). „Fuglar hnípnir höfði drjúpa;/ húsin geyma fénað manna./ Hafnryðingur hvass og napur/ hleður og sundrar bólstrum fanna“ (EG; Þorradagur).
- Hafragrautur** (n, kk) Grautur af hafragrjónum, vatni og salti. „Hafragrautur var einn algengasti *spónamaturinn*, ásamt hrísgrjónagraut. Hafragrautur var oftast etinn með mjólk og súru slátri“.
- Hafrableytti** (n, hk) Réttur sem samanstendur af ósoðnum hafragrjónum, mjólk, rúsinum og lítilsháttar kanilsykri eða kakó. „Barnaskóli Rauðasandshrepps var rekinn í Kollsvík einn vetur, líklega 1968-1969, og nemendur voru sumir í vist á Láganúpi og aðrir í Kollsvík. Hafrableytti var í uppáhaldi sem morgunmatur sumra þeirra“.
- Hafrannsóknir** (n, kvk, fto) Rannsóknir á eiginleikum og hegðun sjávar og þess sem í sjónum er. „Ein grein sjávarrannsókna hófst fyrir tilstilli og hvatningu Kollsvíkings, VÖ skrásetjara; það eru rannsóknir á straumhraða nærri ströndum landsins; m.a. í þeim tilgangi að greina umfang og nýtingarmöguleika sjávarfallaorku við landið. VÖ beitti sér fyrir málinu meðal Alþingismanna; m.a. með því að leggja fram skýrslur sem sýndu líklegt umfang sjávarorku, byggða á rannsóknum í Írlandi og víðar. Í kjölfarið kom fram þingsályktunartillaga allra flokka á þingi, og vorið 2014 var hún samþykkt samhljóða. Valorka, þróunarfyrtæki VÖ, efndi einnig til samstarfs við Hafrannsóknastofnun, háskólana á Íslandi og Færeyjum, verkfræðifyrirtæki og fleiri um að hefja þessar rannsóknir þegar fé fengist til þeirra“.
- Hafraseyði** (n, hk) Seyði af hafragrjónum. „Hafraseyði þykir gott að gefa kúm og kindum við meltingartruflunum af ýmsu tagi. Einnig ef skepnur *missa jörtur*, t.d. vegna *votheysveiki*“.
- Hafravellingur** (n, kk) Annað heiti á hafragraut. „Mikið væri nú gott að fá hafravelling með slátri“.
- Hafrót** (n, hk) Stórsjór; rosi. „Það er hætt við að ekki lini þetta hafrót meðan hann hangir í norðanáttinni“.
- Hafræna** (n, kvk) Annað heiti á *adlögn*, lítið notað a.m.k. í seinni tíð.
- Hafsauga / Hafsbrún** (n, hk) Fjærst á sjó; við *sjóndeildarhring*. „Þú rærð ekki út í hafsauga á þessari kænu“.
- Hafsbotn** (n, kk) Sjávarbotn. „Þá er árans hnífurinn kominn hálf leið niður á hafsbotn“!

Hafsjór af fróðleik (orðtak) Mikið af fróðleik. Stundum notað um fróðan mann.

Hafskip (n, hk) Skip sem siglt getur um úthöf; millilandaskip. „Hann hefur að líkindum talið sig vera kominn á hafskip, miðað við litlu skektuna sína, því þessi bátur sem hann var á nú, var stórt fjögurra manna far“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurverji).

Hafskipaleið (n, kvk) Siglingaleið stórra skipa. „Eitthvað fer nú þessi grynna en venjulega hafskipaleið“.

Hafstraumur (n, kk) Straumur í hafi. Straumar á landgrunni úrtifyrir Kollsvík eru að mestu sjávarfallastraumar. Tvisvar á dag verður fjara og tvisvar flóð, en þó ríflega það. Jafnoft skiptir um stefnu sjávarfallastraumurinn, sem liggur meðfram ströndinni; norðurfall og suðurfall. Á milli verða *fallaskipti/snúningur/stans/brestur*. Norðurfallið er nokkru kröftugra en suðurfallið. Stórstraumur verður einusinni í hverjum tunglmánuði, en þá verður meiri munur flóðs og fjöru og straumur hraðari. Smástreymi verður þar á milli. Þar sem straumurinn fer fyrir annes og yfir grynningar herðir hann hraðann og verða þar rastir. Mesta röst við Ísland er Látraröstin. Hún verður gríðarlega öflug, einkum í norðurfalli þegar sjávarmassinn úr Breiðafirði spýtist vestur og norður fyrir Bjargtangana, og er þá varasöm skipum. Rastir myndast einnig við núpana, og er Blakknesröstin einnig varasöm stundum; einkum þegar samtímis er mikil bára. Sjávarfallstraumar hafa löngum ráðið miklu um sjósókn úr Kollsvík og öðrum Útvíkum. Einkum skipti það máli á tímum árabáta að hafa strauminn með sér við út- og heimróður, en einnig er veiði nokkuð háð því hvernig *stendur á falli* og hvernig *stendur á straumi*. Sjávarstrumar á Kollsvík hafa ekki verið mældir eða rannsakaðir. Sameiginleg afleiðing strauma og hafróts er hinn mikli skeljasandur á fjörum, sem einkennir Útvíkurar. Þó brimið sjái að mestu um að moka honum upp af sjávarbotni, benda ýmsar líkur til þess að straumar hafi mikil áhrif. Látraröstin spýtir eflaust miklum sandi úr Sandsbug vestur fyrir Tanga, auk þess sem framleiðsla á vikunum er nokkur. Líklegt er að frá hinni öflugu Látraröst liggja hringiður upp á hverja vik fyrir sig, og hafi þær áhrif á það hvernig sandurinn leggst á fjörur. Slík hringiða skýrir t.d. hið sífellda suðurfall á Seljavík, og líklega einnig sókn sands suðurmeð fjörunni í Kollsvík. Mikil orka býr í hafstraumum, og í Kollsvík kom fram fyrsta einkaleyfishæfa hugmyndin hérlendis að sjávarfallahverfli. Má ætla að í náinni framtíð verði hafin nýting á gríðarlegri orku þessara strauma, og að sú nýting verði. Þegar frá liður, mikilvægari en vatnsorka og jarðhitaorka sem nú eru nýtt hérlendis.

Haft / Haftband / Haftspotti A. Almenn um hindrun/fyrirstöðu. B. Snærisspotti sem notaður er til að *hefta* kýr meðan þær eru mjólkaðar. „Hafðu með þér nýjan haftspotta fram í Túnshala þegar þú ferðað að mjólka. Hinn er alveg ónýtur“. Fyrrum voru höft unnin úr togi.

Hafurkitti (n, hk) Sléttbakur; Íslandssléttbakur. „Í Málmei á Skagafirði rak 40 álna langan hval er menn nefndu hafurkitti (sléttbakur)“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Hafurtask (n,hk) Fylgífé; farangur; *farviður*; búslóð; *þjónkur*; *tjónkur*. „Ertu örugglega með allt þitt hafurtask fyrir ferðalagið“? Task og teski er að stofni til sama orðið og taska. Merkir því orðið farangur meðferðis.

Hafvilla (n, kvk) Villa á sjó. „Það lagði yfir slíka *gervingapoku* að við vorum nærri lentir í hafvillum“.

Hafþoka / Hafþokubakki (n, kvk/kk) Þoka sem liggur á sjónum en ekki á landi, eða er ekki komin inná land. „Það er rétt að hafa kompásinn við hendina ef hann skyldi slá þessum hafþokubakka eitthvað nær“.

Hafþök (n, hk, fto) Þakinn sjór; flotar. „Það eru hafþök af ís að sjá hér útaf Blakknum“. „Nú eru hafþök af marglyttu um allan sjó“.

Haförn (n, kk) Stórvaxinn fugl af haukaætt. Lifir í norðurhluta Evrópu og var algengur hérlendis fyrrum. Gengið var mjög nærri stofninum með veiðum fyrr á tíð, en örninn þykir skaðvaldur við búfé og varp. Staðfugl sem nú er algengastur kringum Breiðafjörð. Sést iðulega í Kollsvík. Fullvaxinn haförn er 70-90 cm langur og vænghafið 200-240 cm; þyngd um 5 kg; karlfuglar heldur smávaxnari.

Haga vel (orðtak) Henta vel. „Þú hefur þetta bara eins og þér hagar best“.

Haga/aka seglum eftir vindi (orðatiltæki) A. Bókstafleg merking. B. Haga gerðum og orðum eftir aðstæðum.

Haga sér skikkanlega/ eins og maður/ guðsbarnalega (orðtak) Sýna stillingu /mannasiði í framkomu. „Mundu nú að haga þér skikkanlega í messunni“. „Æi krakkar; getiði aldrei hagað ykkur guðsbarnalega“?

Haga svo til (orðtak) Stendur þannig af sér; liggur svo í málum; eru aðstæður með þeim hætti. „Þarna hagar svo til að sjór fellur í berg, en komast má ofan forvaðans eftir tæpum þræðingi“.

Hagabeit / Hagaganga (n, kvk) Beit/ágangur sauðfjár í úthaga. „Ég leyfði honum að koma með fáeinar kindur í hagabeit“. „Mikið af Láganúpsfé hafði jafnan hagagöngu í Breiðvík“.

Hagalagður (n, kk) Ullartjása sem ær hefur tapað í haga. Stundum, ef ull var í háu verði, fóru krakkar og tíndu haglagða í poka.

Hagalétt (l) Rýrir bithagar fyrir sauðfé; *léttir hagar*. „Þarna efst á hálendinu er fremur hagalétt“.

Haganlega (l) Vel; lipurlega; af lagni/útsjónarsemi. „Þegar að er gáð sést hversu haganleg steinhleðslan er“.

Hagar til (orðtak) Er málum háttað; er hlutum skipað. „Þannig hagaði til að Júlí var með þeim fyrstu til að ljúka dagsverki sínu og var þá fljótur til að komast út úr húsi og undir bert loft“ (PG; Veðmálið).

Hagaspakur (l) Hagvanur. „Brúnshóll dregur nafn af brúnum hesti sem þar var hagaspakur (ÁÓ o.fl; Örn.skrá Skápadals).

Hagatollur (n, kk) Gjald fyrir hagagöngu. „Ég tek ekki hagatoll þó hingað slæðist nokkrar rollur“.

Hagbönn (n, hk) *Jarðbönn*; engin hagabeit, oftast vegna þess að klakabrynja eða harður skari eða djúpur snjór liggur á jörðinn. „Það voru alger hagbönn á síðari hluta þorrans“. Algengara er að tala um *jarðbönn*.

Hagfæringur (n, kk) Lamb að hausti sem fært var frá móður sinni að vori, meðan fráfarur voru viðhafðar. Þessi lömb voru að jafnaði afurðaminni en þau sem *gengu undir*. „Gamalt mat var að kirkjan fengi 2 álnir fyrir bátsför í Bug, en margir formenn kusu heldur, eftir að lóðir fóru að tíðkast, að greiða hagfæringslamb andvirði fyrir afnot sín af Bugnum árn hvert...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hagga (s) Hreyfa við; *bifa*; færa örlítið/með erfiðismunum. „Þetta er svo þungt að þú haggar því ekki einn“. „Honum varð ekki haggað eftir að hann *beit* þetta í sig“.

Haglél (n, hk) Él með hagsljó. „Það gerði á okkur dynjandi haglél á miðri leið“.

Hagjörð (n, kvk) Beit; beitoland. „Það var oft ágæt hagjörð á Hnífunum, þó hagbönn væru víða í Vikinni“.

Hagl (n, hk) A. Hagsljór; hart hnöttótt snjókorn. B. Él með hagsljó. „Það gerði á okkur fjári gróft hagl á leiðinni“. C. Blýkúla sem notuð er í haglaskot. „Tyggðu máfinn varlega; það gætu leynst högl í honum“.

Haglaust (l) Engir bithagar; *hagbönn*. „Það var talið hér áður fyrir að þegar haglaust væri orðið í Parti á Rauðasandi og Krák í Sauðlauksdal væri haglaust í öllum Rauðasandshreppi“ (RÍ; Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal).

Hagldabrauð (n, hk) Kringla; brauð með sérstöku lagi. Nafnið hagldabrauð var sjaldnar notað en kringla, en það er líklega dregið af lögun kringlunnar, sem ekki er ólík höglum.

Hagldir (n, kvk, ft) Sjá högl.

Hagleiksmáður / Hagleikskona (n, kk) Mjög handlagin, listfeng og útsjónarsöm manneskja. „Sigríður á Láganúpi var mikil hagleikskona á öllum sviðum handverks. Fjölhæfari listamaður er varla unnt að hugsa sér. Hún teiknaði; málaði málverk með olíu, akril og vatnslitum; var eina manneskjan sem vitað er að hafi náð góðum tókum á því að mála á náttúrulegar hellur; hún skar út hina margvíslegustu smíðisgripi; hún vann í alabastur, gler og steinsteypu; og hún hafði einstakt auga fyrir því að nýta náttúruleg form í sín listaverk; hvort heldur það var núinn rekaviður; sandblásnar girðingarrengrur; hellur vaxnar skófum og mosa eða holugrjótt af Hnífum. Frumleiki, útsjónarsemi og glettni er í fyrirrími í hennar verkum, en einnig sterkar taugar til náttúrunnar, þjóðsagna og lífsbaráttu fyrri kynslóða. Hún hefur vart haft undan að inna eftir pöntunum, en algengt er að hún sé fengin til að mála tækifærismyndir eða gamla bæi á hellur, eða skrautrita skjöl. Sigríður var einnig mikil hannyrðakona, eins og móðir hennar; þrjónaði, heklaði, aumaði, flosaði, smíðaði og vann yfirleitt hvaðeina sem að höndum kom. Jafnvel eftir að hún lamaðist á fótum á efri árum hélt hún áfram sinni listsköpun, og er enn að (85 ára gömul árið 2015); alltaf með sömu bjartsýnina og jákvæðnina að leiðarljósi sem einkennt hefur hana alla tíð.

Hagleikssmíði (n, kvk) *Listavel* gert listaverk eða *nytjagripur*. „Þetta var hin mesta hagleikssmíði“.

Haglendi (n, hk) *Úthagi*; *bithagi* sauðfjár. „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróið“ (PG; Veðmálið).

Haglél (n, hk) Úrkomulota með hagsljó. „Við þurfum að setja féð inn; það *stendur í höm* í þessum hagléllum“.

Haglét / Haglítið (l) Lítið um hagabeit. „Ekki skil ég hvernig hún getur skilað svona vænum lömbum; að ganga á svona hagléttu landi“. „Þarna er skjólsælt, en afskaplega þurr og haglítið“.

Hagmælska (n, kvk) Skáldgáfa; það að vera *hagmæltur*. „Sérstaklega hafi Jóni (í Gröf, föður Einars í Kollsvík) verið við brugðið fyrir gáfur og mannkosti. Einnig hafi Jóni í Gröf verið talið til gildis glaðlyndi, spaug og lipur hagmælska“ (TÓ; Kollsvíkurrætt).

Hagmæltur (l) Á létt með að yrkja ljóð/kvæði. „Kollsvíkingar hafa löngum verið hagmæltir en engan veit ég þó lipurri í kveðskap nú á tímum en Guðbjart bróður minn“ (VÖ).

Hagræða seglum (orðtak) Lagfæra horf segla þannig að byr nýtist sem best; *haga seglum eftir vindi*. „... við Pétur kunnum hvorugur að fara með vél og getum ekki tveir hagrætt seglum eftir vindstöðu“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Hagsýni (n, kvk) Sú list að sjá raunhæfar leiðir/ávinning í viðfangsefnum. „Líklega hafa þeir komist næst í hagsýni sem náðu að lifa góðu lífi í afskekktustu byggðum landsins, jafnvel á tímum hallæris og þrenginga“.

Hagstætt/Óhagstætt (veður) (l) Lýsing á veðri til þeirra verka sem fyrir lágu. „Þarna var samankominn allstór hópur manna til aðstoðar við myndatökuna og átti að byrja að morgni ef veður yrði hagstætt. En veður var óhagstætt og versnaði þegar kom fram á daginn...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hagur (l) Um hagleiksmann/-konu; laginn; útsjónarsamur. „Sigríður á Láganúpi hefur þótt manna högust í höndum og útsjónarsöm í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur“ Einnig mikið notað; *dverghagur*.

Hagur (n, kk) Hagsmunir. „Stjórnin skal annast bókakaup og útlán bóka, og allan hag fjelagsins“ (Reglur Lestrarfjelagsins Bernskan í Rauðasandshreppi).

Hagvanur (l) Vanur á viðkomandi slóðum; kannast við sig. „Sú svarta er hagvön á Bjarginu“. „Maður var nokkuð hagvanur í Stóðunum á þessum árum“. „Ærnar leita þangað sem þær eru hagvanar“.

Hagyrðingur (n, kk) Sá sem á létt með að yrkja vísur og kvæði svo vel fari. „Mikið hefur verið um hagyrðinga í Kollsvíkurrætt, en flestir fara mjög *dult með* þá hæfileika“.

Haka niður (orðtak) Um bát; höggva niður í botn í báru og á grunnsævi. „Okkur hafði rekið svo grunnt á Láturdalinn að báturinn var farinn að haka niður“.

Hala (s) Draga; toga. „Við förum tveir upp og hölum upp egginn, en þú verður niðri og heldur við“.

Halaband (n, hk) Band til að halda hala kúnna uppúr skítum. Efri enda var fest yfir flórnum en sá neðri var bundinn í lykkju sem gerð var í *halaskúf* kúnna. Ganga þurfti vel frá lykkjunni til að hún gæfi ekki eftir. Stytt var í bandinu meðan mjólkað var, „halinn bundinn upp“, til að honum væri ekki slegið í andlit.

Halablökk (n, kvk) Blökk/skoruhjól/trissa með stuttum spotta áfestum. Þannig blökk er hluti af *fluglínutækjum* sem notuð eru til að bjarga mönnum úr strönduðu skipi í land. Raketu er þá skotið frá landi út í skipið, með áfestri grannri taug. Ut í skipið er dregin halablökk sem tildráttartaug gengur í gegnum. Blökkinni er fest hátt á skipið; þá geta menn í landi dregið björgunarstól fram og til baka á milli og bjargað skipverjum. „Ú Kollsvík höfðum við með okkur línubyssu, línur, eldflugur og halablökk“ (ÞJ; Sargon strandið; Arb.Barð 1949).

Halahár / Halaskúfur Hárbrúskur neðst á hala kúa. „Gakktu vel frá þegar þú benslar lykkju í halaskúfinn“.

Halaklippa (s) Klippa hala/skott af skepnu. Sjá einnig *stertstýfa*.

Halaklipptur (l) Um skepnu sem búið er að halaklippa. Oftast í líkingunni *eins og halaklipptur hundur*.

Halanegri (n, kk) Nokkuð notað skammaryrði um tíma. Lýsti þó enganvegin neinum fordómum á blökkumönnum. „Í hvaða moldarflagi varstu núna drengur? Þú ert eins og halanegri í framan“!

Halarófa (n, kvk) Margir einstaklingar í röð. „Þarna kemur fêð í halarófu niður Hjallana“.

Halasláttur (n, kk) *Sláttur*; stærilæti; *gustur*. „Það er heldur halasláttur á frúnni stórbóndans núna“!

Halasnælda (n, kvk) Áhald til að spinna þráð; mikið notað áður í tóvinnu. „Líka var halasnælda notuð talsvert mikið til að tvinna og þrinna á; einkum gróft band“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Halastjarna (n, kvk) Kómeta; loftsteinn sem kominn er úr loftsteinabeltum sólkerfisins innfyrir brautir reikistjarna. Frá jörðu séð er gjarnan langur lýsandi hali á eftir hnettinum. Meginbelti loftsteina eru tvö; Kuiper-beltið og Oort-skýið og liggja óralengt utanvið ystu reikistjörnurnar. Þar er safn grjóthnullunga og íshröngls sem álitíð er að sé afgangur frá myndun sólkerfisins. Af og til hrapar einn þessara hnullunga í átt til sólar, oftast á mjög sporöskjulaga braut sem í annan endan liggur all nærri sólinni. Hnullungurinn er oftast úr grjóti, ryki og ís og þegar hann kemur í aukna sólgeislun losnar um efniseindir sem eftir það fylgja hnettinum eftir sem hali; upplýstar af sólarljósinu. Sólvindurinn sér til þess að halinn vísar frá sólu, en frá jörðu séð getur hann legið til hliðar. Í fornöld var talið að þetta fyrirbæri væri tákn guða á himni; jafnvel lýsandi sverð sem boðaði ógn og skelfilega viðburði. Segir t.d. svo í Fitjaannál: „Sást ein skelfileg kómeta á náttþeli í Austurálfunni; að mynd sem eitt slagsverð. Sýndist taka frá himni og næsta ofan á jörð; sneri egginni mót Persía en oddinum til Konstantínópel; lit sem blóð. Um þann tíma sást einninn kómeta í Vesturálfunni“. Nú er meira vitað um halastjörnurnar og þar með að sumar þeirra birtast ítrekað með jöfnu millibili. Fyrstur til að reikna út slíka endurkomu var stjörnufræðingurinn Edmund Halley, en hann spáði því að halastjarna sem við hann er kennd myndi birtast jólnin 1758. Spá hans rættist, þó hann lifði ekki að sjá það sjálfur. Halleys-halastjarnan sást síðast frá jörðu 1986 og þá var unnt að rannsaka hana, t.d. með gervihnöttum. Halastjörnurnar eru lausar í sér en stærðin getur verið allt að tugum km. Halinn getur hinsvegar verið yfir milljón km að lengd.

Hald (n, hk) B. Tak; handfesta; handfang. „Ég er með gott hald á festinni“. „Halðið brotnaði af könnunni“. B. Það að halda föstu; handtaka. „Fanginn slapp úr haldi“. C. Stoð; gagn. „Mér sýnist fremur lítið hald í þessum spotta“. „Hann var henni *til halds* og *trausts* í þessum erfiðleikum“. D. Álit; ágiskun. „Það var hald mannað að báturinn hefði farist vegna offermis“. E. Styttning á skepnuhald. „Höld hafa verið fremur góð hjá mönnum þetta árið“. F. Sigstaður. Sjá hér á eftir.

Hald (n, hk) A. Sigstaður; eggja-/fuglsvæði. Orðið mun ekki hafa verið notað annarsstaðar á landinu í þessari merkingu. „Fyrsta haldið vestanfrá er Ritugjá...“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg). „Höld voru kallaðir staðirnir sem sigið var á“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs). B. Trú; álit. „Það var hald manna að ástandið hefði ekki verið eðlilegt“ (Guðrún Grímsdóttir um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg). C. Hald á bolla eða öðru áhaldi. D. Það sem heldur örugglega. „Mér sýnist orðið vafasamt hald í þessum gamla vað“? „Sláðu spottanum um nibbuna; hún er öruggt hald“.

Halda (n, kvk) Handfang. „Haldan losnaði af fötunni öðrumegin“. „Ég kann betur við bolla með höldu“.

Halda (s) A. Hafa tak á. „Viltu halda á þessu smástund fyrir mig“? B. Vera með; hafa hjá sér; láta ekki afhendi. „Það er ómetanlegt að halda heilsunni“. C. Hafa í sinni umsjá. „Það getur verið umhendis að halda hund í þéttbýli“. D. Fara; stefna; ganga; sigla; aka. „Þá var veðurútlit orðið mjög ískeygilegt. Ekki var það látið hafa áhrif, heldur haldið tafarlaust á Hrafseyrarheiði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Halda að (orðtak) A. Halda báti við bryggju/hlein/land. B. Um umbúnað/fatnað; styðja þétt við. „Umbúðirnir um fótbrotið þurfa að halda hæfilega þétt að fætinum“. C. Sýna sparnað/adhald. „Það þarf að halda þétt að buddunni þegar svona árar“. D. Bjóða ítrekað; hvetja til töku/neyslu. „Það er ekki gustuk að halda víni að mönnum sem eru veikir fyrir því“.

Halda að sér höndum (orðtak) Vera aðgerðalaus; sitja með hendur í skauti; *hafast ekki að*. „Eitthvað verður að gera; það þýðir ekki bara að sitja og halda að sér höndum“!

Halda að verði sitt síðasta (orðtak) Búast við endalokum/dauða. „Þá vissum við ekki okkar rjúkandi ráð og héldum að þetta yrði okkar síðasta“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Halda af (orðtak) Þykja vænt um; halda uppá. Dönsk sletta sem nokkuð var notuð framá 20. öld af sumum. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn... En Gísi Konráðsson segir ennfremur að lítill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Halda af stað (orðtak) Leggja af stað; byrja ferð. „Eftir hvíldina héldum við af stað aftur“. „Ákveðum við þá að halda þegar í stað í land og var nú haldið af stað með stefnu á Blakknestá“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Halda aftur af sér (orðtak) Stilla sig um; sitja á sér. „Stráknum þótti erfitt að halda aftur af sér með að gá strax í pakkann“.

Halda á (orðtak) Halda áfram; drífa sig. „Við verðum að halda á til að ná heim fyrir myrkur“. „Gísli gamli kom æpanði á móti syni sínum og sagði: „Ja þetta áttir þú ekki að gera. Þú áttir að sigla; halda á að sigla. Þá hefðir þú haft lagið upp““ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Það verður að halda á eins og kostur er, því birtutíminn er stuttur“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þannig var haldið á heim að Hænuvík“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Halda á loft / Halda á lofti (orðtak) Um málefni/sögu; halda í umræðu; láta berast. „Það er óþarfi að halda þessu bulli á loft“! „*Vísnaverð* var miklu meira haldið á lofti þegar ég var strákur...“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Halda á móti (orðtak) Um veður; þegar vindur úr einni átt hamlar því að hvesi úr annarri. T.d. þegar austanstæðan meginvind leggur annarsvegar norður fyrir Bjargtanga og hinsvegar suðurmeð Núpum; mætast á Kollsvík, þannig að þar verður hæglætisveður.

Halda (illa/vel) á spilunum (orðtak) Standa /illa/vel) að málum; haga málum (illa/vel). „Mér finnst að hann hafi haldið sérlega vel á spilunum í þessum málarekstri“.

Halda (vel) á spöðunum (orðtak) Halda vel áfram; duga; standa sig vel. „Þú mátt aldeilis halda á spöðunum ef þú ætlar að ná prófinu“. „Við verðum að halda vel á spöðunum til að ná heyinu saman fyrir rigninguna“. Spaði var spjald sem notað var við vefnað. Má vera að orðtakið vísi til þess; eða þá vinnu með *reku*.

Halda áfram (orðtak) A. Ganga í þá átt sem ætlað er. B. Halda sig að verki; stöðva ekki vinnu. „Við megum halda betur áfram ef þetta á að klárast í dag“.

Halda dauðahaldi í (orðtak) Vilja helst ekki sleppa. „Ég hélt dauðahaldi í hálsbandið og togaði, meðan þeir ýttu á kúna; sem að lokum náði að rífa sig upp á skurðbakkann“.

Halda ekki/varla vatni yfir (einhverju) (orðtak) *Sjá mega ekki/vart vatni halda*.

Halda fé til beitar (orðtak) Hafa fé á beit og standa hjá ef þurfa þykir. „Hann (GG) vildi halda fé til beitar og stóðum við stundum saman yfir fé að vetrinum í Vatnadalnum; á Hnífunum eða niðri við sjó þegar fjörubeit var“ (GÖ; minningabrot).

Halda fram (orðtak) Fullyrða; segja *fullum fetum*. „Það þýðir ekkert að halda fram svona kjaftæði“! Enn fastar er kveðið að með orðtakinu „halda blákalt fram“; sem er að fullyrða án nokkurs vafa.

- Halda framhjá** (orðtak) Vera ótrúr (maka sínum). „Gísli Konráðsson segir að Guðrún hafi þótt stórlynd, en mikilhæf í mörgu og Einari hafi farið vel við hana þótt jafnan héldi hann framhjá henni, eins og Gísli orðar það“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Halda frá** (orðtak) A. Halda einhverju í burtu frá öðru. „Það þarf að halda kúnum frá flekknum þegar þær eru reknaðar í girðinguna“. „Ég setti upp fuglahræðu til að halda varginum frá“. B. Halda neðanfrá í spotta þegar t.d. eggjafata er dregin upp kletta, til að varna því að hún slái út bergið svo eggin brotni“.
- Halda (einhverjum) frá verki** (orðtak) Koma í veg fyrir að eðlilega sé unnið. „Jæja, ég ætla að fara að *koma mér*; það gengur ekki að halda þér lengur frá verki“!
- Halda friðinn** (orðtak) Valda ekki ófriði; efna ekki til illinda. „Reyniði nú að halda friðinn drengir“!
- Halda haus** (orðtak) Geta reist upp höfuðið þrátt fyrir veikindi/syfu/þreytu. „Kýrin er að hressast af doðanum; hún er farin að halda haus“. „Ég var svo þreyttur að ég hélt ekki haus“.
- Halda hátíð / Halda heilagt** (orðtak) Taka sér frí frá vinnu/róðrum. „Við höldum heilagt á morgun ef spáin gengur eftir“.
- Halda holdum** (orðtak) *Leggja ekki af*; horast/megrast/grennast ekki. „Forðagæslumönnum fannst merkilegt hvað féð hafði haldið holdum um veturinn“. „Réttu mér nú eina feita hangiketssneið í viðbót, svo ég haldi holdum“! Sjá *tapa holdum*.
- Halda hús / Halda heimili** (orðtak) Sjá um heimili; vera með í heimili. „Í Bakkahúsinu bjó einnig Steinn Bjarnason. Hann hélt hús með móður þeirra bræðra“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Halda hlífiskildi yfir** (orðtak) Hlífa; vernda; vægja. „Ekki skil ég hversvegna þið viljið halda hlífiskildi yfir þeim sem raunverulega á sökina“! Vísar til þess í orrustu að maður verji fallinn/særðan féлага sinn með því að bregða skildi yfir hann, gegn atlögu andstæðinganna. Stundum orðað þannig; „halda skildi fyrir (einhverjum)“, eða „bera skjöld fyrir (einhvern)“.
- Halda hvorki vatni né vindi** (orðtak) Vera illa þéttur. „Húsið er nú orðið svo gisið að það heldur hvorki vatni né vindi“. Einnig var notað orðtakið að „halda hvorki veðrum né vindi“ í sömu merkingu.
- Halda höfði** (orðtak) A. Halda reisu/virðingu; halda lífi. „Skyldi ríkisstjórnin halda höfðinu í þessu máli“? B. Vera hress; geta reist höfuð vegna lasleika. „Ég held að það verði að *drepa* þessa *votheysveikiskind útaf*; hún heldur ekki höfði og er alveg hætt að geta étíð“.
- Halda (fé) inni** (orðtak) Hleypa fé ekki úr úr húsum; hafa fé á innistöðu, t.d. vegna óveðurs. „Skoðun fór engin fram hjá Ólafi Ólafssyni í Krókshúsum. Hann vissi að skoðunarmaður væri á leið frá Naustabrekku en vildi ekki halda fé inni vegna þess að langt væri liðið á dag, en klukkan var 10 f.h. er þeir skildu. Ekki vildi Ólafur heldur ná í féð, sem ekki var langt í burtu. Hafði hann heldur ósæmileg orð um skoðunarmann“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).
- Halda í** (orðtak) Oftast notað um það að halda í kind meðan hún var rúin, hjálpað við burð, linað í júgri eða þ.h. Var þá haldið í horn á myndri kind en í *vangaull* og snoppu á kollóttri. Einnig við netaveiðar, þegar betra var að annar héldi í netið á móti hinum sem leysti netahnút. „Haltu í“.
- Halda í áttina** (orðtak) *Halda/leggja af stað*; *koma sér*. „Ætli það sé ekki rétt að fara að halda í áttina ef maður ætlar að komast þetta fyrir myrkur“.
- Halda í hnapp** (orðtak) Um fjárrag; halda fé í þéttum hóp, í stað þess að láta það dreifa sér. „Við skulum reyna að halda því í hnapp þar til þeir koma með reksturinn úr Fjarðarhorninu“.
- Halda í horfinu** (orðtak) A. Halda stefnu báts rétt; láta stefni báts horfa í það mið sem vera skal. „Var þetta *sullsamast* fyrir seinasta manninn því þá var enginn í landi til að halda vaðnum í horfinu“. Frásögn DE (MG; Látrabjarg). Horf er annað orð yfir stefnu á sjó. „Sá sem stýrir á aldrei að líta til baka; hann má láta vara sig við, en einbeita sér að því að halda í réttu horfi“, (ÁE; Ljós við Látraröst). „Nú þótt æði skaðvæn ský/ skatnar hræðumst eigi! Höldum bræður horfi í/ hugar glæðum viðbrögð ný“ (JR; Rósarímur). Sjá *komast í gott horf*. B. Líkingamál um stefnu, t.d. í rekstri fyrirtækis; vera á *réttu róli*.
- Halda í skefjum** (orðtak) Halda innan takmarka. „Illa gengur þeim að halda verðbólgunni í skefjum“. *Skefjar* merkir takmörk í þessu tilliti, en gat fyrrum merkt útslægjur eða lélegt slægjuland. Hugsanlega hefur orðtakið upphaflega merkt að halda búsmala til beitar á grónu svæði; og þá sama og *halda til haga*.
- Halda í skottið** (orðtak) Halda aftur af; gæta. „Haltu í skottið á honum bróður þínum svo hann fari sér ekki að voða“.
- Halda í við** (orðtak) Hafa við. „Í vesturfalli heldur hraustur ræðari varla í við fallið undir Bjarginu“.
- Halda jól / Halda uppá jólin** (orðtak) Halda jólin hátíðleg. „Klukkan 6 á aðfangadag jóla komumst við heim og gátum haldið jólin heima“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

- Halda kú undir naut** (orðtak) Láta kú eðla sig með nauti. Mikilvægt er að kúr fái fang á réttum tíma. Fyrir daga tæknisæðinga var nauðsynlegt að koma beiðandi kú til nauts. Sumsstaðar lögðu menn á sing langar ferðir í þeim tilgangi, þar sem naut var ekki á bænum. Ekki var óalgengt að í Rauðasandshreppi færu menn um fjallvegi, teymandi sína kú. Oftast mun hafa verið naut í Kollsvíkinni, a.m.k. á síðari tímum. Ýmis þjóðráð kunnu sumir til að tryggja sem best að kúin héldi. Eitt þeirra var að yta þéttingsfast ofan á hrygg kýrinnar þegar nautið hafnaði hana, en betra var talið að bíta ofan í hrygginn þó ekki væri það viðhaft í seinni tíð. Sagt var tryggara að halda kú undir naut á aðfalli en á útfalli. Sjá *halda til*.
- Halda kyrru fyrir** (orðtak) Vera kyrr; leggja ekki af stað í slæmu veðurútliti. „Sigurður sagðist ekki fara niður í bjarg meðan blautt væri. Við héldum því kyrru fyrir til kvölds“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Halda nafni á lofti** (orðtak) Tryggja einhverjum frægð; hrósa/mæra opinberlega í langan tíma. „Landnáma hefur haldið nöfnum fyrstu landnemanna á lofti um aldir. Nú bendir ýmislegt til að nöfnin séu í einhverjum tilvikum tilbúningur, sem eigi uppruna í nafngift þessara sömu landnema á landi sínu“.
- Halda niðri** (orðtak) Oftast notað sérstætt um það að stilla sig um að æla. „Ég held honum sé að versna; hann heldur engu niðri af matnum“.
- Halda opnu** (orðtak) Hafa opna hurðargátt. „Vertu nú ekki að halda opnu og kæla niður húsið drengur“!
- Halda réttu** (orðtak) Um bát/skip; halda rétttri stefnu; halda upp í báruna; snúa stafni til sjávar í lendingu. „Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft handfestu á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í lendingu meðan borið var af (borið frá borði)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Halda ræðu** (orðtak) Flytja ræðu/ávarp; segja yfir hóp í nokkru máli. „Þetta þekkjast allir viðstaddir; það er óþarfi að halda langar ræður um það“.
- Halda (einhverjum) selskap** (orðtak) Halda uppi samræðum; vera hjá. „Ég heimsótti hann oft til að halda honum selskap“.
- Halda sér að verki** (orðtak) Hugsa um vinnu/verk sem vinna þarf. „Ætli maður verði ekki að fara að halda sér að verki, ef þetta á að klárast í dag“.
- Halda sér saman** (orðtak) Þegja. „Ég held þeim væri nær að halda sér saman en bulla þvílíka þvælu“!
- Halda sér uppúr skítum** (orðtak) Halda sér þrifalegum; ástunda þrifnað. „Hún (Ingveldur) sagði einusinni: „Það er ég viss um að Ingvar lærir aldrei að halda sér uppúr skítum. Það er munur en hann Össur; það sér aldrei á honum“! “ (IG; Æskuminningar).
- Halda sér við á árum** (orðtak) Andæfa með árum. „Samúel varð því að halda sér við á bátum á árum...“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík).
- Halda sig að (verki)** (orðtak) Vera að einhverju verki; halda áfram; halda einbeitingu. „Haltu þig að matnum, stubbur minn“. „Það þurfti að halda sig vel að þessu...“ (TÖ; upptaka á Íslmús 1978).
- Halda sig á mottunni** (orðtak) *Hafa sig hægan*; vera *til friðs*. „Ætli maður reyni ekki að halda sig á mottunni, þó mig dauðlangi að leggja þarna orð í belg“.
- Halda sig heima / Halda sig innvið/inni / Halda sig í húsi / Halda sig um kjurrt/kyrrt** (orðtök) Fara ekki að heiman/ í ferðalag. „Ég er enn með bölvada *lumbru*, svo ég ákvað bara að halda mig um kjurrt í dag“.
- Halda sig til** (orðtak) Gera sig fínan; snyrta sig; *klæða sig uppá*. „Mér sýnist að hann sé farinn að halda sig meira til í seinni tíð. Það er kannski einhver kvenmaður í spilunum“.
- Halda sig til hlés** (orðtak) Láta ekki mikið fara fyrir sér; trana sér ekki fram. Komið úr sjómennsku og á upprunalega við það að vera hlémegin/ leita vars í slæmu veðri.
- Halda sínu striki** (orðtak) Gera eins og ætlað er; láta ekki utanaðkomandi hafa áhrif; hvika ekki. „Ætli maður haldi ekki bara sínu striki, þó einhverjir aðrir láti stjórna sér eins og strengjabrúðum“. Dregið af stefnu skips, og þá vísað til striks á áttavita. Sjá *strik*.
- Halda strikinu** (orðtak) Halda óbreyttri stefnu; halda sínu striki; halda áfram. „Kindurnar hrukku af stað þegar ég hóaði og héldu síðan strikinu alla leið norðurundir Hjallagötur“.
- Halda sjó** (orðtak) Um siglingu skips; vera á sjó í slæmu veðri, ekki á siglingu heldur kyrrstætt og ver sig sjóum og veðri. Er þá leitast við að snúa stefni uppí sjóina.
- Halda spart á** (orðtak) *Fara spart með*; spara; vera aðhaldssamur. „Þetta dugir ef þú heldur spart á“.
- Halda (fullum) sönsum** (orðtak) Hugsa rökrétt; vera með fullu viti. „Hættið nú þessum *déskotans* hávaða strákar; maður heldur varla fullum sönsum ef þetta heldur svona áfram“!
- Halda til** (orðtak) A. Vera lengi á sama stað eða við sama starf. „Þú kemur seint heim; ég var farinn að halda að þú ætlaðir bara að halda til við sláttinn“. „Á Hústöftarbökkum undan miðri Lambahlíð er sagt að maður

hélldi til við fé“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs). „...við flýttum okkur eins og við gátum, að koma matnum fyrir inni í verbúðinni sem pabbi og tveir eldri bræður okkar, Einar og Dóri, héldu til í á meðan róðrar stóðu yfir“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Almennt var álitid að sauðamaðurinn hefði haldið of lengi til með sauðina í fjöru, og orðið þar til við að reyna að bjarga þeim upp á ísmóð“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. *Halda kú undir naut; leiða kú undir naut.* „Ef nautlaust var í vikinni þurfti að leiða beiðandi kú yfir fjallveg til að halda henni til nauts“. C. *Halda uppá; halda hátíðlegt.* „Mér finnst óþarfi að halda til afmælis, nema um stórafmæli sé að ræða“. Sjá *tilhald*.

Halda (fé) til beitar (orðtak) *Halda (fé) til haga; gæta fjár meðan það er á beit, svo það rási ekki burt/heim.*

Halda til dagsins (orðtak) Vera við vinnu langt fram á kvöld. „Nú ljókkar hann með síðdegisflæðinni; ég er hræddur um að við megum halda til dagsins við að raka upp“.

Halda til góða (orðtak) Geyma; virða; þakka fyrir. „Vertu ekki að þakka þetta lítilræði; haltu bara til haga/góða“. Sjá *eiga til góða*.

Halda (einhverju) til haga (orðtak) A. *Halda fé til beitar.* „Venja var í Kollsvík að halda fé til haga“. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess; þeim til heilsubótar en okkur til gagns og gamans. Varast þó slagviðri mikil; frost og snögga veðurbreytingu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930). B. Afleidd merking; *halda til góða; geyma; halda til streitu.* „Þú ættir að halda þessu til haga; það gæti notast *síðarmeir*“. „Ekki hélt Benedikt máli þessu til haga“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Halda til lands (orðtak) Fara í land úr róðri. „Þó var haldið áfram að draga uns komið var allnærri niðurstöðu að stjóra. Þá var línunni sleppt og því nær ávallt haldið til lands“ (KJK; Kollsvíkurver).

Halda (bát/skipi) til sjóar (orðtak) Stunda róðra á bát/skipi; vera ötull við róðra. „Mér finnst nú til skammar, með svona vandaðan og dýran bát; að halda honum ekki til sjóar“.

Halda (einhverju) til streitu (orðtak) Verja til þrautar; gefa sig ekki; halda fram af einurð; *hanga eins og hundur á roði.* „Það þýðir ekkert hjá þér að halda þessu til streitu lengur“.

Halda trúnað (orðtak) Þegja yfir því sem manni er trúað fyrir; segja ekki frá leyndarmálum; halda tryggð við. „Honum gekk illa að *halda trúnað* um þessi viðskipti“.

Halda tryggð við (orðtak) Sýna einhverju/einhverjum væntumþykju/trúnað; vera hændur að.

Halda undan (orðtak) Fara/sigla undan vindi. „Rutt var mestu af saltinu og haldið undan, því ekki voru tiltök að halda áfram á móti veðri“ ... „Ekki var rætt um siglingu, en haldið undan á árum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Halda undan / Slá undan (orðtök) Fara undan vindátt/sjóum; fara í sömu átt og blæs/ brýtur úr báru. „Það var ekkert annað að gera en halda undan og *leita skjóls* meðan élið gekk yfir“. „Helvíti er hann *úfinn* hér suðureftir vikunum; við verðum bara að slá undan og bíða með að draga á Breiðavíkinni“.

Halda undir (orðtak) A. Hafa tak á einhverju og létta þannig á byrði/þunga. B. Leiða kú undir naut til fangs. „Búkollu var haldið undir nautið um jónsmessuna“.

Halda uppá (orðtak) A. Varðveita; halda til haga. „Ætlarðu að halda lengur uppá þessa skyrtu; hún er held ég búin að þjóna sínu helsta hlutverki“. B. Þykja sérstaklega vænt um. „Hún hélt mikið upp á mig og sá um öll fót á mig fram yfir fermingu“ (IG; Æskuminningar). C. Gera dagamun; halda til; halda veislu af einhverju sérstöku tilefni, s.s. afmæli.

Halda uppi (orðtak) A. Oft notað um það að halda strengjum gaddavírsgirðingar meðan annar smeygir sér í gegn. B. Halda uppteknum. „Þeir héldu honum uppi á kjaftæði langt fram á nótt“. C. Hafa til reiðu; ástunda. „Hann hélt uppi hörðum vörnum í málinu, en varð þó að láta í minni pokann að lokum“.

Halda uppi á kjaftæði/ kjaftasnakki (orðtak) Halda uppteknum/ frá verkum með málæði. „Hann hélt þeim uppi á endalausum kjaftæði“

Halda uppi vörnum fyrir (einhvern/eitthvað) (orðtak) Verja einhvern/eitthvað; *taka svári* einhvers.

Halda/keyra uppi (orðtak) Um siglingu báts; stefna báti upp í öldu/vindátt. „Haltu honum uppi þegar ég er búinn að ná baujunni“. „Við skulum keyra hæga ferð uppi meðan gert er klárt“.

Halda uppteknum hætti (orðtak) Gera eins og áður hefur verið gert; vera eins og verið hefur.

Halda (einhverjum) uppúr skítinum (orðtak) Forða einhverjum frá því slæmum lifnaði/örlögum.

Halda utanað (orðtak) Gæta fjárhóps þannig að engin kind sleppi. „Haldiði þétt utanað fénu meðan það er að renna inn í dilkin“.

Halda út (orðtak) A. Halda poka opnum meðan annar treður í hann, t.d. ull. „Haltu út meðan ég treð í“. B. Þola; þrauka. „Við ræddum þá um hvort öll þessi leið upp á bjargbrúnina borgaði sig, og ákváðum að halda

út nóttina í Bjarginu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). C. Halda í sundur strengjum á gaddavírsgirðingu, svo annar geti skriðið í gegn. Þetta var oft gert fyrir börn, sem ekki náðu að *klofa* yfir. Þá var fæti stigið á streng neðarlega í girðingunni og næsta streng fyrir ofan lyft upp, svo bil myndaðist.

Halda vel á sér (orðtak) Um kú; halda sér í hárrí nyt þó langt sé frá burði eða fôður sé farið að versna.

Halda vel á spöðunum (orðtak) Halda vel áfram; slaka ekki á í dugnaði. „Við megum halda vel á spöðunum ef við eigum að klára þetta fyrir kvöldið“. Líking við það að moka með skóflum (spöðum).

Halda velli (orðtak) Verja það sem maður hefur; halda heilsu/lífi/starfi/stöðu. „Furðulegt er hvað þessari ríkisstjórn tekst að halda velli“. Vísar til þess að halda landi sem unnist hefur.

Halda verndarhendi/hlífiskildi yfir (orðtak) Vernda; gæta; verja.

Halda við (orðtak) A. *Sitja að* vað. Mikið notað í bjargferðum, einkum þegar farið var í *lás*. Einn fer þá niður *lásbandið* meðan aðrir halda við; halda utan um vaðinn uppi á brúninni. Aftasti maður bregður þá vanalega vaðnum um mittið og heldur um tvöfalt fyrir framan sig. Mikilvægt er að *viðhaldsmenn* komi sér vel fyrir í *aðsetunni*, t.d. með því að ná góðri viðspyrnu. Ef lásinn er léttur og bjargmaður vanur getur einn dugað í aðsetu. „Þá var stundum *sigið* í Hjöllunum af þeim sem því þorðu, en ég var notaður til að halda við bandið“ (IG; Æskuminningar). B. Halda bát stöðugum/réttum í lendingu, meðan t.d. er borið af. C. Endurnýja það sem aflaga fer í eign/smíðisgrip eða öðru. „Það kostar sitt að halda við öllum húsakostinum“. „... þess vegna er áriðandi að afar, ömmur og þeir sem eldri eru haldi vísnagerðinni við hjá þeim sem eru yngri“ (MH; Mbl 04.01.2017). D. Um samband manns og konu. „Þeir segja að nú sé hann farinn að halda við vinnukonuna“.

Halda við brjálsemi (orðtak) Vera orðinn nærri brjálaður/vitskertur. „Það er stundum eins og þessum mönnum haldi við brjálsemi; að þeim sé bara ekki *sjálfrátt*“.

Halda við rúm/bæli (orðtak) Vera rúmliggjandi, eða því sem næst, vegna veikinda/slappleika. „Ég var virkilega slæmur af pestarskrattanum; mér hélt eiginlega við rúm í heila viku“.

Halda við brjálsemi/sturlun (orðtak) Vera nær sturlaður/vitfírrtur.

Halda (einhverjum) við (eitthvað) / Halda (einhverjum) til (einhvers) (orðtök) Minna einhvern á það sem hann ætlaði að gera; ganga eftir einhverju af hendi einhvers. „Hann lofaði að kenna mér á vélina og ég ætla að halda honum við það“. „Það er engin ástæða til að halda honum til þess sem hann sagði í gamni“.

Halda (einhverjum) við efnið (orðtak) Láta einhvern gera það sem honum ber að gera; minna einhvern á verk. „Hann var svo fljótur að fletja að hann hélt okkur alveg við efnið með söltunina“.

Halda (einhverjum) við loforð (orðtak) Láta einhvern efna loforð sín; ganga eftir efnudum. „Ég ætla nú að halda honum við loforðin í þessum efnum“.

Halda við yfirlíði (orðtak) Vera nærri yfirlíði; nær líðið yfir. „Hann var vankaður eftir höggið og sagði að sér hefði legið við yfirlíði um tíma“.

Halda vöku fyrir (einhverjum) (orðtak) Halda einhverjum vakandi. „Bölvað tófugaggið hélt vöku fyrir mér langt framá nótt“.

Halda vöku sinni (orðtak) Vera á verði; gleyma sér ekki. „Við þurfum að halda vöku okkar í þessum málum“.

Halda þræðinum (orðtak) Fylgjast með frásögn án þess að missa úr. „Mér tókst að halda þræðinum, þó syfjaður væri“.

Haldast ekki/illa við (orðtak) Geta illa þolað/afborið/ staðið af sér. „Það var svo *nítingskalt* að maður hélst illa við fyrir kulda“.

Haldast vel/illa á (orðtak) Gangast vel/illa að eiga/hafa hjá sér. „Hann græddi ágætlega á þessum viðskiptum, en hinsvegar hélst honum illa á gróðanum“.

Haldast uppi (orðtak) Líðast; vera þolað. „Hvað skyldi þessari ríkisstjórn lengi haldast það uppi að hafa enga haldbæra byggðastefnu“? Engum ætti að haldast uppi að fara svona með skepnur“.

Haldast við (orðtak) A. Vera viðvarandi; haldast óbreytt. „Þessi siður hefur haldist við frá ómunatíð“. B. Geta verið kyrr; geta stillt sig. „Maður helst ekki við í þessum andskotans kulda; ég er farinn heim“! „Krían sótti svo fast að kindinni að hún hélst ekki við“.

Haldbær (l) Traustur; *haldgóður*; sem hald er í. „Hann gat ekki gefið neina haldbæra skýringu á þessu“. „Fyrir svona ákvörðun þurfa menn að færa haldbær rök“.

Haldfæri (n, hk) Handfæri; færi til fiskveiða (sjá *skak*). Haldfæri er líklega eldra í málinu en handfæri, en ekki skal sagt hvernig sú þróun hefur verið í verstöðvum Útvíkna. Nú á dögum er almennt talað um handfæri. Orðið nær yfir færslínuna og slóðann með krókum, sökku og sigurnöglum. Nú á tímum einnig yfir færishjólið, dráttarvindu og tölvubúnað sem því fylgir.

- Haldgóður** (l) Sem heldur vel; traustur. „Sumsstaðar á brún Blakksins er lítið um haldgóða steina ofan eggjastaða. Er vaðurinn þá bundinn vel um aflangan stein og hann síðan rústaður með öðru grjóti“.
- Haldið / Haldinn** (l) A. Talið; álitid. „Það er haldið að hann hafi ofkælst“. „Láganúps landsmerki höfum vér heyrt og haldin hafa verið úr skeri því sem liggur nær undan miðjum Breiðnum og Landamerkjasker er kallað, og í Ána sem rennur milli Kollsvíkur og Láganúps“ (Landamerkjavitnisburður frá 1660). B. Setinn; heltekinn. „Ertu mjög illa haldinn“? „Þeir komust þetta heilu og höldnu“. „Hann er haldinn einhverri firru varðandi þetta atriði“.
- Haldið til skila** (orðtak) Gerð grein fyrir; tekið með í reikninginn/uppgjörið; *til skila haldið*. „Þessu var öllu haldið til skila í samningnum“.
- Haldiði það sé munur!** (orðtak) Upphrópun þegar býsnast er yfir einhverju, t.d. nýjungum eða feng. „Déskoti eru þetta góðir gönguskór sem ég fékk mér. Haldiði það sé munur; það ætti einhvernvegin að vera hægt að smala á þessu“!
- Haldinn illum anda** (orðtak) Andsetinn; stýrt af skrattanum eða árum hans. „Það var eins og tvævetlubykkjan væri haldin illum anda; hún æddi stjórnlaut á hvað sem fyrir var“!
- Haldlaust** (l) Tilhæfulaust; staðlausir stafir; ekki á að treysta. „Svona fullyrðing er óttalega haldlaus“.
- Haldlítið** (l) Kemur að litlu haldi/gagni. „Þó það sé kannski haldlítið þá stend ég með þér í þessu máli“.
- Haldreipi** (n, hk) A. Heiti á leynivað; nú aflagt. B. Um það sem getur orðið mönnum til hjálpar eða tryggt að ekki fari illa. „Gömlu hjónin voru mitt haldreipi í þesum hremmingum“. „Trúin var honum haldreipi“.
- Haldvaður** (n, kk) *Handvaður*; veiðarfæri til *hákarlaveiða*; sjá þar.
- Hali** (n, kk) A. Heiti á rófu kýrinnar, en ekki á rófu annarra íslenskra dýrategunda. B. Stuttur bandspotti á áhöldum s.s. á halasnældu og halablökk. C. Mjór og langur endi á svæði; sbr. Túnshali á Láganúpi og Tranthali í Kollsvík.
- Halkionslogn / Halkionsbliða** (n, hk) Logndagar kringum vetrarsólvörf. Gömul trú var að fuglinn halkíon verpi í bláhafi á ísi og geri sér hreiður úr fiskbeinum á sjö dögum fyrir sólvörf á vetri og liggja síðan á jafnmarga daga á eftir. Þessi tími er nefndur halkionsdagar og við fuglinn er veðurbliðan kennd. Halkionsbliðu nefndi Ingvar Guðbjartsson þessa daga í mín eyru (VÖ), en Þórður Jónsson nefnir halkionslogn í Ísl.sjávarháttum.
- Halla** (s) Bæði notað í eiginlegri merkingu en einnig að loka (dyrum). „Hallaðu nú durunum drengur; það er dragsúgur hér inni“
- Halla aftur (glugga/hurð)** (orðtök) *Loka* glugga eða hurð. „Ég hallaði aftur glugganum; hann var farinn að hvessa“. „Hallaðu nú aftur hurðinni fyrir mig“. Sjá *láta aftur*.
- Halla á (einhvern)** (orðtak) Einhver á í vök að verjast; einhver verður fyrir óréttlæti/útgjöldum/vinnu umfram aðra. „Mér fannst nokkuð hallað á mig í þessum viðskiptum og kunní því illa“.
- Halla á ógæfuhlið** (orðtak) Fara á verri veginn; stefna í óefni. „Þessu hefur öllu hallað á ógæfuhlið síðan dragnótin kom til sögunnar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Halla degi** (orðtak) Verða áliðið dags; líða á daginn. „Það var farið að halla degi þegar við komum inn í Hvannahillur...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Halla í** (orðtak) Um klukku; að verða.... „Kukkan fer bráðum að halla í fimm. Ég fer að kasta í skepnurnar“.
- Halla sér** (orðtak) *Leggja sig; fleygja sér; fá sér blund/lúr/kríu*. „Ég ætla að halla mér smástund“.
- Halla (sér) í áttina** (orðtak) Koma sér heim. „Ég held ég fari nú að halla mér í áttina“. „Eftir góða viðstöðu hölluðum við okkur í áttina heim“. Stundum „halda í áttina“.
- Halla orði** (orðtak) Segja neikvætt; lasta. „Þegar hann er í þessum ham má helst ekki halla orði við hann, svo hann *rjúki* ekki *upp*“.
- Halla sér á eyrað / Halla sér á vangann** (orðtak) Fara að sofa, oft í skamma stund. „Ári er orðið framorðið; ég held að maður verði að fara að halla sér“. „Gengu menn þá aftur til búða sinna og hölluðu sér á eyrað, nema að áður þætti vissara að setja bátana hærra undan sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Halla sér á sitt græna eyra** (orðtak) Sofa. Orðtakið var mikið notað í Kollsvík, t.d. þegar menn voru orðnir mjög svefnþurfi eða þegar börn áttu að fara í rúmið „Ég held að maður fari nú bara að halla sér á sitt græna eyra“. Ekki er ljóst um skýringu orðtaksins, en e.t.v. vísar það til þess að eyru séu orðin græn og úldin af svefnleysi. Sjá *sofa á sitt græna eyra*.
- Halla undan fæti** (orðtak) A. Um landslag; hallar niðurímóti. „Það fer strax að halla undan fæti þegar við komum uppá Kjölinn“. B. Um efnahag/velgengni; gengur ekki vel. „Það hallaði *heldur betur* undan fæti hjá útrásarvíkingunum eftir hrunið“. C. Um æviskeið; verða gamall. „Það fer að halla undan fæti hjá manni“.

Hallar (upp) við sig (orðtak) Hallar innávið. „Bjargið *slútir* sumstaðar framyfir sig en hallar annars upp við sig“. „Hlaðið heynu ekki of mikið við sig; þetta á eftir að síga töluvert“.

Halla yfir sig (orðtak) Um kletta/bjarg/vegg o.fl.; slúta framyfir; mynda *loft*. Sjá *hlaðast yfir sig*.

Hallalaus / Hallalítill (l) Um halla, t.d. á landslagi eða gólfi. „Niður frá Þúfustekk og Nónvörðu er breið og löng en hallalítill brekka sem heitir Brunnsbrekka“ (HÖ; Fjaran).

Hallar vötnum (orðtak) Um landslag/landamerki; vatnaskil. „Þegar Hjallanum sleppir komum við í Brúðgumaskarð, en þar hallar vötnum til Dalverpis, sem liggur þvert á leiðina; úr Sauðlauksdal í Keflavík“ (IG; Sagt til vegar II).

Hallarbylting (n, kvk) Stjórnarskipti án vilja stjórnenda sem af eru settir. Upphaflega vísar orðið til þess að kóngur sé settur frá völdum ásamt hirð sinni, en nú stundum notað um þvinguð stjórnarskipti í félagsskap.

Hallast að (orðtak) Held frekar; er þeirrar skoðunar. „Ég hallast frekar að því að þetta sé rétt“.

Hallast á (orðtak) A. Bókstafleg merking er sú að baggar hallast á hesti vegna misþunga. B. Um málefni/getu o.fl. „Þeir eru báðir öndvegismenn, og ég sé ekki að hallist þar á“. „Mig vantar eggjakút í hina hendina svo ekki hallist á“.

Hallast/leggjast á sveif með (orðtak) *Leggjast á árina með*; taka undir sjónarmið. „Það voru skiptar skoðanir um þetta, en flestir hölluðust þó á sveif með frummælandanum“. Sveif merkir hér vogastöng, sem notuð er t.d. til að lyfta upp þungum steini. Miklu munar ef fleiri taka á. Hugsanlegt er þó að sveif hafi í þessu efni upphaflega merkt ár á bát, og því merki orðtakið það sama og að *stinga á*; *leggjast á árina með*.

Hallast ekki á (orðtak) A. Er jafnt í t.d. böggum á hesti eða klyfjum á manni. B. Er jafnt á komið með tveimur. „Þeir eru báðir jafn miklir þverhausar; þar hallast ekki á“! Sjá *þá er jafnt er á hvorugan hallast*.

Halldóruhæll (n, kk) Frágangur á hæl á þrjónuðum sokk; kennd við Halldóru Bjarnadóttur. „Ýmist voru hælur þrjónaðir sem „húfuhæll“ eða „Halldóruhæll“ sem var með stalli og heitinn eftir Halldóru Bjarnadóttur. „Húfuhæll“ var þrjónaður eins og táurtökur nema úrtökurnar styttri (mynd) þá var þrjónað í auka band þvert á „húfuna“ það var svo rakið úr eins og þegar var rakið úr fyrir þumli og teknar up lykkjurnar og þrjónaður framleisturinn. Svo var og er mælt band einu sinni eða tvisvar á ilinni; auka umferð undir ilinni“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). Orðið finnst ekki í orðabókum.

Halljúgra / Hallinjúgra (l) Um ær og kýr; *misjúgra*; sem hefur júgur stærra öðrumegin en hinumegin.

Hallmæla (s) Viðhafá miður góð ummæli; tala niður; finna að. „Það er tilgangslaust að hallmæla veðráttunni“.

Hallmæli (n, hk, fto) Neikvæð/niðrandi ummæli. „Mér finnst það engin hallmæli að vera dreibýlismaður; en hinsvegar er umdeilanlegt hvort er meiri „landsbyggð“; Reykjavík eða Kollsvík“.

Hallranga (s) Koma fyrir; hagræða; *hallvika*. „Það hlýtur að vera hægt að hallranga málum þannig að ég komist“. Upphaflega um skip sem hallast á röngina.

Hallvika (s) *Hallranga*; hnika; mutra; mjaka. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hallæri og mannfellir hafa líklega ekki leikið Kollsvík og nágrenni jafn hart gegnum aldirnar og aðra landshluta til jafnaðar, þó vissulega hafi lífsbaráttan löngum verið þar hörð og árferði misjafnt. Þessu til staðfestu má benda á þær plágur sem verstar reyndust þjóðinni á 18. öld: „Hafis tálmaði ekki veiðum á syðri fjörðum, og raunar sjaldan til lengdar sunnan Straumness. Afleiðingar eldgosa komu svo til ekkert niður á fólki vestur á fjörðum. Jafnvel gætti þar ekki sjálfra Móðuharðindanna svo mjög að mein yrði að, nema hvað þá kom fleira *vergangsfólk* vestur en áður... Fjárkláðinn 1761 var stöðvaður við Þorkskafjörð og Steingrímsfjörð og bólusóttin 1785 náði ekki að herja vestur í fjörðum. Má nærri geta að ekki hefur valdið litlu um hagi manna þar að þeir sluppu við þær þrjár plágur 18. aldar sem ollu dauða mikils meirihluta alls búfjár víða um land og hungurmorði eða sótt dauða tugþúsunda af landslýðnum“ (G.Hagalín; sonur bjargs og báru). Það er fyrst eftir að útgerð leggst niður í Kollavík, og markaðshagkerfið nær kverkatak á landbúnaði, að verulega kreppir að búsetu í Kollsvíkinni; það reynist skeinuhættara en allar plágur Íslandssögunnar.

Hallærisástand (n, hk) Vöntun; skortur. „Það fer að verða hallærisástand með fôðurbætinn bráðum“.

Hallærisbúskapur (n, kk) Slæmt ástand; skortur. „Óttalegur hallærisbúskapur er þetta hjá mér; að eiga ekki te fyrir þig“.

Haltra (s) *Stinga við*; ganga haltur; *skakklappast*. „Hún skilaði ágætum lömbum þó hún sé enn haltrandi eftir fótbrotið“. „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað./ því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Þúdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hælslæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Haltu til góða (orðatiltæki) Verði þér að góðu. „Vertu nú ekki að þakka þessa óveru; haltu bara til góða“!

Haltukjaftriðstýkur (n, kk) Stór þriðstýkur sem seldur var um tíma og fluttist gjarnan vestur með samardvalarborðum á 7. áratug 20.aldar. Oft skipt í sundur með sykurtöng.

Haltukjafrikaramellur (n, kvk, fto) Stórar karamellur; *mangakaramellur*.

Halur (n, kk) Maður. Einkum notað í skáldskap. „Hreysti búinn halur þá/ hrindir þúst og leiða;/ þiggur bjarga-bryðju hjá/ bjarnarnætureiða“ (JR; Rósarímur).

Halur er heima hver (n, kk) Sá er húsbóndi (halur) sem á eigið bú, þó það sé ekki stórt. Úr Hávamálum: „Bú er betra/ þótt lítið sé,/ halur er heima hver./ Þótt tvær geitur eigi/ og taugreftan sal,/ það er þó betra en bæn“ (Úr Hávamálum). Betra er að vera eigin herra þó lítil sé bústofninn, en að þurfa að *lifa á bónbjörgum*.

Hama / Hama sig (s/orðtak) Um skepnur í óveðri; standa í höm; snúa afturenda í veður. Höm er lendin á búfé og ekki eins viðkvæmur líkamshluti og höfuðið. Þegar fé stendur úti í óveðri þá snýr það höminni í veðrið; *stendur í höm*. „Féð hefur allt hamað sig undir rofabarðinu í bylnum“.

Hamhleypa (n, kvk) Átakamaður/*marggramannamaki* í vinnu; *skorpumaður*. „Gunnar var hamhleypa til vinnu þegar hann var uppá sitt besta“.

Hamingjuefni (n, hk) Gleðiefni; fögnuður. „Það er nú lítið hamingjuefni að kind beri á þessum árstíma“.

Hamla (s) Hindra; tefja. „Ef þessi spá rætist þá gæti veður hamlað smalamenskum næstu dagana“. „Þegar Guðmundur sér það stekkur hann frá stýrinu og fram í rúmið, til að hamla því að þeir köstuðu út fiskinum“ (GIG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Hamlaður (l) Fatlaður; *bagaður*. „Þú ferð ekki í langar smalamenskur svona hamlaður á fæti“.

Hampa (s) Hossa; hafa; dilla. „Niðri í boðnar nausti enn á næturþeli/ hampa ég Óðins hanastéli“ (JR; Rósarímur).

Hampalítil (l) Fyrirferðalítil; auðveldur. „Það er hampaminnst að reka allt safnið í rétt í einu lagi“.

Hampi (n, kk) Umstang; fyrirhöfn. „Það var hlutverk *hálfdrættings* að hafa allan *hampa* af blöndukútnum; fylla á hann, bera um borð og frá borði og sjá um hreinsun hans“ (Frásögn ÓETH; LK; Ísl. sjávarhættir II).

Hampreipi (n, hk) Kaðall/reipi úr manilla-hampi. „Vaðir voru flestir úr hampreipi þar til gerviefni komu til“.

Hampur / Hampgarn / Hamplína (n, kk/hk) Reipi voru um tíma flest úr hampi. Tvennskonar hampur var einkum fluttur inn; manillahampur sem notaður var m.a. í tóg, og sísalhampur, notaður m.a. í mottur. „Línan sem notuð var í Kollsvíkurveru var alltaf úr hampi; tveggja punda; 60 faðmar á lengd hver hespa. Öngultaumar voru heimagerðir; snúnir úr hampgarni með heimatilbúnum taumavindum“ ... „Saumgarnið var alltaf heimasunninn togþráður, en nálar dragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til“ (KJK; Kollsvíkurver). „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlöd með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrókur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveru; Niðjatal HM/GG).

Hamra járníð meðan heitt er / Hamra skal járníð meðan heitt er (orðtak/orðatiltæki) Oft notað um það að fylgja eftir málefni eða beiðni sem bryddað hefur verið á. „Hann er ekki frá því að samþykkja þetta; nú þurfum við bara að hamra járníð meðan heitt er“!

Hamraberg (n, hk) Klettar; bjarg. „Risinn þrífur Rósa til;/ Rósi biðst ei friðar./ Hart er spynt í hellisþil;/ hamrabergið riðar“ (JR; Rósarímur).

Hamrabúi (n, kk) Sá sem býr í hamri. Oftast átt við tröll eða huldufólk. „Sönghóll heitir hár hóll heiman við Hrísmúlann. Gamlar og nýjar sagnir eru um að þarna hafi heyrst söngur, buldur þéttingshátt, og sumir segja allhávar bassasöngur. Þetta var sett í samband við tröllabyggð og hamrabúa ferlega, en ekki við vatnsrennsli neðanjarðar“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hamrakleggi (n, kk) Sérstæður klettur. „Á einum stað í fjörinni, um miðjan hvamminn, er þó hamrakleggi, uppmjór, 2-3 mannhæðir; fer ekki í kaf á venjulegum flæðum...“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Hamraveggur (n, kk) Samfelldir háir klettar. „Neðanfrá Vörðubrekku er samfelldur gróðurvana hamraveggur í Breiðsbrúninni, undir Ívarseggi; framundir Stórahnjót“.

Hamsar (n, kk, fto) Skræður. Fasta efnið sem fellur út þegar mör er bræddur. Hams er af sama orðstofni og hamur, og náði áður yfir húð og leifar af húð. Af sama stofni er orðtakið að *hitna í hamsi*.

Hamsatólg (n, kvk) Tólg sem leyft er að storkna með hömsunum í. „Hamsatólginn er mjög góð með saltfiski“.

Hana! / Hananú! (u) Upphröpun í undrun yfir einhverju óvæntu. „... og meðan þeir eru að þreifa sig áfram í myrkrinu segir Hafliði: „Hana! Nú kom einhver andskotinn í hausinn á mér““ (MG; Látrabjarg).

Hanabjálki (n, kk) A. Þvertré milli sperrufóta í húsi; loftbiti. B. Loftgölf/ efra gölf í húsi.

Hanafótur (n, kk) A. Eiginleg merking. B. Sérstakur háttur festingar: Í stað þess að endi festar hafi eina festu þá greinist hann í tvo eða fleiri enda sem hver hefur sína festu.

Hanaslagur (n, kk) A. Slagsmál tveggja hana. Þau geta verið all blöðug, enda hafa þeir beitta spora á fótum sem þeir beita óspart. B. Leikur sem iðkaður var af börðum og einnig stundum fullorðnum; t.d. vermönnum

- í landlegum. „Hanaslagur er þekktur leikur þar sem allir keppa við alla. Menn eiga að hoppa um á öðrum fæti með hendur krosslagðar á bringunni. Kúnstin er fólgin í því að fella andstæðinginn án þess að falla sjálfur eða stíga með báðum fótum til jarðar. Sá sigrar sem síðastur stendur uppi“ (PJ; Vermannaleikir).
- Handabakavinnubrögð** (n, hk, fto) Röng/árangurslítill vinnubrögð; kjánalegt verklag. „Önnur eins handabakavinnubrögð hef ég ekki séð á minni lífsfæddri ævi“!
- Handafl** (n, hk) Afl/kraftur í höndum. „Stundum var það gert með handafl einu saman, en á síðari árum var það gert með vindu eða spili“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Handagangur í öskjunni** (orðtak) Mikill atgangur í kringum eitthvað; allir troðast að og vilja ná í. „Það varð mikill handagangur í öskjunni þegar afi dró upp súkkulaðistykki“. Vísar til þess að rótað sé í hirslu.
- Handahlýr / Handkaldur** (l) Kaldur/hlýr á höndum. „Handahlýr maður er hlýr viðkomu á höndum þó öðrum sé kalt; sumir nota jafnvel sjaldan vettlinga“. „Handkaldur maður hefur kaldar hendur, en þarf þó ekki að finna til kulda sjálfur“.
- Handalaus** (l) Í líkingamáli: Án áhalda/verkfæra; verklaus vegna áhaldaleysis/amboðaleysis. „Farðu vel með hrífuna. Við erum alveg handalausir ef hún brotnar líka“.
- Handalögmál** (n, hk, fto) Slagsmál; láta hendur skipta. „Þeir voru svo illir að lá við handalögmálum“.
- Handan / Handan megin** (ao) Hinumegin; *yfirfrá*. Í Kollsvík er mest talað um tvær áttir varðandi staði í vikinni, þó fólk sé vissulega meðvitað um aðrar. Þeir sem eru staddir á bæjum sunnarlega í Kollsvík tala um að fara „*norður í Kollsvík*“, eigi þeir leið til fólks sem þar er statt, en það er þá „*norðurfrá*“. Þeir sem koma „*norðanfrá*“ eiga aftur á móti e.t.v. erindi „yfir að Láganúpi“ til að heimsækja íbúa „*fyrir handan*“ og vera þá „*yfirfrá*“. Svo koma þeir aftur „*handanfrá*“. Bæir sunnantil í Kollsvík, Láganúpur, Grundir, Hólar og Grund eru nefndir „*Handanbæir*“, en bæirnir norðantil í vikinni; Kollsvík, Tröð og Grænamýri, nefnast Kollsvíkurbæirnir. Í miðri vikinni er svo nýbýlið Stekkjarmelur sem ekki hafði áunnið sér aukaeiti í þessari áttun Kollsvíkinga. Túnin á handanbæjum nefnast *handantún*.
- Handanað** (ao) A. Frá Láganúpi (sjá *handan*). „Varstu að koma handanað“? B. Úr heimi framliðinna.
- Handanbæir** (n, kk, fto) Bæir handantil í vikinni (sjá *handan*). „Áin, sem svo heitir þó víða myndi hún kölluð lækur, skipti löndum milli Kollsvíkurjarðarinnar og býla í sunnanverðri Vikinni. Það eru Grundir og Láganúpur, og voru þeir einatt kallaðir „Handanbæirnir““ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Handanbæjafólk / Handanbæjarbóndi / Handanbæjarmaður** Íbúar bæja í sunnanverðri Kollsvík; Láganúpi; Grundum eða Grund.
- Handaneftir** (ao) Sérstæð áttalýsing fyrir Kollsvík; að handan og á leið norðureftir. „Hann hljóp eftir fjárklippum yfir á Láganúp, en mér sýnist hann vera að koma þarna handaneftir Umvarpinu“.
- Handanfrá** (ao) Að handan; frá Láganúpi/Grundum í átt norður. „Það þarf að standa í Verinu, fyrir fénu sem kemur handanfrá“.
- Handantil** (ao) *Handan megin*; fyrir *handan*; *yfirfrá*. „Handantil í vikinni er mun sendnari jarðvegur“.
- Handantilvið** (ao) Hinumegin; handanvið; fyrir handan. „Árósarnir eru handantilvið Nautholtið“.
- Handantún** (n, hk, fto) Tún/slægjur handantil í vikinni (sjá *handan*). „Handantúnin eru misjafnlega sprottin“.
- Handanum / Handanyfir** (ao) Sérstæð áttalýsing í Kollsvík; að handan (sunnan) og yfir það sem er í miðri vikinni áleiðis *norðureftir*. „Hver kemur þarna handanum veg“? „Komstu handanyfir Umvarp eða fórstu Rifið“?
- Handanvið** (ao) Hinumegin; fyrir handan. „Hafiði ekki hátt; grenið er bara hérna rétt handanvið hrygginn“.
- Handapat** (n, hk) A. Miklar handahreyfingar/bendingar til að leggja áherslu á orð/útskýra. B. Vesen; ómarkviss vinnubrögð. „Þetta var í *tómu* handapati hjá þeim, enda kunna þeir ekkert til verka“.
- Handarbakavinnubrögð** (n, hk, fto) Slæmt/öfugt/gagnslaust vinnulag; röng aðferð; *sleifarlag*. „Hverskonar handarbakavinnubrögð eru þetta nú hjá þér“?!
- Handargagn** (n, hk) Nýtileg vinna með höndum: sjá *taka til handargagns*.
- Handari** (l, mst) Sá sem er meira fyrir handan; ytri; fjarri (sjá *áttamálfar*). „Handantil í Kollsvíkinni eru tveir lækir, sem reyndar renna sameinaðir til sjóar. Heitir sá norðari Miðlækur, en sá handari Torfalækur“.
- Handarkriki** (n, kk) Bilið/vikið milli handar og búks, einum ofantil; *holhönd*.
- Handarmein** (n, hk) Sár á hendi. „Mér sýnist vera góður *gróandi* í handarmeininu“.
- Handarverk** (n, hk) Mikið verk. „Það verður handarverk að koma stíunni í lag eftir hrútinn“.

- Handarvik** (n, hk) Handarhreyfing; handverk. „Í borginni sitja þeir víst á skrifstofum og fá borgað án þess að gera handarvik“. „Ég vinn ekki handarvik í þessu fyrir en veðrið lagast“. „Heimilismenn hjá Þorsteini(í Keflavík) 5, og húskona að auki, sem betalar húsaleiguna með handarverkum“ (ÁM/PV Jarðabók).
- Handaseinn** (l) *Seinhentur*; stírður í handahreyfingum. „Ég ætlaði að gogga fiskinn um leið og hann datt af króknum, en varð heldur handaseinn“.
- Handaskil** (n, hk, fto) Um birtustig. „Ég sé ekki handa minna skil í þessu myrkri“. „Um þetta leyti *þétti þokuna* svo mjög að varla sá handaskil og fundum við ekki götuslóðann uppúr Geldingskorardalnum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Handaskol** (n, hk, fot) A. Handaþvottur. B. Oftast notað í afleiddri merkingu; sjá *fara í handaskolum*.
- Handaskömm** (n, kvk) Illa unnið handverk; slæmur frágangur verks. „Ég held að menn ættu ekki að láta svona handaskömm sjást; hvað þá heldur að stæra sig af henni“!
- Handasláttur** (n, kk) *Sláttur*; handasveiflur á göngu/í fússi. „Hann gekk burtu með miklum handaslátti“.
- Handbær** (l) Tiltækur; sem er við hendina. „Menn verja vanalega öllum handbærum fjármunum sínum í það að svala *ilönguninni* í þessi efni (áfengið) og ganga venjulega heldur alls annars á mis, bæði *til fæðis og klæðis*“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Handbörur** (n, kvk, fto) Áhald til að bera fisk eða annað. Flatur kassi sem hliðarfjalirnar ganga útúr á báða vegu sem okar/handföng, þannig að tveir menn geta borið kassann og innihald hans á milli sín. Mikið notaðar t.d. til löndunar á fiski í Kollsvíkurveri, ef seilar voru ekki bornar upp á bakinu. Sjá *hjólbörur*.
- Handfara** (s) *Fara höndum um; þreifja á; þukla*. „Lofðu mér nú að handfara þetta hrútlamb þarna í réttarhorninu; mér sýnist að hann gæti verið vænlegur til *ásetnings*“.
- Handfesta** (n, kvk) Staður þar sem unnt er að ná góðu haldi fyrir hendi, t.d. í bjargi. „Þú finnur góða handfestu ef þú teygir þig fyrir klettanefið og þar er líka örugg fót festa“. „Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft handfestu á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í lendingu meðan borið var af (borið frá borði)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Handfesta** (s) Ná góðu gripi með hendi; festa í hendi; klófesta; ná í. „Við hausun var fiskurinn handfestur með því að stinga þumalfingri vinstri handar í vaðkeipuna“. „Sló í orðasennu milli þeirra út af þessu. neitaði Einar harðlega að láta laust neitt af því er hann hafði handfest“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Handfjatla** (s) Fara höndum um; meðhöndla. „Þessa flugbeittu sveðju þarf að handfjatla varlega“.
- Handfljótur** (l) Fljótur að vinna verk í höndum; *hraðhentur*. „Sýndu nú hvað þú getur verið handfljótur“.
- Handfærabátur** (n, kk) Bátur sem haldið er til handfæraveiða/skakveiða. „Snemma barninu brá/ beint í Hrafnistu átt./ Hafsins hydýpin blá/ heilluðu sveininn brátt./ Sjö vetra sigldi úr höfn,/ svall honum þráin ung;/ yfir ólgandi dröfn/ á einsigldum færþing“ (JR; Rósrímur).
- Handfærakrókur** (n, kk) Öngull til skakveiða/handfæraveiða. „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlód með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrókur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Handfæraróður** (n, kk) Skakróður; veiðiferð með handfæri. „Þá skal aftur vikið að því sem frá var horfið, um róðrana úr Kollsvíkurveri. Það var minnst á fyrstu handfæraróðrana, þegar undirbúningi var lokið“ (KJK Kollsvíkurver).
- Handfæraveiðar** (n, kvk, fto) Veiðar með handfæri; skakveiðar; færaveiðar. „Sá dráttur er svo laginn að menn róa út á víðan sjá, og setjast þar sem fjallasýn landsins merkir, eftir gömlum vana, að fiskurinn hafi stöðu tekið; þess háttar sjóreita kalla þeir mið. Skal þá renna léttri línu út af borðsokknum níður í djúpið. og festa stein með neðri enda, að hann leiti grunns. Þar með skal fylgja bogið járn, er menn kalla öngul, og skal þar á vera agnið til blekkingar fiskinum. Og þann tíma sem hann leitar sér matfanga og gín yfir beituna, grefur oddhvasst og uppreitt járnmið hans kjaft. Síðan fiskimaðurinn kennir hans viðkoma og kippir að sér vaðinum; dregur hann svo að borði og upp í skip. Er þessi fjáraflí svo guðgefinn að hans tilferð er ei greiðari en nú var greind, og þó allt eins verður svo mikið magn þessarar orku að öreigar verða fullríkir. Má og öll landsbyggð síst missa þessarar gjafar, því að þurr sjófiskur kaupist og dreifist um öll héruð“ (Arngrímur ábóti á Þingeyrum; Saga Guðmundar góða).
- „Árið 1894 er byrjað að róa með lóðir úr Kollsvíkurveri. Áður hafði eingöngu verið stunduð handfæraveiði. Færi voru úr fimmfundalínum, frönskum; sökkur úr frönskum lóðum (sökkum) er skipt var í tvennt. Hæfileg þyngd á sökkum var talin fjögur og hálf pund. Það var enginn ás hafður í sökkum. Taumur var venjulega tveir þættir úr færinu; lengd tveir þriðju úr faðmi. Taumnur var fest við sökkuna á sama stað og færinu. Lengd á færi var 30 faðmar, eða hálf frönsk lína. Ás í sökkur er ekki farið að nota fyrir en upp úr aldamótum, eða sigurnagla. Þetta sama mun hafa tíðkast í öðfum verstöðvum í Rauðasandshreppi“ (GG; Kollsvíkurver).

- Handfæri** (n, hk) Færi til *handfæraveiða/skakveiða* á fiski (sjá þar). Eldra orð er líklega *haldfæri*.
- Handheitur** (l) Ekki kulvís á höndum. „Hann er svo handheitur að hann notar aldrei vettlinga“.
- Handkaldur** (l) Kaldur viðkomu á höndum. „Ósköp ertu handkaldur“!
- Handkvísl** (n, kvk) Heykvísl sem notuð er með handaflí. Til aðgreiningar frá *traktorskvísl*, eftir að slík verkfæri fóru að tíðkast.
- Handlaginn** (l) Hagur í höndum; laginn. „Hann var einstaklega handlaginn; sama hverju hann kom að“.
- Handlama** (l) Með lamaða/bagaða/meidda hönd. „Ég er hálf handlama eftir þetta óhapp“.
- Handlanga** (s) Réttá; láta hlut ganga milli manna. „Handlangaðu til mín eggjafötuna“.
- Handlangur** (l) Með langar hendur miðað við líkamsstærð. „Mér gekk oft illa að finna mátulegar skyrtnur meðan ég var grennri, þar sem ég er töluvert handlangur“.
- Handlás** (n, kk) Handvaður; aðferð til að fara í kletta. (Sjá *lás*).
- Handleggjalaus** (l) Úrræðalaus; getur ekki unnið. „Hrírfurnar fóru allar heim á heyvagninum og ég var því dálítið handleggjalaus þegar ég ætlaði að fara að raka“. „Ég er alveg handleggjalaus án tommustokks“.
- Handleggjalangur** (l) Með langa handleggi. „Ég er svo handleggjalangur að ég fæ hlest ekki passandi skyrtnu“.
- Handleggur** (n, kk) A. Útlimur; armur. B. Viðfangsefni/verk sem unnið er með höndum. „Það er bara þó nokkur handleggur að flaka allann þennan fisk“. „Hitt er svo annar handleggur...“ (sjá *annar handleggur*).
- Handlesa sig / Handstyrkja sig** (orðtök) Fara í lás; fara upp lásband með því að grípa um það með höndum til skiptis, og annaðhvort spyrna í þilið/klettinn með fótum eða beita tábragði á bandið/vaðinn. Einnig *lesa sig*.
- Handmjólka** (s) Mjólka kýr með höndum/vélarlaust. „Kýr í Kollsvík voru allar handmjólkaðar þar til mjaltavél kom á Láganúp á 8. áratug síðustu aldar, nokkrum árum eftir að mjólkurframleiðsla hófst til sölu. Lengst af var mjólk einungis til heimilisneyslu og voru oft 1-3 kýr á hverjum bæ. *Mjaltir* féllu oftast í hlut kvenna, þó þar væri undantekningar á, einkum á síðari tímum. Væru kýr á fjósi var oftast byrjað á að *vatna*; gefa kúnum og moka flórin. Því næst var halinn bundinn upp; mjaltastóllinn settur við hlið kýrinnar *nærkonumegin* og júgur og spenar þvegið vandlega úr volgu vatni. Um leið var dregin ein buna úr hverjum spena niður í flórin; *blábuna*, til að fjarlægja hugsanleg óhreinindi úr *spenaopinu*. Júgurmysr var borið á spenana til að mýkja þá og auðvelda mjaltir. Byrjað var að mjólka úr framjúgrum og mjólkað með báðum höndum. Mjaltalag var breytilegt stundum var mjólkin dregin niður spenana á víxl en stundum voru þeir kreistir á víxl; stundum blanda af hvortveggja. Mismunandi var hve mjaltir gengu hratt, bæði milli manna og eins *selja* kýrnar misvel. Kýr eru vandfýsnar á mjaltalag og sumar seldu einum vel en öðrum mjög illa eða ekki. Þegar búið var úr *framjúgrum* var mjólkað úr *afturjúgrum*. Stundum var *dvegur* einnig milkur og þá þurfti að mjólka hann. Stundum kláraðist fyrr úr einu júgri en hinu og þá þurfti að *einspena*. Eftir að lokið var við að mjólka var *hreytt/tottað*; þ.e. öll júgur mjólkuð aftur, því mjólk gat skilað sér niður í þau í lok mjalta. Sumar kýr voru ókyrrar í mjóltum; spörkuðu og *jöppuðu*. Þurfti því að vera vakandi fyrir því og forða fótunni. Á síðari tímum tíðkaðist sparkvörn; C-laga tæki sem brugðið var upp á *malirnar* og upp með júgrinu, en það hindraði kúna í að sparka. Eftir mjaltir var fatan tekin undan kúnni; stóllinn fjarlægður; haft og halaband leyst. Áður var borið lítilsháttar júgurmysr í spenaopið eða, í seinni tíð, *joðblanda* til sóttvarna. Meðan kýr voru mjólkaðar úti á stöðli var vinnulag að mestu hið sama, eftir því sem aðstæður kröfðust. Ekki er *örgrannt um* að kýr hafi verið rólegri í *útímjóltum*. Þær eru vanafastar skepnur og brást sjaldan að þær komu sjálfar á sitt *mjaltastæði* og alltaf í sömu röð.
- Handmoka** (s) Moka með höndum. „Við þurftum að handmoka upp allt neðra sniðið“.
- Handóður** (l) Gjarn á að fíkta með/snerta hluti í óleyfi. „Skelfing ertu handóður krakki“!
- Handónýtur** (l) Alveg ónothæfur; *liðónýtur*. „Þessir vettlingar eru orðnir handónýtir; ekkert nema göt“.
- Handraði** (n, kk) Lítið hólf í kistu, sem þægilegt er að komast í þegar kistan er opnuð. „Oft var það að Guðbjartur afi átti eitthvað góðgæti í handraðanum hjá sér, sem við strákarirnir fengum að smakka“.
- Handritað** (l) Skrifað með hendi; ekki prentað í vél. „Í nokkur ár gaf fjelagið (Baldur) út handritað blað sem hjet Bernskan. ... „Fjelagið (Vestri) byrjaði þá að gefa út handritað blað; Geisli“ (VÖe; Ungmennafjélög í Rauðasandshreppi).
- Handsama** (s) Ná; *koma höndum yfir*; fanga. „Það ætla að ganga erfiðlega að handsama þetta útigangsfé“.
- Handskrúbbur** (n, kk) Skrúbbur/bursti með stífum hárum; ætlaður til að skrúbbu/þvo rækilega með höndum. „Við þyrftum að fá nýjan handskrúbb í bátinn; þessi er að verða ári sköllóttur“.
- Handsterkur** (l) Sterkur í handleggjum. „Merkilegt hvað strákurinn er handsterkur, eins og hann er rýr“.
- Handstór** (l) með stórar hendur. „Furða þótti hve karlinn var flinkur á orgelið, því hann var handstór“.

- Handtak** (n, hk) A. Tak; grip. „Ég hafði góð handtök og fótfestur, en þarna var nokkuð þverhnipt klifur“. B. Handarverk; vinna; verk. „Það verður handtak að hreinsa þennan óþverra úr netunum“.
- Handtína** (s) Tína ber með fingrum en ekki með berjatínu. „Bláberin þarf að handtína svo þau merjist ekki“.
- Handtól** (n, hk) Hluti af gamaldags síma, en hann skiptist í símtækið sjálft með hringisveif, sem oftast var fast á vegg, og handtól með míkrofón á öðrum enda og heyrnatóli á hinum; tengt símtækinu með snúru.
- Handvaður** (n, kk) A. *Færi til hákarlaveiða.* Gegnum tíðina hefur handvaður verið algengasta veiðarfærið til hákarlaveiða, þó *hákarlalóð* og *lagvaður* væri einnig notað. Þilskip notuðu eingöngu handvað. Skip sem veiðir með handvað þarf að liggja við *stjóra*. Handvaðurinn samanstendur í stórum dráttum af þessum þáttum: a) *hákarlavað*; þremur þriggja punda línur sem snúnar voru saman; oftast yfir 300 fæðma löngum; b) Neðanvið vaðinn kom svonefndur *bálkur*, sem var gildur kaðall, um fjögurra álna langur. c) Á neðri enda bálksins var *vaðsteinn*; aflangur 6-8 kg steinn með *járnfati* (gjörð) felldri utanum. Vaðsteininum er fest í bálkinn með hring. d) Neðan í vaðsteininum var *sigurnagli*, svonefnt *istað*, og í það fest keðju, 3-4 álna langri, *sóknarhlekkjunum*. e) Neðst var öngullinn/*hákarlasóknin*; með 6-8 þumlunga löngum legg og *þverhandarviðum bug*; fest við sóknarhlekkina með sigurnagla. (Byggt á GG; Skútuöldin). B. *Lásband* til bjargferða. Handvaður er notaður þegar bjargmaður þurfti stuðning af vað til að komast á milli ganga eða fara tæpt. Vaðurinn er ýmist *settur fastur* á stein eða aðra festu, eða *haldið* er við hann af öðrum.
- Handverkfæri** (n, hk) Verkfæri til að auðvelda vinnu með höndum. „Þessi vegalagning hófst snemma á stríðsárunum.... Unnið var eingöngu með handverkfærum; skóflum, hökum, járnkórlum, og einu ökutækin sem við varð komið voru hólbörur“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Handvettlingar** (n, kk, fto) Fínni vettlingar; sparivettlingar. „Vettlingar voru ýmist handvettlingar ef fólk fór t.d. á milli bæja. Þeir voru úr smáu bandi og oft tvíbanda“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Handviss** (l) Alveg viss/öruggur. „Ég er handviss um að sum orð í þessu registri þykja mörgum framandleg“.
- Handvömm** (n, kvk) Mistök; yfirsjón. „Það værisynd að eyðileggja þetta fyrir handvömm“. Sjá *vömm*.
- Handæði** (n, hk) Fikt; óheimilt rísl; fát. „Vertu nú ekki með þetta handæði strákur“!
- Hanga á** (orðtak) Um veiðiskap; vera að veiðum þó illa fiskist / íslæmu veðri. „Við getum ekki verið að hanga á þessu lengur í svona kaldaskít og bullandi straumi. Enda virðist þetta allt farið undan“.
- Hanga á bláþræði** (orðtak) Standa tæpt/illa; vera í slæmri aðstöðu; vera hætt kominn. „Segja má að líf bátsverja hafi hangið á bláþræði þegar brimskaflinn reið undir bátinn í lendingunni“.
- Hanga á (einhverju) eins og hundur á roði** (orðtak) Halda dauðahaldi í; trúa óbilandi á málefni/kreddu; vilja ekki sleppa. „Stjórnvöld hanga á þessari stóriðjustefnu eins og hundar á roði og eru tilbúin að förna fyrir það orkulindum, náttúruverðmætum og sjálfstæði þjóðarinnar“!
- Hanga á horriminni / Hanga á lyginni** (orðtak) Vera á ystu nöf/heljarþröm (oftast í óeiginlegri merkingu, s.s. í fjármálum); tolla á því sem ekkert hald virðist vera. „Það er ótrúlegt hvað hann getur hangið lengi á horriminni án þess að fara á hausinn“. Upprunaleg merking vísar til eldri tíma: Meisar voru grindakassar, smíðaðir úr fjarlarrenningum/rimum, með stöfum í hornum sem rimarnar voru grópaðar í. Horrim er rim sem fellur illa í gróp sína; okagatið. Þurfti þá að reka með henni *hortitt*, til að ekki dytti úr. Af þessu er einnig dregið orðtakið að *hanga á horriminni*, um það sem getur feilað; þar sem horrim hættir til að brotna/ *gefa sig* við átök.
- Hanga þurr** (orðtak) Um veður; vera úrkomulaust þó útlit sé ekki þurrklegt. „Hann hangir líklega þurr fram í aðfallið, en þá má bóka það að þurrkurinn er úti“.
- Hangfjöldur** (n, kvk) Eyrnamark búfjár; skurður á ská upp í fram- eða afturjaðar eyra.
- Hangiflot** (n, hk) Feiti sem safnast ofan á þegar hangiket er soðið. Henni var safnað saman kaldri og síðar notuð sem útálát með fiski; t.d. þykir herramannsmatur að borða kæsta skötu með hangifloti.
- Hangiket / Hangikjöt** (n, hk) Saltað, reykt og hangið ket. Verkunin var um aldir ein helsta aðferðin til geymslu kjöts, en er enn mikið notuð vegna bragðgæða ketsins. „Fyrir sláturdaginn var afi minn búinn að útbúa litla tréngla sem hann notaði til að verka hangiketið í salt. Það var saltað nýslátrað, stráð í það volgt og staflað í stæðu. Tekið var í reyk helst geldfé; gjarnan valið vænt fé. Tekin voru krof af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftan við bógana og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi. Svo var framparturinn klofinn eftir hrygg og þá fór hann afi að nota *trépollana* sína. Skorið var inn með herðablaðinu í einskona vasa, og þar var sett salt inn í vasann. Svo var nælt fyrir með trénglunum svo saltið rynni ekki úr þessum vasa. Þetta var gert til þess að öruggt væri að saltaðist jafnt um þetta þykka stykki. Þetta var kallað *skammrifsbrók*. Dilkakjötið var svo saltað í tunnu“ (S.G; Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Hangikjöt var alltaf soðið fyrir hátíðirnar. Á Þorláksmessukvöld var skata og reyktar bringur og kaffi; og svo var spilað á Þorláksmessukvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Viðstaddir votta enn;/ var þar á meðal Steinn,/“

allir ágætismenn,/ að hinn ungi sveinn/ það um fullorðinsföt/ frat í reifa og lín;/ heimtaði hangikjöt/ hákarl og brennivín“ (JR; Rósarímur).

Hangiketsbiti / Hangiketsflís / Hangiketssneið / Hangiketstutla / Hangiketsögn (n, kvk) Dálítið/bití af hangiketi. „Gefðu mér smá hangiketsflís í viðbót“. „Var ekki eftir einhver hangiketstutla frá þí í gær“?

Hangiketsilmur / Hangiketslykt (n, kk/kvk) Lykt af hangiketi. „Hann sagðist hafa fundið hangiketsilminn leggja á móti sér uppi á miðri Tunguheidi“.

Hangir á spýtunni (orðtak) Um dulinn tilgang/skilmála þess sem gert/sagt er; um það sem býr undir. „Mörgum þótti það mikil fórn hjá honum að bjóða sig fram í stjórnina, en það mun hafa hangið á spýtunni hjá honum að komast til áhrifa“. Visar e.t.v. til þess að rekaspýta er stundum meiri ávinningur en sýnist. Við hana geta hangið skeljar eða annað nýtilegt. Um þá orðskýringu skal þó ekki fullyrt. Sjá *vita hvað hangir á spýtunni*.

Hanginn (l) Um matvæli í herslu/þurrki/reyk; búið að hanga. „Ég held að grásleppan sé orðin nógu hangin“.

Hangs (n, hk) Töf; *landeyðháttur*; leti. „Hættu nú þessu helvítis hangsi og drífðu þig að verki“!

Hanka (s) A. Gera upp, t.d. línu, band, slöngu o.fl. „Ætlar þú að hanka vaðinn meðan ég geng frá eggjunum“?. B. Setja hanka á net, en þeir voru notaðir til að festa netasteinum/kljásteynum (sjá *hanki* og *hrognkelsi*).

Hanka upp / Hafa uppi (orðtak) Draga upp færi. Einkum var talað um að hanka upp áður en handfærarúllur komu til sögunnar, enda var þá færið gert upp í hönk í lok hvers rennslis. „Hankið upp piltar. Hann er að rífa upp brim við landið“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Ég held að nú sé alveg tekið undan. Við ættum að fara að hafa uppi og færa okkur grynnra“.

Hankabrotinn (l) Um bolla/fant; með brotinn hanka/brotið hald. „Ég get drukkið úr bollanum hankabrotnum“.

Hanki (n, kk) A. Hverskonar snagi eða handfang. B. Snærissmeygur sem notaður er til að hanka/festa klásteina/netasteina á steinapin nets (sjá *hrognkelsi*).

Hann (n, kk) Í flestu töluðu máli um veðráttu er rætt um „hann“. „Hann er á norðan núna“. „Hann er eitthvað að ganga niður“. Hann hangir uppi“. Ekki finnst nein skilgreining á því hvað þarna er átt við. Eflaust á þessi persónugerving veðursins einhverja rót; líklega ævafora og þá væntanlega úr trúarbrögðum; heiðni eða kristni. Veðurfarsguðir eru þekktir í fjölgyðistrúarbrögðum, bæði í heiðni og öðrum.

Hann er að! (orðatiltæki) Upphrópun sem lýsir vanþóknun á áframhaldandi athæfi eða málflutningi þess sem um er rætt; með áherslu á endaorðin. „Hann er að! Hættu nú að *espa* hundinn *upp*“! Kristinn Ólafsson í Hænuvík brá þessu gjarnan fyrir sig, en það gerðu einnig fleiri.

Hann gerir skurk í því! (orðatiltæki) Upphrópun í lítilsvirðingar- eða hæðnistón um þann sem ætlar sér eitthvað en ummælandi hefur litla trú að að verði.

Hann/hún um það! (orðtak) Upphrópun sem andsvar við því að einhver ætli sér eitthvað; hann/hún ræður því; hann/hún ræður þá framúr því. „Hann um það, ef hann þykist geta þetta sjálfur. Ekki ætla ég að *ganga eftir* honum með aðstoðina“!

Hann sagði mér það hann Sveinn (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver vill ekki gefa upp réttan heimildarmann fyrir sínum staðhæfingum/ sínu sveitaslúðri. Ekki skal fullyrt um aldur eða tilurð orðatiltækisins, enda getur sveinn verið hvaða karlmaður sem er. Þetta var hinsvegar gjarnan viðhaft af GJH, eins og fleiri snjallyrði, og var þá talið vísa til manns í útsveitinni sem talaði fátt og aldrei lastaði aðra. „Er burtu gekk ég þaðan þá sagði mér hann Sveinn;/ það sögðu líka menn á næstu bæjum:/ Í Hærri-Tungu væru þeir, heldur tveir en einn./ Að hugsa sér, og annar lá á gægjum!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Hantera (s) Meðhöndla. „Það er ekki sama hvernig fiskurinn er hanteraður“. „Ein hlið lugtarinnar var með renniloki svo hantera mætti týruna“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Hantering (n, kvk) Meðferð; meðhöndlun. „Heldurðu að þetta þoli svona hanteringu“?

Happ (n, hk) Heppni; heppilegu/góður viðburður/fengur. „En sögulegasta happið þar um slóðir mun vafalaust hafa verið er Kollsvíkingar fundu hval á reki og tókst eftir langa mæðu að bjarga honum á land í Kollsvík“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Happ skal þeim sem hlýtur (orðatiltæki) Sá á að njóta síns *happafengs* sem hann fær. Sá sem t.d. dregur *happadrátt* skal njóta hans eða bestu bita hans.

Happadráttur / Happafiskur (n, kk) A. Um fiskveiðar. „Hlutaskipti bátsáhafnar fóru eftir vissum reglum. Sumt var þó eign þess sem dró; happadrættir hans Það gildi um alla framandlega veiði aðra en matfisk; einnig um miðhluta skötu fyrir utan börðin og um vaðhorn og sporð lúðu“. B. Á síðari tíð: Hverskonar happ sem áskotnast; *happafengur*.

Happadrjúgur (l) Farsæll; lánsamur; til gæfu. „Er óhætt að segja að handtök Sighvats reyndust hér happadrjúg, þegar engu mátti skeika“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Happafengur (n, kk) Hverskonar nýtilegur/verðmæturávinningur sem manni áskotnast en hafði ekki gert ráð fyrir. „Það var heldur en ekki happafengur að finna þessa körfu rekna; hún er alveg eins og ný“!

Happafleyta / Happaskip Skip sem er farsælt í róðrum og siglingu; lánsamt aflaskip. „Fönix var happaskip“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Happanafn (n, hk) Gæfuheiti; heiti sem ber vitni um happ eða væntir happs. „Fram í Grasaskerspoll gengur frá rfinu hlein sem heitir Lúða. Af hverju hún ber slíkt happanafn veit ég ekki, en þegar áður nefnd vör var gerð þar í gegn fannst rostungstönn; má vel vera að áður hafi hún gefið eitthvað meira og stærra“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra).

Happasamur / Happsæll (l) Heppinn; lánsamur. „Hann reyndist ekki happasamur í þessu efni“. „Hann var einstaklega happasæll og fiskinn“.

Harðahlaup (n, hk, fto) Hraður sprettur; hraðhlaup; *harðasprettur*. „Hann er á harðahlaupum; að reyna að komast fyrir kindahópin“ „Þegar halla fór niður í Hænuvíkina komu þeir sem á eftir voru á harðahlaupum“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Harðakan / Harðaspan (n, hk) Mikil ferð; harðasprettur; hraðakstur. „Þarna kemur hann hlaupandi á harðakani“. „Hann ók á harðaspani og reyndi að elta refnn uppi“.

Harðaland (n, hk) Mjög nærri landi; landsteinar. „Stundum er eins og veiðin sé mest *uppi í harðalandi*“.

Harðarennslí (n, hk) Harðasprettur; mjög hröð hlaup. „Féð er á harðarennslí fram allan dal“!

Harðasprettur / Harðahlaup (n, kk) Mjög hraður hlaupasprettur. „En þegar þær ætla að halda áfram með það, þá er líkið á harðaspretti heim að Breiðuvík“ (IG; Sagt til vegar II).

Harðatorf (n, hk) Harðatorf mun sumsstaðar vera annað orð yfir mó. Það var þó ekki notað í seinni tíð í Kollsvík, en í vikinni miðri er örnefnið „Harðatorfspyttur“, þar sem finnst mjög hitagæfur mór. „Norður af Leirunum er sytra sem heitir Harðatorfspyttur, og er nokkuð af vatni í honum. Þar var harðatorf; þ.e. mór, svo svellhraður að varla var mögulegt að stinga hann með skóflu“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur). Eldri brb; „hardatorf“.

Harðákveðinn (l) Mjög/alveg ákveðinn; einbeittur; fastákveðinn. „Hann virtist harðákveðinn í þessu“.

Harðánægður / Hæstánægður (l) Fullkomlega/alveg ánægður. „Ég er hæstánægður með þessa gjöf“.

Harðabakki (n, kk) Harður bali; sandbali. „Hólar voru harðabakkar og þurfti því að slá þá í reku“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Orðið var þarna notað í upprunalegri merkingu, en nú er það einungis notað í líkingamálinu „ef/þegar í harðabakkann slær“, og orðabókadæmi eru öll þannig.

Harðalahóll (n, kk) Gróinn hóll með þéttum og þurrum jarðvegi. „Harðalahóll er fremst á Túninu, og heitir Skalli“ (ÖETh; Örn.skrá Vatnsdals).

Harðalakot (n, hk) Lítið býli á harðbýlu landi. „Minnstu býlin í vikinni hefðu verið óttleg harðalakot ef sjósóknar hefði ekki notið við“.

Harðalatún (n, hk) Tún á hörðum bala/velli. „Í Láganúpslandi eru mörg sendin harðalatún“.

Harðalavöllur (n, kk) Harðbali. „Selskinnin voru þurruð á hallandi harðalavelli...“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67).

Harðbali (n, kk) Þéttur jarðvegur með þéttri grasrót; oft sand- eða malarjörð. Iðulega stytt í *bali* eða *melur*.

Harðbanna (s) Banna stranglega. „Var ég ekki búinn að harðbanna ykkur að þrila í klettunum strákar“?! „...en harðbannaði jafnframt að nokkur kæmi þar nálægt til þess að eiga við hræið“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Harðbarinn (l) Um snjó/jarðveg; þétt barinn saman af veðri. „Skaflinn var svo harðbarinn að ekki markaði í“.

Harðbýlt (l) Erfitt um búskap. „Skor hefur verið harðbýlt og afskekkt útnesjakot“ (KG; Frá Rauðasandi til Rússía).

Harðdrægur (l) Harður/erfiður viðskiptis. „Sagt var að Guðrún ríka í Bæ hafi verið harðdræg í viðskiptum“. „Þótti Björn þessi harðdrægur og gróðamaður mikill“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknum Látramanna).

Harðdrægni (n, kvk) Miskunnarlaust viðmót; kúgun. „Víst má telja að bændur og vermenn á Láganúpi og víðar á eignum Saurbæjarhöfðingja hafi unað illa þeirri harðdrægni sem þeir voru tíðum beittir“.

Harðduglegur (l) Mjög duglegur; hörkuduglegur. „Strákurinn er harðduglegur við hvaða verk sem er“.

Harðfengi (n, hk) Seigla; þrautseigja; harka. „Með harðfengi tókst mér að klifra síðasta hjallann, en ég var nánast örmagna þegar ég brólti uppá brúnina“. Einnig í orðtakinu „*með hörku og harðfengi*“.

Harðfenni (n, hk) Hjarn. „Það er fljótfarið yfir heiðina á harðfenninu“.

Harðfiskflís / Harðfisklús / Harðfiskögn (n, kvk) Lítið eitt af harðfiski; smábíti af harðfiski. „Gefðu mér nú smá harðfisklús, fyrst þú ert að naga þetta“. „Ég hafði með mér harðfiskflís í nesti“.

Harðfiskhjallur (n, kk) Hjallur til að herða steinbít, láta grásleppu síga o.fl. „Við Svavar fengum gamla sláturhúsið á Gjögurum; hann dró það útá bakkana með ýtunni og þar var því breytt í harðfiskhjall“. Orðið var aldrei notað með „s“ (harðfiskshjallur) í Kollsvík, líkt og orðabókardæmi eru um.

Harðfiskhnallur (n, kk) Létt sleggja til að berja harðfisk; mýkja hann til *átu*. „Hvar er nú harðfiskhnallurinn“.

Harðfiskhjastur / Harðfiskmosk / Harðfiskmulningur / Harðfiskmysna (n, hk/kk) Mulningur/uppsóp af harðfiski sem fellur til t.d. þegar hann er barinn. „Það þarf að sópa harðfiskmoskinu niður, svo hundurinn sé ekki að sleikja barningssteininn“.

Harðfiskól (n, kvk) Strengsli af harðfiski, oftast þá mjóslegið og rýrt. „Þessar harðfiskólar sem enn eru eftir eru varla mannamat; þvegmjóar og sumar *grímyglaðar* í þokkabót“.

Harðfiskpoki (n, kk) Poki með/ætlaður harðfiski. „Þessir áburðarpokar eru þvegnir og þurrir; ég ætla að nota þá fyrir harðfiskpoka“.

Harðfiskroð (n, hk) Roð af harðfiski. „Hér er ég búinn að snúa harðfiskroðið; réttu hundinum þetta“.

Harðfiskur (n, kk) Fiskur sem hefur verið flakaður og fullþurkaður. Í Kollsvík var langmest um harðfisk af steinbít, enda var hann þar undirstaða útgerðar ásamt þorskveiðum. Í Kollsvíkurvegi var steinbítur veiddur á færi í byrjun vertíðar en síðan á línu eftir að farið var að nota hana. „Steinbíturinn var *hausaður*, *flattur* og *kúlaður*: þ.e. skornir skurðir þvert yfir báða helminga. Síðan var hann *rifinn upp*, þvegin og *hengdur til þurrks á þurkkjöllumum*. Steinbítshausar voru *klofnir upp* og þeir síðan, ásamt hryggjunum, *bornir til þurrks á reitina*“ (KJK; Kollsvíkurvegi). Í síðari tíð er steinbíturinn eingöngu veiddur á línu. Meðan Kollsvíkingar verkuðu í harðfisk á síðustu áratugum síðustu aldar var steinbíturinn ekki hausaður heldur *flakaður* með einu hnífbrugði framan frá eyrugga og aftur úr. Laginn flökunarmaður með góðan hníf nær að flaka þannig að lítið sem ekkert sé eftir á hryggnum en þó sé flakið beinlaust. Mesta slorið er strokið af fiskinum en ekki má þvo flakið fyrir upphengingu; þá breytist og dofnað bragðið. Teljist þörf á að þvo skal það gert úr sjó en ekki vatni. Skorin er *puma* í sporðenda flaksins og það hengt á nagla á *rá* í *þurkkjölli/harðfiskhjalli*. Harðfiskur verkast best í þurru og fremur köldu veðri; þar sem blæs vel um og ekki er fluga. Verkunin tekur nokkrar vikur, eftir veðri og þykkt flakanna, sem nefnd eru *strengsli/harðfiskstrengsli* eftir að þau eru orðin þurr. Strengslin voru geymd á þurru stað. Fyrir neyslu þurfti að berja steinbítinn til að mýkja hann undir tönn, og var það vanalega gert utandyra, á hentugum steini; *barningssteini*, og notuð til þess létt sleggja, eða *harðfiskhnallur*. Í seinni tíð er öllum harðfiski rennt í gegnum *valsvél*, sem gegnir sama hlutverki og *barningurinn* áðurfyrr. Síðan er honum pakkað í sölupakkningar og seldur/frystur, enda fer hersla harðfisks nú fram sem hver önnur framleiðsla til sölu.

Lúða, eða *riklingur*, var einnig verkuð í harðfisk áðurfyrr. Einkum voru það smærri lúður og *rafabelti* sem voru hert, og þótti herramannsmatur. „Riklingurinn, einkum af smærri lúðum, var vanalega þurkaður. Flökin hengd upp og látin *skelþorna*. Síðan voru þau rist þannig að skurður var skorinn inn í miðja fiskþykktina. Byrjað var að skera beggja megin við augað sem hengt var upp á, en síðan mæst í einum skurði, rétt fyrir neðan augað. Síðan var fiskurinn *flattur* útundir jaðar beggja megin við skurðinn. Þá var flakið opnað og tveim tréteinum stungið undir roðið, beggja megin aftan frá. Héldu þeir flakinu opnu svo það þornaði á skömmum tíma. Annars var riklingurinn líka saltaður, einkum af feitum lúðum. Var hann þá saltaður í *pækil*, sterkan saltlög, því annars vildi hann þrána. Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd til þurrks. Þetta var talinn *hátíðarmatur*, er þau höfðu hlotið verkun, enda þó komið væri fram á næsta vetur“ (KJK; Kollsvíkurvegi).

Þorskur hefur lítið verið verkaður í harðfisk í Kollsvík, en þó var það til að *smáþorskur* og *þarapýrsklingur* var *hengdur upp*; oftast reyndar sem *bútungur* til *signingar* en einnig stundum flakaður til *herðingar*. Ýsa veiddist lítið í Kollsvík áðurfyrr þó á því sé nú breyting. Nú er hertur þorskur og ýsa algengasti harðfiskur sem seldur er út úr búð, ásamt steinbít. Lúðurriklingur sést þar hvergi.

„Séra Hallgrímur Pétursson getur harðfisks þannig í Fiskætusálmi sínum: „Þorskurinn sem í þaranum þrífst/ þrefaldur út úr roðinu rifst,/ frá ég hann margan fylli./ Þorskin, roskinn,/ rifinn, harðan,/ rétt óbarðan/ ráð er besta/ að bleyta í síru á borð fyrir presta“. Fiskurinn var barinn með *tvískallaðri* járnleggju eða hnöttóttum steini með klöppuðu gati, sem skafti var stungið í. Þegar fiskurinn hafði verið lagður á steininn þótti skipta máli hvar byrjað var; samanber þetta viðkvæði; „Berðu mig fyrst utan og aftan, þá mun ég ekki verða þér erfiður í hnakkann“. Fiskur er *lúbarinn* ef hann er mjúkur undir tönn. Harðfiski var stundum skipt í þrennt eða fernt þvert yfir og voru þá stykkin nefnd *spil*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Tvískölluð járnleggja er enn notuð til þess á Láganúpi að berja harðfisk; mjög hnoðuði skalla og eflaust orðin forn í því starfi. „Á sjávarjörðum þar sem gnægð var af harðfiski var öllum leyft að fá sér harðfisk í miðmálagetu eins og þá lysti; einkum börn og unglunga. Ef einhver át eitthvað í tíma og ótíma var algengt að segja; „þú ertur þetta eins og fisk““ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; eftir ÁE).

- Harðfisksleggja** (n, kvk) Handhæg sleggja til að berja harðfisk. „Nennirðu að skjótast og berja tvö harðfiskstrengsli? Harðfisksleggjan er á *barningssteininum* úti í Gili“.
- Harðfiskstrengsli** (n, hk) Flak/lengja af *harðfiski*; fullverkað en (oftast) óbarið. „Þiggðu herna harðfiskstrengsli í nesti“. „Viltu berja þrjú harðfiskstrengsli fyrir matinn? Litla sleggjan er á steininum úti í Gili“.
- Harðfiskutla / Harðfisktægja** (n, kvk) Tægja/flís af harðfiski. „Gefðu mér duggunarlitla harðfiskutlu, fyrst þú ert þarna með strengsli“. „Það situr einhver harðfisktægja á milli tannanna á mér“.
- Harðfylgi** (n, hk) Ákveðni; viljastyrkur; eftirgangsmunir. „Hann fékk því þó framgengt með fortöllum og harðfylgi að bátur var settur á flot og brotist fram að slysstaðnum...“ (ÓG; Úr verbúðum í viking).
- Harðger** (l) Harður af sér; hörkutól. „Hann þótti bæði harðger og *hörkuduglegur*“.
- Harðgiftur** (l) Áhersluorð um giftan mann. „Ég skil nú ekkert í svona dingli hjá harðgiftum mannum“!
- Harðgreindur** (l) Skarpgreindur; bráðvel gefinn. „Hann má eiga það að hann er skarpgreindur“.
- Harðhentur** (l) Tekur harkalega á; *þunghentur*. „Vertu nú ekki svona harðhentur við hann bróður þinn“!
- Harðhnakka** (s) Þrúga; þjarma að; hnoða. „Nautið náði að harðhnakka honum þarna í girðingarhorninu og hefði getað farið illa ef hjálp hefði ekki borist strax“. Orðið var þannig framborið í Kollsvík. Orðabók HÍ nefnir dæmi um að „harðhnjaka“, sem virðist vera sömu merkingar.
- Harðhnakkalega** (l) Mjög ákveðið; af hörku; alfarið. „Þessu neitaði ég harðhnakkalega“.
- Harðhnjóska** (n, kvk) Misfella; kúla. „Mér finnst að hér sé einhver harðhnjóska undir skinninu“.
- Harðhnjóskeygur** (l) Óvæginn; hrottalegur. „Það er ekkert betra að fara svona harðhnjóskeyga að þessu“.
- Harðindabúskapur** (n, kk) Um það þegar eitthvað skortir í heimilishaldi/búskap. „Manni finnst það hálfgerður harðindabúskapur að eiga ekki saltfisk uppá veturinn“.
- Harðindatíðarfar** (n, hk) Slæmt tíðarfar; vond tíð. „Hér hefur verið harðindatíðarfar eftir áramótin; frosthörkur nokkrar og norðanbeljandi, svo oftast er innstaða á fé“.
- Harðindi** (n, hk, fto) Harka; hörkur; erfitt tíðarfar um lengri eða skemmrí tíma. „Í janúar 1802 rak hafis að landi...og lá allt vorið og sumarið þar til höfuðdag. Stöfuðu af þessu hin mestu harðindi til lands og sjávar og mundi enginn jafnharðan vetur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Það var gamalla manna mál að gamall sauður og rjúpan lifðu jafnlengi í harðindum. Rjúpan næði í rjúpnalaufið en sauðurinn í lyng og kvist“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).
- Harðleikinn** (l) Harðhentur; gengur fram af offorsi. „Þorrinn hefur verið nokkuð harðleikinn það sem af er“.
- Harðlífi** (n, hk) Hægðatregða; vallgangsteppa. „Í ritum Björns í Sauðlauksdal má finna ýmis ráð við harðlífi“.
- Harðlokað / Harðlæst** (l) Um dyr; lokað með lás slagbrandi eða öðru, en *liggja* ekki við *stafinn*.
- Harðmeti** (n, hk) Þurrkaður/hertur matur, s.s. harðfiskur.
- Harðna fall** (orðtak) Um sjávarfall; verða þyngra/ meiri straumhraði. „Lagt var þvert á straum, og hyllst var til að leggja lóðina í fullhörku á straum. Láta hana fá einn snúning og draga svo aftur þegar tók að harðna fallið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Harðna á dalnum / Harðna í ári** (orðtak) *Sverfa/þústna* að; verða erfiðara. „Það hefur harðnað mikið á dalnum með það að fá nægan mannskap í smalamennskur þegar fækkar í sveitinni“. Vísar líklega til þess að *taki fyrir beit* í harðfenni eða kafsnjó.
- Harðna í búi** (orðtak) Vantar nauðsynjar á heimili. „Menn þurftu að fara í kaupstaðinn þegar fór að harðna í búi eftir meginhluta vetrarins“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Harðneita** (s) Neita/synja kröftuglega. „Hann harðneitaði að hafa lagt yfir okkur; þetta væru net frá öðrum“.
- Harðneskja** (n, kvk) A. Erfitt tíðarfar; harðbýli. B. Harðlyndi; mannvonska. „Niðursetningar máttu þola ýmsa harðneskju“. C. Stífni; eftirfylgni. „Ég náði þessu máli í gegn með harðneskju“.
- Harðneskjulegt** (l) Hart; eins og af illgirni/meisemi. „Mörgum finnst það harðneskjulegt í dag að láta unglinga standa yfir fé, jafnvel í slæmum veðrum. En erfitt er að setja sig til fulls inn í aðstæður fyrri tíma“.
- Harðneskjutíð** (n, kvk) Ótíð; slæmt veðurlag. „Það hefur verið hálfgerð harðneskjutíð það sem af er burði“.
- Harðorður** (l) Þungorður; hvassyrstur. „Í ræðunni var hann nokkuð harðorður í garð þingmannsins“.
- Harðrétti** (n, hk) Erfið lífsskilyrði; krefjandi aðstæður. „Í hallærum lögðu menn á sig löng ferðalög að hlunninda- og útgerðastöðum eins og Útvíkunum, fremur en að sálást úr hungri og harðrétti heimafyrir“.
- Harðræði** (n, hk) Harðstjórn; slæm framkoma ráðandi aðila. „Láganúpsmenn þraukuðu hið illræmda harðræði sinna leigusala, Saurbæjarhyskisins, í árhundruð. En harðræði stjórnvalda með nútíma stjórnarháttum hefur lagt í eyði þá búsaeldarjörð, sem flestar aðrar“.

- Harðskeyttur** (l) Áræðinn; ákveðinn; ötull. „Það hefur þurft harðskeytta og útsjónarsama sjómenn til að stunda sjó á smákænum frá hafnlausri strönd fyrir opnu úthafi“.
- Harðsnúinn** (l) A. Erfiður; mótdrægur. „Það getur orðið harðsnúið í röstinni núna“. B. Um mann; erfiður viðureignar; forhertur. „Þessi kerling á skattstofunni hefur verið mér bölvænlega harðsnúin“.
- Harðsoðinn** (l) Um egg og annan mat; soðin þar til hart er í gegn. Gagnstætt við linsóðinn.
- Harðsótt** (l) Erfitt í framkvæmd; illmögulegt. „Það hey þurfti að bera á bakinu um snarbratta hryggi, með hengiflug fyrir ofan og neðan. Þetta var mjög harðsótt og hættuleg heyöflun, en menn lögðu ýmislegt á sig til að eiga nóg fóður fyrir skepnur sínar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Harðsperrur** (n, kvk, fto) Strengir; krampi í vöðvum eftir áreynslu. „Besta ráðið við harðsperrum er að fara sem fyrst aftur að hreyfa sig“.
- Harðspori** (n, kk) För í snjó sem verða upphleypt þegar þau frjósa og mýkri snjóinn skefur í burtu. Geta slíkar slóðir staðið lengi og verið greinilegar á löngum köflum. „Hann rakti harðsporann eftir ána niður á Stíg“.
- Harðsteinbítur** (n, kk) Hertur steinbítur. „Þau laun fylgdu starfinu að embættismaður mátti innheimta einn harðsteinbít af hverjum vermanni, en sú innheimta fórst jafnan fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Harðsvíraður** (l) Forhertur; illskeyttur. „Mér finnst þeir nokkuð harðsvíraðir í gjaldtökunni“. Svíri merkir háls. Sá sem er harðsvíraður gengur hnakkakerstur; með höfuðið uppreist, en fyrrum var það merki um undirgefni að ganga álútur.
- Harðsægjur** (n, kvk, fto) Seigar rætur sem í hallærum voru stundum grafnar upp og hafðar til matar.
- Harðsækinn** (l) Djarfur í að sækja sjó eða áræðinn við annað. „Andrés Karlsson frá Stekkjarmel þótti með harðsæknuðu sjógörpum“.
- Harður** (l) A. Ekki mjúkur/linur; stífur. „Heldur er þetta hart undir tönn“. B. Um straum; sterkur. „...hröðuðum okkur sem mest við máttum til að hafa suðurfall fyrir Blakknesið; þar er oft harður straumur og úfinn sjór í norðanátt...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). C. Hraustur; þolinn. „Strákurinn er nokkuð *harður af sér*“. D. Illþolandi; erfiður. „Þetta þykja mér *harðir kostir*“. „Nú er orðið *hart í bú*“. Eldri frb; „hardur“.
- Harður af sér** (orðtak) Þolinn; vinnusamur; stendur af sér mótlæti/sársauka. „Þetta er mikið áfall fyrir hann blessaðan, en það vill til að hann er harður af sér“.
- Harður í horn að taka** (orðtak) Erfiður viðureignar; ósveigjanlegur. „Hann var vel liðinn af sínum félögum en þótti harður í horn að taka í viðskiptum“. Mun upphaflega hafa verið; „harður í hönd að taka“ og vísar til erfiðs samningamanns.
- Harður kostur** (orðtak) Erfið skilyrði; afarkostir.
- Harður undir tönn** (orðtak) Harður að tryggja. „Fjári er harðfiskurinn harður undir tönn, svona óbarinn“. Sjá *mjúkur undir tönn*.
- Harðviðrasamt** (l) Illviðrasamt; ótíð. „Það er varla hægt að kalla þetta harðviðrasaman vetur“.
- Harðviðri** (n, hk) Slæmt veður. „... þá fóru vermenn þarna um á *útmánuðum* og oft í harðviðrum“ „Annað klifið, og það meira, heitir forvaði og er *illvætt* fyrir“ (MG; Látrabjarg).
- Harðvítugur** (l) Illvígur; heiftarlegur. „Milli bæjanna hafa lengi verið harðvítugar deilur“.
- Harðæri** (n, hk) Slæmur/harður tími; þrengingar. „Í harðærum flykktist fólk að verstöðvunum“.
- Harka** (n, kvk) Hörkur; harðindi; mikil frost. „... það var í hörku um veturinn að hestarnir fældust ...“ (TÖ; viðtal á Ísmús 1978)
- Harka af sér** (orðtak) Sýna manndóm þó á móti blási; standast sársauka/mótlæti. „Þú harkar þetta af þér“.
- Harka sér í** (orðtak) *Herða sig upp* í; hleypa í sig kjarki til framkvæmda. „Maður verður víst að harka sér út í veðrið og gá að þessum kindum“.
- Harkalega** (l) Með þjosti/hörku/festu; af afli/krafti. „Við megum ekki reka féð of harkalega, svona þreytt“ „Og til áréttingar var ýtt harkalega á öxl mér“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Harla** (ao) Fremur; afar. „Þetta er bara harla gott“. „Það var nú ekki harla mikill aflinn í þetta skiptið“. Í raun ætti að skrifa orðið með „ð“ samkvæmt uppruninum; harðlega, en það er sjaldnast gert, og þó: „Þótt nú gerðist harðla hvasst/ hrikti í ráum og taugum;/ segladótið set ég fast,/ sigli beint af augum“ (JR; Rósarámur).
- Harma** (s) Verða hryggur yfir; sjá eftir; þykja leit. „Mjög hefði hann harmað að Bjarni, sá er átti í Sjöundármálinu, náði ekki fundi hans þegar hann strauk úr varðhaldinu og var tekinn fastur á Móbergi á Rauðasandi á flóttanum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Harmabót** (n, kk) Bót á hörmungum; huggun. „Það er *ffandalegt* að hafa ekki náð að raka allt upp fyrir rigninguna, en þó harmabót að vera kominn með megnið af því í hlöðu“.

Harmagrátur (n, kk) Sorg; eftirsjá. „Það var mikill harmagrátur þegar heimalningurinn var vaninn undir“.

Harmakvein / Harmasöngur / Harmatölur (n, kk, kvk-fto) Tregafullt tal; vonleysishjal; uppgjafartónn. „Það tjár lítið að hafa uppi einhverjar harmatölur yfir veiðileysinsu; nú dugar ekkert annað en sækja fastar“.

Harmdauði (n, kk) Fráfall/dauði sem veldur sorg/eftirsjá. „Það varð sjónarsviptir þegar síðasti ísjakinn bráðnaði í fjörunni, en fáum varð það þó harmdauði“.

Harmkvæli (n, hk, fto) Mikil bágindi; hörmungar. „Það þótti mannúðlegra að stytta skepnunni aldur en láta hana lifa við slík harmkvæli“.

Harmónía (n, kvk) Guðsorðabók; saga Krists samkvæmt fjórum guðspjöllum. Harmónía var til á ýmsum bæjum. Ein slík var lengi varðveitt í Kollsvík. Hún er úttefin 1749, og var að öllum líkindum upphaflega í eigu Steinunnar frá Sjöundaá (Saka-Steinunnar), sem mun hafa haft hana hjá sér í Steininum. Áritaður eigandi er Valgerður Rebekka Gísladóttir, en hún var síðar í eigu dóttur hennar, Halldóru Kristjánsdóttur á Grundum, og síðan hennar dóttur, Sigríðar Guðbjartsdóttur á Láganúpi. Bókin er önnur tveggja slíkra sem nú eru til, og var afhent Árnastofnun til varðveislu árið 2009, ásamt því sem um hana er vitað. Til er orðatiltækið „*margt er skrytið í henni harmóníu*“ sem var nokkuð notað þar vestra.

Harmsefni (n, hk) Tilefni sorgar. „Það yrði mér ekkert harmsefni ef þessi ríkisstjórn hrökklaðist frá“!

Harmur kveðinn að (orðtak) Um andlát/fráfall; sorg hjá. „Auk hins sára harms sem að ástvinum hans var kveðinn, gerðist róðurinn þungur að koma þessum stóra barnahóp til þroska ...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Harpa (n, kvk) Fyrsti mánuður sumars samkvæmt fyrra tímatali; hefst með sumardeginum fyrsta. Hét til forna gaukmánuður eða sáðtíð, samkvæmt Snorra-Eddu. Ekki hefur fundist augljós skýring á nafninu.

Harpeis / Harpix (n, kk) Viðarkvoða; viðarolía. „Svo mikill harpix er stundum í rekaviði að erfitt er að saga hann“

Harsl (n, hk) Hörð frostsқан á mýkri snjó. Líklega dregið af „harður“ og „hersla“. „Það var dálítið harsl á jörð, en féð náði samt að krafsa sér til beitar.“

Hart að / Hart nærri (orðtök) Fast að; allt að; um það bil. „Hann var kominn hart nærri sjötugu“.

Hart á (orðtak) Erfitt; naumt. „Það var hart á því að ég kæmist útyfir vegna ófærðar“.

Hart á dalnum / Hart í ári (orðtak) Árar illa; erfitt árferði; hart/þröngt í búi. „Það er orðið hart í ári þegar ekki fæst tóbak“!

Hart á móti hörðu (orðtak) Um illdeilur. „Fyrst hann var svona ósveigjanlegur ákvað ég að láta hart mæta hörðu og skrifaði kvörtun til hans yfirboðara“.

Hart fall (orðtak) Hraður straumur. „Um hörðustu föllin verður jafnan ekkert ráðið við“ (PJ; Barðstr.bók).

Hart í ári (orðtak) Erfiðleikar; þrengingar; þrengingatímar. „Það er nú orðið hart í ári ef maður á ekki dálitla kaffilús að lána þér“.

Hart/þröngt í búi (orðtak) Erfið lífskjör; lítið lífsviðurværi; fátækt. „Það er að verða hart í búi varðandi saltið“.

Hart haldinn (orðtak) *Illa haldinn*; sætir illri/harðri meðferð.

Hart í bak/stjór (orðtök) Skipanir til stýrimanns á bát, um að beygja eins og unnt er á bakborða/stjórnborða.

Hart kemur sá nður sem hátt dettur (orðatiltæki) Auðskiljanlegt í bókstaflegri merkingu; einnig líkingamál um það að falla úr mikilli virðingarstöðu.

Hart leikinn (orðtak) Sæta slæmri meðferð; verða illa úti. „Hann taldi sig hart leikinn í kosningunum og undi ósigrinum illa“.

Hart og títt / Ótt og títt (orðtök) Endurtekið hratt og oft. „Hann hamraði blikkið hart og títt, og fljótlega tók það á sig lögun bátssíðu“.

Hart skal móti hörðu koma (orðatiltæki) Maður er í fullum rétti að verja hendur sínar ef sótt er að.

Hart vatn (orðtak) Kalkríkt vatn. Vatnið í Kollsvík er mjög kalkríkt, eftir að hafa runnið um skeljasand í jarðlögum. Slíkt er stundum nefnt hart vatn. Sé það hitað og kælt aftur fellur kalkið út sem hrúður, t.d. innanum vatnslagnir og ílát. Þvottur úr hörðu vatni krefst mikillar sápu, en heilnæmt er það og steinefnaríkt.

Hartnær / Hartnærri (ao) Nærri því; hér um bil; *þéttnærri*. „Hann hafði þá verið formaður í hartnær tuttugu ár“. „Ég held að þetta hafi verið hartnærri hundraðinu“.

Hart í ári / Hart í búi (orðtak) Orðið lítið um nauðsynjar á heimili. „Menn þurftu að fara í kaupstaðinn þegar fór að harðna í búi eftir meirihluta vetrarins“. (KJK; Lesbók Þjóðv).

Hart undir fæti (orðtak) Hart/öruggt að stíga á. „Á syllunni er ber klöpp og hart undir fæti, en það þarf að *haf* varann á í moldarflaginu“.

Haska (s) Flýta; hraða. „Við þurfum að fara að haska þessu“.

Haska sér (orðtak) Flýta sér; *koma sér*. „Þú þarft að haska þér ef þú ætlar að ná norður áður en élið skellur á“.

Hasla sér völl (orðtak) Koma sér fyrir; eigna sér sess. „Hann hefur haslað sér völl sem einn helsti fræðimaður okkar á þessu sviði“. Hasl er þarna fornt heiti á hesliviði (corollus avellana). Að hasla merkir að girða með hesliviðarrengrum. Orðtakið merkir því að girða tiltekið landsvæði; afmarka svæði með tágum. Menn helguðu á þann hátt t.d. stað þar sem einvígi skyldi háð. Fyrrum var til orðtakið að „hasla (einhverjum) völl“, þ.e. skora einhvern á hólm

Hast (n, hk) Flýtir; asi. „Óttalegt hast er á þér; hefurðu ekki tíma til að fá þér kaffisopa“?

Hasta (s) A. Liggja á. „Þessu hastar nú ekki mjög mikið“. B. Skamma. „Hann hastaði á strákana“.

Hastarlega (ao) A. Í skyndi; með hraði. „Rýkur hann hastarlega upp af norðan? “ (ÞJ; Brímlending í Kollsvík). B. Um veikindi; illilega; alvarlega. „Ég fékk hastarlega í magann af þessu fjárans gumsi“. C. Með höstugleika. „Ég kallaði hastarlega til strákanna að hætta að fikta í þessu“.

Hastarlegur (l) A. Snögglegur; svíplegur. „Það er stórstraumur, og rjúki hann hastarlega upp af norðan, sem ég satt að segja held, þá veistu hvernig hann er fyrir Blakknum “ (ÞJ; Brímlending í Kollsvík). „Þetta var nú dálítið hastarlegt með hann Kennedy“. B. Reiðilegur; höstuglegur. „Hann skipaði þeim hastarlega að hætta“.

Hastur (l) A. Óþýður/harkalegur til ásetu. „Gamli Ferguson var lipur í notkun en fjandanum hastari á holóttum vegi“. B. Reiðilegur; höstugur. „Pabbi var frekar hastur þegar hann komst að æfingum okkar með rifflinn“.

Hatrammlega (ao) Af hörku; *argvítuglega*. „Sama var hversu menn börðust hatrammlega gegn þessu óréttlati; á þá var ekki hlustað“.

Hatrammur andstæðingur (orðtak) Algerlega á móti. „Flestir Kollsvíkingar hafa verið á móti óþarfa hernaðarbrólti, og sumir hatrammir andstæðingar Nató og undirlægjuháttar íslenskra stjórnvalda við það“.

Hatta fyrir (orðtak) Móa fyrir; móta fyrir. „Þokan var svo bikasvört að hvergi hattaði fyrir landi, þó vel heyrðist báruskvaldrið við ströndina“. „Mér finnst sem hatti fyrir meinfýsi í þessari lýsingu“.

Hattkúfur (n, kk) Gæluheiti á hatti. „Hvar skyldi ég nú hafa lagt hattkúfminn“?

Hauður (n, hk) Hæð. Heyrðist ekki í daglegu tali vestra, en notað í kveðskap.

Hauga saman (orðtak) Setja saman í haug; dengja saman. „Við haugum öllum eggjunum saman áður en við förum að skipta, þannig að þau blandist vel ef þau eru *missetin*“.

Haugabrim (n, hk) „Haugabrim er nokkuð mikið, en þó gætir laga“ (JT Kollsvík; LK; Ísl.sjávarhættir III).

Haugaleti (n, kvk) Mikill ónyttjungsháttur; algert aðgerðaleysi. „Ég hef sjaldan kynnst annarri eins haugaleti í nokkrum manni“!

Haugalygi (n, kvk) Algert kjaftæði; *helber* ósannindi. „Mér var sagt þetta svona, en líklega er það haugalygi“.

Haugarfi (n, kk) *Stellaria media*; arfi sem algengur er við bæi og í fuglabjörgum og vex best í skít og mold. Við bestu skilyrði verða til miklar *arfabeðjur*, og er hann til ama og skaða í gördum. „Arfi, tekinn áður en hann kemur í blómstur og tilbúinn rétt eins og súpukál, er hin hollasta og mjúkasta fæða fyrir sóttlera menn; helst þá sem ei eru frír fyrir köldusýki. Það er þeim líka hollu matur sem hafa veikan maga, ellegar og svo rýrnunarsótt. Hefur þessi jurt viðlíka smekk og verkun sem spínat, þá hún er eins tilbúin... Arfafræ er gott hænsnafóður á vetrum... Arfafræ má mala og með öðru mjöli til brauðgerðar brúka“ (BH; Grasnytjar).

Haugarigning / Haugrigning (n, kvk) Mjög mikil/gróf rigning; *hellirigning*. „Maður heldur sig helst innvið í svona haugarigningu“. „Þvílík haugarigning er þetta; það eru bara lækir á hlaðinu“!

Haugarigna / Haugrigna (s) Rigna ákaft og í mjög miklu magni; sérstaklega gróf/áköf rigning. „Hann er farinn að haugarigna aftur“! „Enn haugrignir hann; og bara engin skúraskil á milli“!

Haugasjór (n, kk) Mjög mikill sjór með háum og sverum öldum. „Hann heldur enn þessum haugasjó; við erum ekkert að fara á sjó í dag, sýnist mér“.

Haugdrullugur / Haugskítugur (l) *Grútskítugur*; *útataður*; mjög *forugur*. „Hvern skrattann varstu nú að *bardúsa* strákur? Þú ert haugdrullugur *frá toppi til táar*“!

Haugfé (n, hk) Verðmætir hlutir sem grafnir eru með manneskju. Sá siður tíðkaðist einkum í ásatrú, og hafa víða fundist ýmiskonar gripir í kumlum. Gott dæmi um það er bátskumlið í Vatnsdal. Sjá *Vatnsdalskumlið*.

Haughús (n, hk) Þró/kjallari sem í er safnað kúaskít, vanalega steinsteypt á síðari tímum.

Hauglatur (l) Mjög latur; nennir alls ekki að vinna. „Hann er svo hauglatur að hann dregur varla andann“!

Haugryðgaður (l) Mjög mikið ryðgaður; kolryðgaður. „Það þýðir ekkert að mála járníð svona haugryðgað“.

Haugsalta (s) *Rígsalta; kakksalta*; salta mjög mikið; salta svo mikið að hrúgur/kekkir af salti sitji ofaná.

Haugsaltaður (l) *Kakksaltaður; rígsaltaður*; svo mikið saltaður að haugar/kekkir sitji ofaná. „Fiskurinn var haugsaltaður, svo ekki skemmdist hann þessvegna“.

Haugur (n, kk) Skítahaugur var fastur fylgihlutur flestra skepnuhúsa langt frameftir 20. öldinni. Fjós þurfti að moka, helst tvisvar á dag og stinga þurfti það úr fjárhúsum. Jafnvel eftir að kjallarar urðu staðalbúnaður fjárhúsa þurfti tíðum að „léttu á“ þeim yfir veturinn. Skítum var ekið út á haug í hjólbörum, sem framanaf voru heimasíðaðar úr tré en síðar aðkeyptar. Haugurinn var svo nýttur til áburðar á tún á vorin. Haughús og stórir fjárhúskjallarar hafa nú víðast leyst haugana af hólmi; ásýnd sveitabæjanna hefur breyst.

Haukalóð (n, kvk) Lúðulóð. „Um líkt leyti og messudagaróðrarnir voru farnir fóru ýmsir, einkum heimamenn, með haukalóðir. Önglarnir voru stærri á þeim og nefndir haukar. Línan lengri; taumar lengri og sterkari og með lengra millibili, eða um 3m. Oft var línan ekki lengri en 100 – 150 krókar. Lengra var sótt, jafnvel á ákveðin mið, með línu þessa. Þótt línan væri ekki lengri en þetta fékkst oft dágóður afli á hana. Var það einkum skata og lúða; stórir *golþorskar* og steinbitur, sem veiddist á haukalóð. Það gat orðið þungur dráttur að draga línuna á höndum, einkum ef mikið var á af skötu og lúðu, eins og komið gat fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver). „Haukalóðin var úr sterkara efni en lóðir sem notaðar voru fyrir þorsk; oft 150 – 200 krókar, og voru þeir stærri en á þorskalóð. Hafður var tveir og hálfur faðmur á milli tauma, og taumurinn var einn faðmur. Steinar eða drekar voru á báðum endum og niðristöður og dufl“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Haukur (n, kk) Krókur á *haukalóð/lúðulóð* sjá þar.

Haukur í horni (orðtak) Vinur í raun; sá sem aðstoðar/bjargar. „Hann eryndist okkur heldur betur haukur í horni í þessum erfiðleikum“.

Haus (n, kk) A. Höfuð á lífveru. „Ég þori að leggja minn haus að veði fyrir þessu“. B. Efsti/fremsti hlutinn á hlut/fyrirbæri, sbr. bréfshaus; Kollsvíkurtóarhaus; hamarshaus; tíuprjónshaus; glóðarhaus o.fl.

Hausa (s) Taka haus af fiski. „Fiskurinn var *handfestur* t.d. með því að stinga þumalfingri vinstri handar í *vaðkeipuna* (þegar vaðkeipað var) og vísifingri í augað. Því næst var skorið fram með hausnum hægra megin og þess gætt að *vætubeinið* fylgdi fiskinum. Einnig smokkuðu sumir vinstri hendi í vaðkeipuna og tóku um tálknið meðan skorið var meðfram hausnum vinstra megin. Loks er hann rifinn frá bolnum með því að vera með vinstri hönd í vaðkeipunni, en í hægri hendi er haldið á hnífnum og jafnframt tekið með henni í opinn hálsinn milli *angiljubeina*. Ríkt var gengið eftir að *krummafiskurinn* fylgdi bolnum þegar hausað var, ef kviðfletja átti fiskinn og herða eða salta. Ennfremur þótti kostur að hnakkakúlan fylgdi krummanum þegar fiskurinn var hnackafluttur og hertur. En oft vildi brenna við að efra vætubeinið fylgdi hausnum og jafnvel bæði, ef ekki var skorið fram með honum. eins gátu þá einn eða tveir hryggjarliðir orðið áfastir krummanum. Varast átti að taka fiskinn upp á *þunnildinu*. Oft var notað þvertré eða búkki þegar hausað var framan frá“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Hausagrind / Hausarekki / Hausaklefi (n, kvk/kk) Þegar skotmaður í sláturhúsinu á Gjögurum hafði skorið haus frá búk, gekk hann frá honum í hausagrind, þar sem blóð rann úr strjúpanum. Síðan var tekið úr grindinni og hausunum raðað á hausarekka í hausaklefanum. Í grindinni og rekkunum hvíldi strjúpin á galvaniseruðum vatnsrörum.

Hausamót (n, hk, fto) Skilin í höfuðkúpunni, þar sem höfuðbeinin mætast. Notað einkum í orðtakinu að *tala yfir hausamótunum* á einhverjum.

Hausanál (n, kvk) Nál sem höfð var til að kippa þurra/hálfþurra þorskhausa upp í kippu. „Ef hausar voru hertir á rámi í hjöllum voru þeir venjulega teknir af þeim til að rýma fyrir nýjum. Hálfhertir hausar voru kippaðir upp; stungið þræddri hausanál í gegnum augað og þræddir um 60 hausar upp á *þorskhausaband* og hnýtt að. Hausanálin var úr hvalbeini; lík seilarnál en allmiklu minni; um 20 cm á lengd. Þær tíðkuðust ekki nema á Vestfjörðum. ..“ (LK; Ísl. sjávarhættir).

Hausaskaft (n, hk) Um 30-40 cm skaft/prik sem notað var til að halda sviðahaus yfir eldi, meðan enn var sviðið yfir olíueldi. Sjá *svið*.

Hausastappa (n, kvk) Réttur úr þorskhausum sem algengur var í Kollsvík og nágrenni. Hausar af stórum þorski eru rifnir upp og úr þeim tekið hausbein og tálkn. Síðan eru þeir soðnir í potti með nýrri þorskklifur, þar til úr verður þéttur grauttur. Þetta er herramannsmatur þó töluverð vinna sé við beinatínslu. „En þá kemur loks að þessum rétti sem þótti ómissandi þegar komið var í land með aflann, en það var hausastappan. Í hana voru notaðir helst stórir hausar, ef slíkir komu á land. Oftast voru teknar kinnar. Þetta var skafið vandlega og soðið með talsverðri lifur; og skilyrði að það væri glænýtt. Svo var allt fært upp og tínd úr þau bein sem náðust; allt hitt hrært saman og borðað með kartöflum og gjarnan seyddu rúgbrauði. Fólk taldi ekki eftir sér að tína út úr sér nokkuð af beinum“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). Líkast til hefur þessi réttur oftast verið á borðum á Hólum og Grundum en víða annarsstaðar, meðan þær jarðir voru í eigu Saurbæjarbónda. Bændur

þar voru skyldugir til formennsku á bátum Bæjarhöfðingjans, en höfðu einungis hausana af aflanum til hlutar. (Heimild: ÁM/PV Jarðabók).

Hausasveðja / Hausunarhnífur / Hausunarsveðja (n, kvk/kk) *Blóðhnífur*; stór blaðlangur og flugbeittur hnífur sem notaður er til að skera háls á skepnum eftir slátrun, og taka hausinn af eftir að blætt hefur. „Skotmaður gekk ávallt tryggilega frá byssum, skotum og hausasveðju inni í læstri kompu í lok hvers sláturdags“.

Hausatala (n, kvk) Höfðatala; fjöldi einstaklinga. „Ég verð með sömu hausatölu á fóðrum í vetur og í fyrra“.

Hausavíxl (n, hk) A. Upphafl. merking; þegar lamb er markað eyrnamarki, þannig að víxlað er eyrum; þ.e. haus snýr öfugur við þeim sem markar. B. Afleidd merking; þegar einn er tekinn fyrir annan, e.t.v. í misgripum.

Haushæð (n, kvk) Jafn hátt höfði manns. „Skútinn er í haushæð yfir ganginum innanverðum, og má nokkuð auðveldlega klórast upp í hann. Þar eru oft í kringum tuttugu langvíuegg“.

Hausta (s) Koma haust. „Það er kannski rétt að taka þetta á hús áður en haustar meira“.

Haustafli (n, kk) Afli sem fæst að haustlagi. „Ef vel gaf var róid fram undir veturnætur. Mér finnst að frekar hafi verið stillur á haustin áður fyrr. Oft var þá góður haustafli þegar fiskur fór að gefa sig til“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Haustrerð (n, kvk) Kaupstaðarferð til aðdráttu, sem farin er að hausti. „Oft voru þessar ferðir nokkuð erfiðar og hrakningssamar, sérstaklega haustferðirnar“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Haustraglandi (n, kk) Köld úrkoma á haustin, jafnvel snjófjúk, í hrollköldu veðri.

Haustrret (n, hk) Óveðursáhlaupsnemma að haustinu, með nokkrum snjóum.

Haustramb (n, hk) Sumargamalt lamb; lamb að hausti.

Haustrlegur (l) Um veðráttu; lík því sem er á haustin; kuldalegur. „Ári er hann orðinn haustlegur til fjalla“.

Haustrmánuður (n, kk) A. Einn mánaðanna í hinu forna tímatali; síðasti mánuður sumars; hefst með fimmtudegi í 23.viku sumars, þ.e. 21.-27.sept; einnig nefndur garðlagsmánuður. B. Almennert er orðið notað nú á dögum í fleirtölu, yfir mánuði haustsins, einkum ágúst, september og jafnvel október.

Haustrmyrkur / Hauströkkur (n, hk) Rökkur/myrkur að hausti. „Maður nennir ekki að vera að þessum næturferðum eftir að komið er fram í haustmyrkur“.

Haustrnepja (n, kvk) Kuldi að haustlagi. „Búðu þig nú almennilega fyrir haustnepjuna“.

Haustrsól (n, kvk) Sól/sólskin að haustlagi. „Haustrsólin megnar ekki að bræða snjófölinu yfir daginn“.

Haustrull (n, kvk) Ull sem tekin er af fé að haustlagi.

Haustrtími / Haustrlag (n, kk/hk) Tíminn að haustinu. „Þetta gerðist að haustrtíma“.

Haustrveður / Haustrveðráttu (n, hk/kvk) Veðurlag að hausti. „Þetta líkist nú fremur haustveðri en sumarblíðu“.

Haustrverk (n, hk, fto) Verk sem vinna þarf að hausti. Regluleg haustverk í búskap eru einkum smalamennskur, réttir, slátrun og úrvinnsla því tengd. Einnig frágangur heyja, undirbúningur húsa og skepna fyrir veturni, skítmokstu úr húsum, frá gangur báta og vergagna og ýmislegt fleira.

Haustrvottur (n, kk) Þvottur á höfði. „Ætli ég sé ekki orðinn þurfandi fyrir haustvott, eftir að múkkafjandinn ældi yfir mig“.

Havarí (n, hk) Vesni; umstang; *brambolt*. „Það var ljóta havaríð að missa kálfana úr girðingunni“.

Há- (forskeyti) Forskeyti margra nafnorða til að marka miðbik eða það sem hæst ber; hásumar; hávetur; háflóð; háfjara; hásláttur; háheyskapur; háslátrun o.fl.

Há (n, kvk) A. Upprunalega heiti á hrossskinni; *hrosshá*. B. Grasspretta á túnnum eftir fyrri slátt. Þá var *slegin há*. Einkum notað í þeirri merkingu í Kollsvík. C. Í orðasambandinu; „með hýrri há“, sem merkir glaður.

Háa drif / Lága drif (orðtök) Mismunandi hraða- og aflskiptingar ökutækja. Sjá *lágadrifskeyrsla*.

Háalvarlegur (l) Mjög alvarlegur á svip; án alls gamans/gríns. „Hann sagði þetta háalvarlegur“.

Háannatími (n, kk) Tíminn þegar mest er að gera á búi/vinnustað. „Það er best að ljúka þessu af; ekki er betra að geyma það fram í háannatímann“.

Háarheit (n, kvk) Beit búpenings á há. „Kýrnar mjólka aldrei eins vel og af háarheitinni“.

Háarok /n, hk) *Gufurok*; hvassviðri/rok á sjó, þannig að sædrífa berst hátt upp í loft. „Að hafa geiglausu og listilega stjórn á stýri, jafnt í *lognsævi* sem *spildusjó* og háaroki, var *óvéfengjanleg* íþrótt...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; frásögn ÓETH).

- Háarenningur** (n, kk) Skafrenningur sem nær hátt yfir yfirborðið. „Það er *öskrandi* norðanátt með háarenningi“.
- Háarhey / Háartaða** (n, hk/kvk) Hey sem verkað er af há. Það er oft kjarnmesta heyið, ef verkun tekst vel.
- Háarheyskapur** (n, kk) Vinna við að slá og verka *há*, og koma henni í hlöðu. „Hér er búinn allur heyskapur nema háarheyskapur“.
- Háaustansteytingur** (n, kk) Hvassviðri af háaustri. „Árni var á leið til lands í háaustansteytingi...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hábakkaflæði** (n, kvk) Mjög stór flæði; oftast í stórstraumi og álandsvindi. „Nú er hábakkaflæði og stutt að setja niður“. Orðabækur kannast ekki við þessa framsetningu sem algeng er í Kollsvík, en tilgreina aftur á móti „hábakkaflóð“.
- Hábjarg** (n, hk) Bjarg, þar sem það er hæst. „Þeir smöluðu ekki uppi á hábjarginu; töldu að þar væri ekkert fé“.
- Hábjargræðistími** (n, kk) Sá árstími sem mestar annir eru við búskap og hlunnindanýtingu; vor- og sumartími. „Ekki veit ég nú hvað það á að þýða að æða í einhverja kemmtiferð um hábjargræðistímann!“ „Það var um hábjargræðistímann, að menn voru sendir af sveitarstjórn til að kanna heyskap bænda“ (ÞJ; Árb.Barð 1968).
- Hábjartur dagur** (orðtak) Orðið fullbjart af degi. „Sefurðu ennþá; og kominn hábjartur dagur“?
- Háborinn** (l) Vel ættaður; af tignum ættum. Eingöngu notað í líkingamáli í seinni tíð; einkum orðtakinu *til háborinnar skammar*. (sjá þar).
- Hábrún** (n, kvk) Bjargbrún/brekkubrún, þar sem hæst ber. „Er þetta kind, þarna uppi á hábrúninni“?
- Hábunga** (n, kvk) Hæsta/mesta hæð á fjalli. „Á hægri hönd er hábunga Breiðsins“ (IG; Sagt til vegar I). „Ofan brúnar kringum Sölmundargjá er brött brekka; Kjammi, upp á hábungu Blakksins“ (HÖ; Fjaran).
- Hábyggður** (l) Um mannvirki sem ekki rís hátt. „Ekki voru fyrstu húsin hábyggð, þó á þremur hæðum væru“.
- Hábölvað** (l) Mjög slæmt/leitt/erfitt. „Það er alveg hábölvað að eiga við féð á þessum stað í klettunum“.
- Hádagur** (n, kk) Bjartur dagur; liðið langt fram á morgun. „Ég held hann hafi nú gott af að fara að vakna; það er kominn hádagur“.
- Hádegi** (n, hk) Sá tími dags þegar sól er hæst á lofti; kl 12. „Það var kveikt kl 6-7; þá var miðdagsmatur. Ekkert hafði verið borðað frá því kl 10 árdegis, en kl 12 á hádegi var kaffi fyrir fullorðna en grasate fyrir börn og unglínga (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hádegismatur** (n, kk) Matur sem snæddur er í hádeginu. „Hádegismatur var venjulega aðalmáltíð dagsins. Heldur meira var í hann lagt en kvöldmat. Oftast var heitur kjöt- eða fiskréttur í aðalrétt og súpa, grautur eða skyr í eftirrétt, en þó var það ekki einhlítt“. Merkillegt er að orðið sést hvorki í Orðabók HÍ né Menningarsjóðs. Þar er tilgreindur „hádegisverður“ og „hádegismáltíð“ en þetta var meira notað í Kollsvík.
- Hádegissól** (n, kvk) Sólskin um miðjan daginn. „Heyið þornar alveg af ljánum í svona *flæsu* og hádegissól“.
- Háð er heimskra gaman** (orðatiltæki) Það hefur aldrei talist gáfumerki að hafa uppi léttvægt spé, stríðni eða kaldhæðni.
- Háðfugl** (n, kk) Spaugsamur maður; grínisti; spéfugl. „Hann kann að koma orðum að því, þessi háðfugl“.
- Háðsglósa** (n, kvk) Skens; niðrandi athugasemd í háði; grín á annars kostnað.
- Háðskur** (l) *Grínaktugur; glettinn; bekkinn*. „Hann gat verið meinlega háðskur í orðum“.
- Háðsorð / Háðsyrði** (n, hk) Skens; gamansöm athugasemd á annars kostnað. „Fyrir þetta mátti hann þola allnokkur háðsorð sinna vinnufélaga“.
- Háðulega** (ao) Neyðarlega; skammarlega. „Þessi sýndarmennska endaði nokkuð háðulega“.
- Háðulegur** (l) Neyðarlegur; skammarlegur. „Mér finnst það háðulegur andskoti að þeim skuli enn ekki hafa tekist að uppfylla eitt einasta kosningaloforð!“ „Þótti sumum þetta fremur háðugleg útreið“.
- Háðung** (n, kvk) Skömm; niðurlægning. „Þessi niðurstaða er algjör háðung“. „Þeim til háðungar las hann nokkra vel valda kafla uppúr síðasta kosningabæklingi“.
- Háður** (l) Tengdur; skilyrtur; *veltur á*. „Ég kom sem farþegi með honum og er því háður hans áætlunum“. „Þetta loforð er auðvitað háð því að ég fái mínar greiðslur á réttum tíma“.
- Háegg** (n, kvk) Hæsta brún á fjalli/hálsi/heiði. „Handan við háeggina er brött brekka; Gjárdalskjammi“.
- Háeggjatími** (n, kk) Tíminn þegar eggjataka í björgum stendur sem hæst. „Stundum varð lítið um svefn hjá manni yfir háeggjatímann“.
- Háfengitími** (n, kk) Miðbik *fengitíma*. „Það er bölvað að missa hrútinn, svona um háfengitímann“!

Háfermi (n, hk) Há hleðsla farms. „Meðan hey var fullþurrkað var reynt að hlaða eins miklu á hvern heyvagn sem fluttur var í hlöðu og framast var kostur. Væri vel hlaðið á; troðið, jafnað á vagninum og rakað utanúr, þá gat þetta orðið mikið háfermi. Minnir mig að sátan á heyvagninum á Láganúpi hafi eitt sinn mælst nærri 5 metra há, þegar hirt var af Gamla túninu og Þrjútnum; topphlaðin á vagninn sem var án hliðargrinda. Þetta hláss dró Gamli Ferguson með sínum 16 hestöflum án þess að hiksta“ (VÖ).

„Enn er flutt út í Fönix, uns komið er allmikið háfermi af skreið“ (KJK; Kollsvíkurvegur). „Stóð kassinn talsvert útaf á bæði borð, og var þó nokkuð háfermi“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Háfjall (n, hk) Hæsti hlutinn á fjalli. „Af háfjallinu lítum við niður á Blakkinn og hafið fyrir utan; sólgliða og kyrrt til ysta sólarhrings“ (JB; Verstöðin Kollsvík) . „Fremst í Mábergsdal; uppi á háfjalli, er Grenshóll“ (ÍÍ; Örn.skrá Mábergs).

Háfjallaskafmold / Háfjallaskafmoldarbylur (n, kvk/kk) *Skafrenningur/skafbylur* sem nær svo hátt í loft upp að tekur af fjallasýn. „Ég fer ekkert af stað í svona *öskrandi roki* og háfjallaskafmoldarbyl“.

Háfjara / Háflóð / Hálfallið (n, kvk) Mesta fjara og flóð sem verður yfir hvert sjávarfall og millistig þess. „Í Kollsvíkurvegi er erfitt með setningu á báti um háfjöru; jafnvel eftir að vagnar fóru að tíðkast. Betra er að setja upp og niður um háflóð, en þá er reyndar minna skjól fyrir báru á Læginu. Best er að setja um hálfallið. Þá er hæfilega brattur og þéttur sandurinn og skerin útifyrir taka úr veltingi ef einhver er“.

„Háflóð var, og því stutt að setja“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Háfleygur (l) Í líkingamáli um mann sem notar uppskrúfað/tilgerðarlegt orðalag í sínum lýsingum.

Háfættur (l) Með langa fætur. „Afi lagði mikið uppúr því að féð væri nægilega háfætt til að geta borið sig um í grýttu landi og brattlendi“.

Hágráta / Hágrenja / Háhljóða / Háorga (s) Skæla/orga hástöfum. „Ég hljóp til þegar barnið fór allt í einu að hágráta“.

Háháls / Háheiði (n, kvk) Efsti hluti hálsa og heiða. „Tunguheiðin er skemmtileg gönguleið og víðsýnt er af háheiðinni; yfir Örlygshöfn, Hænuvík og Kollsvík“.

Háhestur (n, kk) Þegar léttur einstaklingur er borinn þannig að hann situr á öxlum þess sem ber, með höfuð hans í kjöltu sér.

Háheyskapartími / Háheyskapur (n, kk) Tíminn þegar heyskapur stendur sem hæst. „Ég á óhægt með að gera þetta núna, svona rétt um háheyskapinn“.

Hájarma (s) Um kind; jarma hátt. „Hvar er lambið frá þessari sem stendur hájarmandi uppi á Hjöllum“?

Hákarl / Hákarlaveiðar (n, kk) Háskerðingur; brjóskfiskur af háfaætt. Hákarlaveiðar eiga sér líklega langa sögu í Kollsvík, og víst er að þar voru þær stundaðar um 1700. Leiða má líkum að því að þar hafi verið gert út á hákarl allt frá Þjóðveldisöld, líkt og á öðrum stöðum sem best lágu við sjósókn (sbr. LK; Ísl.sjávarhættir III). Hákarlaveiðar á landinu voru orðnar all nokkrar um 1400 og fóru þá vaxandi. Um miðja 18. öld jókst sóknin til muna, enda fór þá markaður fyrir lýsi vaxandi með hverju ári. „Meðan hákarlaveiðar voru stundaðar eingöngu á opnum skipum var ógerlegt að sækja djúpt til hafs. Þurfti því að grípa hákarlinn á þeim árstímum sem hann var á grunnmiðum, en það var að vetrinum og framan af vori“ (GG; Skútuöldin). Áttæringar og sexæringar voru notaðir til hákarlaveiða. Líklega hefur slúppskútan Delphin, sem Einar í Kollsvík gerði út með Guðmundi Scheving, gengið jöfnum höndum til þorsk- og hákarlaveiða. Elstu öruggu heimildirnar um hákarlaveiðar Kollsvíkinga eru um útgerð Hákarlaskipsins Fönix, sem síðar fékk nafnið „Eldri Fönix“ og var í eigu Grundarbænda, en hann var rifinn um aldamótin 1900. (Sjá nánar hér framar um *Fönix*). Hákarl var veiddur á þrennskona veiðarfæri; *haldvað/handvað* sem lengi tíðkaðist; *lagvað* sem heimildir nefna fyrst á 17. öld og *hákarlalóð* sem kom til sögunnar seint á 18. öld og var mikið notuð á sunnanverðum Vestfjörðum. „Á Patreksfirði voru hákarlalóðir einungis með tveimur *sóknum* (krókum) og var langt á milli þeirra. *Ásinn* (línar) var úr vöfðum kaðli, en *öngultaumurinn* úr keðju, og var tveimur glerkúlum fest við hvorn þeirra, en auk þess var einnig flotholt á hverri niðurstöðu“ (Frásögn Ó.E.Th; Ísl Sjávarhættir III). Við veiðarnar þurfti að hafa *íferu* til að *setja fast* í hákarlinn; *hnall/kepp* til að rota hann; *drepp* til að *leggja* hann og langa hnifa sem nefndur *skálmur* til að skera hann, en til þess var einnig notuð *lensa*. *Kría* var séstakt áhald til að losa sóknina úr hákarlinum, eftir að búið var að opna gin hans með *gómbít*. Með *trumbuhníf* var gert gat á *trumbuna* (trjónuna) til að koma fyrir *trumbubandi* með *seilanál*, en með bandinu var hákarlinn *settur á tamp*; þ.e. komið fyrir undir bátinum á keðju til heimflutnings. *Hákarlaskutull* var stundum notaður, og einnig *hákarlagoggur*. Einnig fylgdu hákarlaskipum *beituskrína* og *beituhnífar*. Til beitu var ýmislegt notað; hrossaket; selshausar; fiskur; fiskslóg; innyfli og fleira. „Hákarlabeita var mestmegnis hrossakjöt og selspik... Hrossaskrokkarnir voru látnir uldna vel og rækilega... Þegar lokið var að afla kópanna voru þeir teknir með húð og hári og fylltir rommi... Síðan voru selirnir geymdir í tunnu á svipaðan hátt og hrossakjötið... Beiturnar voru þræddar upp á sóknina.. einatt sín beitan af hvoru, uns öngullinn var fullur upp á miðjan legg“. (GG; Skútuöldin). Stundum var *borið niður*; sett niður

agn í einhvern tíma til að lokka hákarlinn á *veiðislóðina*. Í hákarlalegur var einkum farið á vorin og haustin, og *hyllst til* að fara í *vaxandi straum*. Á fyrri öldum var hákarlinn einkum veiddur vegna *mötunnar*, en með vaxandi eftirspurn lýsis varð áherslan meiri á lifrina, og vegna hennar blómstraði hákarlaútgerðin á 17. 18. og 19. öld. Hákarl hefur þó alla tíð verið verkaður til *kæsingar*. Hann var skorinn í *lykkjur* eftir ákveðnum reglum, og síðan *kasadur*. Gerðar voru *hákarlagryfjur* í *fjörुकamb*, helst úr fingerðri möl. Ætla má að til þess hafi Grundarfjara vel hentað. Ofan á *kösina* var sett grjót og e.t.v. einnig torf eða þari. Látíð var kasast í 1 ½ til 2 mánuði. Hæfilega var kæst ef fingur maukaðist sem stungið var í hákarlinn. Sumir höfðu þá viðmiðun að hæfilega væri kæst ef hákarlinn mataði hníf þegar stungið var í. Þá var hann hengdur í *hjall*, en eftir þurrkun var hann hengdur upp í skemmu eða fjárhús. Naumast þótti hákarl ætur yngri en ársgamall. Eftir verkun er talað um *glerhákarl*, sem er þá *kviðfiskurinn*, og *skyrhákarl* sem er af búknum. Glerhákarl var kasadur skemur en skyrhákarlinn, en þurrkaður lengur. Fyrir utan það að vera sælkeramatúr er hákarlinn mjög orkurikur og var því fæða *erfiðismanna*. Hann var talinn bæta mönnum svefn og *meinhollur* fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti. Hann var notaður sem sárameðal og þótti lækna ígerðir og magasár. „Viðstaddir votta enn;/ var þar á meðal Steinn,/ allir ágætismenn,/ að hinn ungi sveinn/ bað um fullorðinsföt/ frat í reifa og lín;/ heimtaði hangikjöt/ hákarl og brennivín“ (JR; Rósarímur).

Hákarlabeita (n, kvk) „Hákarlabeita var mestmegnis hrossakjöt og selspik... Hrossaskrokkarnir voru látnir úldna vel og rækilega... Þegar lokið var að afla kópanna voru þeir teknir með húð og hári og fylltir rommi... Síðan voru selirnir geymdir í tunnu á svipaðan hátt og hrossakjötið... Beiturnar voru þræddar upp á sóknina... einatt sín beitan af hvoru, uns öngullinn var fullur upp á miðjan legg“. (GG; Skútuöldin). Sú grýlusaga var sögð að fransmenn sæktust mjög eftir börnum fyrir hákarlabeitu; einkum ef þau væru rauðhærð og sambrýnd. Slíkri sögn tengist t.d. nafn Sölmundargjár. Ekki má rugla hákarlabeitu við *hákarlsbeitu*, sem er annars eðlis.

Hákarlagryfja (n, kvk) Gryfja sem hákarl er verkaður í. Oft voru slíkar gryfjur gerðar í fjörुकamb, ofan sjávarmáls; gjarnan í fingerðri möl. Líklegt er að fjaran ofan Grundagrjóta hafi hentað til slíks.

Hákarlalega (n, kvk) Hákarlaveiðar. Farið var í hákarlalegur á stórum *hákarlaskipum*; *sexæringum* eða stærri. Sótt var nokkuð *djúpt*; lagt út *veiðarfærum* og legið yfir, e.t.v. í nokkra daga. „Sjaldan var farið mjög langt framan af vorum... en þegar kom fram á sumar mátti búast við hákarlaskipum djúpt og grunnt... vestur í Djúpál; frammi á Hala; út af Breiðafirði og allt suður fyrir Geirfuglasker. Þegar komið var fram til miða var drekanum rennt í sjó uns hann náði botni. Þá var enn gefið nokkuð út af línunni og nefndist það yfirvarp... Vestfirskt hákarlaskip hafði þrjá hákarlavaði úti í senn; forlínu; miðlínu og afturlínu og á þeim voru oftast átta skipverjar. Á norðlenskum voru oftast fimm vaðir úti og skipverjar jafnan tólf. Einn lausamaður/lausungi var á hvorri vakt, til að hlaupa undir vaði þegar hákarl beit á.. Vandasamt þótti að *sitja undir vað*, og þótti mikilsvert að vera *vaðglöggur*. Á tíu til fimmtán mínútna fresti var rennt í botn og tekið grunnmál“ (GG; Skútuöldin). Þegar hákarl var kominn á vað og búið að ná honum uppundir borðið var settur í hann krókur frá hjóltaug sem lá upp í reiða skipsins. Eftir að hákarlinn hafði verið stunginn með drepnum var hann dreginn upp með hjóltauginni og skorin úr honum lifur og annað sem átti að hirða, en hinu hleypt niður. Lifrin var sett í stóra lifrarkassa sem byggðir voru inn í skipið; sókninn var beitt aftur og veiðar hafnar á ný. „Sú var venja við hákarlaveiðar... að sólarhringnum var skipt niður í fimm vökur eða vaktir. *Hundavakt* hét frá tólf á miðnætti til fjögur árdegis. Mun hun hafa fengið nafn af því að þá var einatt hráslagalegt, myrkt og kalt. Kokkur lá í fleti sínu og ekkert matarkyns að hafa. Þótti slíkt hundaævi og þar af drógu menn nafnið. Þristur nefndist vakan frá fjögur til sjö að morgni, Þá kom formiðsdagsvakt frá sjö til tólf á hádegi; langavakt hét frá tólf til sjö síðdegis, en kvöldvakt frá sjö til tólf á miðnætti“ (GG; Skútuöldin). Vaktaskiptin voru stundum nefnd glas og hákarl sem þá veiddist; glashákarl. Ef mikið var tekið í land af hákarli var hann oft settur á tamp. Þá var gert gat á trjónuna/trumbuna með trumbubor og skrokkurinn dreinn upp á keðju sem lá þvertu undir kjöl skipsins. „Ég fór í tvær hákarlalegur. Önnur heppnaðist ágætlega; við fengum mikinn hákarl og lifur, en í hinni var lítill afli. Þær ferðir voru báðar frá Breiðavík. Við fórum á tveimur stórum róðrabátum með vél; Hrefnu og Tjaldi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Hákarlalóð (n, kvk) Veiðarfæri til hákarlaveiða. „Lóðir þessar voru með því móti að 6-7 hákarlasóknir voru festar á sterkan streng og minnst 15 faðmar hafðir á milli sóknanna. ... Síðan var línan lögð á sama hátt og þorskalóðir, nema þyngri steinar voru hafðir fyrir stjóra og sterkari niðristöður lágu til duflanna. Hákarlaveiðar þessar voru einatt hafðar sem einskonar aukageta, jafnhliða þorskaflanum... Fengust einatt 60-70 hákarlar á skip yfir vorið, stundum jafnvel meira“ (GG; Skútuöldin).

Hákarlalýsi (n, hk) Lýsi úr hákarlallifur. Hákarlinn hefur alltaf verið veiddur til kæsingar, en á síðari hluta 18. aldar jókst mjög eftirspurn eftir hákarlalýsi sem útflutningsvöru til ljósmetis. Við það jukust veiðar til muna, og urðu stórútvægur fram á 20. öld. „Lifrin var brædd og seld í verslanir. Hákarlalýsi var og notað heima í bræðing“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Hákarlaskip „Jú, það var hákarlaskip í hverri vík. Hér var það teinæringur sem hét Fönix. Hann var notaður fram um aldamót. Hákarlaskipið á Látrum hét Egill; Dvalinn í Breiðavík, og Svanur í Hænuvík“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Hákarlatími (n, kk) Tími í Íslandssögunni þegar hákarlaútgerð var mest. „Á hákarlatímanum var lifrin brædd og seld á tunnum. Hákarlinn var hengdur upp, og þótti bestur með brennivíni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Hákarlaútgerð (n, kvk) Útgerð hákarlaskips til veiða á hákarl. „Hákarlaútgerð héðan var búin fyrir mitt minni. Áður oru hákarlaveiðar stundaðar héðan á báti sem hét Fönix“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Hákarlavaður (n, kk) Vaður sem notaður er til *hákarlaveiða* með *handvað* (sjá þar).

Hákarlaöngull / Hákarlasókn (n, kk) Sókn. „Hákarlaöngull nefnist sókn. Hann var úr járni... Leggur sóknarinnar var 6-8 þumlungar á lengd, bugurinn var því sem næst *þverhandsarviður*. Nokkuð framan við buginn kom *agnhaldið*; það var fremur lítið og ekki beitt... á efri enda sóknarinnar var *sigurnagli*, og í hann fest sóknarkeðja 3-4 álna löng, eftir því hvað skipið var hátt á 'siðu, og nefndist hún sóknarhlekkir. Við hinn enda keðjunnar var tengdur sigurnagli, svonefnt *ístað*, en hann var áfastur *vaðsteininum*“ (GG; Skútuöldin).

Hákarlslykkja / Hákarlsbeita / Hákarlsbiti (n, kvk) Stykki af hákarli; kæst eða skorið til kæsingar. „Ég fékk hjá honum asskoti væna hákarlsbeitu; þennan lungamjúka skyrhákarl“!

Hákarlshnallur / Hákarlskeppur (n, kk) Kylfa til að rota *hákarl*.

Hákjölur (n, kk) Þar sem hæst ber á vatnaskilum milli dala/víkna. „Dalverpi endar við Arnarvörður, en þar er hákjölurinn milli Keflavíkur og Sauðlauksdals“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Hákveða (n, kvk) Um ljóðagerð/skáldskap; það atkvæði í vísu sem áhersla er á. „Stuðlar og höfuðstafir eiga alltaf að vera í upphafi hákveðu; aldrei í lágkveðu“.

Hálagler (n, hk) Hált svell; ísing. „Farðu varlega; vegurinn er eitt hálagler inn allar Fjörur“.

Háleistar (n, kk, fto) Ullarsokkar sem ekki ná mjög hátt uppá legginn; *innanundirsokkar*. Voru fyrrum ætlaðir til að vera innanundir öðrum hærri sokkum.

Hálfa / Heila (n, kvk) Sögn í spilinu Vist. „Sé spiluð hálfa þarf það þar sem sögnina á að fá alla slagi utan einn, en sé spiluð heila þarf það að fá alla slagina“.

Hálf- (forskeyti) Forskeyti sem notað var með ýmsum lýsingarorðum til mildunar; nokkuð; all-: Hálfkjánalegur; hálfaulalegur; hálfblindur; hálfbúinn; hálfbyggður; hálfðularfullur; hálfæginn; hálffullur; hálfgerður; hálfgildings; hálfgleymdur; hálfátandi; hálfétinn; hálfhikandi; hálfhlaðinn; hálfhruninn; hálfilla; hálfkaldur; hálfkaraður; hálfslasinn; hálfsladdur; hálfsljóveikur; hálfslubbóttur hálfslýfjaður; hálfvaknaður; o.s.frv.

Hálfa leið í þóftur (orðtak) Um sjó í bát; hálffullur; *upp á miðjar snældur*. „Flutu þá upp plittarnir, og sjórinn var svona í hálfa leið í þóftur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Hálfaftekin (l) Um kind; tekið af (rúíð) til hálf. „Þessi er ekki nema hálfaftekin hjá mér vegna þess að henni var illa *fyllt*“.

Hálfankannalegur / Hálfasnalegur (l) Um liðan/útlit; dálítið einkennilegur/aulalegur/ringlaður. „Ég er mikið að jafna mig af pestinni, en ég er enn hálfasnalegur í hausnum“.

Hálfasnalega (ao) Dálítið undarlega/illa/óvenjulega. „Mér hefur liðið hálfasnalega í höfðinu í dag. Ætli ég leggi mig ekki smástund“.

Hálfás / Heilás (n, kk) Um veiðarfæri; færi þar sem teinn er láréttur út úr lóðinu/sökkunni og á enda hans fest taumi króksins. Notað áður en slóðar komu til sögunnar. Væri teinninn aðeins örumegin úr lóðinu var það hálfás en heilás ef hann náði í gegn og færið þá með tveimur krókum. „Sakka með hálfás var lengi til á Láganúpi í mínu ungðæmi“ (VÖ). „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlód með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrókur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Hálfáttavilltur (l) Ekki alveg viss á áttum/stefnu. „Maður er fljótur að verða hálfáttavilltur í svona þoku“.

Hálfbúinn (l) Lokinn til hálf; háflkláraður; hálfnaður með verk. „Okkur liggur ekkert á; ég er ekki hálfbúinn með kaffið“!

Hálfdomm (l) Dálítið vankaður/ annars hugar. „Maður er bara hálfdomm eftir svona tíðindi“.

Hálfdrættingur (n, kk) Unglingur, yfirleitt 13-17 ára, eða gamalmenni, sem ekki fékk nema hálfan hlut af því sem hann aflaði. Í jarðabókinni er minnst á hálfdrætting í Hænuvík. „Þá er þess getið að í Keflavík séu drengir ekki teknir í skiprúm nema þeir njóti þess að geta verið á borði með sér hliðhollum mönnum“ (ÁM/PV; LK; Ísl. sjávarhættir III). „Í Útvíkum renndi hálfdrættingur úr skut. Meðal starfa hans var að þvo bátinn; annast um blöndukútinn; gæta hlunna og leggja fyrir skipið eftir fyrirsögn formanns“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). „Ef hálfdrættingar voru á skipi renndu þeir aftast úr skutnum“ (PJ;

Barðstrendingabók). „Næst kom til kasta pussarans, sem oft var hálfdrættingur, en hans verk var fólgið í að hreinsa allar innnyflaleifar....“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, um aðgerð *steinbíts*). „Oftast var báturinn skolaður áður en hann var að fullu settur undan sjó; nema því aðeins að ráð væri á unglungum til að gera það þegar báturinn var kominn í skorður. Sumir höfðu hálfdrætting til þessa starfs og fleiri snúninga í landi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ég byrjaði 13 ára að róa sem hálfdrættingur úr Kollsvík“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „... nú var ég ráðinn hálfdrættingur í Kollsvíkurveri“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri). „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði hálfdrættingur eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* bökuðu að framan“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Hálfdrættingssteinbítur (n, kk) Steinbítur sem hálfdrættingur dró. Honum var haldið til hliðar á skiptum og merktur með bita, þverskoru eða sniðskoru, sem var bara eitt hnífsbragð. (Sjá einnig *skipti*) (LK; Ísl. sjávarhættir; eftir DE og ÁE).

Hálfendasleppt (l) Dálítið snubbótt; hættir nokkuð snögglega/óvænt. „Mér fannst þetta leikatriði ágætt í sjálfu sér, en það var einhvernvegin hálfendasleppt“.

Hálfeyrðarlaus (l) Órólegur; festir illa hugann við viðfangsefni; óþreyjufullur. „Maður verður hálf eyrðarlaus að heyra ekkert frá þeim svona lengi“.

Hálfétinn (l) Étinn að hluta. „Hreinsaðu betur utan af sviðunum drengur; þetta er ekki nema hálfétid“!

Hálffallið / Hálffallinn (l) Um *sjávarstöðu*; mitt á milli flóðs og fjöru. Oft notað sérstætt; „Þeir komu að landi í hálföllnu“, en stundum með hjálparorði; „þegar úteftir kom var lent í Láganúps- og Grundalendingu um hálffallið út“ (PG; Niðjatal HM/GG). „Innan til við miðja Melamýri er hlein sem kemur upp um hálffallið og heitir Landamerkjahelin“ (ÍH; Örn.skrá Melaness). „Út fjöruna er á leiðinni Forvaði sem ekki er fært fyrir nema um hálffallið“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). „Að líkindum mun hafa verið um hálffallinn sjór þegar bátinn bar að lendingu“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hálffullur (l) Fullur til hálf. „Þeir sem voru í landi drógu Guðbjart, og hann dró Korkanesið; við húktum bara þarna í hálffullum bátnum“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Hálfurðulegur (l) Fremur einkennilegur/skrýtinn. „Þetta finnst mér hálfurðuleg staðhæfing“.

Hálfylla (s) Fylla til hálf. „Þarna var ekki mikið af berjum, en ég náði þó að hálfylla fötuna“.

Hálfgerður (l) Hér um bil; nærri. „Þetta eru nú hálfgerð *handarbakarvinnubrögð*, þykir mér“. „Menn sem nú (1949) eru fimmtugir og eldri, muna vel þetta ástand, og minnst þess með hálfgerðum hryllingi“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). „Við vorum óvanir öllu og þótti hálfgerð skömm að þessu; vorum feimnir og afsögðum að glíma“ ... „Það var mjög tregt og illt í sjóinn; það lagði á norðan spænu með hálfgerðum brimhroða“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Hálfgilding (n, kk, ef) Orðið „hálfgildingur“ var aldrei notað í nefnifalli, heldur eingöngu í eignarfalli. Merkir að hálfu, eða nokkurskonar. „Hann batt saman nokkra lurka sem hann fann í fjörunni og útbjó sér hálfgilding fleka, sem hann notaði til að fleyta sér yfir voginn“.

Hálfhikandi / Hálfhræddur / Hálfragur / Hálfsmeykur (l) Dálítið smeykur/ hikandi. „Ég er hálfhræddur um að hann sé að snúa sér í áttinni“. „Ég er hálfragur við að hleypa þessum unglungum einum á sjó; svona óvönnum“.

Hálfhættulegur (l) Nokkuð hættulegur; viðsjárverður. „Þessi steinn gæti orðið hálfhættulegur, þarna hjá niðurgöngunni. Er ekki hægt að ryðja honum niður“?

Hálfilla (ao) Ekki vel. „Mér hefur liðið hálfilla útaf þessu ástandi“. „Honum líkaði þetta hálfilla, en lét þó *gott heita*“.

Hálfkalt (l) Nokkuð kalt. „Er þér ekki hálfkalt, svona illa búnum“?

Hálfkarrað (l) Illa unnið; ófullgert. „Þetta er bara hálfkarrað verk“. „Mér sýnist málverkið vera hálfkarrað“.

Hálfkassi (n, kk) Hálf fullur kassi. „Appelsínur og epli voru eingöngu fánleg fyrir jólahátíðina. Þurftu menn að panta þau fyrirfram, en á flestum heimilum var ýmist tekinn kassi eða hálfkassi af hvoru“.

Hálfkák (n, hk) Illa unnið verk; klastur. „Ég sætti mig ekki við svona hálfkák“!

Hálfkirkja (n, kvk) Guðshús/útkirkja í kaþólskum sið, heldur veglega en *bænhús* en þó með minni messuskyldur en alkirkjur. Þar var messað að jafnaði annan hvern löghelgan messudag. Hálfkirkjur voru yfirleitt torfkirkjur. Til þeirra gengu preststiundir (sjá *tíund*) og *ljóstollar*. Hálfkirkja var í Kollsvík, og við hana var kirkjugarður.. „Hefur þar fyrir refirmationen verið hálfkirkja“ (Jarðabók AM/PV). Hún mun hafa staðið á lágum hól, skammt sunnanvið gamla bæjarhólinn. Steinn er í hólnum ofanverðum, sunnantil og fylgir sú saga að hann sé ein af undirstöðum kirkjugarðsins. Þegar grafið var fyrir votheysgryfju, vestan á hólnum, komu upp mannabein úr kirkjugarðinum sem þarna var, og voru þau látin niðurmeð vegnum.

Mannabein hafa komið upp síðar, í kálgarði sem lengi var vestan í hólnum. „Þegar verið var að grafa fyrir hlöðu í Kollsvík kom upp lærleggur af manni. Bóndann dreymdi mann sem bað um að beinið yrði sett á sama stað aftur, og var það gert“ (GT;VT; Örnefnaskrá Kollsvíkur). Á hólnum var lengi fjós og hlaða; síðast nefnd Jónshlaða. Sagt var að tíðkast hafi eftir siðaskiptin að gera kaþólskunn þá óvirðingu sem mest mátti, og voru víða reist fjós og önnur skepnuhús þar sem áður stóðu bænhús. Þar kann þó einnig að hafa ráðið hagkvæminn við að nýta byggingarefni sem var í þægilegri fjarlægð við íbúðarhúsin.

Ekki var algilt að kirkjugarður væri við hálfkirkjur. Fjarlægð til sóknarkirkju hefur eflaust ráðið því að greftrun var leyfð í Kollsvík, en kirkjuvegur að Saurbæ, um Víknafjall, var meira en þingmannaleið.

Líkflutningar þangað voru erfiðir og hafa tafið frá útróðrum, en Láganúpsverstöð var í eigu kirkjuhöfðingjans í Saurbæ og þaðan reru nokkur skip hans.

Á 13. og 14. öld fjölgaði hálfkirkjum, þegar bændur fengu bænhúsum breytt í hálfkirkjur og lögðu fram eignir þeim til viðhalds og kúgildi til uppihalds prests. Svo virðist, bæði hérlendis og í Noregi, að kirkjubyggingar fyrr á öldum séu nokkuð haldbær vísbending um fólksfjölgun byggðarlaga. Tilhneyging hefur verið til þess að byggja kirkjur og bænhús á mikilvægum byggðakjörnum. Hálfkirkjur og bænhús í Rauðasandshreppi til forna staðfesta þessa kenningu nokkuð vel, og samkvæmt henni má ætla að Kollsvík hafi verið nokkuð mikilvægari útgerðarstaður en Breiðavík og Látrar; þar var hálfkirkja en einungis bænhús á hinum stöðunum. Samkvæmt þeirri kenningu má ætla að kirkjan í Kollsvík hafi komið til um svipað leyti og útgerð þar jókst, en það mun líklega hafa orðið á 13. öld, þegar skreið varð mikilvæg útflutningsvara. Vera kann þó að kirkjan sé mun eldri, og jafnvel að Kollur landnámsmaður hafi byggt þarna kirkju. Hann var fóstbróðir Örlygs Hrapssonar sem byggði fyrstu kirkju landsins að Esjubergi. Þó Kollur hafi heitið á Þór í brælu (sbr Landnámabók) má vel vera að hann hafi verið kristinnar trúar eða blendinn í trúnni. Jafnvel að hann hafi verið kristinn munkur (sbr kenningar Árna Óla; Landnámið fyrir landnám). Leiða má að því sterkar líkur að í Kollsvík hafi risið fyrsta kirkja á Íslandi (sjá *kirkja*).

Eftir að Kollsvíkurkirkja hafði verið aflögð í kjölfar siðaskipta, upphófust enn hinar fírnalöngu kirkjuferðir að Saurbæ, og stóð svo þar til í Breiðavík var vígð sóknarkirkja árið 1824. Árni Magnússon getur ekki orða bundist um þetta ástand í Jarðabók sinni: „Kirkjuvegur yfir þingmannaleið að fara, til Saurbæjar (la rue á Sauðlauksdal etoit plus, courte et með bæjum; assi de Kollsvík = Til Sauðlauksdals væri vegurinn styttri og með bæjum; sama er að segja um Kollsvík)“ (ÁM/PV; Jarðabók). Sjá einnig *prestskýld*. Ekki er vitað mikið um tilhögun prestþjónustu í Kollsvíkurkirkju, en gera má ráð fyrir að ekki hafi verið messað þar sjaldnar en í hálfkirkjunni í Breiðavík um 1700; þar var þá embættað tvisvar á ári. Auk þess hafa verið útfarir frá Kollsvíkurkirkju ásamt líklega giftingum, skírnum og fermingum. (Sjá einnig *kirkja*).

Hálfkveðnar vísur (orðtak) Dylgjur; *meiningar*; vísbendingar. „Það þýðir ekkert að tala í hálfkveðnum vísu; segðu bara þína meiningu, hreint út“! „Hver heldurðu að skilji svona hálfkveðnar vísur“?

Hálfkæringsháttur (n, kk) *Briarari*; hálfkert tilgangsleysi/sinnuleysi. „Ég ákvað þetta í hálfkæringshætti; án þess að íhuga það nokkuð niður í kjölinn“.

Hálfkæringur (n, kk) Hugsunarleysi; kæruleysi. „Ég sagði þetta í hálfkæringi en hann tók það nærri sér“.

Háflasinn / Háflslappur (l) Veiklulegur; dálítið veikur; *lumpulegur*. „Ég er eitthvað fjári skrytinn í höfðinu og háflslappur; ætli maður sé ekki að fá þessa skollans pest“.

Háflatur (l) Fremur latur; nenni varla. „Ég er nú háflatur við að fara í svona tilgangslitla ferð“.

Háflaus (l) Ekki vel fastur. „Þórður ætlaði að hrinda klakastykkjum og háflausum steinum framaf“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Háflerkaður (l) Nokkuð dasaður; með dálitla verki/strengi; dálítið meiddur. „Maður er enn háflerkaður eftir þessi átök í gær“.

Háflúinn (l) Nokkuð þreyttur. „...ég var dofinn í fótunum og háflúinn eftir þetta volk í vatninu“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans).

Hálfnaður (l) Hálfur; búinn/lokinn/kominn að hálfu leyti. „Ég er ekki hálfnaður að borða ennþá; bíddu bara“!

Hálfnað er verk þá hafið er (orðatiltæki) Byrjun verks er erfiðasti hluti þess.

Hálfófært (l) Nærri ófært; þæfingur; ófærð. „Það má heita hálfófært í Skarðsbrekkunni“.

Hálfólystugt (l) Dálítið fráhrindandi matur; ekki mjög lystugt/girnilegt. „Mér hefur alltaf fundist eggin hálfólystugt eftir að þau eru orðin mjög eygð“.

Hálfómótt (l) Líður dálítið illa vegna andnaðar/ofhitnunar eða annars; andstuttur. „Manni verður bara hálfómótt í þessum molluhita“.

Hálfóviðkunnanlegt (l) Ekki mjög viðeigandi/kurteislegt. „Það er hálfóviðkunnanlegt að berja upp á svona óguðlegum tíma dags“.

Hálfpartinn (ao) Dálítið; nokkuð. „Ég sá hálfpartinn eftir þessu“.

Hálfraddlaus (l) Dálítið rasslaus; ekki með fullan raddstyrk. „Maður er orðinn hálfraddlaus af að öskrá á þessa bölváða húðarletingja sem lágu í berjum þegar þeir áttu að vera að smala“!

Hálfráfulegur / Hálfutangarna (l) Dálítið viðutan/annarshugar. „Manni finnst að maður sé hálfráfulegur í svona samkvæmum“. „Í fyrstu var ég á eftir í náminu, og hálfutangarna, en ég náði mér fljótt á strik“.

Hálfræfilslegur (l) Fremur slappur/veiklulegur; ekki vel hraustur/hress. „Ég er enn hálfræfilslegur eftir þennan pestarskratta“.

Hálfsannleikur (n, kk) *Skrök/* lygi af vægara taginu/með vott af sannleika.

Hálfskrýtinn (l) Dálítið undarlegur. „Ég er hálfskrýtinn í höfðinu; ekki frá því að ég sé líka með hita“.

Hálflæptur (l) Dálítið eftir sig/þreyttur. „Hann var hálflæptur eftir þetta, en jafnaði sig fljótt“.

Hálfsmalað (l) Smalað/leitað eftir fé til háls; illa smalað. „Mér sýnist augljóst að þetta svæði hefur ekki verið nema hálfsmalað“.

Hálfslasaður (l) Töluvert meiddur. „Þeir voru mjög þrekaðir mennirnir þegar við loksins drógum þá upp, og sumir hálfslasaðir“ (Björgvin Sigurbjörnsson; Útkall við Látrabjarg).

Hálfstafa hús (orðtak) Hús með hálfögflum. „Við komum inn í lítið hálfstafa hús sem pabbi hafði afhent okkur til afnota meðan við kærðum okkur um...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hálfsögð saga (orðtak) Hluti af atburðarás/sögu. „Þarna er ekki nema hálfsögð sagan; við áttum eftir að lenda í öllu meiri hremmingum á heimleiðinni...“

Hálft í hálft (orðtak) *Til helminga*; að hálfu. „Þetta dugir okkur báðum ef við skiptum því hálft í hálft“.

Hálft í hvoru (orðtak) Að dálitlu/sumu leyti; *að vissu marki*. „Ég var hálft í hvoru að vona að við fyndum hrútana þarna“.

Hálf tímagangur (n, kk) Leið sem er að jafnaði farin á um hálf tíma. „Nú er hann svangur og lúinn að loknu löngu dagsverki og matarlaus, en á eftir að röla heim til sín um það bil hálf tímagang“ (PG; Veðmálið).

Hálftomma (n, kvk) A. Vegalengdin hálf tomma. B. Það sem er hálf tomma að lengd/þykkt.

Hálftommufjöl (n, kvk) Borðviður/fjöl sem er hálf tomma að þykkt. „Þegar Gunnar Össurason byggði Láganúpshúsið 1974 útvegaði hann fjölmarga stóra trékassa frá tékkneska sendiráðinu, sem notaðir höfðu verið utanum sýningargripi o.fl. Úr þeim fékkst mikið af hálftommufjöllum til uppsláttar og klæðninga“.

Hálftómur (l) Hálf leið að verða tómur; búinn helmingur; nærri tómur. „Tunnan er hálftóm“.

Hálftugginn (l) Ekki vel *tugginn*; byrjað að tyggja. „Hér á einhver hálftugginn harðfiskbita“.

Hálftunna (n, kvk) A. Lítil tunna sem tekur hálft magn tunnu, eða 60 lítra. „Mysan var látin í hálftunnu, og þar settist súrin á botn þegar frá leið“. B. Magn sem hálffyllir tunnu. „Við fengum hálftunnu af hrognum í þessari vitjun á Breiðavíkinni“.

Hálftunnusekkur (n, kk) Sekkur/strigapoki sem tekur hálft magn *tunnusekks*. „Mislita ullin fyllti hálftunnusekk og *pokaskjatta* í viðbót“.

Hálftættingslegur (l) Nokkuð reyttur; tættur; ruglingslegur. „Hann er að verða hálftættingslegur þessi bakki í hafið; ætli hann fari ekki að búast í rigningar“.

Hálfundirfurðulegur (l) Dálítið íbygginn/búralegur á svip; dálítið undarlegur í útliti/háttum. „Nér finnst hrafninn vera hálfundirfurðulegur; hoppandi þarna frammi við garðsendann. Hann skyldi þó ekki vera að *vokka yfir* kind sem farið hefur ofaní“?

Hálfvankaður (l) Dálítið ringlaður/ruglaður í höfðinu. „Ég er enn hálfvankaður eftir höggið“.

Hálffelgja (n, kvk) Hálfkák; hálfur hugur; hik; loðið orðalag. „Hann var ekki með neina hálffelgju *fremur en fyrri daginn*, heldur tók saman sitt *hafurtask* og *gafskít* í þetta allt saman“.

Hálfvitagangur / Hálfvitaháttur (n, kk) Bjánagangur; heimska. „Hvað á svona hálfvitagangur eiginlega að *fyrirstilla*“?! „Þetta er ekkert annað en hálfvitaháttur“.

Hálffelgja (n, kvk) Óákveðni; flökt. „Það var engin hálffelgja þegar hann las þeim pistilinn“.

Hálfvitagangur (n, kk) Bjánagangur; heimska; hugsunarleysi. „Þetta er ótrúlegur hálfvitagangur“!

Hálfvitalegur (l) Bjánalegur: *álfalegur*. „Maður er svo hálfvitalegur með þetta bindi“!

Hálfulgur (l) *Með hálfum huga*; *hvorki hrár né soðinn*; *tvístígandi*. „Hann er ennþá hálfulgur í því hvort hann kaupir bílinn eða ekki“.

Hálfvorkenna (s) Vorkenna dálítið; kenna lítið eitt í brjósti um. „Ég hálfvorkenni honum, *ræfílstuskunni*“.

Hálfvættarkind (n, kvk) *Vættarkind*; kind sem vegur *vætt*; þ.e. framgengin ær eða væn veturgömul kind. „Í verstöðvum norðan Bjargs var skammturinn (sem vermaður fékk til *mötu*) hálfvættarkind yfir vertíðina; geld ær eða sauður. Nokkuð af kjötinu var reykt en hitt saltað, og síðan stundum búin til kæfa úr hvoru tveggja“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH). „Þegar fiskvætt (40 fiskar) jafngilti hálfvættarkind átti fallið af henni að veða 4 fjórðunga og mörinn 6 pund“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).

Hálfþil (n, hk) Hálfgafl; hálfur timbur- eða járnklæddur gafl á húsi.

Hálfþurr (l) Þurrkaður til hálf; ekki fullþurrkaður. „Heyið þarf að vera meira en hálfþurrt þegar það er sett í súgþurrkun; það getur heft sín að *heyja* mjög *djarfi*“. „Einnig var þarna matvara og þar á meðal mjölpokar hálfþurrir“ (MG; Látrabjarg).

Hálföfugsnúið / Hálfönugt (l) Dálítið neyðarlegt/örðugt/erfitt. „Mér finnst það fjandi öfugsnúið að þurfa að fara af ágætis fiski til að mæta á þennan árans fund!“ „Þetta var hálfönugt viðureignar í þessu veðri“.

Háliggjandi (n, kk) *Blásnúningur*; *fallaskipti*; stuttur tími meðan skiptir sjávarfalli. „Hann gaf sig vel til um háliggjandann en svo *tregðaðist* fljótt aftur.“

Hálkublettur / Hálkukafl (n, kk) Svæði með mikilli mjög hálu svelli. „Það eru hálkublettir á þessum vanalegu stöðum á leiðinni“. „Varaðu þig á hálkukaflanum á Tunguhlíðinni“.

Háll sem áll (orðtak) Um þann sem þykir lipur í undanbrögðum. Líking við það að erfitt er að ná taki á slímugum *ál*. „Bjarni á Sjöunda reyndist yfirvöldum háll sem áll, og slapp stundum úr haldi“.

Hálmstrá (n, hk) A. Eiginleg merking. B. Oftast notað í líkingu; tálvon; máttvana bjargræðisvon. „Þessi kostu var okkar síðasta hálmstrá“.

Háls (n, kk) A. Líkamshluti milli bols og höfðuðs. B. Stykki úr sauðarskrokk. Tekið þannig að bringukollur og bógar voru hlutaðir af framtari, svo hálsinn varð eftir. Hálsar voru ýmist reyktir eða teknir í spað og notaðir í saltket eða súpuket. C. Hár fjallshryggur sem leið/vegur liggur um; sbr Hænuvíkurháls; Breiðavíkurháls og Látraháls. D. Hluti báru á sjó sem óbrotinn er. Þegar bát er siglt í stórsjó er reynt að fara um háls bárunnar; talað um að „hálsa báruna“. E. Hluti línu, rétt ofanvið endasples. F. Grennsti hluti einhvers hlutar, s.s. á flösku; „flöskuháls“. G. Fremsta rúm í bát; barki; stafnrúm. „En dregið var og unnið í austur- og miðskipsrúmi, og andæft í hálsi“ (HO; *Ævisaga*; róið úr *Láturdal*).

Hálsa báru/rið/stórið (orðtak) Stýra skipi á siglingu í þann hluta báru sem lægstur er og óbrotinn, þannig að skipið fari sem best í sjó og taki ekki sjó inná sig. „...því það má með engu móti vera hægur gangur á skipi er menn sniðhálsa stórið, sökum þess að skipið getur þá auðveldlega gengið undir riði.“ (HE; *Barðstrendingabók*).

Hálsbjörg / Hálsbjargartygill (n, kvk/kk) Hálsbjörg er þvengur í hálsmáli skinnstakks, til að þrengja það, en hálsbjargartygill beinplata sem hálsbjörgin var hnytt að. „Hafa þurfti hálsmál allvitt, en til þess að þrengja það, eftir að komið var í stakkinn, voru smágöt gerð á skinnið umhverfis hálsmálið, og í þau þræddur skinnþvengur eða snæri til þess að geta dregið saman og þrengt stakkinn í hálsmálið. Þetta var nefnd hálsbjörg. Lítil beinplata með tveim götum var þrædd uppá þvengendana og þeir bundnir saman. Þegar hálsmálið var þrengt, var þverhnútur með lykkju settur framanvið plötuna, en hún var nefnd hálsbjargartygill“ (KJK; *Kollsvíkurver*). Sjá *skinnklæði*.

Hálshöggva skrattann (orðtak) Um það róðrarlag að höggva árinna ótt og títt í sjóinn í stað þess að taka eðlileg og löng áratog. Þótti ófagurt og árangurslítið.

Hálsmaður (n, kk) Sá sjómaður á báti sem rær í hálsrúminu/andófsrúminu. „Kastað var út jafnóðum og dregið var. Og hálsmennirnir, þ.e. andófsmennirnir, urðu að róa til að hafa áfram“ (GJH; *Hálfdrættingur* í *Kollsvíkurveri*).

Hálsótt (l) Litur á sauðfé; Dökkt um bóginn, mismikið upp á háls og aftur á herðakamb, en ljóst um búkinn að aftan og um höfuð. Væri dökki liturinn mórâuður var talað um *móhálsótt*.

Hálsrígur (n, kk) Stirðleiki/strengir í hálsvöðvum sem valda erfðleikum og kvölum við hreyfingu höfuðsins.

Hálsrúm (n, hk) Eitt af rúmunum (bilum milli þófta) í báti (sexæring); einnig nefnt andófsrúm. „Framan frá vöru nöfn rúma þessi; barki; hálsrúm; miðskips; austursrúm og skutur. Rúmin voru þó færri á minni bátum“.

Hálsræma (n, kvk) *Ræma/kverkaskítur* í hálsi; eymsli og slímmyndun í hálsi, oftast vegna kvefs. „Það er einhver bölvuð hálsræma í mér; ég þori ekki öðru en *hafa um hálsinn*“.

Hálstau (n, hk) Hálsbindi; slaufa. „Þarf ég endilega að vera með þetta asnalega hálstau“?

Hálsull (n, kvk) Ullin á hálsi sauðkindar. Hálsull og *kviðull* eru fingerðari en ull af bol, og var því oft fyrrum flokkuð sérstaklega fyrir vinnslu.

Hálsþófta (n, kvk) Þófta í bát, framan við hálsrúmið. „Botnuðu ekki færin, en þá átti ég að andæfa á tvær árar á hálsþóftunni“ (GJH; *Hálfdrættingur* í *Kollsvíkurveri*). „Fönix var með strengiabit, en það var vænt tré að

gildleika, sem lá þvert um skipið um hálsþóftuna og útyfir borðstokka“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Hálsæðar (n, kvk) A. Sá hluti af dilksskrokki sem er framan á hálsinum; hálsæðar og ketið kringum þær.

Hálsæðar voru skornar af fljótlega eftir slátrun; þvegnaðar vel; saltaðar og soðnar sérstaklega með öðru slátri. Þóttu herramannsmatur. B. Slagæðarnar í hálsi manna“.

Háma í sig (orðtak) Borða með græðgi; *ryðja í sig*. „Hann tók hraustlega til matar síns og hámaði í sig ketið“.

Hámark letinnar (orðtak) Met í leti. „Mér finnst það hámark letinnar að nenna ekki á sjó í *blíðskaparveðri*“.

Hámark ósvífninnar (orðtak) Yfirgengileg ósvífní/óskammfeilni/frekja. „Það er nú *útaf fyrir sig* að fá hnífinn léðan augnablik án þess að spyrja; en það er hámark ósvífninnar að taka hann traustataki og rífa svo kjaft“!

Hámeri (Lamna nasus) er stór fiskur af háfsætt; oft 2-3 m en stundum mikið stærri. Nokkuð algeng við sunnanverða Vestfirði og þar stundum nefnd *bera*. Kom stundum á færi og gat þá orðið hættuleg litlum bátum vegna þess hve hún ólmast á færinu. „Hámerin gerði oft usla á lóðum manna syðst á Vestfjörðum, þegar fór að skyggja í ágúst og síðar. Til að hamla gegn því voru hafðir á lóðinni nokkrir ljósir kubbar úr hvalbeinsrífi. Virtist hún forðast þá. Hámerarskrápur var hafður í skó og þótti endast vel. Hámerarlifur átti að lækna beinbrot á þremur dögum væri hún lög við það“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Hámjólka (l) Um kýr; í mikilli mjólk; nytháar. „Svona hámjólka kýr þurfa mikið og gott fóður“.

Hámur (n, kk) Átvagl; gaphús. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hánorðan (orðtak) Vindur beint af norðri. „Hann er orðinn hánorðan“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Hánorðlægur (l) Um vind; stendur úr réttu norðri. „Hann er að verða hánorðlægur“.

Hánorður (n, hk) „Enn heldur hann sig við hánorður, með bölvuðum kuldaþræsingi“.

Hánótt (n, kvk) Mið nótt; *svartanótt*. „Við komum ekki heim fyrr en um hánótt“.

Hár er höfuðþrýði (orðatiltæki) .. segja þeir sem hárið haf nóg.

Hár í sessi (orðtak) Um þann sem er hávaxinn sitjandi, jafnvel þó hann sé það ekki standandi.

Hára (s) Gefa búfé mjög litla gjöf. „Það er nóg að hára fénu örlítið núna; það fékk vel í sig á fjörunni“.

Hárafiskur (n, kk) Fiskur sem í er mikið af hringormi, þannig að hann er horaður og vart matfiskur; *ormafiskur*. Bæði var talað um *háraforsk* og *háraseinbít*. „... ef þú fengir ekki svo mikið sem grindhórðan háraseinbít“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Hárauður (l) Alveg/mjög rauður; skærrauður.

Háraveita (n, kvk) Dýr með mikið hárlos; uppspretta hára. „Skelfingar háraveita er þessi köttur núna; það þyrfti að fara með hann út og kemma hann ærlega“.

Hárbeittur (l) Mjög egghvass; flugbeittur. „Varaðu þig á hnífnum; hann er hárbeittur“. Hárbeittur hnífur á að skera í sundur hár sem lagt er á uppvisandi egg hans, án þess að á það sé þrýst.

Hársbreidd (n, kvk) Breidd hárs. Oftast notað í líkingamáli; „Það munaði ekki nema hársbreidd að ég næði að færa í lúðuna þegar slóðinn slitnaði“!

Hárbrúða (n, kvk) Blóm *holtasóleyjar*, eftir að lauf hafa fallið af og svifhalar fræjanna hafa þoskast í áberandi sveip, líkan hárbrúski. Sjá *holtasóley* og *rjúpnalauf*.

Háreysti (n, kvk) Hávaði; skarkali; *djöfulgangur*. „Ég heyrði einhverja bölváða háreysti og fór að athuga hvað *gengi á*“. „Veriði nú ekki með svona háreysti og *djöfulgang*“!

Hárétt / Hárrétt (l) Alveg rétt; laukrétt. „Þetta er hárrétt athugað hjá þér; við höfum þetta þá þannig“. Líklega er upprunalegri og réttari rithátturinn með einu r, en það var í seinni tíð borið fram hart og ritað með tveimur.

Hárlos (n, hk) Um það þegar hár fellur verulega af skepnu. „Voðalegt hárlos er nú á kattarafmáninni“.

Hárprúður (l) Með mikið/fagurt hár; vel hærður.

Hárrami (n, kk) Hárahliðin á skinni. Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur í þessari mynd, en Orðab.Mennsj gefur upp „hárhamur“ í sömu merkingu. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hárstrý / Hárlufsur / Hárlýjur / Hárlubbi / Hártjásur Gæluorð yfir höfuðhár á manni. „Ætli maður verði ekki að reyna að greiða framúr hárstýinu þegar svona stendur til“.

Hárvísk (n, kvk) Hártoppur; hárlufsa. „Í hala kúnna er hárvísk sem nefnd er halaskúfur“.

Hásætahlutur (n, kk) Aflahlutur háseta af veiði. „Auk **hásætahlutar** var formannshlutur og ennfremur *dauðir hlutir*, einkum skipshlutur, veiðarfærhlutur og beituhlutur“ (LK; Ísl.sjávarhættir).

Hásetaspraka (n, kvk) *Gjafalóa*; litil smálúða. „Gjafalóur voru stofnaðar, sem kallað var; tekinn af þeim haus og sitt flakið hvoru megin af hrygg; þannig að hvorri kápu fylgdi sitt rafabeltið. Kápurarnar voru síðan ristar og hertar. Var þeim skipt á milli hásetanna er öðrum afla hafði verið skipt“ (PJ; Barðstrendingabók).

Háseti (n, kk) Verkamaður á bát/skipi. „Þegar veður er ógæft (í Kollsvíkurveri) gengur ei nema eitt skip af hvörs bónda hendi, og fleyta þá hvörju því hásetar allir af bátunum“ (AM/PV Jarðabók). Sjá *skipti*.

Hásjávað / Hásjóað (l) Há sjávarstaða; flæði. „Hásjávað var og er þeir gerðu tilraun til að komast fyrir forvaðann kentu þeir fremstu á bólakaf í sjó...“ (MG; Látrabjarg). „Skipið strandaði um hásjóað og fór hátt í fjöruna (EÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Háskafleyta (n, kvk) Hættulegur bátur. „Þessi bátur var álitinn háskafleyta“. Orðið *háskagripur* var notað almennt um þá hluti sem þóttu varasamir eða hættulegir.

Háskaför / Háskaleiðangur (n, kk) Mjög hættuleg ferð. „Á Þorlákssmessu var farið að bjarga nokkrum kindum úr sveltí í sjávarklettunum norður í Höfðum; níu talsins minnir mig; flestar frá Kittu í Hænuvík. Hafliði Halldórsson og pabbi snöruðu og gripu kindurnar og handlönguðu þær upp á brúnina til okkar hinna, en auk mín voru þarna Ingvar, Kittu og, að mig minnir, Guðbjartur bróðir eða Hilmar. Frost var í jörðu og víða skreipt í spori. Því má segja að þetta hafi verið háskaleiðangur“ (VÖ).

Háskagripur (n, kk) Hættulegur hlutur; hættulegt kvikindi; hættulegur maður. „Varðu varlega með ríffilinn; hann er háskagripur þegar björgina vantar á hann“.

Háskaleikur (n, kk) Hættulegur leikur; hættuleg íþrótt. „Mér er ekkert um að þið séuð að þessu þríli; þetta er óttalegur háskaleikur og alger óþarfi“!

Háskammdegi (n, kvk) Mesta skammdegi; árstíminn þegar dagsbirta er minnst.

Háskasigling (n, kvk) Hættulegt siglingarlag; siglt í viðsjárverðum aðstæðum.

Háskerðingur (n, kk) Annað nafn á hákarli, og e.t.v. eldra. „Á Alþingi 1634 var það lögtekið að nafnið háskerðingur skyldi þýða það sama og hákarl“ (GG; Skútuöldin).

Hásláttur (n, kk) Tíminn þegar sláttutíð stendur sem hæst. „Árann eru þessir þingmenn að flækjast um sveitir svona um hásláttinn; ekki geta þeir komið í annan tíma“!

Háspil (n, hk) Hátt spil í spilum, s.s. gosi, drottning, kóngur eða ás. „Það er eins og vant er; mér eru ekki gefnir nema *tómir hundar*; ekki eitt einasta háspil af nokkru tagi“!

Hástokkur (n, kk) Listi ofaná borðstokk báts; nokkru mjórri en borðstokkurinn og styttri; nær oft frá hálsþóftu aftur fyrir bitaþóftu. „Önglunum var raðað á hástokkinn svo lóðin færi ekki í flækju út úr bátunum ef lúðan strikaði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Hásuður (n, hk) Rétt suður. „Það grænkar fljótt þarna í hlíðunum, enda *vita* þær í hásuður“.

Hásumar (n, hk) Tíminn þegar sumar stendur hæst; mitt sumar; hlýjasti tími ársins að jafnaði.

Hátídamatur (n, kk) Matur sem borða mætti á hátíð; málsverður tiltekinnar hátíðar. „Á Aðfangadagskvöld var steiktur lambahryggur eða lambalæri yfirleitt hátíðarmatur á Láganúpi, þegar ég man fyrst eftir; að sjálfsögðu með besta meðlæti sem tiltækt var. Ís og annað góðgæti í eftirrét, og ávextir voru fengnir í kassavís uppá hátíðarnar. Hátídamatur Jóladags var úrvals hangiket og tilheyrandi, en hina síðari jóladaga var tekið aftur til við bringukollana sem hver maður átti frá Þorlákssmessu“ (VÖ).

„Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd upp til þurrks. Þetta var kallað hátídamatur, er þau höfðu hlotið verkun, enda þótt komið væri fram á næsta vetur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hátíðar / Hátíðir (n, kvk, fto) Jafnan átt við tímann yfir jól og áramót. Ýmist sagt með a eða i. „Þangað til eftir hátíðar mátti heita að mjög lítið væri búið að gefa öllum útbeitarskepnunum“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925). „Almennt mátti ekki heita að skepnur kæmu á gjöf fyrr en um og eftir hátíðir“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Hátíðarhald (n, hk) Það að halda hátíð heilaga og gera sér dagamun. „...en jafnan var farið í kaupstað fyrir jólin og þá keyptur ýmis varningur til hátíðarhaldsins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Hátíðisdagur (n, kk) Dagur sem haldinn er hátíðlegur; tyllidagur; helgidagur. „Yfirleitt var unnið jafnt á hátíðisdögum sem öðrum dögum, en þó voru þau verk þá fremur látin bíða sem þöldu bið“.

Hátt að (orðtak) Úr mikilli hæð. „Steinninn kom hátt að úr Bjarginu, enda var gusugangurinn ógurlegur þegar hann lenti í sjónum stutt frá okkur“.

Hátt ef þú vilt hafa það (orðtak) Algeng athugasemd þeirra sem sátu kappsamir að spilum; merkir að mótherjinn þurfi að leggja út hátt spil eða tromp ef hann ætlar að ná slagnum. „Hvað er komið í þetta? Sjóa og gosi; hér á ég þó drottningarræfil; hátt ef þú vilt hafa það“!

- Hátt geltir huglaus hundur / Hátt geltir ragur rakki** (orðatiltæki) Spekin byggist á nokkrum sannindum. Sumir hundar kjósa að gelt mikinn í stað þess að leggja til atlögu þegar þeim eða eigandanum er ógnað. Sama líking er notuð um þann mann sem skammast og baknagar í stað þess að rökræða og jafna ágreining.
- Hátt hreykir sér heimskur (maður) / Hátt hreykir heimskur sér** (orðatiltæki) Orðatiltæki sem stundum er viðhaft og skýrir sig sjálft.
- Hátt í (það)** (orðtak) Nærri því jafn mikið; nálægt; *fast að; allt að*. „Þetta er hátt í það eins mikill afli og í gær“. „Í Kollsvík bjuggu þá hátt í hundrað manns“.
- Hátt lætur heimskra manna tal** (orðatiltæki) Oft er það afar grunnhyggið sem menn skemmta sér við að ræða með hávaða, hlástrasköllum og glorragangi.
- Hátt undir** (orðtak) Alveg að; nærri. „Það var komið hátt undir flæði...“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978).
- Háttalag / Háttelsi** (n, hk) Siður; tiltæki. „Ekki skil ég þetta háttelsi nú til dags; að sofa framundir hádegi“!
- Háttvís** (l) Kurteis; tillitssamur. „Dóttir hennar skildi þá að nú vildi hún koma upp sínu nafni, en var of háttvís til að nefna það“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Hávaðabrim** (n, hk) Stórbrim með miklum brimný.
- Hávaðarifrildi** (n, hk) Háværar deilur; hörkuþrætur. „Lentu þeir í hávaðarifrildi útaf hrútnum“.
- Hávaðagangur** (n, kk) Hávaði; skarkali; læti. „Hættið nú þessum bölvuðum hávaðagangi strákar; ég heyrir ekkert í útvarpinu“!
- Hávaðalaust / Hávaðalítið** (l) Án mikilla vandræða; án ágreinings. „Þetta gekk nokkuð hávaðalítið fyrir sig“.
- Hávaðarifrildi** (n, hk) Hörkudeilur; þvarg. „Af þessu varð hávaðarifrildi milli stórbændanna“.
- Hávaðarok** (n, hk) Mikið rok, þannig að undir tekur í bæjum og annarri fyrirstöðu. „Það er stórstreymt og hávaðarok. Við verðum að fara niður í fjöru og hækka bátinn“ (Einar Guðbjartsson á Gjögurum í Sargonveðrinu 1948).
- Hávaðaseggur** (n, kk) Sa sem hefur hátt/ talar hátt. „Er ekkert hægt að þagga niður í þessum hávaðasegg“?
- Hávaðaskammir** (n, kvk, fto) Rostaskapur; rifrildi. „Ég er þá ekkert að hjálpa þér við smalamennsku ef ég fæ ekkert annað en hávaðaskammir fyrir“!
- Hávaðaskvaldur** (n, kk) Hávær kliður af tali margra. „Það er enginn friður fyrir samræður í svona hávaðaskvaldri“.
- Hávaði** (n, kk) A. Hátt hljóð. B. Meginhluti. „Við náðum hávaðanum af fenu í einni smölnun“.
- Hávamál** (n, hk, fto) Nafn kvæðabálks sem að mestu er ort undir ljóðahætti; alls 164 erindi sem skiptast í 6 þætti. Nafn ljóðsins er dregið af einu heita Óðins; þau eru því „ljóð hins háa“. Í Hávamálum er samanþjöppuð lífsspeki og hollráð sem eru undirstaða siðaðs samfélags. Hávamál eru varðveitt í Konungsbók Eddukvæða, sem talin er rituð á 13.öld, en ljóðin eru mikið eldri. Vera kann að þau séu safn heilræðavísa sem gengið hafi mann fram af manni, og úr ólíkum áttum, en að lokum verið samræmd undir einn bálk. Þættir Hávamála eru: Gestabáttur, sem fjallar um mannsiði og samskipti gesta og gestgjafa; dæmisögur óðins; Loðfáfnismál, sem fjallar um siðferði og stjórnarhætti; rúnatal, um visku Óðins; og ljóðatal, um galdræþekkingu Óðins.
- Hávestan / Hátt vestan / Rakin vestanátt** Orðalag sem notað var um vestanstæðan vind.
- Hávertíð** (n, kvk) Miðbik vertíðar. „Þa er bölvæð að fá svona óveðurskafla og landlegur um hávartíðina“.
- Hávetur** Miður vetur; harðasti hluti vetrarins. „Það má búast við hörðum veðrum um hávetur“.
- Hávær** (l) Sem heyrir hátt í; sem lætur hátt í; sem hefur/talar hátt. „Sumir segja að Kollsvíkingar geti orðið all háværir, og er af því dregið heitið „Kollsvíkurhávaði“. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófust nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið).
- Háæruverðugur** (l) Virðulegur; sem verðskuldar virðingu. „Hrúturinn Grettir lét sína sambýlinga vita af því að hann væri háæruverðugur ættfáðir betri hluta fjárstofnsins á bænum“.
- Hebreska** (n, kvk) A. Tungumál. B. Óskiljanlegt mál. „Þetta hljómar bara eins og einhver hebreska“.
- Hefast / Hefa sig** (s) A. Um brauð/bakstur: lyftast; bóligna út. „Brauðið er byrjað að hefast í ofninum“. B. Í gamansemi um þungaða konu. „Heldur er hún farin að hefast í seinni tíð, sýnist mér“.
- Hefðarréttur** (n, kk) Eignar- eða afnotaréttur sem ávinnst með notkun eða vistun hlutar í nokkurn tíma að átölulausu af hendi eiganda. „Þó Láganúpsbændur hafi aldrei haft samning um upprekstur í Breiðuvík er líklegt að með aldalangri, átölulausri beit hafi þeir áunnið sér þar hefðarrétt“.

- Hefði betur / Hefði verið nær að** (orðtak) Hefði átt að; hefði lánast betur að. „Ég hefði betur hlustað á þínar ráðleggingar í gær og sett upp í galta. Nú rignir þetta í gördunum“. „Hann hefur rífið upp árans norðanvelting í nótt. Okkur hefði veri nær að taka upp netin hér á víkinni í gær“.
- Hefði betur látið ógert** (orðtak) Hefði ekki átt að gera; voru mistök að framkvæma. „Ég hefði betur látið það ógert að slá ofaní kálfana á föstudaginn var; það hefur rignt látlaust síðan. Maður ætti svosum að vita að það á alltaf að *bera út* á laugardegi“!
- Hefja máls á** (orðtak) *Færa í tal; brydda/brúa á; taka upp; orða; nefna.* „Ingvar Guðbjartsson hóf máls á því að hreppsnefndin beitti sér fyrir því að merktir yrðu sjúkraflugvellir það í sveitinni“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).
- Hefja til skýjanna / Hefja til vegs og virðingar** (orðtak) Gera mikilfenglegt; ausa lofi; tigna/virða óhóflega.
- Hefja upp sína raust** (orðtak) Byrja að tala sterkum rómi; *kveða sér hljóðs.* „Þegar honum þótti nóg komið af barlómnum hóf hann upp sína raust og sagðist skyldu gera þetta *einn og sjálfur*“.
- Hefjast handa** (orðtak) Byrja á verki. „Þá var gott veður, og þegar hafist handa að grafa eftir börnunum“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Hefna sín** (orðtak) Veita öðrum ráðningu/hefnd fyrir skaða/miska sem hann hefur gert gagnvart manni; gjalda í sömu mynt. Millilíðalaus hefnd var ríkjandi réttarregla fyrir á tíð, eins og t.d. má sjá í Íslendingasögunum. Enn er hún mikill þáttur í réttarkerfi nútímans, en þá með milligöngu dómstóla.
- Hefnast fyrir** (orðtak) *Súpa seyðið af; koma í koll;* gjalda fyrir; sú trú að gerð eða viðburður leiði til óláns. „Mér hefndist fyrir bölvæða græðgina; stórt lúðubein var nærri búið að kæfa mig“. „Honum hefndist fyrir að hrekkja hrafinn; það tvísprakk undir bílnum á heimleiðinni“.
- Hefndarhugur / Hefnigirni** (n, kk) Reiði/ þungur hugur vegna atviks/hrekks sem þarf að hefna/launa fyrir.
- Hefndarráð** (n, hk) Ráð/aðgerð til hefnda. „Það varð hans hefndarráð að næsta morgun fann hann þorskhaus; tróð neglunni af bátnum uppí hann og lagði hann á formannspóftuna. Fór sem hann ætlaði, að fyrsta verk formanns morguninn eftir var að grýta hausnum í sjóinn ásamt neglunni“.
- Hefnir sín / Hefnir sín í seinna verkinu / Segir til sín í seinna verkinu** (orðtök) Veldur erfiðleikum/skaða síðar. Oftast notað ýmist um það sem illa/óskynsamlega er gert eða um gott veðurfar. „Það hefnir sín að hrekkja hrafinn“. „Þú ættir nú að fá þér ný dekk undir bílinn í stað þess að setja þessar gauðslitnu túttur undir; það hefnir sín bar í seinna verkinu þegar springur á versta stað“. „Mér líst ekkert á þessi hlýindi um miðja Góu; það á eftir að segja til sín í seinna verkinu“.
- Hefta** (s) A. Hindra; tefja. „Skaflinn í brekkunni hefti för þeirra þann daginn“. B. Binda fætur dýra til að varna spörkum eða brotthlaupi. „Meðan mjókað var í höndum heftu flestir kýrnar á afturfótum til að þær *veltu* ekki mjólkurfötunni *um*, eða væru ekki að *jappa*. Snæri sem nefnist *haft* var þá brugðið utan um afturfætturna með snúningi á milli fótanna og bundið lauslega að. Sumir heftu aldrei kýr og gekk samt vel“.
- Hefur aldrei difið hendi í kalt vatn** (orðtak) Hefur aldrei þurft að vinna eðlilega vinnu/ leggja mikið á sig. „Hann hefur ekkert í þetta starf að gera; maður sem aldrei hefur difið hendi í kalt vatn“! Sjá *dýfa hendi í kalt vatn*.
- Hefur ekkert að segja / Hefur ekkert uppá sig / Hefur enga þýðingu** (orðtak) Er tilgangslaust/gagnslaust; *tekur því ekki* að reyna. „Það hefur ekkert að segja að bisa við þetta einn; þú þarft að fá aðstoð“. „Ég held að það hafi ekkert uppá sig að fara að leita að þessum kindum; þær skila sér örugglega“. „Það hefur enga þýðingu að fara á sjó í þessu veðurútliti; það verður enginn friður þegar herðir strauminn“.
- Hefur hver til síns ágætis nokkuð** (orðatiltæki) Sérhver hefur sína kosti. Tilvitnun í Brennunjalssögu; orð Gunnars á Hlíðarenda er Hallgerður neitaði honum um hár í bogastreng.
- Hefur hvorki haus né hala** (orðtak) Er endaleysa/meiningarlítið/innihaldslaust/tilgangslaust. „Ég botnaði ekkert í þessari ræðu; hún hafði hvorki haus né hala“.
- Hefur sitt að segja** (orðtak) Hefur nokkra þýðingu; er mikilvægt að einhverju marki. „Hann var *lúsheppinn* að ná aftur til byggða í þessu óveðri; en auðvitað hafði það sitt að segja hvað hann var staðkunnugur“.
- Heggur sá er hlífa skyldi** (orðatiltæki) Um árás/atlögu úr óvæntri átt/ úr vindahópi; sá veitir atlögu sem fremur ætti að vernda/þyrma.
- Heiðarlegur í andlitinu** (orðtak) Einlægur á svipinn; trúverðugur að sjá. „Hann gerði sig heiðarlegan í andlitinu og fullyrti að hann vissi ekkert um þetta mál“.
- Heiðbirta** (n, kvk) Mjög bjart; ekkert ský. „Það er enn heiðbirta norðurum, en fjári er hann að ljókka í suðrinu“.
- Heiðbirta** (s) *Skellibirta; glannabirta;* alveg heiðskirt. „Ef skýjað var, og reif skyndilega úr suðurlofti svo heiðbirti í hásuðri í stutta stund, var norðan hvassviðri í aðsigi“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir III).

Heiðbjart (l) Alveg bjart; heiður himinn. „Hann hætti að rigna fyrir hádegið og stuttu síðar var orðið heiðbjart“. „Ó landið mitt kalda, þinn kærleik ég fann/ um kvöldin og heiðbjartar nætur;/ er sólin við norðurpól roðnandi rann/ en rauðgullið haf þér við fætur./ Þá bærðist í hjarta mér brennandi þrá/ við brjóst þitt að lifa og falla í dá“ (Vöe; Ísland).

Heiðbjartur himinn / Heiðblár himinn (orðtak) Bjart í lofti; dagsbirta. „Það hafði fokið plata af norðasta húsinu, svo þar sá bara upp í heiðbjartan himininn“.

Heiðgulur (l) Sólgult; ljósgult. „Þessi saltfiskur er varla söluvara; svona heiðgulur“.

Heiði (n, kvk) Fjall; bunga; hálandi. Oftast í daglegu tali á orðið við ákveðinn fjallveg, t.d. Tunguheiði, Látraheiði, Botnsehiði, Dynjandisheiði o.fl.

Heiði (n, hk) Himinn; heiðskír himinn.

Heiðingi (n, kk) A. Þurraður/hertur þorskhaus í heilu lagi, að því undanteknu að tálknin hafa verið ririn úr. „Stöku sinnum voru þorskhausar hertir án þess að rífa þá upp, að öðru leyti en því að taka úr þeim tálknið. Þesskonar hausar nefndust heiðingjar. Ennfremur voru hausar hertir óupprifnir með tálkninu óhreyfðu; bumlungar Þessi heiti munu ekki hafa þekkt nema á Vestfjörðum. Aðallega voru þetta litlir hausar og jafnan hertir á möl. Þeir voru helst ætlaðir skepnum, en þó kom fyrir að heiðingjar væru rifnir til átu eins og kringluhausar, en sú gerð var algengust um Vestfjörðu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Heiðinn maður.

Heiðlogn (n, hk) Blankalogn/stafalogn og heiðskirt; blíðuveður. „Það er nú einhverveginn hægt að fara í róður í svona heiðlogni og ládeyðu“!

Heiðlóa (n, kvk) Lóa; *Pluvialis apricaria*; vorboðinn ljúfi. Meðalstór vaðfugl/mófugl; stór fugl af lóuætt;lengd um 28cm; þyngd um 200g; farfugl á Íslandi og algengur í Kollsvík og nágrenni. Kemur í apríl, en hefur vetursetu á Bretlandseyjum, V-Evrópu og N-Afríku. Lóan er dökk með gulum dílum, en svört að neðan og á vöngum; á skilunum er hvít s-laga rönd. Bæði kynin eru svipuð að lit. Fæðan er einkum ánamaðkar, mýflugur, lirfur og sniglar, en einnig jurtir og ber. Hreiðrið er oftast laut í móa; oft í hávöxnu grasi. Varp hefst í maí; egg eru oftast 4; grá- eða mógul með mósörtum dílum. Ungar eru háleggjaðir og fara strax á kreik. Lóan er alfríðuð hérlandis, en t.d. Frakkar nýttu hana til matar; þar nefnist hún „alouette“. Þjóðtrúin segir að lóan sé forspá um veður. Hún er þögl á undan illviðrum á vorin, en syngur tvíraddað ef von er á blíðuveðri. Leiti hún í fjöru má vænta votviðris, en fari þær til fjalla er kulda að vænta. Ef lóur hópa sig á haustin boðar það hret. Þjóðsagan segir að lóan hafi ekki verið meðal sköpunarverkanna í upphafi, heldur hafi Kristur leikið sér að því sem barn að móta hana úr leir. Strangtrúaður Saddúkei ávítaði hann fyrir að leika sér á helgidegi, en þá brá Kristur hönd yfir styttuna, svo hún lifnaði við.

Heiðríkja / Heiðskirt / Heiður himinn (l/orðtak) Ekki ský á himni. „Það er blíðskaparveður og heiðskirt loft þegar hann leggur á heiðina“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Heiður þeim sem heiður ber (orðatiltæki) Heiðra skal þann sem til þess hefur unnið.

Heiðurskona / Heiðursmaður (n, kk) Heiðvirð manneskja; sómamaður/ sómakona. „Hann var heiðursmaður í alla staði“.

Heiðvirðilegur (l) Heiðarlegur; æruverðugur; ekta. „Ekki veit ég hvað þeim gengur til; að ráðast svona að heiðvirðilegum bændum og gera þeim ókleyft að búa áfram“! Orðað þannig í Kollvík, en orðabækur kannast ekki við það, heldur nefna ritháttinn „heiðvirðulegur“.

Heiftarlegur (l) Mjög mikill; gífurlegur; harður. „Hann reiddist heiftarlega þessum orðum“. Ég fékk heiftarlegt tak í mjöðmina“. Notað sem áhersluorð fremur en í eiginlegri merkingu.

Heiftarmikill (l) Mjög mikill; gríðarlegur. „Það fauk heiftarmikill sandur upp á Flötina í þessum látum“.

Heiftarorð / Heiftaryrði (n, hk) Orð sögð í reiði; styggðaryrði. „Ekki hrökk honum eitt heiftaryrði af vörum þó ærið væri tilefnið“.

Heiftrækinn (l) Langrækinn; hefnigjarn; lengi fullur heiftar.

Heiftúðlega (l) Í illu; grimmilega. „Á fundunum tókust þeir heiftúðlega á“.

Heiftúðugur (l) Haturfullur; heitur; illgjarn. „Urðu af þessu heiftúðugar deilur“.

Heigull (n, kk) Skræfa; aumingi; sá sem einatt hræðist. „Heiglum vist á víðum mar/ varla hentug myndi./ Kænan fleytir kerlingar; knúin gýgjarvindi“ (JR; Rósarímur).

Heigulsháttur (n, kk) Aumingjadómur; hræðsla; *litilmennska*. „Skelfingar heigulsháttur finnst mér þetta; að senda svona hótanir í bréfi en vilja ekki ræða málin augliti til auglitis“.

Heilablóðfall (n, hk) Slag. Skyndileg skerðing á heilastarfsemi við það að æð í heila stíflast eða rofnar. Sá hluti heilans sem næst er þeim slystað fær ekki næringu, skaddast og verður óvirkur. Algengast er að slíkt heiladrep stafi af blóðtappa. Afleiðingar heilablóðfalls fara eftir umfangi skaðans í heilanum og hvar hann

verður. Þær geta verið allt frá frá vægri og tímabundinni lömun til skyndilegs dauða. Algengt er að sá sem fyrir verði búi við lömun í öðrum helmingi líkamans. Blóðfall í vinstra heilahveli veldur lömun hægra megin í líkamanum og öfugt. Lamist maður hægra megin í líkamanum eru líkur á að málstöðvar skaddist einnig.

Heilagfiski (n, hk) Annað nafn á *lúðu*; ekki notað í seinni tíð.

Heilagur í andlitinu (orðtak) Sakleysislegur á svip; setur upp sakleysissvip þó ástæða sé til annars. „Það dugar ekkert þó þið gerið ykkur heilaga í andlitinu; ég veit alveg hvað þið voruð að bralla“!

Heilalaus (l) Skammaryrði um þann sem þykir mjög heimskur. „Eru þetta alltsaman heilalausir hálfvitar“?!

Heilamálið (n, hk, m, gr) Allt málið; málavextir í stuttu máli; kjarni málsins. „Nú þarf bara að finna í hverju þessi skekkja liggur; það er heilamálið“.

Heilaspuni (n, kk) Uppspuni; tilbúningur. „Það kom á daginn að þetta var einber heilaspuni hjá honum“.

Heilatímamann (n, kk, m, gr, þf) Mjög mikinn tíma; allan tímann. „Hann hafði ruglað þessu öllu saman, svo ég var heilatímamann að sortera það“.

Heilavegin (n, kk, þf, m, gr) Mjög langt; alla leiðina. „Um leið og ég sleppti yrðlingnum var hann kominn heilavegin í burtu; langleiðina uppá Hjalla“.

Heilast (s) Um kýr eða ær; losna við *hildir*; *verða heil*. „Ég hef áhyggjur af henni Dimmu hún er ekki enn farin að heilast“.

Heilás (n, kk) Sjá *hálfás*.

Heilbrigði (n, hk) Góð heilsa; gott heilsufar. „Heilbrigði í búfé er betra nú en undanfarin vor...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).

Heilhugur (n, kk) Einlægni. „Ég sendi þér svo af heilhug, mínar bestu óskir um skjótan bata...“.

Heili (n, kk) A. Heili í skepnum og mönnum. B. Vatnssósa jarðvegur; aurbleytur. „Farðu varlega yfir mýrina. Hún er víða ekkert nema heili“.

Heilindi (n, hk, fto) Heiðarleiki; einlægni. „Enginn efaðist um heilindi hans í þessu máli“.

Heill á húfi (orðtak) Lifandi; heill heilsu. „Nærri má geta að hann hafi þóst þá úr helju heimt hafa er hann mætti þeim öllum þarna á fjallinu; heilum á húfi...“ (ÖG; Þokuróður). Húfur merkir í seinni tíð tiltekið borð í síðu báts, en hefur líklega fyrrum merkt bátinn sjálfan. Til þess bendir einnig orðtakið „*mikið í húfi*“.

Merkingin vísar því til þess að menn séu enn ofansjávar.

Heilladrjúgt (l) Vænlegt; gott; ráðlegt. „Sagt er að það sé heilladrjúgt að spýta á krókinn áður en færi er rennt“.

Heillamerki (n, hk) Tákn um gæfu/heppni. „Það er talið heillamerki ef óskabjörn veiðist í kjafti þorsks“.

Heillameira / Heilladrýgra (l) Árangursríkara; vænlegra. „Ég held að það væri heillameira að skipueggja verkiðbetur áður en hafist er handa“.

Heillast til (orðtak) Hallast að; freitast til; vera hlynntur. „Ekki veit ég hvað af þessum kindum hefur orðið, en ég heillast til að halda að þær séu komnar aftur inn á Hlíðar“.

„Ætli maður heillist nú ekki helst til að styðja Framsókn áfram, þó þeir eigi það líklega ekkert skilið“.

Sjá einnig *hyllast til*.

Heillarád (n, hk) Þjóðráð; gott úrræði. „Það væri heillarád að setja bensín á vélina áður en hún er sett í gang“!

Heillavænlegur / Heillasæll (l) Gæfulegur; æskilegur. „Ég held að nú væri heillavænlegast að fara að hafa uppi og koma sér í land. Hann er farinn að auka all verulega“.

Heillum horfinn (orðtak) Óheppinn; óhamingjusamur. „Hann er dálítið heillum horfinn núna, karlanginn“.

Heilmargt (ao) Mjög margt. „Þarna var heilmargt að sjá“.

„Hann hafði frá heilmörgu að segja“.

Heilmikill (l) Mjög mikill. „Það var heilmargt fé þarna á dalnum, sýndist mér“.

Heilnæmur (l) Sem bætir heilbrigði/heilsufar. Oft notað um hreint vatn. Í Kollsvík voru tvær uppsprettur taldar gefa af sér einstaklega heilnæmt vatn. Önnur er Kaldibrunnur, nærri Brunnsbrekku í Láganúpslandi en hin er Gvendarbrunnur undir Tranthalabrekkunni í Kollsvík. Í Gvendarbrunni kemur upp vígt vatn, síðan Guðmundur biskup góði vígði brunninn er hann lá við í Kollsvík á einni yfirreið sinni. Hefur því síðan verið trúað að vatnið væri ekki eingöngu heilnæmt heldur hefði það yfirnáttúrulegna lækningamátt. Þannig lét t.d. Guðbjartur Ólafsson Kollsvíkurbóndi sækja sér Gvendarbrunnsvatn á banasængina og burtfluttur Kollsvíkingar hafa látið flytja sér mjöðinn um hnöttinn hálfan. Sumsstaðar á landinu var því trúað að vatn úr slíkri lækningalind þyrfti að taka áður en fugl flygi yfir það að morgni. (ÞT; Þjóðhættir og Þjóðtrú).

- Heilrifað** (l) Fjármark; eyrnamark á sauðfé. Heilrifað er það þegar gerður er skurður niður í mitt eyrað. *Stúfrifað* er þegar fyrst er stýft, en síðan gerður skurður niður í eyrað; hornrétt á stýfinguna.
- Heilmikið** (l) Mjög mikið/stórt; allmikið. „Hann hefur sett á land heilmikið af þara í þessu brimi“.
- Heilsa að heldrimannasið** (orðtak) Sú sögn gekk um séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, hinn mikla búhöld og framfarasinna, að hann hafi verið nokkur stórbokki í hugsun og litið niður á almúgann. Hafi hann haft það fyrir sið, þegar hann mætti fólki úr neðri virðingarstigum, að snúa í það óæðri endanum og helsa með hendinni eða tveimur fingrum fyrir aftan rass. Nefndist slíkt síðan að heilsa að heldrimannasið.
- Heilsast** (s) A. Kveðjast; kasta gagnkvæmri kveðju þegar tvær eða fleiri manneskjur hittast. B. Um framvindu heilsufars; vera til heilsu. „Hvernig heilsast þér núna“?
- Heilshugar** (l) Af heilum hug; *einlæglega*. „Ég vona heilshugar að þér batni sem fyrst“.
- Heilsiginn** (l) Um fisk; látinn síga án flökunar/flatningar. „Heilsiginn grásleppa er einn mesti sælkeramatur sem nokkur maður getur látið innfyrir sínar varir, og öðruvísi var hún ekki látin síga í Útvíkum. Hér syðra eru menn svo langt gengnir í úrkynjaðri matargerð að þeir flaka grásleppuna áður en hún er hengd upp. Eftir signingu er ekkert eftir nema næfurþunn hveljan og innanum hana eldrauð slika af þráadrullu“!
- Heilslátur** (n, hk) Innmatur og haus af einni kind/einum dilk. „Heilslátur er blóð; vambir; mör; hjarta; nýru; garnir; ristill; vélinda; barki; haus og lappir. Það er; allt sem nýtilegt er, nema skrokkurinn sjálfur og gæran“.
- Heilsublak** (n, hk) Heilsa; léleg heilsa. „Hvernig er þitt heilsublak þessa stundina“? „Vertu nú ekki að *glænapast* svona illa búinn úti; þú verður nú aðeins að hugsa um heilsublakið“!
- Heilsubót** (n, kvk) Það sem bætir heilsu/velliðan. „Ekki er nú mikil heilsubót að þessari *reykjarstybbu*“! „Margir hafa drukkið vatn úr Gvendarbrunni sér til heilsubótar“. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess; þeim til heilsubótar en okkur til gagns og gamans...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Heilsubótarfæða** (n, kvk) Matartegund sem hefur góð áhrif á heilsuna. „Egg eru alltaf heilsubótarfæða; hvort sem þau eru stropuð eða dálítið *eygð*“.
- Heilsubótarganga / Heilsubótarrollt** (n, kvk/hk) Gönguferð sem hefur heilsusamleg áhrif. „Vissulega er þetta nokkuð langt, en í svona góðu veðri er þetta bara heilsubótarrollt“.
- Heilsufar** (n, hk) Heilsa yfirleitt; heilbrigði yfir nokkurn tíma. „Heilsufar á fænaði má heita að verið hafi all gott“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Heilsugóður / Heilsuhraustur** (l) Góður til heilsu; hraustur. „Ég hef verið sémilega heilsugóður síðan“.
- Heilsulind** (n, kvk) Uppspretta heilsusamlegs vatns. „Vatn úr Gvendarbrunni sem er hér í Kollsvík þótti heilsulind“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms).
- Heilsun** (n, kvk) Kveðja. „Skilaðu heilsun ef þú heyrir í honum“.
- Heilsusamlegur** (l) Hollur; heilsubætandi. „Ekki veit ég hvort þetta gosdrykkjasull er mjög heilsusamlegt“.
- Heilsutæpur / Heilsuveill** (l) Veikur; veiklaður. „Hann hefur verið fremur heilsutæpur síðustu árin“.
- Heilt og ósjúkt** (orðtak) Um fólk; heilbriggt; hefur það bærulegt. „Hjá okkur er allt heilt og ósjúkt“.
- Heiltunna** (n, kvk) Mælieining; 120 lítrar; tunna úr tré eða járn sem tekur löglegt mál tunnu. Treikvarttunna tekur 90 lítra; hálf tunna 60; kvartel 30 og áttungur 15 lítra.
- Heilu og höldnu** (orðtak) Heill á húfi; slysalaut. „Þeir báru í seglfestu, reru í landvari frá Bjargtöngum að Brunnum og lentu þar heilu og höldnu“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Heilvita** (l) Með fullu viti. „Hverslags heimska er þetta! Svonalagað gerir enginn heilvita maður“!
- Heilög vandlætting** (orðtak) Mjög mikil vandlætting. Sjá *fyllast heilagri vandlættingu*.
- Heim á leið / Heim á bóginn** (orðtak) Heimleiðis; heim. „Mér sýnist að þeir séu eitthvað heim á leið, neðan af Grundum“. „Við förum nú bráðum að halda heim á bóginn“.
- Heim sækir hefnd, þó um síðir sé** (orðatiltæki) Sá sem gert hefur á hlut annars manns má búast við hefnd hans.
- Heima er best** (orðatiltæki) Best er að halda sig heima. Fleiri heilræði vísa í sömu átt; t.d. dælt er heima hvað. Einnig nafn á timariti sem gefið var út á síðari hluta 20.aldar og víða kom á heimili.
- Heimabátur** (n, kk) Bátur sem róið er af heimajörð; bátur heimamanna. „Bátum er farið að fækka mikið er þetta gerist; aðeins heimabátar, og allt smábátar“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Heimabóndi / Heimabúandi** (n, kk) Bóndi sem á heimajörð í grennd við það sem um er rætt. „Þá var lengst af plægð upp skel undan Tungurifi í Örlygshöfn. Einnig framundan Vatnsdal og Kvígindisdal; einkum af

heimabændum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Heimabúenda skip ganga nú tvö af hvors hendi; allt smábátar, og þriðji bátur sem bróðir Jóns á, og er formaður fyrir“ (AM/PV Jarðabók, um Kollsvíkurver).

Heimabrukk (n, hk) Víngröð sem heimilisiðnaður. Ekki er vitað til að heimabrukk hafi nokkur tíma verið stundað í Kollsvík, enda hafa Kollsvíkingar almennt ekki verið í mikilli þörf fyrir vín og flestir því andsnúnir. Á bannáratímum var eitthvað um að bruggað væri á bæjum í sveitinni. T.d. segir Magnús Gestsson af bruggi Helga Fjeldsted Raknadalsbónda í bók sinni „Úr vesturbyggðum Barðastrandasýslu“, en Helgi var afkastasamastur Vestfirðinga í slíkum iðnaði og slunginn í viðureign sinni við þefara stjórnvalda.

Heimabruk / Heimanot (n, hk, fto) Nýting heimafyrir. „Þetta er aðallega til heimabruks“. „Ég sel þetta ekki, þó það sé kannski hæft til heimanota“.

Heimafé (n, hk) Fé af heimajörð; ekki aðkomufé. „Reynum að skilja heimaféd frá, ef hægt er“.

Heimafólk (n, hk) Fólk á heimilinu; þau sem eiga heima í tilgreindu húsi. „Við slátrunina unnu eingöngu bændur af félagssvæðinu og þeirra heimafólk“ (PG; Veðmálið).

Heimafyrir (ao) Heima; á heimilinu. „Hún er *þrældugleg* heimafyrir þó hún sé lítið fyrir útverkin“.

Heimaganur (n, kk) Aðkomumaður sem oft er gestkomandi á heimili, og dvelur þar jafnvel löngum. „Ég var heimaganur hjá þeim meðan ég var þarna í skóla“. Líklega er upphafleg merking orðsins sú sama og *heimalningur*.

Heimagert (l) Það sem gert er heima. „Mér finnst heimagerð sulta alltaf mun betri en sú sem seld er í búðum“. „Á annarsdagskvöld var haft *jólatré* fyrir alla krakka í Víkinni. Var það heimagert og bundinn á það einir sem sóttur var fram í Vatnadal“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Heimhrafn / Heimakrummi (n, kk) Hrafnar skipta sér oftast niður á bæi til sveita; eitt par á hvern bæ til vetursetu. Heimahrafnar bægja yfirleitt aðkomuhröfnum frá, geri þeir sig of heimakomma.

Heimajörð (n, kvk) *Heimaland*; jörð sem heimili stendur á. „Hver bóndi átti að sjálfsgöðu að gera fjallskil fyrir sína heimajörð, en einnig þurfti hann að leggja til menn í smölnun á jörðum sem fé hans gekk verulega á“.

Heimakoma (n, kvk) Áköf og áberandi bólga í húð; ámusótt.

Heimakær (l) Sem þykir gott að vera heima; sem hefur ekki áhuga á að fara að heiman. „Heimakæri frændinn, hann rekur blómlegt bú;/ blessaður hann var að láta út kýrnar./ Ég flýtti mér þá til hans og sagði „sælinú/ ég sest hér að“; hann hvessti á mig brýrnar“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Heimaland (n, hk) *Heimajörð*; landareign (eða ábúðarjörð) þess sem um ræðir; innan landamerkjja. „Hver bóndi er skyldur til að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, enda mæli sveitarstjórn svo fyrir“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). „Á laugardag var slátrað lambi í gangnanestið og á sunnudag smalað heimalandið“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Heimalönd annarra en Breiðvíkinga voru smöluð sunnudaginn fyrir *gangnadaginn* og *óskilafé* rekið til *skilaréttar* að Breiðuvík“ (PG; Veðmálið).

Heimalningsháttur (n, kk) Búraháttur; kauðsháttur; sérvíska. „Þessum heimalningshætti hélt hann langt frameftir aldri“.

Heimalningspeli (n, kk) Peli sem notaður var til að gefa heimalningi mjólk að sjúga, en þeir gátu orðið all aðgangsharðir og frekir eftir því. „Tókstu nokkuð pelann barnsins í staðinn fyrir heimalningspelann“?

Heimalningur (n, kk) Lamb sem alið er heima á bæ, oftast vegna þess að það hefur misst móður og ekki tekst að venja það undir aðra kind. Oftast var a.m.k. einn heimalningur á hverjum bæ í Kollsvík. Þeim var gefið úr pela; oftast kúamjólk en einnig kindamjólk ef til náðist. Urðu mjög hændir að heimilisfólki og bæði til skemmtunar og ama. Oftast lifðu heimalningar einungis til haustsins, en á því voru þó undantekningar.

Heimalærdómur (n, kk) Nám sem nemandi stundar heima/utan skóla. „Síðustu áratugina meðan barnaskóli var í Rauðasandshreppi var skóla tvískipt; í eldri og yngri deild, og skiptikennsla var hálfsmánaða- eða vikulega. Það þýddi töluverðan heimalærdóm og stunduðu flest börn það heimnám *samviskusamlega*“.

Heimamaður (n, kk) Sá sem er heima hjá sér/ á heimaslóðum. „Heimamönnum voru færður grautur, mjólk og soðning, en eftir að þeir fengu prímusa suðu þeir sjálfir soðninguna í Verinu á prímus“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Bannaði hann heimamönnum sínum að hlutast til um viðureign þeirra“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Heimamannabúð (n, kvk) Verbúð heimamanna í verstöð.

Heimanað / Heimanfrá / Að heiman (ao/orðtak) Að heiman. „Ég hafði þá ekki smakkað matarbita frá því ég fór heimanað.“ „Mat höfðu menn með sér heimanað í kofforti. Þá var kæfa brædd í annan endann á skrinunni og smjóri stungið í hinn endann. Brauð höfðu þeir einnig með að heiman“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Töldu þeir nauðsynlegt að fá eitthvað heimanfrá“ (Gerðabók Rauðasandshr; ÖG).

Heimaneysla (n, kvk) Notkun afurða heimafyrir, en ekki sala. „Komu þessi tæki að talsverðum notum við slátt, og ekki síður við garðrækt sem þá var enn stunduð af krafti; aðallega þó til heimaneyslu“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Heimanfylgja / Heimanmundur (n, kvk/kk) A. Fémæti sem fjölskylda brúður skyldi áður fyrir reiða af hendi við giftingu hennar. B. Hvaðeina sem fylgir manni að heiman.

Heimangöngunemi (n, kk) Nemandi sem gengur til skóla síns, heiman frá sér. „Sagði hann að nú væru 3/5 menntaskólanema heimangöngunemar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Heimantil / Heimantilvið / Heimanvert (ao) Heimar en; að heimanverðu; heimarlega. „Fjárreksturinn er kominn heimantil á Strympurnar“. „Lendingin er heimantilvið skerið“. „Heimanvert í Núpnum er Gíslahilla neðst í klettunum“.

Heimanyfir (ao) Að heiman og yfir. „Við vorum komnir á bíl útundir Grenjalág, en hann kom gangandi til okkar heimanyfir Strympur“.

Heimarannur (n, kk) Heimili; heima. „Hann sagðist vilja dvelja í heimaranni meðan framast væri unnt“.

Heimari / Heimasti (l) Heimari; heimri. „Venja var í Kollsvík að segja fremur heimari en heimri. Þar er grasfles heiman við Strengbergið sem heitir Heimari Lambhagi“. „Við setjum fyrst inn í heimasta garðann“. Á sama hátt var fremur sagt norðari en málfræðitungubrjóturinn nyrðri.

Heimarafmagn (n, hk) Rafmagn sem aflað er til heimilis með **heimarafstöð**, en kemur ekki að í háspennulínu.

Heimarétt (n, kvk) Rétt á heimajörð; ekki skilarétt. Á hverri jörð var oftast ein góð heimarétt, þar sem fé var réttað, m.a. áður en rekið var til skilaréttar og rekið inn til aftektar.

Heimaríkur (l) Frekur varðandi málefni sem honum standa nærri.

Heimaskítmát (l) Um þá stöðu í skák að verða mát án þess að kóngur hafi verið hreyfður.

Heimaslátrun (n, kvk) Slátrun búfjár heimavið, en ekki í sláturhúsi eftir að þau komu til. „Heima (á Lambavatni) var svo slátrað þeim skepnum sem voru ætlaðar sem *kjötforði* fyrir heimilin. Fyrir sláturdaginn var afi minn búinn að útbúa litla *trénagla* sem hann notaði til að verka hangikjötið í salt. Það var saltað *nýslátrað*; stráð í það volgt og staflað upp í stæðu. Tekið var í reyk helst geldfé; gjarnan valið vænt fé. Tekin voru *krof* af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftanvið bógana, og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi. Svo var framparturinn klofinn eftir hrygg, og þá fór afi að nota *trépollana* sína. Skorið var inn með herðablaðinu í einskona vasa og þar var sett salt í vasann. Svo var nælt fyrir með trénöglunum svo saltið rynni ekki úr þessum vasa. Þetta var gert til þess að öruggt væri að saltaðist jafnt um þetta stykki. Þetta var kallað *skammrifsbrók*. Dilkakjötið var svo saltað í tunnu“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Heimaslóðir (n, kvk, fto) Uppeldisslóðir; svæði kringum heimili manns. „Alltaf er jafn notalegt að koma á heimaslóðirnar“. „Einn þeirra manna sem þóttu nánast ómissandi í Bjargleitina var Hafliði Halldórsson á Miðbæ á Látrum, eða Liði eins og hann var kallaður á heimaslóðum“ (PG; Veðmálið).

Heimasmiði (n, hk) Gripur sem smíðaður er heimavið. „Klembur voru heimasmiði, annaðhvort úr hvalbeinum eða kindarleggjum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Heimaspunnið (l) Garn sem spunnið er heima en ekki keypt að. „Band var oftast heimaspunnið og spunakonur voru hreinir listamenn við rokkin“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms). „Saumgarnið var alltaf heimasunninn togþráður, en nálar dragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til“ (KJK; Kollsvíkurver).

Heimatilbúinn (l) Búinn til heima, en ekki aðkeyptur/aðfenginn. „Jólaskrautið var að mestu heimatilbúið“.

Heimatún (n, hk) Tún nærri bæ. „Ætli maður slái ekki heimatúnið á morgun“.

Heimavið (ao) Heima; viðlátinn. „Það þarf einhver að vera heimavið þegar gestirnir koma“. Keimlíkt orð; heimvið, er notað til að lýsa því sem er nærri heimili/bæ.

Heimáleið (ao) Í áttina heim; *heimleiðis*. Orðin „heim á leið“ voru jafnan notuð sem um eitt orð væri að ræða, með áherslu á fyrsta atkvæðið, líkt og t.d. „landleið“, „sjóleið“ eða „heimleið“. „Það fer óðum að dimma; ég held við förum bara að koma okkur heimáleið“. Meira notað en heimleiðis.

Heimátt (n, kvk) Leiðin/áttin heim. „Þetta er nú orðin ágæt berjaferð; ætli við förum nú ekki að halla okkur í heimáttina“.

Heimburður (n, kk) A. Það að bera eitthvað heimleiðis. „Það verður léttur heimburðurinn úr þessari eggjaferð, ef hann ætlar að fara að regna“. B. Rek báts á skaki, þannig að færið stendur undir bátinn. Standi færið frá bátinum er *útburður*, eða að það *standi á glæ*.

Heimeftir (ao) Í áttina heim. „Mér sýnist kýrnar vera á leiðinni heimeftir“.

Heimfararleyfi (n, hk) Leyfi til að fara heim til sín úr veri eða annarri vinnu. „Þeir sem heima áttu í næsta nágrenni fóru, eða fengu heimfararleyfi“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Heimferð** (n, kvk) Ferðalag heimleiðis. „Ætli maður fari nú ekki bráðum að hugsa til heimferðar“. „Harðla fátt af heimferðinni segir saga;/ stóð hún trúí ég tíu daga“ (JR; Rósarímur).
- Heimferðarhugur** (n, kk) Heimþrá; löngun til að komast heim. „Veðurútlit var talið gott þegar nokkrir bátar fóru af stað í róður, en útróðrarmenn í heimferðarhug fóru að bera fiskifang og aðrar föggur sínar til sjóar“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Heimflutningur** (n, kk) Flutningur heim á leið. „Eina árvissa flutningaferð þurfti að fara á hverju hausti, en það var heimflutningur á slátri frá sláturhúsinu á Gjögurum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Heimfús** (l) Langar að komast heim til sín; með heimþrá. „Drengs í brjósti heimfús hugur hlær og brennur./ Fyrir honum hjörðin rennur“ (JR; Rósarímur).
- Heimfæra** (s) Um málefni; aðlaga; samræma; fella undir. „Það er nú ekki hægt að heimfæra allt það uppá Ísland sem tíðkast í útlandinu“.
- Heimildarleysi** (n, hk) Leyfisleysi; *óleyfi*. „Ekki dettur mér í hug að taka þetta í heimildarleysi“.
- Heimilisaðdrættir** (n, kk, fto) Öflun nauðsynjavöru fyrir heimili sem ekki er heimaefing. „Heimilisaðdrættir í Útvíkum voru oft erfiðir og háðir tíðarfari, fyrir daga bílvega“.
- Heimilisbragur** (n, kk) Yfirbragð heimilis í augum gesta. „Nokkuð fannst honum annar heimilisbragur þar en á nágrannabýlinu, en vildi þó sem minnst um það segja“.
- Heimilisdráttarvél** (n, kvk) Dráttarvél/traktor til nota við tiltekið bú en ekki til útleigu. „Fyrstu heimilisdráttarvélar í Rauðasandshreppi hafa sennilega komið sama árið að Kollsvík og Hvallátrum. Mætti þar giska á 1946“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Heimilisfastur** (l) Með heimili á tilteknum stað. „Um og eftir 1910 er þar einna fjölmennast, eða yfir 70 manns heimilisfastir“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Heimilishrafn** (n, kk) Hrafnar höfðu þann sið, meðan enn leyfðist að kasta matarúrgöngum spölkorn frá húsi, að skipta sér á bæina; yfirleitt var eitt hrafnapar á bæ. Það voru heimilishrafnar þess bæjar og urðu með tímanum líkt og hluti bústofnsins; til gamans fyrir marga en oft til *armæðu* fyrir heimilishundinn.
- Heimilisiðnaðarsýning** (n, kvk) Sýning á handverki og öðru hagleiksverki sem unnið er á heimilum. „Samvinna hefir verið milli fjelaganna Baldurs, Vonar og Vestra um ýmis mál, eins og leikmót, skemtiferðir, heimilisiðnaðarsýningu og hjálp til fátækra“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Heimilisnot** (n, hk, fto) Nyttjar heimilisins. „Þegar ullin var orðin þurr var valið úr henni til heimilisnota, og hin hreinsuð og látin í poka til sölu“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Heimilisrafstöð** (n, kvk) Vél til framleiðslu rafmagns, oftast ein fyrir hvert býli; dísil-, bensín-, vatns- eða vindknúin. „Á nokkrum bæjum í Rauðasandshreppi var komið upp litlum heimilisrafstöðvum löngu fyrir samveiturfagnid, þær fyrstu fyrir 1930. Rafmagn frá þeim nægði fyrir ljós og eldavélar og sums staðar til upphitunar“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms). Fyrstu virkjanirnar voru einkum notaðar til að hlaða útvarpsbatteri; kallaðar *kraftverk*. Útvarpið var nýjung sem þurfti rafmagn, en menn töldu sig ekki þurfa það til annarra nota fyrst í stað. Karl Kristjánsson kom upp rafstöð í Ánni, enda var fyrsta útvarpið í Kollsvík staðsett hjá honum á Stekkjarmel, og þangað komu aðrir til að hlusta. Fyrsta rafstöð á Láganúpi var lítil 12 volta bensínvél af Onan-gerð, og nýttist einkum til ljósa. Síðar kom 1,5KW, 220V, 1-cyl Lister díselvél, og fleiri Lister vélar síðar. Ingvar á Stekkjarmel gerði mikla stíflu í Ánni og kom sér upp 12 volta rafstöð, en fékk sér dísilvél þegar hann flutti að Kollsvík. Sumir bæir í Rauðasandshreppi höfðu meira vatnsafl og þar var komið upp 220V vatnsvirkjunum, s.s. í Hænuvík; Tungu; Hnjóti; Kvígindisdal og Vesturbotni.
- Heimilisparfir** (n, kvk, fto) Nauðsynjar heimilis. „...var aðflutningurinn tilbúinn túnáburður, auk ýmissar matvöru til heimilisparfa“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Heimleið** (n, kvk) Leiðin heim. „Hann fór út á Hnífa að gá að fé, en hann ætti nú að vera á heimleið aftur“.
- Heimleiði** (n, hk) Byr sem flýtir siglingu á heimleið. „Nokkuð löng sigling var af grásleppumiðum syðst í Breiðavík, en miklu munaði að fá gott heimleiði; norðurfall og jafnvel sunnangolu með“.
- Heimleiðis** (ao) *Heimáleið*. „Ég fer bráðum að rölta heimleiðis“. Minna notað en heimáleið.
- Heimmed** (ao) Heim *meðfram*. „Fjárhópurinn hélt sig *uppundir* klettum og fór á hlaupum heimmed klettum í Núpnum; ofanvið Bekkinn“.
- Heimóttarháttur** (n, kk) Molbúaháttur; búraháttur; sérvíska. „Þetta er að jafnaði mjög skynsamur náungi, en á það til að bregða hann fyrir sig heimóttahætti og *þversku*“.
- Heimóttarlegur** (l) Kjánalegur; fákunnandi. Haft um þann sem lítið hefur ferðast og er fáfróður mjög.

Heimrekstur (n, kk) Rekstur fjár af skilarétt. „Þó smölun í Breiðavík væri nokkuð *mannskapsfrek*, þá var heimrekstur af Breiðavíkurrétt jafnan auðveldur. Tveir duglegir smalar réðu oftast vel við heimfúsan fjárhópin, og í einhver skipti rak ég einn norður yfir Breið“.

Heimróður (n, hk) Hluti sjóferðar; sigling/róður af fiskimiðum í lendingu. Mikilvægt var, þegar róíð var, að haga róðrum þannig að *meðstraumur* fengist bæði á *fráleidi* og í heimróðri.

Heimræði (n, hk) Heimver; útræði frá heimajörð. „Heimræði er þar (frá Láganúpi) ár um kring, en á vorið er þar vertíð frá sumarmálum til þingmárumessu“ (ÁM/PV Jarðabók). Aðrar tegundir verstöðva voru *útver*, þar sem menn komu að og bjuggu í verbúðum, og *viðleguver*, þar sem aðkomumenn bjuggu heima á bæjum. Kollsvík var bæði heimver og útver, en ekki viðleguver að ráði á síðari tímum. „Má í því tilliti muna tímana tvenna, þegar allur þorri bænda í Rauðasandshreppi gerði út báta; ýmist frá verstöðvum eða úr heimræði, þar sem jarðir lágu nærri sjó“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Heimsendir (n, kk) Endalok veraldar; dómsdagur. „Það er nú kannski enginn heimsendir þó þú hafir misst þessa líðu! Ertu viss um að þetta hafi ekki bara verið *botnfesta*“?

Heimsigling (n, kvk) Sigling/ferð heimleiðis á bát. „Á ég ekki að taka við stýrinu svo þú getir lagt þig á heimsiglingunni“?

Heimsk orð koma úr heimskum belg (orðatiltæki) Sá sem er heimskur/vitgrannur mælir gjarnan heimskulega. Iðulega notað í niðrandi tali um það sem þykir mjög heimskulega sagt.

Heimska (einhvern) (s) Telja (einhvern) heimskan; ásaka um heimsku. „Þetta reyndist heillarád *þegar upp var staðið*, svo við skulum ekki heimska hann fyrir það“.

Heimska sig (orðtak) Álasa sjálfum sér fyrir yfirsjón/fávisku. „Ég heimskaði mig mikið fyrir að hafa ekki spurt hann betur út í þetta meðan hann lifði“. „Það er víst til lítills að heimska sig endalaust fyrir þetta“.

Heimskan ríður ekki við einteyming (orðatiltæki) Heimskan er til alls búin. Viðhaft þegar heimskupör einhvers þykja yfiringileg. „Nú mokuðu þeir veginn þannig að moksturinn situr allur á kantinum, sem tryggir að kolófaert verður á morgun! Ja heimskan ríður ekki við einteyming“!

Heimskautafrost / Heimskautakuldi (n, hk/kk) Fimbulfrost; mjög kalt í veðri. „Ekki linar hann neitt þetta heimskautafrost“. „Fénu verður lítið úr beit í þessum heimskautakulda“.

Heimskt er heimaalið barn (orðatiltæki) Notað um vanþekkingu þeirra sem aldrei fara útfyrir sinn sjóndeildarhring/heimastað.

Heimskufjas / Heimskuhjal / Heimskukjafæði / Heimskuraus / Heimskubvæla (n, hk/kvk) Það sem sagt er af hugsunarleysi/fáfræði; bull. „Vertu ekki með svona heimskukjafæði; þú veist betur en þetta“!

Heimskupör (n, hk, fto) Heimskulegur verknaður; það sem gert í hugsunarleysi. „Ég er lítið hrifinn af svona heimskupörum“!

Heimskur er jafnan höfuðstór (orðatiltæki) Speki sem kann að hljóma furðulega, en liggur í því að ekki skyldi meta gáfur manns eftir höfuðstærð, eða líkamsstærð.

Heimskur er sá sem öllu trúir (orðatiltæki) Auðskilin speki og oft viðhöfð.

Heimskur hlær að hugsun sinni (orðatiltæki) Speki sem viðhöfð er þegar hlátur krimtir í einhverjum, án þess að til þess sé sýnileg ástæða, og jafnvel við óviðeigandi tækifæri.

Heimsókn (n, kvk) Innlit; það að koma/líta við hjá einhverjum sem maður býr ekki hjá. „Þá var líka *tíðkað* að fara í heimsóknir á aðra bæi; einnig að *koma saman* og fara í *boltaleik* og *útilegumannaleik* þegar fór að dimma“ (IG; Æskuminningar).

Heimspækilegar hugleiðingar (orðtak) Um þann sem er mjög þungt hugsí, utan við sig og *annarshugar* er oft sagt að hann sé í heimspækilegum hugleiðingum.

Heimta úr helju (orðtak) Bjarga úr lífshættu. „Lögðu menn nú frá skipinu í skyndi og þóttust úr helju hafa þann heimt er á skipinu var“ (MG; Látrabjarg). „Nærri má geta að hann hafi þóst þá úr helju heimt hafa er hann mætti þeim öllum þarna á fjallinu“ (ÖG; Þokuróður). „Eftir að bátnum hafði verið bjargað úr sjó, fóru menn að heilsast. Þóttust allir okkur úr helju heimt hafa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Heimtast (s) Um sauðfé; koma til skila á haustin; endurheimtast úr sumarhögum. „Heldur finnst mér heimtast illa af Bjarginu ennþá“.

Heimtufrækja (n, kvk) *Ásælni*; *yfirgangur*; *gleypugangur*. „Hvar endar þessi heimtufrækja eiginlega“?

Heimtur (n, kvk, fto) Skil á sauðfé á haustin; endurheimtur fjár úr sumarhögum. „Heimtur eru svipaðar og á sama tíma í fyrra“. „Þykja hausti einu á/ illar heimtur vera./ Fyrir dyrum virðist vá,/ varla nóg að skera“ (JR; Rósarímur).

- Heimulanjólí** (n, kk) Heimuli; hávaxin súrtegund með stórum blöðum og iðulega háum kornstöngum. Vex sumstaðar sem illgresi, t.d. sunnaní gamla bæjarhólnum í Kollsvík.
- Heimulega** (l) Leynilega; laumulega. „Þeir fóru heimulega að þessu, enda í algjöru leyfisleysi“.
- Heimum / Heimyfir** (ao) Heim til/yfir; í áttina heim. „Meðan við vorum að amstra með kindina dreifði reksturinn úr sér heimum alla Orma“. „Ég rak kýrnar heimyfir Umvarp“.
- Heimundir** (ao) Heima við/hjá; heim til/að. „Mér sýnist að fjárhópurinn sé kominn heimundir girðingu“.
- Heimur versnandi fer** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað gegnur miður, t.d. þegar fréttir berast af slæmum atburðum eða þegar maður saknar fyrri tíma/gilda/viðhorfa/lífshátta. „Heimur versnandi fer; nú geta menn verið á fullum launum við að sparka boltatuðrum“! „Í dag finnst mér bara sorglegt að fara þarna úteftir. Heimur versnandi fer“ (DÓ; Að vaka og vinna). „Hirtingar hjálpa ekki;/ heimur versnandi fer“ (HP; Passíusálmar).
- Heimver** (n, hk) Verstöð þar sem heimamenn gera einkum út, en lítið um aðkomubáta. Af Jarðabókinni má ráða að Kollsvíkurver hafi einkum verið heimver um 1700, þó þar hafi oft verið lent bátum úr Láganúpsveri. Þar var hinsvegar einnig öflugt útver um og eftir 1900.
- Heimvið** (ao) Heima hjá/við. „Skreptu nú eftir hrífu fyrir mig; hún er heimvið verkfærahús“. Líkt orð; *heimavið*, er notað til að lýsa því hvort maður sé viðlátinn.
- Heimþrá** (n, kvk) Löngun til að komast heim til sín. Heimþrá getur orðið gríðarsterk tilfinning, eins og þeir vita sem reynt hafa. Sjá *heimfús*.
- Heisa** (s) Hífa; draga upp. „Með *grjótgálganum* var unnt að heisa upp *stóreflis* björg“.
- Heisigaffall** (n, kk) Bóma á mastri skips, sem notuð er til hífingar. „Heisigaffallinn sóst líka til og frá meðan skipið veltist í brimrótinu,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Heita sér/honum/henni/því** (orðtök) Vera með *heitingar*; lofa sjálfum sér eða öðrum. „Ég hét mér þá að koma aldrei nálægt svona skrapatóli aftur“. „Ég hét honum því, *árans beininu*, að hann færi ekki meira út það haustið“. „Hún hét því að þeir fengju súkkulaði og vöflur ef þetta fé næðist“.
- Heita utaní einhvern / Heita í höfuðið á einhverjum** (orðtak) Heita eftir einhverjum. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Á Vatnadalsbót er mið sem heitir utan í Bjarna Gíslason sem var unglingur á Látrum“.
- Heitasta helvíti** (orðtak) Eitt kröftugasta blótsyrðið í fjölskrúðugu orðavali Kollsvíkinga af því tagi. „Fari það nú í heitasta helvíti; er nú *hlaupastelpan* í slátturvélinni brotin eina ferðina til, þegar mest ríður á“.
- Heitbundinn** (l) Trúlofaður. „Davið var ókvæntur en heitbundinn Sigríði Bjarnadóttur frá Keflavík“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Heitfengur** (l) Þolir vel kulda. „Alveg er furðulegt hvað hann er heitfengur; að vera húfulaus í þessu veðri“.
- Heitingar** (n, kvk, fto) Formælingar; bölbænir. „Það þýðir ekkert að vera með þessar heitingar þó karlinn hafi beitt línuna illa“.
- Heitir ekki/varla** (orðtak) Ekkert að ráði; lítið. „Það heitir ekki að kýrin hafi étið; rétt *nusað* af fóðurbæti“.
- Heitstrenging** (n, kvk) Fyrirheit; hótun. „Hann hafði uppi ýmsar heitstrengingar um það sem hann þingmennirnir fengju að heyra á fundinum. Þeir skyldu *fá til tevatnsins*“.
- Heitt í hamsi** (orðtak) *Ofsareidur; fjúkandi illur*; mjög æstur. „Mér var orðið nokkuð heitt í hamsi yfir þessum ásökunum, sem ég taldi mig ekki eiga skildar“. Orðtakið hefur verið skýrt þannig að hams sé annað orð yfir húð, og þá vísi það til þess að mönnum hitnar stundum af geðshræringu/reiði, eins og sjá má af roða í andliti.
- Heks** (n, hk) Svarkur; brussa; illskeyttur kvenmaður. „Hann er meinleysis rola en kerlingin er skelfilegt heks“.
- Helaumur** (l) Mjög sár/aumur; finnur mikið til. „Ég er helaumur í hnénu eftir byltuna“.
- Helber lygi / Helbert kjaftæði** (orðtak) Algjör ósannindi; *einber lygi*. „Ég held að þessi saga sé helber lygi“.
- Helblár** (l) Orðinn blár af kulda. „Hún var helblá í framan og skalf á beinunum“.
- Heldinn** (l) A. Um ís á vatni/sjó; heldur manni; traustur. „Það er ekki meira en svo að ísinn á Lögmannslánni sé vel heldinn“. B. Um ílát; heldur vökva; þétt. „Tunnan er búin að úvatnast svo að hún er orðin heldin“.
- Heldofinn** (l) Dofinn af kulda. „Barnið er heldofið á höndunum“.
- Heldren** (st) Styting úr „heldur en“. Er svo oft borið fram þannig að telja má sjálfstætt orð.
- Heldrimannasiður** (n, kk) Háttur/siður/venja þeirra manna sem telja sig öðrum æðri, eða betri í mannasiðum; siður höfðingja. „Hann lyfti hatti í kveðjuskyni, að heldrimannasið“. Sjá einnig „*heilsa að heldrimannasið*“.
- Heldur** (l) A. Um ís; mannheldur; heldur manni uppi. „Er ísinn á Lögmannslánni örugglega heldur“? B. Um ílát; ekki lekt. „Tunnan er ekki vel held ennþá“.

- Heldur** (ao) Mikill; drjúgur. „Heldur er nú veldið á karli; bara búinn að kaupa nýjan bát“! Orðið var mikið notað þannig í Rauðasandshreppi framundir 21. öld, jafnan með áherslu á „heldur“.
- Heldur betur** / **Heldurbetur** (orðtak) Áhersluauki; enn frekar; mjög mikið. Rann oftast saman í eitt orð. „Nú *fékk* hann heldurbetur fyrir ferðina“! „Það er heldur betur búið að rigna í dag“. Oft einungis notað „heldur“. „Heldur var hann *uppmuminn* yfir ferðalaginu“!
- Heldur en ekki** (orðtak) Áherslulíður í setningum; mjög; afar; heldur betur. „Strákurinn var heldur en ekki ánægður að fá þessar þrjónahosur á jólnunum“.
- Heldur/fremur en fyrri daginn** (orðtak) Heldur/fremur en endranær. „Ég kom ekki að tómum kofanum hjá honum núna heldur en fyrri daginn“.
- Heldur er það!** (orðtak) Upphrópun, líkt og; Nú dæmar mér ekki!; fyrir má nú rota en dauðrota! og aðrar slíkar. „Þeir voru bara að fá sér nýjan traktor á dögnum. Heldur er það nú veldið á þessu liði; þó það sé skuldugt uppfyrir haus“!
- Heldur mikið af því góða** (orðtak) Viðhaft þegar manni ofbýður/ þykir nóg komið. „Hann hafði setið þegjandi undir aðfinnslunum til þessa, en þetta fannst honum heldur mikið af því góða“. Sjá *of mikið af því góða*.
- Heldur/of seint séð** (orðtak) Of seint uppgötvað. „Það er heldur seint séð að kindin er frá öðrum eiganda þegar búið er að slátra henni“!
- Heldur seint í rassinn gripið (þegar kúkurinn er kominn í buxurnar)** (orðtak) Of seint gripið til varnaraðgerða þegar skaðinn er skeður. „Það er heldur seint í rassinn gripið að átta sig á því núna að bensínbrúsinn varð eftir í landi“!
- Heldur/of snemmt að hrósa happi** (orðtak) Ekki tímabært að fagna. „Það er heldur snemmt að hrósa happi strax. Þær eru nú ekki komnar í hús þessar útigangskindur“.
- Heldur tveir en einn** (orðtak) Fleiri en einn; að minnsta kosti tveir. „Ég skal bara segja ykkur það! Haldiði ekki að það sé strax hlaupið á snærið hjá mér; og heldur tveir en einn“! „Er burtu gekk ég þaðan þá sagði mér hann Sveinn;/ það sögðu líka menn á næstu bæjum;/ Í Hærri-Tungu væru þeir, heldur tveir en einn./ Að hugsa sér, og annar lá á gægjum!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Heldurtil** (orðtak) Nokkuð um of; heldur of. „Ég setti heldurtil mikið í fötuna, svo það skvettist útúr á leiðinni“. Sjá *helst til; helsti*.
- Helfrost** (n, hk) Mikið frost; *náfröst*. „Féð nær hvergi í vatn í þessu helfrosti“.
- Helfrosinn** (l) Mjög kaldur; iskaldur. „Því varstu ekki með vettlinga drengur? Þú ert helfrosinn á puttunum“!
- Helftin af** (orðtak) Helmingur; meirihluti. „Við rerum helftina af leiðinni meðan baslað var við vélargarminn“. „Helftin af fenu er komin heim á tún“.
- Helg bók** (orðtak) Biblían. „Ég var ekki aðhafast neitt *ókrístilegt!* Stendur ekki einhversstaðar í helgri bók að andinn komi yfir menn. Það kom bara of mikill andi yfir mig, svo ég hleypti smávegis út að neðan“!
- Helga** (s) Eigna. „Mark helgar markeiganda kind, nema sannast að annar eigi“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).
- Helga sér** (orðtak) Eigna sér; kasta eign sinni á. Oftast notað í þeirri merkingu að kind kannaðist við sitt lamb. „Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin sér í dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau“ (Fjallskilareglugerð V-Barð 1982, 29.gr).
- Helgaddur** (n, kk) Hörkufrost; fimbulfrost. „Það tekur fljótt fyrir alla þarabeit í þessum helgaddi“.
- Helgaður** (l) Eignaður; tileinkaður. „Þú ert bústaður helgaður hetjunni fyrstu/ sem hóf sitt landnám í víkinni ystu“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).
- Helgarferð** (n, kvk) Ferðalag/heimsókn yfir helgi. „Þetta er bara helgarferð hjá okkur að þessu sinni“.
- Helgarhvíld** (n, kvk) Hlé á bústörfum og róðrum yfir helgar. Sunnudaga og aðra messudaga voru felldir niður róðrar og ýmis önnur dagleg vinna. Þessi siður var vel virtur og jafnvel ekki róið í besta sjóveðri á sunnudegi, þó landlega hafi verið áður. Önnur bústörf féllu niður á sunnudögum nema mjaltir og annað óhjákvæmilegt, og aldrei mátti vinna með eggjárn á sunnudögum. Þessum sið héldu sumir í Rauðasandshreppi framundir aldamótin 2000. „Þegar landlegu lauk svo að helgarhvíld var í nánd voru oft teknir þrír eða fleiri róðrar í lotu til uppþótar á þeim tíma sem týndur var“ (KJK; Kollsvíkurveg).
- Helgi** (n, kvk) A. Heilagleiki; friðhelgi; guðdómur. „Á Biskupsþúfu hvílir ákveðin helgi, þannig að ekki má hrófla við henni þrátt fyrir sagnir um að fjársjóður sé þar fölginn“. B. Heilagur dagur/tími; oft safnheiti um laugardag og sunnudag eða samliggjandi hátíðisdaga, s.s. páskahelgi.
- Helgidagur** (n, kk) Dagur með meira tilhaldi en *rúmhelgur* dagur; í sumum tilfellum frí frá vinnu og með tilbreytni í siðum og mat. Helgidagar kirkjunnar voru virtir með svipuðu móti í Kollsvík og annarsstaðar, þó

að sumu leyti hafi menn e.t.v. verið þar fastheldnari á suma gamla siði. Að auki var haldið upp á aðra merkisdaga. Sólarkomu var fagnað með pönnukökum. Hátíðarkaffi var þegar borið var út á vorin og heyskparlokum var á sama hátt fagnað lítilliga. Í lok sláturtíðar var veisla með góðgæti s.s. nýjum lundabökkum og fylltum vélindum. Afmælum var fagnað, einkum barna en einnig stórafmælum.

Helgihald (n, hk) Hátíðahöld; það að sýna því virðingu sem trúað er á, á tilteknum tíma. „Ég býst nú ekki við hér verði mikið um helgihald þó einhverjir kalli þetta verslunarmannahelgi“.

Helgislepja (n, kvk) *Skinhelgi; guðsorðastagl.* „Ekki vantar í þá helgislepjuna í hátíðarræðunum“!

Helgrýskur (l) Bölváður; fjárans; árans. „Þarna lék hún á mig helgrýsk túnrollan; hún faldi sig í melaskarðinu meðan ég rak hinar útaf“!

Helgrýti (n, hk) Upphrópun eða áhersluorð; mildun/afbökun úr helvíti. „Helgrýtis ári fannst mér slæmt að missa þessa spröku, svona alveg upp við borðstokkinn“.

Helgubúfa (Sérn, kvk) Fornt örnefni á mörgum jörðum í Rauðasandshreppi. Ekki er vitað nú um ástæður nafngiftarinnar, en líklegt er að hún standi annaðhvort í sambandi við verndarvætti bæjarins; að þar hafi verið helgihald eða að þar hafi verið beðin ferðabæn. Til hins síðastnefnda bendir staðsetning sumra þessara þúfna, en þær eru við vegi t.d. í Keflavík; á Hvallátrum, innan Kirkjuhvamms og innan Hlaðseyrar. Þó e.t.v. ekki sú sem er á Hnjóti. „Þar, neðst í túni; niður við lækinn, er Helgubúfa“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Heljarbasl / Heljarinnar basl (n, hk/ orðtak) Mikil vandræði; miklir erfiðleikar; *roknabasl.* „Það var heljarbasl að ná netinu inn, með skít og öllu saman“. „Við lentum í heljarinnar basli með að koma Bæjarbónda niður af Bæjarvellinum aftur. Það endaði með því að hann var látinn síga niður í hnipri; með *harðlokuð* augun“.

Heljarbákn (n, hk) Það sem er risavaxið/ógnarþungt. „Þetta er heljarbákn“.

Heljarbjarg (n, hk) Firnastór steinn. „Þétt við heimastekkin voru tveir steinar mjög stórir; heljarbjörg. Þeir voru friðhelgir og skyldu látnir hlutlausir, því þeim fylgdu álög álfa- og trölldóms langt aftanúr forneskju“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Heljargaddur (n, kk) Hörkufrost; beinfrost; grimmdarfrost. „Þú ferð ekki vettlingalaus út í þennan heljargadd“.

Heljarinnar... Áhersluorð. „Þetta er heljarinnar býsn af eggjum“. „Það eru heljarinnar þyngsli í þessu“. „Þau fengu víst einhver heljarinnar ósköp af berjum þarna“. Stundum notað „*reiðinnar*“ í sama tilgangi.

Heljarmenni að burðum (orðtak) Mjög sterkur; þrekmenni. „Brynjólfur var heljarmenni að burðum, eins og mörg hans ættmenn í Kollsvík. Um það vitnar Brynjólfstak í Brunnaverstöð, sem hann bar neðan úr fjöru“.

Heljarmikill (l) Feiknamikill; svakalega mikill. „Það er heljarmikill borgarís strandaður hér djúpt frammi á víkinni“. „Það varð heljarmikið tjón í þessum brunu“. „Við veltum heljarmiklu bjargi af veginum“.

Heljarþröm (n, kvk) Nauð; ystu takmörk. „Menn eru nú ekki á *heljarþröminni* sem hafa efni á svona bíl“.

Helkaldur (l) Mjög kaldur; orðið mjög kalt. „Hann var helkaldur og hrakinn eftir volkið“.

Helkuldi (n, kk) *Gaddfrost; fimbulkuldi.* „Búðu þig almennilega í þessum helkulda“.

Heljarmikill (orðtak) Mjög mikill; gríðarmikill; gríðarstór. „Um morguninn ég uppdagaði óttalega þraut;/ ég alsettur var heljarmiklum bólum./ Með þessar rosaskellur til Þóris læknis þaut;/ ég þreyttur var og linnti ekki gólum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Hella uppá (orðtak) A. Laga kaffi. „Viltu ekki kaffi? Ég er enga stund að hella uppá“. B. Bæta vatni í tunnu sem verið er að útvatna/þétta. Meðan Össur og Ingvar gerðu út á grásleppu í Hænuvík verkuðu þeir í skúr við ána; nokkru ofan lendingarinnar, og þurfti að sækja allt vatn í ána í fötu. C. Gefa manni vín. „Hann veit alltaf hvert best er að fara á föstudagskvöldum; þar er alltaf hellt upp á hann“.

Hella úr eyrunum (orðtak) Halla undir flatt. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Hella úr skinnsokknum (orðtak) Míga; pissa; *kasta af sér vatni.*

Hella sér yfir (orðtak) Skammast *óbótaskömmum; rífa sig ofan í rass.* „Réttarstjórinn hellti sér yfir strákana fyrir klaufaskapinn og skipaði þeim að fara strax og reyna að ná fénu aftur“.

Hella úr sér (orðtak) Um veður; hellirigna. „Það er víst rétt að koma sér inn áður en hann fer að hella úr sér fyrir alvöru“.

Hellingur (n, kk) Mikið magn; *gomma; glás.* „Þau eignuðust einhvern helling af kökkum“. Síðari tíma orð.

Helliregn / Hellirigning / Hellidemba (n, kvk) Mjög mikil rigning; *eins og hellt sé úr fötu.*

Hellirigna (s) Rigna mjög mikið; *migrigna.* „Fjári er hann að *ljókka* hratt; ég gæti trúað að hann yrði farinn að hellirigna strax um hádegisd“.

- Hellisgjóta** (n, kvk) Sprunga/gjóta sem myndar helli. „Buggi bróðir vissi lengra en nef hans náði; eða svo taldi ég þegar við vorum á yngri árum, enda var hann heilum tveimur árum eldri en ég. Hann kundi góð skil á helstu vættum og vissi nákvæmlega hvar þær ættu heima í nágrenni Láganúps. Gilitrutt átti bústað í Gilsklettinum, en Grýla bjó í hellisgjótu framanvið Hádegisskarð; neðan við hæstu Hjallabrúna. Inngangurinn sést greinilega, en aldrei fann ég leiðina í sjálfan hellinn, þrátt fyrir mikla leit“.
- Helliskúr** (n, kvk) Rigningardemba sem varir fremur stutt, en með gríðarlegu vatnsmagni. „Það gerði á okkur nokkrar helliskúrir, en svo *skjannasólskin* inn á milli“.
- Hellisloft / Hellisrjáfur** (n, hk) Hellisþak. „Í Kofahelli hefur verið hrafnslaupur í hellisloftinu síðan elstu menn muna“.
- Hellismunni** (n, kk) Op/inngangur í helli. „Gvendarhellir er nokkuð stór, en hellismunninn er svo þröngur að inn um hann skríða ekki nema tiltölulega grannir menn“. „Sér til ferða ferlegs manns./ fylgir mikil dyrgja./ Risavaxnar herðar hans/ hellismunnan byrgja“ (JR; Rósarámur).
- Hellisskúti / Hellisskvompa** (n, kk/kvk) Lítil hellir. „Rolluskúti er lítil hellisskvompa, heimantil við Vallargjá. Hann er núna svo fullur af *taðmold* að kind getur varla leitað þar skjóls lengur“.
- Helluárefti** (n, hk) Helluþak; helluþekja. „Heyrði ég þá skruðning upp yfir mér. Það var helluárefti á húsinu. Það hljóp í mig kjöllur, og hljóp ég eftir kistunum að gaflinum“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).
- Hellublað / Hellubleðill / Helluflís** (n, kvk) Lítil grjóthella. „Við röðuðum hellubleðum varlega ofaná eggjabyrgið“ „Tófugildran á Gildruásnum ofan við Hjallana, heima við túnið í Sauðlauksdal, var miklu eldri og vandlega hlaðin úr völdu grjóti. Þar lá agnið á tveim hellubleðlum uppi í turninum. Ef vigt agnsins var létt af bleðlunum, féllu báðar lokurnar niður, svo dýrin lokuðust inni“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Helluhlaði** (n, kk) Stafli af hellum. „Þessir tveir helluhlaðar ættu að duga í kofapakið“.
- Helluhlaðinn** (l) Hlaðinn úr hellusteinum. „Uppi á Stórafellinu er listilega gerð varða; helluhlaðin eftir Guðbjart Guðbjartsson hleðslumeistara á Láganúpi. Varðan er lík sigurboganum franska, en tekur honum fram um margt. Neðantil eru tvær ferkantaðar súlur hlið við hlið; ofaná þær báðar er lögd stór hella og síðan hlaðinn þykkur bálkur ofaná hana. Öll hleðslan er svo regluleg og snyrtileg að undrum sætir. Sé horft í gegnum gatið á vörðunni, vísar það í átt til Grunda og Láganúpsvers. Hleðsluefnið er nærtækt, því stutt frá er hið forna hellutak Láganúpsmanna í Stórafelli“.
- Hellumálun** (n, kvk) Listmálun á grjóthellur. „Listakonan Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi (f.1930) er sú eina sem stundað hefur hellumálun á Íslandi, svo vitað sé“.
- Hellumálverk** (n, hk) Málverk á grjóthellur. Eftir Sigríði á Láganúpi liggja fjöldamörg hellumálverk“.
- Hellutak** (n, hk) Náma þar sem mikið er af hellum; hentugum t.d. í þekju. „Í Kollsvík eru tvö hellutök sem hafa mikið verið notuð gegnum tíðina og enn eru auðug að hellum. Þetta eru Helluhnúkur við Keldeyradal og Stórafell í Láganúpslandi“.
- Helluþak** (n, hk) Þakgerð sem var algengust í Útvíkum gegnum tíðina, eða þar til bárujárnsþök tóku við. Dæmigert helluþak var t.d. í verbúð: „Verbúðir í Víkum, Hvallátrum, Breiðuvík og Kollsvík voru svipaðar Habamannabúð á Hvallátrum (með *mæniás*; *tréárefti*; *helluþaki* og *torfi*; dyrum í sjávarátt og litlum gluggum sinnhvorumegin við *gafhláð*. .. Í þaki voru *sperrur* og *langbönd*; þar ofan á lagðar *skaraðar hellur* og þess gætt að hafa þær *skástu* þeim megin sem meiri rigningar var von. Alveg uppi undir mæni voru minni hellur, sem látnar voru ná lítið eitt upp fyrir hann *regnhlíðarmegin*, en á hina hliðina gengu þær upp undir mæninn. Tyrft var yfir hellurnar. Sumar yngstu búðirnar voru með *járnþaki* og *torfi*, en *helluþökin* þóttu hlýrri“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÓETH og KJK). Ýmist var hvort mæniás var í húsum Víknamanna, eða ekki. Mörg hver voru með sperrum með skammbitum um miðjan legg; blaðaðar saman í toppinn og laski þar. Sperrurnar hölluðu þá ívið meira, og stóðu sperrufæturnir oft niður á vegglagju; bita semvar láréttur ofaná innanverðri veggbrún. Má þar nefna Hesthúsið á Hólum og fleiri.
- Helluþakið** (l) Um hús, bæjarhlað eða annað; þakið með hellum. „Reisifjöl var slétthefluð borð, óplægð, sett innan á sperrur í gömlum baðstofum helluþöktum; stundum aðeins yfir rúmunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hel mótt / Gráhel mótt / Móhel mótt** (l) Litur á sauðfé; Hvítt á skrokkinn en með svartan/gráan/mórauðan haus, afturfyrir eyru. Næði dökki liturinn niður á hálsinn var ærin *höttótt*.
- Helmur** (n, kk) Hjálmur; með hjálmagi. „Á Innri-Hlíðum, innan Blakksins, eru nokkrir helmar í fjörunni; Kálhelmur, Gathelmur og Magnúsarhelmur. Þetta eru höfðar sem ganga fram í sjóinn, með grónum keilulaga skriðutoppi“.
- Helsi** (n, hk) A. Hálsfjötur, hnýttur með helsishnútt. Þessi er upprunaleg merking orðsins. B. Afleidd merking; hvaðeina sem fjötrar og bindur.

Helsingjaneff (n, kvk) Lepas anatiferia. Ein tegund *hrúðurkarla*. Helsingjaneff festa sig við undirlagið með nokkurskonar stilk. Skelin er í tveimur hlutum og minnr á fuglsgogg, sem skýrir nafngiftina; bláleit að lit þegar dýrið er lifandi. Lifir yfirleitt á allmiklu dýpi, en berst oft á rekaviði upp á fjörur.

Helsishnútur (n, kk) Hnútur til að hnýta helsi þannig að ekki herði að, en fljótlegt sé að losa. Hann er þannig að á enda bandsins er hnýttur einfaldur hnútur, en í hæfilegri fjarlægð (eftir svírastærð) er annar einfaldur hnútur sem hinum er smeygt í gegnum. Þannig voru t.d. kýr bundnar á bása.

Helst til / Helsti (orðtak/ao) Aðeins um of. „Grauturinn er helst til saltur finnst mér“. „Þetta er helsti mikið“.

Heltast úr lestinni (orðtak) Verða viðskila við hóp á ferð; gefast upp. „Fyrir kom að gamalær heltust úr lestinni þegar rekið var af Breiðavíkurrétt til Kollsvíkur. Einn *rekstrarmanna* var þá stundum eftir til að nudda henni heim í rólegheitum“. Líking við að hestur verði haltur og geti ekki haldið sama ferðahraða og aðrir í hópi.

Heltekinn (l) A. Undirlagður; sýktur; fárveikur. „Ég heyrði að hann væri orðinn heltekinn af þessum *krabbafjanda*, og læknað stæðu alveg ráðlausir“. B. Uppveðraður; mjög áfjáður; gagntekinn. „Hann er alveg heltekinn af þessu viðfangsefni núna“.

Helti (n, kvk) Það að vera haltur. „Hvað helti er í þessari kind þarna? Er hún kannski í *ullarhafti*“?

Helurð (n, kvk) Mjög stórgrýtt/illfær urð. „Þar í fjörinni eru slíkar helurðir að ófært má heita“.

Helvísk sú lygin! (orðtak) Algeng upphrópun sem viðbragð/andsvar við því sem mjög ótrúlega hljómar.

Helvísk sú ögnin / Hevísk sú ögnin (orðtök) Áherslusetning þegar synjað er fyrir eitthvað. „Ég gáði þar sem þú sagðist hafa sett skófluna, en hevísk sú ögnin að hún var nokkuð þar“!

Helvískur / Helvítið á honum (l/orðtak) Bölvður; fjandans. „Mikill helvískur fábjárni getur maðurinn verið; að fara frá fénu þarna frammi á útfiri! Hann var heppinn að þær flæddu ekki fleiri“! „Þetta er ekkert nema helvískt mont“! „Nú nýtur hann þess, helvítið á honum, að ég næ ekki til hans“!

Helvítamikill (l) Mjög mikill. „Það er helvítamikið bjarg á miðjum veginum“.

Helvítastór (l) Mjög stór. „Hér er helvítastór gloppa í netinu;líklega eftir sel“.

Helvíti (n, hk) Algengt blótsyrði. „Helvíti væri nú gaman að komast á þessa hillu þarna“.

Helvíti af mér (orðtak) Slæm mistök hjá mér; ég sé eftir. „Helvíti var af mér að muna ekki eftir þettu“!

Helvítisógn (n, kvk) Ógn af/ hræðsla við helvíti; hótun um helvíti.

Helvítistrú (n, kvk) Trú á tilvist helvítis. Sumir vilja meina að himnaríkistrú nútíma kirkju sé dálítið einhliða stagl eftir að helvítistrú miðalda leið undir lok; eftir að engin urðu *vítin til að varast*.

Helvítlega (ao) Bölvana; illa. „Mér líður bara helvítlega í fætinum eftir þetta“.

Helvítlegur (l) (Mjög slæmur; hábölvaður. „Það er helvítlegur ófögnuður hvað tófunni hefrur fjölgað“.

Hem (n, hk) Frostskán; ísskæni; mjög þunnur ís á pollum, vötnum, lækjum, vatnsílátum o.fl. „Eitthvað hefur fryst í nótt; það var hem á pollum“.

Hema (s) Um frostskán. Sagt var að hemað hefði á pollum þegar á þá kom örþunn frostskán, t.d. eftir *naturfrost*. „Það hefur örlítið hemað í nótt, vatnið í fötunni“. Visar til *hemings*, sjá þar.

Hemingur (n, kk) Þunnt en sterkt skinn af fótum eða skæklum húsdýra, sem notað var í skó.

Hemja (n, kvk) Hemill; hóf. „Það er engin hemja hvernig hún lætur stundum“.

Hemjulaus (l) Hömlulaus; skefjalaus. „Þetta er ekkert annað en hemjulaus græðgi“.

Henda (n, kvk) Vísuorð; setning, bragarháttur. „Ég kann nokkrar hendur úr því kvæði“.

Henda (s) A. Kasta. „Hentu til mín tönginni“. B. Fleygja; *fordjarfa*. „Ég henti því sem eftir var af kartöflum; þetta var orðið ónýtt“. C. Ske; koma fyrir. „Maður trúir aðldrei að *svonalagað* hendi mann sjálfan“.a D. Grípa; höndla. „Hann henti boltann á lofti og skutlaði honum í markið“.

Henda á lofti (orðtak) Bregðast snarlega við því sem sagt er. „Hann henti þessa rassbögu á lofti og var fljótur að kasta fram stöku“.

Henda gaman að (orðtak) Hafa gaman af; skemmta sér við. „Lengi hentu menn gaman að þessum tilsvörum“.

Henda/hafa gaman að óförum annarra (orðtak) Hafa ófarir/ólán annars fólks fyrir skemmtiefni; *gleðjast/kætast yfir óförum annarra*.

Henda reiður á (orðtak) Átta sig á; skilja. „Hann segir svo margt, en erfitt er að henda reiður á hvað satt er“.

Henda sig (orðtak) Koma fyrir. „Það hendir sig endrum og eins að hér rekur hval á land“.

Hendast (s) Flýta sér; kastast; hlaupa. „Ég hentist vitanlega upp, að kanna málið“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

- Hendi næst** (orðtak) A. Við hendina; nálægt. „Til að slá niður staura notar maður það *barefli* sem hendi er næst“. B. Liggur beinast við. „Mér er nú hendi næst að líta svo á að málið sé úr sögunni“. Líklega hefur áður verið notað orðið „hönd“ en ekki „hendi“, enda er það síðari tíma orðmynd.
- Hending** (n, kvk) A. Kast; flýtir; sjónhending. „Ég sá af hendingu að féð væri að sleppa og hljóp fyrir það“. B. Visuorð; *henda*. „Ég fór með nokkrar hendingar og þá áttaði hann sig á kvæðinu“. C. Tilviljun. „Það var bara hrein hending að ég sá hann detta í ána; annars er óvíst hvernig farið hefði“. „Þetta uppgötvaðist bara af hendingu“.
- Hendingaskast** (n, hk) Flýtir; asi; *hlandsprengur*. „Ég hljóp í hendingaskasti heim og sótti hrífu“.
- Hengiflug** (n, hk) Þverhniptir klettur, sem jafnvel slúta framyfir sig. „Fyrir kom að slegið var úti í Breið eða inni á Hlíðum. Það hey þurfti að bera á bakinu um snarbratta hryggi, með hengiflug fyrir ofan og neðan“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Hengilmæna** (n, kvk) Aumingi; amlóði; gauð. „Stattu ekki þarna eins og hengilmæna; reyndu að hjálpa til“!
- Hengilmænuháttur** (n, kk) Leti; *landeyðuháttur*; deyfð. „Það vinnst lítið með svona hengilmænuhátti“!
- Hengilmænulegur** (l) Aumingjalegur; lotinn; niðurlútur; aðgerðarlaus. „Ósköp ertu nú hengilmænulegur við þetta; reyndu nú að setja á þig dálitla rögg“!
- Hengingaról** (n, kvk) Snara; það sem verður manni að aldurtíla/meini; það sem veldur hættu/erfiðleikum. „Þessar ráðstafanir gætu nú orðið hengingaról þessarar ríkisstjórn“.
- Hengja** (n, kvk) Snjóskafli í brún á klettum, brekkum eða þökum; *snjóhengja*. Getur náð töluvert framyfir brúnina og þá hættuleg þeim sem útá fer eða stendur undir. „Það eru víða hengjur í brúnum“.
- Hengja hatt sinn á** (orðtak) Nota sem fyrirlátt/tylliástæðu. „Honum fannst forðagæslumennirnir hengja hatt sinn á smáatriði sem ekki tengdust þeirra starfi“.
- Hengja haus** (orðtak) Vera niðurlútur/*lúpulegur*; ganga með höfuð ofani bringu. „Það þýðir ekkert að taka þessu þegiandi og hengja bara haus; þú verður að bera þig að mótmæla þessari vitleysu“.
- Hengja í reyk / Hengja upp** (orðtak) A. Taka kjöt til reykingar/upphengingar; *setja í reyk*. „Það kjöt var vandlega valið sem tekið var í reyk; jafnvel var búið að velja það löngu fyrir slátrun skepnunnar. Eftir slátrun var skrokkurinn hlutaður eftir hefðbundnum reglum, t.d. var krofið (afturhlutinn) oftast reykt í heilu lagi; bringukollur tekinn uppá Þorláksmessuna; hálsinn tekinn sér og bógar. Saltað var í ketið og því hlaðið í stæðu; umsaltað a.m.k. einu sinni. Eftir það voru partarnir hengdir upp í reykhusi ásamt bjúgum og e.t.v. fleiru. Eldur var kveiktur í eldstæði og hulinn með torfi til að framkalla hægán bruna og mikinn reyk. Misjafnt var hve lengi var reykt, en kveikt upp daglega. Eftir tilkomu frystigeymslu var létтар reykt en áður“. B. *Hengja upp* getur einnig merkt að hengja grásleppu upp til signingar. „Veldu fyrir mig nokkrar góðar til að hengja upp“.
- Hengja sig uppá** (orðtak) *Bölva sér uppá*; *bóka*; leggja heitingar við. „Fyrst hann er kominn á norðan þá er hætt við að hann liggja í þessum rosa næstu vikuna; þú mátt alveg hengja þig uppá það“.
- Hengja til signingar / Hengja til þurrks / Hengja upp** (ortak) Um verkun grásleppu/rauðmaga; *lata síga*. „Grásleppa var töluvert veidd í Kollsvík, og þá mestmegnis til signingar. Kamburinn var skorinn af; einnig haus og kviður í einu lagi. gerð var *þuma í stirtlu* og annað þunnildi og síðan hengdar fjórar *slembur* í spyrdú yfir rá. Rauðmaga var einnig látinn síga áður en hann var reyktur“. Sjá einnig *grásleppurspyrða*. „Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd upp til þurrks“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hengja til þerris** (orðtak) Hengja upp til að láta þorna. „Hengdu nú úlpuna þína til þerris út á snúru“.
- Henglast / Hengslast** (s) *Gaufa*; ganga á lappalega; dóla. „Það dugir ekki að hegslast svona við verkið“!
- Hentisemi** (n, kvk) Hentugleikar; það sem hentar. „Hafðu bara alla þína hentisemi við þetta“.
- Heppnast** (s) Lánast; takast. „Hann skutlar árinna fram til bátsins. Og þetta heppnast“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Herða á** (orðtak) A. Þjarma að. „Ég þarf að fara að herða á honum með að svara þessu erindi“. B. Festa það sem skrúfað er. „Það þarf að herða aðeins betur á felgurónum“. C. Versna veður/veðurhæð. „Heldur er hann að herða á norðanáttinni, ef eitthvað er.“
- Herða mittisólina / Herða ólina** (orðtök) Notað sem tákn um versnandi fátækt/hungur. „Ég er hræddur um að almúginn þurfi fljótt að herða mittisólina ef sá flokkur kemst til valda“.
- Herða sig** (orðtak) Drífa sig; sýna seiglu; vinna/hlaupa hraðar. „Þú verður að herða þig ef þú ætlar að komast fyrir kindurnar“.
- Herða sig (um allan helming)** Flýta sér; herða hlaupin. „Ég sá að hann var að ná mér, svo ég herti mig um allan helming“.

Herða sig upp / Herða upp hugann (orðtök) Telja í sig kjark; eflast; *harka sér í*. „Ætli hann sé ekki að herða sig upp í að bera upp bónorðið“. „Hættu nú að vola yfir þessu greyið mitt og reyndu að herða þig upp“!

Herða sultarólina (orðtak) Spara meira við sig í mat eða öðru. „Er einhver sanngirni í því að bændur herði sífellt sultarólina meðan afurðastöðvarnar stógræða“?!

Herðafall (n, hk) Um róðrarlag; þegar róðrarmaður spennir herðar aftur í lok hvers átaks til að nýta það sem best. „Um þetta var viðhöfð vísa sem GG, afi minn, kenndi okkur strákunum, en mun vera eftir Látra-Björgu: „Róðu betur kær minn karl/ kenndu ekki í brjósti um sjóinn./ Harðara taktu herðafall./ Hann er á morgun gróinn“. Niðurlagið vísar til þess að tognun í öxl var talin jafna sig fljótt og ekki tók því að kvarta yfir þannig smámunum“ (VÖ).

Herðalotinn / Herðasiginn (l) Lotinn í herðum; með signar herðar/ bogið bak. „Ef einhver kynni að sjá hann/ þá er hann hæruskotinn;/ með andlit veðurbarið/ og skortir hugarþor./ Skórnir eru götótíttir;/ skakkur herðalotinn./ Skuggann sinn hann hræðist/ og flýr sín eigin spor“ (EG; Vorhret).

Herðir á veðri (orðtak) Veðurhæð eykst. „Allt til kvölds smáherðir á storminum.... Um nóttina herðir enn hvassviðrið, svo sandi feykir úr fjöru og víðar“ (KJK; Kollsvikurveir).

Herfa (s) Vinna land með herfi; mylja jarðveg. „Fyrst var plægt með djúplóg og síðan herfað“.

Herfilega (l) Mjög illa; hrikalega; afleitlega. „Það var herfilega illa gengið frá bátnum“.

Herjans (l) Árans; Skollans. Áhersluorð; skylt mörgum „milduðum“ blótsyrðum. „Herjans vandræði eru þetta“ Einnig notað viðskeytt: „Þetta er herjans-mikil jarðýta“. Einnig aukið, s.s. *herjansári*. Herjann er eitt nafn Óðins, hins ædsta áss, en í rauninni merkir það „sá sem stýrir her“. Óvíst er hvort orðið má rekja til heiðins tíma, eða tímans eftir kristnitöku.

Herjansári (l) Áhersluorð; milt blótsyrði: „Þetta er bara herjansári góður hákarl“. „Herjansári var að gleyma vasahnífnum heima“!

Herjansárimikill (l) Mjög /hrikalega/æði stór/mikill. „Það var herjansárimikill skaði að missa hrútinn“.

Herjansekkisen (u) Blótsyrði/upphrópun í vægari kantinum. „Eru nú ekki herjansekkisen kálfarnir komnir allir inn í rabarbaragarðinn“!

Herjansmikill (l) Meiriháttar; verulegur. „Þetta hlýtur að hafa verið herjansmikið átak“.

Herjansauli / Herjansþrjútur (n, kk) Blótsyrði af mildari gerðinni um mann. „Mér sýnist að þessir herjansaular hafi skilið eftir opið hliðið og allt pumpuliðið sé komið inná“! „Sá herjansþrjútur skal fá að heyra sitt skírnarnaf þegar ég hitti hann næst“!

Herkja (n, kvk) Harka; einbeiting. „Mér tókst með herkjum að komast upp“ „Það þarf herkju til að þola þetta“.

Herlega (ao) Fallega; glæsilega. „Salurinn var herlega skreyttur“.

Herlegur (l) Dýrðlegur; glæsilegur. „Þetta var aldeilis herleg veisla“. „Hér er herlega fallegt hús“.

Herlegheit (n, hk, fto) Dásemdir. „Ríkisstjórnin byggir finar hallir, en hver skyldi greiða herlegheitin“? „Ég skoðaði þarna herlegheita *drossu*, en hún var heldur dýr fyrir mína pyngju“.

Herlegheita (ao) Dýrindis; öndvegis. „Þau gáfu mér þessa herlegheita ljósakrónu í afmælisgjöf“.

Hermdargjöf (n, kvk) Gjöf/lán sem hefur óæskilegar afleiðingar. „Það var hálfgerð hermdargjöf að láta strákinn hafa vekjaraklukkuna“.

Herpa (s) Herða að; draga saman. „Hann mótmælti þessu ekki en herpti saman varir og var reiður“.

Herpingur (n, kk) Samdráttur; kippingur. „Ég er með einhvern *kvefskít* og herping í hálsinum“.

Herradómur (n, kk) Veldi; vald; stjórnun. „Hann þarf auðvitað að sýna sinn herradóm með þessu“.

Herralegur / Herramannslegur (l) Kurteislegur/háttprúður, einkum gagnvart kvenfólki. „Hann var ósköp herralegur við hana á dansleiknum“.

Herramannsmatur (n, kk) Mjög góður matur; kræsingar. „Vel *sigin grásleppa* er herramannsmatur“.

Hersens (uh) Upphróun/áhersluorð; bölvauður; fjárans; herjans. „Nú eru þessar hersens túnrollur búnar að finna sér nýjan stað þar sem þær komast inná“!

Hersing / Herskari (n, kvk/kk) Hópur; lið; fylking. „Farðu nú og rektu hænsnin úr garðinum; það er öll hersingin farin í *moldarbað* í salatbeðinu“!

Herskár (l) Illskeyttur; árásargjarn. „Mér finnst krian óvanalega herská þetta sumarið“.

Hersla (n, kvk) A. Það að herða/þurrka matvæli, s.s. fisk. „Ég ætla að fá hjá þeim dálítið af steinbít til herslu“. B. Það að herða skrúfu/bolta/ró. „Veistu hver herslan á þessu á að vera“? C. Það að fá stinningu/hörku í málm, t.d. fá eiginleika stáls í járn.

- Hersli** (n, hk) Hart þykkildi í húð; bólga; ör. „Eftir ígerðina sat eftir þetta hersli á hálsinum“.
- Herslumunur** (n, kk) Lítil munur; örlítið sem vantar uppá. „Það vantaði aðeins herslumuninn að ég næði lúðunni einsamall um borð“.
- Hertaka** (s) Sölsa undir sig; yfirtaka. „Eruð þið alveg búnir að hertaka þvottafötuna í *eggjasmuddið*“?
- Hervirki** (n, hk, fto) Skemmdarverk; spjöll. „Hænsnin höfðu framið mikil hervirki í garðinum“.
- Hervæðast** (s) Vígbúast; undirbúa sig fyrir orrustu/strið. „Helgi þegar hratt fram gnoð/ og hervæddist sinni brók./ þá skalf hvert einasta sköturoð/og skarkolinn andköf tók“ (ÖG; glefsur og minningabrot; formannsvísa um Helga Árnason í Tröð).
- Hes** (n, hk) Húðfelling neðan á hálsi nautgripa.
- Hespa** (n, kvk) A. Lokubúnaður; speldi. „Fyrir hverjum fjárhúsgarða var oftast hurðinni fest með hespu og splitti eða með snærisspotta, en stundum þó með *skotloku*“. B. Viða/rúlla af lopa, sbr. „hespulopi“. „Línan sem notuð var í Kollsvíkurveiri var alltaf úr hampi; tveggja punda; 60 faðmar á lengd hver hespa“ (KJK; Kollsvíkurveiri).
- Hespa** (s) Loka hurð með hespu. „Mundu eftir að hespa hurðinni og setja splittið í“.
- Hespa af** (orðtak) Klára/ljúka fljótt; *drífa af*. „Við verðum að hespa þessu af áður en veðrið skellur á“.
- Hesputré** (n, hk) *Viðutré*; áhald til að setja garn-/ lopahespu uppá til að unnt sé að vinda af þeim í hnykil áður en þrjónað er. Einskona hjól sem þó er ekki nema spælir með stuttum okum á ytri enda.
- Hessían / Hessíanstrigi** (n, kk) Strigi, ofinn úr jútuhampi. „Hætur á galtana voru allar úr hessían“. „Annaðhvort voru búðirnar þiljaðar innan, eða hessíanstrigi strengdur á veggina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Hestabruk** (n, hk) Notkun hesta. Hestabruk var nokkuð í Útvíkum fyrir á tíð, þó ekki nýttist þessi þarfasti þjónn eins vel þar og víða annarsstaðar. Ástæða þess voru einkum hið grýtta og klettótta landslag, sem torsótt er yfirferðar á hestum, auk þess sem samgöngur fóru að verulegu leyti fram á sjó. Þá voru tún fæst tæk með hestaverkfærum eftir að þau urðu almenn. Hinsvegar nýttust hestar vel til flutninga á heyi, mó og fleiru heimavið, og skreiðarflutninga sumra vermannna. Menn fóru oftast gangandi milli bæja, þar sem það var oftast fljótlegra, og fé smöluðu menn á göngu og hlaupum. Reiðhestar voru til á mörgum bæjum í Rauðasandshreppi, einkum á Rauðasandi, en mest var um áburðarhesta.
- Hestaganga** (n, kvk) Hagaganga hesta; gjald fyrir hagagöngu hesta. „Fyrir hestagöngu í Sellátranesi; Sig. Péturss.“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps árið 1943).
- Hestagata / Hestavegur** (n, kvk/kk) Vegur sem ætlaður er fyrir umferð hesta. Mikið kerfi hestavega frá fyrri tíð liggur um hálsa í Rauðasandshreppi sem víðar. „Vegir voru ekki aðrir en gömlu þröngu hestagötturnar, sem enn má sjá móta fyrir á fjallvegum, en eru ekki lengur farnar. Þessar götur voru svo þröngar að ekki gátu tveir menn gengið þær samsíða. Þær voru niðurgrafnar, vegna þess að helstu lagfæringar á þeim voru þær að lausagrjót var tínt úr götunni, en sjaldan var nokkuð borið ofan í hana. Stundum urðu þessar götur farvegir fyrir leysingavatn, sem gróf þær niður, og oft urðu þær það djúpar að ríðandi maður rak fæturna í grjót í götuköntunum. Viðhald þessara vega var í því fylgið að á vorin voru menn fengnir til þess að hreinsa úr þeim lausagrjót og jafna þá, eftir því sem hægt var. Í þessar vegabætur á hálsunum beggja megin Kollsvíkur var gjarnan varið tveim til fjórum dagsverkum á ári í hvorn háls, og verkfærin sem notuð voru til verksins voru oftast aðeins skófla og haki“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Nú göngum við aðal leiðina úr Kollsvík að Breiðuvík. Þar var rudd hestagata sem alltaf var hreinsuð á hverju vori“ (IG; Sagt til vegar II).
- Hestaheilsa** (n, kvk) Mjög gott heilsufar. „Ég er alveg búinn að ná mér og er *við hestaheilsu*“.
- Hestakerra / Hestvagn** (n, kvk) Kerra til flutninga, sem hesti er beitt fyrir. „Síðan var mórinn keyrður á þurrkvöll við Grástein; ýmist á hestakerra eða hjólbörum“... „Þegar heyið var þurrt var það bundið í sátur og keyrt heim á hestvagni, eða borið þaðan sem styst var“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Hestalest** (n, kvk) Margir hestar í röð, oftast í miklum flutningum. „Margir komu í skreiðarferðir; t.d. man ég eftir sr. Guðmundi í Gufudal með stóra hestalest í skreiðarferð hingað“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Hestburður / Hestur** (n, kk) Það magn sem hestur getur borið. „Þegar töðuheyskapur var búinn var farið að slá Sláttumýrarnar, en þar var heyskapur seintekinn. Gott þótti að slá hestburð á dag í 10 tíma slætti“ ... „Ætlaður var 1 hestur á kindina; 30 hestar fyrir hverja kú, og hrossi var ætlaður úrgangur, moð og rekjur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Hesthúsa** (s) Háma í sig. Líkingamál: „Ég er svo svangur að ég gæti hesthúsað heilan sauð“.

Hesthúsið á Hólum (n, hk, sérn.) Þó hér séu almennt ekki tilgreind sérnöfn, þykir rétt að tilgreina hér hesthúsið á Hólum í Láganúpslandi; þar sem fremur er um merkan fornmun að ræða en hvert annað hús. Hesthúsið á Hólum er lítill gluggalaus, steinhlaðinn torfkofi með *skammbitasperrum* og helluþaki; um 7 m² að flatarmáli, og stendur efst í Hólatúni; vestast í Kollsvíkinni. Hesthúsið er merkilegt af þeim orsökum að það er langsamlega elsta bygging á Íslandi til atvinnunota, sem verið hefur undir þaki og í samfelldri notkun frá upphafi. Það tilheyrði kotbýlinu Hólum sem byggðust úr Láganúpsjörðinni um 1650 og var eflaust byggt þá. Hóla og fleiri kotbýli lét jarðareigandinn, sem þá var Saurbæjarveldið, byggja til að tryggja formenn á skip sín í Láganúpsveri. Hólar fóru líklega í eyði um 1707 þegar Stórabóla geisaði. Hesthúsið hfur líklega alltaf verið notað ýmist sem hesthús eða fjós, framundir miðja 20. öld. Eftir það var það notað sem reykkofti. Unnið hefur verið að viðgerðum á því á síðustu árum.

Hestskónagli (n, kk) Nagli sem notaður er til að festa skeifu á hest. „Járnið vann hann úr mýrum á jörð sinni með rauðablæstri. Mælt var að hann hefði fengið járn er nægði í einn hestskónagla úr hverri hitun. Má af því marka hve erfitt var að afla sér smíðajárns með rauðablæstri í þá daga“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Hetjuskapur (n, kk) Karlmennska; harka. „Ekki var hetjuskapurinn meiri en svo að þeir fóru fjórir til að handsama nautkálfinn“.

Hevítamikill / Hevítansárimikill (l) Mjög stór/mikill. „Við fengum hevítamikinn lax í grunnendann á rauðmaganetinu“. „Hér hefur hevítansárimikill steinn rúllað niður á veginn“.

Hevítí (n, hk) Áhersluorð/ vægt blótsyrði; mildun á „helvítí“. „Heviti er þetta! Nú hef ég gleymt vasahnífnum í hinum buxunum“!

Heyannir (n, kvk, fto) A. Tímabil í gamla íslenska tímatalinu; tíundi mánuður ársins og fjórði sumarmánuðurinn. Heyannir töldust byrja á sunnudegi 23.-30. júlí, og vara í 10 vikur, eða til þriðjudags í 18. viku sumars; 22.-29. ágúst. Segir BH í Atla að auk heyskapar megi í heyönnum safna burkna, kornsúru, kúmeni og sölvum. B. Annir við heyskap; við að slá, þurrka og hirða hey til vetrarfórðunar búfjár.

Heybandsvegur (n, kk) Vegur sem um var flutt hey, bundið upp á hesta. „Sagt var að Hesthilla dragi nafn sitt af því að um hana hafi ferð farið með hesta með heybandi... Ef það er rétt, mun vandfundinn annar eins heybandsvegur“ (AÍ; Örn.skrá Melaness). „Hinsvegur er heybandsvegur hvorki langur né erfiður að Láganúpi“ (HÖ; Fjaran).

Heybirgðir (n, kvk, fto) Birgðir/forði af heyi til vetrarins. „Sökum anna gat ég ekki komið við að skoða heybirgðir á Sandinum í haust...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1923). „Vetur þessi var, eins og menn muna, einn sá allra harðasti hvað jarðleysur áhrærir. Á flestum bæjum var hrein innistaða í 4-5 mánuði. Vildu mönnum til miklar og góðar heybirgðir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Heybrók (n, kvk) Rola; væskill; auli. „Ertu slík heybrók að þú þorir ekki að glíma við mig“?

Heybrókarháttur (n, kk) Heigulsháttur; *gunguháttur*; *ninnuhræðsla*. „Mér finnst það bara heybrókarháttur ef þessar þingmannsnefnur þora ekki að mæta á fund hér í hreppnum“.

Heydýna (n, kvk) Undirdýna/undirsæng í rúm/flet úr heyi. „Í síðustu viku vetrar eða fyrstu viku sumars var flutt í Verið; helst alltaf á laugardegi. Áhöldin voru ekki margbrotin; góð yfirsæng, en oft var notast við heydýnur í stað undirsængur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).

Heyfengur (n, kk) Magn heyja sem aflað er yfir sumarið; heybirgðir. „Stafar þetta af því að að frá lokum júlímánaðar 1936 var sumar afar votviðrasamt svo hefyfengur, þrátt fyrir góðan grasvöxt, varð með minna móti, og sumsstaðar ekki góð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).

Heyfrekur (l) Lýsing á tíðarfari, allajafna vetri. „Veturinn verður að teljast í meðallagi harður og heyfrekur“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).

Heygjöf (n, kvk) Fóðrun búfjár með heyi. „Það drýgir heygjöfina að hafa saxað *hrognkelsaslang* með“. Heygjöf kúa var borin í *laupum* áðurfyrr, en síðar í *tágakörfum*.

Heygrind (n, kvk) *Heyvagn*. Oftar notað um heyvagn sem ekki er með skjólborð.

Heyhrip (n, hk, fto) Sjá *hrip*.

Heyja (s) A. Stunda heyskap; slá, þurrka og hirða hey. „Neðan við smá hjalla eru Hústóftarbakkar; þar var heyjað hér áður (eins og víðar). Pabbi heyjaði hér einusinni og ég reiddi heim heyið“ (IG; Sagt til vegar I). B. Um baráttu/bardaga; standa í; fást við. „Íþróttir munu gera okkur hraustari en við erum, og hæfari til að heyja hina örðugu lífsbaráttu...“ (Guðbjartur Hákonarson; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).

Heyja/hirða djarft (orðtak) Hirða hey sem varla er orðið nægilega þurrt til að fara í hlöðu.

Heyja vel / Heyjast vel (orðtök) Ná miklu af góðum heyjum; vera *birgur* af heyjum uppá veturinn. „Ég held að það hafi jafnvel heyjast betur nú en í fyrra“.

Heykarfa (n, kvk) *Karfa* sem notuð er til að bera hey. Oftast voru þetta *tágakörfur* sem rekið höfðu á fjörur, en í seinni tíð *plastkörfur*. „Þarna fann ég *þrýðisgóða* heykörfu rekna“.

Heykaup (n, hk, fto) Kaup á heyi/fóðri.

Heykjast á (orðtak) *Guggna; renna á rassinn með; gefast upp á*. „Hann ætlar að heykjast á því að bjóða sig fram til formanns“.

Heykort (l) Tæpur með heyfeng. „Eitt sinn þegar ég var vinnumaður hjá Ólafi heitnum Ásbjörnssyni í Botni, þá hafði verið *sprettuleysissumar*, svo hann var heykort um haustið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar). Annarsstaðar heyrðist „heykortur“ um að sama.

Heyklúka (n, kvk) „Nafnið Klúka telur Sigurvin að merki lága hæð, sbr. heyklúka (á Vestfjörðum): lítill lön. Á Vestfjörðum eru nokkur býli sem heita Klúka og standa þau öll á litlum hól eða hæð. Klúka í Stakkadalssandi hefur staðið á svolitilli mishæð sem er undir Hólunum“ (SE; Örn.skrá Stakkadals).

Heykvísl (n, kvk) Áhald til að moka heyi; oddhvarrar járnálmur á löngu handfangi. „Notkun heykvísla í sveitum hefur minnkað mikið með aukinni vélvæðingu. Þær voru annaðhvort tvíálma eða þríálma“.

Heylaus / heylítill (l) Algengt mál um föðurforða. „Hann var orðinn heylítill þegar kom framá“.

Heymosk / Heysalli (n, hk/kk) Mjög fingert hey; fræg og rusl úr heyi. „Gættu þess að ekki hrynji heymosk niður á lugtina þegar þú berð föngin á jötuna“. „Það er útilokað að bera þennan heysalla í föngum, ég þarf körfu“.

Heymæði (n, kk) Lungnaveiki vegna ryks í heyi. Fyrir kom að bóndi þyrfti að bregða búi vegna hennar.

Heynál (n, kvk) *Heystingur; stingur*; áhald til að losa hey úr stáli í hlöðu. Tréhandfang með járnteini í gegn og á enda þess krókur.

Heyra ekki hálfra heyrn (orðtak) Heyra mjög illa. „Hlauptu nú til hans og segðu honum frá þessu; hann heyrir ekki hálfra heyrn þó ég sé að kalla“. „Hann var eitthvað að öskra en ég heyrði ekki hálfra heyrn fyrir rokinu“.

Heyra á skotspónum / Heyra fleygt (orðtak) Fá fréttir af; *heyra ávæning af; heyra utan að sér*. „Ég heyrði það á skotspónum að jörðin væri til sölu“. *Skotspónn* hefur almennt verið talið merkja skotmark (sjá þar). Sú orðskýring fellur þó illa að þessu orðtaki, þar sem ólíklegt er að mikið heyrast á skotmarkinu. Hugsanlegt er að merkingin hafi um tíma yfirfærst á örvar, og síðar *boðörvar* og *boðaxir* sem notaðar voru til að koma boðum milli bæja. (sjá *þingboðsöxi* og *rétt boðleið*). Á þann veg bærust boð/fréttir. Það útskýrir einnig orðtakið *beina skotspónum að einhverjum*. Sbr.einnig *hafa að skotspæni; vera skotspónn*.

Heyra ávæning af (orðtak) Heyra hluta af; fréttu óljóst. „Ég heyrði einhvern *ávæning af* því að hann væri á förum“. „Það voru truflanir í útvarpinu svo ég heyrði bara *ávæning af* þessari frétt“.

Heyra ofaní (orðtak) Hlusta á skoðun; hlera eftir. „Mér finnst best að hafa þetta svona, en ég ætla að heyra ofaní formanninn með það“.

Heyrandi (l) Með heyrn. „Hann er ekki vel heyrandi þegar hann er svona þungt hugsí“.

Heyra má kóngsins/keisarans dóm (orðatiltæki) Máltækið vísar til þess að þó maður heyri til hvers er ætlast þá er ekki þar með sagt að maður fari eftir því. Í þessu kann að leynast andstaða sveitamannsins við að fara að öllum misgóðum fyrirskipunum sem komu frá kóngsveldinu. En spekin kann þó að eiga mikið eldri rætur.

Heyra má þótt lægra láti (orðatiltæki) Þarf ekki svona hávaða til að heyrast; óþarflega hávært. „Það er óþarfi að æpa svona; heyra á þótt lægra láti“!

Heyra utan að sér (orðtak) *Heyra fleygt; heyra á skotspónum; heyra ávæning af; hafa pata af; heyra út undan sér*; heyra talað um. „Ég heyrði það utan að mér að hann væri full við mig útaf skiptunum; hann hefur ekki sagt mér það sjálfur“. Áhersla er gjarnan á „að“.

Heyra út undan sér (orðtak) *Heyra utan að sér; heyra fleygt; heyra á skotspónum*. „Ég heyrði það út undan mér að þið voruð að ræða aflabrögð“. Merkingin er sú að heyra í fjarlægð, án þess að vera að hlusta eða án þess að vera ætlað að heyra. Áhersla oft á „undan“.

Heyrast á (orðtak) Um það þegar mikið vindgnauð heyrast í húsi. „Það heyrast meira á í þessum timburhúsum“.

Heyrast ekki mannsins mál (orðtak) Heyrast ekki talað mál. „Það var svo mikill hávaði í mestu hviðunum að varla heyrðist mannsins mál“. „Komum útúr þessum hávaða; það heyrast ekki mannsins mál hér inni“!

Heyrast hljóð úr horni (orðtak) Heyrast mótmæli; verða mótmælt. „Það er hætt við að eitthvað muni heyrast hljóð úr horni ef útsvarið verður hækkað“. Vísar líklega til þeirra tíma þegar fólk sat margt í stórum skála og þeir sem fjörst voru ræðumanni þurftu að brýna röddina til að í þeim heyrðist.

Heyrðu / Heyrðu mér/mig (orðtak; fyrri myndin fáheyrdari nú) Upphrópun eða hikorð í byrjun setningar; ætlað til að leggja áherslu á það sem á eftir kom: „Heyrðu mér nú; hvað á svona uppátæki eiginlega að fyrirstilla“? „Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum: „Heyrðu Gummi! Komdu og líttu á þennan: Heldurðu ekki að hann leggi sig bærilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? “ (PG; Veðmálið).

- Heyrist ekki mannsins mál** (orðtak) Svo mikill hávaði að ekki heyrast orðaskil næsta manns. „Hættið þessum bévítans hávaða strákar; það heyrast ekki mannsins mál fyrir ykkur“!
- Heyrist hvorki hósti né stuna** (orðtak) Ekkert sagt/heyrist. „Ég veit ekkert hvað formaðurinn ætlar sér að gera; það heyrast hvorki stuna né hósti frá honum ennþá“. „Undarlegt var að hvorki heyrðist stuna né hósti frá útgerðarmönnum þegar kvótakerfið var sett á; þeir trúðu því fæstir að það yrði viðvarandi“.
- Heyrnarleysi / Heyrnarskortur / Heyrnartregða** (n, hk/kk) Slæm heyrn. „Það er helst að heyrnarleysið sé að baga mig í seinni tíð“. „Skelfingar heyrnarskortur er þetta í strákunum þarna uppi í hornabúi“! „Ég þarf víst að fara að huga að heyrnartæki ef þessi heyrnartregða ágerist“.
- Heyrnarsljór / Heyrnartregur** (l) Farinn að missa heyrn. „Þú verður að tala ögn hærra; ég er ordinn svo heyrnarsljór“! „Ári ertu orðinn heyrnartregur; reyndu nú að skafa úr eyrunum“!
- Heyruddi / Heyrusl** (n, kk) Lélegt/myglað hey; hey af *úr sér sprottu* grasi. „Kýrnar éta illa þennan heyrudda“. „Það þarf að moka þessu heyrusli út úr hlöðunni“.
- Heysár** (l) Aðhaldssamur/nískur á hey; tregur til að fódra skepnur vel; tregur til að bjarga öðrum með hey. „Það getur hefnt sín að hausti að vera heysár að vetri“.
- Heysáta** (n, kvk) A. Stórt knippi af heyi sem bundið var með reipum og höglum og reitt af engjum í hlöðu á klyfjahestum. B. Stundum notað um *galta* eða hrúgu af heyi.
- Heyskaði** (n, kk) Tjón á heyi; oftast vegna foks. „Hann varð víst fyrir töluverðum heyskaða í þessu veðri. Þetta f auk mestallt í skurðina“.
- Heyskaparár** (n, hk) Ár, með tilliti til heyskapar/heyfengs. „Það getur munað öllu að eiga fyrningar ef maður fær slæmt heyskaparár“.
- Heyskapardagur** (n, kk) Dagur þegar unnið er við heyskap. „Við fengum nokkra mjög góða heyskapardaga í byrjun, en síðan hefur verið fjári *votviðrasamt*“.
- Heyskapartími** (n, kk) Tíminn sem heyskapur stendur. „Við fengum gott yfir heyskapartímann“.
- Heyskapartíð** (n, kvk) Tíðarfar til heyskapar/heyöflunar; þurrkatíð. „Hann hefur verið fremur *rysjóttur* til sjóarins, en þetta er ágætis heyskapartíð“.
- Heyskaparveður** (n, hk) Þannig veður að unnt sé að vinna við heyskap. „Það verður lítið heyskaparveður á morgun, eftir spánni“.
- Heyskapur** (n, kk) Vinna við hey; frá slætti til þess að koma því í hlöðu eða sátu. „Allir voru í heyskap á sumrin sem eitthvað gátu. Kollsvíkursystur; Halldóra og María Torfdætur slógu. annars var ekki algengt að konur væru við slátt. Þær misstu föður sinn ungar og voru yngstar af systkinunum en enginn karlmaður til að slá“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Þegar töðuheyskapur var búinn var farið að slá Sláttumýrarnar, en þar var heyskapur seintekinn“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Heyskeri** (n, kk) Verkfæri til að skera heystabba eða (á seinni tímum) heyrúllu. Oftast smíðaður úr stungureku, á þann hátt að skorin voru neðri hornin af rekublaðinu, þannig að það varð mjög spísslaga; egginn beggja vegna brýnd mjög vel, og festur teinn/þríhyrningur ofarlega hornrétt á rekublaðið til ástigs.
- Heyskortur** (n, kk) Vöntun/skortur á vetrarfóðri fyrir skepnur. „Ef tíðin fer ekkert að lagast gætu sumir jafnvel horft framá heyskort með vorinu“.
- Heystabbi** (n, kk) Stæða af heyi. „Eitt gott *heyskaparár* var sett hey í mókofann. Það seig að vonum ekki mikið og var sá heystabbi fljótur að klárast“.
- Heystál** (n, hk) Stál af heyi; veggurinn sem myndast þegar hey er leyst af stalli í hlöðu. „Afi og pabbi héldu þeirri reglu að leysa heyið í stöllum; ekki alltof stórum að flatarmáli; ofanfrá og niður í hlöðugólf. Stálið skyldi vera sem næst slétt, beint og lóðrétt eins og hefluð fjöl; ekki var leyst meira en dygði til gjafar og svo þrifalega gengið um hlöðuna að helst sæist ekki strá utan við stallinn. „Það er búskussaháttur að ganga sóðalega um hey var viðkvæðið“.
- Heystingur** (n, kk) *Heynál; stingur*; áhald til að losa hey úr hlöðu; járnteinn með krók/agnhaldi á öðrum enda og tréhandfangi þversum á hinum. Hann var rekinn í heystálið og tugga dregin út með króknum/agnhaldinu.
- Heystrá** (n, hk) Strá af heyi. Oftast notað í líkingum um lítið hey. „Hefði ég ekki bjargað honum þá ætti hann ekki heystrá eftir núna“. „Það er skömm að því að raka ekki *slæður*; það getur komið sú tíð að muni um hvert heystrá“.
- Heytóft** (n, kvk) Tóft/hróf/heygarður sem hey var geymt í áðurfyrr til að verja það skepnu- og vatnságangi. „EKKI er vítað til hvers hún (tóftin á Hústóftarbökkum) hefur verið notuð, en til greina kemur stekkur eða heytóft því graslendi er þó nokkuð á Bökkunum og vítað er að þeir voru slegnir líklega framyfir aldamótin 1900“ (HÖ; Fjaran).

Heytugga (n, kvk) *Heyvisk*; lófafylli af heyi. „Það þarf að gefa kálfinum einhverja heytuggu“.

Heytæpur (l) *Tæpur/knappur með hey*; á lítið af heyjum. „Heldurðu að hann sé að verða heytæpur“?

Heytætla (n, kvk) Heyþyrla; heyvinnuvél sem dregin er aftan í traktor og tengd aflúttaki hans. Á henni eru armar sem snúast og þeyta heyinu afturfyrir vélna; þannig að það loftast og þornar fyrir en ella. Orðið *tætla* var notað sem stytting á nafni verkfærisins, en einnig sem sagnorð um vinnu með því.

Heyugur (l) Loðinn af heyi; *allur úti heyi* (algengara). „Farðu nú út og dustaðu af þér; þú ert svo heyugur“.

Heyvagn (n, kk) Kerra með stórum palli til að flytja hey; dregin af traktor og oft með grindverki í kring.

Heyverkun (n, kvk) Verkun á heyi til vetrarfóðurs. „Um þá er sérstaklega fóðra vel, s.s. bændurna á Lambavatni, er öðru máli að gegna. Þar verða lítil mistök; hvorki í heyverkun né peningshirðingu. Er ekki annað hægt að segja en að afkoman þar sé í besta lagi; svo góð að þar er sú fyrirmynd sem vert er að fara eftir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Heyvinna (n, kvk) Vinna við hey/heyskap. „Við vorum öll úti á túni í heyvinnu“.

Heyvisk (n, kvk) Heytugga; lófafylli af heyi; lítið eitt af heyi. „Kastaðu einhverri heyvisk í hrútana“.

Heyýta (n, kvk) A. Amboð sem notað er til að ýta saman þurru heyi. Fjöl sem fest er þversum á skaft, með skáokum í hornum til styrktar. B. Meðan slegið var með greiðusláttuvél á traktor, var hún stundum notuð einnig sem heyýta. Þá var heyið fyrst rakað saman í garða, en síðan var greiðan lögð ofaná garðinn og heyinu ýtt í hrúgur. Það var síðan ýmist sett upp í galta eða því var hlaðið á heyvagn.

Héðanaf / Héðanífrá (ao) Héðan í frá; frá þessum tíma; *úr þessu*. „Héðanaf mun ég vara mig á þessum ansvítans hvítlauksréttum“. „Þessu verður ekki breytt héðanaf“. „Héðanífrá verður þessu breytt“. Héðan af er venjulega ritað í tveimur orðum, en notkun þess og áherslur vestra voru með þeim hætti að réttara er að telja þetta eitt samrunaorð, líkt og t.d. „alltaf“ og „héðanífrá“.

Héðanfrá (ao) Héðan. Oftast í setningum þar sem getið er um áfangastað. „Héðanfrá og inn á Patró er um sextíu kílómetra akstur“.

Héðanfráséð (l) Séð frá þessu sjónarhorni; séð héðan. „Héðanfráséð virðist þetta vera í lóði“.

Hégilja (n, kvk) Hjátrú; kredda. „Vertu nú ekki að hræða drenginn með þessari hégilju um Grýlu“. „Ekki hafði Jón þó trú á þessu, og kallaði hégiljur einar“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hégóma (s) Bulla; tala af vanþekkingu; hafa uppi getgátur. „Við skulum ekkert vera að hégóma neitt um þetta; hið rétta mun fljótlega koma í ljós“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Hégómafullur / Hégómagjarn / Hégómlegur (l) Sem sækist eftir þrjáli/fánýti/tálsýn; yfirborðskendur. „Ég hélt ekki að þú værir orðin svona hégómagjörn“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).

Hégómaháttur (n, kk) Hégómaleg hegðun; eftirsókn í þrjáli/fánýti. „Ég hef aldrei látið undan svona hégómahætti; maður ætti að geta bjargast við það áfram sem dugað hefur fólki frá landnámstíð!“

Hégómi (n, kk) Fánýti; tálsýn. „Skálmalausar nærbuxur eru einber hégómi; þessi óvera er engin skjólflik“.

Hélað/Hrímað (l) Þakið hrími/hélu. „Einfalda glerið hélaði í frostunum svo ekki sást út“. „Jörð er öll hrímuð eftir *frostþokuna*“.

Héludögg (n, kvk) Daggardropar sem myndast þegar héla bráðnar, t.d. innaná gluggum og á jörð.

Hélugrátt / Hélihvítt (l) Um jörð o.fl.; grátt/hvítt ásýndum af hélu. „Hér var hélugrátt niður í miðjar hlíðar í morgun“.

Héppi (n, kk) Gæluorð (kall) yfir hund; seppi. „Héppi var meira notað gæluorð áður fyrr en nú“.

Hér á árum áður / Hér áðurfyrr(i) (orðtak) Fyrir mörgum árum; fyrir á árum. Þó yfirleitt einungis notað um það sem skeði fyrir á ævi þess sem segir frá. „Þetta var með öðrum hætti hér áðurfyrr“. „Maður hefði ekki vílað þetta fyrir sér hér fyrir á árum“.

Hér er bókin; hvar er brókin; þið passið fjósið; amen! (orðatiltæki) Þetta orðatiltæki var töluvert tilvitnað í Rauðasandshreppi. Svo vill til að uppruni þess er ágætlega þekktur. Kristján Ásbjörnsson (1859-1926) var ötull útvegsbóndi á Grundum; dóttursonur Einars Jónssonar ættföður Kollsvíkurættarinnar, og langafi orðabókarhöfundar. Hann var orðlagður dugnaðarmaður, en þótti töluvert fljótfær. Bát átti hann og stundaði róðra eins og aðrir Kollsvíkurbændur. Dag einn var tvísýnt sjóveður og Kristján afréð að vera í landi, en hóf að lesa húslestur fyrir heimafólk sitt eins og þá tíðkaðist, áður en hann færi í fjós til gegninga. Í miðjum lestrinum verður honum lítið útum glugga og sér að fært muni orðið. Hann grýtir þá frá sér bókinni í hendur Guðbjargar konu sinnar með þessum orðum; „Hér er bókin; hvar er bókin; þið passið fjósið; amen!“ Afkomendur Kristjáns eru margir, og þykja sumir sverja sig allmikið í ættina varðandi umgetin einkenni.

Hér er ég, kvað alur í vegg (orðatiltæki) Máltæki sem oft er viðhaft þegar maður loksins koma auga á eitthvað það sem hann hefur leitað að og í raun haft fyrir augum, en ekki séð. Alur var nauðsynlegt verkfæri og iðulega geymdur þannig að honum var stungið í við, svo ekki ylli meiðslum. Gat þá verið erfitt að greina hann, þar sem haldið var samlitt viðnum á bakvið.

Hér kemur steinninn! (orðtak) Aðvörðun sem notuð er þegar net eru lögð, með steini í enda og/eða *miðmæti*. Væru skipverjar tveir, sem oft var; sá annar um að róa eða sigla netið út, en hinn sá um að netið færi rétt út; einkum að koma steinum útfyrir borðstokkinn. Þegar kom að endasteini eða miðmætissteini kallaði hann „hér (eða og) kemur steinninn“ til að vara hinn við. Oft hélt hann síðan í steinninn meðan ræðarinn strekkti á steinateininum svo netið lægi í sem beinasta stefnu.

Hér og hvar / Hér og þar (orðtak) *Hingað og þangað*; útum allt; *á stangli*. „Hér og hvar standa steinar uppúr túninu“. „Jöklasóley finnst hér og hvar á þessum slóðum; helst þar sem er berangur, en þó skjól“.

Hér skjöplast skýrum (orðatiltæki) Nú hefur sá vitri/gáfaði rangt fyrir sér.

Hér um árið (orðtak) Fyrir mörgum árum, en þó í fersku minni sagnamanns. „Það skeði hér um árið að vikurhannir voru um allar fjörur, stuttu eftir að gosið hófst við Vestmannaeyjar“.

Hér um bil / Hérumbil (orðtak/ao) Svo að segja; til þess að gera; nærri því. „Snjórinn er hér um bil farinn“.

Hér vantar það sem við á að éta (orðatiltæki) Sagt þegar eitthvað mikilvægt skortir, sem fylgja þarf.

Héraðsbrestur (n, kk) Hörmungar í héraði; byggðahrun. „Ég held að það yrði ekki héraðsbrestur þó þessi fyllirisböll leggjást af um tíma“!

Héraðshöfðingi (n, kk) Sá sem er valdamikil/virtur í sínu heimahéraði. „Jafnan var hann talinn héraðshöfðingi og þótti bera höfuð og herðar yfir flesta samtíðarmenn sína í sínu héraði, með skörungsskap og ýmsar athafnir er til framkvæmda lutu. Kunni hann því illa ef hann kom því ekki fram sem hann vildi vera láta, við hvern sem í hlut átti, og vildi einn öllu ráða. Þótti hann stundum allráðrikur og yfirgangssamur ef honum bauð svo við að horfa, og hirti þá stundum lítt um lög og rétt. En höfðingslund hafði hann til að bera, við sér minni menn og þá er bággt áttu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Héraðslýsing (n, kvk) Svæðislýsing; sýslulýsing. „Barðstrendingabók Péturs Jónssonar á Stökkum er líklega besta héraðslýsing landsins frá hans samtíma og því sem þá var mönnum í minni“.

Héraðslæknir (n, kk) Læknir sem sinnir tilteknu læknisumdæmi. Frá 1766 voru skipaðir fjórðungslæknar fyrir hvern landsfjórðung, en árið 1875 urðu læknisumdæmin 20, og um líkt leyti var stofnaður læknaskóli hérlandis. 1907 urðu umdæmin 43 en flest urðu þau á 8.áratug 20.aldar, eða 55. Árið 2007 var landinu skipt í 7 heilbrigðisumdæmi, sem hvert lýtur stjórn sinnar heilsugæslu. Frá upphafi hefur héraðslæknir haft aðsetur á Patreksfirði. Í Rauðasandshreppi hafa löngum verið starfandi menn og konur sem um margt voru læknisígildi. Sá sem lengst komst í þeim fræðum var Sveinn Magnússon hómópati á Lambavatni. Á síðari tímum leituðu menn gjarnan til Ólafs Magnússonar á Hnjóti með ýmsa læknisaðstoð; einkum dýralæknir. Kona hans, Ólöf Egilsdóttir, var fær ljósmóðir. Síðar settist að í Efri-Tungu Ásgerður Emma Kristjánsdóttir sem var lærd ljósmóðir og fékkst nokkuð við ýmsa læknisaðstoð í hreppnum. Annars var á hverjum bæ til nokkur búnaður til skyndihjálpar og lyfjaforði fyrir menn og skepnur.

Héraháttur (n, kk) *Gunguháttur; ninnuhræðsla*; heigulsháttur. „Mér finnst það mikill héraháttur að þora ekki að standa upp á fundum og segja sína meiningu“.

Héralegur (l) Lítil fyrir sér; hlédrægur. „Þetta var óttalegur *rýringur*; afskaplega feiminn og héralegur“.

Hérmegin (ao) Hérna megin. „Ég held ég megi segja að hrútarnir séu ekki hérmegin í vikinni“.

Hérumbil / Hér um bil (ao/orðtak) Um það bil. „Tankurinn var hérumbil tómur þegar við komum að landi“. „Það skal hér tekið fram að á öllum bæjunum mega skepnur heita í ágætisstandi, eins og skýrslan ber með sér, en því miður eru heybirgðir mjög litlar; hérumbil undantekningarlítið“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Hérvilla (n, kvk) Hjátrú; heimska; della. „Þetta er kannski bara einhver hérvilla í mér“.

Hérvillingsháttur (n, kk) Heimska; útúrboruháttur. „Skelfilegur hérvillingsháttur er nú í þessu fólki“!

Hérvillingslegur (l) Hjárænulegur; álkulegur; fávís. „Hann er dálítið einrænn og hérvillingslegur“.

Hérvillingur (n, kk) Hjárænulegur/þröngsýnn maður. „Skelfingar hérvillingar geta þetta verið“!

Hérvistardagur (n, kk) Dagur í þessu lífi; lífdagur. „Það var engu líkara en boli skynjaði að þetta væri hans síðasti hérvistardagur“.

Hið snarasta (orðtak) Eins fljótt og unnt er; strax; tafarlaust. „Hún skipaði stráknum að hætta þessu hið snarasta; hann gæti stórslasað sig á þessu“.

Hik (n, hk) Bið vegna umhugsunar. „Ekkert hik var á formanninum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Hikandi (l) Ragur; ekki ákveðinn; fullur varúðar. „Ég er dálítið hikandi við að leggja í röstina í harðasta fallinu; ég held að við ættum að slá okkur hér upp á Bótina og renna þangað til linar“.

Hiklaust (l) Án hiks/tafar; vafalaust. „Ég myndi hiklaust setja þennan hrút á í þínum sporum“.

Hikstakast (n, hk) Endurtekinn hiksti sem erfitt er að stöðva.

Hikstalaust (l) Hiklaust; án þess að hika. „Ég myndi hikstalaust setja bæði lömbin á“.

Hiksti (n, kk) A. Krampi í öndunarfærum, sem veldur sérkennilegu stoppi í öndun og tali. B. Óreglulegur gangur í vél. „Það kom einhver árans hiksti í vélna á landleiðinni“.

Hildablautur (l) Um blautan fatnað, sér í lagi skinnklæði; blautt og lint eins og *hildir*. „Svipað er að segja um skinnstakkinn; í honum var sjaldan verið í logni og sólskini, en þegar hvasst var og kalt fóru menn í hann til að verjast næðingi, og má nærri geta hversu notaleg hlíf hann hefur verið; hildablautur í kalsaveðri.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir GG; KJK o.fl.; sjá *kúfiskur*).

Hildarleikur (n, kk) Háskaleg barátta/athöfn. „Oft hefur lending verið tvísýn í Kollsvík, og eflaust hafa fleiri farið í þeim hildarleik en sögur fara af“.

Hildir (n, kvk, fto) Fylgja við burð. Sagt var að kýr eða kind væri orðin *heil* þegar hún var laus við hildirnar, en misjafnt er hve lengi skepnurnar eru að *heilast*. Fyrrum tíðkaðist að krossa yfir hildirnar strax eftir burð. Síðan var þeim tjóðað á jógur kýrinnar; tekinn úr þeim líknarbelgurinnog bornar upp á fjósþekjuna yfir nýbærinni. Ekki var farið út með hildir nema í dagsljósi, og tengdist það trú á hið illa. Ekki þótti ráðlegt að hundar kæmst í hildir, og á síðari tíma var venja að grafa þær strax eftir burð. Sjá *skjálfa eins og hildafullur hundur*.

Hilla (n, kvk) Koddabein; bein í vanga þorskhauss (sjá þar). (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild; KJK).

Hilla eftir / Hilla til (orðtak) *Ráma í*; muna óljóst. „Mig hillir eftir að hafa séð þessi blöð, en man ekki hvað þar stóð“. „Mig hillir til að þetta hafi verið með svipuðu móti fyrir nokkrum árum“. „Þetta hefur aldrei gertst; mig hillir allavegana ekki til þess“.

Hilla uppi (orðtak) Fjall eða annað landslag lyftist upp við hillingar. „Tangana hillir uppi séð frá Flöggunni“.

Hillingar (n, kvk, fto) Ljósbrott í lofti við viss veðurskilyrði sem veldur sjónhverfingum; getur valdið því að fjöll sýnast lyftast upp (Fata morgana).

Hillir undir lokin (orðtak) Lokin nálgast. „Mér heyrir á spánni að nú fari að hilla undir lokin á þurrkinum“.

Hillufiskur (n, hk) Koddi; koddafiskur; fiskvöðvi innan á kinn *þorskhauss* (sjá þar).

Hilluþræðingur (n, kk) Gata sem liggur eftir hillu/syllu í bjargi og er fær mönnum og fænaði. „Um Takaklett liggur hilluþræðingur úr Hryggjunum norður á Trumbur; ágætlega fær flestum“.

Himinánægja (n, kvk) Mikil ánægja/gleði. „Ég heyrði að það hafi ekki ríkt nein himinánægja með þetta“.

Himinhrópandi (l) Stórkostlegur; hrikalegur. „Það er auðvitað himinhrópandi óréttlæti að þeir njóti minnst úr samfélagssjóðum sem átt hafa mestan þátt í að byggja þá upp og leggja í þá“!

Himinlifandi (l) Mjög ánægður; í sjöunda himni. „Hann var himinlifandi yfir þessari óvæntu sendingu“.

Himinnjóli (n, kk) Annað nafn á *njóla* (*Rumex longifolix*); heimulanjóli. Sjá *njóli*. Himinnjólaleggirnir voru líka bruddir alveg miskunarlaust“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Himnafæða (n, kvk) Krás; mjög góður matur. „Maður smakkar sjaldan þessa himnafæðu í dag; *heilsigna* grásleppu“.

Himnalukka (n, kvk) Slembilukka; mikið lán; mikil heppni. „Ef ekki hefði slegið fyrir þessari himnalukku að við vorum nærri og heyrðum lambið jarma, þá hefði því eflaust ekki verið bjargað úr þessu sveltí“.

Himnaríkisblíða (n, kvk) Alger kyrrð í veðurfari og mjög bjart í veðri. „Þvílík himnaríkisblíða; dag eftir dag“!

Himnasending (n, kvk) „Hann sagði að hann hefði getað orðið tæpur með hey ef ekki hefði komið þessi blíðviðriskafla um Góuna, eins og einhver himnasending“.

Himnastigi (n, kk) A. Líkingamál um þá lífshætti sem trúaðir telja sig þurfa að stunda til að komast til himna. B. Meira notað sem lýsing á mjög hávöxnum manni. „Þessi himnastigi þarf að beygja sig í öllum dyrum“.

Himnasæla (n, kvk) Mikil hamingja; veðurbliða. „Við hégum á þessu þarna úti á Skeggjanum í þrjá tíma; en það var engin himnasæla; eilífur árans báruþyppingur“.

Himneskt (l) Líkt og á himnum. Oftast notað um veður, en stundum í öðrum lýsingum. „Enn heldur hann sömu himnesku blíðunni og í gær; skjannasólskin, blankalogn og sjórinn eins og spegill út í hafsauga“.

Himnudraga / Himnutaka (s) Fjarlægja himnu af matvælum. Einkum átti þetta við fisk sem fluttur var til sölu áður fyrr, samkvæmt „Nýfundnalandsaðferðinni“. Hann þurfti að himnudraga; þ.e. fjarlægja dökku himnuna innan af þunnildunum/*óminnishimnuna*. Sundmagi er einnig himnudreginn þegar hann er verkaður til matar.

Himpigimpi (n, hk) Skrípi; ónyttjungur. „Svo ætlast þessi himpigimpi til að vera kosin aftur“! Oft stýtt í *gimpi*.

Hindra (s) Aftra; *halda aftur af*; sporna gegn. „Það hindraði þá hinsvegar ekki í góðlátlegum glettum hvors á annars kostnað“ (PG; Veðmálið).

Hindraður (l) A. Stöðvaður; varnað. „Ég kann illa við að vera hindraður eftir að ég er byrjaður á þessu“. B. Fatlaður; багаður líkamlega. „Hann er furðu seigur í smalamenskum, þó hann sé svona hindraður á fæti“.

Hindranaletið (l) Með fáum hindrunum; án teljandi erfiðleika. „Tófan fer um allt bjargið, hindranaleitið“.

Hindrunarlaust (l) Án hindrana/tálmana. „Fyrir hrúnið komust færir menn eftir Sveltisganginum yfir á Höfðann; nær hindrunarlaust“.

Hindurvítmi (n, hk, fto) Hjátrú; kreddur; óraunveruleg fyrirbrigði. „Ég hef aldrei verið verulega trúaður á svona hindurvítmi, en hinsvegar er nauðsynlegt og skemmtilegt að varðveita þjóðtrú“.

Hingað og þangað (orðtak) Útum allt; *á við og dreif*; *á stangli/stjálungi*; *hér og þar/hvar*. „Það var bölvæð að missa þessar kindur; þær geta verið komnar hingað og þangað á morgun; út á Bjarg eða *guð má vita* hvert“.

Hingaðkominn (ao) Kominn hingað. „Hingaðkomið kostar þetta mun meira en í borginni“. „Hingaðkominn hóf hann fljótlega að beita sér fyrir ýmsum framfaramálum“.

Hingaðtil (ao) Til þessa dags/tíma; til þessa. „Hingaðtil hef ég ekki vitað til að þetta væri framkvæmanlegt.“

Hinir fyrstu verða síðastir og hinir síðustu fyrstir (orðatiltæki) Bibliutilvitnun sem oft er gripið til þegar t.d. sá fær sér fyrstur mat sem síðastur kom að borðinu.

Hinir og aðrir / Hinir og þessir (orðtak) Ýmsir. „Hinir og þessir fræðimenn hafa glímt við þetta án árangurs“.

Hinkra / Hinkra við (s/orðtak) Bíða; *doka við*. „Hinkraðu ögn með þetta“. Ég ákvað að hinkra eftir þeim“. „Eigum við ekki að hinkra ögn við, svo þeir ná okkur sem hafa *dregist afturúr*“.

Hinsegin (ao) Skritinn; öðruvísi; óviðeigandi. „Þetta á ekki að snúa svona heldur hinsegin“. „Ertu eitthvað hinsegin“? Mér finnst það nú dálítið hinsegin að þiggja ekki boðið“. Vestra var orðið aldrei notað í tengslum við kynvillu, enda aldrei um hana rætt og engir vissu af tilvist hennar nema e.t.v. þeir sem í hlut áttu, en þeir fóru dult.

Hinsvegar (ao) A. Um staðsetningu; hinumegin við; handanvið; gagnstætt. „Vatnadalurinn var smalaður þannig að einn fór fram í Kollsvíkurtó, Dalbrekkur, Startjarnir og Víðilæki og smalaði síðan niður dalinn Breiðsmegin. Annar smalaði hinsvegar í dalnum; niður Gálgasteinabrekkur; Stórvatnsbrekkur og Smávatnabrekkur, en væri þriðji maður í för gætti hann þess að féð rynni ekki heim Bjarnaskarð, Pálslaut eða Orma. Hyllst var til þess að ná öllu niður yfir Breiðsholt og reka það heim Hnífana. Heima var staðið fyrir á Brunnsbrekkunni“. B. Í frásögn, þegar sett er fram gagnstæða þess sem fyrr kom. „Svona held ég að liggi í þessu; hinsvegar verða aðrir að dæma hvað rétt er“. „Látramenn og Breiðvíkingar smöluðu hinsvegar sunnanverða Breiðvík og Látramenn smöluðu Bjargið“ (PG; Veðmálið).

Hippsumhapps (n, hk) (Áhersluorð) Tilviljanakennt; *með höppum og glöppum*; *undir hælinn lagt*; hér og þar; *við og við*. „Það verður að vera regla á *mjóltum*. *Nytin* minnkar ef þær eru bara hippsumhapps“. „Hentu ekki af þér fötunum hippsumhapps um allt hús, drengur“! „Það er erfiðara að smala í svona góði tíð. Féð er hippsumhapps upp um öll fjöll“.

Hirða (s) A. *Taka til handagagns*; eiga „Máttu þeir hirða það sem þeir drógu sjálfir, og leggja það inn á eigin reikning“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). B. Safna heyi af túnunum í hlöðu. „...og svo var hamast allan daginn þar til búíð var að hirða“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). „Þær áttu til að verpa ... í hlöðum eftir að búíð var að hirða í þær“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms). Hirðingaaðferðir hafa breyst gegnum tíðina. Fyrir vélaöld var hey bundið í bagga og oftast borið heim með hestum. Með fyrstu traktorunum komu heyvagnar. Í fyrstu voru notaðar handkvíslar til að hlaða heyina á þá en síðar komu á traktorana ámoksturstæki með stórum kvíslum. Síðast var farið að bagga og rúlla heyið á túnunum og koma því í hlöðu með vélum eða geyma það í stæðum úti. C. Sinna um skepnur, t.d. með því að gefa þeim fóður og e.t.v. *vatna* og *moka undan* eða halda þeim á vísun stað. „Það þurfti að hirða féð er því var sleppt og *reka frá* mýrunum kvölds og morgna“ (IG; Æskuminningar).

Hirða (n) A. Umhirða; umönnun; umsjá. „Mér fannst féð ekki vera í góðri hirðu hjá honum; skítugt og horað“. B. Sinna; framtak. „Maður hefur ekki hirðu á að gera nokkurn hlut, í þessum slappleika“.

Hirða af ljánum (orðtak) Hirða nýslegið gras í hlöðu. Slíkt er stundum gert þegar hirt er í vothey, en þegar hirt er í þurrhey án súgþurrkunar þarf heyið að þorna á velli.

- Hirða allt sem hönd á festir** (orðtak) Stela öllu lauslegu. „Það má bara ekki skilja neitt eftir effirlitslaust; þessir ribbaldar hirða allt sem hönd á festir, og svo er maður alveg *handalaus* ef eitthvað þarf að gera“!
- Hirða aurinn en kasta krónunni** (orðtak) Um slæma hagfræði; fórna því verðmæta/mikilvæga fyrir það sem er verðminna/fánýtara. „Þetta kalla ég að hirða aurinn en kasta krónunni“!
- Hirða djarft** (orðtak) Hirða hey í hlöðu, sem varla er fullþurrt. Er þá meiri hætta á að hitni í því; jafnvel svo að það eyðileggist og/eða kvikni í hlöðunni. „Mér finnst hann hirða ári djarft“!
- Hirða má við hálfum skaða** (orðatiltæki) Vísar til þess að stundum má minnka tjón af skaða með því að hirða allt nýtanlegt af tjónsvæðinu/slysstaðnum. Viðhaft t.d. ef hey hefur fokið úr görðum eða göltum.
- Hirða upp** (orðtak) A. *Taka til handargagns*; taka hlut upp. B. Ná síðasta heyi sumarsins í hlöðu eða hey. „Mér sýnist að við náum að hirða upp á morgun ef þurrkurinn helst“.
- Hirðandi** (l) A. Um hey; nægilega þurrt til hirðingar í hlöðu. „Þetta gæti orðið hirðandi á morgun“. B. Um fisk eða annað; þess virði að hirða það. „Það er á mörkunum að svona tittir séu hirðandi“.
- Hirðfífl** (n, kk) Skammaryrði um mann fyrir sýndarmennsku/trúðshátt/fiflagang. „Mér finnst það ekki ná nokkurri átt að prestur hagi sér svona í samkvæmum; eins og eitthvað bévítans hirðfífl“!
- Hirðing** (n, kvk) A. Söfnun á heyi í hlöðu. „Við beitum svo kúnum á blettinn eftir hirðinguna“. B. Umhirða; umsjón; hirðusemi. „*Undanskil* ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er *verka* betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu *umdæmi*. Samfara því er *frábær* hirðing hjá þeim á öllum *pening*“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Hirðingaraðferð** (n, kvk) Aðferð við að hirða hey í hlöðu; heyskaparaðferð. „Hirðingaraðferðir hafa breyst ört á síðustu áratugum, eftir að hafa verið nær óbreyttar um allar aldir; frá landnáms tíð“.
- Hirðingarlaus / Hirðingarlitill** (l) Skeytingarlitill; ekki reglusamur. „Skelfing ertu hirðingarlaus með þetta“!
- Hirðingasamur** (l) Í seinni tíð eingöngu notað í neikværi merkingu; hirðinn; stelinn; þjófóttur. „Þeir segja að hann sé dálítið hirðingasamur um annarra eitur“.
- Hirðingaveður** (n, hk) Veður sem nýtist til hirðingar á heyi. „Nú þyrfti að *bæta á* votheysgryfjuna í dag, en það er á *mörkunum* að þetta geti talist hirðingaveður. Við skulum sjá hvort hann *þornar upp* seinnipartinn“.
- Hirðinn / Hirðusamur** (l) A. Í jákvæðri merkingu; Umhyggjusamur; snyrtilegur; nýttinn; sinnir vel búi og skepnum. „Hann er mjög hirðinn um skepnurnar, þó hann hugsar lítið um eigin hag“. „Hann er orðinn hirðusamur um útganginn á sér eftir að þau byrjuðu að draga sig saman“. B. Í neikvæðri merkingu; stelinn; þjófóttur; hirðingasamur. „Nágrannanum þykir hann dálítið hirðusamur um sínar eitur“.
- Hirðulaus / Hirðulítill** (l) *Ókærinn*; hefur hluti í reiðuleysi/óreiðu. „Mér líkar ekki þegar menn eru hirðulausir um bækur“.
- Hirðuleysislega** (ao) Án umhirðu; í reiðuleysi; kæruleysislega. „Óttalega er hann hirðuleysislega til fara“.
- Hirðusamur** (l) A. Hirðir/hugsar vel um; *natinn*. „Ég hef ekki verið nógu hirðusamur með þetta“. B. Safnar; hirðir. Oft notað í neikvæðri merkingu; stelinn; þjófóttur. „Sumum þótti hann dálítið hirðusamur á bækur annarra“.
- Hirðusemi** (n, kvk) Röð og regla. „Hún er alltaf mjög hirðusöm um heimilið“ Einnig notað um hvinnsku eða þjófnað; „Hann hefur alltof oft verið hirðusamur á eitur annarra, sá ódámur“.
- Hirting** (n, kvk) Refsing; ráðning. „Líkamlegar hirtingar voru ekki lagðar á börn í mínu minni, en hinsvegar stóð sjaldan á réttmætum skömmum og aðfinnslum ef freistingarnar urðu skynseminni yfirsterkari“.
- Hismi** (n, hk) A. Hýði af korni og fleiru. „Fólk þarf að kunna að greina hismið frá kjarnanum“. B. Það sem er óverulegt/lélegt/þunnt/létt. „Ætlaðu að fara í þessum *kjólögpa* á skemmtunina stelpa; ég er hrædd um að þér verði kalt í þessu hismi“.
- Hismislegur** (l) Líkur *hismi*; óverulegur. „Skelfing finnst mér þessi nælonskyrta vera hismislegur klæðnaður“.
- Hispurslaus** (l) Án þrjáls/ óþarfa málalenginga. „Ég sagði honum mína meiningu; alveg hispurslaust“.
- Hissa** (l) Undrandi; forviða. „Ég er alveg hissa á því að hann skuli ekki vera kominn enn“. Oft *steinhissa*.
- Hissa sig** (orðtak) Furða sig; undrast. „Menn skyldu ekkert hissa sig á því þó þessi ríkisstjórn yrði fallin áður en veturinn er úti“. „Ég var að hissa mig á því að féð væri ekki komið heim, en þá lá það á bakvið húsin“.
- Hist og her** (orðtak) *Hér og þar*; á við og dreif; dreift útum allt. „Það þarf að raka saman slæðurnar sem eru hist og her um allt túnið“!
- Hita kaffi** (orðtak) Laga kaffi. Oftar var talað um að hita fremur en laga kaffi áður fyrr. „Þá er farið að hita kaffi og tekið til nesti; og ekki má gleyma blöndukútnum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).

- Hitabreiskja** (n, kvk) Hitasvækja; breiskjuhiti. „Þessi hitabreiskja getur verið hvítleið til lengdar þegar menn eru í erfiðisvinnu“.
- Hitagæfur** (l) Sem gefur mikinn hita. „Mórin í Harðatorfspyttinum var mun hitagæfari en sá sem fékkst í Mýrunum. Hann var harður og erfiður í vinnslu“.
- Hitakista** (n, kvk) Svitakista; langur kassi sem notaður er til að hita borðvið svo unnt sé að sveigja hann og nota í súð á bát“. Notað í líkingamáli um heitan stað. „Opnaðu gluggann; þetta er eins og í hitakistu“.
- Hitakóf** (n, hk) Hitasvækja; mikill hiti í lofti. „Það mætti hafa rifu á fjárhúsdýrunum til að minnka hitakófið“.
- Hitamistur / Hitamóða** (n, hk) Þoka/mistur sem myndast við uppgufun í miklum hita. „Í miklum hita og stillum getur myndast allverulegt hitamistur yfir Leirunum“.
- Hitamolla / Hitasvækja** (n, kvk) *Molluhiti*; heitt og rakt í lofti. „Manni verður *hálfómótt* í þessari hitamollu“.
- Hitapest** (n, kvk) Veikindi með hitaslæðingi/ háum hita. „Ég var við rúmstokkinn í heila viku í hitapestinni“.
- Hitaslæðingur** (n, kk) Hár líkamshiti; *hitavella*. „Mér finnst eins og ég sé kominn með einhvern hitaslæðing“.
- Hitastigulsorka** (n, hk) Eitt form sjávarorku; notkun hennar felst í því að virkja mun á hita hlýrra yfirborðslaga sjávar í hitbelti jarðar og kaldari djúpsjávar, með sömu tækni og notuð er í varmadælum. Nokkrar tilraunavirkjanir hafa verið prófaðar en ekki er í augnsýn að tæknin verði hagkvæm eða almenn í nánustu framtíð. Slíkar virkjanir koma líklega aldrei til álita við Ísland.
- Hitastigulsvirkjun** (n, kvk) Virkjun/tæki sem umbreytir hitamismun lagskipts sjávar í raforku. Nýyrði tekið í notkun af VÖ frá Láganúpi, en síðar notað m.a. af Alþingi í grg með þtl um sjávarorku (samþ. vor 2014).
- Hitavella** (n, kvk) Hár líkamshiti; *hitaslæðingur*. „Krakkinn er enn með einhverja hitavellu“.
- Hitaverk** (n, hk) Vinna sem manni hlýnar/hitnar af. „Er vikmyndatakan síst hitaverk fyrir ferðluínn mann...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Hitna í hamsi** (orðtak) Reiðast; verða illur. „Mér hitnaði verulega í hamsi við þessi tíðindi“. Sjá *hamsar*.
- Hitna í kolunum** (orðtak) Færast hiti í málin; deilur að aukast. „Það var farið að hitna í kolunum hjá þeim þegar ég fór; mér þætti trúlegt að þrætan hafi endað í *hávaðarifrið*“.
- Hitnar í** (orðtak) Þegar hitnar í heyi í hlöðu er það sígur og verkast. Er eðlilegt og nauðsynlegt í votheysverkun, en getur orðið til skaða í þurrheysverkun og jafnvel valdið íkveikju. Við hitann kemur *stakkur* ofan á heyið.
- Hitt er annað mál / Hitt er svo annað** (orðtök) Hinsvegar. „Þetta sagði hann; hitt er allt annað mál hvað hann gerir“. „Þetta stendur í bókinni; hitt er svo annað að þetta getur allt verið haugalygi frá rötum“.
- Hitt og þetta (smálegt)** (orðtak) Eitt og annað; ýmislegt. „Í kistlinum geymdi hún hitt og þetta smálegt“.
- Hitt þó heldur** (orðtak) Þannig; kannski ekki. „Þetta er nú meiri ágætis ríkisstjórnin, eða hitt þó heldur!“
- Hitta naglann á höfuðið** (orðtak) Koma með hnitmiðaða/rétta tilgátu/lausn/athugasemd. „Ég held að Gunnsi hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann líkti þessum stuttbuxnagemsu íhaldsins við *síngjarna kraka*“.
- Hitta sjálfan sig fyrir** (orðtak) Skaða sjálfan sig; verða sjálfur fyrir eigin gerðum/orðum.
- Hittast illa/vel á** (orðtök) Standa illa/vel á; koma á slæmum/góðum tíma. „Hann kom í heimsókn nýlega, en þá hittist svo illa á að ég var ekki heima“.
- Hittingur** (n, kk) Ólíklegur viðburður; mikil tilviljun. „Þarna uppi er mikið af lautum og mishæðum; það er bara hittingur ef þið finnið kindurnar þar“. „Þvílíkur hittingur að finna vasahnifinn aftur“!
- Hittist á** (orðtak) Stendur á; vill til. „Það hittist svo vel á að þarna kom bíll aðvífandi og tók mig uppí“.
- Híalín** (n, hk) Efnislítill klæðnaður; örþunnt klæði. „Það er nú lítið skjól í þessu híalíni“.
- Hífandi rok** (n, hk) *Hávaðarok*; mjög hvasst. „Það er ekkert hægt að eiga við þetta í þessu hífandi roki“.
- Hífingur** (n, kk) Um sjólag; sver sjór; mikil *undiralda*. „Það er kominn allnokkur hífingur; eins gott að hann fari ekki að hvesa á móti þessu“.
- Híma** (n, kvk) A. Stuttur svefn; *dott*. „Það kom á mig smá híma þarna í sófanum“. B. Fínt rek á sjó. (sú merking úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Híma** (s) Hírast; standa í höm; þreyja illviðri/kulda/bið. „Hann var búinn að híma þarna *dágóða* stund“.
- Hírast** (s) Híma; kúldrast; þrauka. „Hvíti haninn mátti hírast í sínum kofa...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Hít** (n, kvk) Ílát sem aldrei fyllist. „Það er endalaut hægt að ausa fé í þessa hit“.
- Hívert** (n, kk) Slanga sem notuð er til að koma vökva úr íláti sem hærra stendur í ílát sem stendur lægra; t.d. ef koma þarf bensíni úr brúsa í geymi á bát eða traktor, þar sem erfitt er að hella á milli. „Í byrjun þarf að fylla hívertinn með vökva. t.d. með því að sjuga upp í hann eða kaffæra í vökvanum“.

Hjaðna (s) Minnka; draga úr. „Brotið hjaðnar, og mönnum er borgið“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hjaðningarvíg (n, hk, fto) Orrusta með miklu mannfalli á báða bóga. Orðið er trúlega komið af hinu forna heiti „höð“ yfir orrustur, en í Snorra Eddu er það kennt við Héðin konung og lið hans.

Hjakka (s) A. Slá spón með öxi; skera/saga með endurteknum hreyfingum. B. Slá með orfi. „Afi vildi heldur hjakka með sínu orfi þar sem þýft var; honum þótti þar illa slegið með sláttuvélinni“.

Hjakka í sama farinu (orðtak) Gera oft/einatt það sama; vera fastur í einum sið/ einni aðferð. „Okkur miðar lítið með verkið ef alltaf á að hjakka í sama farinu með þetta“.

Hjaks (s) Hjakka; merja. „Þú verður lengi að hjaksa þetta í sundur með svona bitlausri sögi“. Orðið hefur minna heyrst notað í seinni tíð; hefur látið undan síga fyrir orðinu „hjakka“.

Hjallabrysti (n, hk) Lág gróin klettabrík í aflíðandi brekku. Brekkurnar uppúr Keflavík *beggja vegna* eru brattar. Hjallabrysti og klettur eru í þeim víða, en ekki torfærur“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Hjallakast (n, hk) Slitróttir klettahjallar. „Upp úr Hvamminum er Hvammsgil og neðan við gilið eru hjallaköst með grasblettum sem heita Mariublettir“ (KJK; Örn.skrá Tungu). „Þar heimast eru Strympurnar; hjallakast“ (IG; Sagt til vegar I).

Hjallaklasi (n, kk) Margir klettahjallar á sama svæði. „Hjallaklasi heim af Vandardal heitir Nónhögg“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Hjallamót (n, hk, fto) Ógreinileg *hjallaköst*. „Í hlíðinni eru hjallar og hjallamót“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Hjallhertur (l) Um fisk; hertur í hjalli en ekki á gördum.

Hjallrá / Hjallrengla (n, kvk) Rá í hjalli; hjallspíra; tré sem fiskur er hengdur á, og liggur oft á milli hjalltrjáa eða er hengd neðan í rjáfur. Þegar steinbitur var hengdur upp í seinni tíð var þuma skorin í stirtlu hvers flaks og það hengt upp á nagla á hjallrá/hjallrenglu, sem oft var einungis nefnd rengla.

Hjallslá (n, kvk) Hjalltré; burðarviður sem liggur láréttur milli hjallstólpa, en á slánum hvíla rárnar/hjallrárnar. Hjalltré var almennt notað um þetta meðan slár hvíldu á steinstólpum, enda þá oft úr grönnum ósöguðum trjábolum, en oftar var talað um hjallslá eftir að hersla hófst í lokuðum hjöllum. (Sbr. *grindarslá*).

Hjallspíra (n, kvk) Rá sem hengt er upp á hjalli; hjallrá. „Það þyrfti að fjölga hjallspírunum“ Orðið var notað til jafns við hjallrá vestra en er ekki að finna í orðabókum.

Hjallstólpi (n, kk) Hluti þurrkhjalls; stólpi úr grjóthleðslu eða tré sem hjalltré hvílir á, en þau bera hjallspírun.

Hjallstaði (n, hk) Staður sem hjallur er á, eða hefur staðið á; heppilegur staður fyrir hjall. „Víða eru heppileg hjallstaði í Kollsvík. Hjallar í Kollsvíkurveru voru uppi á Norðarikleppum og Strákamel. Líklegt er að hjallar í Láganúpsveri hafi verið utarlega á Bökkunum, enda eru þar ókannaðar hleðslur“.

Hjalltré (n, hk) Hluti *þurrkhjalls*; trjádrumbar sem lagðir eru á *steinstólpa*, og *hjallspírur/rár* eru lagðar á. „Venjulega voru fiskhjallarnir (steinbítshjallarnir) þannig gerðir að hlaðnir voru fjórir steinstólpar með stuttu millibili, er mynduðu ferhyrning. Á hverja tvo voru síðan lögd allsver tré; hjalltré, og náðu endarnir oftast nokkuð útfyrir stólpana. Á hjalltrén voru síðan lagðar rár með hæfilegu millibili, er steinbíturinn var hengdur á“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hjallur (n, kk) A. Fiskhjallur. „Venjulega voru fiskhjallarnir (þ.e. steinbítshjallarnir) þannig gerðir að hlaðnir voru fjórir steinstólpar með stuttu millibili er mynduðu ferhyrning. á hverja tvo voru síðan lögd allsver tré, hjalltré, og náðu endarnir oftast nokkuð útfyrir stólpana. Á hjalltrén voru síðan lagðar rár með hæfilegu millibili er steinbíturinn var hengdur á. Best var að endar ráanna næðu útfyrir hjalltrén til að allur þunginn sem látinn var á ráðna, ægi ekki á miðjunni“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Úr var stundum uppnefnt *úrhjallur*.

Hjallviður (n, kk) Viður í stoðum, stólpum, slám og rám hjalls. „Hjallur Tungumanna sprakk í ofviðri og nú liggja hjallviðir og járn í haug á staðnum“.

Hjallþurrkaður (l) Hjallhertur; þurrkaður í hjalli. „Hún fullyrta að þvotturinn yrði mikið heilnæmari hjallþurrkaður en þurrkaður í rafmagnsþurrkara“.

Hjaltadraugurinn (n, kk) Einhenti draugurinn; draugur í Rauðasandshreppi. Hjaltadraugurinn var þannig tilkominn að Hjalti Þorgeirsson (d. á Sjóundá 1917) reri undir Jökli um 1860. Þar átti hann glímu við hrotta nokkurn sem beið lægri hlut og hafði í heitingum við Hjalta. Mörgum árum síðar var Hjalti fjármaður í Saurbæ og varð þá eitt sinn fyrir árás einhents draugs er hann var að reka fé til beitar. Eftir mikinn bardaga tókst honum að vinna á draugnum. Vorið eftir fór Hjalti á vertíð út í Kollsvík. Á þeim tíma rak lík af stórvöxnum manni á Melanesi, og vantaði á það annan handlegginn. Þótti Hjalta þá ljóst hver draugurinn hefði verið. Er líkið var jarðað í Saurbæ fór Hjalti við jarðarförina. Áður en mokað var yfir náði hann í steinhellu mikla og lagði hana þversum ofaná kistuna, með þeim orðum að nú myndi þessi liggja þar sem hann væri kominn. Ekki varð hann draugsins var eftir þetta. (Endurs. úr bók MG; Úr vesturbyggðum Barðastrandasýslu).

Hjara (s) A. Setja á hjarir, t.d. hurð eða lok. „Ári er hurðin fyrir karminum það verða léleg; það þyrfti að fara að hjara hana uppá nýtt“. B. *Setja stýri fyrir* bát. C. Skrimta; lifa af; draga fram lífið. „Ekki veit ég hvort kindin hjarir af veturinn eftirvotheysveikina“.

Hjara (n, kvk) *Löm*; eintala af *hjørur*. Einatt notað í fleirtölu; í eintölu var talað um löm.

Hjara stýri (orðtak) Setja stýri/stýrisfjöl fyrir bát eftir að komið er á flot, og stýrisstöng í það.

Hjarandi (l) Lifandi; á lífi. „Hestarnir voru taldir hafa verið 3, og fundust 2 dauðir en einn var hjarandi“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Hjararbrottinn (l) Um hurð, glugga, kistulok o.fl; með brotna löm; hangir á einni löm; lamaður. „Gætta að þegar þú opnar hurðina á syðsta karminum; hún er hjararbrottin að ofanverðu“.

Hjarn (n, hk) Hörð snjóþekja; flatur og víðáttumikill skafl; hörð skán ofaná snjóþekju. „Þarna komum við á slétt hjarn, og fyrirtaks göngufæri“.

Hjarna við (orðtak) Lifna við; koma líf í. „Lambið er eitthvað farið að hjarna við þarna hjá eldavélinni“.

Hjarnhella (n, kvk) Samfeld og slétt hjarnbreiða. „Daginn fyrir Þorláksmessu fórum við pabbi að sækja einilyng á jólatréð fram í Dalbrekkur. Veður var stillt en hörkufrost og töluvert fannfergi. Frá Kjávötnum fram í Gálgasteinabrekkur var þykk hjarnhella“ (VÖ).

Hjarnskafl (n, kk) Harður skafl með gömlum snjó. „Hjarnskafl er oft langt fram á sumar í Jökkladal og öðrum dældum í Fimmhundraðahæð og Stórubrekku“.

Hjartagrafa (s) Um viðarhögg til kolagerðar; grafa upp rætur trés. „Ef gert var til kola þótti lélegt að nota stöngla og lim; úr því varð ekki mikil kol. Því þótti nauðsynlegt að grafa eftir miðhnúti runnarins, sem nefndist að „hjartagrafa runnana“. Fengust þá meira en 2/3 kolanna úr því er var undir sverðinum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hjartans mál (orðtak) Tilfinningamál; málefni sem manni er mjög kært; *áhugamál*; *hugðarefni*. „Ég get svosem gefið þetta eftir, fyrst honum er þetta svo mikið hjartans mál“.

Hjartarfi (n, kk) Capsella bursa-pastoris. Blóm af krossblómaætt sem líklega hefur borist með landnámsmönnum til Íslands. Vex gjarnan í moldarjörð, s.s gömlum gördum og þurrum húsdýraáburði. Stofnblöð eru fjaðurskipt en aldin hjartalaga, sem skýrir nafnið. Blóm í klösum á stöngulendum, 2-3 mm í þvermál; krónublöð hvít; laufblöð breytileg að lögun. Talinn illgresi, þó ekki sé hann jafn ágengur og *haugarfi*. Algengur við bæi í Kollsvík og víðar.

Hjartapáttur (n, kk) Þáttur inni í vað/kaðli, sem ekki er undinn með öðrum þáttum; kjarnapáttur. „Hann vildi ekki nota kaðal í bjargvað nema hann væri nægilega sver, og með hjartapætti“.

Hjartfólgin (l) Kær; dýrmætur. „Það er nú í lagi þó hann hafi í ógáti stolið pennanum; hann var mér ekkert sérlega hjartfólgin“.

Hjartnæmur (l) Hrifandi; innilegur. Stundum notað í kaldhæðni. „Hún var víst dálítið hjartnæm, ræðan sem þeir Kollsvíkingar fengu að heyra þegar þeir mættu Látramönnum á miðri Stóruðinni“.

Hjasi (n, hk) Úrgangur; léleg beit fyrir fé. „Það er nú lítið eftir á fatinu annað en hjaslið“. „Það er rétt að vísa fénu niður í fjöru; það gæti haft eitthvað hjasl í sig“.

Hjassa (s) Um dýr; gera þarfir sínar. Einkum var þetta notað um það þegar fresskettir þurftu að merkja með því að míga utan í hluti eða húsveggi. „Er nú kattarfjandinn búinn að hjassa í póstpokann“?

Hjassalegur (l) Luralegur; feitlaginn. „Skelfing er karlinn að verða hjassalegur í seinni tíð“.

Hjassast (s) Hlunkast; ganga þunglamalega. „Það gagnast lítið að smala sem hjassast einhversstaðar langt á eftir hinum“!

Hjassi (n, kk) Niðrandi mannlýsing; hlunkur; fitukeppur; dratthali. „Það voru ekki mín orð að hann væri hjassi; ég sagði að hann væri fjandi þungur á sér fyrir svona erfiðar göngur“.

Hjastra (s) Tæta/spæna niður; kroppa óreglulega í. „Sagaðu nú sviðahausana úti; það er óþarfi að hjastra þetta niður í anddyrinu“. „Árans músin hefur komist að bjúgunum og var búin að hjastra í endann“. Annarsstaðar þekktist sögnin „jashtra“ í sömu merkingu, en það var ekki notað af heimamönnum í Kollsvík.

Hjastur (n, hk) Mylsna; *mulningur*. „Hundurinn var að naga bein og gólfið er allt í beinahjastri“.

Hjákátlegt (l) Broslegt; neyðarlegt; fyndið. „Mér finnst það dálítið hjákátlegt að ég skyldi gleyma þessu; svo oft sem ég hef brýnt fyrir öðrum að muna það“.

Hjákonugat (n, hk) Neglugat sem borað er bakborðsmegin á bát af viðvaningshætti eða í ógáti, en regla er að það sé haft stjórnbordsmegin við kjöl.

Hjálagt (l) Um bréf eða annað sem fylgir með; meðfylgjandi. „Hjálagt sendi ég kvittun fyrir greiðslunni“.

Hjáleiga (n, kvk) Skiki/býli úr lögbýli sem leigt er leiguliða. Afmarkað tún og engjar fylgdu oftast hjáleigu en úthagi var sameiginlegur með lögbýlinu. Hjáleigubændur og húsmenn höfðu fyrrum ekki fullan þegnrétt, t.d. í hreppsmálum; þeir voru á ábyrgð lögbýlisbónda og undir hans vernd. Talið er að hjáleigur hafi farið að tíðkast þegar á þjóðveldisöld (930-1262). Í Kollsvík voru nokkrar hjáleigur, t.d. Hólar, Grundir, og Tröð. Hjáleigur risu gjarnan þar sem verið höfðu stekkir eða beitarhús. Þar var hleðslugrjót og þar hafði oflega myndast grænn blettur sem nýta mátti til slæгна. Þannig voru hjáleigurnar Grundir og Stekkjarmelur byggðar upp úr stekjum og Tröð á kúastöðli.

Hjálmótt (l) Litur á kú/hesti; Með hvítan haus en dekkri bol.

Hjálþ (n, kvk) Aðstoð; björgun. „Gastu veitt honum einhverja hjálþ“? „Ég veit ekki hvursu mikil hjálþ er að mér við þetta verk“.

Hjálþa (s) A. Aðstoða (almennt). B. Aðstoða kú/kind við fæðingu kálfs/lambs, t.d. með því að toga í klaufir og haus eða *fara innmeð*. „Ég er hræddur um að það þurfi að hjálþa þessari“.

Hjálþa brókum (orðtak) *Hægja sér*; skíta; kúka; *bjarga brókum*; *flytja lögmann*. „Ég þarf að skjótast snöggvast frá og bjarga brókum“.

Hjálþa með / Hjálþa um (orðtak) *Bjarga um*; lána/gefa þegar vantar. „Geturðu nokkuð hjálþað mér um hálfan fóðurbætispoka þar til á morgun“?

Hjálþa til (orðtak) Aðstoða; veita aðstoð/hjálþ; *leggja lið*; *veita liðsinni*. „Ég reyndi að hjálþa til þegar farið var að reka í réttina“.

Hjálþa uppá sakirnar (orðtak) Koma til bjargar; aðstoða; vera til bóta. „Hann var í hálfgerðum vandræðum, svo ég reyndi að hjálþa upp á sakirnar“. „Það hjálþaði lítið uppá sakirnar þó ég ýtti af öllum kröftum; bíllinn sat pikkfastur í skaflinum“.

Hjálþarfús (l) Viljugur til að aðstoða. „Margar hjálþarfúsar hendur aðstoðu hann upp á bakkann“.

Hjálþarhella (n, kvk) Bjargvættur; hjálþarkokkur. „Hann reyndist okkur mikil hjálþarhella í þessum vanda“.

Hjálþarhönd (n, kvk) Aðstoð. „Á ég ekki að rétta þér einhverja hjálþarhönd við þetta“?

Hjálþarkokkur (n, kk) Aðstoðarmaður; hálfarhella. „Ég byrjaði sem hjálþarkokkur við sundurdrátt í réttinni“.

Hjálþarlaust (l) Án aðstoðar. „Kemstu þetta hjálþarlaust“?

Hjálþarleysi (n, hk) A. Framtaksleysi; aumingjadómur. „Skelfilegt hjálþarleysi er þetta alltaf í manninum“!
B. Skortur á aðstoð. „Við höfum hingað til þurft að búa við hjálþarleysi af hendi þessara stjórnarherra“.

Hjálþarmaður (n, kk) Aðstoðarmaður. „Það munar miklu að hafa hjálþarmann á brún“.

Hjálþartæki (n, hk) Tæki til að létta vinnu/verk. „Ótrúlega stórir eru sumir steinarnir sem þar eru, en hjálþartæki voru ekki nema járnkarl, skófla og planki sem notaður var sem vog“ (IG; Sagt til vegar I).

Hjálþarvana (l) Hefur ekki hjálþ/aðstoð; bjargarlaus. „Við vorum alveg hjálþarvana eftir að vélin bilaði“.

Hjálþarþurfi (l) Vantar aðstoð; í nauðum/vandræðum. „Það er aðkallandi að aðstoða þá sem mest eru hjálþarþurfi; hinir geta kannski klórað sig framúr þessu“.

Hjálþast að (orðtak) Vinna í samstarfi; hjálþa hver/hvor öðrum. „Tveir hjálþuðust að við að ná lúðunni inn; svo var hún rotuð“ (IG; Röðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG). „Algennt var að höfð væri samvinna milli tveggja eða fleiri bæja um þessar aðdráttaferðir; enda unnust þær léttar ef nægilega margir hjálþuðust að“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Hjálþast við (orðtak) *Bjargast við/með*; komast af með. „Hjólbörurnar eru orðnar fjári garmalegar, en ætli við verðum ekki að hjálþast við þær í dag“.

Hjálþlaus (l) Án aðstoðar. „Ég er alveg jafn hjálþlaus þó hann sé með; ég þarf að fá góðan smalamann“.

Hjálþlegur (l) Góð aðstoð; hjálþfús. „Gestirnir voru hjálþlegir við heyskapinn þegar mikið lá við“.

Hjálþræði (n, hk) Stoð; gagn; hjálþ. „Mér er lítið hjálþræði í að fá einhverja borðalagða fræðinga í verkið“

Hjálþræðisvegur (n, kk) Leið til að bjargast/ komast af. „Sjósókn var löngum mikilvægur hjálþræðisvegur íbúa á þessum slóðum“.

Hjálþsamlega (ao) Giftusamlega; gæfulega. „Við skulum bara sjá hvort svo hjálþsamlega takist til að ég komist þetta“.

Hjálþsemi (n, kvk) Aðstoð; vilji til hjálþar. „Þau sýndu mér mikla hjálþsemi í þessum veikindum“.

Hjálþvænlegur (l) Líklegur til hjálþar/aðstoðar/bjargar. „Farðu til afa þíns með reikningsdæmið. Hann gæti kannski verið þér hjálþvænlegur“.

Hjáróma (l) A. Falskur/ úr tóni í fjöldasöng. B Afleidd og meira notuð merking; hefur uppi málflutning sem er úr takti við skoðanir annarra. „Flestir voru á einu máli um þetta, og þó einhverjar hjáróma raddir ehyrðust í byrjun, þögnuðu þær fljótt“.

Hjárænulegur (l) Utangátta; utan við sig. „Óttalega ertu hjárænulegur; heyrðirðu hvað ég sagði?“

Hjásettur (l) Settur hjá/ til hliðar; afskiptur; gleymdur. „Mér finnst að hér séu íbúar við nokkuð hjásettir með mokstur á vegum“.

Hjásól (n, kvk) Sjá *aukasól*; *blæs út sólin* og *gill og úlfur*.

Hjástaða / Hjáseta (n, kvk). *Halda til beitar*; vöktun/varsla fjár meðan það er á beit. „Stundum hlóðu menn vörðu til að halda á sér hita í hjástöðunni“.

Hjástöðudryli (n, hk) Litil *hjástöðugarða*. „Á hjallanum heman við lautina má sjá hjástöðudryli“. Sjá *vörðudryli*.

Hjástöðumaður (n, kk) Sá sem stendur yfir fé/heldur fé til beitar.

Hjástöðugarða (n, kvk) Varða sem hlaðin er meðan menn standa yfir fé/ halda fé til beitar. „Vörðum í grennd við Kollsvík má skipta í fjóra flokka: Vegavörður standa við hestavegi og hafa það hlutverk að víla mönnum leiðina, jafnvel þó vegurinn sé undir snjó. Þau mannvirki eru oft vönduð og urmull er af þeim við vegina. Miðavörður eru hlaðnar þar sem þörf er á, til að miða fiskimið, sjóleið eða innsiglingu. Dæmi um slíkar vörður eru t.d. Stekkavarðan á Strengberginu (fiskimið); Grynntasundsvarða á Blakknesi (sjóleið) og Snorravörður á Leirunum (innsigling). Eyktamarkavörður eru hlaðnar til að marka framvindu dagsins; eyktirnar. Dæmi um slíka vörðu er Nónvarðan, ofan Brunnsbrekku. Hjástöðuvörður voru hlaðnar þar sem staðið var yfir fé, meðan því var haldið til beitar. *Gerðu* menn þetta oftast meira *sér til dundurs* og til að halda á sér hita, en til gagns. Þannig vörður má víða sjá, t.d. Strympuvörðurnar ; vörðu við Pálslautina og vörðu í Sandslágarkjafði“ (VÖ). „Hálsinn milli Skalladals og Kvígindisdals heitir Þrívörðuháls. Háls þessi dregur nafn af þremur vörðum er standa þar saman og eru hlaðnar af smölum er stóðu yfir fé“ (SJTh; Örnefnaskrá Kvígindisdals).

Hjátrú (n, kvk) Hindurviti; trú á það sem annaðhvort meirihluti samtímamanna eða síðari kynslóðir telja ekki vert að trúa á, og sé jafnvel heimskulegt eða skaðlegt. Það sem trúað er á í þessu tilliti getur verið ýmist hlutlægt eða óhlutlægt. Oft verður hjátrú að sið, kæk, sérvisku eða venju, jafnvel þó trúin sé ekki lengur til staðar. Urmul dæma um hjátrú er enn að finna í þjóðlífinu; frá gömlum og síðari tímum. Sumt af því er líklega frá forsögulegum tíma, en þykir ómissandi í nútímanum; enda er hjátrúin ein mikilvægasta stoð þeirra sérkenna sem við nefnum okkar þjóðmenningu. Hjátrú er ekki það sama og vættatrú; þ.e. trú á t.d. drauga, tröll og huldufólk, en fléttast við hana á órjúfánlegan hátt. Þannig er það t.d. hjátrú að ekki megi slá einhvern blett vegna áлага huldufólks, og að ekki megi hrófla við Biskupsþúfu vegna áлага Kolls. Löngum hefur hjátrúin loðað meira við sjómenn, og aðra sem fást við hættulegar aðstæður, en annað fólk. Urmull af siðum og bönnum af því tagi var viðloðandi í Kollsvík meðan byggð hélst í vikinni, og enn reyna þeir að halda í heiðri sem til þekkja. Má þar t.d. nefna sjóferðabænina. Hver róður byrjar með því að eftir að komið er fram á Lægið eru árar lagðar upp; húfur teknar ofan og hvr maður biður með sjálfum sér um guðsþessun; farslæla sjóferð; gott veður og góða björg úr sjó. Þegar lína var dregin mátti aldrei telja fiskinn um leið og hann kom að borði; þá stytta upp í veiðinni. Í staðinn fóru menn með þulu með dulnefnum: „Einn fer að heiman. Tveir hafa það verið: Nei; heilagur andi; og hefur staf“, þegar fjórir voru í sjónmáli (KJK; Kollsvíkurver). Vítin voru fleiri: T.d. var það óheillamerki að nefna nokkuð hvalsheiti á sjó; þá yrðu menn fyrir árás þess kvikindis. Í staðinn var stundum talað um naut.

Hjátrúarfullur (l) Trúir á tilveru ósýnilegra/sjaldséðra fyrirbæra, s.s. drauga og/eða huldufólks og/eða sæskrýmsla o.fl. „Ég hef aldrei hjátrúarfullur verið; ætli ég dóli þetta ekki þó farið sé að rökkva“.

Hjátrúarkjafæði / Hjátrúarrugl / Hjátrúarþvæla (n, hk/kvk) Álit þeirra á hjátrú sem ekki telja sig haldna henni. „Vertu nú ekki að halda þessu hjátrúarkjafæði að stráknum“!

Hjólatic (n, kvk) A. Lítil kerra; s.s. grind undan barnavagni/börum. „Ég var ekki löngu farinn að ganga þegar ég náði í grind undan aflóga hjólbörum og ýtti þessu á undan mér um allar jarðir daginn út og inn“. B. Notað í niðrandi merkingu um bifreið.

Hjólatrilla (n, kvk) Lítil kerra sem ýtt er með handafli, oft með fjórum litlum hjólum. „Vörurnar eru fluttar á hjólatrilla af lager fram í búðina“.

Hjólbörugrýtur (n, kvk, fto) Niðrandi heiti á litlum hjólbörum. „Hjalti kvað mikinn mun á þessu verkfæri og hjólbörugrýtunum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hjólbörukassi / Hjólbörukjálki / Hjólböruhjól (n, kk) Meginhlutar á hjólbörum; kassinn sem í er látið og slárnar sem bera hann uppi, frá og með handföngum fram á hjól. „Hjólbörukassinn er orðinn fjári lélegur“.

- Hjólborur** (n, kvk, fto) Einhjólslutningataeki sem ýtt er af manni sem heldur um tvo kjálka þess. Hjólborur voru löngum heimasníðaðar, og fram yfir 1970 voru til hjólborur úr tré á Láganúpi, smíðar af Guðbjarti Guðbjartssyni. Hjólið var úr tvöföldum borðviði, með umgjörð úr girði og járnöxli. Annað var úr tré, að frátöldum nöglum. „Síðan var mörinn keyrður á þurrkvöll við Grástein; ýmist á hestakerru eða hjólbörum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá *handborur*.
- Hjólgrind** (n, kvk) Grind sem brúnahjól er fest í, sem notað er til bjargsiga. „Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. (MG; Látrabjarg).
- Hjólþipur** (l) A. Mjög þipur/liðugur/fimur. „Hann er hjólþipur sigari“. Mjög hjálpsamur. „Ég hef það ágætt, og þó ég komist lítið þá eru allir hjólþiprir að *víkja í lið fyrir mig*“.
- Hjólmaður** (n, kk) Sá maður við *bjargsig* sem situr við *brúnahjólið*, en hann er verkstjóri bjargmanna á brún. „*Vaðurinn* hefur nú verið rakinn frá brúninni og hjólmaður kallar *dráttarfólkið* á vaðinn. Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en hjólmaður sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. Hann *situr undir*, sem kallað er; lætur vaðinn renna yfir læri sér... Hjólmaður er verkstjóri á brúninni og fylgist með *sigaranum*. Til hjólmanns velur sigarinn reyndan mann sem hann getur treyst. (MG; Látrabjarg).
- Hjól múgavél** (n, kvk) Heyvinnutæki; rakstrarvél þar sem raksturstindarnir eru á stórum hjólum.
- Hjóm** (n, hk) Tálýsn; ónýti; það sem sést, en er óverulegt að efni; brák á vatni. Oftast notað í líkingum. „Ekki vantar loforðin hjá þeim, sem síðan reynast ekkert nema hjómið eitt“!
- Hjónabandsbarn** (n, hk) Barn sem fætt er af giftum foreldrum. „Pétur á Stökkum var ekki hjónabandsbarn...“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Hjónabandserfiðleikar** (n, kk, fto) Óhamingja í hjónabandi. „Einhverjir hjónabandserfiðleikar *ku* vera komnir upp á því heimili“.
- Hjónaefni** (n, hk, fto) Kærustupar; tilvonandi hjón. „Þau eru byrjuð að draga í búið, hjónaefnin“.
- Hjónakorn** (n, hk, fto) Gæluorð yfir hjón. „Þetta herbergi hentar okkur hjónakornunum ágætlega“.
- Hjónaleyssi** (n, hk, fto) Þar sem ekki hefur verið gefið saman.
- Hjónasvipur** (n, kk) Merki um að karlmaður og kvenmaður geti orðið hamingjusöm hjón. „Hún taldi að það væri allnokkur hjónasvipur með þeim“.
- Hjónasæng** (n, kvk) A. Hjónarúm. B. Spil, sem venjulega byggist á æringjahætti og lauslegum reglum. Spilið gengur út á það að velja meðspilara þekktan maka, t.d. konu úr sveitinni. Byrjað var á að spila ákveðið spil, þar sem markmiðið var að losa sig við öll spilin. Sá sem fyrstur var til þess lenti í hjónasænginni og síðasta spil hans var svokallað „stopp“. Hver spilarí valdi sér maka í huganum. Síðan var öllum gefið eitt spil í einu, en sá sem fékk stoppspilið varð að nefna makann sem hann hafði valið. Aftur var byrjað að útbýta úr spilastokknum og farið með þulu um leið, sem byrjar þannig; „Maddama, kerling, fróken, frú...“ Þegar kom að þeim sem valdi var búið að ákveða stöðu konunnar sem biðla átti til. Næst er valinn bónorðsmátinn. Þá byrjar þulan þannig; „Akandi, ríðandi, gangandi, skríðandi, hjólbörur, drossía, bíll...“. Stundum var þula um það hvar konan yrði stödd þegar bónorð var borið upp. Þá var komið að því hvort hún tæki boðorðinu og þulan var „Já, nei“ Ef hún neitaði hófst spilið aftur, en annars var næst valið um efnið í giftingarhringnum; „Gull silfur, kopar, eir“ Þá um heimili hjónanna; „Hús, kofi, kamar, höll...“ Ein þulan var um það hvar brúðgumi fengi að hvíla; „Á koppnum; á stokknum; hjá henni, á henni...“. Endaþulan var um ástarhitann; „hann elskar hana af öllu hjarta; yfirmáta ofurheitt; harla lítið, ekki neitt“.
- Hjú** (n, hk, fto) Vinnufólk á heimilum. „Vakan var til kvöldmatar, klukkan 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrösum. Síðan var alltaf lesinn húslestur; sunginn sálmur og lesin bæn úr bænakerfi Péturs biskups. Lesið var til um kl 10 og eftir það var farið að sofa. Þá máttu hjúin vinna eftirvinnu; þá máttu þau þrjóna fyrir sjálf sig. En þau urðu að gera það í myrkrinu, því ljósmeti var ekkert eftir kl 10 á kvöldin. Hjú fengu einnig að vinna fyrir sig vikuna fyrir jólin“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hjúasæll** (l) Vinsæll af vinnufólki/hjúum. „Hvernig eigum við að fara að því að verða hjúasæll? (Umræðuefni á fundi Vestra 1918).
- Hjúfra sig** (orðtak) Kúra; liggja makindalega. „Kettlingurinn hjúfrar sig uppað tíkinni“. Orðið „júfra“ hefur líklega áður verið „húfra“; samstofna orðinu „húfur“ sem fyrrum merkti síða skips eða skipsskrokur, en merkir á síðari tímum tiltekið borð í kinnungnum. „Hjúfra að“ merkti þá líklega upprunalega að liggja við land. Sjá *mikið í húfi*.
- Hjöllótt** (l) Um landslag; með mörgum hjöllum/klettaköstum á við og dreif. „Þarna efst í vikinni er hjöllótt og *lautótt*; þar getur víða leynst fé“.

Hjörur (n, kvk, fto) Lamir; hjarir. „Óttalega eru hjörurnar á hurðinni orðnar *laslegar*“.

Hlað (n, hk) Svæði utan við aðaldyr á íbúðarhúsi. Var vanalega sein- eða hellulagt.

Hlaða (s) A. Stafla; raða upp. „Hann er að hlaða vegg“. B. Auka rafspennu á rafgeymi/batteríri.

Hlaða í brand (orðtak) Um hleðslu steinhlaðins húss; hlaða gafl húss í strýtu; uppundir mæni/*mæniás*.

„Hesthúsið gamla er hlaðið í brand í báða gafla þó ekki hafi verið á því ásapak, a.m.k. ekki í seinni tíð“.

Hlaða kanónuna (orðtak) Borða mikið af rúgbrauði eða öðrum *vindaukandi* mat. „Hættu nú að hlaða kanónuna Kitti! Það verður ekki líft í vambaklefanum ef þú heldur svona áfram“! Sagt í glensi í Gjöggrasláturhúsi.

Hlaða niður fönn/snjó (orðtak) Snjóa mjög mikið; *moka niður snjó*. „..... heilan sólarhring áður var að hlaða niður fönn í blæjalogni, svo ekki var komist um jörðina fyrir djúpfenni“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Hlaða skip í sjó (orðtak) Setja mikinn afla í skip þegar verið er að veiðum; drekkhlaða bát. „Þetta var ein sú ánægjulegasta sjórferð, en um leið sú *gapalegasta*, sem ég hef verið með, og hef ég þó verið með mönnum sem ekki hafa *vilað fyrir sér* að hlaða skip í sjó, sem kallað var“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Hlaða uppvið sig (orðtak) Hlaða hey, grjótgard, vegg eða annað á þann hátt að það halli inn að miðju og frá hleðslumanni. „Þú mátt ekki hlaða heyinu svona uppvið sig, þá komum við ekki eins miklu á vagninn“.

Hlaðafli (n, kk) *Hlaðningur*; fullfermi; fullur bátur af afla. „Fyrir kom að hlaðafli fékkst af hákarlalífur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hlaðast upp við sig / Hlaðast yfir sig (orðtök) Um grjóthleðslu sem í fyrra orðtakinu hallar/hleðst frá hleðslumanni en í því seinna að honum. „Neðst í bruninum er hella en þar er hann tunnúidd; hleðst svo upp við sig í boga þar til komið er í miðja hæð, þá er breiddin orðin um tvo metra. Þá fer hann að hlaðast yfir sig í boga, og endar í tunnúidd“ (PJ; Örn.lýsing Hvallátra). Sjá *halla upp við sig/yfir sig*.

Hlaðfiski (n, hk) *Hlaðningur* af fiski; fullur bátur af veiði. „Það var hlaðfiski á hverjum degi“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Hlaðhella (n, kvk) Steinhella í bæjarhlaði. „Hlaðhellur þurfa að vera þykkar og sæmilega sléttar“.

Hlaði (n, kk) Bunki; stafli. „Það er myndarlegur hlaði af hellum aftan við kofann“. Sjá einnig *móhlaði*.

Hlaðinn á lista (orðtak) Um hleðslu á báti; listi var svokallaður *skvettlisti*, neðan við efsta *umfar*. Einnig er sagt að bátur sé hlaðinn svo fljóti að listum. Sjá *liggja á listum*.

Hlaðningur (n, kk) Fullfermi; hlaðafli. „Það tekur á taugarnar að liggja, þegar hinir eru að koma með hlaðning, dag eftir dag, því það eru svo mikil kjör að menn hér muna ekki eftir slíku“ (Bréf AK til VÖe í júní 1941).

Hlaðvarpi (n, kk) Tún næst bæjarhlaði. Sjá *varpi*. „Faðir minn hét Jón og var Torfason. Torfi bjó á Naustabrekku á Rauðasandi. Faðir hans var Sigurður, kallaður fljóti. Hann bjó í Breiðuvík í Rauðasandshreppi í tíð séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal. Sagt var að eitt sinn reyndi Sigurður sig við reiðhest prests er var afbragðs gæðingur. Báðir lögðu þeir Sigurður og Björn samtímis frá sjónum í verinu og báðir komu þeir samtímis í hlaðvarpa í Breiðuvíkurbæ. Sagt var líka að hverja tófu tæki hann á spretti“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Hlakka til (einhvers) (orðtak) Vera eftirvæntingarfullur/spenntur vegna einhvers. „Ég hlakkaði mjög til jólanna“. „Að Vesturbotni beindi ég för minni þá fyrst;/ þar frændur veit ég tvo, svo káta og hressa./ Ég heyrdi sagt að þeir hefðu konu aldrei kysst/ og komst í stuð og hlakkaði til þessa“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Hlakka yfir (orðtak) Gleðjast/kætast vegna; oft notað um þann sem gleðst yfir óföllum andstæðings. „Ekki var laust við að menn hlökkðu dálítið yfir þessu basli sýslumannsins“.

Hlakka yfir óföllum annarra (orðtak) Kætast þegar öðrum gengur í mót; gera grín að slysförum/óföllum hjá öðrum. „Það hefur aldrei þótt upphæfð að því í Kollsvík að gleðjast yfir óföllum annarra“! Sjá *engum er þægð í annars óföllum*.

Hlakkandi byr (orðtak) Mjög góður byr; mjög gott leiði. „Frá Töngum var hlakkandi byr norður allar Víkur“.

Hlakkar í / Hlakkar görnin í (orðtök) Kætist; þykir gott. „Það var ekki laust við að hlakkaði í okkur görnin þegar þessi hrokagikkur fékk á baukinn“.

Hlamma (s) A. Hlunkast; hlassa. „Hann var örþreyttur og hlammaði sér niður í sófann“. B. Skjóta úr haglabyssu. „Magnús langafi minn var skytta, og til er saga af honum þar sem hann *lá fyrir tófu* og að honum sótti *fförulalli*. Hann hlammaði á kvikindið og komst nokkuð *lerkaður* og móður undan honum“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Hlammast (s) A. Detta; falla. „Hann hlammaðist á rassinn á svellinu“. B. Ganga þunglamalega; hlunkast. „Ætli það sé ekki rétt að hlammast og sækja þessar *letibykkjur* sem skiluðu sér ekki heim“.

Hlandauli (n, kk) Bjáni; vitleysingur. „Það er nú svo sem ekki hægt að búast við neinu gáfulegra frá þessum hlandaula“!

Hlandblautur / Hlandvotur (l) Búinn að pissa á sig. „Nú sýnist mér að strákurinn sé orðinn hlandblautur“.

Hlandbragð / Hlandkeimur (n, hk/kk) Slæmt bragð/keimur, t.d. af ofþroskuðum eða frosnum krækiberjum. „Mér finnst kominn dálítill hlandkeimur af berjunum“.

Hlandbuna / Hlandspræna (n, kvk) Buna hlands þegar migið/pissað er. „Það má gá að sér þegar maður fer fyrir hornið, að lenda ekki í hlandbununni frá karlinum“! „Það kemur ekki svo mikið sem hlandspræna úr þessari slöngu“!

Hlandfor (n, kvk) For/vilpa nærri fjósi, þar sem kúamykju og –hlandi er safnað saman í þró eða dæld; e.t.v. skvett þar úr koppum að auki. Úr forinni var mykjan borin á tún að vori.

Hlandfroða (n, kvk) Í líkingamáli; innantómt bull/blaður. „Þvílíka hlandfroðu hef ég sjaldan heyrt“.

Hlandgryfja (n, kvk) Gryfja/þró, þar sem kúahlandi er safnað að vetri, en það var síðan nýtt til túnaburðar að vori. „Láganúpsbræður byggðu bæði skíthús og hlandþró við fjósið, en það þótti þá töluverð nýjung“.

Hlandklossar (n, kk, fto) Of stórir skór; illa útlítandi skór. (E.t.v. má rekja upprunann til þess þegar kaupstaðarskór fóru fyrst að verða almenningseign og sumir völdu þá að hafa þá vel rúma svo fleiri gætu notað þá. Gamansamir hefðu síðan bent á að skórnir væru svo rúm til að míga mætti í þá til að halda á sér hita. Heitið hafði færst yfir á alla illa útlítandi skó þegar ég heyrdi það notað. VÖ.) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hlandkolla / Hlandkoppur (n, kvk) Næturagn. Ílát sem haft var nærri eða undir rúmi til að menn þyrftu ekki að fara út til að *kasta af sér vatni á næturna*.

Hlandkollublettur (n, kk) Mjög lítið svæði. Notað til áhersluauka. „Það ætti ekki að vera lengi gert að slá þennan hlandkollublett“.

„Margir bátar voru þarna að veiða á sama hlandkollublettinum“.

Hlandkollulogn (n, hk) Algjört logn; stafalogn. „Það er nú lítið vit að hanga í landi í þessu hlandkollulogni“.

Hlandkollublettur (n, kk) Lítið svæði. „Hvaða skynsemi skyldi nú felast í því að hrúga allri þjóðinni á einn hlandkollublett við Reykjavíkurtjörn“?! Orðið hefur lengi verið notað í Kollsvík. Gæti vísað til þess að vel grænkar á þeim bletti þar sem vanalega er skvett úr næturagninu.

Hlandskólp (n, hk) Vökvi/drykkur sem bragðast illa/ lítur illa út. „Hvaða andskotans hlandskólp er þetta“?!

Hlandþró / Hlandfor (n, kvk) Forarþró; kjallari undir eða framanvið fjós til að safna hlandi, sem síðan er oft nýtt sem áburður á tún.

Hlandsprengur (n, kk) Asi; mikill flýtir. „Ég sá rolluskrottann stökkva inn í garðinn og hljóp í einum hlandspreng“.

„Við vorum í hlandspreng að heyja fyrir ríninguna.“

Hlandsprunginn (l) Með (nær því) sprungna hlandblöðru. „Mér er illa við svona langhundafundi; þegar maður er orðinn glorsoltinn, uppþornaður og hlandsprunginn áður en ræðuvaldallinn er hálfnaður“!

Hlandsprettur (n, kk) Mjög hraður hlaupsprettur; áriðandi sprettur. „Ég hljóp í hlandspretti og náði að loka hliðinu áður en rollufjandinn kom að því“.

„Þarna kemur hann hlaupandi á einhverjum hlandspretti“.

Hlandstybba / Hlandstækja (n, kvk) Mikil hlandlykt. „Hann sagðist ekki hafa haldist við í káetunni vegna hlandstybbu og reykjarkófs“.

Hlandvitlaus (l) Skelfilegur auli; algjör hálfviti. „Mikið andskoti getur manngrýlan verið hlandvitlaus; heldurðu að hann leggi ekki meðfram landinu; þvert yfir öll net hjá öðrum“!

Hlandvolgt (l) Ylvolgt; ekki mjög heitt. „Nú er farið að slá verulega af kaffinu; það er bara hlandvolgt“.

Hlassa sér (orðtak) Hlunkast; setjast þunglamalega. „Hann hlassaði sér niður á milli okkar“.

Hlaunir (n, kvk, fto) Miðstykki og hali skötu; allt nema börðin. „Stykkið allt sem losað var frá börðunum (þegar barðað var); bak, kviður og hali. hét einu nafni hlaunir/skötu hlaunir/sköturass“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). (sjá *skata*).

Hlaup á (einhverjum) (orðtak) Einhver hleypur. „Hvaða hlaup eru á þér núna“?

Hlaupa af sér hornin (orðtak) Læra af reynslunni; losna við fordóma/galla/oflæti; verða reynslunni ríkari. „Hann á nú eftir að hlaupa af sér hornin þessi nýi ráðherra; svona vitleysa getur auðvitað ekki gengið“.

Líklega er orðtakið innflutt, og vísar til þess að hjartardýr róast eftir hornafellingu. Í Þýskalandi mun eitt sinn hafa tíðkast sá siður að lærlingur sem útskrifaðist í iðn þurfti að festa á sig horn og síðan reka þau í eitthvað og fella þau með táknrænum hætti.

Hlaupa allt hvað af tekur / Hlaupa eins og andskotinn / Hlaupa eins hratt og fætunnir geta borið / Hlaupa eins og fætur toga/ Hlaupa í (einum) blóðspreng/hlandspreng (orðtök) Hlaupa eins hratt og framast er unnt.

Hlaupa apríl (orðtak) Láta plata sig til einhvers í tilefni af 1.apríl. Sjá *aprílgabb*.

Hlaupa á (orðtak) A. *Verða brátt í brók*; verða skyndilega mál að kúka/skíta; *bjarga brókum*. „Það er ekki furða þó hafi hlaupið á þig; eins og þú ást af rúgbrauðinu“! „Nú er að hlaupa á mig; hvar er klósettið“? B. Um fiskveiðar; bíta á færi/krók. „Hann er nú ekkert að hlaupa á, sá guli“! C. Um veður; skella á. „Þó reri Magnús í þriðja sinn þegar lygnði, en þegar hljóp á útnyrðingur með ylgju mikilli“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Hlaupa á land (orðtak) Um þá hegðun sumra sjávardýra að sækja upp í fjöru og drepast þar. „Ekki er vitað hvort marsvínið var dautt þegar það rak í Kollsvík, eða hvort það hljóp sjálft á land“.

Hlaupa á sig (orðtak) Gera mistök í fljótfærni/*frumhlaupi*. „Hann hljóp heldur betur á sig þegar hann bakkaði bílnum og var nýbúinn að leggja traktornum fyrir aftan hann“.

Hlaupa á snærið (orðtak) A. Upprunaleg merking: Fá fisk; *hlaupa á*. Sumir telja þó að uppruninn liggi í því þegar „...lykkja eða hnútur rann á færið og var kallað fiskilykkja eða lukkuhnútur...“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Afleidd og algeng nútímamerking: Verða fyrir happi. „Nú hljóp heldur betur á snærið fyrir/hjá mér“!

Hlaupa eins (hratt) og fætur toga / Hlaupa eins og/ sem af tekur (orðtak) Hlaupa eins hratt og maður getur; *hlaupa við fót*. „Ég hljóp eins og af tók yfir dalinn, og tókst að komast fyrir hópinn“.

Hlaupa fram (orðtak) Á eða lækur sem stíflast hefur af krappa getur hlaupið fram þegar stíflan brestur. „Gilið er orðið fullt í þessari asahláku og getur hlaupið fram þá og þegar“.

Hlaupa frá orðum sínum (orðtak) Svíkja það sem lofað/sagt hefur verið. „Ég trúí því ekki að hann muni hlaupa þannig frá orðum sínum“!

Hlaupa í (orðtak) A. Valda hugarfarsbreytingu; breyta skapi/hegðun. „Ekki veit ég hvað hljóp í hann; að *rjúka* svona *upp* útaf engu“! „Það hljóp einhvað í hann, svo nú vill hann ekki koma nálægt þessu máli“. B. Um hegðun hunda; hlaupa að bílum/fé/fólki. „Það verður að venja tíkina af því strax að hlaupa í féð“! C. Um veðurbrigði; hlaupa í forst/rosa/norðangarð o.fl. „Nú er ég hræddur um að hann hlaupi í frost í nótt“.

Hlaupa/fara í baklás (orðtak) A. Um læsingu t.d. í hurð eða kistu; bila þannig að lykill virki ekki sem skyldi til opnunar. B. Líkingamál um menn eða málefni; fjarlægjast úrlausn. „Samningaviðræður hlupu í baklás“.

Hlaupa í fé / Vargur í fé (orðtök) Um hunda sem eru gjarnir á að hlaupa geltandi að fé og á eftir því, jafnvel bíta í það. „Þú verður að passa hundinn; að hann hlaupi ekki í féð“. „Tíkarapparatið er óttalegur vargur í fé“.

Hlaupa í frost (orðtak) Frysta hratt. „Hann er að hlaupa í frost í birtinguna, enda orðið skafheiðrikt og logn“.

Hlaupa í kapp (orðtak) Keppa í spretthlaupi. „Eigum við að hlaupa í kapp heim að húsi“?

Hlaupa í krap (orðtak) Um vatn/sjó; frjósa að hluta á yfirborði; *krapa*. „Það má búast við að sjórinn hlaupi í krap ef enn herðir frostið. Það gæti orðið varasamt fyrir fé á fjörubeit“.

Hlaupa í skarðið (orðtak) A. Upprunaleg merking er að hlaupa í veg fyrir fé til að hindra að það leiti um skarð/lægð, þegar reka skal það aðra leið. B. Leysa af í verki; koma í stað starfsmanns. „Ég held að ég hafi á einhverjum tíma sinnt öllum störfum í Gjöggrasláturhúsi nema kjötmati. Meira að segja hljóp ég nokkrum sinnum í skarðið fyrir Kittu í Hænuvík með að sundra“. C. Eltingaleikur barna. Leikendur raða sér í hring og haldast í hendur. Einn er valinn til að hefja leik; hann hleypur utanvið hringinn og „klukkar“ annan með snertingu. Hinn hleypur af stað í garnstæða átt og keppa þeir um að komast í skarð hans í hringnum.

Hlaupa í spik (orðtak) Verða mjög feitlaginn; fitna hratt. „Ég þarf að passa mig að hlaupa ekki í spik rétt fyrir eggtíðina“.

Hlaupa/frjósa í stökk (orðtak) Frjósa í klump. „Fiskfatið gleymdist úti í nótt og nú er allt hlaupið í stökk“.

Hlaupa í svell (orðtak) Um tíðarfar; frysta snögglega meðan mikið vatn er á/í yfirborði jarðar. „Mér líst ekkert á það ef hann ætlar að hlaupa í svell ofaní þessar leysingar“.

Hlaupa kapp í kinn (orðtak) Verða ákafur/kappsamur; komast í keppnisskap; reiðast í keppni. „Mér hljóp kapp í kinn þegar ég sá hvað stutt var á leiðarenda, og herti mig *um allan helming*“. „Nú hafði mönnum hlaupið kapp í kinn og margir skorðu á þá Liða og Gumma að ljúka veðmálinu...“ (PG; Veðmálið).

Hlaupa kergja í (orðtak) Verða að illdeilu/ mótþróa. „Nú er hlaupin kergja í hann, svo hann neitar alveg að semja meira um þetta“.

Hlaupa niður (orðtak) Um jarðfrost; þegar frýs dýpra niður í jörð. Einkanlega um það þegar slíkt gerist í þýðviðri, en þá vill frost hlaupa niður í sendnum jarðvegi; jafnvel svo að frýs í vatnslögnum.

Hlaupa undir bagga með (einhverjum) (orðtak) Veita aðstoð/hjálp; rétta hjálparhönd. „Þau hefðu misst húsið sitt ef gamli maðurinn hefði ekki hlaupið undir bagga með þeim og greitt þessa skuld“. Visar til þess að hlaupið sé til og aðstoðað þegar annar lyftir bagga á hest. „Ekki held ég að þjóðfélagið hafi hlaupið undir bagga við svona aðstæður, en kannski þó smávegis; ég veit það ekki“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Sjá *hafa hönd í bagga með (einhverju)*.

Hlaupa upp til handa og fóta (orðatiltæki) Grípa til aðgerða; bregða við. „Þessum stjórnvöldum er sama þó heilu byggðarlögin leggist í eyði en hlupa upp til handa og fóta ef einhver *æmtir* í miðborg Reykjavíkur“

Hlaupa uppi (orðtak) *Elta uppi*; hlaupa á eftir kind eða öðru, þar til hún næst. „Sú var tíðin að maður gat hlaupið uppi sprækustu og brjáluðustu fjallafálur. Ég leggði ekki í slíkt núna, nema með miklum æfingum.“

Hlaupa uppúr (orðtak) Um hita í votheysgryfju eða hlöðu; komast upp á yfirborðið. Þegar hey er sett í hlöðu hitnar vanalega í því; mismikið eftir því hvað heyið er kraftmikið (í góðri sprettu) og hve vel það hefur verið þurrkað fyrir hirðingu. Mest og fyrst hitnar niðri í heyinu, þar sem það þjappast saman. Þegar þessi hiti nær upp á yfirborðið fylgir honum oftast gufa, sem myndar dökk ofaná heyinu, svonefndan stakk. Sé heyjað djærft; þ.e. heyið varla orðið fullþurrkað fyrir hirðingu eða heldur mikill raki í því, getur myndast verulegur hiti; jafnvel svo mikill að heyið *orni* eða kvikni í því. Í vægari tilvikum myndast í því mygla sem verður að *fruggu* þegar heyið er leyst til gjafar. Á hinn bóginn er beinlínis nauðsynlegt að hiti myndist í votheyi, ef það á að verkast vel. Þegar heyjað er í votheysgryfju er hún í upphafi fyllt; jafnað og troðið vel. Nokkrum klukkutímum síðar myndast hiti í heyinu og það sígur verulega í gryfjunni. Þá er *bætt á*; þ.e. sett meira hey ofaná og gryfjan fyllt að nýju. Þetta þarf oft að gera meðan á siginu stendur, og gæta þarf þess að hitin hlaupi ekki verulega uppúr; þá er hætt við myglumyndun milli laga. Í lokin er sett *farg* á heyið eða það byrgt vel.

Hlaupa út undan sér (orðtak) Breyta skyndilega um stefnu; gera/breyta öðruvísi en um var samið. „Þessi þingmaður var ekki lengi að hlaupa út undan sér og skipta um flokk“. Líkingin visar líklega til hests sem fælist og bregður snögglega af stefnu.

Hlaupa úti / á haf (orðtak) *Ganga úti*; vindur snýst hratt til vestanáttar. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Í Kollvík var fremur talað um „út í“, en annarsstaðar var víða notað „út á“.

Hlaupa við fót (orðtak) Hlaupa hratt; hlaupa eins og fætur toga. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið).

Hlaupadýr (n, hk) Tófa sem ekki er talin vera með greni. „Ég skaut enn eitt hlaupadýrið í morgun“.

Hlaupagikkur (n, kk) Sá sem er *tiltakanlega* fljótur að hlaupa. „Svona hlaupagikkur væri nothæfur í smalamennskur“.

Hlaupaköttur (n, kk) Festing um loftbita, sem getur runnið langseftir honum, ætluð til upphengingar á hlut t.d. blökk/talíu eða öðru.

Hlaupalag (n, hk) Hlaupastíll; aðferð/lag við spretthlaup. „Þetta fannst mér skrýtið hlaupalag“.

Hlaupalega vaxinn (orðtak) Hlaupalegur; líkamlega vel fallinn til að hlaupa; grannur og háfættur.

Hlaupareikningur (n, kk) Ein tegund ávísanareiknings í banka. Á hlaupareikningi var unnt að semja um yfirdrátt, þannig að meiru væri ávísað tímabundið en innistæða var fyrir; líkt og síðar varð með kreditkort. „Valdimar frá Láganúpi beitti sér fyrir því að hlaupareikningar voru teknir upp hjá Sparisjóði Rauðasandshrepps, meðan hann var þar sparisjóðsstjóri“.

Hlaupasprettur (n, kk) Fremur stuttur en hraður sprettur. „Bæði ég og tævetlan vorum *kúguppgefín* eftir þennan mikla hlaupasprett“.

Hlaupastelpa (n, kvk) A. Stöng milli fótafjalara og hjólsveifar á spunarokki. B. Stöng milli svinghjóls og ljás á greiðusláttuvél.

Hlaupastingur (n, kk) Krampi eða stingur í þindinni eftir mikil hlaup.

Hlauptu nú eftir handbókinni (orðatiltæki) Máltæki sem algengt var í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20.aldar. Visar í atvik á stórbúi einu, þegar stálpaður kvígukálfur hafði fallið niður í gryfju. Bóndi kom að en var ráðavant um að ná kvígúnni upp. Hann var nýkominn úr búnaðarskóla og studdist mjög við Hndbók bænda í sínum bústörfum. Kallar hann í aldraðan föður sinn: „Hlauptu nú heim eftir handbókinni pabbi!“! Sá gamli var hinsvegar ráðadrýgri en flestir aðrir um dýrahald, og varð ekki skotaskuld úr þessu vandamáli. Máltækið varð mönnum hinsvegar löngum *tamt á tungu* þegar vandamál blöstu við.

Hlauprúmt (l) Vel rúmt/vítt/rúmgott. „Það er enn hlauprúmt hér í aftursætinu“. „Það má bæta fleira fê í norðasta garðann; þar er ennþá hlauprúmt“.

Hlaupvídd (n, kvk) Vídd hlaups á haglabyssu. „Algengasta hlaupvíddin var nr 12 en Össur á Láganúpi átti haglabyssu nr 16, sem þótti lipur á höndum til að *skjóta á fluginu*“.

Hláka (n, kvk) Þýðviðri svo snjór bráðnar ört. Fylgi rigning snöggri snjóbráðnun verður *asahláka*. „... þeim varð seinfært í myrkri og háлку, en hláka var og rigning“ (MG; Látrabjarg).

Hlákukaffi (n, kk) Tímabil hlýinda og þýðu. „Það gerði hlákukafli í lok Þorra, en svo hlóp allt í *gaddfrost*“.

Hlákuspá (n, kvk) Spá um hlýindi/þýðu þegar allnokkur snjór er á jörð. „Ætli það sé ekki rétt að moka aðeins frá húsunum, ef þessi hlákuspá skyldi fara eftir“.

Hlálega (ao) Neyðarlega; broslega; skemmtilega. „Svo hlálega vildi til að hann var nýbúinn að skipta um flestar aðrar tröppur í stiganum, en taldi að þessi væri betri en ný“.

Hlálegur (l) Hlægilegur; spaugilegur; meinlegur. „Þetta var dálítið hláleg uppákoma“.

Hlána (s) Um tíðarfar; hlýnar og snjór bráðnar svo fljótt að lækir og tjarnir myndast. „hann gæti hlánað ansi skarpt næstu dagana, ef svo fer sem horfir“.

Hlátraskellir / Hlátrasköll (n, hk, fto) Hávarar hlátursrokur. „Ég er dálítið þreyttur á að hlusta á þessa bjánalegu hlátraskelli þegar maður er að segja frá *háalvarlegum* málefnum“! „Kollsvíkingar hafa löngum verið víðfrægir fyrir sinn *Kollsvíkurhávaða*, en hluti af honum eru dynjandi hlátrasköll í góðra vina hópi“.

Hláturshviða / Hláturskast (n, hk/kvk) Mikill og samfelldur hlátur í nokkurn tíma. „Þeir fengu mikið hláturskast þegar þeir sáu búninginn á honum“. „Hann fékk svo mikla hláturkviðu að hann mátti ekki mæla“.

Hláturskrimt (n, hk) Bældur/lágvær/innilokaður hlátur. „Heyra mátti hláturskrimt frá Marinó ofanúr kojunni þegar Ívar sagði *skippersöguna*“.

Hlátursroka (n, kvk) Mikill hlátur í stuttan tíma. „Dauðþögn ríkti meðan hann sagði frá, fyrir utan einstaka hlátursroku á viðeigandi stöðum“.

Hláturmildur (l) Gjarn á að hlæja; stutt í hlátur. „Hún virtist alltaf vera í sólskinsskapi og mjög hláturmild“.

Hleðsla (n, kvk) A. Stöflun; uppröðun. Væri ekki fylgjandi skýring var átt við grjóthleðslu veggjar. „Hleðslu suðurveggjarins var lokið næsta dag“. B. Hlaðinn veggur/garður/kantur o.fl. „Hér er gömul hleðsla, en ekki vitað um tilgang hennar“. „Áður en jarðytur komu hingað í hreppinn var byrjað að leggja bílveg yfir Hænuvíkurháls. Sést gerla fyrir hleðslu vegkantsins upp brekkuna í Kollsvík“ (ÖG; glefsur og minningabrot). C. Hlaðningur/farmur/fullfermi báts. „Þetta er nú orðin allmikil hleðsla í bátinn“. D. Magn/styrkur púðurs í skoti. „Það er líklega nokkru meiri hleðsla í þessum skotum“. Aukning spennu á rafgeymi/batteríi. „Geymirinn er tíma að fá fulla hleðslu“.

Hleðslugrjót / Hleðslusteinn (n, hk/kk) Steinar sem heppilegir eru í veggheðslur. „Viða í Kollsvík er ágætt hleðslugrjót. Um þrjár gerðir er að velja: Skriðugrjót með skörpum brúnum; jökulberg úr holtum, með mildari brúnum eða lábarið fjörugrjót. Það síðastnefnda virðist vera mest notaða hleðslugrjótið í Kollsvík, ef dæma mætti af þeim hleðslum sem enn standa. Það er þó ekki einhlítt, enda réði nálægð efnisins miklu. Lábarið grjót er mýkst viðkomu og, sé það heppilega lagað, situr vel í vel hlöðnum vegg. Hellur og smásteinar var mikið notað með í hleðslur; til uppfyllingar og í *stillur*“.

Hleðsluhella (n, kvk) Steinhella sem heppileg er til veggheðslu; þykk steinhella með góðum kanti. „Þarna í Jökladalshæðinni er allmikið hellutak, en þó aðallega hleðsluhellur“.

Hleðslumaður / Hleðslumeistari (n, kk) Sá sem er laginn og duglegur við gjóthleðslur. „Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi var orðlagður og afkastamikill hleðslumaður. Mikið af þeim hleðslum sem nú má sjá í Kollsvíkinni eru hans handarverk, en einnig var hann fenginn á aðra bæi til að hlaða“. „Berjalandið á Fremri Hjöllunum er rétt við túngarðinn sem pabbi hlóð um túnið á Láganúpi fyrsta og annan veturinn sem hann bjó þar; að mestum parti á kvöldin þegar tunglskin var. Garðurinn er um 500-600 metra langur; tvíhlaðinn neðst einhlaðinn að ofan, og ein gaddavírssnúra var ofan á honum“ (IG; Sagt til vegar).

Hleður niður snjó (orðtak) Það snjóar mjög mikið. Mest notað um mjög þetta logndrifu.

Hlein (n, kvk) Klöpp, grunnt í sjó; sem kemur upp á fjöru en fer á kaf á flæði. „Frá fjörunni í Kollsvík ganga margar hleinar fram í sjó, en vik eru víða á milli þeirra“. Hleinar sem ekki verða landfastar á stærstu fjörum nefnast *boðar*, og komi þeir ekki úr sjó um fjöru þá eru þeir *blindboðar* eða *launboðar*. Þetta er þó ekki algilt og sumir nafngreindir boðar frammi á Kollsvík hafa í nafni sínu „hlein“ eða „mið“.

Hleinabreiða / Hleinafláki (n, kvk) Samfelldar hleinar sem ganga út frá strandlengju. „Á þessari leið er samfelld heinabreiða fyrir framan Rifið, en misjafnlega breið...“ (ÞJ; Örnefnaskrá Hvallátra). „Sunnanvert við Vogana er Straumsker; talsverður hleinafláki“.

Hleinarbrún (n, kvk) Brún/kantur á hlein. „Talsvert dýpi er í um 80 – 100 metra fjarlægð frá landi um flóð, en þar snargrynnir á hleinarbrún sem kemur upp um hverja fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hlekkjaslit (n, hk) Slit/bilun á hlekkjum í snjókeðju bíls. „Ekki vera að spóla í þessu; ef bíllinn dregur til hjól, þá þýðir það bara hlekkjaslit og vesen“.

Hlekkjaslitinn (l) Um bilaðar snjókeðjur á bíl, þannig að þverhlekkir eru slitnir og berjast upp í hjólskálina. „Hér fór einhver hjá rétt áðan á fullri ferð; hlekkjaslitinn og með ferlegum hávaða“.

Hlekkjast á (orðtak) A. Upprunalega notað um það þegar hlekkir keðju krækjast í eitthvað eða leggjast óæskilega, t.d. þegar hlekkir akkerisfestar eru *þverir fyrir* og komast því ekki í gegnum *kluss* þegar *létt* er. B. Líkingamál; Um bát/mann/flugvél sem lendir í óhappi. „... við landinguna hlekkist skipinu á, og mun timburfarmurinn hafa losnað og planki slegist í höfuð Torfa“ (HÖ; Fjaran).

Hlekkjapræll (n, kk) Sá sem kúgaður/undirokaður er af öðrum. „Þá er nú betra að drepast útaf sem frjálsmáður en að flytja á mölina og verða hlekkjapræll einhverrar stimpilklukku um alla eilífð“!

Hlemmur (n, kk) Stórt lok á tunnu/ stórum potti/hlandfor o.fl. „Raðaðu sláturkeppunum á hlemminn“.

Hlemmifæri (n, hk) Mjög góð færð/greið leið. „Það er hlemmifæri yfir háhálsinn en kolófært í Brekkunum“.

Hlemmistór / Hlemmstór (l) Mjög víður/ mikill að ummáli. „Það munar um það þegar hann tekur á vaðnum; furðulegt hvað maðurinn er með hlemmstórar hendur“. „Á þessum miðum *setti* ég í hlemmistóra lúðu í fyrra“.

Hlera (s) A. Hlusta/heyra svo lítið beri á. „Ég hleraði það einhversstaðar að þau hefðu sett upp hringana“. B. Hlusta í sveitasíma á samtali manna á öðrum bæjum. Sá síður/ósiður var almennt stundaður, þó mismikið, meðan sveitasími var við líði. Unnt var að hlera tal þeirra sem voru á sömu línu, eða ef maður af sömu línu talaði við mann utan línunnar. (Lína nefndist samtenging nokkurra bæja með sameiginlega tengingu við símtöð; t.d. voru Kollsvík, Láganúpur, Stekkjarmelur, Breiðavík og Látrabæir á sömu línu). Sá sem hleraði gætti þess yfirleitt að láta sem minnst til sín heyra; oft var haldið fyrir taltrektina á símtólinu. Hlerun var mikilvægur liður í samskiptum og fréttamiðlun á þeim tíma. Eftir á séð má segja að það hafi gegnt svipuðu hlutverki og síðari samskiptamiðlar, s.s. facebook, en þó meira lifandi og nánara. Mjög dofnaði yfir samskiptum manna of samheldni eftir að sveitasími lagðist af og ekki var lengur unnt að hera. Má fullyrða að það hafi átt sinn þátt í að sveitirnar lögðust í eyði. C. Setja hlera/hurð fyrir hús/hlöðu.

Hleragat (n, hk) Op sem lokað er með hlera/ stóru loki. „Upp á loftið í Láganúps húsinu var gengið um stiga og hleragat, upp á slána. Sitt herbergið var í hvorum enda loftsins og skot á bakvið hlerann“.

Hlerahringur (n, kk) Hringur í hlera, sem tekið er í til að opna hlerann. „Veriði nú ekki að skrölta í hlerahringnum strákar“!

Hleraskellur (n, kk) Skellur/hávaði sem verður þegar hleri lokast harkalega.

Hleri (n, kk) Hlemmur/fleki, t.d. til að loka opi. „En ég hafði ekki áhuga og fór ekki nema upp í stigagatið og lét hlerann hvíla á mér og fór ekki lengra, þrátt fyrir fortölur“ (IG; Æskuminningar).

Hlerunartakki (n, kk) Takki sem var á sumum símtækjum, til að rjúfa samband við taltrektina en halda um leið sambandi við heyrnartólið. Með því mátti *hlera* samtal á *línunni* án þess að heyrðist frá þeim sem hleraði.

Hlessa (l) Mjög undrandi; steinhissa. „Ég var alveg alveg hlessa á því hvað strákurinn gat hlaupið hratt“.

Hlessa sig (orðtak) Undrast; furða sig. „Það þýðir víst lítið að hlessa sig á þessu; svona er það víst“.

Hleypa (s) A. Lensa; sigla undan vindi. „Bar það og oft við að menn úr Arnarfirði og Dýrafirði yrðu að hleypa vestur í Víkur (Breiðavík eða Kollsvík) og bíða þar uns batnaði svo að þeir kæmust heim til sín aftur“ (PJ; Barðstrendingabók 1942). „Á Kollsvíkurskipinu mun hafa verið formaður Guðbjartur Ólafsson í Kollsvík. Þar var ólendandi og hleypti Guðbjartur suður fyrir Breið og náði landi í Fjarðarhorni, nyrst í Breiðavík“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Láta mjólkurvöru þykkna/hlaupa. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og koma mjólkinni í mat. Skilja mjólkina, strokka rjómann og hleypa skyr úr undanrenninni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Hleypa af (orðtak) Skjóta úr byssu. „Máfurinn renndi sér alveg við hlaupið, en ég varð of seinn að hleypa af“.

Hleypa af stokkunum (orðtak) A. Eiginleg merking er að sjósetja skip. Þegar skip er smíðað er kjölurinn lagður á trjáboli/battinga/stokka sem ekki eru líklegir til að hreyfast. B. Afleidd merking; hefja verk.

Hleypa á (orðtak) A. Setja fé/nautgripi inn á túnblett/girðingarhólf eða annað. B. Setja straum inn á vatnslögn/raflögn eða annað. C. Gefa manneskju/skepnu eitthvað það að éta sem veldur skitu. Sbr *hlaupa á*.

Hleypa brúnum / Hleypa í brýrnar (orðtök) Láta augabrúnnir síga í skapbrigðum; *hnykla brýrnar*; *setja í brýrnar*; *hvessa augun*. „Hann sagði ekki orð, en nærstaddir sáu að hann hleypti brúnum og *kreisti kjúkur*“.

Hleypa inn (orðtak) Opna fjárhúsdýr, svo fé fari inn. Fé var *látíð út* daglega að vetrarlagi, væri ekki *innistöðuveður*. Það kom oftast sjálf heim að fjárhúsum og beið þess að verða hleypt inn. Varð stundum töluverður *ruðningur* við dýrnar, en talið var í hvern *karm* um leið og féð fór um dýrnar.

Hleypa innanúr (orðtak) A. Gera gat á vömb eftir slátrun grips og hleypa gornum úr til að hún verði meðfærulegri. B. Skera á kvið grásleppu og láta hrognin renna í *hrognastamp* (sjá *hrognkelsi*).

- Hleypa í sig kjarki** (orðtak) Setja á sig rögg; drífa í verki; einhenda sér í. „Ætli sé ekki best að hleypa í sig kjarki og þrila þarna upp“.
- Hleypa í vatn** (orðtak) Um búfé; hleypa því útúr húsum til að drekka; *vatna út*. Sauðfé hafði yfirleitt ekki aðgang að vatni í fjárhúsum. Því þurfti að gæta þess að hleypa því út í vatn eða snjó ef því var ekki daglega haldið til beitar eða í fjöru, sem var þó oftast gert í Útvíkum. Nautgripum, gemlingum og hrútum var þó *vatnað* inni.
- Hleypa niður** (orðtak) A. Kasta akkeri eða dreka í sjó frá báti. „Svo var legið yfir (lóðinni) eftir að búíð var að hleypa niður seinni drekanum, en drekar voru á báðum endum lóðanna“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004). B. Taka tappa úr kerri og láta vatnið renna úr. „Mundu eftir að hleypa niður úr baðkerinu þegar þú ert búinn“.
- Hleypa sér í skuldir** (orðtak) Verða skuldugur; *spila rassinn úr buxunum*; fjárfesta meira en efni eru til. „Hann sagðist ekki vilja hleypa sér í meiri skuldir núna; viðbyggingin gæti komið síðar“.
- Hleypa til** (orðtak) *Fara með hrút* til kinda um *fengitíma*. Venjulega var hrútur ekki laus í fé í Kollsvík (síðari hl. 20. aldar), heldur var völdum hrúti hleypt til þeirra áa sem gengu í það skiptið og fært í *ærbók*.
- Hleypa undan** (orðtak) Láta þyngri vökva renna undan þeim léttari eftir að þeir hafa skilið sig; t.d. hlýpa undanrennu undan rjóma; vatni undan bensíni o.fl.
- Hleypa (einhverjum) upp** (orðtak) Erta; reyta til reiði; espa. „Hrekkjalómarnir voru *útsetnir með* að hleypa karlinum upp“.
- Hleypa upp á** (orðtak) Sjóða í stuttan tíma. „Ég ætla að hleypa upp á nokkrum eggjum“.
- Hleypa upp fundi** (orðtak) Valda uppnámi á fundi/samkomu, þannig að hann/hún leysist upp.
- Hleypa út** (orðtak) Leyfa fé/kúm að komast út úr húaum; opna fyrir. „Það þyrfti að fara að hleypa út“.
- Hleypibotn** (n, kk) Botn á *hripum*, sem unnt er að opna og hleypa þannig noður innihaldinu í hripunum án þess að taka þau af klyfberanum, en í hripum var t.d. borið tað eða rask á tún; fiskur eða annað.
- Hleypidómalaus** (l) Fordómalaus; *fyrirtektalaus*. „Mér finnst hann nokkuð heilsteyptur og hleypidómalaus“.
- Hleypidómar** (n, kk, fto) Fordómar; fyrirtektir; dyntir. „Þetta kalla ég bara bölvæða hleypidóma“!
- Hleypilykkja** (n, kvk) Rennilykkja; lykkja/hnútur sem runnið getur eftir tauginni.
- Hleypingur** (n, kk) Stutt lega fiskilóðar frá lagningu að drætti. „Stundum varð ekkert úr *yfirlegu* sökum veðurs. Lóðarsteini djúpníðurstöðunnar var þá aðeins hleypt niður; strax tekinn upp aftur og byrjað að draga. Þess konar sjóferð var hleypingur...“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild ÞJ).
- Hleypur á snærið hjá** (orðtak) *Slá fyrir heppni*; fékk veiði. „Nú hljóp heldur betur á snærið hjá mér; ég var að fá góðan vinning í happdrættinu“. Snæri merkir í þessu efni færi/fiskilína, og upprunamerking er að fá veiði.
- Hleypur hland fyrir hjartað** (orðtak) Um það að verða ofsahræddur/ mjög *bylt* við. „Ég verð að viðurkenna að það hljóp hland fyrir hjartað á mér þegar ég sá steininn koma fljúgandi í átt til okkar ofanúr bjargi“. Vísar til þess að hjartsláttur eykst mjög þegar manni verður bilt við, og e.t.v. má vera að fólk hafi einhverntíma talið að hland/þvag gæti átt það til að renna þá leiðina í slíkum tilfellum. Orðtakið var og er enn nokkuð notað meðal Kollsvíkunga, en heyrir lítt þar fyrir utan. Hinsvegar er það náskýlt algengu orðtaki; *skjöta skelk í bringu*.
- Hleypur snurða á þráðinn** (orðtak) Kemur uppá; óvænt vandræði; slettist uppá venskapinn. „Það hljóp snurða á þráðinn með þessar fyrirætlanir þegar billinn bilaði“. Einhver snurða er hlaupin á þráðinn í þeirra sambúð“. Snurða er snarvöndull sem kemur á þráð/band þegar of mikið er snúið upp á það.
- Hlé** (n, hk) A. Skjól; bil milli élja. „Núna er örlítið hlé; ég skýst og hleypi fénu út svo það geti vatnað sér“. B. Bil á milli atriða. „Gerum nú hlé á eggjatöku og fáum okkur kaffisopa“.
- Hléborð / Hléborði** (n, hk/kk) Sú hlið (kinnungur) báts sem er undan vindátt. „Ef þú þarft að æla; reyndu þá að gera það á hléborðið fremur en kulborðið“. „En er báturinn var að sleppa fram úr briminu brotnaði ein árin á hléborða og sló þá bátinum strax hálfllötum fyrir briminu“ (HO; Ævisaga; róíð úr Láturdal). Bæði kyn voru notuð.
- Hléborðsmegin** (ao) Á hléborðið. „Fyrir *alla muni* vertu hléborðsmegin ef þú þarft að æla“!
- Hlédrægur** (l) Óframfærinn; hefur sig lítt í frammi; feiminn. „Ég hef alltaf verið dálítið hlédrægur“.
- Hlémeigin** (ao) Í skjóli; undan vindi/veðri. „Kindurnar höfðu hnappast hlémeigin við fjárhúsin“.
- Hlið** (n, hk) A. Vik í brimgarð/skerjagarð/rif sem unnt er að sigla um á bát. B. Vik/bil í girðingu, þar sem fólk, fénaður og/eða farartæki geta farið um.

Hliðarbremsa (n, kvk) Bremsa á farartæki/vinnuvél sem hemlar á annarri hliðinni. „Gamli Farmall A var með tveimur bremsupedöllum; hliðarbremsum. Þannig að hemla mátti á öðru afturhjóli óháð hinu og þannig hafa betri stjórn á vélinni við vissar aðstæður. *Pedöllumum* mátti læsa saman með spaða, þannig að báðir ynnu saman ef stigið var á annan“.

Hliðardilkur (n, kk) Dilkur/stía í fjárrétt, til hliðar við stærri *dilk* eða *almennig*. „Við drögum líflömbin hér inni hliðardilkinn“.

Hliðarhalli (n, kk) Halli til hliðar við aðalstefnu. „Það er svo mikill hliðarhalli í Kinninni að hún er varla fær“.

Hliðarhellir (n, kk) Hellir út úr öðrum helli; *afhellir*. „Innst í Sandhelli er hliðarhellir sem heitir Þumall“.

Hliðarveltingur (n, kk) Bára sem kemur á hlið báts. „Hér er bölvaður hliðarveltingur; við þurfum sennilega að beita aðeins uppí meðan við komumst innfyrr röstina“.

Hliðarvindur / Hliðvindur (n, kk) Vindur sem kemur þvert á þá stefnu sem farin er. „Hann er að verða fjandi hvass; gættu að þér í hliðarvindinum hér uppi á Núpnum“.

Hliðhallt á/við (orðtak) Þvert á stefnu sem farin er. „Haglélið kom hliðhallt á okkur“. „Vertu dálítið hliðhallt ofanvið fjárhópin, ef þær skyldu leita á brekkuna“.

Hliðstaur / Hliðstólpi (n, kk) Staur við hlið girðingar. „Hér er rekið ári gott tré í hliðstaur“.

Hliðveggur (n, kk) Það sem nú er oftast nefnt „hliðarveggur“ í húsi, rétt eða öðru.

Hliðafé (n, hk) Sauðfé sem gengur á Hænuvíkurhlíðum; *hlíðagengið* fé. „Alveg sker það sig úr, hliðafé“.

Hlíðagengið (l) Um kind/lamb; hefur verið/gengið yfir sumar í gróðursælum hlíðum; *hlíðafé*. „Það er ekki að undra þó þær hlíðagengnu skili góðum fallþunga ár eftir ár; í sílgrænu kafgrasi allt sumarið“!

Hlíðarjaðar (n, kk) Hlíðarrætur; hlíðarfötur; neðsti hluti hlíðar. „Mér tókst að laumast með hlíðarjaðrinum; framfyrr kindurnar, og húa þeim niður dalinn“.

Hlíðarslakki (n, kk) Laut/hvolf/dæld inni hlíð/brattlendi. „Norðanvið Strengbergið er allstórt hvapp eða hlíðarslakki ofantil í Hnífunum, með lágum klettum fyrir ofan. Heitir þar Heimari Lambhagi“ (HÖ; Fjaran).

Hlífa sig (orðtak) Fara á *hlífar*. „Hlífið ykkur strákar; við gætum lent í ágjöf“!

Hlífa gegn/við (orðtak) Verja. „Núpurinn gnæfir himinhátt/ hlífir við austanvindum./ Unaðsstundir hef ég átt/ að Grænuþrekkulindum“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Hlífaður (l) Í hlífðarfötum/sjógalla/skinnklæðum. „Menn voru þunglamalegir til gangs, svona hlífaðir“.

Hlífalaus (l) Án skjólfatnaðar; án sjógalla/sjóstakks/skinnklæða. „Það þýðir ekkert að fara hlífalaus á sjó; þú verður fljótt holdvotur í ágjöfni og gagnslaus við veiðarnar“.

Hlífar (n, kvk, fto) Hlífðarfatnaður. „Við vorum þunglamalegir, óvanir að ganga í hlífum“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Menn í hlífum eru *hlífaðir*. Hlífur vermanna í Kollsvík voru lengst af skinnklæði; brók, stakkur, sjóskór og sjóhattur, og saumuðu vermenn þau sjálfir að vetrinum. „Sagt var að sjómaðurinn, klæddur hlífðarfötum, væri öðrum réttþærri; t.d. á við prestinn í stólnum“. (KJK; Kollsvíkurver).

Hlífast (s) Fara í hlífar/utanyfirgalla/sjógalla. „Þú ættir nú að hlífast almennilega; það verður ágjöf í röstinni“!

Hlífast við (orðtak) *Draga af sér* við; hlífa sér við; gera ekki af fullum þunga. „Þú skalt ekki hlífast við að spyryja ef þér finnst eitthvað óljóst í þessu“.

Hljóðabelgur (n, kk) Sá sem hefur hátt. „Það var fögnuður þegar rafmagnið kom; að losna við þessa árans hljóðabelgi sem dísilvélnar voru“.

Hljóðalaust (l) Hávaðalaust; án mótmæla/hávaða. „Ekki gekk þetta jafn hljóðalust fyrir sig, og við höfðum vonað. Hann sagðist ekki láta hrútinn af hendi nema að hreppstjóra viðstöddum“.

Hljóðbært (l) Svo góðar aðstæður að hljóð berst óvanalega langt. „Við viss skilyrði er svo hljóðbært í víkinni að heyra má á eðlilegt tal manna í Kollsvík handan af Láganúpi“.

Hljóðið í honum (orðtak) Viðhorf hans. „Hvernig var hljóðið í honum varðandi þetta málefni? „...ekki heyrðist mér þannig hljóðið í karli að þess væri þörf...“ Frás. Jóns Guðjónss. (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Hljóður er barnlaus bær (orðatiltæki) Vísar til þess að börnum fylgir oft nokkur gáski, fyrirgangur eða grátur, sem minna er um hjá fullorðnum.

Hlóðapottur (n, kk) Pottur sem hentar að nota á hlóðum. „Stór hlóðapottur úr steypujárni, líklega um 40 lítra, er til á Láganúpi. Hann var síðast notaður til að sjóða slátur og slang í honum á útihlóðum kringum 1960, en hefur síðustu ár þenað sem blómapottur í garði Sigríðar á Láganúpi“.

Hlóðir (n, kvk, fto) Eldstæði, hlaðið úr grjóti. Eldun fyrri tíðar fór að mestu fram á hlóðum, og voru hlóðir í Kollsvíkurbæjum fram undir 1900. „Hér í Kollsvík voru tvennar hlóðir. Eldavél kom þó hingað fyrir

aldmót. Á haustin var farið til lyngrifs og rífið upp mikið af lyngi. Fyrir jólin var tekið allt gamalt lyng sem haft var í rúmbotnum og því brennt, en nýtt látið í staðinn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Ullarþotturinn fór fram við Torfalækinn. Vatn var hitað upp að suðu, á hlóðum í stórum potti....“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Hlummur (n, kk) Sá hluti árar af árabát sem haldið er um þegar róið er. Árinni var skipt í fernt; hlumm; stokk; legg og blað. Hlummur nefnist sívalur efri endinn, sem um er haldið þegar róið er. Á minni bátum reri sami maður á bæði borð og hlummurinn var stuttur, en stærri bátar höfðu svonefndar tvíhendisárar; með löngum hlummi sem sami maður hélt um báðum höndum. (LKr; Ísl.sjávarhættir).

Hlunka (s) A. Detta; falla; *hlunkast*. „Við megum ekki reka hratt á eftir fénu hér í hlíðinni; annars er hætta á að einhver fari að ryðjast og hlunki niður“. B. Heyrast högghljóð/dynkur; *dunka*. „Stundum hlunkar í krumma, eins og hann sé að líkja eftir fallandi steini“. C. Skjóta. „Ég hlunkaði á tófuna; en auðvitað var færið alltof langt, svo það var ekki til neins“.

Hlunkast A. Detta; falla; *hlunka*. B. Ganga þunglamalega; drattast. „Hann hlunkaðist örþreyttur á eftir fénu“. „Ætli það sé ekki best að fara að hlunkast af stað“. „Rendu nú að hlunkast úr sporunum“!

Hlunkast af stað / Hlunkast heim / Hlunkast í áttina / Hlunkast í land (orðtak) Koma sér af stað í þá átt sem um ræðir. „Hlunkast í áttina“ merkir oftast það sama og fara heim til sín. „Þetta er alveg *tekið undan*; ætli sé nokkuð að gera annað en *hafa uppi* og hlunkast í land“.

Hlunkur (n, kk) *Erði*; þungur hlutur m.v. stærð. „Taktu undir vélina á móti mér; þetta er firnamikill hlunkur“.

Hlunna (s) Setja *hlunna* fyrir bát í *setningu*. „Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bókuðu* að framan“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Hlunnaburður (n, kk) Setja *hlunna* fyrir bát. „Ætlar þú að sjá um hlunnaburðinn strákur“?

Hlunnfarinn (l) Svikinn í viðskiptum. „Ég taldi mig heldur betur hlunnfarinn eftir þessi *býtti*“.

Hlunnindajörð (n, kvk) Jörð sem hefur ýmis nothæf gæði (hlunnindi), auk beitar; s.s. reka; bjargnytjar; æðarvarp o.fl. „Láginúpur og Kollsvík höfðu ýmis hlunnindi; reka, mótekju, lyngrif og eggnytjar“.

Hlunnindi (n, hk, fto) Verðmætir landkostir jarðeignar; sjá *auðlind*. Líkast til er orðið dregið af hinni fornu merkingu orðsins *hlunnur*, sem merkti viðarkefli, rekatré. Hlunnindi er þá að uppruna sama og reki, enda var trjáreki talin ein mestu hlunnindi jarða meðan viður var af skornum skammti.

Hlunnur (n, kk) Hjálpartæki til að *setja* bát í fjöru. Nauðsynlegt er að hafa *hlunna* þegar sett er upp í sandfjöru. Upphaflega merkti orðið trjáviður/trjábolur, og hafa lítil viðarkefli og hvalbein vafalítið verið notuð í Láganúps- og Kollsvíkurverum í byrjun. Þegar skerðast tók um hvalbein voru þau söguð í flisar/áfellur sem negldar voru á viðarkubba. Á safninu á Hnjóti er gildingshluttur sem VÖ gróf úr sandi í Láganúpsfjöru. Hann er þykk fjöl sem á er fest hvalbeinsbút með tveimur viðarokum. Síðar komu til sögunnar *rúlluhlunnar* úr járn; líklega uppfinning Ásgeirs Erlendssonar á Hvallátrum (sjá hér síðar). Á þeim rann mun betur þó þeir væru þyngri í meðförum. Slíkir hlunnar voru notaðir í Kollsvíkurveri framundir 1970, eða þar til farið var að setja báta á sérsmiðuðum kerrum. „Við setning voru alltaf notaðir hlunnar, er lagðir voru fyrir bátinn það þétt að jafnan voru tveir undir kjölnum samtímis. Fyrst voru hlunnarnir bútuð niður hvalrif. Síðar, er fækka tók um hvalrif, var hvalbeinsflís fest á fjalarbút og klampi negldur yfir báða enda beinsins. Að síðustu voru svo hlunnar gerðir þannig að járnhjól með ás til beggja enda, er léku í legum, voru boltuð á litla trégrind. Hjólin snerust þegar kjölurinn, varinn dragi, rann eftir þeim. Þegar fjöldi manna skipaði sér á bæði borð sama báts, var ekki talin þörf á hlunnum, enda báturinn frekar borinn en dreginn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hlunnar eru settir fyrir og báturinn settur niður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Árni var fyrstur að bátnum; stakk í neglunni og leit yfir bátinn; hvort allt væri með. Við Guðjón lögðum hvalbeinshlunna fyrir aftan bátinn, með um meters millibili. Svo skvettum við á þá sjó, en við það urðu þeir sleipir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

„Fljótlega eftir að við Þórður fengum Kóp (1932) fór ég að velta því fyrir mér á hvern hátt mætti gera setninginn úr sjá og á auðveldari. Upp úr þessum vangaveltum smíðaði ég keflahlunna úr járn og eik. Þeir reyndust vel, en entust ekki eins og skyldi, svo ég fór þá með teikningu af þeim í vélsmiðjuna Héðin, og brugðust þeir vel við og smíðuðu sterka og vandaða hlunna sem leystu hvalbeinshlunnana alveg af hólmi. Ekki varð ég þó ríkur af þessari uppfinningu, enda ekki til þess gert“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hlussa (n, kvk) Sú sem er þung miðað við það sem eðlilegt gæti verið. „Mikil hlussa er þetta; ég held ég hafi ekki séð stærri skötu“! Kvenkyns samsvörum við *hlunkur*.

Hlustaverkur (n, kk) Verkur/eysli í hlust/eyrnagöngum. „Lækkiði nú í þessu andskotans bítlagargi; maður fær hlustaverk af þessum déskotans óhljóðum“!

Hluta (s) Um það þegar hlutalagsmenn skipta með sér hlutum úr kasti (sjá *skipti*).

- Hlutfiskur** (n, kk) Fiskur sem skipverji fær í sinn hlut úr sjóferð/róðri.
- Hlutilagsmaður** (n, kk) Þeir tveir eru hlutilagsmenn sem eiga sameiginlegt kast þegar afla er skipt (sjá *skipti*).
- Hlutarbót** (n, hk) Uppbót á hlut; utan aflaskipta. Um gat verið að ræða ýmsan meðafla eða vissa hluta af lúðu. „Flyðra sem veiddist á *flenniskuð* var nefnd *oddafiskur* og var hlutarbót þess sem fyrir því happi varð“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; eftir Ó.E.TH Vatnsdal).
- Hlutast til um** (orðtak) Skipta sér af; blanda sér í mál. „Bannaði hann heimamönnum sínum að hlutast til um viðureign þeirra“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Hlutdrægni** (n, kvk) Það að draga taum eins fremur en annarra; halla á einhvern. „Formaðurinn var sakaður um hlutdrægni í málinu“.
- Hlutdrægur** (l) Ekki hlutlaus; sem stundar hlutdrægni. „Ætli ég víki ekki sæti; ég gæti talist hlutdrægur“.
- Hlutfall** (n, hk) Hlutdeild. Upprunaleg merking orðsins vísar til skipta á afla; hvernig aflinn fellur á hvern hlut.
- Hlulgengur** / **Hlutgildur** (l) Verður þess að fá heilan hlut í aflaskiptum. „Ég var að vísu ekki hlutgildur, en átti það sem ég náði.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hlutkesti** (n, hk) Það að kasta hlut/teningum/krónu eða öðru, til að láta tilviljun ráða vali. „Þeir voru jafnir í kosningum, svo hlutkesti var látið ráða“. Hlutur er í þessari merkingu af sama stofni og lottó.
- Hlutskarpur** (l) Hefur vinninginn; sigrar í happdrætti/hlutkesti; fær mestan/bestan hlut í skiptum. „Ég varð honum hlutskarpur í þessari viðureign“. Andstæð lýsing hefur líklega verið í málinu áður; „hlutskarður“, en heyrist ekki nú. Hinsvegar eimir eftir af henni í orðtakinu að „bera skarðan hlut frá borði“, og merkir upphaflega að hafa ekki sama hlut úr aflaskiptum og aðrir.
- Hlutskipti** (n, hk) Örlög; niðurstaða; hlutverk. „Hann harmaði mjög sitt hlutskipti“. Dregið af aflaskiptum eins og fleiri orð með sömu byrjun. Merkir í raun hlutur úr afla.
- Hluttekning** (n, kvk) Samúð. „Hann sagði, fullur hluttekningar, að þetta væri svosem ekki mér að kenna“. Dæmi voru um að orðið merkti hlutdeild eða hlutgervingu, en svo var ekki í Kollsvík í seinni tíð.
- Hlutur** (n, kk) A. Munur. B. *Aflahlutur*, sjá þar. „Svo leið að heimferð, og eins og ég sagði áðan var hluturinn minn 65 krónur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Hlúa** (s) Skýla; veita skjól; ylja. „Hlúð var að skipbrotsmönnum *eftir föngum*“. Sami stofn og „hlýja“.
- Hlynnna að** (orðtak) Hlú að; hagræða; veita hjálp; liðsinna. „Ég reyndi að hlynnna að sjúklingnum eins og best ég gat“. Upprunaleg merking orðtaksins er að setja hlunna fyrir bát.
- Hlynnntur** (l) Hliðhollur; jákvæður; samsinna. „Ég er þessari niðurstöðu mjög hlynnntur“. Upprunaleg merking er að koma með hlunna eða aðstoða við hlunnaburð þegar bátur er settur.
- Hlýða á** (orðtak) Hlusta á; heyra. „Margir hlýddu *andaktugir* á ræðu prests, en öðrum rann sýnilega í brjóst“. „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).
- Hlýða yfir** (orðtak) Hlusta eftir upplestri/svörum; halda próf yfir einhverjum. „Þegar ég þóttist vera búinn að lesa það sem mér var *sett fyrir* af heimanámi, þá hlýddi Halldóra amma mér yfir og var óbág á að láta mig endurlesa ef þess þurfti með“.
- Hlýindakafli** (n, kk) Tímabil hlýviðris. „Það kom góður hlýindakafli um páskana en svo kólnaði aftur“.
- Hlýindalegur** (l) Útlit fyrir hlýindi. „Ekki finnst mér hann neitt hlýindalegur í norðrinu núna“.
- Hlýindatið** / **Hlýviðri** (n, kvk) Hlýtt í veðri. „Það fer nú að sjá fyrir endan á þessari hlýindatið, samkvæmt spánni“. „Það munar um að fá svona hlýviðri á þessum tíma; það grynngar þá á snjóalögunum aðeins“.
- Hlýja** (n, kvk) Hiti. „Birta og hlýja höfðu sitt að segja þegar grafa þurfti úr sjó sem tók á miðjan upphandlegg...“ (KJK; Kollsvíkurver; um að „fara í Bug“).
- Hlýlegheit** (n, hk, fto) Hlýja; innileiki; ástúð. „Þau hafa einatt sýnt okkur hlýlegheit“.
- Hlýrerek** (n, hk) Þegar hýra rekur á land í stórum stíl. Um það finnst þó ekki aðrar heimildir en þessi; „Ennfremur ber að geta þess að á útmanuðum, þegar ís fór með landi, hafði alltaf þó nokkuð hlaupið á land, oft lúða, þó nokkur björg, og var þessa reks miklu betur gætt en áður fyrr, til dæmis hlýrareks í Útvikum í góustraumunum (góuginum), en af þeirri fisktegund einni voru stundum stærðarkasir á Hvallátrum og Breiðavík... Með komu togaranna, svona um og eftir 1890, hurfu þessi hlunnindi (hlýrareiði) með öllu. Hlýrinn virtist koma upp að ströndinni samtímis eða með silungstegund er gekk í árnar á mótum febr, og marsmánaðar. Gengu torfurnar þétt með landi. Ef stórbrim var á, varð hlýrinn fyrir því að sandur fór í tálknin svo að hann barst með brimöldunni á land. (Sögn Sigmundar Hjálmarssonar, en hann var í Breiðavík árin 1860-1868. Hann fór sjálfur síðast í hlýrafjöru í Skápadal og Vesturbotni 1882...með þrjá hesta

klyfjaða.. en af Brúðgumaskarði mátti sjá til 10 hestalesta, ýmist á leið í Útvíkurl eða á heimleið). Þetta er ein af mörgum matarholunum í Rauðasandshreppi til forna, sem gerðu almennan sult þar nær óþekktan...“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hlýraroð (n, hk) Roð af hlýra var stundum notað, m.a. í skó. Þótti mörgum þeir fallegri en úr steinbítarroði.

Hlægilega (ao) Sem unnt er að hlæja að; skemmtilega. „Þetta er alveg hlægilega einfalt; ef maður kann það“!

Hlægja (s) Kæta; vekja hlátur. „Það hlægir mann stundum hvað þeir geta verið vitlausir“.

Hlægja á (einhverjum) hver spjör (orðtak) Einhver er ofsakátur/ í mjög góðu skapi. „Það hló á honum hver spjör eftir að hann heimti hrútana“.

Hlægja hugur í brjósti (orðtak) Vera öruggur með sig /sigurviss; vera í góðu skapi. „Veðrið var með besta móti og mönnum hló hugur í brjósti í þessari fyrstu alvöru eggjaferð vorsins“.

Hlægja niðri/ofani sér (orðtök) Hlægja ekki upphátt; hlægja í lágum hljóðum. „Ég hló dálítið niðri mér þegar prestur fór að tala um þessa guðlausu syndara sem ættu vísa vítisvist fyrir að mæta ekki í kirkju“.

Hlöðubora / Hlöðugrýta (n, kvk) Lítil/þröng hlaða. „Hlöðuboran tók ekki mikið, svo á miðjum vetri varð hann að bera heyið í pokum úr stærri hlöðunni“. „Hann er nú fljótur að fylla þessa hlöðugrýtu“.

Hlöðudyr (n, kvk, fto) Göngudyr á hlöðu. Ekki notað um töðugöt, sem hey var sett innum.

Hlöðuhurð (n, kvk) Hurð fyrir hlöðudyrum. Ekki notað um töðugöt; fyrir þeim voru hlerar.

Hlöðutóft (n, kvk) A. Tóft sem notuð er til geymslu á heyi; einungis veggir og þá tyrft yfir heyið að loknum heyskap. B. Tóft af hlöðu sem þak hefur verið á. Þannig hlöðutóft má m.a. sjá neðarlega á Grundum.

Hlökkunarefni (n, hk) Það sem hlakkað er yfir. „Það er lítið hlökkunarefni ef hann er að leggjast í norðan“.

Hnaka (s) Um bát; taka niðri. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hnakkaband (n, hk) A. Lína sem fest er í hnakka akkeris og liggur í flot á yfirborði; ætluð til að ná akkeri úr botnfestu og/eða ná því upp ef legufærið slitnaði. B. Lína sem fest er í afturhluta kúfiskplógs og notuð er til að lyfta plögnum af botni (sjá *kúfiskur*).

Hnakkadramb (n, hk) Húðin á hnakka mannesku/dýrs. „Kötturinn beit í hnakkadrambið á kettlingnum og bar hann aftur upp í körfuna“. „Ég skal aldeilis taka í hnakkadrambið á honum“!

Hnakkafletja (s) Sérstök aðferð við flatningu fisks (sjá *flatning fisks*). „Þessi aðferð var víða tekin upp, svo telja mátti hana nokkuð algenga um síðustu aldamót, einkum þegar um haustveiddan fisk var að ræða. Hnakkaflettur fiskur, sem lítið tagnaði á rá meðan hann harðnaði, varð þykkari í sér en kviðflettur og verkaðist betur ef hann var hjallhertur“ “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Líklega hefur þessi flatningsaðferð ekki mikið verið notuð í Útvíkum, þar sem þorskur var verkaður og seldur sem saltfiskur á síðari tímum verstöðu.

Hnakkafiskur (n, kk) Hnakkí; krummafiskur; kúlufiskur; fiskvöðvi ofaná krummabeini *þorskhauss* (sjá þar). Fylgir stundum fiskinum sjálfum þegar *hausað* er, en var annars kroppaður úr hertum hausum.

Hnakkakerrtur / Hnarreistur (l) Sperrtur; reigingslegur; *borubrattur*. „Hann var ekki svona hnakkakerrtur þegar hann kom með í land með öngulinn í rassinum úr síðasta róðri“.

Hnakkaroð (n, hk) Roð af fremri hluta steinbítis, sem notað var til að *reka í skó*. „Síður rifnaði út úr varpinu á skóm skó úr hnakkaroði en dylluroði“ (sjá *roðskór*).

Hnakkaspik (n, hk) Spikið aftan í hnakka á sviðahaus. „Mér finnst hnakkaspikið herramannsmatur“.

Hnakkstikk (n, hk) Bragð sem notað er til að festa band/lykkju upp á krók, þannig að síður renni framaf.

Hnakkastofn (n, kk) Hnakkahluti lúðu sem búið er að *stofna*.

Hnakkastykki (n, hk) Það *fiskstykki* sem næst er haus, þegar fiskur er skorinn til suðu“.

Hnakkasvipur (n, kk) Útlit manneskju, séð aftanfrá. „Hann sat fremst í salnum, en ég þekkti hnakkasvipinn“.

Hnakkatak (n, hk) Tak aftantil á höfði/hálsi. Sjá *steinbítstak*.

Hnakkí (n, kk) A. Aftari hluti á höfði manns/skepnu. B. Neðsti hlutinn á akkeri. Útúr hnakkanum ganga *flaugar* og uppaf honum leggur akkerisins.

Hnakkmiði / Hnappmiði / Drekahnakki (n, kk) Dufl/ból sem fest er með færi í hnakka akkeris/dreka, til að unnt sé að ná því upp ef það festist eða ef legufæri/stjórafæri slitnar. Hnappmiði er sennilega hljóðbreyting á orðinu hnakkmiði sem er gamalt í málinu. Líklega hefur það fyrrnefnda verið meira notað í Útvíkum. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir ÞJ og RÍ).

Hnakkrifast (s) Þræta af miklum móð; rifast/deila með hávaða. „Þeir voru farnir að hnakkrifast um þyngdina á hrútnum þegar ég bauðst til að sækja reisluna og vigta hann, til að útkljá málið“.

Hnakktaska (n, kvk) Taska sem fest er á hnakk á hesti til flutninga. „Kitti í Hænuvík sá um póstferðir um Útvík. Í upphafi var hann á hestum, og reiddi póstpökana í hnakköskum. Síðar fór hann um á ferguson traktor og síðast á villisjeppa“.

Hnalla (s) Þjappa; slá saman. „Grjótið var hnallað niður í púkkið með sleggju“.

Hnalla niður (orðtak) A. Um bát; taka niðri; hnaka. B. Slá niður staur með sleggju/hnalli.

Hnallur (n, kk) A. Kylfa; áhald til að rota steinbít eða hákarl. B. Trjábútur; stubbur sem nota má t.d. sem sæti eða *ffalhögg*.

Hnappa saman (orðtak) Reka saman í hóp; hópast saman. „Féð hefur hnappað sig saman við tóftina í élinu“. „Það er *öngvanvegin* gott að hnappa fénu svona saman meðan lömbin eru ekki orðin stærri“.

Hnapphelda (n, kvk) A. Haft sem hestar voru heftir með til að auðveldara væri að ná þeim. B. Hólf/aðhald fyrir hesta. „Þessir garðar (við Sauðlauksdalsvatn) voru hlaðnir... sem hnapphelda fyrir hesta“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals). Ekki er vitað til að síðari merkingin hafi verið viðhöfð annarsstaðar. C. Gæluheiti yfir hjónaband. „Það hlaut að fara svo að hann lenti í hnappheldunni, fyrr eða síðar“.

Hnappsitja (s) *Halda fé í þéttum hópi/hnapp* í yfirstöðu. „Passaðu að hnappsitja ekki féð; láttu það dreifa sér“.

Hnappur (n, kk) A. Tala; kringla til að hneppa fatnaði. B. Þéttur fjárhópur. „Féð var allt komið í hnapp við fjárhúsvgginn í óveðrinu“.

Hnarreistur (l) Um mann/skepnu; með reist höfuð; hnakkakerrtur; borubrattur. „Ég held þú getir gengið hnarreistur frá þessu verki; þú stóðst þig vel“.

Hnaus (n, kk) Köggull/kökkur. „Ef vel gekk gátu mógrafir orðið meira en mannhæð á dýpt, og var þá orðið býsna erfitt að kasta hnausum upp á bakkann“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Hnausagaffall / Hnausakvísl (n, kk) Áhald/amboð sem ætlað er til að taka upp hnausa af jarðvegi/taði/mó og lyfta þeim um set; stutt sterk kvísl með mörgum álmum; rúnnuðum eða flötum, og oft höldu á skaftandanum.

Hnausþykkur (l) Mjög þykkur/seigfljóttandi. „Mér verður ekki kalt í svona hnausþykkri lopapeisu“. „Grjónagrauturinn var svo hnausþykkur að við lá að ég bæði um hnif og gaffal“.

Hnefafylli (n, kvk) Eins og mest kemst í höndina/greipina kreppta; hnefi.

Hnefagat (n, hk) Gat á stærð við krepptan hnefa manns; hnefastórt gat. „Þakið var orðið fjári ryðgað; jafnvel allt uppi hnefagöt“.

Hnefagrjót / Hnefasteinn (n, kk) Steinn, svipaður hnefa fullorðins manns að stærð; hnefastór *hnullungur*. „Gott er að hafa hnefasteina innanum í hleðslunni, þar sem við á“. „Það hafði hrunið dálítið á veginn, en það var mest hnefasteinar og *kastgrjót* sem ég henti fyrir kant“.

Hnefaréttur (n, kk) Réttlæti sem byggir á ofbeldi/því að hinn sterkasti ráði. „Í fyrstu nokkrir herskáir víkingar, sem engin lög eða réttlæti þekktu nema hnefaréttinn“ (EG; Vakandi æska).

Hnefastór (l) Á stræð við krepptan hvefa manns. „Hann sagði að sum höglin hefðu verið hnefastór“.

Hnefatafl / Hneftafl (n, hk) Tafl sem spilað var fyrir á öldum, líklega vinsælast á 11. og 12. öld. Líkt og önnur taflspil er hnefatafl líklega upprunnið úr hernaði Kelta og/eða Rómverja, en Víkingar stunduðu það mikið og dreifðu því um sín yfirráðasvæði; s.s. Ísland, Bretland, Írland og Lappland. Í Wales er nafn spilsins enn „Tawlbwrdd“; sama orð og „taflborð“. Spilað var á ferhyrnu reitaborði með 9 reitum á kant. Hneftafl gengur út á það að kóngur á að reyna að komast undan með fámennit lið sitt, frá fjölmennara liði andstæðinganna. Margar upphafsstöður kunna að hafa verið notaðar, en þetta er ein: Kóngurinn var í miðju, umkringdur 8 hvítum leikmönnum, en á miðjum hliðum voru 16 svartir leikmenn. Kóngurinn átti að reyna að komast út í eitt horn borðsins með aðstoð hvítu mannanna, en þeir svörtu áttu að reyna að umkringja hann. Kóngur var alltaf hafður tvöfalt hærri en aðrir skákmenn, og oftast var hann einn skorinn í mannsmynd eða goðamynd. Talið er að nafn hans hafi verið hnefi, og af honum dragi spilið nafn sitt. Í Kollsvík fannst í kartöflugarði taflmaður skorinn úr tönn, líklega uppúr aldamótunum 1900. Hákon Jónsson gaf hann Þjóðminjasafninu. Taflmaðurinn er 3,7x2,1x1,3cm að stærð, eftirlíking heldri manns með töluvert skegg; hárið stýft um eyrun; kollágur barðastór hattur á höfði; í aðskorinni einhnepptri treyju; buxur pokandi að ofan en aðskornar á leggjum; gengur við staf. Líklegt er að þessi maður sé úr hnefatafli, og þá líklega kóngur; enda ekki ósvipaður öðrum slíkum. Í bænum Fetlar á Hjaltlandseyjum hefur á síðustu árum verið efnt til heimsmeistaramóts í Hneftafl.

Hneif (n, kvk) Lúðu-/ hákarlsöngull; krókur á haukalóð. Stundum var talað um að „leggja fram hneifar“ þegar lögð var haukalóð til lúðuveiða. Runnið af sama orðstofni og hnífur.

Hnekkja (s) Ómerkja; hindra. „Úrskurði formannsins treysti sér enginn til að hnekkja“.

Hneppa (s) A. Festa saman með hnöppum. „Þú þarft að hneppa skyrtnuni betur“. B. Reka saman í hóp/hnapp. „Við skulum reyna að hneppa féð hér í girðingarhornið til að handsama þá aðkomnu“.

Hneppi (n, hk) Lítið *fang* af heyi. „Það væri í lagi að bæta einu hneppi í gjöfina hjá gemlingunum“.

Hneykslaður (l) Misboðið; fullur undrunar og skammar. „Hún var hneyksluð á orðbragðinu“.

Hneykslanlega (ao) Svo að hneykslar; til skammar/hneykslunar. „Alveg finnst mér hneykslanlega að þessu staðið; hvenær ætla menn að temja sér heiðarleg vinnubrögð í þessu félagi“?!

Hneykslanlegur (l) Sem unnt er að hneykslast á. „Mér finnst þetta bara hneykslanlegur fjandi“!

Hneykslast (s) Vera misboðið; *fjargviðrast*; þusa í vandlætingu. Oft með „á“ á eftir. „Nágrannarnir hneyksluðust mjög á þessu tiltæki“. „Ég ætla að gefa þeim tilefni til að hneykslast ærlega“!

Hneykslunargjarn (l) Vanur/gjarn á að hneykslast/ofbjóða. „Kjósendur hérlendis eru ekki eins viðkvæmir og hneykslunargjarnir gagnvart sínum þingmönnum og erlendis tíðkast“.

Hneykslunarella (n, kvk) Hneykslunarefni; tilefni hneykslunar. Orðið heyrðist notað vestra eins og annarsstaðar. Svo furðulegt sem það er þá finnst hvergi í förum hinna lærðu málspekings að tilraun sé gerð til að leita uppruna á þessari myndlíkingu. Hér er sú tilgáta sett fram að orðið vísi til hellu í bæjarhlaði sem annaðhvort sé illa lögð eða beri vott um sóðaskap. T.d. að þar sé blóð eftir slátrun eða hlandpollur eftir *morgunmigu*.

Hneykslunartónn (n, kk) Tóntegund sem gefur til kynna hneykslun/vandlætingu. „Þeim hæfir nú lítið að tala í hneykslunartón um þetta, sem sjálfir hafa staðið fyrir mun meiri hneykslismálum“!

Hnégras (n, hk) Gras sem er svo sprottið að nær í hné; hnéhátt gras. „Neðsta sléttan er orðin kafloðin; þar er víða komi hnégras“.

Hnéhár (l) Sem nær upp í hné á vöxnum manni. „Þarna í lautunum er víða hnéhá stór“.

Hnésbót (n, kvk) Dældin aftanvið hné á mannsfæti, aftantil á hnjáliðnum. „Strákurinn var snar í snúningum og tókst að skjótast afturfyrir karlinn og spyrna í hnésbætur hans svo hann féll við. Þá var björninn unninn“.

Hnésnjór / Hnédjúpur snjór (n, kk) Um snjódypt; snjór sem nær mönnum í hné.

Hnédypt (n, kvk) Dýpt vatns/sjávar/snjóa; nær uppá hné á vöxnum manni. „Það er allmikill snjór kominn víða á leiðina, og nær sumsstaðar hnédypt“. Annarsstaðar virðist þekkt hnédypi.

Hnik (n, kvk) Mjög lítið frávik; smá hliðrun. „Það er ekki að sjá minnsta hnik á þessu ennþá“.

Hnikað (l) Fært örlítið; mjakað. „Hann var *harðákveðinn* í þessu; hans ákvörðun varð ekki hnikað“.

Hnikra (s) Hnika; færa/mjaka örlítið til. „Getum við ekki hnikrað stóra steininum örlítið, svo hann verði betri undirstaða í veggnum“?

Hnipa í með (orðtak) Minna á; áminna. „Hnipptu í mig með þetta á morgun, ef ég skyldi gleyma mér“.

Hnipra sig saman (orðtak) Kreppa líkamann saman; hjúfra sig; vera í hnút.

Hnitakerfi (n, hk) Kerfi til staðsetningar/miðunar/stærðargreiningar, þar sem staða punkts er ákvörðuð með afstöðu hans til tveggja eða þriggja ímyndaðra ása þar sem stefna eins ássins er þvert á hina. Dæmi um hnitakerfi eru t.d. bauganet jarðar og x-y kerfi (föll) í ýmiskonar stærðfræði.

Hnitmiða (s) Miða nákvæmlega á mark/takmark. „Nú er að sjá hvað þú hefur verið nákvæmur með að hnitmiða fuglagerið áðan; hér ættum við að hitta í snarvitlausan fisk“.

Hnífaburður (n, kk) Það að vera með hníf á sér. „Skildu nú vasahnífinn eftir heima; það eru engir mannsiður að vera með hnífaburð í kirkju“!

Hnífadragt (l) Um siglingu; miðar ekki áfram vegna veðurs/straums; *tommar ekki á móti veðrinu*. Sögnin „ódrægt“ og „mótdrægt“ var þekkt annarsstaðar um barning móti straum-/vindreki en í Kollsvík virðist sambærileg lýsing vega „hnífadragt“ þegar ekki gekk meira en hnífsblaðsþykkt í hverju áratogi. Hvorugt orðið heyrðist í seinni tíð að frátöldu þessu hljóddæmi: „Þeir fóru af stað í ágætis veðri; voru komnir á mið og búnir að fá einhvern litilsháttar fisk. Þá setti á suðaustan moldbyl og hvassviðri, og það var alveg hnífadragt í land. Þeir fóru nú af stað og reyndu að berja á móti veðrinu. Þá var báran strax svo mikil að báturinn varði sig ekkert. Þá tóku þeir það ráð að sigla og ætluðu að reyna að hitta á Kópinn. Það var eina landvonin hjá þeim. En þegar þeir höfðu litla stund siglt þá sjá þeir enskan togara...“ (TÓ; upptaka á Ísmús 1978; um sjóhrakninga Valdimars bróður hans og þriggja annarra). Sjá *drægt*.

Hnífaherfi (n, hk) Tvær gerðir voru einkum notaðar af herfum til að herfa upp jarðveg í byrjun sléttugerðar um miðja 20. öld; diskaherfi og hnífaherfi. Hnífaherfi eru með fjölda hníflaga blaða á hverjum öxli, sem ganga niður í jarðveginn og stinga hann upp, líkt og með skóflu, þegar herfið er dregið. Hnífaherfi hvolfði lengi utanvið Gilið á Láganúpi, en ekki höfðu menn verið ánægðir með notkun þess.

- Hnífbrók** (n, kvk) Bredda; stór hnífur. „Ég þyrfti að fara að brýna þessa hnífbrók, hún er alveg hætt að bíta“.
- Hnífbusi** (n, kk) Hnífur. „Lánaðu mér nú hnífbusann; ég gefst upp á þessum árans netahnút“.
- Hnífjafnt** (l) Alveg jafnt; jafnmikið; jafnstórt; jafnfljótt o.fl. „Þeir urðu hnífjafnir í kapphlaupinu“.
- Hnífkutti** (n, kk) Gæluorð yfir hníf; stuttur hnífur. „Réttu mér hnífkuttann“.
- Hníflaus** (l) Ekki með hníf á sér. „Fáir eru eins ósjálfbjarga og hníflaus maður“. *Hníflaus maður er líflaus*.
- Hníflaus maður er líflaus maður** (orðatiltæki) Sú speki er auðskilin þeim sem fæst við sveitarstörf og sjómennsku að fyrri tíðar hætti. Vasahnífur ætti að vera sjálfsagður í vasa sérhvers vinnandi manns.
- Hnífsbragð** (n, hk) Handarhreyfing með hníf. „Það þurfti ekki nema tvö hnífsbrögð til að losa bátinn frá“.
- Hnífskinn** (n, kvk) Annar helmingur hnífskafs. Einkum notað um samsett hnífskaft, t.d. á vasahníf.
- Hnífskorið** (l) A. Skorið sundur með hníf. „Þeir hafa *skorið í sjó* hjá okkur bölvæðir; ég sé ekki betur en þínir séu hnífskornir! B. Sléttur; jafn. Sumsstaðar standa Garðarnir svo vel eftir þennan langa tíma að þeir eru líkt og hnífskornir“. C. Útilokað; af og frá. Það er alveg hnífskorið að ég komist með ykkur“.
- Hnífurinn gengur ekki á milli** (orðtak) Um samheldni; óaðskiljanleg(ir). „Samkomulag þeirra föstbræðra í Botni gat komið ókunnugum *spánskt fyrir sjónir*. *Annaðslagið* rifust þeir eins og hundur og köttur, en *hina stundina* gekk ekki hnífurinn á milli þeirra“.
- Hníga í ómegnin** (orðtak) Missa meðvitund; verða meðvitundarlaus. Sjá *ómeigin*.
- Hníga til viðar** (orðtak) Um sól; lækka á lofti; hverfa bakvið sjóndeildarhring; *ganga til viðar*. „Sól var hnigin til viðar og orðið skuggsýnt“. Vísar til þess að sól hverfur á bakvið skóg. Það bendit til þess að orðtakið sé upprunnið í Noregi eða sunnanlands, þar sem skóglendi er/ hefur verið í norðri.
- Hnísa** (n, kvk) A. Hvaltegund; ; Phocoena phocoena; smávaxnir tannhvalir; stundum nefnd höfrungur, en hann er í raun önnur tegund. Hnísan er minnsta hvaltegundin við Ísland; verður mest tæpir 2 m á lengd og um 70 kg. Dökkgrá ofan; hvít á kviði. Lifir einkum á smáfiski. Algengt er að hnisur séu komnar að bátum um leið og komið er fram á Víkina, og fylgi honum eftir meðan hann er á siglingu; stökkva þá gjarnan uppúr sjó og leika sér í kringum bátinn. Nokkuð er algengt að hnisur drepist í hrognkelsanetum. Kjöt af þeim var vanalega hirt, væri það nýtt og unnt að láta blæða úr því. B. Hluti í stefni báts; sveigjan frá kili í stefni. Var oftast höfð úr eik.
- Hnjaka** (s) Mjaka; *mutra*; færa örlítið úr stað. „Við gátum hnjakað bjarginu nægilega frá til að billinn komst“.
- Hnjakollur** (n, kk) Hné. „Mér finnst þetta enginn búningur á *stelpugopanium*; í ermalausum bol og pilsíð *heilavegin* uppfyrir hnjákolla“!
- Hnjóð / Hnjóðsyrði** (n, hk) Lastmæli; illmæli/ slæmt orð um manneskju; hnjóð. „Aldrei hraut henni úr munni hnjóðsyrði í garð nokkurs manns“. „Það er óþarfi að hafa uppi eitthvað hnjóð í hans garð“.
- Hnjóða** (s) A. Upprunaleg merking er að hnoða ró á bátsaum við bátasmíði. B. *Agniast*; atyrða. „Það er óþarft að hnjóða í þessa ágætu manneskju“. „Tuddinn reyndi ítrekað að hnjóða í hann“.
- Hnjóska** (n, kvk) Hnútur; hnyði; ójafna. „Fóturinn greri eftir brotið en eftir sat þó greinileg hnjóska“.
- Hnjóskóttur / Hnjúskóttur** (l) Með ójöfnum; hnúttóttur. „Það þýðir ekki að aka hratt með heyvagninn í hnjóskóttu túninu“. „Ári er túnið orðið hnjúskótt af puntinum“!
- Hnjótur / Hnjúkur** (n, kk) Áberandi hæðir í landslagi. Merking beggja er sú sama, en hnjótur er mun algengara í Kollsvík og nágrenni; bæði sem örnefni og almennt um kennileiti. Stóri-Hnjótur er hæð neðan Stóravatns í Vatnadal og Hnjótur er bær í Örlygshöfn.
- Hnjúskur / Hnúskur** (n, kk) Ójafna; hnútur; hnyði; hnaus. „Hér þyrfti að stinga upp hnjúskana og slétta flötina“. Báðar orðmyndir eru notaðar og réttar. Sjá *grashnjúskur/grashnjúskur*.
- Hnoð** (n, hk) A. Tusk; hnjask; það að þæfa/þvæla/kreista eitthvað. B. Nagli úr deigu járne sem notaður er til að festa saman tveimur eða fleiri plötum; t.d. ljáhnoð. C. *Leirburður*; *bragleysa*; illa kveðið ljóð/kvæði.
- Hnoða saman** (orðtak) Yrkja vísu. „Þá voru nokkrir sem fengust við að hnoða saman stökum. Sumir voru hagamæltir, sem kallað var, en ýmsir aðrir gátu gert lýtalausar vísur að rími og stuðlum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hnoðakönguló** (n, kvk) Lycosidae; algengasta ætt köngulóa á Íslandi, en hér lifa af henni 5 tegundir; skógarkönguló, hin eiginlega hnoðakönguló, mýrakönguló, heiðakönguló og laugakönguló. Tegundin hnoðakönguló (*Pardosa palustris*) er algengust af þessari ætt. Hún er með brúnan, langröndóttan frambol; kann best við sig í þurru mólendi, melum og klungri. Er af ætt föruköngulóa, en þær elta bráðina uppi en spinna sér ekki vefi. Sést oft á spretti í mólendi að sumarlagi, gjarnan með eggjasekk eða unga á baki.

Hnoðaköngulóin er þó ekki sú könguló sem mest ber á í Kollvík og nágrenni; þar ber mest á vef *krossköngulóar*, sem algengt er að sjá í gjótum og holum.

Hnoðhamar (n, kk) Hamar sem notaður er m.a. til að hnoða járnhnoð. Heiti hamarshaussins eru munní, þeim megin sem slegið er, en skalli að aftan. Hnoðhamar er oft með kúlu á skallanum, en ekki klauf.

Hnoðskáld (n, hk) Fremur lélegt skáld; skáld sem þvingar vísu í formið, þannig að úr verður *leirburður/hnoð*.

Hnoðsnjór (n, kk) *Troðslusnjór*. Snjór sem klessist saman undan þrýstingi. Hnoðsnjór er vinsæll hjá börnum í snjókarlagerð, snjókast o.fl. Með leikni má aka bíl í nokkuð þykkum hnoðsnjó; hæfilega þéttum, og um hálsa og hlíðar í Rauðasandshreppi óku menn oft mánuðum saman á þannig brautum, sem oft voru utan vega.

Hnokkabragð (n, hk) Hestahnútur; *skutilbragð*. „Settu svo hnokkabragð á staurinn; það heldur“.

Hnokkatré (n, hk) Bogar/vængir utanum snældu á rokk. Á hnokkatrénu eru hnokkarnir sem bandið rennur upp þegar spunið er, áður en það vinst upp á snælduna.

Hnokki (n, kk) A. Krókur á halasnældu. B. Krókur/hak á hnokkatré á rokk. C. Lykkja á enda ráar í seglabúnaði báts. D. Í líkingum; gæluorð á barni; stelpuhnokki; strákhnokki.

Hnos (n, hk) Hnoð; umstang. „Mér finnst það óþarft hnos með hrútkvikindið að fara með hann á skilarétt ef nærtækara er að koma honum til eigandans“.

Hnosa (s) Hnoða; þoka; paufast með. „Mér tókst að hnosa þessu upp fyrir flæðarmál“.

Hnosast með (orðtak) Hnoða; þæfa. „Hundurinn bítur þig ef þú heldur áfram að hnosast svona með hann“.

Hnoss (n, hk) Happafengur. „Ég er á sextugsaldri, og silfra tekið hár/ en samt ég vildi hamingjunnar leita. Því piparkerling hef ég verið alltaf þessi ár/ en ætla að finna hnossið upp til sveita“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). Líklega stofnskylt sögnunum að „hnjóða“ og „hnubba“ og nafnorðinu „hnaus“.

Hnossgripur (n, kk) Kjörgripur; afbragðs góður gripur/hluttur. „Þessi byssa er algjör hnossgripur; létt á höndum og fer vel með“.

Hnossgæti (n, hk) Góðgæti; mjög góður matur. „Þetta þykir mér algjört hnossgæti“.

Hnotast (s) Rifast; kíta. „Enn eru þeir farnir að hnotast út af þessu endalausum þrætumáli“.

Hnubb (n, hk) Léttur árekstur. „Ertu skrámaður eftir þetta hnubb við bókahilluna“?

Hnubba (s) Ýta við; stanga létt. „Heimalningurinn kom og hnubbaði í mig; heimtaði sinn pela tafarlaust“.
Ofar notað *hnibba*.

Hnuðla (s) A. Hnoða; þæfa. B. Velkjast í vafa; *slá úr og í; bræða veðrið*. „Það þýðir ekki að vera að hnuðla á þessu lengur; annaðhvort róum við eða verðum í landi“! (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hnugginn (l) Hnípinn; niðurdreginn; dapur. „Hversvegna ert þú svona hnugginn, greyið mitt“? „Ég var nú svona í huganum hnuggin bæði og reið./ Hnjótsheiði ég lagði undir fótinn./ Ég vildi ekki gefast upp, þó grýtt væri mín leið/ því gatan stefndi beint á Örlygshnjótinn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Hnullungsgrjót / Hnullungur / Hnullungssteinn (n, kk) Meðfærulegur steinn, nokkuð misjafn að stærð; frá *hnafasteinum* upp í *stórgrýti*. „Það var hnullungssteinn að koma aftan að okkur“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Hnupla (s) *Bísa*; stela; taka. „Ég hnuplaði frá þér bókinni í gær, til að klára að lesa hana“. Notað í léttvægari/sakleysislegru merkingu en stela eða ræna.

Hnuplóttur (l) Þjófóttur; gjarn á að stela; taka ófrjálsri hendi. „Varaðu þig á karlinu; hann á það til að vera dálítið hnuplóttur“.

Hnus (n, hk) Þefur; *nas*. „Vertu nú ekki að þessu hnusi af matnum; settu þetta bara í andlitið á þér“!

Hnusa (s) Lykta; þefa. „Kýrnar hnusa varla af þessu heyi“.

Hnusast í (orðtak) Frýnast í; snuðra í; garfa í; inna eftir. „Ég hef verið að hnusast í þessu máli að undanfögnu, og komist að ýmsu merkilegu“.

Hnuss (n, hk) Fuss; hljóð sem lýsir fyrirritningu/vanþóknun. „Ég fékk engin viðbrögð nema hnussið“.

Hnussa í (orðtak) Heyrast vandlættingar-/fyrirlitningarhnuss yfir. „Það hnussaði bara í karlinum þegar ég spurði hvort hann ætlaði ekki að kjósa“.

Hnussandi yfir (orðtak) Hneykslast á/ sýna fyrirritningu með hnussi. „Kerlingarnar voru eitthvað hnussandi yfir vísunni; þótti hún víst dálítið klúr“.

Hnutla (s) Mjólka kú; einkum þegar lítið er í henni eða í lok mjalta; *tutla; hreyta*. „Ætli það verði nú ekki að hnutla eitthvað úr henni núna þó hún sé alveg að *geldast*“.

Hnúfa (n, kvk) Lítil mishæð; lítill boði. „Báturinn steytti á hægri ferð uppá lítilli hnúfu þar í yfirborðinu“.

- Hnúskóttur** (l) Ósléttur; kekkjóttur; með hnúskum. „Nýræktin varð dálítið hnúskótt, en hún jafnar sig“.
- Hnúskur** (n, kk) Kökkur; hnaus. „Það þarf að tína stærstu hnúskana úr beðinu“.
- Hnúta** (n, kvk) A. Liðamót. B. Svert bein. „Seggur nú af syfju frí/ sínu ráði hastar:/ Hellisbúans eina í/ auga hnútu kastar“ (JR; Rósarímur). C. Í líkingamáli; skætingur; ónot sem hreytt er í viðmælanda.
- Hnútasnæri** (n, hk) Snæri/lína/band alsett hnútum; snærisflækja. „Skelfilega leiðist mér þetta hnútasnæri sem hann notar til að loka hliðinu“.
- Hnútukast** (n, hk) Skattyrði; skammir; skætingur. „Nokkuð var um deilur og hnútukast á fundinum“.
- Hnútur** (n, kk) A. Bragð á þræði/taug/kaðli. Til eru fjölmargir hnútar; flestir hafa þann tilgang að mynda festu með tauginni. T.d. rembihnútur; réttur hnútur; flagghnútur; netahnútur; áttuhnútur; pelastikk o.fl. B. Mælieining hraða, einkum á sjó. Einn hnútur jafngildir einni sjómílu (1.852 m) á klukkustund.
- Hnútusending** (n, kvk) Skammir; illyrði; skens. „Þessi óvænta hnútusetning utan úr sal kom flatt upp á frambjóðandann“.
- Hnyðja** (n, kvk) Trjárót. „Íðulega rekur hnyðjur á fjörur í Kollsvík; bæði smáar og stórar“.
- Hnyðra** (n, kvk) Hnáta; lítil/nett stúlka. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Hnybba / Hnubba** (s) *Stanga*; stjaka við; rekast lauslega á. Notað m.a. um það þegar sauðfé rennir á annað fé eða fólk. Einnig þegar bátur eða annað rekest utani: „Báturinn hnybbaði lauslega í hleinina á báru þegar þeir stukku í land“.
- Hnykkja** (s) A. Taka á með rykk; rykkja. B. Beygja enda á nagla sem rekinn hefur verið í gegnum efni.
- Hnykkja á** (orðtak) Leggja áherslu á; endurtaka. „Ég tel ástæðu til að hnykkja á þessum tilmælum“.
- Hnykkja við** (orðtak) Bregða; verða hverft við. „Mér hnykkti við þegar ég sá hvað hann var *veiklulegur*“.
- Hnykla brýrnar** (orðtak) *Hleypra brúnum; setja í brýrnar; hvessa brýrnar; yggla brún*. „Hann hnyklaði brýrnar og var hugsí í nokkra stund“.
- Hnyssa** (s) Hnyssa; blása snögg frá sér gegnum nefið til að sýna fyrirleitningu eða vanþóknun, eða hnerra stutt. „Hann hnyssaði þegar talið barst að stjórnmalunum“. „Lambærin hnyssaði á hundinn þegar hann nálgadist“.
- Hnyttilega** (ao) Lipurlega; laglega. „Mér fannst vísan hnyttilega gerð“.
- Hnyttinn** (l) Snjall í orðavali; orðheppinn. „Þórður var oft einstaklega hnyttinn í tilsvörum“.
- Hnýðingur** (n, kk) Tegund smáhvela af höfrungaætt; hvalur. „Þá var eitthvert sumar, að Benedikt skutlaði hnýðing stóran, en missti hann með skutulinn í sér. Skömmu seinna rak hnýðinginn í Láturdal, sem er gömul verstöð og liggur skammt fyrir innan Blakknes í vestanverðum Patreksfirði“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). Nafngiftin hnýðingur merkir í þessu tilfelli nokkuð stóran hval, enda ber öðrum sögum af þessum atburði saman um það; sumar nefna reyðarhval.
- Hnýfilhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; hnýflótt; með litla hornstubba.
- Hnýfilkrappi** (n, kk) Styrktarviður í stefni báts; vinkilbogið stykki úr góðum viði, sem tengir borðstokka og stefni. „Þeir höfðu þann hátt á að aðeins stefni bátsins kom að hleininni; á hnýfilkrappanum sat einn maður, og annar rétti eggjakassana til hans þegar stefnið nam við hleinina“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík).
- Hnýfill** (n, kk) A. Mjög stutt og viðkvæm ærhorn (á hnýflóttri ær). B. Sá hluti framstafns á báti sem stendur hærra en borðstokkur. Á hann er bundið hnýfilband/kolluband.
- Hnýfilyrði** (n, hk) *Skætingur; hnúta; köpuryrði*; meiddandi orð. „Ég las bréfið yfir og tók úr því helstu hnýfilyrðin og skammirnar“.
- Hnýflóttur** (l) A. Með lítil horn. „Lambhrúturinn er hnýflóttur. B. *Meinhorn*; illskeyttur. „Karlinn á það til að vera óttalega hnýflóttur í orðum“.
- Hnýsast í** (orðtak) Forvitnast um of um annarra hagi; vera spurull úr hófi.; *frýnast í* „Ég kæri mig ekkert um að aðris séu að hnýsast í mín mál á þennan hátt“!
- Hnýsinn** (l) Forvitinn. „Ekki ætla ég að vera hnýsinn um annarra manna hagi“.
- Hnýsni** (n, kvk) Forvitni um annarra hagi/málefni. „Mér er illa við þessa bölvæða hnýsni“.
- Hnýta að** (orðtak) Setja hnút á band sem bundið er fyrir/utanum. „Hnýttu vel að þessu, svo ekki losni“.
- Hnýta á** (orðtak) Festa taum með krók á línu/fiskilínu.
- Hnýta ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir** (orðtak) Vera ekki eins og flestir aðrir/ *eins og fólk er flest*.
- Hnýta í** (orðtak) Hnjóða í; finna að. „Auðvitað má hnýta í margt í þessu, en taka verður viljann fyrir verkið“.
- Hnýta við** (orðtak) A. Lengja festi/tóg o.fl. B. Bæta við það sem sagt er; segja meira.

- Hnýting** (n, kvk) Binding. „Það þarf að vanda vel hnýtinguna á þessu, svo ekki gefist upp á því“. B. Hnútukast; aðfinnslur; orðaleppar; skammir; rifrildi. „Vertu nú ekki með þessar hnýtingar við strákgreyið; hann gat ekki betur gert“. Jafnan í fleirtölu.
- Hnýttur** (l) A. Um hnút; búið að hnýta. „Mér finnst bandið illa hnýtt“. B. Um mann/skepnu/útlím; bæklaður; krepptur; í hnút.
- Hnökralaus** (l) A. Um band/þráð; jafn; án hnúta. B. Í líkingamáli; án vandræða; jafn. „Eftir þetta gekk ferðalagið alveg hnökralaust“.
- Hnökrar** (n, kk, fto) A. Misfellur; ójöfnur; hnútar; kekkir. B. Í líkingamáli; ósamfella á máli/málefni/verki.
- Hnökrótt** (l) Með misfellum/vandræðagangi/rykkjótt. „Eitthvað hefur samstarf þeirra verið hnökrótt“.
- Hnöttóttur** (l) Kúlulaga. Orðið virðist vera á hröðu undanhaldi úr íslensku máli; víkur fyrir „kúlulaga“ eða jafnvel „kringlóttur“, þó um hnöttóttan hlut sé að ræða.
- Hoffmannabragur** (n, kk) Virðuleiki; stíll fyrimanna. „Eftir fyllerið var lítill hoffmannabragur á þeim“.
- Hoffmannlegur** (l) Virðulegur; glæstur. „Var það gert með fagurgala og hoffmannlegu látbragði, en aldrei var hægt hjá honum að koma hópnum alveg saman“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Hofmóðugur** (l) Hrokafullur; yfirlætislegur. „Það er naumast að menn eru orðnir hofmóðugir“!
- Hofmóður** (n, kk) Mont; hroki; rembingur. „Heilsarðu ekki? Skárri er það nú hofmóðurinn“!
- Hofróða** (n, kvk) Kona sem er merkileg með sig. „Hún fór eitthvað að þusa um að ég þyrfti að þurrka framan úr mér tóbakið! Skárri er það nú hofróðan“!
- Hogginn** (l) Búið að höggva. „Hér hefur verið hoggið úr sperrunni fyrir langbandinu“.
- Hokinn** (l) Boginn; álútur. „Við beygðum okkur og sátum hoknir í Byrginu meðan mávahópurinn nálgast“.
- Hokra** (s) Stunda lítinn/bágborinn búskap. „Hokrað var á mörgum hjáleigum í Kollsvík fyrir á tíð“.
- Hokur / Hokurbúskapur** (n, hk) Lítil/bágborinn búskapur; *baslbúskapur*. „Hann sagðist vera orðinn þreyttur á hokrinu“.
- Hola** (n, kvk) Dæld í *þorskhaus* (sjá þar). Í henni er *holufiskur* og undir henni kvarnirnar. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild KJK).
- Hola niður** (orðtak) A. Jarðsetja. „Ég vildi nú gjarnan fá að liggja hjá mínum ættingjum í Breiðuvík þegar kallið kemur, en fremur læt ég nú hola mér niður þar sem ég er staddur en valda verulegri fyrirhöfn“. B. Útvega gistingu; koma einhverju fyrir. „Það ættu nú að vera einhver ráð með að hola þér niður yfir nóttina“.
- Holalda / Holbára** (n, kvk) Stórt brot; holskefla. „Skipið rak upp að svokölluðum Bjarnaboða sem er þarna frammi á Læginu. Þar tók sig upp mikil holalda og hvolfði skipinu. Fórst það með allri áhöfn“ (EO; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Holbakki** (n, kk) Árbakki sem grafið hefur undan þannig að holt er undir. „Svo mikið var af bröndum í Ánni og öðrum lækjum í Kollsvík að unnt var að fara með höndina undir holbakka víðast hvar og með lagni koma upp með spriklandi bröndu“.
- Hold er mold, hverju sem það klæðist** (orðatiltæki) Áminning um dauðleika mannsins. Jafnvel þó maður sé völdugur og klæðist tignarskrúða þá deyr maður að lokum og líkaminn jarðgerist.
- Holdafar** (n, hk) Ástand/magn fitu á skrokki manns eða skepnu. „Ekki finnst mér neitt fyrirtaks holdafar á lömbunum sem þar hafa gengið“.
- Holdgrannur** (l) Í slæmum holdum; grannur; horaður. „Ári fannst mér þessi kýr vera holdgrönn“.
- Holdið er torvelt að temja** (orðatiltæki) Erfitt er sumum að hafa stjórn á löngunum sínum. Sú var reyndin þegar Hempulág í Kollsvík fékk sitt nafn. Sagt er að hún dragi nafn af því að þar hafi prestur lagst með stúlku sem fylgdi honum úr hlaði, en láginn er framanvið bæ; þar sem hestavegurinn liggur upp í Húsadal.
- Holdrosi** (n, kk) Sú hlið á skinni sem snýr inn að skepnunni. „Selskinnin voru þurrkuð á hallandi harbalavelli, þannig að hárið sneri niður en holdrosinn upp...“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67).
- Holdskarpur** (l) Grannur; beinaber; *holdgrannur*.
- Hold sveiki** (n, kvk) Langvinnur sjúkdómur af völdum bakteríunnar *Mycobacterium leprae*, sem veldur því að tilfinning hverfur af svæðum líkamans eða limum, sem veslast upp og geta jafnvel fallið af. Veikin var lengi landlæg hérlendis en ekki er vitað um áhrif hennar í Kollsvík eða nágrenni. Sjúkdómnum var útrýmt á 20. öld með einangrun og lyfjum.
- Holdsaell / Holdugur** (l) Feitlaginn; *vel í skinn komið*. „Heldur þykir mér þú að verða holdsaell í seinni tíð“.

Holdvotur / Holdblautur (l) Blautur inn að skinni. „...við vorum holdvotir og kaldir..“ (Þakkir Árna Árnasonar í Kollsvík til skipstj. á Chieftain í Ísafold apríl 1913).

Holgrýti (n, hk) A. Vægt blótsyrði; áhersluorð; horngrýti. B. Stundum notað um hið sérkennilega blágrýti sem vðrast þannig að í það myndast holur. Þannig grjótt má t.d. finna í kringum Hnífaflögu og Grófir.

Holgrýtisurð (n, kvk) *Helurð*; gróf urð, þar sem mikið er um djúpar glufur langt ofan í jörð. „Gættu þess þegar þú kemur niður Grenjalág að fara heldur framávið, því nær sjónum er holgrýtisurð neðst í hlíðinni“.

Hollenskur (l) A. Frá Hollandi. B. Viðsjárverður; *viðsjálgripur*. „Gáðu að þér á stólum; einn fóturinn er orðinn eitthvað hollenskur“. C. Um mat; farinn að skemmast. „Er mjólkinn að verða eitthvað hollensk“? Þessi orðnotkun er gömul vestra og enn notuð, en er ekki algeng víðar. Uppruninn er ekki ljós, en vera kann að hann tengist umsvifum Hollendinga á duggum sínum við landið fyrrum. Víknamenn áttu verslun við duggurnar þó illa væri séð af yfirvöldum, og e.t.v. hefur þeim þótt bragðið af skútumatnum framandi.

Holhönd (n, kvk) Staðurinn efst í handarkrika; uppi undir öxl. „Stingtu hitamælinum í holhöndina í smástund“.

Holklakaskán / Holklaki (n, kk) Klakaskán á lofti yfir ófrosnum jarðvegi; stafar af því að vatn þenst út þegar það frýs í jarðvegisfirborði, svo það lyftist. Veldur vanalega einhverri bjögun í yfirborðinu, því þegar frostið fer úr nær jarðvegurinn sjaldnast að setjast í sömu skorður. Holklaki getur myndast í túnum á vorin og valdið slæmum kalskemmdum. „Hún er leiðinleg þessi holklakaskán á aurholtunum, þegar hún brotnar undan fæti“.

Hollmeti (n, hk) Hollur matur. „Ekki veit ég hversu mikið hollmeti þetta er, en gott er það“.

Hollning (n, kvk) Útgangur; verkun; ástand. „Hverskonar hollning er eiginlega á þér krakki?! Dastu ofan í drullupoll, eða hvað“? „Þetta var ljóta hollningin; kýrnar komnar í garðinn og búnar að eyðileggja rófubeiði“! Nokkuð notað framá síðustu ár. Styttning á behollning (d. beholdning), sem einnig var notað.

Hollráð (n, hk) Gott ráð; úrræði. „Manni ferst ekki að gefa öðrum hollráð en fara svo ekki að þeim sjálfur“.

Hollráður (l) *Ráðhollur*; gefur góð ráð.

Hollt er heima hvað (orðatiltæki) Speki sem undirstrikar að það sé manni fyrir bestu sem heima er fengið; t.d. matur og fatnaður. Notandinn er því kunnugastur og í því felst mest hagkvæmni.

Hollur er heimafenginn baggi/bití (orðatiltæki) Spekin vísar til þess að það sem menn gera/ útvega sér sjálfir er oft betra en það sem fengið er hjá öðrum; enda er það oft vandaðra og meira vitað um það.

Hollur er heimróðurinn (orðatiltæki) Auðvelt er að vinna að málum sem koma manni sjálfum vel. Spekin vísar til þess að þó róðrar væru erfiðir þá gaf vonin um hvíld, öryggi og móttökur í landi aukinn kraft við heimróðurinn.

Hollusta (n, kvk) Það sem manni er hollt að gera eða borða. „Nú er maður bara í hollustunni“.

Hollustufæða (n, kvk) Hollur matur. „Þetta pylsu- og hamborgarajukk er nú engin hollustufæða til lengdar“.

Holóttur (l) Með fjölda af holum. „Helvíti er vegurinn orðinn holóttur; skyldi vera búið að leggja þessa árans Vegagerð alveg niður núna“?!

Holröng (n, kvk) Á bát; kverkin undir borðstokknum, milli efsta umfars og bands. Oft gripið í hana þegar bátur var settur.

Holskafl / Holskefla (n, kk/kvk) Grunnbrót; brimskafli; holskefla. „Um leið og við renndum upp fyrir boðann tók sig upp á honum gríðarlegur holskafl“.

Holsúð (n, kvk) Bil/rifa sem myndast í súð báts þegar ekki er nægilega vel súðað við smiðina svo súðin gapir í aðra brúnina. Var það nefnt að „holsúða“ og gat boðið hættunni heim.

Holt og bolt (orðtak) Blandað; ýmsar stærðir/gerðir, *til jafnaðar*; án greinarmunar. „Það þarf að *skyggna* egginn fyrir sölu; við getum ekki selt þetta svona holt og bolt“. Orðtakið er sagt vera tekið úr dönsku; „hulter til bulter“, en uppruninn er samt óviss. „Bolt“ er gömul beygingarmynd á „bolti“ (járnteinn) og „holt“ vísar til skógar eða trjáviðar. Hugsanlega vísar orðtakið til sölu t.d. hestavagns eða sleða, á þeim tíma að járn var í miklu verði; eignin var seld „holt og bolt“ til að *taka af öll tvímæli* um að innifalið væri bæði tré og járn.

Holtagirðing (n, kvk) Svæði með miklu af holtum, sem umlykur sléttara svæði. „Upp af Nautholti er graslendi, nefnt Balar, en upp frá því er holtagirðing; kölluð einu nafni Holt (ft)“ “ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur)

Holtagrjót (n, hk) *Jökulnúið grjót* (sjá þar).

Holtarót (n, kvk) Stólparót *lambgrass*. Sagnir eru um að í mestu harðindum og harðbýlum sveitum hafi fólk grafið holtarætur sér til matar.

Holtarönd (n, kvk) Jaðar á holtasvæði. „Holtabörð hét holtaröndin, þar sem mýrarnar tóku við“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Holtasóley (n, kvk) *Dryas octopetala*. Jurt af rósaætt sem vex víða um holt og fjalllendi. Blómin eru hvít með átta stórum krónublöðum. Þegar blöð hafa fallið verður eftir still frævunnar með fjaðurhærðum hala, og nefnist þá *hárbriúða*. Blöðin eru dökkgræn að ofan en silfrud að neðan; lítil, skinnkennd og sigræn og nefnast *rjúpnalauf*; enda eru þau mikilvæg fæða rjúpunnar. Holtasóley myndar stundum miklar breiður eða flatar þúfur. Hún er áberandi jurt á norðlægum slóðum; þjóðarblóm Sama og var valin þjóðarblóm Íslendinga 2004.

Holubarn (n, hk) A. Lausaleiksbarn þar sem farið er hljótt með faðernið. „Karl átti eitt holubarn með vinnukonunni“. B. *Holufiskur*; búrfiskur; fiskvöðvi aftantil í krumma *þorskhaus* (sjá þar).

Holufiskur (n, kk) Búrfiskur; barn; *holubarn*; fiskvöðvi aftantil í krumma *þorskhaus* (sjá þar).

Holugrjót / Holusteinn (n, hk) Holótt grjót/berg; steinn úr slíku bergi. Á Hnífaflögu og Grófum er mikið um sérkennilega holótt berg. Í því er mjúkt berg á milli harðari æða. Selta, frost og stormur ná með tímanum að mylja og blása út lina berginu, svo úr verður hið furðulegasta holuberg með misstórum holum og skilrúmunum á milli þeirra; oft næfurþunnum. Birta og skuggar fullkomna svo enn frekar þessi listaverk; og köngulóin með sína vefi. Víða má finna samskonar berg, t.d. undir Hryggjum, en hvergi eins tilkomumikið og á Hnífunum. „Ansi fannstu þarna laglegan holustein“!

Holukargi / Holukraðak (n, kk/hk) Mjög holótt svæði; bílvegur með þéttum holum. „Skyldu þeir ekkert ætla að hefja þennan andskotans holukarga allt sumarið“?

Holurð (n, kvk) Mjög stórgrýtt urð; helurð „Stóruurð undir Látrabjargi er mikil holurð. Þar má ganga og skriða langt inn, og þær aðstæður hafa skapað stærstu álkubyggð í heimi“.

Honum er ekki eins leitt og hann lætur (orðtak) Hann er bara að gera sér upp hneykslun/reiði/vandlætingu; undir niðri líkar honum þetta ágætlega. „Það er ekkert að marka þó hundurinn urri á kettlinginn; honum er ekki eins leitt og hann lætur“.

Honum er jafngott af! /Honum gott af! (orðtak) Upphrópun, notuð í vandlætingartón yfir óförum sem einhver hefur orðið fyrir eftir að hafa stofnað til þeirra með framferði sínu. „Dastu niður af þakinu? Þér gott af; að vera að príla þetta“. „Honum er jafngott af þó hann tapi á þessu ævintýri. Það var nú aldrei vit í þessu“.

Honum/þeim kemur í koll (sem kastar steini í loft upp) (orðtak) Þeim hefnist fyrir sem gerir glappaskot/mistök. Orðtakið er mikið notað í Kollsvík og nágrenni, en þó aðeins fyrri parturinn sem er nokkuð óskiljanlegur ókunnugum ef seinni hlutann vantar. „Honum kemur í koll að setja alltaf á vænu gimbrarnar af Bjarginu: Svo sækir þetta þangað ár eftir ár með tilheyrandi veseni og afföllum“!

Honum skín lítið/ekkert gott af því (orðtak) Það er ekki til bóta fyrir hann; hann er engu bættari með því.

Hopa (s) Hörfa; láta undan síga. „Mér sýnist að stóri skaflinn sé eitthvað farinn að hopa“.

Hopa/flýja/renna af hólmi (orðtak) Flýja; *leggja á flóttu*; *láta undan síga*. „Tréð var lengst frammi á útfiri. Ég reyndi að bíta því ofar en varð að hopa af hólmi undan aðfallinu.“

Hoplaus (l) Vonlaus; tilgangslaus. „Það er alveg hoplaust að ná að hirða allt áður en fer að rigna. Við verðum að drífa í að *setja* þetta upp“. Líklega sletta úr danska orðinu „háblös“, sem merkir vonlaus.

Hoppandi (l) Áhersluorð, notað stundum í seinni tíð í stað blótsyrðis: „Fari það í hoppandi“. Líklega síðari tíma slangur, en ekki heiðarlegt blótsyrði.

Hoppandi illur/reiður (orðtök) Afar reiður; *saltvondur*; *foxillur*; *blóðillur*; *fokreiður*; *urrandi vondur*. „Karlinn varð hoppandi illur þegar hann frétti af þessum *stelipjófum* í hans landi“.

Hor (n, kk) A. Megurð; vannæring; svelti. „Hvað getur verið að þessari kind? Mér sýnist að hún sé að drepast úr hor“. B. Slím sem rennur úr nefi. „Þurrkaðu nú af þér mesta horinn drengur, áður en þú sest við borðið“.

Horaður (l) Magur; grannholda; þjáist úr hungri og vannæringu. „Átti Guðrún að hafa sagt við mann sinn að „skammarnær hefði honum verið að láta Gunnar aldrei í burtu, en að taka við honum horuðum og máttvana“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Horast niður (orðtak) Verða sífellt grenni/horaðri/vannærðari. „Mér list ekkert á útlitið á honum; hann hefur horast alveg skelfilega niður eftir skilnaðinn“.

Horbikkja (n, kvk) Mjög horuð/grannholda kind; *afsláttarkind*. „Ég er ekkert að *setja* þessa horbikkju á aftur“.

Horblaka / Horblaðka (n, kvk) Reiðingsgras; *Menyanthes trifoliata*; jurt sem algeng er í myrlendi. Hún er lág með jarðlægum ljósgrænum þrískiptum og egglega blöðum. Fjölgar sér með rötarskotum. Var um tíma notuð, ásamt t.d. skarfakáli, til að lækna skyrbjúg; af því er nafnið dregið. Einnig til ölgerðar. Rótin er flækjukennnd með langar trefjar, og var skorin og notuð í reiðing á hest; þ.e. mottu undir hnakk/klyfbera. Heitið er oft stytta í *blaðka*.

- Horbykkja** (n, kvk) Horrytja; horrolla; *horlæpa*; *horgrind*; mjög horuð kind; kind sem er að falli komin úr hor. „Ég get varla verið að setja þessa horbykkju á einn vetur enn, þó hún hafi skilað þokkalegum lömbum núna“.
- Hordauður** (l) Dauður úr svelti/vannæringu/ófeiti. „Mér sýnist að þú verðir ekki hordauður á næstunni“.
- Horf** (n, hk) Stefna; sú átt sem siglt er í. „Þegar lagður er netastrengur undir Hænuvíkurhlíðum er rétt horf nokkrum gráðum vestan við Kópanesið“. „Þú mátt bara halda þessu horfi óbreyttu“.
- Horfa** (s) Um siglingu skips; stefna. „Lét ég þá horfa beint í vind og báru...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þegar lagt er á grásleppumið í Breiðuvík er látið horfa í rétt norður“.
- Horfa á/fyrir** (orðtak) Um siglingu; sigla/stefna í átt að. „Láttu horfa ljóst fyrir Háanesið þegar við komum til móts við Láturdalinn“. „Ég lét horfa á Skandardalstennurnar þangað til komið var norður fyrir Djúpboðann“.
- Horfa á (eitthvað) með blinda auganu** (orðtak) Þykjast ekki sjá eitthvað; *líta framhjá* einhverju. „Ég hef nú horft á það með blinda auganu þó einhverjir laumist í egg; *svo fremi sem það er ekki í miklum mæli*“.
- Horfa eftir** (orðtak) Leita að; *skima/kíkja eftir*. „Aktu rólega hérna; ég er að horfa eftir þessum kindum“.
- Horfa í** (orðtak) Velta fyrir sér; láta sér vaxa í augum. „Stundum (á álfadönsunum) var brenna, en ég hef grun um að fólk hafi horft nokkuð í eldiviðinn þótt reki væri á Sandinum, því nokkuð þurfti í eldavélarnar á bæjunum og sumstaðar ofna til upphitunar“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Horfa í gaupnir sér** (orðtak) Vera niðurlútur; horfa á hendur sér. „Nú sitja þeir bara og horfa í gaupnir sér“.
- Horfa í skildinginn / Horfa í hverja krónu** (orðtök) Sjá eftir útgjöldum/kostnaði; spara; sýna aðhald. „Þetta er svaka mikill traktor hjá honum; sá er ekki að horfa í skildinginn“! „Þegar betur árar þarf maður ekki eins að horfa á hverja krónu sem eytt er“.
- Horfa/renna löngunarauga/löngunaraugum á/til** (orðtak) Ágirnast; hafa áhuga á. „Ég renndi oft löngunaraugum til þessa forláta hnífs“.
- Horfa til** (orðtak) A. Horfa/líta á. B. Líta til; hafa hliðsjón af. „Þetta er *affarasælast*, sé horft til framtíðar“.
- Horfa til heilla** (orðtak) Verða til góðs; virðast vera til góðs. „að sveitarstjórn og framkvæmdastjórn félagsins verði sammála um að ráða þessum málum á annan veg, er betur megi til heilla horfa íbúum hreppsins“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Horfa uppá** (orðtak) *Láta liðast*; horfa aðgerðarlaus á. „Það er ömurlegt að horfa uppá þá *kostajörð* ónýtast“.
- Horfa/glápa út í bláinn** (orðtök) Stara á eitthvað langt í burtu; stara stefnulaust og þegjandi. „Hann vildi ekkert um þetta segja; sat bara þegjandi og starði út í bláinn þegar ég spurði hann“.
- Horfa útundan sér** (orðtak) *Skotra augum*; *gefa hornauga*. Horfa á eitthvað með því að renna augum til án þess að hreyfa höfuð.
- Horfa/vita (rétt) við** (orðtak) Vísa rétt; hafa afstöðu miðað við annað. „Taktu heyvagninn aðeins framávið og bakkaður aftur; hann horfir ekki rétt við töðugatinu“. „Báturinn þarf að vita rétt við kerrunni áður en siglt er upp í hana“. „Málið horfir þannig við mér að það sé varla tækt til umræðu“.
- Horfast í augu við** (orðtak) A. Líta í augu einhvers; horfa beint á andlit einhvers. B. Líkingamál; Sjá raunverulega; *gera sér grein fyrir*. „Við þurfum að horfast í augu við þennan nýja veruleika“.
- Horfalla** (s) Drepa úr hor/svelti/ófeiti/vannæringu. „Ég held að maður sé ekkert alveg að horfalla“.
- Horfella** (s) Svelta *til dauðs*; drepa úr vannæringu. „Það verður að fara að taka af honum skepnurnar, fremur en að láta hann horfella þær“!
- Horfellir** (n, kk) Fjöldadauði vegna hugnurs; fellir. „Í harðindum og horfelli fyrr á öldum leitaði fólk eflaust unnvörpun í verin. Þar gat verið eina vonin um að drægist björg í bú“.
- Horfið út í veður og vind** (orðtak) Algerlega horfið; alveg farið. „Húfan fauk út í veður og vind“.
- Horfir þunglega með** (orðtak) Ekki miklar líkur á; ekki björgulegt. „Heldur finnst mér þunglega horfa með róða í dag, eins og útlitið er að verða“.
- Horfur** (n, kvk, fto) A. Útlit; líkindi. „Það eru engar horfur á að veðrið lagist mikið í dag“. B. Veðurhorfur. „Heyrðirði í veðurspánni hvernig horfurnar eru fyrir næstu daga“?
- Horgemlingur** (n, kk) Horaður gemlingur (vetrarfóðrað lamb). Einnig í líkingamáli um horaðan mann.
- Horgrind / Horkrangi** (n, kk) Mjög grönn manneskja/skepna. „Svona horkrangi er varla mikill *átakamaður*“.
- „Skelfileg horgrind er hún nú orðin; gamla hróid“.
- Horket** (n, hk) Ket af mjög horaðri kind. „Þetta horket er ekki mannamatur; ekkert nema ólseigar sínar“.
- Horleggur** (n, kk) Fætur á horaðri manneskju/skepnu/ grannholda fætur. Oftast notað í líkingum í seinni tíð. „Hann er þá ekki alveg á horleggjunum fyrst hann fékk þennan happdríttisvinning“.

Horlopi (n, kk) Lítilsháttar fita. „Það verður varla sagt að hann sé feitur; þetta er nú bara horlopi á honum“.

Horlæpa (n, kvk) A. *Horbykkja; horgrind*; mjög mögur kind. B. Mjög horuð grásleppa „Það er nú eitthvað annað að taka innan úr þessum nýgengnu grásleppum en horlæpunum sem fyrir voru“.

Hornabú (n, hk) Leikur barna að hornum og leggjum. Sett voru upp bú, hæfilega langt frá heimili og hundum, þar sem líkt var eftir búskap hinna fullorðnu. Slík bú gátu staðið árum saman, aukin og endurbætt ár frá ári, og jafnvel hver kynslóðin tekið við af annarri; jafnt heimabörn sem sumardvalarbörn. Vinsælasti staðurinn fyrir hornabú á Láganúpi var Litla-gilið í Hjöllunum, uppi undir Hádegisskarði. Þar var rúm fyrir tvö stórbú og jafnvel nokkrar hjáleigur. Horn lambhrúta sem slátrað var voru höfð fyrir kindur; *hornafé*, en gimrarlambahorn og slór fyrir lömb. Kjálkar úr stórgripum voru kýr; kjálkakýr, en lambakjálkar kálfar. Leggjabein voru hestar; leggjahross, en völnurnar voru hænsn; völuhænsn. Kuðungar voru svo hundar. Smíðuð voru hús úr því efni sem tiltækt var, eða grafnar holur í börð. Í seinni tíð voru smíðaðir traktorar og önnur tæki. Spýtur voru reknar niður sem girðingastaurar og á þá strekktur þráður sem um tíma fékkst af fyrirsaum áburðarpoka. Jafnvel var borin lúka af áburði á þessi tún og hirt af þeim heyið. Í þennan búskap fór mikið af þeim frítíma barna yfir sumarið sem ekki fór í brönduveiðar eða aðra leiki. Stundum voru sett á fót hreinræktuð kubbabú, en þau voru annars eðlis og ekki á sama stað. Orðið hornabú virðist ekki hafa verið þekkt að ráði utan svæðisins (annarsstaðar voru notuð önnur heiti, t.d. leggjabú eða beinabú). „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var hornafé, kjálkakýr, leggjahross og völuhænsn. Kannske var samt næsta kynslóð þ.e. synir mínir og þeirra vinir ennþá meiri búmenn á þessa vísu; ekki síst börn sem voru hjá mér í sveit þegar synir mínir voru að alast upp á árunum 1959 - 1975-6. Þeir smíðuðu sér dráttarvélar og ýmis tæki og bíla í viðbót við skepnuhaldið. Svo gengu búin í arf til þeirra yngri“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms). „Einnig var leikið í hornabúi með horn og bein og byggingar yfir þau“ (IG; Æskuminningar).

Hornafé (n, hk) Leikfang í hornabúi; horn af hrútlambi notuð sem kindur. „Þar var hornafé, kjálkakýr, leggjahross og völuhænsn“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms). Ekki þekkt í orðabókum.

Hornaflækja (n, kvk) Um það þegar hrútar festast saman á hornum við það að kljást. „Það hafði orðið hornaflækja hjá hrútunum, sem honum tókst að leysa úr“.

Hornakylfa (n, kvk) Mjög stór horn á hrútlömbum. „Kindinni gekk illa með burðinn, enda ekki furða; lambið var með hrikastórar hornakylfur“.

Hornaklippur / Hornasax (n, kvk, fto/ hk) Öflugar járnklippur með löngu átaksskafti, sem notaðar eru til að *skella* horn af hausum lamba og fjár eftir slátrun. „Öflugt hornasax var til í sláturhúsinu á Gjögurum“.

Hornalag (n, hk) Lögun horna á sauðfé gekk undir ýmsum nöfnum. Töluvert var alltaf um *kollótt* fé, en þó vildi GG ekki rækta það sérstaklega á Láganúpi; þótti það sviplaust og vildi fremur *hyrnt* fé. Minnstu hornin nefndust *hnýflar* og það fé *hnýflótt*. Þeir voru viðkvæmir og vildu brotna. Fé með áberandi stór horn var *stórhyrnt*, en hið gagnstæða var *smáhyrnt*. Ef horn vísuðu mjög uppá við var það *upphyrnt* og væru hornin áberandi bein var það *stanghyrnt*. Vísuðu hornin út var féð *úthyrint*; væru þau skeifulaga var það *skeifuhyrnt* en *hringhyrnt* ef þau voru í reglulegum hring. Ef annað horn brotnaði af varð ærin *einhyrnt*. Í einstaka tilfellum uxu hornin ósamhverft og þá varð ærin *skakkhyrnt*. Horn á stórhindum og hringhyrnum hrútum vildu stundum vaxa að höfðinu svo þar varð sár; hornin urðu *inngróin*. Varð þá að saga *fleðu* úr horninu. Unnt var að verjast slíku með því að *venja* hornin; þá var borað gat ofarlega á hvort horn; vír þræddur á milli og hert að með *vindingi* um leið og hornið óx. Þeir hrútar urðu *vaninhyrndir*. GG átti um tíma *ferhyrnda* hrúta; með fjögur horn.

Hornamark (n, hk) Merki/skorur sem geð eru í horn sauðfjár til auðkenningar. „Hornamark eru stundum notuð til að marka haustlömb, t.d. ómerkinga í réttum eða fullorðið kaupafé til bráðabirgða. Þá jafngildir efri brún hornsins framan á eyra, en neðri brún samsvarar aftan á eyra. Stundum ueru fullorðnar ær hornamarkaðar með járnsgö“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Hornamikill / Hornastór (l) Um skepnu; með stór/mikil horn. „Ég hef sjaldan séð jafn hornamikinn lambhrút“.

Hornaskella (s) Saga/klippa horn af *sviðahaus*. „Ég hornaskelli ekki hausana strax, heldur læt fyrs standa salt í *strjúpanum* yfir nóttina“.

Hornauga (n, hk) Um augnatillit; það að líta á mann/hlut með því að renna augum til, en án þess að beina andlitinu að. „Ég gaf henni *hornauga*, svo lítið bæri á“. „Ég hef alltaf *litið* þessa framkvæmd *hornauga*“.

Hornáta (n, kvk) Tæring sem verður í hornrót hyrnds sauðfjár, þannig að hornin verða þar mjó og brothætt.

Hornband (n, hk) Band sem fest er, t.d. við stoð í rétt, og kind síðan bundin í það á hornunum, t.d. meðan tekið er af henni. Bandið er bundið með *þverhnút* á staurinn, þannig að ca *fetslangir* endar séu lausir. Þeim er síðan brugðið um *hornrótina*, þannig að leggist í kross í miðju, og hnýtt með *auðleystri* lykkju. Hver *aftektarmaður* hefur sinn staur; sitt hornband og sínar klippur eða hníf. Þó þekktist að tveir vinni saman, og taki sinn hvorumegin af kindinni, eftir að *skipt* hefur verið *eftir hrygg/ skorið uppúr*.

Hornbinda (s) Binda ær á hornum, t.d. meðan tekið er af henni (hún rúin) eða ef þarf að mjólka hana. Þegar tekið var af, var hver *aftektarmaður* með sitt *hornband* á stólpa; helst á vegg en ekki í horni; bundið á miðju, þannig að endarnir voru lausir og jafnlangir. Hyrndar kindur voru hornbundnar þannig að brugðið var sínum spotta útfyrir hvort horn um *hornrótina*; víxlað í kross á hnakka og útfyrir gagnstætt horn og síðan bundið saman á hnakkanum með lykkju. Kindur á Láganúpi voru flestar hyrndar framundir það síðasta, en kollóttar ær þurfti að *múlbinda*. Væri nægur mannskapur *hélt einn í*, meðan kindin var rúin. Hrútar voru oftast bundnir í stíu sinni yfir veturinn, en það var þá með *lögelsi* en ekki hornbandi eða múl.

Hornbrjóta (s) Brjóta horn á kind. „Taktu í *vangaullina* á kindina en ekki í hornin svo þú hornbrjótir hana ekki; hirnin eru svo viðkvæm á þessu gamla hrói“.

Hornbrotinn (l) Um sauðkind; með brotið horn. „Þessi hornbrotna er frá mér; dragðu hana í dilkinn“.

Hornbundin (l) Um sauðkind; bundin á hornum. „Mér finnst þær þægari svona hornbundnar en mýldar“.

Hornflæktir (l) Um hrúta; kræktir saman á hornum. „Við fundum tvo hornflækta hrúta sem voru orðnir nokkuð aðþrengdir úr hungri“.

Horngrýti (n, hk) Milt blótsyrði. „Horngrýtis vandræði eru þetta“! „Mikið horngrýti er maður orðinn lúinn“.

Horngrýtisári (n, kk) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Horngrýtsári langar mig að skreppa herna fram á víkina núna; það er varla hægt að horfa uppá þetta blankalogn liggjandi í landi, þó nóg sé að gera í heyskapnum“.

Hornmerkt (l) Um kind; merkt hornamarki. „Ég sá ekkert eyrnamark á tvævetlunni, en sýndist hún jafnvel vera hornmerkt“.

Hornreka (n, kvk) Útundan; sér á báti; ekki í sama hópi og flestir. „Vegna sinna skoðana var hann einatt hornreka í félaginu“.

Hornréttur (l) Í réttu horni; 90°. „Gættu þess að stoðin sé hornrétt við fótstykkið“.

Hornrót (n, kvk) Neðsti hluti horns á kind.

Hornsílaveiðar (n, kvk, fto) Veiðar á hornsíli til skemmtunar. „Hornsílaveiðar hafa mikið verið stundaðar af börnum í Kollsvík, einkum í Sandslágarvatni og Litlavatni“.

Hornsíli (n, hk) *Gasterosteus aculeatus*; smár vatnafiskur sem útbreiddur er um allt norðurhvel jarðar. Lifir ýmist í fersku vatni eða söltu. Verður sjaldan stærri en 8 cm að lengd; er með kubbalegan bol, hvassar tennur, grannt spyrðustæði og stóra eyrugga. Nafn sitt dregur hornsílið af þremur broddum á bakinu, framanvið bakuggann. Hornsíli eru hreisturlaus og gljáandi; brúnleit eða blágræn á bakinu en silfurlit á kvið. Hængurinn veður rauður um hrygningatímamann, og hann gætir hrognanna. Í þeim tilgangi gerir hann kúlulaga hreiður eða hús úr slíi og fleiru sem hann límur saman með slími, og getur það orðið á við mannhnefa á stærð. Eftir að hann hefur fengið eina til sjö hrygnur til að hrygna þar, rekur hann þær jafnharðan út; frjóvgar hrognin og gætir þeirra. Notast hornin honum vel til þeira varna. Seiðunum heldur hann einnig heima við þetta hreiður, og ef þau synda í burtu sækir hann þau; tekur í munn sér og spýtir aftur í hreiðrið. Eftir viku eru þau orðin sjálfbjarga og fara að heiman. Fæða hornsíla er mestmegnis ferskvatnshryggleysingar sem finnast í botnsetinu.

Hornsíli eru algeng í vötnum í nágrenni Kollsvíkur, t.d. Sandslágarvatni, Kjávötnum, Stórvatni, Litlavatni, Breiðsvatni og Ormstjörnum. Hornsílaveiðar hafa löngum verið vinsæl íþrótt barna.

Hornskella (s) A. Saga af enda horns á kind/hrút til að skarpir oddar skaði ekki slepnuna sjálfa eða aðrar. B. Saga fleðu innan af horni hrúts til að það vaxi ekki í vanga hans. Sjá *skella af*.

Hornspönn (n, kk) *Spönn* (skeið) úr horni. „Hornspænnir voru hér ekki algengir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Hornstag (n, hk) Virstag ofarlega á hornstaur girðingar í niðurgrafinn stein, til að vega á móti strekkingu.

Hornstaur (n, kk) Hornstólpi; staur í horni girðingar. Hornstaur þarf að vera sterkari en aðrir staurar girðingarinnar og vel stagaður; enda strekkist girðingin á hann.

Hornstór (l) Með stór horn. „Ég hef sjaldan séð svona hornstóran nýfæddan lambhrút“.

Hornsteinn (n, kk) Steinn í horni steinhlaðins veggs/garðs. „Steinn ofanvið Jónshlöðu í Kollsvík er sagður hafa verið hornsteinn í kirkjugarði sem var kringum kaþólsku hálfkirkjuna í Kollsvík. Ekki er ólíklegt að hann hafi verið í þeirri hleiðslu, en hinsvegar voru kirkjugarðar jafnan hringhlaðnir fyrir á tíð“.

Hornstæði (n, hk) Festing/staður horns á höfði hyrndra dýra. „Sagaðu hornin ögn nær hornstæðinu svo minna fari fyrir sviðunum“. „Ósköp er sérkennilegt hornstæði á þessari kú“.

Hornös / Horrennsli / Hornef (n, kvk) Rennsli úr nefi. „Snýttu þér nú greyið mitt; þú ert með hornös“

Horól / Horólarsteinbítur (n, kk) Mjög horaður steinbítur (LK; Ísl. sjávarhættir; eftir DE, AE og ÓTh).

Horrengla (n, kvk) Mjög *grannholda* manneskja/kind. „Ekki skil ég hvernig þessi horrengla getur skilað svona vænum lömbum“.

Horrim (n, kvk) Rim er rimill í grindverki eða kantfjöl. Horrim vísar til þess að meisar voru grindakassar, smíðaðir úr fjarlægningum/rimum, með stöfum í hornum sem rimarnar voru grópaðar í. Horrim er rim sem fellur illa í gróp sína; okagatið. Þurfti þá að reka með henni *hortitt*, til að ekki dytti úr. Af þessu er einnig dregið orðtakið að *hanga á horriminni*, um það sem getur feilað; þar sem horrim hættir til að brotna við átök.

Horrytja (n, kvk) Mjög rýr/horuð kind. „Það er mesta furða hvað þessi horrytja skilar góðum lömbum“.

Horskrokkur (n, kk) Ketskrokkur af mjög hraðri skepnu. „Þessi horskrokkur er bara kerrumatur“.

Horslubb (n, hk) Hor/slím sem runnið hefur úr nefi. „Þurkaðu nú af þér mesta horslubbíð drengur, og greiddu hárlubbann áður en þú ferð í sparifötin“.

Hortittur (n, kk) A. Flís sem stungið er í samskeyti til uppfyllingar í gróp á meisum. Sjá *horrim*. B. Líkingamál; horaður/smár fiskur. C. Líkingamál; niðrandi heiti á manni/skepnu. C. Líkingamál; orð í vísu sem er klaufalegt eða ofaukið og spillir skáldskapnum. „Þér er erfið orðsins leið/ undir rímsins snilli./ Horittarnir hoppa skeið/ hendinganna milli“ (Konráð Júlíusson; Árb.Barð; 1955-56). „Þar í sjó þeir segja nóg til fanga:/ Feitur þorskur,; flyðran stinn,/ fátt mun þar um hortittinn“ (JR; Rósarímur).

Hortugheit (n, hk, fto) Óskammfeilni; ósvífni. „Strákurinn var ekkert nema hortugheitin“.

Hortugur (l) Ókurteis; kjöftugur. „Ég hef ekkert við þann hortuga *dela* að ræða“!

Horugur (l) Með hor sem runnið hefur úr nefi niður á vör eða höku.

Hosótt (l) *Sokkótt*; litur á skepnu/sauðfé; dökkt en með ljósari lit neðst á fótum, eða ljóst með dekkri lit á fótum. Ekki þarf að vera mislitt á öllum fótum, og liturinn getur náð mishátt upp. Gjarnan er skepnan þá einnig flekkótt að öðru leyti, t.d. *höttótt*.

Hospítalsfiskur / Hospítalshlutur (n, kk) Spítalafiskur; skattur sem lagður var á afla með tilskipun árið 1652, til að standa straum að spítalabyggingum í hverjum landsfjórðungi. Samkvæmt henni skyldi greiða hlutinn af þeim fiskafli „sem fékkst á rúmhelgum dögum næsta dag eftir krossmessu á vori (3.maí). En gætu menn ekki róíð, eða ef aflinn nam minna en 5 fiskum á skipverja, þá var skipt út næsta dag sem aflaðist. Hospítalshlutinn átti strax að loknum skiptum að afhenda þeim manni sem sýslumaður hafði falið að taka við honum... Hreppstjórum var skipað að afhenda sýslumönnum skrár yfir skip sem reru til fiskjar... Á þeim tímum tíðkaðist að brennimerkja skreið í sporð, og ef það var gert vegna hospítalsfisksins, þá með stafnum H. Hospítalsfiskurinn hélst lengi eftir að fjórðungsspítalarnir voru úr sögunni, eða til ársins 1882“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Lýng til eldiviðar rífa vermennirnir í Láganúpslandi. Þar er engin skipleiga. 1 skiphlutur. Allur hlutur skiptist ex æquo (til jafnaðar) þá skift verður. Seglfiskar. Maðkafiskar engir. Manntalsfiskar engir. Hospítalshlutur skiptist þar“ (ÁM/PV Jarðabók).

Hossa (s) Láta með; dekra; dilla; vaggja upp og niður (t.d. á hesti eða í leik). „Það er naumast að honum er hossað; bara fyrir það að vinna sitt starf. Það var ekki *dáðerað* svona við þann sem áður sinnti því“! „Eru þeir búnir með heyskapinn? Nú fjandinn hossi þeim; með tugmilljóna græjur og vaðandi mannskap“!

Hosuband (n, hk) Gróft prjónagarn sem notað er til að prjóna sokka.

Hosur (n, kvk, fto) A. Ullarsokkar; leistar. „Farðu nú í hlýri hosur; þér verður kalt í þessum krepsockum“! B. Upprunalegri merking er skálmur/stígvél úr skinni sem ná vel upp á fótinn.

Hotta (s) Reka; húa. „Ég ætla að fara og hotta fénu niður í fjöru; það eru einhver *snöp* fyrir það núna“.

Hotta á (orðtak) Reka á eftir; reka hraðar; styggja burt; húa á. „Skjóstu nú og hottaðu á kýrnar; mér sýnist að þær stefni beint inn í kálgarðinn“.

Hó (n, hk) Kall. „Ég heyrði hóið í honum hinumegin í dalnum, en sá hann ekki í þokunni“.

Hóa (s) A. Kalla; reka upp „hó“. „Það var einhver að húa uppi á Hjöllum“. B. Reka fé; kalla á/saman. „Við hóuðum saman fénu úr víkinni til aftektar“. „Ég þyrfti að fara að húa saman aðalfundi“.

Hóf / Hófsemd (n, hk) Lítillæti; nægjusemi; stilling. „Maður kann sér ekki hóf þegar svona krásir eru á borðum“. „Hann var alla tíð maður hófsemdar í þeim efnum“.

Hóf er best í öllu / Hóf er best í hverjum hlut/leik / Hóf er á öllu best (orðatiltæki) Segir sig sjálf; töluvert notað.

Hóflaðka (n, kvk) Blað *hófsóleyjar* (sjá þar). „Í Sefinu vex mikið af hóflaðku“.

Hóflátur (l) Hógvær; nægjusamur; stilltur. „Ég var ósköp hóflátur og fékk mér bara lítið á diskinn“.

Hóflaga / Hófsamlega / Hóglátlega / Hógværlega (ao) Í hófi; af varkárni/nægjusem/stillingu. „Hóflaga drukkíð vín gleður mannsins hjarta“. „Ég er hóflaga bjartsýnn á að við finnum féð í þessari þoku“. „Það þarf að nota þetta dálítið hófsamlega; ég á ekki meira af því og það er erfið að fá það“. Heyrist ekki oft í dag en var

töluvert notað í Kollsvík *framundir þetta*. „Hann tók þessu hóglátlega“. „Hógværlega áætlað gætu þetta orðið fimmtíu kindur“.

Hóflaga drukkið vín gleður mannsins hjarta (orðatiltæki) Biblíuboðskapur Salómóns. Kollsvíkingum var ekki síður töm spekin; *margan stelur vín viti*.

Hóflægur / Hófsamlegur / Hófsamur / Hógvær (l) Nægur; nægjusamur; hóflátur. „Ég held að þetta sé mjög hóflægur skammtur“. „Heldur finnst mér þú hófsamlegur“. „Hann var mjög hófsamur með vín og tóbak“. „Vertu ekki svona hógvær; fæðu þér nóg á diskinn“!

Hófsemdarmaður (n, kk) Sá sem sýnir hóf/stillingu/nægjusemi. „Ekki gat hann kallast hófsemdarmaður þegar vín var í boði“.

Hófsóley (n, kvk) *Caltha palustris*. Einnig nefnd lækjasóley eða *blaðka*. Fjölær jurtt af sóleyjarætt, með hóflaga blöðkum og gulum blómum. Vex írökum jarðvegi og myndar þéttar þúfur. Í henni er eitrefni, svo hún er lítt étin af grasbitum. Algeng á Íslandi. Í Kollsvík vex hún helst neðst í bökkum lækja og skurða. „Í Sefinu neðan Láganúpstúns vex mikið af blöðku“.

Hógvær (l) Litillátur; nægjusamur.

Hógværð (n, kvk) Nægjusemi; lítillæti. „Hógværðin hefur Kollsvíkingum alltaf verið í blóð borin, þó misjafnt sé hve menn flíka henni. Jafnvel eru þeir til sem eru snillingar í að leyna henni“!

Hólka í sig (orðtak) Gófla í sig; éta. „Vertu nú ekki með þessa matvendi drengur! Hólkaðu bara í þig grásleppunni eins og maður“.

Hólkast (s) A. Pokast; *goppast*. „Fötin voru alltof víð og hólkudust utan á honum“. B. Fara; skenglast. „Ætli það sé ekki mál til komið að fara að hólkast af stað“.

Hólkast / Smáhólkast (n, hk) Hóll sem gengur framúr öðru hálandi/hæðum. „... og þar neðar er Mjóna, á smáhólkasti; kví úr grjóti“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Hólkviður (l) Um fatnað; of víður. „Buxurnar eru hólkviðar og ólögulegar í ofnaálag“.

Hólmanga (n, kvk) Einvígi tveggja manna til að skera úr deilum. Hólmgöngur af einhverju tagi hafa eflaust tíðkast frá grárrí forneskju, og smám saman mótuðust um þær reglur þó ekki væru þær skráðar í lög. Nafnið er dregið af því að oft fóru hólmgöngur fram á hólum í ám eða vötnum; t.d. á Öxarárhólma við Þingvelli. Ef hólmi var ekki fyrir hendi var hólmgöngusvæðið afmarkað með *véböndum* og tágum; sjá *hasla sér völl*. Talið er að með hólmgöngum hafi verið m.a. skorið úr um deiluefni sem ekki urðu jöfnuð með dómi. Forlagatrú var ríkjandi áður fyrr, og hólmgangen var því nokkurskonar formsatriði til að sjá hvorum væri ætlað að sigra og hvorum væri þar skapaður dauði eða ósigur.

Hólóttur (l) Um landslag; með mörgum hólum. „Stæður eru grasbrekkur og lautir í; hólótt land“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Hólstrýta (n, kvk) Keilulagaður hóll. „Utan til, upp af Stakkaleiti eru frálausar hólstrýtur sem heita Helguhólar. Þarna er álfabústaður, eða var, og ekki hafa þeir tilkynnt flutninginn ennþá“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Hómópati (n, kk) Sá sem stundar óhefðbundnar lyflækningar, m.a. smáskammtalækningar. Hómópati var áður notað yfir þann sem hafði lært til lækninga að einhverju leyti og/eða var hæfastur í sinni sveit til að fást við slíkt. Hómópatar reyndu að eiga til helstu meðul og lækningatæki síns samtíma og til eru sögur af góðum árangri þeirra. Nú er hómópatía staðlað heiti yfir þá sem fást við heilun að einhverju marki, og mega nota lyf að vissum styrkleika. Sjá *smáskammtalækningar*.

Hópsál (n, kvk) Viljalaus einstaklingur sem lætur stjórnast af tíðaranda/almenningsáliti/tísku. „Hvað sem um Kollsvíkinga má segja þá hafa fæstir þeirra getað kallast hópsálir“.

Hór (n, kk) Krókur til að hengja pott yfir hlóðir. Vanalega festur upp í hótré, sem lá milli loftbita í eldhúsi.

Hóst (n, kvk) *Óst*; holan ofan/framan við bringubeinið á mönnum og skepnum. Oftar var talað um óst en hóst í Kollsvík.

Hóstadropar (n, kk, fto) Hóstalyf; hóstameðal; hóstastillandi; mixtúra sem notuð er til að stilla hósta.

Hóstafjandi (n, kk) Skammaryrði um hósta. „Ég er bara alls ekki orðinn góður enn af þessum hóstafjanda“.

Hóstahviða / Hóstakast (n, kvk/hk) Margir hóstar í röð hjá sömu manneskju.

Hóstakjöltur (n, hk) Hósti; lágvær hósti; kjöltur. „Það heyrðist varla neitt í prestinum fyrir hóstakjöltrinu í karlinum“.

Hóstapest (n, kvk) Veikindi með hósta; hósti; *kverkaskítur*. „Ég ætla ekki að smita þig af þessari hóstapest“.

Hót (n, hk) Ögn; lítið eitt. „Það hefur varla gengið hót með heyskapinn þessa rigningarviku“. „Þér ferst ekki að gagnrýna hann, þegar þú stendur þig ekki hótinu betur sjálfur“.

Hóta hörðu (orðtak) Hóta öllu illu; vera með hótanir. „Hann hótaði þeim hörðu ef þeir skiluðu ekki landshlut“.

Hóta (einhverjum) öllu illu (orðtak) Hafa í heitingum við einhvern; *hafa uppi stórheit*. „Karlinn hótaði mér öllu illu ef ég skilaði ekki fótunni *eins og skot*“.

Hótfyndni (n, kvk) *Aulafyndni*; hjákátlegir/lélegir brandarar.

Hótinu skárr/betri (orðtak) Örlítið betri. „Vegurinn er þó hótinu betri utantil á Hálsinum en innantil“.

Hóvika (s) Gefa; víkja einhverju að einhverjum. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Orðsifjasafn telur orðið e.t.v. hafa verið hófvika og hafi merkt í raun að víkja til; færa hóflega úr stað. Hugsanleg skýring er að orðið hafi verið „hofvika“, og hafi að fornu merkt fórnargjöf til hofs; að víkja einhverju að hofi. Einfaldast er þó að líta til þekkts orðs; „hógvika“, sem merkti það sama og hóvika; gefa hóflega/hóglega, og má þá líta til orðsins „hógvær“.

Hraða sér (orðtak) Flýta sér; haska sér; flýta sinni för; koma sér af stað. „Ætli maður verði ekki að hraða sér, til að missa ekki af fundinum“.

Hraðauka (s) Auka mjög hratt. „Hann er að hraðauka sjóinn; ætli við förum ekki bara í land eftir þennan streng“.

Hraðboð (n, hk) Boð sem borin eru á milli aðila með hraða/ í flýti. „Ég fékk hraðboð um að koma strax heim til að aka henni á sjúkrahús“. Sjá einnig *þingboðsöxi*, en rót orðsins gæti legið þar.

Hraðbréf (n, hk) Sendibréf sem þarf að komast hratt milli aðila. „Hvaða hraðbréf er ég hér að fá“? Furðulegt að orðið skuli ekki notað í dag í stað stofnanamálsins „A-póstur“.

Hraðbyri (n, hk) Hraður/góður byr; gott leiði. Heyrist eingöngu í líkingum í seinni tíð; oftast með orðinu „stefna“ á undan: „Ég sé ekki betur en að þetta háttalag sé að stefna fyrirtækinu hraðbyri í gjaldþrot“!

Hraðdýpka / Hraðgrynnna (s) Um sjávardýpi; dýpka/grynnast hratt eftir því sem siglt/róið er. „Við megum ekki leggja utar; hér fyrir framan snardýpkar við marbakkann“. Oftar notað *snardýpka/snargrynnast*. „Farðu nú að slá af; það hraðgrynnir hérna framundan rifinu“.

Hraðétinn (l) Sem fljótlegt er að borða/éta. „Bíddu bara rólegur meðan ég gleypi eitthvað í mig að borða; hann er nú ekki svo hraðétinn þessi harðfiskur“.

Hraðfalla að (orðtak) Um sjávarfall; falla hratt að. „Ég ætla að húa kindunum af skerinu; nú hraðfellur að“.

Hraðfara / Hraðferðugur / Hraðskreiður (l) Sem fer hratt; ör. „Á þessu svæði hefur verið hraðfara landeyðing síðustu áratugin“. „Ekki getur nú báturinn verið mjög hraðskreiður með þessu lagi“.

Hraðferð (n, kvk) Flýtir; asi. „Ertu nokkuð á hraðferð? Ég set upp ketilinn“.

Hraðferðugur (l) Fer hratt um/yfir; fljótur til gangs. „Bíddu ögn! Ég er ekki eins hraðferðugur og þú“.

Hraðfækka (s) Fækka hratt. „Það hraðfækkaði í sveitinni á síðustu áratugum 20. aldar“.

Hraðgengur (l) Um mann/vél; sem gengur hratt.

Hraðhentur (l) *Handfljótur*. „Ég hef ekki séð neinn hraðhentari við *úrgreiðslu*“. Oftar notað handfljótur.

Hraðkólna (l) Kólna hratt í veðri. „Hann er að hraðkólna núna; og hleypur líklega í frost í nótt“.

Hraðkvæður (l) Fljótur að yrkja vísu. „Fáa hef ég vitað hraðkvæðari en hann, en misjafnt var það að gæðum“.

Hraðlestrarblað (n, hk) Blað til prófunar í *hraðlestri*.

Hraðlestrarreinkunn (n, kvk) Einkunn sem gefinn er eftir próf í *hraðlestri*.

Hraðlestrarpróf (n, hk) Próf í *hraðlestri*. Til þessa verkefnis voru notuð sérstök *hraðlestrarblöð* frá Námsgagnastofnun ríkisins“.

Hraðlestur (n, kk) Lestur með miklum hraða. „Í mínu ungðæmi tíðkaðist það að börn væru prófuð í heimahúsum eða skóla áður en að skólagöngu kom. Prófað var í skrift, reikningi, réttitun og hraðlestri. Tveir prófdómarar voru; og fylgdist annar með fjölda á villum og hinn var með skeiðklukku.“

Hraðlyginn (l) Mjög lyginn; vel lyginn. „Hann er nú svo hraðlyginn að hann veit ekki sjálfur hvenær hann segir satt eða lýgur“.

Hraðlæs (l) Les hratt; *fluglæs*. „Yfirleitt voru börn orðin nokkuð hraðlæs þegar þau byrjuðu í skóla áður fyrr“.

Hraðmæltur (l) Talar hratt. „Hann var svo hraðmæltur að ég náði þessu ekki öllu“.

Hraðsigldur / Hraðskreiður (l) Um bát; getur siglt hratt. „Náði hann þeim von bráðar því hans bátur var miklu hraðsigldari en Guðbjörg“ (ÖG; Þokuróður). „Fönix leggur af stað með þrjá báta í togi og er ekki mjög hraðskreiður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hraðstígur / Hraðgengur (l) Gengur hratt; *léttgengur*; góður göngumaður. „Sagt var að Kristján á Grundum hafi verið svo hraðstígur að hann hafi á efri árum gengið af sér tík sína, sem þó var á besta aldri“.

Hraðsuðupottur (n, kk) Pottur með þéttu loki og þrýstiloka á því, þannig að við hitun getur hiti vatns í honum farið töluvert yfir venjulegt suðumark þess. Þessi aukni hiti stýttir suðutímum verulega. Hraðsuðupottar voru nokkuð algengir á heimilum eftir miðja 20. öld en sjást nú varla.

Hraðversna (s) Versna mjög hratt. Einkum notað um veður, sjólag eða færð. „Færðin er að hraðversna á þessum stað; ég átti í hálfgerðu basli á bakaleiðinni“.

Hraðversnandi (l) Versnar hratt; *sortnar* fljótt í *álinn*. „Kindinni fer hraðversnandi af votheysveikinni“.

Hraðvirkur (l) Fljótur að vinna; handfljótur. „Hann er þrýðis verkmaður; bæði hraðvirkur og vandvirkur“.

Hrafl (n, hk) Slatti; slæðingur; dálítið magn. „Dálítið hrafl höfðu menn með sér af bókum (í Verið)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Hrafla saman (orðtak) Skrapa saman; víða að; sópa saman. „Við hröfluðum saman nokkru brenni“.

Hrafn (n, kk) Corpus corvus; svartur stór fugl af ætt hröfnunga; stærstur íslenskra spörfugla; hrææta og ránfugl sem algengur er um allt land. Hrafn getur náð 60-75 cm lengd; tvöfalt stærra vænghafi og nærri 2 kg þyngd. Hrafnar velja sér ódul, og jafnan eru tveir hrafnar á hverjum sveitabæ í byggð. Fæða þeirra er margbreytileg, eftir því sem til fellur; egg og ungar annarra fugla að vori; hildir kinda; hvaðeina sem ætílegt rekur á fjörur o.fl. Hrafnar eiga það til að leggjast á veikburða og varnarlaus lömb um sauðburð; einnig kindur sem farið hafa afvelta eða eru fastar í dýi. Byrjar hann þá að kroppa þó skepnan sé sprellifandi, fyrst í lina hluta s.s. augu og kvið. Samvinna hrafnar og tófu um æti er nokkuð merkileg. Hrafninn er öflugur við að bera egg úr vörpum og klettum og fela þau í miklu magni undir mosatóm og steinum, þar sem þau nýtast jafnt honum og tófunni þegar minna er um æti. Sömuleiðis grefur tófan gjarnan afgang af því sem hún kemst ekki yfir að éta, sem hrafninn er seigur við að finna síðar. Hrafnhjóndur halda saman ævilangt. Hreiður gerir hrafninn sér á óaðgengilegum stöðum í klettum. Oft eru notaður sömu lauparnir ár eftir ár. Þannig er t.d. laupstæði í þakinu á Kofahelli; annað í Strengberginu og þriðja í Núpnum. Hann verpur snemma á vorin; 4-6 eggjum, og koma ungar út eftir u.þ.b. þrjár vikur. Um það leyti er varp hafði hjá öðrum fuglategundum, og fá þeir því nog æti. Hrafninn er óvinsæll í fuglavörpum og má iðulega sjá flokka margskonar fugla á eftir sama hrafni þegar hann er í veiðiferðum. Hrafninn er meinstríðinn og virðist stundum búa yfir meiri leikhæfileikum og gáfum en aðrir fuglar. Gerir hann sér oft að leik að herma eftir hundum, köttum, fallandi steinum, rigningu eða öðru; jafnvel hefur tekist að kenna honum mannamál. Hrafnna má temja sem unga, en þeim hættir til að verða nokkuð frekir og þjófóttir. Ótal skemmtilegar sögur eru sagðar af krumma. Það þykir ólánsmerki að vinna hrafni mein og steypa undan honum eggjum. Er talið að hann hefni sín síðarmeir. En vel kann krummi einnig að launa fyrir velgerðir í sinn garð. Hrafnar safnast saman að hausti, og er það nefnt hrafnþing. Var því trúð að þá væri þeir m.a. að raða sér niður á bæina. Margt er hrafninum eignað í þjóðtrúnni. Þeir sem skilja hrafnamál eru gáfaðri en aðrir, enda fá þeir mikinn vísdom frá krumma. Ef hrafn lætur illa á húspökum má ætla að einhver sé í hættu staddur. Úfinn hrafn veit á illviðri. Vert er að taka eftir því í hvaða átt hrafn flýgur yfir mann, því með því vill hann gefa leiðbeiningar. Válegt er að heryra í nátthrafni, því hann talar röddu framleiðinna. Gall og heila hafns má nýta við ýmiskonar galdra. Hrafnir hefur fækkað í seinni tíð, og er hann nú á válista.

Hrafnablaka / Hrafnablaka (n, kvk) Blað *túnfífls/ætíffífls*. Hrafnablaka er löng og vex blaðið út frá miðjustilknum alveg frá rót til enda hans. Brúnn er gróflega sagtennt, og líklega er nafnið dregið af líkingunni við hrafnsvæng. Bragðið er beiskt, þar sem í blöðunum er fíflamjólks eins og í legg fíflsins. Algengur hrekkur var að laga blöðin til og bjóða öðrum í stað súrblöku/hundasúru; lagið var þá mjög lkt en bragðið ekki. Oftar var orðið notað án ð í Kollsvík, enda virðist það vera réttari og eðlilegri háttur. Í Grasnytjum sínum segir Björn Halldórsson frá Sauðlauksdal árið 1783 að gera megi ágætt salat af hrafnablöku. Það hafi róandi áhrif og „sefi blóðhita bráðlyndra manna“. Þau megi útbúa sem kál og séu þá m.a. „hinn mjúkasti matur fyrir þá menn sem eru sóttlera eða soltið hafa úr hófi svo að þeir þola ei annan almennilegan mat“.

Hrafnagangur (n, kk) Mikill atgangur í hröfnum. „Þarna er einhver hrafnagangur frammi í Mýrum. Skrepptu og gáðu hvort eitthvað hefur farið ofan“.

Hrafnagarg / Hrafnakrunk / Hrafnskrunk (n, hk) Krunk í hrafni/hröfnum. „Skrepptu nú og athugaðu með þetta eilífa hrafnakrunk hérna uppi á Hjöllunum; þeir gætu verið að frýnast í afvelta kind“.

Hrafnager / Hrafnasveimur (n, hk/kk) Hópur af hröfnum á flugi yfir ákveðnu svæði. „Eitthvað finnst mér grunsamlegur þessi hrafnasveimur þarna frammi við Grænukeldu. Ég ætla að röltu og athuga hvort þarna hafi farið ofan“.

Hrafnahjón (n, hk, fto) Par/hjón hrafna. Hrafnahjón halda saman ævilangt, og oftast eru ein á hverjum bæ.

Hrafnahret (n, hk) Illviðrishret sem gerir oft um það leyti sem hrafninn verpir; 9 vikum fyrir sumar.

Hrafnaklukka (n, kvk) Cardamine nymanii. Fjölær jurtt af krossblómaætt; algeng um allt land, einkum í rökum og myrlendum jarðvegi. Stofnblöð eru fjöðruð með heilrendum smáblöðum; blómstrar snemma á vorin. Blómin eru í klasa á toppi stöngulsins; 1-1,5 cm í þvermál; fjórskipt. Krónublöðin eru bleik eða fölfjólublá með dekkri æðum; stundum þó hvít; bikarblöð mun styttri, ljósgræn og oft rauð í endann; fræflar sex með gulhvítar frjóhirsulur. Hrafnaklukkan er algeng um allt í Kollsvíkinni, jafnt í sendnum böllum sem í mómum; einnig í klettahryggjum og til dala. Séra Björn í Sauðlauksdal telur þetta mikla nytjajurt í Grasnytjum sínum 1783: Hún geti eytt holdsveiki, hreinsað blóðið, örvað blóðlát kvenna, drepið ýmsa orma í mönnum, læknað kviðslitna menn og eytt þrota. „Er þá best að seyða jurtina í mysu og drekka síðan“. Jurtin geri þá menn svefnléttu sem hennar neyta. Lækna má vatnssýki með því að saxa hrafnaklukku ofan í öl. Þungaðar konur eru þó varaðar við að neyta hrafnaklukku. Ekki er vel ljóst hversvegna jurtin er kennd við hrafna.

Hrafnamál (n, hk) Krunk hrafna er mjög margbreytilegt; þeir eru góðar eftirhermur og stundum er engu líkara en þeir tali sín á milli. Sumir menn töldust skilja hrafnamál betur en aðrir. Áður fyrir var hrafinn talinn mikill spádómsfugl og tjáði sig jafnt með krunki og hegðun.

Hrafnaspark (n, hk) Mjög ljót skrift. „Það er varla hægt að lesa þetta hrafnaspark“.

Hrafnaping / Hrafnahópur (n, hk) Hópur margra hrafna. Hrafnaping er notað um samkomu margra hrafna, sem einkum er áberandi á haustin. „Á hverju hausti safnast hrafnar saman á hrafnaping. Þá er sagt að þeir raði sér niður á bæina, en tveir hrafnar eru jafnan á bæ“.

Hrafnétinn (l) Sem hrafni hefur kroppað mikið í. „Ærin var töluvert hrafnétin í dýinu, svo ég lógaði henni“.

Hrafnista (n, kvk) Sjómennska; heimur sjómannsins. Einnig nafn á eyju í Þrændalögum, þar sem afi og nafni Kveldúlfs, föður Skallagríms, átti heima. Hrafnistumenn er oft notað í skáldamáli um sjómenn. „Snemma barninu brá/ beint í Hrafnistu átt./ Hafsins hylðýpin blá/ heilluðu sveininn brátt./ Sjö vetra sigldi úr höfn,/ svall honum þráin ung;/ yfir ólgandi dröfn/ á einsigldum færþing“ (JR; Rósarímur).

Hrafnablöð (n, hk) Blöð úr hrafni. „Sagan segir að Steinunn á Sjöundá hafi verið svo kjarklítið barn að til vandræða horfði. Henni hafi þá verið gefið hrafnablöð og að það hafi átt að vera þrjár dropar. Sagan segir að henni hafi verið gefið einum eða tveimur dropum of mikið og *á þann veg* var fengin skýring á því sem seinna kom fram; þessum morðum á Sjöundá. Ég heyrði Vigdís föstru mína tala um þessi mál við aðra gamla konu úr ættinni. Þær voru *þó nokkuð* trúaðar á svona“. (EG; viðtal á Ísmús 1968).

Hrafnsegg (n, hk) Egg hrafns. Hrafninn verpir 4-6 eggjum í laup sinn, snemma vors. Þau eru ljós eða móleit; nokkru minni en hænuegg. Sagt er að þau séu óæt og að hvítan í þeim hlaupi ekki nema þau séu soðin í keytu. Þjóðtrúin segir að ein aðferð til að koma sér upp huliðshjálm sé að taka nýorpið hrafnsegg; sjóða það og setja í hreiðrið aftur. Þegar krummi gefst upp við að klekja því út grefur hann það í jörð, en væri það áður tekið var sagt að huliðshjálmsteinn væri inni í því.

Hrafnshreiður (n, hk) Laupur hrafns. Oftar var talað um hrafnshreiður en laup í Kollsvík.

Hrafnsvartur (l) Biksvartur; svartur og gljáandi. Þó hrafninn sé sagður svartur þá eru fjaðrir hans með sérkennilegum skelplötugljáa, sem gjarnan slær grænleitum blæ yfir.

Hraglandaskítur (n, kk) Hryssingslegt/kuldalegt veður; hvasst með dálítilli úrkomu; oft í formi slyddu eða snjókomu. „Það er hálfgerður hraglandaskítur“.

Hraglandi (n, kk) Dálítill snjócoma eða *rigningarlítingur* í hvössu og oft köldu veðri. „Það er í lagi að heypa fénu út í einhvern tíma þó þessi hraglandi sé“. Talað var um *éljahraglanda*; *rigningarhraglanda*; *snjóhraglanda* og *slydduhraglanda*. Orðstofninn er líklega *hreggur*; þ.e. hvasviðri/illviðri, gjarnan með útkomu. Kann þó að vera *hrekja*, en líklega eru þau orð bæði upprunalega af sama stofni.

Hrak (n, hk) Það sem hrekst undan veðri, vindum og sjógangi. Gjarnan notað í líkingum í seinni tíð. „Hann er að verða hálfgerður hrak í þessu máli eftir að hann missti stuðning sinnar félaga“.

Hraka (s) Versna; vegna verr; fara aftur. „Íslenskufærni barna og ungmenna hefur hrakað stórum í seinni tíð“. „Heldur hefur honum hrakað til heilsunnar“.

Hrakfallabálkur (n, kk) Sá sem lendir iðulega í hrakföllum/ er óheppinn. „Skarstu þig aftur á hnífnum; skelfilegur hrakfallabálkur geturðu verið“!

Hrakfarir / Hrakföll / Hrakningar (n, hk, fto) Áföll; hrakningar; ósigrar; neyð. „Það er óþarfi að hafa þessar hrakfarir í hámmælum“. „Við lentum í bölvuðum hrakföllum þarna í Röstinni“.

Hrakinn (l) A. Illa á sig kominn vegna *vosbúðar*. „Skipbrotsmenn voru, eins og nærri má geta, hraktir og hræddir...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Útigangsféð var orðið töluvert hrakið þegar það náðist“. „Þetta síðasta sumar var votviðrasamt svo varla er munað annað eins jafnlengi. Hey urðu að mestu öll hrakin og urðu sumstaðar til á túnnum“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1955). B. Rekin; fældur í burtu. „Hann kunni því illa að vera hrakinn úr sínu stæði með netin“.

- Hraklega / Hrakmannlega** (ao) Skammarlega; svívirðilega. „Mér fannst þau koma hrakmannlega fram við karlangann“.
- Hraklegur** (l) Smánarlegur; skammarlegur. „Bændur kunnu lítt að meta merkikertið hann Laxness og fóru hinum hraklegustu orðum um skrif þessa uppskafnings“.
- Hrakmenni** (n, hk) Þorpari; þrjótur; úrþvætti. „Og hvað ef Hitler og hans hrakmenni hefðu nú sigrað“?
- Hrakningaferð / Hrakningaferðalag** (n, kvk/hk) Ferðalag með miklum hrakningum. „Ekki var þurr þráður á okkur eftir þessa hrakningaferð“.
- Hrakningsrekstur** (n, kk) Hrakningasamur sauðfjárrekstur. „Ekkert lamb meiddist í þessum hrakningsrekstri, og heim komum við allir ellefu næsta dag“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hrakningssamt** (l) Erfitt vegna veðurs. „Oft voru þessar ferðir nokkuð erfiðar og hrakningssamar, sérstaklega haustferðirnar“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Hraksmán** (n, kvk) Forsmán; skömm; lítilsvirðing. „Það væri nú bölvuð hraksmán að koma í land með öngulinn í rassinum; við skulum keyra aðeins frá“.
- Hraksmánarlega** (ao) Lítilmannlega; skammarlega; nirfilslega. „Verðið fyrir ullina er orðið svo hraksmánarlega lítið að menn nenna ekki lengur að hirða hana“.
- Hraksmáralegur** (l) Skammarlegur; nirfilslegur. „Nokkuð finnst manni þetta hraksmánarlegur endir á annars farsælum ferli þessa þingmanns“.
- Hrakspá** (n, kvk) Ill spá; vondur spádómur. „Vertu nú ekki með þessar bölvuðar hrakspár“!
- Hrakviðri** (n, hk) Óveður; aftakaveður. „Mjög safnaðist í hann (Skútann á Skútahrygg) sauðatað, þar sem kindurnar notuðu hann óspart sem afdrep í hrakviðrum...“ (HÖ; Fjaran).
- Hrakviðrasamur** (l) Umhleypingasamur; illviðrasamur. „Heldur hefur hann verið hrakviðrasamur það sem af er heyskapartíð“. „Ofan á votviðrasamt sumar kom hrakviðrasamt haust“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).
- Hrakviðri** (n, hk) Illviðri; mjög slæmt veður. „Það verður innistaða meðan þetta hrakviðri gengur ekki niður“.
- Hrakyrða** (s) Tala illa um; hreyta ónotum í; skamma; formæla. „Mér finnst ómaklegt að hrakyrða hann fyrir að svona fór; hann reyndi það sem hann gat til að afstýra því“.
- Hrammur** (n, kk) Stór hendi/greip; stór fótur með klóm; gæluorð fyrir hendi. „Leyfðu mér að sjá á þér hrammana; heyrðu, þetta er engin þvottur drengur; farðu og skolaðu betur af þér skítinn“!
- Hranalegur** (l) Skömmóttur; reiðilegur; stuttur í spuna. „Mér fannst hann dálítið hranalegur“.
- Hrapa að** (orðtak) Álykta í fljótfærni. „Við skulum nú skoða þetta vel og ekki hrapa að neinu“.
- Hrapaður** (l) Fallinn úr björgum/klettum. „Jón kom ekki aftur og fór þá vinur hans einn að leita hans og kom ekki aftur fyrr en um kvöldið með þær fréttir að hann hefði fundið Jón Thorberg hrapaðan undir Björgunum og hefði hann borið hann í útihlöðu“ (JVJ; Nokkrir viðtættir).
- Hrapalega** (ao) Slysalega;hörmulega. „Honum tókst alveg hrapallega til með prófið“.
- Hrapalegur** (l) Slæmur; slysalegur; hörmulegur. „Þetta er einhver hrapalegur misskilningur“.
- Hraphætt** (l) Hætt við að hrapa. „Óvönu fé er töluvert hraphætt á Hlíðunum“.
- Hrappur** (n, kk) Skúrkur; þrjótur; óvandaður/hvinnskur maður. „Náði hann að bíta frá mér vasahnífum, *bennvaður* hrappurinn“?!
- Hrasa** (s) Detta; hnjóta; falla. „Taktu nú þetta drasl af gangveginum svo enginn hrasi um það“!
- Hrasa að (einhverju)** (orðtak) Um ákvörðun/skoðanamyndun. „Ég ætla nú að hugsa þetta aðeins betur; það er óráðlegt að hrasa að neinu í svona málum“.
- Hrasgjarn** (l) Hrösull; dettinn; hættir til að hrasa. „Eftir veikindin hefur hann verið dálítið hrasgjarn“.
- Hrat** (n, hk) Föstu efnin í beri; hýði og fræ, sem verða eftir þegar *saftað* er, eða berið tuggið.
- Hrata** (s) Hrasa; hrapa. „Ég hrataði um stein og fékk skeinu á höfuðið“ „...þá kom það fyrir suma þá sem hér áttu leið um að hrata fram af hjöllum í villum...“ (MG; Látrabjarg).
- Hratgrautur** (n, kk) Grautur sem bragðbættur er með berjahluti. Ekki gerður í Kollsvík í seinni tíð, en um hann var rætt.
- Hratsía** (n, kvk) Grisja sem notuð er til að sía saft í gegnum þegar gerð er saft úr berjum. Berin eru þá marin/hökkuð í graut og hratið síað úr. Hratsían var síðan hengd yfir íláti um tíma meðan öll saft draup úr henni. Á síðari tímum var notuð sérstök saftpressa á rafmagnshrævivél.

Hratti (n, kk) Bára við land; þó ekki svo mikið brim að ólendandi sé.

Hraukur (n, kk) Hruga; haugur. „Mónum var staflað í hrauka til þurrkunar“

Hraun / Hraunkargi / Hraunbotn (n, hk, kk) A. Grýttur hafsbotn. „Það er oft ágæt veiði hér suður á hrauninu, en hætt við festum“. Einnig *kargi* og *kargahraun* í sömu merkingu. B. Storknað berg frá eldgíg.

Hraunafláki (n, kk) Stórt hafsvæði með grýttum botni.

Hraunblettur (n, kk) Lítið hafsvæði með grýttum botni.

Hraunfast (l) Fast í grýttum botni. „Nú er annaðhvort stórlúða á færinu, eða það er kyrfilega hraunfast“.

Hraunfesta (n, kvk) Botnfesta færís. „Hér er bölvður *kargabotn* og hætt við hraunfestum“.

Hraunkantur (n, kk) Jaðar *hraunbotns*/grynninga á hafsbotni.

Hraunmið (n, hk, fto) Fiskimið þar sem *hraunbotn* er.

Hraunóttur botn (orðtak) Grýttur botn. „Þarna þarf að taka gott *grunnmál*, því botn er hraunóttur“.

Hraustlega (ao) A. Með miklu afli/ miklum líkamsstyrk; vasklega. „Samtaka nú; tókum hraustlega á þessu“! B. Mikið; drjúgt. „Hann tók við flöskunni og saup hraustlega á henni“.

Hraustlegur (l) A. Sterkbyggður; vöðvamikill. B. Við góða heilsu; hressilegur. C. Mikill drjúgur. „Nú þarf ekki nema einn hraustlegan byl til að vegurinn lokist kyrfilega aftur“.

Hraustleikanáungi (n, kk) Hraustur/öflugur maður; hreystimenni. „Ekki veit ég hvað þessi nýi háseti heitir, en þetta virðist hinn mesti hraustleikanáungi“.

Hraustleikaskepna (n, kvk) Öflug/hraust skepna. „Ég kalla þessa tvævetlu nokkra hraustleikaskepnu ef hún hefur hjarað yfir veturinn á þessum stað“.

Hraustmenni (n, hk) Mjög hraustur/þolinn maður. „Kom sérr þá vel að hann var hraustmenni hið mesta“.

Hráablettur (n, kk) Blettur á fiski sem hráí/marflo hefur byrjað að éta.

Hráabragð (n, hk) Bragð af illa soðnum mat. „Það er dálítið hráabragð af þessum fiski“.

Hrááétinn / Hráétinn (l) Fisk- eða fuglshræ sem marfló hefur étið allt hold úr. „Við látum ekki net liggja lengi á þessum miðum; hér er allt hrááétið á skömmum tíma“. „Grásleppan í þessum netum var öll meira og minna hráétin, eftir þessa löngu legu“.

Hráagryfja (n, kvk) Staður á miðum þar sem mikið er um hráa/marflo. „Það þýðir ekkert að leggja hér grynna á Bótinni; það er bölvuð hráagryfja“.

Hráalegur (l) Líkt og illa matreiddur. „Skelfing var hann hráalegur þessi fiskur á veitingahúsinu“.

Hráalæpa / Hrákvikindi / Hráarusl / Hrááýlda (n, kvk/hk) Heiti á grásleppu í neti sem hráí/marflo hefur lagst á og eyðilagt. „Hér er hver hráalæpan við aðra; hér leggjum við ekki aftur“! „Netin voru illa farin eftir norðanáhlaupið; upprúlluð og stoppuð af hrááýldu“.

Hráaveita (n, kvk) Mikið/haugur af hráa. „Blessaður hentu þessum fiski strax útfyrir; hann er ekkert nema hráaveita“!

Hráblautur (l) Mjög blautur og kaldur/fráhrindandi viðkomu. „Það var *ekki um annað að gera* en snara sér aftur í hráblautan stakkinn og hjálpa þeim við að bjarga bátum“.

Hrágúmmi (n, hk) Gúmmi sem ekki hefur verið gert að varningi. Fyrir kom ádufyrri að á Láganúpsfjöru rak böggul af hrágúmmi.

Hrágúmmisóli (n, kk) Sóli á skófattaði, gerður af mjúku gúmmi. Mörgum þótti skór með hrágúmmisólum betri en aðrir skór til klettaklifurs, enda voru þeir mun stamari á berginu.

Hrái (n, kk) Marfló. „Þorskur í netunum er fljótt étinn af hráa“.

Hrákablautur (l) Mjög blautur/votur. „Það er vonlaust að setja heyið svona hrákablautt í gryfjuna. Við látum síga af því á vagninum framá seinnipart dagsins“.

Hrákaslumma (n, kvk) Hrákaskammtur. „Ekki vildi betur til en tóbakslituð hrákaslumman lenti á karlinum og klesstist öðrumegin á gleraugun. Reyndar sögðu sumir að vel hefði verið miðað“.

Hrákaslydda (n, kvk) Blaut slydda; slydduél sem bleytir fatnað og fænað. „Það þýðir ekkert að hafa féð úti í þessari hrákaslyddu“!

Hrákasmíð / Hrákasmíði (n, kvk) Hrófatildur; léleg smíði. „Þessi kofi er nú ljóta hrákasmíðin“.

Hrákavinnubrögð (n, hk, fto) Slæm vinnubrögð; illa unnið verk. „Þarna hafði hefilstjórinn bara rutt í gegn án þess að ganga frá mokstrinum útfyrir kant. Ég hef sjaldan séð slík hrakavinnubrögð við mokstur“!

Hráki (n, kk) A. Munnvökvi; slím sem spýtt er úr munn. B. Í líkingum um lélegt efni eða lélegan smíðisgrip; hrákasmíði. „Þetta er handónýt skyrta sem ég keypti; ég hef sjaldan séð þvílíkan andskotans hráka“!

Hráskinn (n, hk) Óverkað skinn; blaut húð af grip. „Þú þarft að þurrka úpuna, hún er eins og hráskinn“.

Hráskinnslægur (l) Blautur og kaldur viðkomu, líkt og hráskinn. „Úlpan var ári hráskinnslæg þegar ég fór aftur í hana“.

Hráskinnsléikur (n, kk) Upphaflega leikur, þar sem menn togduðust á um hráskinn. Síðar notað um togstreitu/deilu þar sem gjarnan er beitt brögðum/ óheiðarlegum aðferðum. Sjá *pokadráttur* og *vermannaleikir*.

Hráslagagjóstur / Hráslaganaeðingur (n, kk) Kaldur og rakur vindur, jafnvel með dálitlum rigningarslítingi eða slyddu; kaldur gegnumtrekkur í húsi. „Búðu þig almennilega; það er kominn árans hráslagagjóstur“.

Hráslagalegur (l) Kalt og rakt í veðri. „Það er kvöld; orðið lágskýjað, og hráslagalegur vindur slítur úr þeim skvettur og slengir framan í þann sem í heimsku sinni ætlar að gá til veðurs úti á hlaði“ (PB; Lesbók Þjóðv.)

Hráslagi (n, kk) Kalt rakaloft; raki; slagi. „Ætlarðu að æða svona illa búinn út í þennan hráslaga“? „Þótt úti nauði hráslaginn er hlýtt í Kollsvíkureldhúsinu í kvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík).

Hrátjara (n, kvk) Tjara var fyrrum nýtt á margvíslegan hátt. Hún var einkum af tvennum toga; annarsvegar koltjara sem unnin var með þurreimingu kola, og hinsvegar hrátjara sem unnin var á sama hátt úr viði. Hrátjara var notuð til að fúaverja við og smíði, s.s. báta; einnig til að vatnsverja fatnað. Þá var hún einnig notuð sem áburður og í meðöl.

Hráviði (n, hk) Dreif; á við og dreif. Upphaflega e.t.v. notað um rekavið á fjöru. „Þvotturinn hefur fokið af snúrunni og er eins og hráviði upp alla Flötina“.

Hreða (n, kvk) A. Él; skúr; *skulfa*; hryðja; lota. „Nú syrtir að með eina hreðuna enn“. „Þá er búin þessi hreðan í slátruninni“. B. Áfall; slys. „Þetta var fyrsta hreðan sem ég man eftir“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Hreðka (n, kvk) *Radisa*; *Raphanus sativus*; lítill rótarávöxtur sem ræktaður er til manneldis. Hnýðið er nær hnöttott að lögun, ofast rautt; fremur beiskt á bragðið en safaríkt. Geymist ekki vel, fremur en næpa. Hreðkur voru nokkuð ræktaðar við bæi í Rauðasandshreppi á 20. öld, ásamt rófum, næpum, gulrótum o.fl.

Hreðugangur (n, kk) Hrakfarir; áföll. „Var hann aftur að slasa sig? Skelfilegur hreðugangur er þetta á mannum“!

Hreðugjarn (l) Hættir til að lenda í hreðum/áföllum. „Skelfing geturðu verið hreðugjarn, greyið mitt“.

Hregg (n, hk) Illviðri með slagveðursrigningu eða slydduéli. „Austanvindar endast oft með hreggi og þar af er komið máltækið; oft kemur óveður í endaðan þey“ “ (BH; Grasnytjar).

Hreggbarinn (l) Veðurbarinn; hefur verið í *illviðri*. „Hann komst við illan leik af fjallinu; æði hreggbarinn“.

Hreggkaldur / Hreggsvalur (l) Um *nepju*/ kaldan vind. „Ári er hann hreggkaldur; ég held ég setji nú upp dembúlinn“.

Hreggnesi (n, kk) Klettanef sem gnæfir þar sem vindasamt er. Hreggnesi er örnefni á slíku nefi í norðari enda Hnífa. Margir Hreggnasar eru á Íslandi, þar af nokkrir í Rauðasandshreppi, en enginn þeirra hefur tvö e í nafni sínu nema sá í Kollsvík og annar á Naustabrekku. Án þess að fullyrt sé um hvor hátturinn sé upprunalegri, virðist hér vera um einstaka málvenju að ræða. „Milli Breiðabáss og Fullsælubáss er klettabrík. Svo er Hreggnesi; klettanef á bersvæði, sem nærir mikið um og sjóarlöðrið eða gufan gengur upp að“ (Ól.Sveinss; Örn.skrá Naustabrekku).

Hreggur / Hreggviðri (n, kk/hk) *Stormur/óveður*, ofast með einhverri úrkomu; snjóéli eða rigningu. Heyrðist stundum sjálfstætt en meira notað í samsetningum; *hreggbarinn*. *Hreggnesi* er örnefni í Láganúpslandi; klettanef þar sem Hnífarnir hafa lækkað mjög, vestan Brunnsbrekku. Af heitinu er líklega dregið heitið *hraglandi* (sjá þar).

Hreiðra sig (orðtak) Um fugla; gera sér hreiður. „Kollan er farin að hreiðra sig“.

Hreiðra um sig (orðtak) Koma sér fyrir til dvalar. „Hann hreiðraði um sig í hlöðuendanum; úti við töðugatið“.

Hreiðurfugl (n, kk) Fugl sem á hreiður; fugl sem liggur á eggjum. „Það er hætt við að hreiðurfuglar *yfirgefi* margir, þegar blotnar svona í mýrinni“.

Hrein er hundstungan (orðatiltæki) Því var almennt trúað að fátt væri hreinna en tunga hunds, og því var skaðlaust að leyfa hundi að sleikja innan matarlát og hreinsa sár. Fræðimenn samtímans munu ekki vera sammála þessu að öllu leyti. Sjá einnig; *hundstungan graðir en kattartungan særir*.

Hreinalygi / Hreinakjaftæði / Hreinapvæla / Hreinapvættingur (n, kvk/hk/kk) Algerlega ósatt; ekki minnsti fótur fyrir; algert bull. „Þessi flugufregn reyndist hreinalygi, við nánari athugun“. „Það er bara hreinapvæla að hann eigi einhvern þátt í þessu“!

Hreinasannleikur (n, kk) Fullkominn sannleikur; staðreynd að öllu leyti. „Ekki ætla ég að dæma hvort þetta er allt hreinasannleikur sem þarna stendur“. Líklega dregið af *hreinasatt*.

Hreinasatt (l) Dagsatt; alveg satt; staðreynd. „Ekki veit ég hvort þetta var allt hreinasatt hjá honum, en einhver fótur var nú fyrir því“. „Þetta er alveg hreinasatt sem ég er að segja þér“!

Hreinlæti (n, hk) Misjafnt hefur líklega verið í gegnum tíðina hvernig hreinlæti hefur verið viðhaft, jafnt í Kollsvík sem annarsstaðar. Þó er ljóst að jafnvel vermann, sem þó bjuggu ekki við góða hreinlætisaðstöðu, hafa gert sitt besta í þeim efnum. „Flestir munu hafa gætt þess hreinlætis að loknu dagsverki að fara með handklæði og sápu til lækjar og þvo þar hendur og andlit. Síðan var gengið til búðar; neytt fiskmáltíðar og drukkið kaffi með einhverju brauðmeti“ (KJK; Kollsvíkurver).

Hreinhvít (l) Oftast notað um kind; alveg hvít; mjallhvít. „Ég veit ekki hvort lambið verður alveg jafn hreinhvitt og móðirin“.

Hreinkast (s) Verða hreinni. „Féð var orðið dálítið sölugt á innistöðunni, en það var fljótt að hreinkast þegar unnt var að beita því meira“.

Hreinkemba (s) A. Kemba kýr eða öðru dýri þannig að allir skítakleprar, laust hár og annað lauslegt fari af. B. Í afleiddri merkingu um svæði; *hreinleita*; leita af sér allan grun.

Hreinleita (s) Leita af sér allan grun; leita allsstaðar. „Kindurnar geta ekki verið í Vatnadalnum; ég er alveg búinn að hreinleita þar“.

Hreinn til hafsins (orðtak) Glenna/glampi/ljós/ /eyddur/bjartur til hafsins. Norðanátt í aðsigi, sem lýsir sér fyrst með því að ský hverfa í norðri og heiðskír blettur sést fyrir Blakkinn, ofanvið hafsbrún.

Hreinnmjólka (s) Hreyta/totta alla mjók úr júgri kýr; mjólka kú að fullu, þannig að ekkert sé eftir í júgrum. „Það er mikilvægt að hreinnmjólka, svo júgurbólguþjandinn gjósi ekki upp aftur“.

Hreinmoka (s) Moka/hreinsa að fullu. „Þeir stungu í gegnum ófærðina með heflinum á úteftirleiðinni, en ætla svo að hreinmoka á leiðinni inneftir“. „Ég létti aðeins undir fjárhúsgrindunum núna, en hreinmoka í vor“.

Hreinmokað (l) Búið að *hreinmoka*. „Það er ekki alveg hreinmokað í Dalum, en þetta er orðið bilfært“.

Hreinrakað (l) Um hey/gras á jörð; alveg/vel rakað. „Mér finnst ekki nógu hreinrakað eftir þessa rakstrarvél“.

Hreinræktaður (l) A. Um lífveru, t.d. sauðkind, nautgrip eða hund; ræktaður í margar kynslóðir til að ná fram eftirsóttum eiginleikum. B. Líkingamál; algjör; fullkominn. Ofti í neikvæðri merkingu: „Þetta er auðvitað hreinræktaður *aulaháttur*“!

Hreinsa (s) A. Þrifa óhreinindi. B. Moka/skafa/ryðja vegi. „Það er búið að hreinsa af Fjörunum“. C. Skilja bein og roð frá fiski áður en hann er borðaður. „Ég er búinn að hreinsa fyrir strákin“.

D. Þrifa skít úr netum. „Það verður *handtak* að hreinsa eftir þennan norðanvelting“. E. *Hreinsmala*. „Það er búið að hreinsa á Dölunum, en eftir að fara niður á Stíg og í Lambahlíð“.

Hreinsa net / Hreinsa úr netum (orðtak) *Reyta úr netum*; tína þara og annan ófögnuð úr netum áður en þau eru lögð að nýju. Oftast eru net hreinsuð úti á miðum nú til dags, en áðurfyrr voru þau oft tekin í land og gripið í að hreinsa þau inná milli annarra verka.

Hreinskafinn (l) Alveg skafinn/hreinsaður. „Selskinnið þarf að vera hreinskafið áður en það er spýtt“.

Hreinskilnislega (ao) Í hreinskilni; af einlægni. „Ég sagði honum bara hreinskilnislega að ég væri hætstur“.

Hreinskrúbba (s) Skrúbba/þrifa þar til hreint er. „Ég er búinn að hreinskrúbba hrognasigtid“.

Hreinskrúbbaður (l) Búið að hreinskrúbba. „Þá held ég að þú sért orðinn ballfær; svona hreinskrúbbaður“!

Hreinsmala (s) Smala að fullu; hreinsa. „Ég held að Breiðavíkin sé alveg hreinsmöluð núna“

Hreinsunarróður (n, kk) Róður í þeim tilgangi að hreinsa þara og annan skít úr netum eftir brælu. „Ég held að þetta verði nú aðallega hreinsunarróður hjá okkur núna“.

Hreinsun (n, kvk) Aðgerð til að gera hreint; þvottur; söfnun úrgangs/afganga. Notað m.a. um hreinsmölun; um túnahreinsun og um hreinsun skíts úr netum.

Hreint (ao) Áhersluliður; oft aftan við önnur atviksorð: „Alveg hreint er þetta með ólíkindum“. Vertu nú ekki alltaf hreint að stríða bróður þínum“. Stundum á undan orðinu: „Þetta er hreint ótrúleg saga“.

Hreint og beint (orðtak) Beinlínis; alveg; algerlega. „Þetta getur hreint og beint verið lífshættulegt“!

Hreint og klárt (orðtak) Alveg; fullkomlega; að öllu leyti. „Þetta finnst mér hreint og klárt ósanngjarn“!

Hreint út sagt (orðtak) Í fullri hreinskilni. „Hreint út sagt er ég orðinn leiður á þessu“.

Hreintína (s) Taka öll egg á tilteknu svæði. „Við náðum ekki að hreintína á Höfðanum, en tókum það mesta“.

Hreintint (l) Um svæði; búið að hreintína. „Það verður aldrei hreintint af álku á Urðunum“.

- Hreinþvegin** (l) Um fjöru; án þara til beitar. „Féð hefur lítið í fjöru núna; hún er hreinþvegin eftir brimið“.
- Hreistra** (s) A. Verða hreistraður; með harða, hreisturkennda/flagnandi húð. B. Skafa hreistur af fiski, oftast þá grófhreistruðum s.s. ýsu.
- Hreistraður** (l) Um fisk eða aðra skepnu; með hreistur á húð. „Flest sjóskrímsli eru sögð vera hreistruð, en skeljaskrímsli er þakið skeljum“.
- Hreistrugur** (l) Ataður í fiskihreistri. „Ég var allur hreistrugur eftir aðgerðina“.
- Hrekja** (s) Láta stjórnast af ofviðri o.þ.h. „Féð hrakti í skurðinn undan rokinu“. „Skútuna hafði hrakið suður með öllum fjörðum undan ofviðrinu, og hún svo strandað í básnum“. Orðið kann a vera skylt heitinu *hreggur*, og mynda þannig stofn að orðinu *hraglandi*.
- Hrekjaður** (l) Oft orðið fyrir hrekk/áfalli og er því var um sig. „Ég ek alltaf varlega fyrir skriðuna; maður er orðinn hrekjaður á þessu eilífa grjóthruni sem þar er“.
- Hrekjabragð** (n, hk) Grikkur; hrekkur. „Þetta var óþverralegt hrekjabragð“!
- Hrekjaeðli / Hrekjanáttúra** (n, kvk) *Hrekjavit*; stríðni. „Það er alltaf stutt á *béans ekkesens* hrekjanáttúruna í honum“. „Alltaf er sama hrekjaeðlið í hrafninum“. Hrekjanáttúra mun meira notað.
- Hrekjalómur** (n, kk) Sá sem er gjarn á að hrekja; hrekkisvín. „Hrekjalómarnir í Kollsvíkurveiri fundu upp á ótrúlegustu tiltækjum í landlegum“.
- Hrekjavit** (n, hk) *Hrekjanáttúra*; stríðni. „Hrekjavitið bregst honum ekki, þó kominn sé á gamalsaldur“.
- Hrekjósttur** (l) *Hrekkvís*; *bekkin*; stríðinn. „Bjarni var hrekjósttur og gamansamur“ (IG; Sagt til vegar II).
- Hreklaus** (l) Laus við að hrekja; *grandvar*; heiðarlegur. „Hún var sannorð hreklaus og naut mikils trausts“.
- Hrekkvís** (l) *Hrekjósttur*; *meinstríðinn*. „Hann átti það til að vera ansi hrekkvís“.
- Hrekkvísi** (n, kvk) Meinsemi; illkvittni. „Hrafninn tindi allan sauminn úr pakkanum af tómri hrekkvísi“.
- Hrella af** (orðtak) Taka af; rýra. „Ég ætlaði að biðja þig um að lána mér örlítið af salti en ég sé að þú ert svo tæpur sjálfur að ég vil nú ekki vera að hrella neitt af því“.
- Hrella af beinum** (orðtak) Kroppa hverja einustu matarögn af físi- eða kjötbeinum. Sumir lögðu sig mjög fram í þessari list og mátti heita að ekki væri örðu að finna á þeim beinum sem þeir höfðu hrellt. Fyrrum þótti skömm að því að vinna ekki vel að mat sínum, þ.e. henda því sem matarkyns var á beinum.
- Hrelldur** (l) Mjög hnugginn; skelfingu lostinn. „Maður hlustaði hrelldur á yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar“.
- Hrelling** (n, kvk) Hryllileg/ógnvekjandi reynsla; hræðsla; hrakfarir. „Hann var tíma að jafna sig á hrellingunum“.
- Hremmingar** (n, kvk, fto) Ófarir; hrakningar. „Byggð nærri útverum slapp mun betur frá hremmingum fellíára og hallæra en annar landslýður“.
- Hreppa** (s) Fá á sig; verða fyrir. „Mun þetta mesta áhlaupsveður af norðri er smábátar á þessum slóðum hafa hrepp“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Hreppa hnoss** (orðtak) Hjóta vinning/ það sem sóst er eftir. „Margir höfðu *gert hosur sínar grænar* fyrir henni, og því kom þessi *ráðahagur* nokkuð á óvart“.
- Hreppaflutningar** (n, kk, fto) Nauðaflutningur fátækra úr einum hreppi í annan á fyrri tíð. Sjá *manneldi*. Nú oftast notað um það þegar menn neyðast til að flytja milli landshluta vegna slæmra búsetuskilyrða og aðbúnaðar.
- Hrepparígur** (n, kk) Metingur/rígur á milli hreppa, samfélaga eða svæða. Hrepparígur hefur líklega fylgt mannkyni allt frá dögum fyrstu ættarsamfélaga og birtist með ýmsu móti. Hver hefur jafnan betri skilning og taugar til síns samfélags og dregur taum þess umfram annarra, auk þess sem vera kann munur á venjum og siðum milli svæða. Hrepparígur milli Rauðasandshrepps og nágrannahreppa risti sjaldnast djúpt, en hans varð þó vart með ýmsu móti.
- Hreppsnefnd** (n, kvk) Nefnd sem kosin er af hreppsþúum í almennum kosningum á fjögurra ára fresti, til að fara með stjórnun á málefnum og fjárhag hreppsins. Í Rauðasandshreppi var alltaf þriggja manna hreppsnefnd.
- Hreppsnefndaroddviti** (n, kk) Oddamaður hreppsnefndar, og sá sem hún velur sem formann sinn á fyrsta fundi eftir kosningar. Oftast stýtt í *oddviti*. „Þann 17.apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar árásar í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).
- Hreppsvegur** (n, kk) Vegur sem kostaður er af sveitarsjóði. Við upphaf vegalagningar í Rauðasandshreppi skiptust vegir í hreppsvegi, sýsluvegi og þjóðvegi.

Hreppsvegagjald (n, hk) Gjald sem fyrrum var innheimt til sveitarsjóðs til að standa undir kostnaði við hreppsvegi. „Hreppsvegagjald samkvæmt niðurlögum, kr. 680“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1943).

Hreppur (n, kk) Sveitarfélag; stjórnsýslueining afmarkaðs landshluta, með sjálfstæðan fjárhag, tiltekna verkefnaskýldur og allnokkra sjálfstjórn innan ríkisvaldsins. Líklega hafa hreppar myndast í upphafi þjóðveldisaldar; fljótlega eftir að landið var að mestu fullnumið, eða jafnvel um leið og landnám átti sér stað. Fyrstu hreppar hafa líklega lotið að sameiginlegri hagsmunagæslu íbúa; fátækraframfærslu; samvinnu um smölun og réttir og val á öflugum leiðtoga/talsmanni. Fyrstu heimildir um hreppa eru í Grágásarlögum (930-1271), en það er fyrst við kristnitöku og setningu tíundarlaga að allvel er um þá vitað. Hver hreppur var þá landfræðileg heild, óháð þinga-, goðorða- og dómaskipan. Í hverjum hreppi skyldu að jafnaði búa minnst 20 þingfararkaupsbændur; þ.e. bændur sem áttu minnst eitt kúgildi fyrir hvern heimilismann. Hreppsþúar kusu fimm sóknarmenn á einmánaðarsamkomu til að stýra málum hreppsins og sækja til saka þá sem brutu gegn hreppsamþykktum. Eftir kristnitöku nefndust sóknarmenn hreppstjórar og enn síðar hreppsnefndarmenn. Hreppsþúar var skylt að sækja eða senda fulltrúa á þrjár samkomur; einmánaðarsamkomu; eftir vorþing og um veturnætur. Á haustsamkomu skyldu menn telja fram eignir sínar og síðan greiða tíund fyrir Marteinsmessu (11.nóv). Hreppstjórar skiptu tíundum í fernt og fékk hreppur einn hluta, svo og allar tíundir undir sex álfnum (þurfamannatíund). Hreppstjórar lögðu á manneldi og matargjafir og skiptu því og þurfamannatíund milli fátækra. Þeir höfðu einnig oft umsjón með kristfé. Þeir lögðu á þingfararkaup og sáu um einnheimtu konungsskatts eftir Gamla sáttmála. Hver maður skyldi eiga lögheimili hjá hreppsþúna. Þeir sem settust að í hreppi án leyfis frá einmánaðarsamkomu voru ekki viðurkenndir hreppsmenn og nutu ekki aðstoðar. Hreppsmenn gátu kvatt til hreppsfunda, t.d. ef á þá var settur ómagi ólöglega. Hreppsþúar sýnu um fjármörk, fjallskil, réttir, eyðingu refa og höfðu umsjón með vegum og lögferjum. Yrði hreppsþúna fyrir þeim skaða að missa fjórðung nautgripa eða meira skyldu aðrir hreppsþúar bæta að hálfu hlutfallslega og að vissu marki. Hús voru einnig í slíkri sameiginlegri brunatryggingu að vissu marki. Með Jónsbók voru hin fornu hreppamörk lögfest. Hreppasamkomur urðu að hreppstjóraþingum að vori og hausti og hreppar að þinghám, þar sem sýslumenn tilnefndu dóma í innanhreppsmálum. Eftir að landinu var skipt í sýslur urðu hreppstjórar umboðsmenn sýslumanna. Hreppsnefndarmenn urðu víðast 3-5 eftir siðaskipti og komst sú venja á að þeir væru valdir af sýslumönnum á manntalsþingum. Það var þó ekki algilt og er vitað að Vestfirðingar héldu löngum í þann sið að kjósa sjálfir sínar hreppsnefndir. Árið 1809 var gefið út svonefnt hreppstjórainstrúx með ítarlegum ákvæðum um stjórnun hreppa, og gildi það til 1809. Með því var sjálfstæði hreppa afnumið, hreppstjórum fækkað og þeir urðu ríkisstarfsmenn. Eftir þann tíma komust á hreppsnefndir í líkingu við það sem enn tíðkast. Á síðari tímum hafa verkefni og tekjumynstur sveitarfélaga tekið nokkrum breytingum, og hefur verið viðvarandi meiningarmunur milli ríkis og sveitarfélaga um þau mál.

Engar heimildir eru um tilurð Rauðasandshrepps til forna. Landnáma greinir svo frá: „Ármóður hinn rauði nam Rauðasand.... Þórólfur Spörr kom út með Örlýgi og nam hann Patreksfjörð fyrir vestan og Víkur fyrir vestan Barð, nema Kollsvík. Þar bjó Kollur fóstbróðir Örlýgs. Þórólfur nam og Keðlavík fyrir sunnan Barð og bjó að Hvallátrum. Þorbjörn tálkni og Þorbjörn skúma... namu Patreksfjörð hálfan og Tálknafjörð allan til Kópaness“. Þórólfur og Þorbirnirnir voru á skipi Kolls er það strandaði á Arnarboða, og til þess skers má því rekja landnám í hreppnum. Líklega hefur fljótt fjölgað í hreppnum og þessir fyrstu jarðeigendur hafa látið af sínum eignum til stofnunar nýbýla sem um aldir hafa verið rötgrónar jarðir í hreppnum. Um leið hafa þessir frumbyggjar stofnað hreppa, í líkingu við þá sem annarsstaðar voru að fæðast og með vísan til norskrar hreppaskipunar. Beint hefur legið við að afmarka Rauðasandshrepp við skagann milli Breiðafjarðar og Patreksfjarðar og strandir Patreksfjarðar framá Tálknatá; enda hafa þá nægilega margir bændur verið þar sestir að til að halda uppi sveitarfélagi. Hreppurinn bjó vel að auðlindum til lands og sjávar, með góðum beitarlöndum, nægilegu láglendi, góðum bæjarstæðum og mjög góðri aðstöðu til útræðis í Útvíkum; nærri gjöfulem fiskimiðum. Með hreppamörkum um Stálfjall, Skarðabrúinir, Kleifaheiði og háeggjar NA Patreksfjarðar var minnst hætta á samgangi við fé af öðrum svæðum, sem auðveldaði fjallskil, en einnig tryggðu slík mörk þokkalega félagsheild. Þessi hreppamörk héldust óbreytt allt til ársins 1907, þegar Eyrar voru gerðar að sjálfstæðum hreppi útúr Rauðasandshreppi; Patrekshreppi. Þá hafði íbúafjöldi á Eyrum mjög aukist með aukinni skútu- og síðar togarátgerð og verslunarrekstri. Á sama tíma dró úr útræði í Útvíkum og fækkaði á bæjum í Rauðasandshreppi með aukinni vélvæðingu. Rauðasandshreppur hélst sem blómleg byggð og sjálfstæður hreppur allt til ársins 1994, en þá var stjórnsýslueiningin sameinuð öðrum í V-Barðastrandasýslu í sveitarfélagið Vesturbyggð. Á þeim tíma og eftir það var byggð í Rauðasandshreppi mjög á fallanda fæti, og nú (2017) eru einungis um 10 bæir í byggð, þar af búskapur á þremur; allt útræði er aflagt í atvinnuskyni. Engu að síður heldur Rauðasandshreppur enn sínu nafni; enda á örnefnið ekki að gjalda fyrir stundarhagsmunum í stjórnsýslu.

Hreppsþú (n, kk) Íbúi í hreppi. „Hreppsþúar í Rauðasandshreppi hafa eflaust vald til að stofna sjálfstætt sveitarfélag aftur ef þeir hafa vilja og forsendur til, enda var hreppurinn aldrei lagður niður nema á pappír“.

Hreppsfundur (n, kk) Fundur haldinn að frumkvæði forráðamanna hrepps, oftast til að ræða tiltekið málefni. „Almennur hreppsfundur, haldinn í Fagrahvammi, samþykkir eftirfarandi...“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).

Hreppsnefnd (n, kvk) Fámennur hópur fólks sem valið er til að stýra málefnum hrepps; fjármálum, fjallskilum, forðagæslu, skólamálum og öðru. Í Rauðasandshreppi var jafnan þriggja manna hreppsnefnd. Einn hreppsnefndarmanna er oddviti, og er hann starfsmaður/framkvæmdastjóri hennar. Össur Guðbjartsson á Láganúpi var lengi oddviti Rauðasandshrepps, eða þar til hann veiktist alvarlega. Nokkrum árum síðar var hreppurinn sameinaður öðrum hreppum í sveitarfélagið Vesturbyggð.

Hreppssamfélag (n, hk) Samnefni yfir íbúa í tilteknum hreppi. „Rauðasandshreppur hefur orðið fyrir miklum búsisfjum af heimskulegum stjórnunarháttum í nútímaþjóðfélaginu. Þetta hreppssamfélag sem fyrrum bjó að bestu landkostum sem hugsanlegir voru á Ísaskeri, hefur mátt sæta því að stjórnvöld stálu réttinum til sjálfsbjargar þegar kvótagreifum og góðvinum í fjarlægum landslutum voru færðar veiðiheimildir sjávarjarða að gjöf; bændur fengu ekki að nýta landgæði sín og slátra sínu fé nema með afarkostum; sameiginleg verslun var drifin í þrot; skólinn var flæmdur úr byggðinni; samgönguleiðir voru látnar drabbast niður; pósthjónusta varð hornreka og að síðustu var hreppssamfélagið neytt til að afsala sér sjálfstæði sínu“.

Hreppstjórakúllur (n, kvk, fto) Knalluttur; litlar sprengikúllur sem seldar voru á sama hátt og flugeldar, á tímabili kringum 1970. Þær voru tæpur sentimetrar í þvermál; pappi yst en púður innaní. Væri þeim kastað af krafti á fastan flöt, t.d. gólf, þá sprungu þær með nokkrum hveli. Voru nokkuð vinælar vestra og notaðar af börnum jafnt sem fullorðnum. Líkast til hafa þær verið bannaðar til sölu, enda hætta á að kusið gæti valdið augnskaða við sprenginguna.

Hreppstjóraskrift (n, kvk) Nýyrði, líklega fundið upp af GJH eins og fleiri; nafn á hinu sérkennilega skriftarlagi Þórðar Jónssonar á Hvallátrum. Skrift Þórðar einkenndist af oddmynduðum einhalla stöfum, sem ókunnugum sýndist e.t.v. fljótt á lirið allir eins. Þó var hún nokkuð vel skiljanleg og hafði sína áferðarfeegurð. Þórður skrifaði mikið, enda gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum um ævina.

Hreppstjórasmýtur (n, kvk, fto) Smýtur með miklum óhljóðum og langvarandi.

Hreppstjóri (n, kk) Stjórnandi og löggæslumaður í hreppi. „Svo er að sjá að Einar hafi verið hreppstjóri, mikið af sinni búskapartíð í Kollsvík. Hann er talinn hreppstjóri 1801 og 1808, en við manntalið 1817 virðist hann ekki vera það, og ekki næstu ár þar á eftir. Síðan er hann hreppstjóri 1822-1833, en þá tók við af honum Einar sonur hans, bóndi á Hnjóti, og gegndi því starfi í nokkur ár“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). Árið 1809 tók gildi svokallað „hreppstjóraintrúx“; tilskipun sem Magnús Stephensen dómstjóri samdi, og gildi til 1872. Með því var hreppstjórurum fækkað og þeir gerðir að launuðum ríkisstarfsmönnum með aukin umsvif, en engar hreppsnefndir voru starfandi fyrr en eftir það. Má því ætla að Kollsvíkurféðgar hafi verið æði valdamiklir í sínu héraði.

Hressandi (l) Upplifgandi; uppörvandi; gleðilegt. „Alltaf er það jafn hressandi að fá dálitla ágjöf á kollinn“.

Hressilega (l) Af krafti/afli. „Nú tókum við hressilega á þessu; allir í einu“.

Hressing (n, kvk) Vanalega matur/næring. „Komið innfyrr og fáið ykkur einhverja hressingu; þið hjótið að vera svangir eftir gönguferðina“. „Að fenginni hressingu var gengið til ruðnings og byrjað á aðgerð, uns sást að komið var aðtak; byrjað að falla að“ (KJK; Kollsvíkurliver).

Hressingarganga (n, kvk) Gönguferð sem hefur hressandi/styrkjandi áhrif; hæfilega erfið ganga. „Þetta er nú bara hressingarganga í svona góðu veðri“.

Hret (n, hk) Óveðurskafl; ótíð. „Hann getur nú átt eftir að gera eitthvað hret yfir páskana“.

Hretfastur (l) Kemst ekki ferða sinna vegna hrets/óttíðar/ófærðar. „Ég var hretfastur þar um vikutíma“.

Hretviðrasamt (l) Tíðarfar með tíðum hretum. „Seinnihluti vetrar hefur verið *fáðæma* hretviðrasamur“.

Hreyfa (s) A. Færa til; hræra. „Ég hreyfði ekkert við því sem þú gekkst frá“. B. Um málefni; minnst á; nefna; *ámálga; færa í tal; andvarpa um*. „Oddviti hóf máls á því hvort ekki væri rétt að hreyfa því í sýslunefnd að Barðastrandarhreppur leggði til menn í fjárleitir undir Skörðin ...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Hreyfa hey / Hreyfa heyi (orðtök) Vinna að heyskap. „Það er ekkert hægt að hreyfa hey í þessu roki“.

Hreyfa hvorki legg né lið (orðtak) Gera ekkert; vera hreyfingarlaus; veita enga aðstoð. „Ég þorði hvorki að hreyfa legg né lið í aðsetunni, af ótta við að velta steinum í ógáti yfir sigarann“.

Hreyfa máli (orðtak) *Vekja máls á*; breydda á máli; taka mál til umræðu. „Sýslunefndarmaður kvaðst myndu hreyfa málinu á sýslufundi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Hreyfa sig (orðtak) Fara úr stað. „Reyndu nú að taka höndur úr vösum og hreyfa þig aðeins!“ „Við vorum berlappaðir og rollurnar voru tregar til að hreyfa sig“ (IG; Æskuminningar).

- Hreyfa upp á sér** (orðtak) Leggja af stað; hefja vinnu; *herða sig* við vinnu. „Ætli við verðum ekki eitthvað að fara að hreyfa upp á okkur ef við eigum að klára þetta í dag“.
- Hreyfa (einhverju) við (einhvern)** (orðtak) Færa eitthvað í tal við einhvern; ræða eitthvað við einhvern. „Ég hreyfði þessu aðeins við hann, en fékk engar undirtektir“.
- Hreyfa við (einhverju/einhverjum)** (orðtak) A. Snerta eitthvað; róta/ýta við einhverju. „Vertu ekki að skamma mig; ég hreyfði ekki við þessu!“ B. Hafa huglæg áhrif á einhvern. „Boðskapur leikverksins hreyfir við mörgum“.
- Hreyfa vind** (orðtak) Vinda; glæða vind/gjólú/þurrk. „Óskapleg *fíða* er þetta hey hér á balanum; það má ekkert hreyfa vind þá er þetta fokið af stað“.
- Hreykja** (s) Raða móflögum uppá rönd til þurrks, þannig að þær styðji hver aðra. „Þar tóku konur og unglingar við og stungu hnausana í flögur, um 2 tommur á þykkt, og voru þær láttnar þorna á efri hlið. Svo þurfti að hreykja; þ.e. hlaða flögum saman upp á rönd“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Hreykja sér (af)** (orðtak) Guma af; monta sig af. „Ég ætla ekkert að hreykja mér af þessu; það var að mestu öðrum að þakka“.
- Hreykja sér hátt** (orðtak) Þykjast meiri maður en aðrir/ yfir aðra hafinn. „Hann hreykir sér hátt núna og talar ekki við hvaða undirtyllu sem er“.
- Hreykni** (n, kvk) Sjálfsánægja; hóflegt mont. „Það var nokkur hreykni í röddinni þegar hann sagði frá þessu“.
- Hreystimenni** (n, hk) Hraustmenni; þrekmiðill/öflugur/þolgóður maður. „Hann var annálað hreystimenni“.
- Hreystimerki** (n, hk) Hraustleikamerki. „Það hefur alltaf verið talið hreystimerki að hafa góða matarlyst“.
- Hreyta** (s) A. Kasta; fleygja; dreyfa. „Fyrir daga traktora og skítadreifara var skítnum ekið með hjólbörum og síðan hreytt með reku fyrir völinn“. „Það er óþarfi að hreyta ónotum“. B. Mjólka; tutla; *totta* þegar lítið er eftir af mjólk í kú. „Ætli maður fari ekki að hreyta niður úr kúnum“.
- Hreytingur** (n, kk) A. Lítið magn; afgangur; strjálíngur. „Það hefur fallið einhver hreytingur af grjóti á veginn á Fjörunum“. B. Lítilsháttar úrkoma í hvassviðri; hraglandi. „Það er einhver hreytingur, en ekki nóg til að hann setji í fannir“.
- Hreyta ónotum** (orðtak) Fúkyrðast; skammast; hella sér yfir. „Það er ekki fallett að hreyta ónotum í þá sem eru að reyna að hjálpa þér“!
- Hreytingur** (n, kk) A. *Hraglandi*; hvassar, en ekki þéttar, skúrir eða él. „Alltaf er hann leiðinlegur, þessi útsynnings hreytingur“. B. Leifar; afgangur. „Það er bara lítill hreytingur eftir í gryfjunni“.
- Hrifning** (n, kvk) Aðdáun; ánægja; samkennd. „Þú knýrð mig til hrifningar hugsana og starfa/ með hátignarsvip þínum, bjarta og djarfa“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).
- Hrifi** (n, hk) Ræfrildi; slitur. „Það fannst ekkert af bókinni nema örlítið hrifi“. „Ég reyndi að skrapa saman eitthvað hrifi af taði til að reykja við“.
- Hrifsilegt** (l) Lélegt; tætingslegt. „Hún fer nú að verða fjári hrifsisleg, þessi úlpudrusla“.
- Hrifsingur / Hrifs** (n, kk) Reytingur; lítið/dreift magn. „Það er einhver hrifsingur af eggjum þarna niðri, en varla svo mikið að maður nenni að klöngrast eftir því“.
- Hrika** (ao) Áhersluorð á undan lýsingarorði eða nafnorði. „Þarna hefur hrika bjarg fallið úr stálinu“. „Ég man ekki eftir að kind hafi áður farið svona hrika langt niður í klettana áður“.
- Hrikamenni** (n, hk) Svaðafenginn/stórskorinn/ógnvænlegur maður. „Guðmund ráðsmann sá ég fyrst í réttunum í Breiðuvík, og leist ekki rétt vel á þetta hrikamenni; enda gustaði af honum við dráttinn, með hávaða og blótsyrðum“.
- Hrikamikill** (l) Firna/býsna mikill; gríðarlegur. „Það hefur oltið hrikamikið bjarg niður á Fjörurnar“.
- Hrikastór** (l) Ógnarstór; gríðarmikill. „Tréð er svo hrikastórt að við ráðum því ekkert tveir“.
- Hrinda á flot/ Hrinda frá landi / Hrinda úr vör** (orðtök) Koma báti á flot; *setja niður*; *fara fram*; fara í róður. „Flæðarróðramir voru betur þokkaðir, af ástæðum sem fyrir greinir. Hrundu þá margir bát frá landi samtímis, svo jafnvel kom til árekstra, sem aldrei reyndust þó hættulegir“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hringa niður / Gera niður** (orðtök) Leggja línu/vað/slöngu niður í reglulega hönk. „En nú var dregið upp; lóðin hringuð niður í bjóðin“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Hringa sig niður** (orðtak) Það háttarni margra dýra að sveigja skrokkinn í átt til þess að hann verði hringlaga þegar þau leggjast til svefns/hvíldar. „Kötturinn hringaði sig niður nálægt eldavélinni“.
- Hringavitlaus** (l) Kolvitlaus; brjáláður. „Nautið varð hringavitlaust, svo við áttum fullt í fangi með það tveir“.

Hringavitleysa (n, kvk) Mikill ruglingur; alger óreiða; óráð. „Ég tek ekki þátt í svona hringavitleysu“!

Hringavél (n, kvk) Eldavél af gamalli gerð; kola- eða olíuhituð. „Fyrst þegar ég man eftir voru hringir á eldavélum. Þá voru þessir íhvolfu gömlu pottar.... „Kaffibrenslupotturinn var netakúla sem tekin var í sundur í miðju og notuð til að brenna á hringavélinni“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Hringhenda (n, kvk) Um kveðskap; tegund af *ferskeytlu* sem einkennist af innrími í fyrstu lágkveðu hverrar ljóðlínu, og er því dýrar kveðin en einfaldasta ferskeytla. Dæmi um hringhendu er þetta erindi úr kvæði Sveinbjörns Björnssonar: „Andans þvinga ég flugi frá/ flest sem þyngir muna./ Ljóðakynngi læt því á/ leika hringhenduna“.

Hringhyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með áberandi hringlaga hornvöxt. Sjá *bjúghyrnd*; *kúphyrnd*.

Hringing (n, kvk) A. Símhringing. Eftir að sími var lagður um Rauðasandshrepp fyrir miðja 20. öld (kom í Kollsvík 1934) höfðu margir bæir sameiginlega tengingu við símstöð; hreppnum var skipt upp í svonefndar „línur“. Með Kollsvík á línu voru Breiðavík og Látrabæirnir. Til að kalla bæ í símtal var sent rafboð um línuna og með því hringt bjöllu í símtæki viðtakanda, og hafði hver bæ á línunni sína einkennandi hringingu. Á Láganúpi voru það tvær stuttar og ein löng; ein löng í Kollsvík; tvær langar í Beiðavík; þrjár stuttar og löng að Húsabæ; stutt löng að Ásgarði og löng stutt til að ná í símstöð á Patreksfirði. Símtöð þurfti að gefa samband inn á aðrar línur og lengra út á land. Hringt var með því að snúa sveif á símtækinu og hafa taltólið álagt á meðan. Venja var að taka upp tólið og kanna hvort línan væri í notkun áður en hringt var, til að *hringja* ekki *ofaní*. Hleranir símtala voru líkast til almennar, þó ekki væru vel séðar af þolendum; enda mikilvægur liður í fréttáþjónustu þess tíma, ekki síður en „samfélagsmiðlar“ eru í dag. B. Hljómur klukkna, t.d. í kirkjum.

Hringja ofaní (orðtak) Hringja inn á símalínu meðan þar er símtal í gangi, meðan gömlu svæðaskiptu línurnar og handsnúnu hringitækin voru enn við líði. Þótti mikil yfirsjón og mesti ósiður að hringja ofaní, í stað þess að taka upp tólið og athuga hvort símtal ætti sér stað. Sjá hringing.

Hringja til tíða (orðtak) Hringja kirkjuklukkum fyrir messu. Líklega hefur um aldir verið hringt til tíða í Kollsvíkurkirkju, eða allt til siðaskipta þegar þar lagðist af kirkjuhald. Líklegt er að Kollur hafi reist sér kirkju í Kollsvík, líkt og Örlygur föstbróðir hans gerði síðar að Esjubergi. Patrekur Suðureyjabiskum lét þá hafa kirkjuklukkuna, að sögn Landnámu, og ætla má að hún hafi lent í kirkju Örlygs. Kollur hefur þá þurft að hringja með öðru móti; t.d. með því að slá í hellustein eða skjöld sinn.

Hringl / Hringlandi (n,hk/ kk) A. Óstöðugt tíðarfar; umhleypingar. „Það áfram þessi eilífi hringlandi í honum“. B. *Hringlandaháttur*; óákveðni/efasemdir einstaklings.

Hringlandaháttur (n, kk) Óákveðni; flökt. „Óskaplegur hringlandaháttur er þetta; farðu að ákveða þig“!

Hringlot (l) Um lag á bátsstefni; áberandi bogið (sjá *breiðfirska bátalagið*).

Hringlotaður (l) Um bát; með áberandi hringlot í stefni.

Hringormafiskur / Hringormaveita (n, kk/kvk) Fiskur með áberandi miklum hringormi; *ormaveita*; *hárafiskur*. „Hentu þessum hringormafiski í sjóinn“.

Hringprjónavél (n, kvk) Prjónavél til að prjóna í hólk; t.d. sokka og boli. „Ég var búin að nefna hringprjónavél sem var til heima og þótti mikil framför. Í henni voru prjónaðir allir sokkar (nema grófar hosur og snjósockkar) og stundum vettlingar. Þessari prjónavél fylgdi svokallað brugðningarstykki sem féll ofan í hringinn og var þá hægt að prjóna brugðið í vélinni þó ekki nema í hring. Var það notað til að prjóna nærboli á börn og konur. Ekki þótti samt gott að prjóna boli á fullorðna því þá þurfti að klippa upp hólkin og nota tvær lengjur“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Hringsnúast (s) Snúast í hring; ráfa stefnulaust. „Eitthvað verðum við að reyna að gera af viti; það dugir lítið að hringsnúast hér í kringum sjálfan sig“!

Hringsóla (s) Fara í hringi; dóla; *hringsnúast*. „Við hringsóluðum um stórt svæði, án þess að sjá baujuna“.

Hringvía / Hringvíi (n, kvk/kk) Litarafbrigði langvíu, sem er með hvítan hring um augu. Fremur sjaldgæft.

Hrip (n, hk) A. Ílát sem áður var notað. Rimlakassi til flutninga skarns, mós eða annars á klyfbera hests, og með *hleypibotni*; botni sem unnt að opna í botninn til að hleypa niður. Stundum notað yfir meis. Hrip sem notuð voru undir hey nefndust heyhrip eða meis. B. Í líkingamáli um það sem er gisið/ópétt, t.d. lekan bát/*lekahrip*.

Hripa/skrifa niður (orðtak) Skrifa í fljótheitum.

Hriplekur (l) Míglekur; mjög ópéttur. „Tunnan er hriplek núna. Hún þarf að standa með vatni og þétta sig“.

Hrista framúr erminni (orðtak) Framkvæma/gera auðveldlega. „Okkur munar ekki um að hrista þetta framúr erminni“. Visast í töfrabrogð. Sjá *lofa upp í ermina*.

Hristingur (n, kk) Skak; titringur; skjálfti; áköf hreyfing. „Kassinn þoldi ekki hristinginn á leiðinni“.

Hrið (n, kvk) Mikið og þétt él. „Það er komin töluverð hrið“. Einnig *stórhrið* og *hriðarbylur* „... er við komum að Blakknesi var komið hriðarveður...“ Frásögn Jóns Guðjónssonar (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Hriðarbylur (n, kk) Áköf snjókoma í miklum vindi; stórhrið. „Enn heldur hann þessum hriðarbyl“.

Hriðarkóf (n, hk) Þéttur skafmoldarbylur með töluverðri ofankomu. „Þeir ultu inn úr hriðarkófinu; *fannbarðir* og hvítir frá hvirfli til ilja“.

Hriðarmugga (n, kvk) Þétt snjókoma, en hæglæti. „Svo þétt var hriðarmuggan að maður sá varla hendur sínar“

Hriðarmyrkur (n, hk) *Svartaél*; svo þétt hrið að dimmir í húsum og umhverfi. „Gættu að þér á skurðunum ef þú ferð frameftir í þessu hriðarmyrkri“.

Hriðfalla (s) Falla mjög ört/fljótt. „Mér líst ekkert á það hvað mælirinn hriðfellur“.

Hriðfenna / Hriðsnjó (s) Snjó ákaft og mikið í fremur hægum vindi. „Það er farið að hriðfenna“. „Við vorum ekki komnir langt þegar fór að hriðsnjó“.

Hriðfjölga / Hriðfækka (s) Fjölga/fækka mjög mikið á stuttum tíma. „Bændum hefur hriðfækkað síðustu ár“.

Hriðfækkun (n, kvk) Mikil fækkun á stuttum tíma. „Hér hefur orðið hriðfækkun býla í byggð á örfáum árum“.

Hriðgeldast (s) Um kind/kú; falla hratt í nyt. „Hún hefur verið að hriðgeldast síðustu málin“.

Hriðhorast (s) Leggja ört af; horast mjög á skömmum tíma. „Þú hefur hriðhorast í vetur“.

Hriðskjálfa (s) Skjálfa ákaft. „Hann var farinn að hriðskjálfa úr kulda“.

Hriðskjálfandi (l) Með mikinn skjálfta. „Klæddu þig nú betur drengur; þú ert hriðskjálfandi úr kulda“!

Hriðversna (s) Versna mjög mikið/ört. „Bólgan í fætinum hefur hriðversnað í dag“.

Hriðversnandi (l) Mjög/fljótt versnandi. „Veðrið fór hriðversnandi yfir daginn“.

Hrifa (n, kvk) Mikilvægt verkfæri við heyskap; líklega frá landnámstíð til þessa dags, þó nú sé notkun hennar aflögð á flestum stórbúum með vélvæðingunni. Notuð til að raka saman heyi eða lausu grasi, en einnig áður fyrir til að snúa/rifja þegar hey var þurkað. Hrifa samanstendur af hrífuhaus sem er áfastur og þversum á enda langs sívals hrífuskafis. Á hrífuhausnum er þétraðað tindum, sem áður fyrir voru úr tré, eins og hrifan öll, en síðarmeir úr áli. Til styrkingar hauss og skafis er gjarnan fest t-laga járn yfir samskeytin. Mikilvægt er að halda rétt á hrífu þegar rakað er; með neðri höndina yfir skaftið en þá efri undir það. Övönun hættir til að fá fljótt drifblöðrur á hendur við rakstur án vettlinga, en fljótlega myndast sigg ef meira er rakað. Það þótti dyggð að halda vel til slægna, og því var sleginn hver toppur þar sem slægja var og þess gætt að raka hvert laust strá sem slegið var. Eftir að vélvæðing hófs voru sléttur slegnar út á ystu skurðbakka og rakað frá þeim með hrífum, svo rakstrarvél næði til. Einnig var ávallt rakað með hrífum á eftir rakstrarvélinni, sem vildi skilja eftir slæður í holóttu landi og í beygjum. Þá voru einnig rakaðar dreifar, þar sem hey hafði fokið, t.d. úr göltum eða hjá sátugötum. Mikilvægt var að hugsa vel um hrífur; skilja þær helst ekki úti á túni, og alls ekki mátti skilja við þær á hvolfi; með tindana uppíloft; þá var talið öruggt að færi að rigna og leggjast í óþurrkatíð.

Hrifutindur (n, kk) Tindur í hrífuhaus. Tindar voru fyrrum úr viði, einkum brúnspæni eftir að til fluttist en annars birki eða eik. Síðar komu áltindar til, sem voru mun sterkari og ekki eins vinnufrekir.

Hrím (n, hk) Smáar ísnálar sem myndast á frosnum flötum þegar á þeim frýs vatnsgufa úr loftinu. Hrím var áberandi á einföldum glergluggum íbúðar- og skepnuhúsa fyrir daga einangrunarglers. Gátu gluggar þá orðið mattir af hrími í miklu frosti og oft myndaði það reglulegar og myndarlegar *frostrósir*.

Hrímaður / Hrímpakinn (l) Pakinn hrími; hrímaður á yfirborði. „Túnin eru öll hrímuð eftir frostþökuna“.

Hrímpoka (n, kvk) Frostþoka; þoka í frostköldu veðri sem veldur hrími á jörð og hlutum.

Hrímpurs (n, kk) A. Goðsagnavera; tegund þursa í ásatrú. B. Á síðari tímum notað sem niðrandi líking um mann sem þykir skilningstregur/heimskur eða forn í hugsun. „Hvílíkur andskotans hrímpurs getur maðurinn eiginlega verið“?!

Hrína (s) Orga; öskra. „Nú er barnið byrjað að hrína“. „Kýrnar eru farnar að hrína eftir gjöfinni“.

Hrísgrjónagrautur / Hrísgrjónavellingur / Hrísingrjónagrautur / Hrísingrjónavellingur / Rísingrjónagrautur (n, kk) Mjólkurgrauttur úr hrísgrjónum, stundum með rúsinum. Algengur spónamatur; borðaður með kanilsykri og gjarnan slátri. Ekki skal hér sagt hvenær menn í Rauðasandshreppi fóru að bæta „in“ inn í heitið, eða hvað það var útbreitt, en sú orðmynd heyrðist alloft á síðari hluta 20. aldar; einkum þó sem uppskrúfað orðalag. Sama um það þegar h var sleppt í byrjun. „Hann svíkur engan hrísingrjónagrauturinn; allra síst svona hnauspykkur og með rúsinum“. „Gebbðu mér *smáspón* af rísingrjónagraut“.

Hrísmél / Hrísmélsgrautur / Hrísmélsúpa (n, hk/kk) Mjöl úr hafragrjónum og grautur eða súpa sem gerð eru úr því. Selt í Gjöggrabúð undir vörumerkinu „pama“ og kann enn að fást undir því. Síður var að grautur væri borðaður á eftir aðalrétti, sem jafnan var á hádegi áður fyrr. Oftast var það hafragrautur eða grjónagrautur, en einstaka sinnum hrísmélsgrautur eða hrísmélsúpa; stundum með rúsinum. Oft var þá krækiberjasaft höfð sem útalát. Orðmyndin „mél“ var jafnan notuð í munni þeirra Kollsvíkinga sem fæddir voru fyrir miðja 20. öld, en síðar hefur orðmyndin „mjöl“ orðið ofaná.

Hrísrif (n, hk) Rif/réttur til að rífa lyng/hrís/fjalldrapa til eldiviðar og annarra nota. „Auk uppsáturs, búða og reita höfðu vermenn einnig ókeypiss hrísrif til eldiviðar og eyddist hrís og lyng mjög á þessum árum“ (JB; Verstöðin Kollsvík).

Hrísteinungur (n, kk) Sproti af hrís/fjalldrapa. „Sú saga gekk að á árunum 1859-1861 hafi margir bændur bjargað nautpeningi sínum á þessum slóðum (í Hrísmúlbrekku) með því að rífa upp yngstu hrísteinungana; kurla þá og berja með sleggju þar til þeir voru orðnir mjúkir og rakir af safanum í viðnum. Þetta var ekki einungis í Sauðlauksdal heldur um allan Patreksfjörð. Hve hart var sótt eftir þessu fóðri skal þess getið að í frosthörku og skafrenningi varð leit að ungru stúlku er ekki kom fram úr hrísrifsförð. Fannst hún á hálsinum fyrir ofan Stóraleitið. Þar hafði hún liðið útaf eða örmagnast undir stórru hrísbyrði. Þegar stúlkan kom til sjálfs sín vildi hún ekki leysa af sér fatlana, heldur skjöggraði með baggann heim í Dal. Þessa vetur var gjöreyddur skógur í Veturlöndum og í Hrísmúlanum, en það voru þær einu skógarleifar er þá voru í Sauðlauksdal“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hrjá (s) Þjá; þjaka. „Það er einhver skrattinn að hrjá mig í hnenu í seinni tíð“.

Hrjálegur (l) Ófrýnilegur; ekki fallegur; í niðurníðslu. Orðið *óhrjálegur* merkir í raun það sama, og er því óið þar notað til áhersluauka en ekki viðsnúnings líkt og í „ófagur“. „Heldur er kofinn orðinn hrjálegur að sjá“.

Hrjónungslegur (l) Með hrjónungi; eins og *hrjónungur*.

Hrjónungslegur (l) Ósléttur; grófur. „Vegurinn er að verða ansi hrjónungslegur á þessum kafla“.

Hrjónungur (n, kk) Um gróft og óslétt yfirborð var gjarnan sagt að það væri hrjónungur á því, eða að það væri *hrjónungslegt*. T.d. frýs yfirborð vatna og polla oft þannig í vindi að á því myndast hrjónungur.

Hrjósa hugur við (orðtak) Hugsa til þess með óbeit/hryllingi/hrolli. „Mér hrýs hugur við því hvað þarna hefði getað skeð, hefðum við ekki séð hættuna í tíma“. Myndbreyting hefur orðið til þess að orðtakið er í dag illskiljanlegt: Var áður „rís hugur við“, sem merkir að mönnum verði órótt.

Hrjóstrugur (l) Gróðursnauður; harðbýll. „Frá þér hann horfir um hrjóstrugar lendur,/ á heyskap á túnnum og báta við strendur“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).

Hrjóta (s) A. Gefa frá sér korrandi hljóð í svefni, óafvitandi. „Skelfing hrýtur karlinn hátt núna; hnn hlýtur að hafa verið örþreyttur“. B. Hrökkva; detta. „Í einni veltunni hraut austursfatan fyrir borð“.

Hrjóta/hrökkva af munn (orðtak) *Verða að orði*; segja án umhugsunar. „Man ég að Ívari á Melanesi hrutu ljót orð af munn þegar hann tók sér eitt sinn far með tónum bílnum að Skeri“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Hrjúfur (l) Um yfirborð; óslétt; gróft. „Gólfið var hrjúft og erfitt að þrifa það“. B. Mannlýsing; grófur í hugsun/skapferli. „Karlinn þótti hrjúfur í lund, og ekki allra“.

Hroða (s) Gera af lítilli/engri vandvirkni; *kasta til höndunum*; *rubba af*. „Skömm er að sjá hvernig hann hefur hroðað þessu saman“!

Hroðabrim (n, hk) Stólpabrim; ruddabrim; brimhroði. „Ekki veit ég hvernig netin fara í þessu hroðabrimi“.

Hroði (n, kk) A. Óhreinindi sem fljóta á vökva; t.d. fita í potti. B. Krap eða ís sem flýtur á vatni. C. Gróft brim; langvarandi ógæftir; óveðurstíð. „Hann ætlar seint að lina þennan hroða“.

Hroðvirkni (n, kvk) Óvönduð vinnubrögð; flaustur. „Hann er fljótur, en hættir stundum til hroðvirkni“.

Hroðvirknislega (ao) Flausturslega; á óvandaðan hátt. „Skelfing er þetta hroðvirknislega frágengið“.

Hroðvirknislegur / Hroðvirkur (l) Vinnur hroðvirknislega; óvandvirkur. „Óttalega getur hann nú verið hroðvirknislegur; það er eins og fjandinn hafi unnið þetta með öfugum klónum“!

Hroðvirkur (l) Óvandvirkur; flaustursamur. „Hann er skratti fljótur, en stundum dálítið hroðvirkur“.

Hrof (n, hk) Haugur/safn af ósamstæðu efni/ afgangum/ drasli. „Það er hrof af spækjum og bútum þarna við fjárhúsvegginn; gáðu hvort þú finnur eitthvað nýtilegt í þetta“.

Hrognabelgur (n, kk) Himnan utanum hrognin. „Það er óþarfi að plokka hrognabelginn utanaf; þetta er alltsaman matur“.

Hrognabrók / Hrognabuxur / Hrognaskálm (n, kvk) Hrognabrók/hrognabuxur er samhangandi hrognasekkur/*kýta* úr fiski, en hrognaskálm annar sekkurinn. „Láttu eina hrognabrók hjá mér, og lifur með“. „Ég fæ mér eina skálm í viðbót“.

Hrognahræra (n, kvk) Hrogn sem búið er að hræra salti og e.t.v. einnig rotvarnarefnum úti, áður en þeim er hellt í hrognatunnuna. „Hér hefur karlinn hlaupið frá hrognahrærunni í balanum; skyldi honum hafa *orðið* svona *brátt í brók*“?

Hrognaklessa / Hrognasleikja (n, kvk) Lítið magn af hrognum, jafnan þá átt við grásleppuhrogn. „Ætli ég þurfi ekki að fara að Hænuvík og salta þessa hrognasleikju síðan í gær“.

Hrognalaus (l) Um grásleppu; geld; án hrogna. „Hentu þessari strax; hún er alveg hrognalaus“.

Hrognakútur / Hrognakægill / Hrognapoki (n, kk) Ílát sem grásleppuhrognin eru slægd í úti á sjó, til flutnings í land. Í upphafi grásleppuveiðanna fyrir 1970 notuðu menn plast- eða grisjupoka undir hrognin, en fljótlega kúta. Í seinni tíð hafa þetta verið lokanlegir plastkútar, misstórir en meðfærilegir, með loki sem unnt er að spenna/skrúfa fast á. Lítil kútur var kallaður kægill.

Hroгнаostur / Hrognstappa (n, kvk) Sérstakur réttur úr grásleppuhrognum. Þannig gerður að hleypt var upp á stöppuðum hrognum örsnögg; þau sett í grisju og látin kólna á bakka undir fargi. Við þetta verður til þéttur og næringarríkur matur sem etinn var með bræðingi eða öðru viðbiti. Munnleg frásögn SÖ við VÖ, en hann sagði að móðir sín hafi útbúið þannig rétt þegar hann var ungur. Sagði þetta vera fremur þurrætt, en ekki bragðvont. „Grásleppan var látin síga, en hér var hún látin síga heil en ekki flökuð og kúluð eins og tíðkast víða. Tengdamóðir mín sagði mér að grásleppuhrognin hafi verið notuð í einskonar hroгнаost en hvernig það var gert veit eða man ég ekkert. Nú hef ég aflað mér upplýsinga um gerð hroгнаostarins. Ég talaði við Torfa Össurarson sem er mikill sjór af fróðleik um gömul vinnubrögð. Hann er fæddur hér í Kollsvík 1904 en bjó í Dýrafirði mestan sinn starfsaldur. Osturinn var gerður þannig að hrognin voru stöppuð í íláti með hnalli (strokbullunni sagði Torfi). Síðan voru himnur síaðar frá og hrognin soðin stutt í potti. Salt. Síðan var þeim hellt í ílát og mig minnir að tengdamóðir mín segði að létt farg hafi verið sett ofan á. Kælt og síðan sneitt upp og notað með brauði eða kartöflum“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

Hrognasigti (n, hk) Sigti til verkunar á grásleppuhrognum. „Þegar í land var komið var hellt úr *hrognastampinum/hrognakútnum* á *hrognasigtid*. Það var ílangur ferhyrndur kassi úr lökkuðum fjöllum; með ryðfiru vírneti í botni, hæfilega grófu til að hrogn kæmust í gegnum möskvana. Langhliðar sigtisins náðu útfyrir rammann og hvíldu endar þeirra ofaná *hrognastunni*. Þá var tekið til að sigta hrognin; hræra þeim varlega en ákveðið fram og til baka með *hrognaspaðanum/hrælnum*, þannig að hrognin gengju niður úr sigtinu en *slindrurnar/hrognapokarnir* yrðu eftir í því. Hrært var þangað til ekkert var eftir nema *slindrur* og *drafli*. Þá var sigtinu hallað lítilega og skafið undan því með hrælnum; síðan var þvegið vandlega úr. Nokkrar áhafnir gátu verið saman um hrognasigti, þar sem þær sigtuðu sjaldan samtímis.

Hrognasía (n, kvk) Sía til verkunar á grásleppuhrognum. „Hrognasía er ferhyrndur kassi úr lökkuðum fjöllum; oft um 80x180x15cm, sem stendur á fótum í þægilegri vinnuhæð. Í botni kassans er fíngerð sía sem hrognin komast ekki í gegnum. Framanaf var *hænsnanet* í sigtisbotninum og yfir hana breidd grisja sem brugðið var uppá *naglatitti* í brúninni. Grisjuna þurfti að þvo vandlega efti hverja sigtun og var það töluverð vinna. Síðar fóru menn að nota nælonnet, sem var þá fest varanlega í sigtisbotninn og var auðveldara í þrifum. Hrognin eru fyrst sigtuð með *hrognasigti* til að ná úr þeim himnum. Síðan standa þau í sigtinu a.m.k. eitt *dægur*, meðan vökvinn sigur af. Þá er hrognunum, sem nú eru nokkuð þéttur massi, mokað yfir í bala þar sem blandað er samanvið þau *hrognasalti* og rotvarnarefni í hæfilegum skömmtum og hrært vandlega saman með *hrognaspaða/hræl*. Síðan er hrærunni hellt í *hrognatunnur* og e.t.v. lítillsháttar af saltþækli með. Þær eru látnar standa yfir nokkurn tíma og þess gætt að *pækla* hæfilega þar til þau eru fullsöltuð. Þá er tunnunni lokað vandlega og hún flutt til söluaðila.

Hrognaskálm (n, kvk) Hálf *hrognabrók*; annar helmingur hrognasekks. „Réttu mér eina skálm í viðbót“.

Hrognaskilja (n, kvk) Síðari tíma verkfæri; lárétt tromla sem hrogn eru sett í gegnum til að skilja frá þeim slyndrur og annað. Hrognunum er hellt í trekt og renna úr henni í tromluna. Innaní tromlunni eru spaðar sem snúið er með rafmótor, og hún er götuð að neðanverðu, þar sem hrognin falla niður í bakka; en úrgangur gengur útum enda tromlunnar. Fyrrum var hrognunum duddað niður í gegnum hrognasigti í sama tilgangi.

Hrognaslyndra (n, kvk) Hrognabelgur/himna utanaf grásleppuhrognum. Vanalega stytt í *slyndra*. „Vatnslásinn var við það að stíflast af hrognaslyndrum“.

Hrognaspaði (n, kk) *Hræll*; spaði úr tré til að sigta grásleppuhrogn. Um eða yfir 50 cm langur; um 15 cm breiður í eggina og frá henni, en ofar tálgaður í þægilegt tvíhenduskaft. Egginn tálguð í spiss. Sjá *hrognasigti*.

Hrognastampur / Hrognabali (n, kk) Bali/stampur til að hræra grásleppuhrogn saman við hrognasalt. Sjá *hrognasía*.

Hrognasöltun / Hrognaverkun (n, kvk) Verkun/vinnsla hrognna frá veiðum til fullverkaðra hrognna í tunnum. Grásleppuveiðar og hrognaverkun var allmikil aukabúgrein bænda og annarra í utanverðum Rauðasandshreppi frá því fyrir 1970 og framyfir 1980.

Hrognatunna (n, kvk) Tunna sem grásleppuhrogn eru söltuð í. „Kjötsalurinn var fullur af hrognatunnum“.

Hrognkelsaslang (n, hk) Leifar af hrognkelsi (grásleppu/rauðmaga) eftir að hrogn hafa verið fjarlægð. „Hrognkelsaslang var oft nýtt, þannig að það var saxað niður og gefið sauðfé til *fóðurdryginda*“.

Hrognkelsbeita (n, kvk) Innyfli úr hrognkelsi, notuð sem beita. „Beita á lóðirnar þetta fyrsta vor var svokölluð hrognkelsbeita; þ.e. innyfli og hýði utan af hrognnum, ásamt því sem í því loddni af hrognnum“ (Guðbjartur Guðbjartsson; veiðar í Kollsvíkurvegi; viðtal EÖ 1962).

Hrognkelsi / Hrognkelsaveiðar Sjá einnig *grásleppa* og *rauðmaga*. Grásleppa (*Cyclopterus lumnus*), stundum nefnd *slemba*, var töluvert veidd í Kollsvík, a.m.k. á síðari tímum. Hún gengur á *grunnið* á vorin og fram eftir sumri og heldur til og hrygnir í *þaragörðum*. Karlinn, rauðmaginn, er mun minni og því þarf aðra möskvastærð fyrir hann, en bæði eru veidd í net. Bestu grásleppulagnir í Kollsvík eru norðantil; í Bótinni undan Sandagili og norður á Straumsker, en einnig undir Breið; undir Þyrsklingahrygg og djúpt norður af Blakk. Lagt er á þarablettina, en lendi net útá sandbletti fyllist það fljótt af *rekþara*. Netum er hætt ef sjó eykur þarna fyrir opnu hafi, og hafa iðulega eyðilagst. Grásleppan er einkum etin *sigin/afsigin*, en einnig stundum söltuð. Áður en hún er *hengd upp* er hún skorinn þannig að *kambur* er skorinn af; haus og kviður er afskorið í einu lagi ásamt innyflum (stundum nýtt sem fóður fyrir fé); gerðar rifur/*pumur* í sporð og þunnildi; í þær bundnar saman fjórar grásleppur í spyrðu, með sporð upp og þannig hengdar upp á rá til þurks í viku eða meira. Áður en hengt er upp eru fjarlægðar *lundirnar*; blóðhlaupnir vöðvar í kviðarholinu. Aldrei er *til síðs* að flaka eða *kúla* grásleppu til signingar í Kollsvík, þar sem það veldur þráa í þessum feita fiski og gerir hann óætan. Slíkur ósiður er þó tíðkaður víða annarsstaðar. Fyrir suðu eru uggar og sporður skorin af heilli grásleppunni og hún þverskorin í nokkra bita. Á diskinum er hryggur hreinsaður úr ásamt stærstu göddunum en grásleppan etin með hveljunni og þykir flestum herraþammsmat. Ekkert meðlæti er haft, utan kartöflur. Fyrrum var grásleppa stundum fullhert, en eftir tilkomu frysta er hún fryst afsigin; það sem ekki er etið strax. Hrogn grásleppu eru stór og magnið mikið. Áður fyrr voru þau stundum notuð í *hrognast* (Sigurvin Össurarson sagði móður sína hafa gert það), en um 1970 var farið að salta þau í tunnur og selja til útflutnings sem kaviar. Varð af þessu töluverður útvegur og búbot fyrir bændur. Nú eru þær veiðar háðar kvóta eins og fleira. Áður fyrr voru gerðir *hveljuskór* úr grásleppuhvelju (sjá þar). Rauðmaginn er töluvert veiddur, og var eftirsóttari en grásleppan fyrr á tímum. Hann er skorinn líkt og grásleppan; nætursaltaður; hengdur til signingar og síðan reyktur. Þykir hann þannig herraþammsmat, oftast sem álegg eða sælgæti. Stundum var hann einnig fullsaltaður. Í byrjun vertíðar var nokkuð soðið af nýjum rauðmaga, og stundum rauðmagalifur með. Litur rauðmaga er nokkuð missterkur eftir umhverfinu, en hans hlutverk er að vakta hrognin. Ef hann skortir alveg rauða litinn kallast hann *grámagi*. Hrognkelsin hafa sogskálar sem nefnd er *veiðikúla*. (VÖ) „Ein er sú tegund sjávarnytja sem hér tíðkaðist, en það er hrognkelsaveiði. Hún var stunduð frá allmörgum bæjum hér í sveit á vorin og var drjúgt *búsilag*. Raunar þekkti ég ekki slíkt í uppvexti á Rauðasandi því þaðan var hrognkelsaveiði ekki stunduð. En dæmi voru til að menn þaðan kæmu sér upp netstubb og vinir og vandamenn, t.d. hér í Kollsvík, hefðu hann með sínum netum og eigandi fengi aflann úr því. Á næsta bæ bjó kennarinn okkar og ég man eftir að þegar ég var smástelpa þá var hann að kenna strákunum á þeim bæ að *riða* rauðmaganet úr togþræði; ég held í og með til að kenna þeim handbragði því hann lagði mikið upp úr því að þeir kynnu gamalt handbragð af sem flestu tagi. Rauðmaginn var etinn nýr; saltaður og reyktur. Einnig stundum bara hertur og borðaður *einætur*; helst ef lítið var af honum, svo ekki þótti taka því að *gera upp reykt* fyrir hann. Hann var þá saltaður eins og sá sem átti að reykja; látinn liggja í salti í sólarhring. Grásleppan var látin síga, en hér var hún látin síga heil en ekki flökuð og kúluð eins og tíðkast víða. Tengdamóðir mín sagði mér að grásleppuhrognin hafi verið notuð í einskonar *hrognast* en hvernig það var gert veit eða man ég ekkert. Nú hef ég aflað mér upplýsinga um gerð hrognastarins. Ég talaði við Torfa Össurarson sem er mikill sjór af fróðleik um gömul vinnubrögð. Hann er fæddur hér í Kollsvík 1904 en bjó í Dýrafirði mestan sinn starfsaldur. Osturinn var gerður þannig að hrognin voru stöppuð í íláti með hnalli (strokksbullunni sagði Torfi). Síðan voru himnur síaðar frá og hrognin soðin stutt í potti. salt. Síðan var þeim hellt í ílát og mig minnir að tengdamóðir mín segði að létt farg hafi verið sett ofan á. Kælt og síðan sneitt upp og notað með brauði eða kartöflum“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

„Örnefni tengjast hrognkelsum...; á Hnjóti í Örlygshöfn er Rauðmagaklettur og í Breiðuvík er Grásleppuvör“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Hrognkelsi hafa vafalítið verið veidd og nýtt frá svo lengi sem veitt hefur verið í net hér við land, og svo var einnig í Kollsvík. Þar þekktist einnig að rauðmaga væri stunginn í pollum á hleinum þegar fjaraði út. Til þess voru nýttir krókstjakar, en stundum einnig heykvíslar. Þá er nokkuð um að máfur dragi hrognkelsi upp í fjöru og sátu börn og unglingar stundum um að hirða þann mat af honum.

„Möskvaleggur á rauðmaganeti var 4 ½ -5“, en 5 ½-6“ á grásleppuneti. Netaslangan var mislöng; stundum 60 faðmar; í annan tíma 40 faðmar og styst 20 faðmar. Hún var felld til helminga í seinni tíð, en fyrr til

þriðjunga. Dýpt (breidd) netsins var mismunandi; fór m.a. eftir aðstæðum þar sem lagt var. Oftast var hún 9-12 möskvar, einkum á rauðmaganetum. *Fláateinn/korkateinn* var úr þriggja til fjögurra punda línu. Stundum var hann tvöfaldur. Möskvarnir léku á öðrum en báðir voru teinarnir tengdir við enda *flánna*. Ýmist voru flárnar/kubbarnir úr tré eða korki. Oft voru korkkubbarnir kringlóttir; særðar á þeim brúnirnar; gat á miðju og gegnum það var *þinurinn* dreginn. Væru kubbarnir ekki mjög litlir voru hafðir tveir á faðminum... Netið var ýmist *hankað* að lokinni innsetningu/fellingu eða þegar það var lagt upp í bátinn, sem var algengara. *Hankarnir*/kljáböndin voru fyrrum úr tvinnuðu eða þrinnuðu togbandi en síðar úr garni eða sundurröktum snærum. Hankarnir voru 8-10“ langir og bilið á milli þeirra einn og hálfur faðmur, en *kljásteinarnir* ½-1 kg að þyngd. Þegar sjó stærði reyndi mikið á netið og það flaut upp ef hankarnir slitnuðu. Misjafnlega mörg net voru höfð í *tengsli/streng*, stundum þrjú og var hann þá 60-90 faðma langur. Netin voru þá bundin saman á þinunum og á einum stað á milli þeirra. Þar sem þau komu saman í strengnum var hafður sterkari hanki og lengri en annarsstaðar í netinu; kallaður *miðmætingur* og steinninn *miðmætingssteinn*. ...

Niðristöðusteinar voru sinn á hvorum enda strengsins og fest í steinapininn. Þeir voru 5-10 kg að þyngd og um þá brugðið fjórföldu *trollgarni* eða tvöfaldri 3ja punda línu. Niðristöðurnar voru úr þrem fjögurra punda línum, 8-10 faðmar að lengd en það fór reyndar eftir dýpinu... *Fyrirsátið*/grunngetan var stundum höfð úr samskonar kubbum og voru á netinu. Upp á snæri voru þræddir 10-12 kubar; síðan hert að þeim og báðir endar bundnir við niðristöðuna sem fest var við kubbatein... Síðar voru glerkúlur hafðar í fyrirsátur, en á flóði var það niðri í sjó og hélt niðristöðunni nokkuð strekktri. Dufl voru af ýmsum gerðum. Lokaundirbúningur að hrognkelsaveiðum hófst með því að *leggja upp í* (einnig nefnt að „*steina niður*“ í Kollsvík –VÖ), en það var að koma netunum í bátinn.. Ef tveir lögðu netin var annar við kubbatein en hinn við steinatein og á þriðji reri (nefnt vestra að „*róa út*“)...“ (LK; Ísl. sjávarhættir).

Þessi lýsing á eflaust að flestu leiti við netabúnað og veiðar Víknamanna á fyrri tíð. Þegar ég fór í minn fyrsta grásleppuróður fyrir 1970 var enn *steinað niður*, en hankarnir voru þá hafðir styttri; steinarnir smærri og styttra á milli þeirra. Síðar komu til gerviefni og aðrar aðferðir, fyrst steipt blý og svo *blýteinar* í stað *steinapins*, en plastflot og síðan *flotteinar* í stað *korkapins*. Í stað togs í netinu sjálfu kom fyrst hampur, síðan nælon og að lokum girni. Enn eru net iðulega stöguð eins og áður fyrr, til að þau *poki sig* vel í straumi. Tæknin hefur tekið byltingu með vélum í bátum; spilum til dráttar; dýptarmælum og miðunartækjum til nákvæmrar lagningar. Farið var að steinsteypa netasteina og nota belgi í baujur; stundum stangarbaujur. Stundum var áður felld í bekk/*bekkfellt* þegar ég man eftir, en betra þótti að fella með nál/*nálarfella*. Misjafnt er hve langt líður á milli *vitjana*, en oft er *vitjað* með tveggja eða þriggja náttu millibili. Ótíð setur oft strik í reikninginn með það, og skemmast þá stundum bæði afli og veiðarfæri. Helstu netalagnir í seinni tíð eru inn með öllum Hænuvíkurhlíðum, frá Kofuhleinum allt inná Gjöggra og frá landsteinum út að kantinum; Breiðuvíkin sunnantil; undir Breiðnum sunnanverðum og stundum á Bótinni á Kollsvíkinni, en þar er þaragarður stuttur og netum hætt ef eykur sjó. Lagt er í *horfl* stefnu út frá landinu, þvert á þaragarðinn, en þó heldur til hafs. Meðan dregið var á höndum voru tveir við dráttinn, en einn eftir að spil komu til. Goggur er alltaf til taks, og einnig *úrgreiðslugoggur/netagoggur*. Í norðan og vestanrosa er hætt við að skítur komi í netin; jafnvel að þau fyllist/verði *kökkuð* af þara. Þá getur tekið langan tíma að hreinsa úr netum, og fyrrum voru net þá iðulega tekin í land. Voru þau þá lögð á jörð og svo var það oft verk barna og unglinga að hreinsa. Í verstu tilfellum getur þurft að *skera* net í sjó til að ná strengjunum upp í bátinn. Áður tíðkaðist að gera við þegar *glompur* mynduðust í netum en nú er fremur skorið af teinum og skipt um net eftir þörfum. *Tekið er innanúr/ hleypt innanúr* á landstími. (Um verkun hroгна; sjá *hrognasigti* og *hrognasía*).

Sagan segir að hrognkelsi hafi verið sköpuð þegar Kristur og Sankti-Pétur gengu saman með sjó. Kristur hrækti í sjóinn og af hráka hans varð til rauðmaginn. Sankti Pétur vildi ekki vera minni og gerði eins, en af hráka hans varð grásleppan.

Hrognkelsanet (n, hk, fto) Net til að veiða hrognkelsi. „Þá þurfti að athuga um hrognkelsanetin; gera við þau eða riða ný net. Í þau var notað seglgarn eða netagarn þegar ég man eftir, en áður var notaður togþráður. Ég man samt eftir að Einar bróðir vann tog í tuttugu faðma innsett net; kembdi, spann, tvinnuði, riðaði og setti inn; og veiddi svo ágætlega í netið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).

Hroka (s) Hróga upp; gera haug/kúf. „Það þýðir ekkert að hroka svo miklu í hjólbörurnar að það hrynji allt úr þeim á leiðinni“!

Hrokaður (l) Um matardisk; kúfaður. „Ég át tvo hrokaða diska“.

Hrokafenginn / Hrokafullur (l) Haldinn miklum hroka/yfirlæti; telur sig yfir aðra hafinn.

Hrokagikkur / Hrokakjafur (n, kk) Sá sem er mjög hrokafullur; monthani. „Ég hlusta lítið á þann hrokagikk“! „Það var kominn tími til að sá hrokakjafur fengi tiltal“!

Hrokfallabrim (n, hk) Um sjólag: „Í hrokfallabrimi er stutt á milli ólaga“ (JT Kollsvík; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Hrollkalt (l) Svo kalt að setur að manni hroll/skjálfta. „...var ekki furða þótt einhverjum yrði hrollkalt eftir róðurinn því engin skýli voru í þessum skipum...“ (BS; Barðstrendingabók). Meira en *napur* en líklega minna en *nistingskaldur*.

Hrollkuldi / Hrollnepja (n, kk/kvk) Ónotalegur kuldi. „Mikið er gott að komast inn úr þessum hrollkulda“.

Hrollur (n, kk) Skjálfti vegna kulda. „Setur þá að honum ákafan hroll þegar hann kemur inn í hlýjuna“ „...ekkert hefðu þeir sofðið um nóttina fyrir þrengsla sakir og hrolls“ (MG; Látrabjarg).

Hross (n, hk) Hestur. „Þá vil ég láta þess getið að þeir Gísli Ó Thorlacius og Jón Pétursson hafa gefið ám, lömbum og hrossum nýja mjólkursýru með ágætum árangri“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Hrossabrestur (n, kk) A. Áhald til að gera hávaða. B. Hávaðasamur/fyrirferðarmikill einstaklingur. „Það er ljóti hrossabresturinn þessi nýi vinnumaður á stórbýlinu“!

Hrossafluga. Algengasta tegundin í ætt hrossaflugna ber tegundarheitið *Tipula rufina*, en þrjár aðrar hafa fundist hérlendis. Getur orðið stærst allra flugna í Kollsvík og nágrenni; einkanlega eru fæturnir áberandi langir. Skrokkurinn er mjór og langur og leggjast vængirnir í burst afturmeð honum þegar flugan situr. Myndbreyting er fullkomin á þroskastigi, frá eggjum í lirlífu í púpu og í flugu. Að vetrarlagi er flugan á lirlífu og lifir þá einkum í rökum jarðvegi, rotnandi jurttaleifum og slíku, og á því stigi afla þær sér einkum næringar. Fullorðin dýr nærast lítið.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Einnig nefndur mýsisnípa. Algengur meðalstór vaðfugl af snípuætt, með áberandi langt og mjótt nef. Mósvarður að ofan, með ryðlitum langröndum; grár á bringu og ljós á kviði. Hljóð hrossagauksins er áberandi og er nefnt hnegg. Það myndar hann er hann flýgur, gjarnan í grennd við hreiður sitt, með því að láta sig falla í loftinu, þannig að titringur kemur á stélfjaðrinnar. Hrossagaukurinn er algengur varpfugl í Kollsvík og nágrenni; verpur gjarnan í sinu eða sefi í grennd við kjörlendi sitt, sem er mýrar, fen, skurðir og annað votlendi. Hrossagaukurinn er farfugl; hefur vetursetu á Írlandi. Fæða hans er einkum skordýr og ánamaðkur. Langt nefið rekur hann ofan í mjúka mýri eða leir og notar það til að finna fæðuna sem hann étur án þess að draga nefið úr jörðu. Vartíminn er í maí; yfirleitt 4 fölgræn egg saman í hreiðri, með dökkum flikrum. Fuglinn er þaulsætinn á hreiðri og treystir á felulitinn, og bregður mörgum er hann flýgur undan fótum þeirra. Unginn er sömuleiðis í góðum felulitum og liggur hreyfingarlaus ef hætta steðjar að. Hrossagaukurinn er talinn spáfugl í þjóðtrúnni. Rétt er að taka eftir því í hvaða átt hann hneggjá; samanber þessa gömlu þulu: Í austri auðsgaukur; / suðri sælugaukur; / vestri vesalgaukur; / norðri nágaukur.

Hrossahlátur (n, kk) Drynjandi, dillandi og hávær hlátur. „Sumir telja náðið samband milli hrossahláturs og *Kollsvíkurhávaða*“.

Hrossakaup (n, hk, fto) A. Verslun með hesta. B. Oftast notað sem líking um vafasöm viðskipti, eða gagnkvæman greiða. „Ég kom hvergi nálægt þessum hrossakaupum“.

Hrossaket (n, hk) Hrossakjöt.

Hrossalækning (n, kvk) A. Lækning á veikindum/meiðslum hests. B. Oftast notað sem líking um grófgerða, óhefðbundna eða þjáningarfulla lækningu á kvilla manneskju. „Gunnar Össurason trúði staðfastlega á þá hrossalækningu að fengju menn *hitaslæðing* væri besta ráðið að hamast í vinnu og svitna hressilega. Hann notaði þetta iðulega sjálfur, og fullyrti að það virkaði“.

Hrossastrá (n, hk) Hrossanál; *Juncus Arcticus*. „Þessi jurtt er algeng í Kollsvík og oftast nefnd hrossastrá meðal Kollsvíkunga, en þó hefur einnig heyrst heitið hrossanál, og stöku sinnum hrossapuntur“.

Hrossaþang / Hrossaþari (n, hk/kk) *Laminaria digitata*. Stórvaxnasta þarategundin sem vex við Íslandsstrendur; algeng í þaragarðinum á Kollsvík og á nálægu grunnsævi. Fullvaxinn getur hann orðið um 2 m á lengd. Samanstendur af sívölum sveigjanlegum stilk og mun lengra beltisлага blaði; litur brúnn. Bláðið fellur af árlega en stilkurinn verður eftir. Blöðin eru með misjafnlega grófgerðum röndum langseftir, og iðulega bylgjótum kanti. Vaxtarsvæði hrossaþara er fremst í brimasömum fjörum; niður á um 15 m dýpi, og fellur sjaldan útaf breiðunni nema í stærstu stórstraumsfjörum. Vaxtarhraði hrossaþara er mikill, eða um 40 cm á ári, og þaraplantan verður um 10 ára. Þarabreiðan getur orðið mjög þétt, en búsvæði *stórþara* og *beltisþara* er á svipuðum slóðum. Þannig fellur aldrei alveg út úr sundinu milli Grundagrjóta og Arnarboða, en á stórum fjörum er að sjá sem samfelld land sé, þegar þarabreiðan nær upp í yfirborðið. Mikið af hrossaþara og öðrum þara er á reki í sjónum eftir mikinn sjó, og geta grásleppunet farið illa þegar þarabringir ánetjast.

Hrosshársreipi (n, hk) Reipi sem ofið/fléttað er úr hrosshári. „Hestar til brúks voru ekki í Kollsvíkinni eftir 1960. Síðasta hrossaafurðin sem ég man eftir var hrosshársreipi sem afi notaði til að útbúa rólu fyrir okkur strákana í snúrustaurinn við Hjallinn. Sú róla dugði lengi og var mikið notuð“ VÖ.

Hrosshárssnara (n, kvk) Snara á *fuglastöng*, gerð úr hrosshári.

Hrota (n, kvk) A. Hrína; lota. „Það kom ný ganga af grásleppu í síðasta straum, en sú hrota virðist nú vera afstaðin“. B. Það sem orðið er lélegt/hrörlegt. „Hann er nú ekki orðinn til stórræðanna *karlhrotan*, þó hugurinn sé sá sami“. C. Sargandi hlóð í andardrætti þegar sofið er. „Skárri eru það nú hroturarnir í karlinum! Teygðu þig nú upp í kojuna og stjakaðu ögn við honum“. „Lægir hrotur, linnir roti ölva./ Rekkum kunnur Rósinkrans/ rís af sæng og kappar hans“ (JR; Rósarímur).

Hrottafenginn (l) Harðhentur; stundar slæma meðferð á manneskjum/skepnum; fruntalegur; ruddalegur.

Hrottaháttur / Hrottaskapur (n, kk) Slæm/hryssingsleg meðferð/framkoma; *ruddaskapur*.

Hrottalega (ao) Á hrottafenginn hátt; hrikalega. „Netin voru hrottalega útleikin eftir vestangarðinn“.

Hrottalegur (l) Ofsafenginn; hrikalegur; eins og hrotti. „Þóttu þetta heldur hrottalegar aðfarir“.

Hrotti (n, kk) A. Slæmt veður; él. „Það er einhver éljahrotti þarna handan í vikinni“. B. Ósléttur/grýttur kafli í túni. „Það þarf aðgæslu þegar þessi hrotti er sleginn“. C. Svaðamenni; niðingur.

Hrotudrunur (n, kvk, fto) Háar hrotur sofandi manneskju. „Ferlegar hrotudrunur eru þetta! Ég held ég rúlli nú karlinum á hliðina áður en þakið kemur niður“.

Hró (n, hk) A. Lélegt hús/skip o.fl. „Fjárhúsin eru orðin óttalegt hró, en þau gætu dugað honum einn vetur“. B. Skar; vesalingur. Oft notað í seinni tíð sem gæluorð við börn eða dýr: „Komdu hérna hróið mitt“.

Hróðugheit (n, hk, fto) Mont; gort; drýldni. „Það er nú vafasamt að vera með hróðugheit yfir þessu“.

Hróðugur (l) Góður með sig; montinn. „Hann var býsna hróðugur eftir veiðiferðina“.

Hrófa upp (orðtak) Smíða/byggja óvandað. „Þarna var hrófað upp kofagarmi á stuttum tíma“.

Hrófatildur (n, hk) Óvönduð smíði/bygging. „Þessi skúr er nú hálfgerð hrófatildur“.

Hrófatildurslegur (l) Um hús, kofa eða annan smíðisgrip; illa smíðaður; *klasturslegur*; veikbyggður. „Heldur fannst mér þessi *húskofi* hrófatildurslegur“.

Hrófla við (orðtak) Hreyfa; raska. „Þess var gætt að hrófla ekki við Biskupsþúfunni þegar sléttan var gerð“.

Hrókaræða (n, kvk) Löng/sköruleg ræða, oft innihaldslítill; mikið/langt mál. „Hann hélt mikla hrókaræðu um þessa viðureign við tófuna. En hvað satt var vissi hann einn“.

Hrókasamræður (n, kvk, fto) Kröftugar samræður; málæði. „Hann gat haldið uppi hrókasamræðum við marga í einu, linnulaust í fleiri klukkutíma“.

Hrókera (s) A. Leikur í skák, þar sem hrókur og kóngur eru hreyfðir. Enginn skákmaður má þá vera á milli þeirra og þeir þurfa að hafa verið óhreyfðir. Kóngur er færður um tvo reiti í átt að hróknum, sem síðan er færður á reitinn handanvið kónginn. Hrókerað er stutt eða langt, eftir því hvor hrókurinn er færður. B. Í líkingamáli; færa til. „Nú skulum við hrókera; ætli það sé ekki rétt að ég rói strenginn út“.

Hrópandi (l) Áberandi; mikill. „Þessar gjörðir eru í hrópandi mótsögn við fyrri loford“. Til aukinnar áherslu var stundum sagt „himinhrópandi“.

Hróplegt óréttlæti (orðtak) Mjög óréttlátt; mikil/skamarleg mismunun. „Auðvitað var það hróplegt óréttlæti að afnema með lögum þennan ævafora veiðirétt útvegsjarða. Þar með reyndust kjörnir þingmenn í Reykjavík meiri ribbaldar en enskar togaraútgerðir höfðu nokkurtíma verið“!

Hrósa (einhverju / einhverjum) á hvert reipi / Hrósa/lofa í hástert / Hæla á hvert reipi (orðtak) Bera mikið lof á; skjalla mikið. „Hann var ánægður með vinnumanninn og hrósaði honum á hvert reipi“. Líklega dregið af því þegar einhver fær hrós fyrir hvern bagga af heyi sem hann bindur. Orðabækur kunna enga skýringu á orðinu „hástertur“. Líklegt má telja að tagl hesta hafi verið sett upp með hnút eða á annan hátt til skrauts, og sé líkingin þar af dregin.

Hrósa happi (orðtak) Þykjast sleppa vel; vera ánægður með að ekki fôr verr; *prísa sig sælan*. „Við máttum hrósa happi fyrir að komast frá Langurðinni áður enn hann jók sjóinn meira“.

Hrósa sigri (orðtak) Sigra; hafa betur; vera ánægður með sigur. „Ég gat hrósað sigri í langhlaupinu“.

Hrufa (n, kvk) Ójafna; hrúður. „Gólfíð er svo vel slípað að hvergi sést hrufa á“.

Hrufóttur (l) Ósléttur; með hrúðri/nöbbum. „Ísinn var hrufóttur eftir slydduna og því ekki sleipur“.

Hrufl (n, hk) Skráma; lítill meiðsli; *skinnskpretta*. „Þetta er ekkert; bara smá hrufl“.

Hrufla sig / Hruflast (orðtak/ s) „Hrufla sig á hverjum steini;/ halda að sárið nái beini“ (Tómas Guðmundsson; Fjallangan). „Ég hruflaðist aðeins við fallið“.

Hruflaður (l) Fleiðraður; blóðrís. „Ég er bara örlítið hruflaður á hendi eftir byltuna; ekkert alvarlega“.

Hrun (n, hk) A. Stein- eða skriðufall úr klettum. „Gáðu að þér í gjánni; þar er stöðug hætt á hrúni“. B. *Svað* eða *slöður* í klettum þar sem hrúnið hefur nýlega úr. „Farðu varlega yfir hrúnið“.

Hrumast (s) Verða hrumur/ellilegur/hrumlegur. „Hann er dálítið tekinn að hrumast og gleyma hlutunum“.

Hrumlegur (l) Ellilegur; gamall í útliti; hrumur. „Ekki er hann neitt hrumlegur í útliti enn“.

Hrunskriða (n, kvk) Skriða eftir hrun úr fjalli/klettum. „Þarna við Helluna á Stígnum er hrunskriða, sem getur verið mjög varasöm yfirferðar ef hrun er nýlega afstaðið, og ekki komin í hana kindagata“.

Hrúðra (s) Skurma; þekjast hrúðri. „Sárið er farið að hrúðra og gróa“.

Hrúðraður (l) Þakinn hrúðri; með grófu yfirborði. „Botn bátsins var orðinn all hrúðraður og slýi vaxinn“.

Hrúðurkarl (n, kk) Krabbadýr (crustacea) af ætt skelskúfa (cirripedia) sem búa sér stað á föstu undirlagi og halda sig þar allan líftímann. Þeir gera um sig áberandi hvítan turn úr kalkskeljum. Að ofan eru tvær lokur sem dýrið opnar til að veiða sér fæðuagnir með fótunum, sem ummyndaðir eru í bursta. Í raun má ímynda sér hrúðurkarlinn sem rækju sem liggur á hvolvi inni í skel og skóflar til sín fæðu með afturlimunum. Lirfan syndir um í sjónum áður en hún festir sig á heppilegum stað; t.d. grjót, rekavið, skel, veiðarfæri eða skipsbotn. Algengasta tegund hrúðurkarla í íslenskum fjörum, þar með í Kollsvík, er *fjörurkarl*; Semibalanus balanoides. Hann verður um 2,5-7,5 cm að lengd og sest á flest fast undirlag sem jafnan er neðan sjávarmáls. Sést því fremst á útfiri; á fjörureknum hlutum og á skipsskrokkum. Æxlast með krossæxlun, þar sem tveir fjörurkarlar frjóvga hvor annan samtímis. Leifar hrúðurkarlaskelja mynda verulegan hluta skeljasands í Kollsvík, sem víðar, enda er þar mikið um hrúðurkarl á steinum og klöppum. Fjöruhrúðurkarl er ofarlega í fjörunni, en vörtukarl framur. Þar verða þeir oft yfir 1 cm í þvermál, en á sjóreknum netakúlum hafa sést hrúðurkarlar sem eru um 5 cm í þvermál. *Helsingjanef* er ein tegund hrúðurkarla, sem stundum berst sem ásæta á rekaviði á fjörum.

Hrúga upp (orðtak) Hrófa upp; safna saman; sanku/viða að sér. „Þeir bera ekki ávalt mest úr býtum er hugsa sér það markmið að hrúga upp hárrí höfðatölu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Hrúgald (n, hk) Haugur; hrúga; það sem líkist haug/hrúgu. „Frammi í fjörunni var torkennilegt hrúgald, sem reyndist við nánari *aðgæslu* vera *sundurmarkið* hvalhræ“.

Hrúgukraðak (n, hk) Mikill fjöldi af hrúgum á einum stað. „Þetta hrúgukraðak frammi á *útfjari* er skíturinn úr sandmaðkinum. Undir hverri hrúgu má finna maðk“.

Hrússi (n, kk) Gæluorð um hrút/hrútlamb.

Hrútaber / Hrútaberjalýng *Rubus saxatilis*. Lágvaxið lyng af rósaætt, með löngum renzlum og rauðum berjum. Algengt víða um land, en í Kollsvík finnst það aðeins í Urðunum ofan Kollsvíkurtúns og ofanvið Hempulág. Gæti það bent til þess að þaðan hafi skógur síðast hörfað úr víkinni.

Hrútakofi (n, kk) Kofi/ lítið hús sem hrútar eru hafðir í. Kofi sem stóð uppi á gamla bæjarhólum í Kollsvík framundir 1970 var nefndur hrútakofi.

Hrútabardónur (n, kvk, fto) Rammgerðir battingar/bitar sem settir eru innanum hrútaskjú eða á jötufjölinu til að taka við höggum og barsmiðum, en sér í lagi um fengitímann verða hrútar órölegir og renna gjarnan af afli í það sem fyrir þeim er. Hér er rekinn ágætur lurkur í hrútabardónur“.

Hrútabragð (n, hk) Óbragð af keti af ógeltum hrút, hafi honum verið slátrað of seint að hausti. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Hrútagarði / Hrútakarmur (n, kk) *Garði/karmur* í fjárhúsi með *hrútaskjú* innst.

Hrútakeup / Hrútlán (n, hk) Lán hrúts til nota/kynbóta yfir fengitímann. Nokkuð var um hrútakeup og hrútlán milli bæja í Rauðasandshreppi, og stundum lengra að; enda voru bændur áhugasamir um kynbætur á sínum fjárfstofni.

Hrútaskoðun (n, kvk) Val á *lifhrút*; skoðun/þukl á hrút; að *handfara* hrút.

Hrútaskotti / Hrúтатаumur (n, kk) Bandskotti/taumur sem notaður er til að festa í horn/múl hrúts til að teyma hann um í fjárhúsi á fengitíma, eða á milli húsa. Um tíma eftir 1970 var féð á Láganúpi haft í fjárhúsunum á Melnum, en hrútarnir í fjárhúsunum á Láganúpi. Voru þeir þá teymdir á milli í hrúтатаumum.

Hrútaskía (n, kvk) Stía/kró hrúta í fjárhúsum. „Þeir eru þá búnir að berja sundur hrútaskíuna einu sinni enn“!

Hrútaskýning (n, kvk) Viðburður þar sem bændur komu saman; sýndu hrúta sína; handföru þá hvor hjá öðrum og stunduðu gjarnan þras og *metingar* um ágæti þeirra. Oft var það *ráðslagað* um *hrútakeup* og *hrútlán*.

Hrútgépill / Hrútkægill / Hrútlíngur / Hrútskuddi (n, kk) Fremur smávaxinn hrútur; gæluheiti á hrút. „Ekki finnst mér þessi hrútgépill hafa staðið undir væntingum“. „Ætli maður setji ekki hrútkægilinn á; allavega þennan vetur“. „Hrútskuddinn stóð sig bara ágætlega í vetur; Ég held að hann eigi flesta tvílembingana“.

Hrútkvikindi / Hrútræfill / Hrútskepna / Hrútskuddi (n, hk/kk) Gæluorð um hrút. „Það er ekki hægt að láta hrútkvikindin út fyrr en eitthvað er að hafa fyrir þau á jörð“. „Skjóstu nú og vatnaðu hrútskuddanum“.

- Hrútlamb** (n, hk) Lambhrútur var algengara heiti í Kollsvík. „Það var Liði sem kallaði, þaðan sem hann stóð í almenningnum og hélt í hornið á þokkalegu hrútlambi“ (PG; Veðmálið).
- Hrútlaus** (l) Með öngvan hrút; án hrúts. „Hann ætlar að lána mér lambhrútinn í stað þess sem drapst; hrútlaus get ég auðvitað ekki verið“.
- Hrútshorn** (n, hk) Horn á/af hrút. Hrútshorn vindast gjarna í tilkomumikla snúninga, og geta orðið all stór. Sjá *tala við með tveimur hrútshornum*.
- Hrútspungur** (n, kk) A. Hluti af æxlunarfærum hrúts. B. Hirsla. *Hrútspungar* undan fullorðnum hrútum voru oft skornir af þannig að mikið skinn af kviðnum var látið fylgja pungnum. *Pungurinn* var síðan rakaður; tekið innan úr honum og hann troðinn út með heyi. Um leið og troðið var í hann var hann teygður og lagaður til, eins og hann átti að verða. Síðan var hann þurrkaður, þangað til skinnið var orðið glerhart og glært, en að því búnu eltur vel og lengi, þangað til hann var orðinn mjúkur. Þá var komin *skinnskjóða* sem var til margra hluta nýtsamleg. Margir höfðu hann undir neftóbak, og var hann þá brotinn saman í opið og vafinn upp til að loka honum. Stundum var dreginn þvengur í opið á pungnum og hann notaðu undir peninga og ýmsa smáhluti. (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). C. Matvara af sama meidi. Soðnir og súrsaðir hrútspungar hafa alltaf þótt herraþannsmatur, þó nú séu einungis etin eistun“.
- Hrútur** (n, kk) A. Karlýr sauðkindar. B. Mannlíking um þann sem þykir mjög fáskiptinn og þurr á manninn, eða jafnvel hranalegur og ótuktarlegur. „Hann á það til að vera bannsettur hrútur“.
- Hryðja** (n, kvk) Skulfa; dimmt él; áköf rigningarskúr. „Nú rekur hann á hverja hryðjuna eftir aðra“. Hann gengur á með hryðjum“.
- Hryðjótur** (l) Um veður; með miklum/mörgum *hryðjum*. „Hann er að verða eitthvað hryðjótari, finnst mér“.
- Hryðjuveður** (n, hk) Éljavaður. „Á nefndu haustu, laugardagsmorgun einn, var hryðjuveður, ótryggt skýjafar og allmikill sjór“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Hryggbrjóta** (s) A. Brjóta hrygg í manni/skepnu. B. Í líkingamáli um að svíkja unnusta/unnustu/ endurgjalda ekki ástir. „Hann hefur verið frekar *stúrinn* eftir að vinnukonan hryggbraut hann“.
- Hryggbrottinn** (l) A. Með brottinn/brákaðan hrygg. B. Líkingamál; synjað *bónorði*. „Þeir eru víst fleiri en einn sem þangað hafa farið í *bónorðsferð* en komið hryggbrottir til baka“.
- Hryggðarefni** (n, hk) Tilefni hryggðar; sorgarefni. „Þótti fransmönnum það ekki neitt hryggðarefni“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).
- Hryggðarlaust** (l) Án hryggðar/sorgar/eftirsjár. „Maður hugsar ekki til þess hryggðarlaust að hafa ekki *asnast til* að leggja netin þarna fyrir“.
- Hryggðarmerki** (n, hk) Merki um hryggð; sorgarsvipur. „Ekki sýndi hann mikil hryggðarmerki þó ríkisstjórnin væri fallin: sagði bara að *farið hefði fé betra*“.
- Hryggðarmynd** (n, kvk) Dapurleg sjón; slæmt ástand. „Skelfing er þessi ær orðin horuð; hún er algjör hryggðarmynd“. „Það er hryggðarmynd að horfa uppá ástandið á bænum. Þar er allt í niðurníðslu“.
- Hryggilega** (ao) Ömurlega; sorglega; leiðinlega. „Þessi róður endaði fremur hryggilega; varla að við fengjum í soðið“.
- Hryggilegur** (l) Ömurlegur; sorglegur; slæmur. „Það er hryggilegur fjandi að hún skuli alltaf *drepa undan sér* þegar hún gengur í Breiðnum“. „Þetta var ömurlega hryggilegt slys; svona uppi í *harðalandi*“.
- Hryggja sig** (orðtak) Auka sjóinn. „Hann er að byrja að hryggja sig meira“.
- Hryggjaður** (l) Um hrút; með breiðan og sterkan hrygg. „Hann er nokkuð vel hryggjaður, en ári þykir mér hann þunnur á bringuna“.
- Hryggjahlutur** (n, kk) Hlutur háseta á fyrri tíð, í formi steinbítshryggja. „Enn var það eitt sem hásetar, þeir er vinnumenn voru, fengu af afla sínum. Þeir áttu hryggina úr hlutarsteinbít sínum. Venjulega seldu þeir heimamönnum þar vestra hryggjahluti sína. Þar voru þeir notaðir til gripafóðurs og þóttu hverri töðu betri; einkanlega fyrir lömb. Töldu þeir þar mörkina (1/2 pundið) af steinbítshryggjum jafngilda töðupundi. Lengi var verðið á hryggja-hundraðinu, tólfræðu, á túmark; þ.e. 67 aura. Allt þetta til samans nam aldrei miklu, en það gladdi menn á þeim árum. Þá þekktist ekki háu tekjurnar eða mikla kaupnið“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Hryggjarstykki** (n, hk) Meginatriði; uppistaða; aðalatriði. „Eftir að línuveiðar hófust í Kollsvík má segja að þær hafi fljótt orðið hryggjarstykkið í útgerðinni“.
- Hryggjótur** (l) Um yfirborð/landslag; með miklum hryggjum/gárum. „Þessi kafli á sléttunni er fjári hryggjótur, og eiginlega þyrfti að vinna hann allan aftur“.
- Hrygglenja** (n, kvk) Hryggur; bak. „Þú ert dálítið sólbrunninn á hrygglenjunni greyið mitt“.

- Hryggskekkja** (n, kvk) Sveigja á hryggnum, áunnin eða vegna vansköpunar. „Þessum leikfangabíl var ég að ýta um allar trissur daginn út og inn, og svo fór að ég var kominn með vísi að hryggskekkju“.
- Hryggspenna** (n, kvk) Átök tveggja manneskja, oftast í leik eða keppni. „Hryggspenna er ein leið til að skera úr um afl manna. Tveir standa á móti hvor öðrum og grípa höndum utan um andstæðinginn og takast þannig á. Sá sigrar er nær að knýja hinn undir sig. Að *hafa undirtökin* er orðtak sem er dregið af þessum leik. Ef annar hélt báðum höndum undir hendur andstæðingsins hafði hann vænlegri stöðu“ (PJ; Vermannaleikir).
- Hryggur** (n, kk) efsti hlutinn á öldu; ölduhryggur. Getur einnig átt við langa öldu.
- Hrygla** (n, kvk) Surgandi hljóð í andardrætti. „Skelfilegt er að heyra þessa hryglu í þér drengur; komdu þér í bælið strax. Ég þyrfti að sjóða handa þér grasaseyði“.
- Hrygningartíð** (n, kvk) Hrygningartími. Það þýðir ekkert að vera hangandi á þessum grásleppuveiðum eftir að komið er langt framá hrygningartíð og lítið veiðist annað en hrygndar *horlæpur*“.
- Hrygningaslóð** (n, kvk) Hrygningasvæði; svæði þar sem fiskur hrygnir. „Þarna djúpt frammi í Patreksfjarðarflóa virðast vera nokkuð miklar hrygningaslóðir sem Ólarnir fundu“.
- Hrykkir í** (orðtak) Er hætt við; gerist iðulega/ítrekað. „Það hrykkir æði oft í því að Vegagerðin skilji þennan enda útundan í mokstri“ „Það vill hrykkja í því að kindur drepri sig í Hestkeldunni“.
- Hryllingur** (n, kk) A. Hrollkalt veður; skítakuldi. B. Hrollur; skelfing. „Menn sem nú (1949) eru fimmtugir og eldri, muna vel þetta ástand, og minnst þess með hálfgerðum hryllingi“ (ÍL; Samv.mál í Rauðas.hreppi).
- Hryssingslegur** (l) A. Um veður; garralegur; hvass vindur og kuldi. „Skratti er hann orðinn hryssingslegur“.
B. Um mann; hvass/fráhrindandi í viðmóti. „Ég var kannski óþarflega hryssingslegur við hann“.
- Hryssingsfjandi / Hryssingur / Hryssingsveður** (n, kk) Kalt í veðri og hvasst. „Það er norðanhryssingur“.
„Enn er sami hryssingsfjandinn og í gær; ekki veit ég við hvað þetta lendir“!
- Hrýgja** (s) Hrúga saman þurrkuðum steinbít á hrýgjugarð.
- Hrýgja** (n, kvk) Hrúga af þurrkuðum steinbít sem *hrýgjað* hefur verið saman á *hrýgjugarð* (sjá þar).
- Hrýgjugarður** (n, kk) *Steinbítsgarður*; steinhlaðinn garður í veri sem steinbítur var þurrkaður á. „Steinbíturinn var ekki hertur á rámm heldur á grjótgörðum. Þegar hann hafði verið fluttur var hann hengdur á einhlaðna garða, en þá er hann var hálfþurr var hann tekinn af þessum gördum og síðan var honum hrýgjað á aðra sem voru mun vandlegar hlaðnir en hinir og tvöfaldir að neðan. Um það bil þrjú hundruð voru höfð í hverri hrýgju. Þar beið hann skipta, en þau fóru ekki fram fyrir en í lok vertíðar“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „...en er steinbíturinn var hálfþurr orðinn var honum hrýgjað á hrýgjugarðana. Var hann þá að mestu *kominn úr ábyrgð* sem svo var nefnt. Oft voru þannig tvö til þrjú þúsund steinbítar í einni hrýgju, og voru það allmyndarlegir og björgulegir hlaðar“ (PJ; Barðstrendingabók). „Steinbítsgarðarnir sneru hliðinni við aðalrigningaráttinni, en hrýgjugarðarnir endunum í hana.. Sumum þótti steinbíturinn verkast betur á gördum en í hjöllum. Þegar hann var orðinn hálfharður, næstum því *kominn úr ábyrgð* sem kallað var, og kúlurnar lögðust ekki lengur saman, var honum *hrýgjað*; hver steinbíturinn lagður ofan á annan með roðið upp. Undir þessum hrúgum voru hrýgjugarðarnir“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Hræbillegur** (l) Hræódyr; kostar mjög lítið. „Skyrtan var hræbilleg“. Síðari tíma dægurorð.
- Hræddur flýr þó enginn elti** (orðatiltæki) Um ástæðulausan ótta, t.d. myrkhræðslu.
- Hræddur um** (orðtak) A. Óttast um. B. Býst við. „Ég er hræddur um að þetta dugi skammt“.
- Hræða** (n, kvk) Mannvera; manneskja. „Það var ekki hræða á ferli þegar ég vaknaði“. „Örfáar hræður mættu á framboðsfundinn“.
- Hræða** (s) Skelfa; vekja ótta/skelfingu/ógn. „Vertu nú ekki að hræða barnið með þessum skrípalátum“!
- Hræðilega** (ao) Skelfilega; uggvænlega. „Mér fannst þetta hræðilega vont á bragðið“.
- Hræðilegur** (l) Skelfilegur; afar mikill. „Hann er hræðilegur trassi með þetta“. „Mér fannst alveg hræðilegt að heyra þetta um Jón./ Ég hrifin var svo fjarskalega af honum./ Nei það var ekki glæsilegt að gera úr okkur hjón/ fyrst greyið hafði ofnæmi fyrir konum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Hræðslumerki / Hræðsluvottur** (n, hk, fto) Vottur af ugg/ótta. „Hann fetaði sig rólega eftir nibbunum án þess að sýna nein hræðslumerki“. „Ekki sást á honum nokkur hræðsluvottur eða hik“.
- Hræðslupúki** (n, kk) Rola; raggeit. „Hann er slíkur hræðslupúki að hann fer ekki í hlöðuna í myrkri“.
- Hrægrunnt** (l) Mjög lítið dýpi. „Farðu varlega í landtökunni; þarna er víða hrægrunnt um fjöruna“.
- Hrækja saman** (orðtak) Gera í fljótheitum og óvandað; gera *hrákasmíði*; *rubba upp*; *kasta til þess höndunum*. „Húsinu hefur verið hrækt þannig saman að líkast til fýkur það í fyrstu veðrum“.

- Hræll** (n, kk) A. Áhald til vefnaðar; spaði úr tré/beini til að þetta vefinn, þverhandarlangur með hvesstri egg. B. *Hrognaspaði*; spaði úr tré til að sigta grásleppuhrogn. Um eða yfir 50 cm langur; um 15 cm breiður í eggina og frá henni, en ofar tálgaður í þægilegt tvíhenduskaf. Egginn tálguð í spiss. Sjá *hrognasigt*.
- Hræódýr** (l) Mjög ódýr; *reifarakaup*. „Þetta eru ágætis skór; miðað við hvað þeir voru hræódýrir“.
- Hræra** (n, kvk) Það sem hrært hefur verið saman. „Lét ég ekki lyftiduft í hræruna“? „Það fóru fjórar hræur af steypu í vegginn“. „Eggin höfðu farið illa í einum kútnum; þar var bara hræra í botninum“.
- Hræra í blóði** (orðtak) „Þegar slátrað er sauðfé, einkum lömbum, er blóðið hirt til nota í blóðmör o.fl. Þá er, strax eftir að skepnan hefur verið skotin, skorið á háls; þannig að slagæðar opnast. Blóðið spýtist út meðan enn er þrýstingur í blóðrás. Fat er sett undir og mikilvægt er að hræra vel í með hendinni, því annars hleypur blóðið saman í kökk. Hrært er þar til blóðið er farið að kólna og því síðan hellt í ílát gegnum grisju/síu Það var talið hæfilegt verk unglinga að hræra í blóði“.
- Hræra út** (orðtak) Þynna. „Ég er enga stund að hræra út dálítið meira af skyri“.
- Hrærigrautur** (n, kk) Hræra; hræringur; *samsull*. „Þetta var allt komið í einn hrærigraut“.
- Hræringur** (n, kk) *Skyrhræringur*; blanda skyr og hafragrauts. Sjá *skyr*.
- Hræriprik / Hrærispaði** (n, hk/kk) Prik/spaði sem notaður er til að hræra upp í eða hræra saman, t.d. málningu. „Var ekki hér einhverstaðar hræriprik“? Hrærispaði var einnig stundum notað yfir *hrognaspaða* (sjá þar).
- Hræsni** (n, kvk) Yfirborðsmennska; skinhelgi. „Það væri hræsni að segja að ég sé sanntúaður“.
- Hræskarn / Hrætetur / Hrætötur** (n, hk) Vorkunnarorð um barn, mann eða skepnu. „Meiddirðu þig eitthvað, hræskarnið“? „Hvað er nú að hjá þér, hrætöttri mitt“? „Kastaðu þessu nú út í skurðenda fyrir hrætetrið“.
- Hrævareldur** (n, kk) Ljósfyribæri vegna rafhleðslu í lofti (e: St. Elmo's fire) Við sérstök skilyrði getur verið jónað lag í lítilli hæð ufir jörðu. Sé hlutur, t.d. hrífa, rétt upp í loftið í myrkri sýnist hún glóa eða loga. ÖG sagðist eitt sinn hafa séð þetta fyribæri á Láganúpi þegar hann var ungur. Orðið hrævareldur er sagt runnið af því að í heiðni trúðu menn því að hann lýsti af vopnum framliðinna. Eldinn mætti því sjá uppaf haugum þeirra og þar sem þeir væru á ferðinni. Deila má um það hvort forliðurinn „hræ“ eigi við dauðan líkama eða hvort hann tákni það sem lítið er, sbr. hræódýr; hrægrunnur. Hugsanlega er upphaflega merkingin því „lítill eldur“ og arfsögnin um framliðna einungis eftiráskýring. Hér er um annað fyribæri að ræða en það sem nefnt er *mýraljós*, en það myndast líklega við bruna metangass.
- Hrökkva** (s) A. Hreyfast skyndilega; taka viðbragð. „Glasið hrökk í sundur þegar heitt vatnið kom í það“. B. Um sauðfé; hlaupa af stað. „Féð hrökk strax af stað heim þegar ég hóaði“.
- Hrökkva eða stökkva** (orðtak) Framkvæma eða hætta við; *duga eða drepast*; *af eða á*. „Nú er annaðhvort að hrökkva eða stökkva með þetta; það er ekki til neins að *hukla* lengur yfir þessu“!
- Hrökkva í kút** (orðtak) Ósjálfráð viðbrögð við hávaða eru þau að líkaminn kreppist/hniprast saman.
- Hrökkva/hrjóta ljót orð af munni** (orðtak) Segja ljótt/ blóta/bölva ósjálfrátt þegar nokkuð tilefni er til. „Honum hrukku ljót orð af munni þegar hann sá að karmurinn hafði opnast og gemlingarnir voru á hardaspretti niður að sjó“.
- Hrökkva upp** (orðtak) A. Um skip; þegar akkeri missir hald í botni. „Væri veður gott þurfti lítið að gefa út af akkerisfesti, en bæta varð við þegar versnaði í sjóinn. Annars áttu menn það á hættu að skipið hrykki upp; en svo var það nefnt þegar drekinn losnaði úr botni og skip fór að reka“. (GG; Skútuöldin). B. Vakna skyndilega af svefni „Ég hrökk upp við það að haninn hóf upp sína raust á Mókofabursitinni“. C. Um skelfiskplóg; missa hald í botninum. „Þegar búið var að draga plóginn nokkuð áleiðis heim að spilbátnum; allt að á miðja leið, þó nokkuð misjafnt; hrökk hann upp sem kallað var; þ.e. missti festu í sandinum. Var ásæðan ýmist sú að því nær sem dró bátnum lyftist plógnefið meira upp, eða að komið væri talsvert í pokann; eða í þriðja lagi að plógurinn hefði lent á steini“ (KJK; Kollsvíkurver; sjá *kúfiskur*).
- Hrökkva uppaf** (orðtak) A. Andast; deyja; sálast. „Hann vildi ganga frá þessum málum, ef svo kynni að fara að annarhvor þeirra hrykki uppaf“. B. Upprunaleg merking; ár hrekkur uppaf tollu í röðri.
- Hrökkva við** (orðtak) Verða hverft/bilt við; taka viðbragð. „Ég hrökk við þegar steinn úr klettunum skall í fjöruna stutt frá mér“.
- Hröngl** (n, hk) Molar/hjastur á við og dreif. Getur verið íshröngl ofaná *lagnaðaris*, hafi hann brotnað upp og frosið aftur. Einnig *hafíshröngl* á sjó o.fl. „Þegar Surtseyjargosið stóð sem hæst voru hrannir af vikri á fjörum í Kollsvík, og hröngl af honum frammi á útfiri“.
- Hrönn** (n, kvk) A. Röst/aflöng hrúga. „Rekaviðurinn liggur þarna í hrönnum“. B. Flæðarmál; röst af þara í flæðarmáli. „Einn maður komst upp fyrir hrönn lifandi, en dó síðar“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur). C. Brimalda; brotsjór. „Napur stormur næðir yfir jörðu./ Næturskuggar hylja sjó og land./ Frón er þakið hjarni

- köldu og hörðu./ Hrannir brotna ótt við freðinn sand“ (EG; Vorhret). „Hrannir þungan þreyta dans;/ þiljulunginn sleikir/ gráum tungum gjálpa fans;/ gleðst hinn ungi Rósinkrans“ (JR; Róсарímur).
- Hrör** (n, hk) Skar; veiklulegur/aldraður maður. „Hann er nú orðinn hið mesta hrör, karlgreyið“.
- Hrörlegur** (l) Ellilegur; lélegur; vesæll; ræfilslegur. „Ósköp er nú kofinn að verða hrörlegur“.
- Hrörna** (s) Lasna; verða lélegri. „Ári er kofinn farinn að hrörna í seinni tíð“.
- Hrösull** (l) Dettinn; hætt við að hrasa. „Hann er orðinn dálítið hrösull í seinni tíð, sá gamli“.
- Hrösun** (n, kvk) Mikill skaði; ógæfa; *fataft*. „Það var alveg hrösun að missa þennan öndvegishrút“. Þessi notkun orðsins heyrir ekki mikið utan Rauðasandshrepps, en þar var hún algeng framá síðustu áratugi 20.aldar.
- Hrösunarhella** (n, kvk) Það sem verður til hrösunar; veldur ógæfu. „Árans brennivínið varð honum hrösunarhella; þann fjanda réði hann illa við“.
- Hufflegur / Hupplegur** (l) Kurteis; vinalægur. „Það verður að vera dálítið hufflegur við kærustuna á afmælinu“. „Hann hefði nú getað verið dálítið hupplegri við gamla manninn“.
- Hufflegheit** (n, hk, fto) Kurteisi; vinalegt viðmót. „Þar voru okkur sýnd hin mestu hufflegheit“.
- Huga að** (orðtak) *Sinna; taka eftir; gá að*; skoða. „Ætli við þurfum ekki að fara að huga að aðgerð“. „Spurt var almætra tíðinda, kastast á glensi og gamanmálum og sumir huguðu að afrakstri sumarsins...“ (PG; Veðmálið). „Rekur okkur nú suður um nokkurn tíma, og er við fórum að huga að sáum við að við vorum komnir suður á Látraröst, og er farið að leggja snarpar vindhviður á sjóinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Hugaður** (l) Kjarkmikill; *vogaður*. „Mér þykir kötturinn hugaður; að stelast svona í dallinn hundsins“.
- Hugarangist / Hugarangur** (n, kvk/hk) Kvíði; eftirsjá; samvaskubit. „Það veldur mér nú *öngri* (sjá enginn) hugarangist þó ég komist ekki á þennan fund; þetta verður *hvortsemer* tómt blaður og kjafæði“!
- Hugarburður / Hugarórar** (n, kk) Ímyndun; *uppspuni*. „Ég fer að halda að það sé tómur hugarburður með þetta fé“. „Ég nenni ekki að lesa þessa glæpareifara í seinni tíð. Mér er *skítsama* um *upplagna* hugaróra“.
- Hugarfar** (n, hk) Hugsanagangur; tilgangur. „Mestu skiptir hugarfar þess sem gjöfina gefur“.
- Hugarfóstur** (n, hk) Hugðarefni; áhugamál. „Ef menn ná ekki sjálfir að þroska sitt hugarfóstur er valt að treysta því að aðrir geri það“.
- Hugarfró** (n, kvk) Rósemd; huggun. „Mörgum finnst hugarfró að sækja kirkju, sérstaklega þegar sorgir og erfiðleikar hins daglega lífs sækja að“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).
- Hugarhægð** (n, kvk) Rósemi; andlegt jafnvægi. „Þú mátt trúa þessari *bábilju* ef þér er hugarhægð í því“.
- Hugarlund** (n, kvk) Hugsun; hugarfar; ímyndun. Heyrist í seinni tíð einungis í orðtakinu að *gera sér í hugarlund*.
- Hugarreikningur** (n, kk) Listin að reikna í hukanum, sem nánast var útrýmt með tilkomu reiknivéla og tölvu. „Sumir voru ótrulega fljótir að reikna í hukanum. Sá snjallasti sem ég hef séð var Ívar Ívarsson í Kirkjuhvammi. Ég sá hann aldrei nota reiknivél, en hann var fljótari að leggja saman fjölda dálka af innvigtuðum dilkaskrokkum og finna meðalvigt þeirra en unnt hefði verið að slá inn í reiknivél“ (VÖ).
- Hugarvél** (n, hk) Sút; sorg; reiði; angst. „Nú er ekki tími fyrir neitt hugarvél; þú hefur mörgu að sinna“.
- Hugarþel** (n, hk) Sannfæring; hugsun; tilfinning. „Gjöfin skiptir minna máli en hugarþelið sem henni fylgir“.
- Hugarþor** (n, hk) Kjarkur. „Ef einhver kynni að sjá hann/ þá er hann hæruskotinn;/ með andlit veðurbarið/ og skortir hugarþor./ Skórnir eru götöttir;/ skakkur herðalotinn./ Skuggann sinn hann hræðist/ og flýr sín eigin spor“ (EG; Vorhret).
- Hugboð** (n, hk) Grunur; óútskýrð vitneskja. „Ég fékk óljóst hugboð um þetta og það reyndist rétt“.
- Hugdetta** (n, kvk) Hugmynd; hugljómun. „Það var góð hugdetta hjá þér að hlaða fyrir ganginn“.
- Hugdirfska** (n, kvk) Kjarkur; þor; áræði. „Það þarf nú allnokkra hugdirfsku til að leggja í svonalagað“.
- Hugdjarfur** (l) Áræðinn; kjarkaður; þorinn. „Sú þjóð sem leggur stund á íþróttir, hún verður oftast hraust og hugdjörf“ (Guðmundur Hákonarson; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Hugðarefni** (n, hk, fto) *Áhugamál; hjartans mál*; viðfangsefni. „Milli ródra gafst mönnum stundum tími til að sinna sínum hugðarefnum“.
- Hugfall** (n, hk) Uppgjöf; það að missa kjarkinn. „Mörgum varð hugfall þegar þeir heyrðu af þessum aflabrogðum og afréðu að bíða um sinn með að leggja sín net“.

- Hugfanginn** (l) *Bergnuminn*; í leiðslu; hrifinn. „Maður getur orðið dálítið hugfanginn þegar stirnir á snævi þaktar Mýrar og Fell í fullu tungli og heiðbjörtu veðri um jólakvöldið“.
- Hugfólginn** (l) Hugleikinn; forvitnilegur; eftirsóknarverður. „Sagan hefur lengi verið mér hugfólginn“.
- Hugga** (s) Sefa; róa; stöðva grát. „Sólskinið huggar mann lítið þegar stöðugar ógæftir eru til sjóarins“.
- Huggulegur** (l) A. Notalegur; laglegur. „Þau byggðu þar huggulegt lítið hús“. B. Aðlaðandi; álitlegt. Oftast í neitunarsetningum. „Það þætti ekki huggulegt að fara í lás það sem hann fór einn“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Huggulegur í sér** (orðtak) Vel innrættur; hugulsamurr; greiðvikinn; býður af sér góðan þokka. „Mér fannst hann fjarska huggulegur í sér; að færa mér þetta óumbeðinn“.
- Huggulegheit** (n, hk) Þægindi; notalegheit. „Í þessu hreysi var litlum huggulegheitum fyrir að fara“.
- Huggun harmi gegn** (orðtak) Til bóta; sviun; huggun. „Vissulega var slæmt að missa þessa ágætis kind, en það er þó huggun harmi gegn að hafa náð lömbunum úr sveltinu“.
- Hughreysta** (s) Róa; gefa aukinn kjark; sefa. „Mér tókst að hughreysta hann með loforði um að hann fengi að fara í næsta róður“.
- Hughreysting** (n, kvk) Huggun; uppörvun. „Mér er nú lítil hughreysting í því að fá einhverja þorsktitti; lúðan er farin veg allrar veraldar“!
- Hughvarf** (n, hk) Það að skipta um skoðun. „Flýttu þér nú að þessu áður en honum verður hughvarf“.
- Hugkvæmast** (s) Koma til hugar; detta í hug. „Hugkvæmdist ykkur ekkert að setja splítti í lokuna á fjárhúsinu“? Mikið var gott að þér hugkvæmdist að taka þetta nesti meðferðis“.
- Hugkvæmni** (n, kvk) Hugmyndaflug; hugvit. „Það þarf nú dálitla hugkvæmni til að leysa þetta“.
- Hugkvæmur** (l) Snjall; *hugmyndaríkur*. „Ekki var ég svo hugkvæmur að hugsa út í þetta“.
- Hugleiða** (s) Huga að; hugsa; ætlast fyrir. „Ég var bara ekkert farinn að hugleiða það“.
- Hugleiðingar** (n, kvk, fto) Fyrirætlanir; hugsanir; vangaveltur. „Ertu eitthvað í þeim hugleiðingum að róa á morgun“? Heyrðist ekki nema í fleirtölu.
- Hugleiðingavert** (l) *Íhugunarvert*; *athugandi*. „Það væri nú alveg hugleiðingavert að smíða vatnshjól og setja það niður í röstina; nóg er orkan sem þar er, og ekki þyrfti miklar stíflur“.
- Hugleikið** (l) Áhugamál; kappsmál. „Mér var það ákaflega hugleikið að fá skýringu á þessu“.
- Hugleysi** (n, hk) Kjarkleysi; roluháttur. „Hann verður seint sakaður um hugleysi; að fara þetta *bandlaus*“!
- Hugleysisrola** (n, kvk) Aumingi; raggeit. „Það var ekki fyrir neinar hugleysisrolur að sækja þær ferðir“ (hákarlalegur). (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Huglægur** (l) Um það sem er í huga/hugsun en ekki raunverulegt/hlutlægt; ímyndaður. „Vissulega er fegurðin huglæg og teygjanlegt hugtak, en ennþá hefur enginn sagt hið gagnstæða um Kollsvíkina; *að ég best veit*“.
- Hugmyndaríkur** (l) Snjall; *hugkvæmur*; með auðugt ímyndunarafl.
- Hugnast** (s) Líka við; falla í geð; þykja gott. „Mér hugnast ekki beinlínis vel þessar breytingar“.
- Hugnanlegur** (l) Geðfældur; nærtækur. „Þessi möguleiki var mér ekki vel hugnanlegur“.
- Hugrenningar** (n, kvk, fto) Hugmyndir; hugsanir; hugdettur. „Ég var jafnvel að velta fyrir mér vitjun í dag, en þegar ég sá spána þá vék ég öllum slíkum hugrenningum frá mér“.
- Hugsa einungis/mest um munn sinn og maga** (orðtak) Hugsa mest um að fá að borða. „Ekki botna ég í þessum lýð sem situr á kaffihúsum alla daga, í bölvuðu iðjuleysi. Þetta virðist hugsa mest um munn sinn og maga og er ekkert nema slæpingshátturinn“!
- Hugsa ekki hálfu hugsun** (orðtak) Vera hugsunarlaus; skorta einbeiti/athygli/sinnu. „Þvílíkir aular voru þeir að gá ekki upp í lautirnar, þar sem alltaf getur leynst fé! Þeir bara hugsa ekki hálfu hugsun“!
- Hugsa fyrir** (orðtak) Hafa fyrirhyggju; fyrirsjá. „Hefurðu nokkuð hugsað fyrir salti uppá vertíðina“?
- Hugsa/hygja (sér) gott til glóðarinnar** (orðtak) Hlakka til. „Ég sá þarna tækifæri og hugsaði mér gott til glóðarinnar“. Líklega vísar orðtakið til þess að í harðindum fyrri tíma hafi sumir beðið spenntir eftir því að geta leitað að matarleifum í hlóðunum, t.d. eftir að eldur var slökktur.
- Hugsa/hugleiða með (sjálfum) sér** (orðtak) Hugsa/ hugleiða/álykta án þess að segja upphátt. „Ég svaraði þessu öngvu, en hugsaði með sjálfum mér að þetta skyldi ég muna honum“.
- Hugsa ráð sitt / Hugsa sitt ráð** (orðtak) Íhuga hvaða ráð séu tiltæk í stöðunni; *hugsa sig um*. „Nú hugsaði ég ráð mitt...“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans).

- Hugsa sér** (orðtak) Ímynda sér; hugleiða; telja koma til greina; ætlast fyrir. „Ég gæti alveg hugsað mér að eiga svona bát“. „Heldurðu að hann hugsi sér að róa á morgun“?
- Hugsa sér!** (orðtak) Upphrópun sem ýmist er notuð sem andsvar, og þá gjarnan með já/já á undan; eða sem upphaf á stingu þar sem lýst er einhverju yfiringilegu eða draumkenndu.
- Hugsa sig um** (orðtak) Hika; taka sér umhugsunarfræst; ígrunda ákvörðun; *hugsa ráð sitt*. „„Hefði ég vitað að lambið hafði gengið á Stignum, þá hefði ég hugsað mig betur um“ (PG; Veðmálið).
- Hugsa til** (orðtak) A. Hafa í huga. „Hugsaðu til mín ef þú færð nokkrar vænar grásleppur“. B. Áforma. „Ég er ekkert farinn að hugsa til þess að sleppa fé af túnum enn; haginn þyrfti að taka betur við sér áður“.
- Hugsa (sér) til hreyfings / Hugsa í áttina** (orðtak) Hyggja á brottför; búast til að leggja af stað. „Ætli (það) sé ekki best að fara að hugsa sér til hreyfings“? „Ekki meira kaffi fyrir mig takk. Ætli maður fari ekki bráðum að hugsa í áttina“.
- Hugsa til heimferðar** (orðtak) Búa sig undir að fara heim; undirbúa heimferð. „Ætli við þurfum nú ekki bráðum að fara að hugsa til heimferðar“. „Við hugsum til heimferðar út yfir Skorarskriður...“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Hugsa til landferðar** (orðtak) Undirbúa að fara í land úr róðri. „Eftir tímanum átti að vera farið að reka norður, og því var farið að hugsa til landferðar“ (ÖG; Þokuróður).
- Hugsa úti** (orðtak) Íhuga; hugleiða; spá í; hugsa fyrir. „Ég hugsaði hreint ekki út í þetta atriði“.
- Hugsa (einhverjum) þegjandi þörfina** (orðtak) Í *hefnarhug* til einhvers. „Þegar ég *skreiddist* forugur á land hugsaði ég strákunum þegjandi þörfina; einhvertíma skyldu þeir líka verða gabbaðir til að stökva í dýið“.
- Hugsaður** (l) Fyrirhugaður; skipulagður; ætlaður. „Ekki er ljóst til hvers þessi hleðsla var hugsuð“.
- Hugsanagangur / Hugsanamáti** (n, kk) Hugsanir; skoðanir; innræti; rökleiðsla. „Þetta er furðulegur hugsanagangur“ „Þetta var bara hrein og klár illkvittni; ég skil ekki svona hugsanamáta hjá mönnum sem eiga að heita komnir til vits og ára“! Orðið hugsanamáti var þekkt annarsstaðar með eintölu í fyrri lið, en þessi notkun Kollsvíkinga og nágretta virðist rökréttari fyrir þá sem hugsa margt.
- Hugsanaskortur / Hugsanasljóleiki** (n, kk) Hugsunarleysi; athugaleysi; yfirsjón. „Ekki veit ég hvaða hugsanaskortur þetta var í mér“! „Skelfingar hugsanasljóleiki er þetta í þeim“!
- Hugsanasljór** (l) Ekki nógu athugull/árvakur. „Skelfing getiði verið hugsanasljóir; að taka ekki eftir þessu *túnrollustóði* í túninu“!
- Hugsanavilla** (n, kvk) Ranghugmynd; villuhugsun. „Þessi borgríkisstefna stjórnvalda í dag er líklega mesta hugsanavilla sem Íslendingar hafa nokkurntíma lent í“.
- Hugsandi yfir** (orðtak) Í vafa um; efast um; með *bakþanka* vegna. „Enn er ég dálítið hugsandi yfir þessu“.
- Hugsetja sér** (orðtak) Hugsa sér; ímynda sér. „Það er erfitt að hugsetja sér þær aðstæður sem þá voru“.
- Hugsi** (l) Hugsandi; efins. „Ég er dálítið hugsi yfir þessari framkvæmd“.
- Hugsi hver um sig** (orðtak) Best er að hver hugi að sínu. Stundum viðhaft af þeim sem *finnst nóg um* áhuga annarra á sínum verkum, eða sem andsvar við athugasemdum.
- Hugsjónamaður** (n, kk) Sá sem hefur skýr markmið og vinnur ötullega að þeim. Oftast notað um þann sem vinnur launálítið að samfélagslegum markmiðum. „Hann hefur alltaf verið mikill hugsjónamaður“.
- Hugsjónastarf** (n, hk) Verk sem unnið er af áhuga/ástríðu en ekki gegn launum. „Ungmennafélagið Vestri í Kollsvík var öflugt á sinni tíð. Á vegum þess var unnið mikið hugsjónastarf og gagnlegar framkvæmdir“.
- Hugsjúkur** (l) Þunglyndur; langt niðri andlega. „Hann gerðist af þessu fremur hugsjúkur“.
- Hugskotssjónir** (n, kvk, fto) Mynd í huga; minning. „Mér stendur það enn ljóslifandi fyrir hugskotssjónum þegar þetta gerðist“. „Það þyrfti að *leiða* þingmönnum fyrir *hugskotssjónir* hvernig þetta er í raun og veru“.
- Hugsmið** (n, kvk) Hugmynd; ímyndun. „Ekki vantaði hrifninguna yfir þessu í fyrri. Nú vill enginn kannast við þessa hugsmið; enda var þetta aldrei annað en draumórar og fjarstæða“.
- Hugstola** (l) *Frávita*; í öngum sínum; frá sér numinn. „Það eru víst æði margir hugstola af hrifningu yfir þessum nýja flokki, þó þeir séu enn ekki búnir að finna hvaða stefnu hann hefur“.
- Hugstætt** (l) Minnisstætt; fast í minni/huga; ofarlega í huga. „Mér er enn hugstætt þetta vísukorn“.
- Hugsunarlaus** (l) Sem yfirsést; ekki athugull/árvakur; annarshugar. „Skelfing var ég hugsunarlaus að muna ekki eftir þessu“!
- Hugsunarleysi** (n, hk) *Athugaleysi*; yfirsjón; gleymaska. „Þetta var bara algjört hugsunarleysi hjá mér“.
- Hugsunarlítið** (l) Án mikillar umhugsunar. „Þessar vanabundnu hreyfingar gerir maður hugsunarlítið“.

- Hugsunarsamur** (l) Athugull; árvakur; samviskusamur. „Hann er mjög hugsunarsamur um sín verk“.
- Hugsunarsemi** (n, kvk) Fyrirhyggja; árvegni. „Hann sýndi þá hugsunarsemi að ganga upp í Flosadal á útefirleiðinni, og þar fann hann gemlingana“.
- Hugtak** (n, hk) Hugsun/meining sem formuð er í orð; heiti.
- Hugtakaruglingur / Hugtakavilla** (n, kk) Röng/villandi notkun hugtaka/heita/orða. „Skelfingar hugtakavilla er það að nefna farsímana gamsa, eða tala um það að fólk éti og hafi lappir eins og skepnur. Getur þetta nútímafólk ekki gert minnstu tilraun til að tala eðlilegt mál“?!
- Hugulsamlega** (ao) Með umhyggju/natni/alúð. „Hann pakkaði þessu hugulsamlega í mjúkar umbúðir og síðan í sterkan kassa“.
- Hugulsamur** (l) Umhyggjusamur; nærgætinn; athugull. „Alltaf er hann jafn hugulsamur, blessaður“.
- Hugulsemi** (n, kvk) Umhyggja; nærgætni; alúð. „Hún annaðist hann af einstakri hugulemi í veikindunum“.
- Hugumstór** (l) Hugaður; kjarkmikill; áráðinn; stórhuga. „Ekki var hann nú alveg eins hugumstór þegar hann var kominn inn í nautagirðinguna“.
- Hugur fylgir máli** (orðtak) Sagt af heilum hug. „Ég vona að hugur fylgi máli hjá blessuðum þingmanninum; að þetta séu ekki enn ein innantómu kosningaloforðin“.
- Hugur ræður hálfum sigri** (orðatiltæki) Vísar til mikilvægis þess að keppnisskap og sigurvilji er forsenda sigurs, og á mikinn þátt í honum.
- Hugurinn ber mann hálfu leið** (orðatiltæki) Spekin vísar til þess að mönnum veitist létt ganga/róður/för til þess staðar sem manni er kær eða áhugi er að komast til.
- Hugvitsamlega** (l) Af útsjónarsemi/hyggjuviti. „Hann pabbi smíðaði jólatré sem notað var á hverju ári í Ungmennafélagshúsinu og vafið með lyngi og eini. Þetta tré hefur tæpast átt sinn líka á landinu; svo hugvitsamlega sem það var hannað, og hægt að taka það sundur til geymslu“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Hugvitsmaður** (n, kk) Sá sem finnur nytsamari, einfaldari og varanlegri lausnir en flestir aðrir. „Samfélagið í Rauðasandshreppi naut góðs af því að þar störfuðu nokkrir snjallir hugvitsmenn“.
- Hugvitsmannafélag** (n, hk) Félagsskapur hugvitsmanna. „Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason var einn stofnenda Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna á Íslandi árið 2008, og hefur verið formaður þessa stærsta hugvitsmannafélags landsins um árabíl“.
- Hugvitssmið** (n, kvk) Hugvitsamlega gerður gripur. „Blásarastokkurinn við hlöðuna á Láganúpi var hin mesta hugvitssmið; verk bræðranna Gylfa og Svavars Guðbjartssona. Hann var ekki einungis loftrás úr blásaraskúrnum í stokka í hlöðugólfinu; heldur mátti með honum blása heyi inn í hlöðuna. Það var sett niður um lúgu ofaná stokknum, nærri blásaraskúrnum. Þar var nokkurskonar „jektur“ sem greip heyið og flutti í aðra lúgu nær hlöðunni. Úr henni rann það með loftstraumnum upp blásararör sem lágu innum hlöðuvegginn. Þar var heyinu stýrt um hlöðuna með stýristút. Búnaðurinn virkaði vel, ef ekki var sett of mikið heyið um lúguna í einu. Fljótlega kom þó laus blásari sem leysti búnaðinn af hólmi“.
- Hukla / Kerlingarhukla** (n, kvk) Mjög niðrandi heiti á kvenmanni. „Mér gengur bara ekki að koma nokkru tauti við þessa kerlingarhuklu á skattstofunni!. Hún er bara kolvitlaus; í einu orði sagt“!
- Hukla** (s) Efast; hika. „Þangað til voru þeir að hukla yfir þessu að tækifærið rann þeim úr greipum“. Í Kollsvík heyrðist einnig orðmyndin „hulka“, sjá þar. Uprunaskýring óljós, en e.t.v. dregið af „hokinn“.
- Huklandi yfir** (orðtak) Hikandi vegna. „Það þýðir ekki að vera huklandi yfir þessu; annaðhvort drífum við í þessu strax eða ekki“.
- Hula** (n, kvk) Slikja; hjúpur. Stundum notað um *lágþoku/pokuhulu; sjólæðu*. „Einhversstaðar var tófa að gagga niðri í hulunni í dalnum“.
- Hulda** (n, kvk) Snjóþekja eða ísskán á lofti yfir skurði eða gjótu, en holrúm undir. Oft erfitt að greina og getur verið hættulegt gangandi fólki og fænaði. „Ærin hafði farið niður um huldu á Álaskurðinum og drepist“.
- Huldubarn / Huldufólk / Huldukona / Huldumaður** (n, hk, fto) Í Kollsvík og annarsstaðar í Rauðasandshreppi hefur lengi verið töluverður átrúnaður á huldufólk, eins og glögg sést af hunum mikla fjölda huldufólksbústaða og álagastaða; og sögumog álögum sem þeim tengjast. Reyndar hafa þessar verur líklega lengur gengið undir nafninu álfar í munni Kollsvíkinga, eins og t.d. má sjá af örnefnaskrá; en hér er um sama fólkið að ræða. Sögur um huldufólk voru margar, og ólygnasta fólk hefur orðið vart við það. „Leið okkar liggur fyrir neðan Stórhólinn. Líttu vel til hólans, því þar er huldufólksbyggð og oft hefur sést þar huldufólk. Ég þekkti fólk sem sá þetta. Beint niður af hólnum; efst í klettunum, er Sandhellir. Hann er töluvert stór þegar inn er komið; svipaður sjóvettling í laginu, með einum þumli; og heitir Þumall. Inn af

honum er hola sem á að vera inngangur huldufólksins í Stórhólinn“ (IG; Sagt til vegar I). „Á miðri leið (á Breiðshjöllunum) er stór graslaut sem heitir Bolli. Þar sá Össur bróðir huldustrák hlaupa með tveim krökkum í smalamennsku. Ekki voru nema um hundrað metrar á milli þeirra og sól og blíða, svo varla var um missýningu að ræða“. (I.G. Sagt til vegar II).

Huldufólk er sagt vera líkt mannfólki í útliti, en lífshættir þess mótast meira af hinum gömlu háttum en nútíma. Það stundar landbúnað, án þess þó að eiga í samkeppni við mennska bændur og án kvótastýringar stjórnvalda. Ekki er heldur kunnugt um kvótageign þeirra álfa sem daglega róa til fiskjar og skilja eftir sig sýnilegar *álfarákir* því til sannindamerkis. Huldufólk er yfirleitt ósýnilegt menntu fólki, en þó er sumum gefin sú náttúra að sjá því bregða fyrir af og til. Huldufólk er yfirleitt friðsamt og lifir í sátt við náttúru og menn. Þó hefur það þurft að verjast ef að því er vegið eða gengið nærri heimkynnum þess og þeirri náttúru sem það ber fyrir brjósti. Það kann aðferðir til að hafa áhrif á atburðarás og gæfu manna, þannig að menn gjalda þess oft á einhvern hátt ef huldufólki er gert til miska. Til eru sögur af hjálpssemi huldufólks og aðstoð við menntu heimafólk, þó þær hafi ekki orðið eins lífseigar og hinar.

„Huldufólk var talið búa í steinum, klettum og hólum... Ekki heyrði ég um tegundir álfa en ég held að ekki hafi verið gerður greinarmunur á álfum og huldufólki. Hafi huldufólk verið verulega frábrugðið mannfólki þá heyrði ég ekki frá því sagt. En það var talið hefnigjarnt ef gert var á hlut þess. Huldufólk var talið stunda svipaða atvinnu og mannfólkið, þ.e. landbúnað og fiskveiðar. Ekki heyrði ég mikið á það minnst nema að fólk taldi sig hafa orðið vart við lestarferðir huldufólks með hesta. Eitthvað heyrði ég minnst á huldufé og jafnvel kýr.... Til marks um sjóferðir huldufólks voru álfarákir sem sáu á sjó í stillum og næstum logni... Það var nokkuð almenn trú að huldufólk fengi lánaða hluti hjá fólki en skilaði þeim alltaf aftur... Enn segir maður ef eitthvað hverfur, að nú hafi huldufólkið þurft að fá þetta lánað“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).

„Á mínum ungdóms- og uppvaxtarárum var mikið talað um huldufólk. Margir höfðu séð það við heyskap; konur koma með mjólkurfötur af stöðli; *búferlaflutningar* áttu sér stað, og *þar frameftir götumum*. Þó var meira áberandi að huldufólk birtist í draumi; einkum konum. Þannig bað mörg huldukonan um mjólk handa barni sínu og kýrin húsmóðurinnar var mjólkud *frákonumegin*; þ.e.a.s. vinstra *júfur* kýrinnar. Sumar gæfusamar ljósmæður hefðu byrjað starf sitt með því að vera leiddar í draumi út í einhvern hólinn til þeirra verka og þegið fyrirbærni að launum“ (Ívar Ívarsson Kirkjuhvamm; Hvatt bæði; grein í Lesbók Tímans 1964). Nafnið Hulda er stytting úr huldukona: „Þarna í heiðu himinveldi hljóðra fjalla/ heyrð' ann landsins huldu kalla“ (JR; Rósarímur).

Huldufólksbátur (n, kk) Bátur *huldumanna*, sem þeir róa til fiskjar og skilja eftir sig *álfarákir*.

Huldufólksbústaður / Huldufólkssteinn (n, kk) Heimkynni huldufólks; oftast áberandi stór steinn eða hóll. Af huldufólksbústöðum má nefna Árónu norður á Bekk í Núpnum; Bergin; Rauðukusustein sem nú er í vegkanti í Tröðinni; Grástein; Strýtustein og að sjálfsgöðu höllina; Stórhól yst á Hnífum, sem á að hafa samgang við Sandhelli. Svo er að sjá að huldufólk og tröll hafi lifað í góðri sátt og nábýli. Til dæmis er stutt á milli Tröllkarlshellis í Hnífum og Sandhelli, þar sem eru lystisvalir huldufólksins í Stórhól.

Huldufólksbyggð (n, kvk) Byggð/hverfi huldufólksbústaða. „Fyrr á tíð var því staðfastlega trúað að mikil huldufólksbyggð væri á Hnífunum. Sérstaklega í Stórhól...“ (HÖ; Fjaran).

Huldufólksengi (n, hk) Slægjur huldufólksins. Jafnan fylgdu þeim bannhelgar, þannig að menntu fólki hefndist fyrir að slá þar. „Milli Hólanna er dý sem heitir Kötluðý. Þar á að vera grafinn ketill með peningum í... Framanvið Kötluðý er álagablettur á engjunum. Er það grasbrekka niður að ánni austanvert; neðan túns. Var sagt að þetta væri huldufólksengi sem ekki mætti slá“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Huldufé / Huldukind / Huldukýr / Huldulamb / Hulduskepna A. Bústofn huldufólks. B. Búfé/gripur sem sést hefur, en enginn veit deili á, og ekki verður skýrt með eðlilegu móti.

Huldukýr (n, kvk) Kýr huldufólks, sem er sömu nátturu og eigendurnir; að sjást ekki allajafna af dauðlegum mönnum. Sagnir herma að sumar bestu kúaættir megi rekja til huldukúa.

Huliðshjúpur (n, kk) Töfrahjúpur sem í ævintýrum er hægt að bregða yfir menn og hluti til að ekki sjáist. Heyrðist stundum notað í líkingum. „Það var eins og þessir rolluskrautar hefðu brugðið yfir sig huliðshjúpi eða hreinlega gufað upp; ég fann þær ekki, hvernig sem ég leitaði“.

Hulin ráðgáta (orðtak) Óskiljanlegt; ósvarað. „Mér er það alveg hulin ráðgáta hvernig ykkur gat yfirsést þessi fjárhópur á dalnum“!

Hulka (s) Efast; hika. „Við skulum ekkert vera að hulka lengi yfir þessu; annaðhvort drifum við í því eða látum það alveg eiga sig“! Heyrðist í þessari mynd í Kollsvík. Líklega hljóðvilla af „hukla“, en þó óvíst meðan upprunaskýring er óljós á báðum orðmyndunum.

Hulstur (n, hk) Hylki; vasi; ílát sem skýlir því sem í því er. „Hvar er nú gleraugnahulstrið mitt“?

Hultur (l) Hólpinn; öruggur. „Maður er hvergi hultur fyrir þessari ansvítans pest“.

Humátt (n, kvk) Sama átt. „Fer bóndi fyrstur... en ég geng í humátt á eftir...“ Frásögn KJK (MG; Látrabjarg).

- Humma fram af sér** (orðtak) Draga úr hófi; slóra þar til um seinan. „Hann hummaði það fram af sér að kjósa“.
- Humma í** (orðtak) Um viðbragð/andsvör; vera hikandi/ í vafa. „Það hummaði dálítið í honum þegar hann frétti af þessu; hann hafði greinilega búist við öðru“.
- Hummandi yfir** (orðtak) Hikandi; á báðum áttum um. „Hann var dálítið hummandi yfir þessu í fyrstu, en áttaði sig svo á því að þetta væri líklega eini kosturinn í stöðunni“.
- Hundaat** (n, hk) Áflog hunda; hundaslagur. „Fjölmargir hundar mættu með húsbændum sínum í réttir og varla brást að þar hlypu einhverjir saman og upphæfist tilkomumikið hundaat“.
- Hundadagakóngur** (n, kk) Jörger Jörgensson, sem kallaður var Jörundur hundadagakóngur, hrifsaði völd Danakóns á Íslandi 25. júní og sat að þeim til 22. ágúst árið 1809. Sumir ráðamenn landsins á þeim tíma gerðust honum fylgispakir, í von um að halda völdum sínum og auka þau. Einn þeirra var Guðmundur Scheving í Haga, þá sýslumaður Barðstrendinga. Ekki fer sögum af því að Einar Jónsson bóndi og hreppstjóri í Kollsvík gerðist hallur undir Jörund, en að því er að gæta að þeir frændur, Guðmundur og Einar, ráku þá saman útgerðarfélag um slúppskútuna Delphin og voru frumkvöðlar í þilskipaútgerð. Það er því ekki úr vegi að álykta að Einar hafi a.m.k. látið það vera að sýna andstöðu við hundadagakónginn meðan hann ríkti.
- Hundadagar** (n, kk, fto) Dagarnir 13.júlí til 23. ágúst ár hvert. Nafnið er upphaflega komið frá Forn-Grikkjum, sem settu sumarhitana í samband við Hundastjörnu/Síríus, sem þá fór að sjást á morgunhimni. Tímabilið er nær sami tími og stjórntíð Jörundar Jörgensen (25. júní-22. ágúst 1809), sem af því hlaut nafnið *hundadagakóngur*. Mikill átrúnaður var á þessum dögum varðandi tíðarfar og veðrabrigði. Þá var talið að umskipti yrðu í veðri; óþurrkar í kjölfar þurra; þurrviðri á eftir ótíð. „Ætli hann fari ekki að rigna um hundadagana; eins og þetta hefur verið ágætt fram til þessa“.
- Hundafargan / Hundahersing / Hundastóð** (n, hk/kvk) Fjöldi/ofgnótt af hundum. „Það þýðir ekkert að hafa allt þetta hundafargan með sér í smalamennskuna; þeir gera ekkert gagn og betra að láta Dalla einan um þetta“. „Skárrí er það nú hundahersingin sem komin er í kringum tíkina“!
- Hundagata / Hundagötuleið / Hundagötubræðingur** (n, kvk) Óvanaleg/erfið/illfær leið; fráleit/faránleg leið. „Ég nennti ekki að þræða ganginn aftur að spottanum, heldur fann ég þarna einhverja hundaleið alveg upp á brún“. „Ekki veit ég hvaða hundagötuleið þú ferð til að fá þessa niðurstöðu í málin“! „Þarna liggja einhverjir hundagötubræðingar framani brúninni inni hvappið, en *fjandans sú ögnin* að ég færi það“!
- Hundaglamur** (n, hk) Hundagelt; *glamur*/hávaði í hundum. „Viðskiljum hundana eftir heima; ég kæri mig ekki um neitt hundaglamur við svona smalamennskur“.
- Hundaheppni** (n, kvk) Mikil heppni; *slembilukka*. „Það var bara fyrir hundaheppni að ég fann kindurnar í þessari niðarþoku“.
- Hundahreinsunarhús / Hundalækningahús** (n, kvk) Hús fyrir böðun og ormalyfsgjöf hunda. „Hundahreinsun var framkvæmd sameiginlega og reglulega á einum bæ fyrir hunda í Útvíkum, Bæjum og Örylgshöfn, og skiptust bæirnir á um það. Hreinsunin var framkvæmd af dýralækni eða fulltrúa hans, og á síðustu áratugum þessa viðburðar var það Ólafur Magnússon á Hnjóti. Baðað var í stóru kerri eða bala og var líf og fjör meðan á því stóð. Brást ekki að einhver hundur týndist til fjalls og annar hlyti minniháttar skrámur. Um 1980 fékk Rauðasandshreppur Gunnar Össurason til að byggja sésmíðað hundahreinsunarhús í landi Hnjóts. Það hlaut gæluheitið „Hótel hundur“ (líkl. upprunnið hjá GJH) og var síðar notað sem slökkvistöð hreppsins“. „Eftir nokkrar samræður var hreppsnefndin sammála um að leggja til að eitt hundalækningahús sé byggt í sameiningu til afnota fyrir alla hreppa læknishéraðsins“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; hreppsnefndarfundur 12.10.1958; ritari S.J.Th. oddviti)
- Hundaklyfberi** (n, kk) Skammaryrði/níð um mann; drullusokkur; þrjótur; ónytjungur. „Ekki veit ég hvor hundaklyfberinn var verri; Hitler eða Stalín“. Orðið er talið ummyndun á danska orðinu „hundeklipper“; sá sem klippir hunda.
- Hundaklyfberaháttur** (n, kk) Óþverraháttur; drullusokksháttur; niðingsháttur. „Svona lúalega framkomu get ég ekki kallað annað en helvískan hundaklyfberahátt“!
- Hundakrókar** (n, kk, fto) Mjög krókótt leið. „Jóa Þórðar hafði dreymt um að stjórna bíl frá því að blindfullir Fífuhammsbræðurnir létu hann aka sér alla hundakrókana niður í Hafnarfjörð“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi; Árb.Barð 2012).
- Hundakúnstir** (n, kvk, fto) Furðulegar/faránlegar athafnir; bellibrögð. „Ég hef ekki trú að þessar hundakúnstir í kvótamálum séu gæfuspor fyrir landsbyggðina“.
- Hundakæti** (n, kvk) Galsi; yfirdrífni kæti/gleðilæti. „Nú er komin einhver hundakæti í krakkahópinn“.
- Hundalíf** (n, hk) Erfitt líf; bágindi. „Þetta hlýtur að vera hálfgerð hundalíf hjá þessu blessaða fólki“.

Hundalógik (n, kvk) Óraunhæf/faránleg/yfirborðsleg röksemdafærsla; innantómt málskrúð. „Koma þeir nú enn með þessa hundalógik að við þurfum nauðsynlega að hafa her til að verja landið! Fyrir hverjum svosem“?!

Hundalækningar / Hundahreinsun (n, kvk) Árleg hreinsun hunda til að losa þá við óværu s.s. orma. Sjá *hundahreinsunarhús*.

Hundaskattur (n, kk) Skattur/gjald sem lagður er á hreppsþúa til að standa undir kostnaði við t.d. *hundalækningar/hundahreinsun*.

Hundaskítsveður / Hundaveður (n, hk) Skítaveður; mjög slæmt veður. „Þetta var ljóta helvítis hundaskítsveðrið! Hífandi rok og slyddudrulla, svo sá ekki út úr augum“! „Það var komið hálfgerð hundaveður þegar við komum heim á Hjallana“.

Hundast / Hundskast (s) Vera lúpulegur/skömmustulegur; *lúskrast*. „Ætli maður verði ekki að hundast í land með öngulinn í rassinum, fyrst vélin er að klicka“. „Ætlar maðurinn ekki að hundskast til að standa fyrir fénu“?!

Hundastjarnan (n, kvk) Sjá *Síríus*.

Hundasund (n, hk) A. Sund hunds. B. Ómarkvisst spríkl mannsí vatni, sem ekki kann að synda.

Hundasúra (n, kvk) Algeng jurtt í Kollsvík sem annarsstaðar á landinu. Skýringum vísindamanna og akademikara á heitinu hundasúra ber alls ekki saman við það sem málvenja var í Kollsvík, og líklega víða annarsstaðar í nágrenninu. Fer um það sem annað; að vitleysan ríður ekki við einteyming. Étur hver vísindamaðurinn eftir öðrum og innprentar sínar bábiljur þeim sem í blindni trúir; og endar með því að réttum og hefðbundnum skilningi er algerlega á haus snúið!

Í Kollsvík nefnist sú jurtt hundasúra sem hefur fræðiheitið *Rumex acetosa*, en fræðimenn vilja nefna hana túnsúru. Það sem þeir nefna hundasúru; *Rumex acetosella*, gengur undir nafninu túnsúra í Kollsvík. Túnsúra er einnig í Kollsvík, og þekktist á því að horn blaðanna neðst eru útstæð en vísa ekki niður eins og á hundasúru (sem er öfugt við álit fræðimanna). Hundasúra er fjölær jurtt af súruætt. Laufblöð eru ílóng og örvarlögðuð, og snúa blaðhornin niður. Stöngullinn er gáraður, og á hann koma rauðleit fræ. Algeng um allt land, en vex gjarnan í túnnum og öðrum frjósömum jarðvegi. Hundar sækja mjög í að bita hundasúru, og dregur hún af því nafnið. Hundasúra er mjög bragðgóð til átu, og vinsælt var hjá börnum í Kollsvík að tína hana til átu eða að sjóða af henni *súrugraut*, *súriseyði* eða *súroute*. Súra bragðið stafar af oxalsýru, og því er ekki ráðlegt að borða hana í mjög miklu magni.

Hundatrunta (n, kvk) Neikvæð mannlýsing um þann sem er óþverralegur; hryssingslegur. Oftar notað um kvenmann en karl, en þó ekki einhlítt. „Hún gat átt það til að vera bölvuð hundatrunta við allt og alla, ef þannig lá á henni, þó þetta væri mesta *gæðablóð dagsdaglega*“.

Hundatruntulega (ao) Með hryssingi/illindum; *fúlmannlega*. „Þetta fannst mér hundatruntulega sagt“.

Hundatruntulegur (l) Hryssingslegur; meinyrtur; öngur. „Vertu nú ekki svona hundatruntulegur við hann bróður þinn“!

Hundavað (n, hk) Það að göslast svo í grunnu vatni að skvettur standi í allar áttir, en það er iðulega háttur hunda. Mest notað í líkingunni að fara yfir eitthvað, t.d. lesmál, á hundavaði; í þeirri merkingu að lesa lauslega og því hugsanlega misskilja það sem sagt er. Minnir það á hraðferð hundanna með gusugangi.

Hundavakt (n, kvk) Tími sólarhring; vakt á hákarlaskipi. „Sú var venja við hákarlaveiðar... að sólarhringnum var skipt niður í fimm vökur eða vaktir. *Hundavakt* hét frá tólf á miðnætti til fjögur árdegis. Mun hun hafa fengið nafn af því að þá var einnig hráslagalegt, myrkt og kalt. Kokkur lá í fleti sínu og ekkert matarkyns að hafa. Þótti slíkt hundaævi og þar af drógu menn nafnið. Þristur nefndist vakan frá fjögur til sjö að morgni, Þá kom formíðsdagsvakt frá sjö til tólf á hádegi; langavakt hét frá tólf til sjö síðdegis, en kvöldvakt frá sjö til tólf á miðnætti“ (GG; Skútuöldin“).

Hundapúfa (n, kvk) Áberandi há gróin þúfa. Heiti sitt hafa þessar þúfur eflaust fengið af þeirri venju hunda að þurfa einnig að létta á sér utan í þær. Hvortveggja á sér sömu skýringar; stærð þúfunnar og þessi árátta hundanna, þó engin tengsl séu þar annars á milli. Fuglar velja sér vanalega hæsta staðinn í landslaginu til að setjast og vakta umhverfið. Þeir skilja þar eftir sinn skít og af því stækkar og viðhelst þúfan. Hundar hafa þann sið að velja áberandi kennileiti í landslaginu til að skilja eftir sín skilaboð í formi hundahlands og af því stafar þeirra áhugi á þessum þúfum.

Hundbeita fé (s) Siga hundi á fé; láta átölulaust þó hundur *amist við* fé. „Það eru auðvitað engir mannsiðir að hundbeita féð; ég þyrfti að koma krumlunum í þessa andskotans bjána“!

Hundblautur (l) Mjög blautur; alvotur. „Þegar karlarnir komu heim að Hvallátrum um kvöldið voru þeir allir hundblautir og örþreyttir“ (Hrafnkell Þórðarson; Útkall við Látrabjarg).

Hundétinn / Hundnagaður (l) Sýnilega nagaður af hundi. Einnig í líkingamáli; “Fjári er þessi bók orðin lúin og hundétin“.

- Hundfúll** (l) Mjög svekkur/móðgaður/fúll. „Maður er hundfúll yfir þessum málalokum“.
- Hundgamall** (l) Mjög gamall/forn. „Enginn veit aldur Heshússins, en það er örugglega hundgamalt“.
- Hundgelt / Hundsgelt** (n, hk) Gelt í hundi.
- Hundheiðinn** (l) A. Trúlaus (sjaldan notað). B. Venjulegur; einfaldur; algengur. (meira notað). „Þetta er nú enginn gæðaviður; bara hundheiðin fura“.
- Hundingi** (n, kk) Óþokki; skáلكur; skúrkur. „Hafa nú helvítis hundingjarnir *skorið í sjó* hjá okkur“?!
- Hundingjalýður** (n, kk) Hópur óþokka/skúrka; óþverrapakk. „Ætli ég láti það nú ekki vera að styðja á nokkurn hátt þennan hundingjalýð sem vill förna sjálfstæði þjóðarinnar“!
- Hundingsháttur** (n, kk) Óþverraháttur; ósiður; ókurteisi. „Það er óþarfi að sýna honum einhvern hundingshátt; ég er nú ekki vanur að taka alltof mikið mark á þessu bölvuðu sveitaslúðri“.
- Hundingslegur** (l) Skömmustulegur; niðurlútur. „Hann hefur verið hálf hundingslegur síðan þetta skeði“.
- Hundkvikindi / Hundgrey / Hundsneypa** (n, hk) Vesalings hundur. „Vertu nú ekki að kenna hundkvikindinu um þetta“. „Hvar er nú hundsneypa“?
- Hundlaus** (l) Án hunds. „Við vorum oftast hundlaus því Urta sem pabbi átti var bæði löt og svikótt“ (IG; Æskuminningar).
- Hundlatur** (l) Mjög latur/*drumbsíður*; *húðlatur*. „Ég er hundlatur að fara aftur af stað í dag; við sækjum þessar *skjátur* bara á morgun“.
- Hundleiðinlegur** (l) Mjög leiðinlegur/þreytandi. „Ferlega getur manngrýlan verið hundleiðinleg“.
- Hundleiður** (l) Mjög þreyttur/leiður/fúll/vonsvikinn. „Hann var orðinn hundleiður á biðinni“.
- Hundóánægður** (l) Mjög óánægður/óhress; *grautfúll*. „Ég er hundóánægður með þessa niðurstöðu“.
- Hundóbermi / Hundspott** (n, hk) A. Skammaryrði um hund. „Er nú hundóbermið að elta lömbin“?! B. Niðrandi heiti á mönnum, lítið notað nú á dögum. „Spurning er hvernig heimurinn hefði orðið ef hundspottið hann Hitler hefði aldrei komist til valda“.
- Hundruð** (n, hk, fto) Mat jarða; jarðarhundruð. Gildi hundraðs var annað áðurfyrr en nú er, og merkti eitt hundrað 120 álnir vaðmáls. Á einu hundraði mátti framfleyta einni kú á jörð. Ein kýr, „8 vetra og eigi yngri en að öðrum kálfi; heil og heilspenuð“ var metin til jafns við sex ær; loðnar og lembdar í fardögum að vori. Nefndust þessi verðmæti stundum lögaurar eða landaurar. Með aukinni fiskveiði og skreiðarútlutningi á 15.öld varð fiskur algengasta verðeiningin. Gildur fiskur/ málfiskur var 4-5 merkur að þyngd (mörk = hálf pund), og voru 240 málfiskar í einu hundraði. Forn grundvöllur hundraðareiknings hélst til 1922, en um það leyti urðu miklar byltingar í búskaparháttum og ræktun sem breyttu víða verðgildi jarða. „Bjó Einar einn á allri Kollsvíkurlörðinni, en hún var að fornu mati 24 hundruð“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). Láganúpur, með hjáleigunum Grundum og Hólum, var metinn á 18 hundruð.
- Hundseyra** (n, hk) A. Bókstafleg merking. B. Brot á horni blaðsíðu til áminningar eða af slæmri umgengni.
- Hundshaus** (n, kk) A. Bókstafleg merking. B. Um mann: Fúll; óánægður. „Hann er með hundshaus yfir því að komast ekki með í róðurinn“.
- Hundsherðablað** (n, hk) Lítill/*óhöndugleg* skeið. „Ég get ekki étið með þessu bévítans hundsherðablaði; fyrir hverskonar *snúinkjafi* skyldi þetta eiginlega vera smíðað“?!
- Hundskamma** (s) Skamma mjg mikið; veita ádrepu. „Ég hundskammaði hann fyrir þessa framkomu“.
- Hundskast** (s) Vera lúpulegur; skammast sín. „Skyldi hann hundskast til að gera bragabót á þessu“?
- Hundskinnssútnári / Hundsrassgat** (n, kk) Mjög afskekkur staður; eyndarbyggð. „Sumum þar vestra hætti til að nota orðið „hundskinnssútnári“ þegar þeim mislíkaði yfiringangur hinnar sjálfhverfu glysborgar við Sundin“. „Ekki skil ég að nokkur maður skuli geta búið í þessu hundsrassgati“!
- Hundslappadrífa** (n, kvk) Mjög grófgerð snjókoma; tíðast í frostlitlu veðri og hæglati.
- Hundstíð** (n, kvk) Slæmur tími; niðurlægingartími. „Alla sína hundstíð stefndi hann að heimsyferráðum“.
- Hundstungan græðir (en kattartungan særir)** (orðatiltæki) Eitt af mörgum húsráðum alþýðulækninga á fyrri tíð var að láta hund sleikja sár til að sóttgreinsa það. Enn hefur gildi þess ekki verið afsannað, eftir því sem best er vitað. „Ég hef heyrt að hundstunga græddi, en ekki vissi ég það notað; nema kannske að krakkar sem skáru sig smáskeinu í fingri hafi notað það“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms). Stundum var áhrifum kattartungunnar bætt við, sem vísar til þess að hún er gróf eins og raspur. Sjá *hrein er hundstungan*.
- Hundsvit** (n, hk) Vit/gáfur hunds. Þó nú sé vitað að hundar hafa ýmsar sérgáfur sem mannum eru ekki gefnar var hundsvit áðurfyrr talið lítið og orðið notað til vanvirðingar. „Hann hefur ekki hundsvit á þessu“!

Hundtryggur (l) Dauðtryggur; mjög leiðitumur; tryggur sem hundur. „Engir hlustuðu á þessa firru nema hundtryggustu sjálfstæðismenn; enda áttu þeir líklega einhverra hagsmuna að gæta“.

Hundur (n, kk) A. Heimilisdyr; *Canis lupus familiaris*. Hundar hafa fylgt mannum í tugþúsundir ára, en voru upphaflega úlfar sem líklega löðuðust að matarleifum og veiðum manna. Þeir komu til landsins með landnámsmönnum, og líklegt er að fyrsti hundur í Kollsvík hafi synt í land eftir strand Kolls á Arnarboða. Síðan hafa hundar verið í Kollsvík a.m.k. eins lengi og sögur fara af, og veitt gleði og félagsskap. Sumir hafa verið mjög gagnlegir við smalamennskur, líkt og t.d. Dalli sem var í eigu Ingvars Guðbjartssonar í Kollsvík. Sú var þjóðtrú að ekki mætti hundur koma nærri veiðarfærum eða vera um borð í skipi; það spillti veiði. B. Rafmagnsljós í lausri taug. „Fyrst eftir að rafmagn kom voru ljósastæði einföld; oftast föst perustæði með engum skermum. Svo fóru að koma lampar, bæði borðlampar og hangandi, einnig „hundar“. Útiljós og ljós í skepnuhús komu nokkuð seinna“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms). C. Lágspil. „Þú byrjar á að losa þig við alla hundana; spil sem eru lægri en 10“. D. Líking um slæmt skap, lunta eða fyrtingu. „Það er einhver árans hundur í honum við mig; ekki veit ég hversvegna“.

Hundur er jafnan herra/húsbónda líkur (og köttur frú) (orðatiltæki) Sumir þykjast sjá líkindi með hundi og eiganda hans, jafnt í hegðun og útliti. Síðari hlutinn heyrðist ekki vestra, en var þar þekktur.

Hundur í (orðtak) Fúll; móðgaður; *lunti í*. „Það er einhver hundur í honum vegna niðurstöðunnar“.

Hundveikur (l) Mjög veikur/veiklulegur/slappur. „Ég hefði ekki verið í landi nema af því ég var hundveikur“.

Hungra (s) Verða svangur; *svengja*. „Okkur var farið að hungra dálítið; enda matarlausir allan daginn“.

Hungraður (l) Svangur; *matarþurfi*. „Ég var orðinn hungraður og þreyttur þegar ég kom heim“.

Hungurdaudi (n, kk) Dauði vegna hungurs. „Kollsvíkurver og aðrar verstöðva, urðu þjóðinni oft helsta bjargráðið í harðindum og hallærum, og hafa eflaust bjargað fjölmörgum frá hungurdauda gegnum tíðina“.

Hungurfæða (n, kvk) Matur sem ekki er étinn nema hungurdaudi blasi við; *ómeti; óæti; fátækrafæða*. „Þessar dýskotans gúrkur eru hálfgerð hungurfæða; enda lítið annað en fúlt og grænt vatn“!

Hungurgjöf (n, kvk) Of lítil föðurgjöf fyrir skepnur. „Það þýðir ekki að gefa þeim minna en fimm föng á jötuna á innistöðu; annað væri hungurgjöf“.

Hungurlús (n, kvk) Óvera/ögn af mat; naumur matarskammtur. „Ég get nú varla kallað það mat; þessa fjandans hugurlús sem þeir kalla hamborgara. Þetta er ekkert nema sósusull og brauðbiti“!

Hungurmorða (l) Drepast úr hungri. „Láttu nú ekki eins og þú sért að verða hungurmorða þó matartíminn raskist um fáeinir mínútur“!

Hungursneyð (n, kvk) Hallæri; slæmt ástand og ónógur matur. „Í hungursneyðum leitaði fólk í verin“.

Huppótt (l) Kápótt; litur á kúm; síður alhvítar en dökki liturinn nær niður eftir lærum.

Huppur (n, kk) Kviður; slög; magáll; krikinn aftan kviðs og framan læra á sauðfé og nautgripum.

Hurð skellur nærri hælum (orðtak) Sjá *þar skall hurð nærri hælum*.

Hurðarband (n, hk) Band á hurð, notað til að loka henni og halda við karminn. Hurðarband var gjarnan á dyrum útihúsa, í stað hespu eða annars lokubúnaðar. Var það oftast um 20-30 cm langur spotti úr lipru bandi, festur í lykkju nærri jaðri á miðri hurð. Í stafnum var tittur/nagli, og þegar dyrum hafði verið lokað var bandinu vafið nokkra snúninga um hann, og hnýtt að með lykkju sem auðvelt var að leysa.

Hurðarhespa (n, kvk) Hespera/speldi til að halda hurð lokaðri. Vanalega spjald með ílöngu gati sem gengur upp á keng í stafnum, og svo er splittað að. „Hann kom með nýjar lamir og hurðarhespu“.

Hurðarlaust helvíti (orðtak) Blótsyrði/áhersluorð af kjarnyrtara taginu. „Nei fari það í hurðarlaust helvíti; hrútfjandinn búinn að lemja sig framúr stíunni og kominn í kindurnar“!

Hurðarloka (n, kvk) Búnaður til að festa/læsa hurð við karminn. Oftast er átt við renniloku.

Husla (s) Jarðsetja; jarða; grafa. „Töluverð fyrirhöfn var, áður fyrr, að koma líkum til greftrunar. Kollsvíkingar áttu lengi vel kirkjusókn að Saurbæ og þangað varð að koma hinum látnu hvernig sem tíð og færð var, til að unnt væri að husla þá í vígðum reit. Örnefni bera þessu vitni, t.d. Líkasteinn framarlega í Víkinni“.

Húdd (n, hk) Vélarhlíf á bíl. „Opnaðu húddið aðeins; mér heyrir eitthvað auka tikk vera í vélinni“. Enskt tökuorð eftir að bílar urðu algengir.

Húddbíl (n, kk) Bíll með vél framanvið framgloggann. Í frambyggðum bílum er hún undir framsætum.

Húðarbykkja / Húðarmeri / Húðartrunta (n, kvk) A. Niðyrði um mjög horaða meri. B. Niðrandi heiti á skepnu eða manneskju.

Húðarjálkur / Húðarselur (n, kk) A. Mjög horaður hestur/selur. B. Líking; niðrandi heiti á manni sem þykir latur og jafnvel ófrómur. „Ekki myndi ég treysta þeim húðarjálki spönn frá rassi“! „Farðu nú og rífdú þennan húðarsel framúr; það er kominn hábjartur dagur“!

Húðarleti / Húðleti (n, kvk) Mjög mikil leti; alger *landeyðuháttur*. „Skelfileg húðleti er þetta í honum að ganga ekki frá verkfærunum“! „Ég kalla svona *háttalag* ekki annað en húðarleti“!

Húðarletingi (n, kk) Mikill letingi; alger liðleskja/aumingi. „Mikill hörmungar húðarletingi getur maðurinn verið; að nenna ekki að ganga almennilega frá bátnum“!

Húðarrigning (n, kvk) Mikil rigning, þannig að illa hlífaðir menn verða blautir inn að skinni.

Húðarselur (n, kk) A. *Selspik* með áfastri húð, sem notað er sem hákarla-beita. B. Líkingamál um sérlega latan mann; *húðarletingja*.

Húðarskammir / Húðskammir (n, kvk, fto) Miklar skammir; *óbótaskammir*; *rotarskammir*. „Auðvitað fengum við húðskammir fyrir að stelast í klettana hinumegin við mörkin“.

Húðblautur / Húðvotur (l) Blautur innúr/inn að skinni. „Ertu ekki alveg húðblautur orðinn“?

Húðflengdur (l) Flengdur óþyrmilega; lúskrað á. „Ég vona að þeir verði svo húðflengdir í þessum kosningum að þeir bjóði ekki fram aftur á næstunni“.

Húðflengja (s) Flengja/rassskella svo að sjái á skinni. „Það væri réttast að taka þessa skálka og húðflengja þá; þeir hafa svo sannarlega unnið til þess“!

Húðlatur (l) *Blóðlatur*; mjög latur. „Hann er sagður húðlatur og kærulaus“.

Húðrigna (s) Hellirigna; rigna svo að menn verði húðblautir. „Hann húðrignir ennþá“.

Húðskamma (s) Skamma mikið; *hundskamma*; *skamma eins og kvikindi*. „Hann húðskammaði strákana fyrir þessa hrekki“. Sjá *botnlausar skammir*.

Húðsneyptur hundur (orðtak) Hundur sem skammaður hefur verið mjög mikið; skömmustulegur hundur. „Hímdu ekki þarna úti í horni eins og húðsneyptur hundur; komdu og spjallaðu við okkur“!

Húðveltubrim (n, hk) Stórsjór. „Ég skil nú ekki í að nokkuð skip sé á sjó í svona húðveltubrim“.

Húfótt (l) Um lit kúa; dökk á skrokkinn en með hvítan haus. Höttótt ef á hinn veginn er.

Húfugarmur / Húfujolla / Húfukæpa / Húfulæpa / Húfuræfill / Húfutetur / Húfuskud (n, kk/ kvk/hk) Húfuræfill; gæluorð yfir fremur lítilfjörlegar húfur; pottlok. „Sérðu nokkuð húfugarminn minn“? „Hvar er nú húfukæpan mín“? „Ætli sé ekki rétt að hafa húfulæpuna í vasanum ef hann fer að rigna“. „Réttu mér húfuskudíð mitt“. Sjá einnig *skuðrildi*.

Húfulag (n, hk) *Handarbakavinnubrögð*; *sleðaháttur*; *sleifarlag*. „Það verður nú lítið úr verki með þessu húfulagi“. „Nú er ljóta húfulagið á þessu; kálfafjandarnir hafa verið að djöflast í heyinu“!

Húfulaus og allslaus / Húfulaus og vitlaus (orðtök) Algengt orðalag um húfuleysi. „Ætlarðu að fara svona af stað í smalamennskur; húfulaus og vitlaus“?

Húfupottlok (n, hk) Húfa; *húfukæpa*. Oftast var hér átt við derhúfu, en þær voru vinsælar um miðja 20. öld.

Húfur (n, kk) Orðið merkir í seinni tíð fríborð á bát; efstu umför í byrðingi. Það hefur líklega fyrrum merkt bátinn sjálfan. Til þess benda orðtökin *mikið í húfi* og *heill á húfi*.

Húfuskaði / Húfuskaðaveður (n, kk/hk) Um það að tapa húfu í hvassviðri; þegar veðurhæð verður svo mikil að hætta sé á að missa húfu í veðri. „Ég varð fyrir húfuskaða þarna á brúninni“. Hann er að gera húfuskaðaveður“.

Húfuveður (n, hk) Svo kalt í veðri að húfu sé þörf. „Skratti er hann nú orðinn kaldur; þetta er bara húfuveður“!

Húka (s) Híma; sitja álútur/ á hækjum sér. „Hann náði í taugina, landfestina, og þá var dregið í land. Þeir sem í landi voru drógu Guðbjart og hann dró Korkanesið. Við húktum bara þarna í hálffullum bátnum“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Húkka (s) A. Veiða með því að krækja öngli í bol fisks en ekki kjaft. Sjá einnig þverhúkka. B. Krækja í. „Húkkaðu króknum í pokann, svo ég geti híft hann upp“.

Húkkaður (l) Um veiddan fisk; Kræktur annarsstaðar á öngulinn en í kjaftinn. „Skollans óvild er á honum núna. Annarhver fiskur sem *sargast upp* er húkkaður“! „Sigurður var fyrstur í botninn og dró strax einn hvítan og fállegan fisk; en hann var húkkaður sá skratti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Húlkáll / Húlkállisti (n, kk) Kverklisti; listi sem felldur er inn í horn/kverk, oftast úr tré. „Við setjum húlkáll með loftinu til að fela rifuna“.

Húma (s) Dimma lítillaga. Gerðist fyrr í dimmviðri eða skýjuðu. „Það er farið að húma að kvöldinu“.

Húmbúkk og hindurvítni (orðtak) Hégómi; fánýti; bull. „Það er meira kjaftæðið með þessa megrunarkúra; hver trúir á svona húmbúkk og hindurvítni“?

Húmkaldur (l) Kalt í þoku/myrkri. „Heldur verður hann húmkaldur í logninu þegar skyggir á þessum árstíma.

Húnbora (n, kvk) Gat ofarlega á siglu báts, sem *dragreiði* var dregið í gegnum.

Húrra (s) Renna á miklum hraða. „Strákurinn settist á sleðann og húrraði niður brekkuna“.

Húrrahróp (n, hk, fto) Fagnaðaróp; siguróp. „Við skulum nú geyma húrrahrópin þangað til lúðukvikindið er komið inn í bátinn“.

Húrrandi laust (orðtak) Um mjög ótryggt berg í klettum/bjargi; hættulega laust; ekki trygg hand- eða fótfesta. „Blessaður vertu ekki að fara útá þessa urð; hún er öll húrrandi laus í sér“.

Húrrandi loft (orðtak) Um bjargsig; *loftsig* á löngum kafla; *gínandi loft*. „Þetta er vissulega girnilegur stallur þarna niðri, en ég gæti trúað að þangað niður sé húrrandi loft“.

Húsa fé (orðtak) Hýsa fé var oft notað, en merkingin hin sama. „Ertu nokkuð farin að húsa fé“?

Húsa frá (orðtak) Gapa; flagna. „Múrhúðin á gamla húsinu var víða farinn að losna upp og húsa frá klæðningunni“. Vísar til þess að sólbráð myndast við steina að vorlagi, þannig að „hús“ verður milli klaka og steins.

Húsað (l) Uppbyggt af húsum. „Þau höfðu ræktað jörðina og húsað hana vel“.

Húsagarður (n, kk) Hlaðinn garður kringum bæjarhús, og náði stundum kringum bæjartún og heystæði einnig. Húsagarðar voru gjarnan bognir fyrrum. Stór húsagarður stendur í Tröð í Kollsvík, hlaðinn af Guðbjarti Guðbjartssyni, og eitt af miklum steinhlöðnum mannvirkjum hans sem þar má enn sjá.

Húsagatilskipunin (n, kvk,m.gr) Tilskipun Kristjáns VI, kóngs Dana og Íslendinga árið 1746, sem beinist að því að koma skikk á óreglu og ólifnað hinna illa dönnuðu Íslendinga. Ekki var síst talin vanþörf á að koma einhverjum aga á lifnaðinn í verstöðvunum, enda beinast margar greinar að þeim. Eflaust hafa vermenn í Kollsvík þurft að láta þetta yfir sig ganga en óvíst er hver var árangur af tiltektum kóngsins á þeim útskækli hans veldis. Til að koma í veg fyrir ýmiss konar óreglu; rifrildi, *bölv* og aðra ósiðsemi sem tíðkaðist hjá sjómönnum, var formönnum skipað að hafa eftirlit með þeim og vara þá við að stunda syndsamlegt og *illskufullt* líferni. Hlýði þeir því ekki kæri formenn þá fyrir prestinum, en gagni það ekki ber að kæra þá fyrir sýslumanni, sem dæmir hina seku í sektir, eftir því hver yfirsjónin var og lætur þá þar að auki standa opinberar skriftir. Verði formönnum á að brjóta af sér, ber tveimur trúverðugustu mönnum á hverjum báti að kæra þá. Formenn skulu á vertíðinni, og eins milli vertíða, sjá svo um að bátar lendi svo snemma kvöldið fyrir helga daga að sjómennirnir hafi nægan tíma til að *gera að* aflanum áður en helgi hefst. Sé þessi skylda ekki rækt án neyðartilfella, ber formönnum að bæta hásetum þann skaða sem af hlýst. Formenn skulu einnig hafa gát á því í landlegum að skipverjar vinni sínum húsbændum af trúmennsku, m.a. við verkun fískisins. Einnig skulu formenn sjá um að þeir iðki bænahald og hlýði á guðsorð í verbúðum og á heimilum. En geri þeir það ekki skulu þeir sektaðir fyrir *ónytjungshátt* og ótryggð. Færi einhver bátsverji með rúnir eða *ristingar*, eða hneigðist til annarrar óguðlegrar hjátrúar sem hann hælir sér af, setji prestur ofaní við hann og sýni honum með tilstyrk guðs orðs fram á andstyggð þessarar syndar. Láti hann sér ekki segjast skal *aga* kirkjunnar beitt við hann fyrir þetta og önnur dæmi þvilík.

Allir formenn og hásetar sem ráðnir eru í skipsrúm eiga að vera komnir í verstöðina daginn eftir *kyndilmessu*. Eftir að vertíð var byrjuð máttu hásetar ekki koma í veg fyrir að formaður gæti stundað róðra. Þegar formaður hafði kallað áttu hásetar tafarlaust að mæta við *setningu* og fara *möglunarlaust* í róðurinn. Hegning lá við ef háseti neyddi formann til að leita til lands áður en hann æskti. Og í hvert sinn sem háseti nöldraði yfir löngum *sjávarsetum* og reyndi að hafa áhrif á aðra í þeim efnun, galt hann tveggja fiska sekt.

Landlegudaga áttu hásetar að nota til að hressa við gamla *fiskigarða* eða hlaða nýja og einnig dytta að sjóklæðum sínum ef þörf var á. Bar formanni að ganga ríkt eftir þessu. Hásetar máttu ekki ganga úr *skiprúmi* fyrr en vertíð lauk, nema mjög mikilvægar ástæður væru fyrir hendi. Hlypi einhver úr skiprúmi án vitundar eða samþykkis formanns átti sýslumaður að handsama þann seka og húðstrýkja eða sekta, eftir því sem málavextir voru. Ef vermaður dó á leið í ver áttu *samfylgdarmennirnir* að flytja líkið til sóknarkirkju hins látna. Sama gildi ef vermaður lést í *verskála*. Ef skipverji veiktist í *útveri* átti formaður að sjá um að koma honum til bæjar, þar sem honum yrði veitt *hjúkrun*. Hann átti einnig að koma í veg fyrir að háseti yrði svo *mötustuttur* að hann liði hungur. Honum bar að fylgjast með hvort menn færu *verjulausir* á sjóinn og taka hart á ef það gerðist. Ef kona var meðal áhafnar; annaðhvort háseti eða fanggæsla, og ekki var til sérstakt rúm, bar formanni að láta hana sofa *til fóta* hjá sér. (LK; Ísl. sjávarhættir III). Í húsagatilskipuninni er prestum uppálagt að áminna húsráðendur er verði varir við lestur skemmtisagna, leiki og annað óþarfa glens. Bannað var að hræða börn með óvættum á borð við jólasveina. Tilskipunin var í raun fyrsta námskrá á Íslandi, því í fyrsta sinn var kveðið á um skyldu foreldra til að kenna börnum að lesa, væru þeir læsir sjálfir, en annars einhverjir á heimilinu sem voru það: „eiga þeir foreldrar sem eru læsir eður eitthvört þeirra hjúa er læst, so fljótt börnin eru fimm til sex ára gömul, að láta þau taka til að læra að lesa á bók“

- Húsakostur** (n, kk) Húsbyggingar á bæ; húseignir. „Töluverður húsakostur er á Kollsvíkurbæjunum“.
- Húsaprýði** (n, kvk) Það sem feugar hús. „Ekki finnst mér það húsaprýði að hengja *larfana* af sér við útidyrnar“
- Húsaskjól** (n, hk) Vist/vera/afdrepp innandyra. „Klukkan mun hafa verið um 9, er við komum að Lágúnipi, og urðum þá fegnir að fá aftur húsaskjól, því veðrið var afskaplegt“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).
- Húsaskúm** (n, hk) A. *Skúm*; almennt notað um ló af ýmiskonar óhreinindum sem safnast getur á gólf húsa af hárum, ryki, vef o.fl. B. Vefur húsaköngulóar (fiskikarls), helst í hornum húsa þar sem minnst er þrif og umgangur.
- Húsbóndasæti** (n, hk) Sæti húsbóndans á bænum. „Ekki við ég stela húsbóndasætinu“.
- Húsbóndavald** (n, hk) Vald sem húsbóndi hafði jafnan á sínum bæ. „Ég skal ekki segja hver fer með húsbóndavaldið á þeim bæ; konan eða sonurinn. Ekki er það karlinn; svo mikið er víst“!
- Húsgangflakk** (n, hk) Flakk/flækningur milli bæja. „Í Barðastrandasýslu lentu jafnvel börn á húsgangflakki...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Húsgangsræfill** (n, kk) Tötralegur/fátækur flakkari/förumaður. „Ég ætla nú ekki að fara að setjast uppá ykkur eins og einhver húsgangsræfill“.
- Húsgangur** (n, kk) A. Förumaður, flakkari. B. Flakk; förumennska; *vergangur*. Sjá *éta einhvern á húsgang*. C. Lausavisa sem gengur milli manna, oft í margar kynslóðir.
- Húshjallur** (n, kk) A. Upphaflega notað um yfirbyggðan hjall til aðgreiningar frá þeim opnu hjöllum sem algengastir voru fyrrum. B. Niðrandi heiti á húsi; lélegt/óþétt hús; *húskofi*.
- Húskarll** (n, kk) Vinnumaður; *matvinnungur*. „Húskarlar vöknudu snemma og gengu til vinnu sinnar“.
- Húskofi** (n, kk) Lélegt hús; kofi; *húshjallur*. „Húskofinn hélt illa vatni og veðrum“.
- Húskross** (n, kk) Galli/erfiðleikar/erfið veikindi á heimili. „Myglusveppur hefur orðið mörgum húskross“.
- Húskveðja** (n, kvk) Lítil kristileg athöfn sem viðhöfð er þegar látin manneskja er í síðasta sinn borin af sínu heimili til jarðarfarar. Oftast er einungis heimilisfólk viðstatt, ásamt nánustu aðstandendum.
- Húslán** (n, hk) Lán/leiga á húsi/húsnæði. „Fyrstu árin voru allir fundir og innisamkomur haldnar á þeim heimilum sem best höfðu húsakynni, og lágu næst miðju fjelagssvæðinu. Húslán og öll hjálp við samkomurnar var ætíð velkomin, og án alls endurgjalds“ (ES; Ungmennafélag í Rauðasandshreppi).
- Húslegur** (l) Sá sem er duglegur við heimilisstörf og að halda snyrtilegu innanhúss. „Hann er nokkuð húslegur í sér, og hjálpar oft til við inniverkin“.
- Húslestur** (n, kk) Daglegur lestur guðsorðs fyrir heimilisfólk á kvöldin fyrrum. „Húslestrar hófust strax með vetrinum og var haldið áfram þar til föstuhugvekjur tóku við. Síðan var lesin önnur bók; vorhugvekjur. Það var lesið á sunnudögum allt árið. ... Vakan var til kvöldmatar, klukkan 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrösom. Síðan var alltaf lesinn húslestur; sunginn sálmur og lesin bæn úr bænakerfi Péturs biskups. Lesið var til um kl 10 og eftir það var farið að sofa“ „Já, húslestrar hófust strax með vetrinum, og var haldið áfram þar til föstuhugvekjur tóku við. Síðan var lesin önnur bók; „vorhugvekjur“. Það var lesið á sunnudögum allt árið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Upp úr sex fór pabbi að lesa húslesturinn, sem tók þó nokkuð langan tíma. Ekki ábyrgist ég að ungvíðin hafi alltaf setið kyrr undir lestrinum. Sjálf var ég ekki barnanna best í þeim efnum. Að loknum lestri var þakkað fyrir hann og óskað gleðilegra jóla með kossi“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). Húslestur var tekinn alvarlega, og ekki útaf honum brugðið að nauðsynjalousu. Til vitnis um slíka undantekningu er sagan af bónda í Kollsvík, sem var formaður fyrir bát sínum. Meðan hann var að lesa húslestur einn sunnudag kemur vinnumaður frá Breiðavík. Tilkynnir hann að hvalur sé rekinn í Breiðavík og megi Kollsvíkingar koma til skurðarins. Þetta heyrir bóndi gegnum lestrinn; nemur hann þá staðar í miðri setningu; réttir postilluna að konu sinni og segir „Láttu hana á sinn stað og komdu með brókina mína; amen“! Svipuð saga er sögð af Kristjáni Ásbjörssyni (25.08.1859-25.11.1926) sem var bóndi á Grundum; mikill ákafa- og framkvæmdamaður. Dag einn var útlit fyrir landlegu, og eftir morgunverkin var tekið til við húslestur. Um miðjan lestur verður karli litið útum gluggann og sér að nú muni fært orðið. Grýtir hann þá bókinni í hendur konu sinnar og segir; „Hér er bókin, hvar er brókin? Amen“!
- Húsmaður** (n, kk) Sá sem dvelur í annars manns húsi og er þar heimilisfastur, en ekki hluti af kjarna fjölskyldu húsráðanda og ekki vinnumaður í vistarböndum (eins og áður tíðkaðist). Húsmaður hafði gjarnan fjölskyldu sína hjá sér; átti stundum sínar skepnur og hafði þá jarðarafnot fyrir þær. Vistin var greidd með vinnu eða öðru, þó öðruvísi gæti verið ef um náin skyldmenni var að ræða. Húsmenn höfðu jafnan ekki rétt til þátttöku í hreppsmálefnum, og þeir voru á ábyrgð húsráðanda ef þeir komust í þrot. „Húsmaður hjá Jóni (bónda í Kollsvík) er bróðir hans með konu sinni, sem forsorgar sig og hana á sjáfaraflla og hefur hvorki grasnyt nje fyrirvar, nema það sem bróðirinn ljær honum“ (AM/PV Jarðabók).

- Húsmannskot** (n, hk) Lítið hús sem húsmáður bjó í, ef hann var ekki inni á heimili húsbændanna. Jafnan var ekki greidd leiga af húsmannskotum eins og af hjáleigum, heldur tilheyrðu þau bænum.
- Húsmennska** (n, kvk) Það að vera *húsmáður*. „Ég var þarna hjá þeim í húsmennsku yfir sumarið“.
- Húsmóðir** (n, kvk) Kona sem sér um húshald og stundum margt fleira. „Það var því hlutverk húsmæðra að sjá um búid; auk sinna vanalegu starfa, meðan róðrar stóðu yfir; frá sumarmálum og fram að slætti“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Þá spyr ég eftir húsmóður“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Húspláss / Húsrúm / Húsrými** (n, hk) Pláss/stæði í húsi fyrir gest/hlut/húsgagn. „Þó gamli Láganúpsbærinn þætti lítið íbúðarhús á nútímamælikvarða, þá man ég ekki eftir að húsrúm þryti nokkurtíma. Þar gistu, auk heimilisfólks, barna í sumardvöl og frændfólks úr Borgarnesi; kringum 15 fundarmenn búnaðarsambandsfundar, og síðar fjöldi fólks sem vann að byggingu nýja Láganúpsshússins. Aldrei þraut þar húsrými né fæði, þó ekki væri ríkidæmi fyrir að fara. En þröngt var setið og sofið, svo varla varð drepjið niður fæti eða rassi“.
- Húsprýði** (n, kvk) Það sem prýðir/feugar hús. „Ekki finnst mér nein húsprýði að þessum árans loftnetum“.
- Húsráð** (n, hk) Aðferð sem vel hefur gefist til að lækna/laga/ leysa vandamál. „Það er gamalt húsráð þegar einhver fær korn í auga, sem ekki skilar sér út af sjálfsdáðum; að annar lyfti augnloki hans og sæki kornið með tungubroddi sínum. Síðastan man ég Ingvar fððurbróður gera þetta við fðður minn úti á sjó“.
- Húsráðandi** (n, kk) Sá sem ræður fyrir húsum/búi; húsbóndi. „Ég spyr eftir húsráðanda, en hún segir hann vera veikan“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Hússtétt** (n, kvk) Stétt/hlað fyrir utan íbúðarhús. „Það þyrfti að sópa mesta sandinn af hússtéttinni“.
- Húsverk** (n, hk, fto) Verk í íbúðarhúsi; *inniverk*; heimilisstörf. „Hún var ekki mikið í bústörfunum en sinnti húsverkum með miklum sóma“.
- Húsvilltur** (l) Án heimilis/adseturs. „Eftir uppboðið voru þau jarðnæðislaus og húsvillt, en fengu inni hjá vinafólki sínu um tíma“.
- Húsvitja** (s) Fara í húsvitjun; fara á milli bæja í heimsóknir. „Eftir að hann var *kominn í kippinn* greip hann einhver óstöðvandi löngun til að húsvitja á öllum nærliggjandi bæjum“.
- Húsvitjun** (n, kvk) A. Regluleg heimsókn sóknarprests til sóknarbarna sinna áður fyrr. Síðast var húsvitjað í Rauðasandshreppi í tíð séra Gríms Grímssonar sóknarprests í Sauðlauksdal í byrjun 7. áratugar 20. aldar. Prestur kynnti sér þá heimilishagi og prófaði kunnáttu barna. Sú prófun snerist áður einkum um guðfræðina en í lokin um almennan lærdóm, s.s. lestur, skrift og reikning. „Ég held að í manntali prestsins, sem hann skráði í árlegri húsvitjun, hafi Ólafur verið skráður bóndi; Eyjólfur jarðeigandi og Mangi vinnumaður“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). B. Heimsókn. „Ég er búinn að *húsvitja* á mörgum bæjum með þennan undirskriftalista“.
- Húspak / Húspekja** (n, hk/kvk) Þak/þekja á húsi. Húspekja var fremur haft yfir hellu- og torfþök, en húspak yfir járnþök síðari tíma húsa.
- Húsprensl** (n, hk, fto)
- Húspröngt** (l) Þröngt um þá sem eru í húsi. „Ég get kannski tekið einhverja fleiri úr hópnum ef það er orðið húspröngt hjá þér“. Sjá einnig *þröngt í húsum*.
- Húspurr viður** (orðtak) Smíðaviður sem geymdur er inni og því nothæfur t.d. til finsmíði og vinnslu innanstokksmuna.
- Hva** (uh) Upphrópun; oftast sem hikorð í upphafi setningar og með stígandi tóni. „Hva; ætlarðu ekki að borða álinn? Þú veiddir hann sjálfur“. „Hva; þetta ætti nú að vera lítið mál“! Oft var „hvað“ notað í sama tilgangi.
- Hvað** (ao) *Einna*; stýring á hástigi lýsingarorðs „Það hrikti í húsinu þegar veðrið var hvað verst“. „Þetta er hvað best af öllu“. „Hann er hvað háværustur þeirra frænda; og er þó *langt til jafnað*“!
- Hvað af er** (orðtak) Það sem liðið er (af umræddum tíma). „Ég þigg aðstoð ef á þarf að halda, en þetta hfeur alveg bjargast hvað af er“. Einnig „*það sem af er*“ í sömu merkingu.
- Hvað amar að? / Hvað er að?** (orðtak) Hvað bjátar á; hvað hefur skeð; hver eru vandræðin? „Hvað amar núna að þér unginn minn“? „Hvað er nú að þessu vélarskrifli? Hún harðneitar að *taka þúst*“!
- Hvað á þetta (eiginlega) að fyrirstilla/þýða?!** (orðatiltæki) Upphrópun sem lýsir mikilli vandlætingu.
- Hvað áhrærir/ snertir/ varðar/ viðkemur/ viðvíkur** (orðtak) Það sem lýtur að; það sem varðar. „Hvað þessar kindur áhrærir, þá á ég ekkert í þeim; ég er búinn að alheimta“. Þetta er í lagi hvað mér viðvíkur“.
- Hvað á þetta að fyrirstilla?** (orðatiltæki) Hvað á þetta að þýða?; hver er meiningin með þessu?

- Hvað best** (orðtak) Það sem er best; best. „Magga man ég hvað best þegar Palli fæddist, en þá svaf ég hjá honum niðri í stofu“ (IG; Æskuminningar).
- Hvað eftir annað / Hvað ofaní annað / Hvað ofaní æ** (orðtök) *Æ ofaní æ*; sífellt; endurtekið. „Það er kannski ekkert við því að segja þó menn slystist til að leggja einusinni ofaní; en ótækt þegar það skeður hvað eftir annað“! „Þarf ég að segja þér þetta hvað ofaní æ.“
- Hvað er títt? / Er nokkuð títt?** (orðtak) Hvað er að fréttu? Algeng spurning þegar tveir hittast, eftir að búið er að heilsast.
- Hvað er þér á höndum?** (orðatiltæki) Hvað vilt þú? Hvaða erindi átt þú?
- Hvað gerir nú garmurinn hann Ketill?** (orðatiltæki) Áhyggjur af manni sem lent hefur í slæmum aðstæðum, þannig að framhaldið er óljóst. Ekki er ljóst um uppruna mannsnafnsins; enda gamalt í málinu.
- Hvað heldurðu?** (orðtak) Upphrópun; oft andsvar við setningu sem talin er heimskuleg eða óþörf.
- Hvað helst** (orðtak) Það sem helst er; helst. „Mér list afskaplega vel á alla hrútana, en þennan þó hvað helst“.
- Hvað höfðingjarnir hafast að (hinir meina sér leyfist það)** (orðatiltæki) Spakmæli úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar sem oft er viðhaft þegar framámenn sýna slæmt fordæmi.
- Hvað í heiminum/veröldinni** (orðtak) Áherslusetning með spurnarorðinu „hvað“. „Hvað í heiminum voruð þið eiginlega að bralla strákar; svona grútskítugir upp fyrir haus?! „Ekki veit ég hvað í veröldinni hefur orðið af gleraugunum mínum“.
- Hvað mig áhrærir/snertir** (orðtök) *Fyrir mína parta; að mínu leyti; að því er mig varðar.* „Þetta skiptir ekki máli hvað mig áhrærir“.
- Hvað munar grund um gras?** (orðatiltæki) Viðbót sem ekki skiptir máli; *aflögufær*. Tilsvar þar sem gert er lítið úr tilkostnaði/vanefnum varðandi ákveðin útgjöld. „Þeir voru víst að slá sér á annan traktor á stórbýlinu. Hann var víst ekki af ódýrari gerðinni; en hvað munar grund um gras“? „Ætli ég geti ekki tekið þessa sauði í hagagöngu yfir sumarið; hvað munar grund um gras“
- Hvað munar um einn kepp í sláturtíðinni?** (orðatiltæki) Vísar til þess að lítið munar um þó tekið sé af því sem nægt er fyrir. Nóg var af blóðmörskeppum í sláturtíðinni, þó þeir yrðu fágætari þegar frá leið.
- Hvað ofaní annað** (orðtak) *Aftur og aftur*; ítrekað; *enn og aftur*. „Það er hætt við að hver maður bogni þegar áföllin koma svona hvað ofaní annað“.
- Hvað sem helst (er) / Hvað sem vera skal** (orðtök) Það sem hendi er nærri/næst; það sem tiltækt er; hvað sem er. „Það má nota hvað sem helst er í meðlæti með þessum rétti“.
- Hvað sem hver segir** (orðtak) Viðskeytissetning á eftir fullyrðingu, oft viðhöfð af þeim sem er ákveðinn að *haf*a álit/orð annarra *að öngvu*. „Þetta var nú samt fjörlalli og ekkert annað; hvað sem hver segir“!
- Hvað sem síðar verður / Hvað sem síðar kann að verða / Hvað sem verður** (orðtök) Viðbótarsetning á eftir neitunarsetningu. „Ég er hættur við þetta að sinni; hvað sem síðar kann að verða“.
- Hvað sem (hver) tautar (og raular)** (orðtak) *Hvað sem hver segir*; hvað sem á gengur.
- Hvað sem það kostar** (orðtak) Hverju sem þarf að fórna fyrir það; endilega. „Það verður að ná í þessi meðöl fyrir hann; hvað sem það kostar“.
- Hvað sem öðru líður** (orðtak) *Burtséð frá öllu öðru; í öllu falli*. „Hvað sem öðru líður þá þarf ég að komast tímanlega heim fyrir mjaltatíma“.
- Hvað sístur** (orðtak) Lakastur/lélegastur/verstur í samanburði. „Þetta eru allt sémileg lömb, en þetta er þó hvað síst, finnst mér“! Sjá *ekki hvað síst*.
- Hvað skal auður þeim arga?** (orðatiltæki) Hinum framtakslausa gagnast lítt að vera ríkur. Að vera argur merkti fyrrum að vera heigull eða latur, þó í síðari tíð merki það að vera pirraður/reiður.
- Hvað skal blindum bók?** (orðatiltæki) Líkingin er t.d. viðhöfð af þeim sem við er rætt um málefni sem hann hefur ekki inngrip í, eða um þann sem fær verkfæri í hendur sem hann kann ekki að nota.
- Hvað skal flot við feitum sel?** (orðatiltæki) Líkingamál, notað til að lýsa því að eitthvað sé óþarft. „Hvað skal flot við feitum sel? Ég *stýfi* ketbitann bara *úr hnefa* og með vaasahníf; ég þarf hvorki hnifapör né disk“.
- Hvað skal músinni að mana köttinn?** (orðatiltæki) Sá sem er minnimáttar ætti ekki að egna þann sem voldugri er; óráðlegt er hjá kotbónda að deila við höfðingja.
- Hvað skal (oss) nú til varnar verða?** (orðtak) Hvað gerum við nú; hvernig verjumst við þessu?
- Hvað skal rögum manni langt vopn?** (orðatiltæki) Til hvers er að fá þeim vopn í hendur sem er of linur til að berjast? Oft viðhaft þegar einhver vill fá eða fær það til umráða sem hann veldur varla; t.d. þegar unglingur fær kraftmikinn bíl sem hann hefur lítið með að gera.

- Hvað skal svo löng þvara í svo lítilli grýtu?** (orðatiltæki) Hví er svo löng sleif í litlum potti? Úr þjóðsögunni um átján barna föður í álheimum. Oft viðhaft þegar eitthvað þykir fráleitt/óviðeigandi.
- Hvað skal/skyldi þetta (nú) eiga að fyrirstilla?!** (orðatiltæki) Hver skyldi vera meiningin með þessu; hvað á þetta að þýða. Gjarnan notað í upphrópunar- eða vanþóknunartón um eitthvað sem þykir fráleitt/óviðeigandi.
- Hvað skaltu með...** (orðtak) Til hvers ætlarðu að nota; til hvers þarftu. „Hvað skaltu með sögina drengur? Mér er ekkert um að hún sé notuð í hvað sem er“. „Hvað skaltu með allt þetta snæri“?
- Hvað skyldi þetta eiga að fyrirstilla?** (orðtak) Hvað skyldi þetta merkja?; til hvers er þetta gert? „Hvað skyldi það nú eiga að fyrirstilla hjá honum að leggja netinn á strípaðan sandflákann“?!
- Hvað (eitthvað) snertir/varðar / Hvað einhverju viðvíkur** (orðtök) Það sem lýtur að einhverju; það sem einhverju við kemur. „Hvað ásetning snertir þá hefi ég haldið í sömu reglu og verið hefur“ (ÞOT; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Hvað um það / Hvað sem því líður** (orðtak) Hvernig sem því er háttað; *burtséð frá* því. „Hvað um það; þó þetta sé sjálfskaparviti þá þarf að hjálpa honum að leysa úr þessu“. „Það hefði kannski mátt fara öðruvísi að þessu, en hvað sem því líður þá tókst loksins að ná kindunum“.
- Hvað ungur nemur; sér gamall temur** (orðatiltæki) Speki um að það sem menn læra á unga aldri verður þeim tamt á fullorðinsárum. Mikilvægi góðs uppeldis hefur lengi verið ljóst.
- Hvað úr hverju** (orðtak) Bráðlega; fljótlega; *allt hvað líður*. „Hann ætti nú að fara að koma, hvað úr hverju“.
- Hvað það snertir/varðar** (orðtök) Að því lúandi; sem að því lýtur; varðandi það.
- Hvað þá annað** (orðtak) *Hvað þá meir(a)*. Áherslusetning með neitunarsetningu. „Ég hef ekki einusinni heyrt á þetta minnst, hvað þá annað. Ég hef engan *fallskilaseðil* séð“!
- Hvað þá heldur / Hvað þá** (orðtök) Og ennþá síður. „Þeir áttu *ekki einusinni* almennilegar skjólflikur; hvað þá hjálma“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Hvað þá meir(a)** (orðtak) Áhersla með neitunarsetningu. „Þetta er *ekki upp í nös á ketti*; hvað þá meir“!
- Hvað öðru líkt** (orðtak) Um svipmót/líkindi. „Ég þekki þessa bræður ekki í sundur; þeir eru hver öðrum líkir“.
- Hvaðahvaða** (uh) Upphrópun; andsvar þegar mælanda ofbýður það sem sagt er. „Hvaðahvaða; bölvuð þvæla gertur þetta nú verið! Ég hef aldrei sagt neitt í þessa áttina“! Áherslan oftast mikil á fyrsta atkvæðið.
- Hvaðanæva að** (orðtak) Úr ýmsum/öllum áttum; allsstaðar frá. „Snjótittlingarnir hópuðust hvaðanæva að, þegar ég henti moðinu út á haug“.
- Hvaðeina** (fn) Hvað sem er; hvert og eitt. „Í þessu orðasafni er reynt að koma inn á hvaðeina sem einkennir sögu, menningu, atvinnuhætti og staðhætti í Kollsvík“.
- Hvalablástur** (n, kk) A. Blástur hvals; strókur sem sýnir blástur hvals. „Getur þetta verið hvalablástur þarna suðurum“? B. Þungur/hávær andardráttur manns; mäs.
- Hvalbakur** (n, kk) Lágrest yfirbygging/lokun fremst á skipi. „Það kom smellur þegar raketan lenti í lunningunni, og þá kom andlit upp fyrir hvalbakinn, (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hvalbein** (n, hk) Hvalbein voru all algeng í Kollsvík áður fyrr, sem bendir til að hvalrekar hafi verið tíðari en nú er, og hvalurinn nýttur sem rak. Fara af því nokkrar sögur; t.d. var hvalur tvisvar skorinn á Kollsvíkurfjörum á dögum Einars Jónssonar. Til skamms tíma mátti sjá hryggjarliði úr hval á Láganúpi, og víða voru hvalrif í árefni húsa; t.d. í Hesthúsinu á Hólum. Hvalbein voru notuð í hlunna áður fyrr, og eftir að minna varð um þau voru hvalbeinsbútar notaðir á svonefnda gildingshlunna. Einn slíkur kom nýlega úr sandi á Láganúpi. Hvaltennur voru nýttar í útskurð og t.d. fannst gripur úr búrhvalstönn frá því um síðaskipti í kartöflugarði í Kollsvík í byrjun 20.aldar; lítil útskorin stytta af hefðarmanni í búningi þess tíma. „Klembur voru heimasmiði, annaðhvort úr hvalbeinum eða kindarleggjum Tvær hvalbeinsflisar voru tengdar með þolinmóði í annan endann. Gripið var á nálunum með því að klemma þær fastar milli beinanna og þær dregnar þannig út. Í beinkinnarnar voru boraðar smáholur, þar sem nálaraugað hafði viðnám þegar nálinni var stungið í gegnum margfaldan sauminn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hvalbeinshlunnur** (n, kk) Hlunnur úr hvalbeini; gjarnan úr hvalrifi. Hvalbein var mjög eftirsótt í hlunna; það var hart og bátar runnu vel á því. Þegar lítið var um það, voru smíðaðir *gildingshlunnar*; þar sem flís úr hvalbeini var felld á tréhlunn. Báðar gerðir voru notaðar í Kollsvíkurverum, áður en *rúlluhlunnar* komu til sögunnar.
- Hvalbeinsklembur / Hvalbeinsklömbrur** (n, kvk) Tangir úr hvalbeini, til að draga nál í gegn þegar skinnklæði voru saumuð. Sjá *hvalbein*.
- Hvalferð** (n, kvk) Ferð til kaupa á hval eða til hvalskurðar. „Datt mér í hug að fara í hvalferð norður að Suðureyri, sem var *hvalastasjon* Norðmanna“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

- Hvalfjara** (n, kvk) Fjara þar sem hvalreki hefur orðið/ er verið að skera hval. „Nú spyr Einar bóndi í Kollsvík *hvalrekann*. Bregður hann skjótt við með húskarla sína og fer á hvalfjöruna“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Hvalflutningar** (n, kk, fto) Flutningar á hvalafurðum/hvalþjósum. „Það var sami hestur og Einari hafði verið léður til hvalflutninganna sumarið áður“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Hvalfundur** (n, kk) Fundur/uppgötvun hvals. „Ekki er kunnugt um nánari atvik við hvalfundinn, en nokkuð er það að róid var að hvalnum og hann festur með taug við bátinn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Hvalhræ** (n, hk) Dauður hvalur sem ekki er nýtanlegur; leifar af skornum hval. Ekki hefur rekið nýtanlegan hval í Kollsvík í manna minnum, eða líklega frá dögum Einars gamla í Kollsvík. Hinsvegar hefur komið þar á land hvalhræ af smáhveli.
- Hvalreki** (n, kk) A. Reki hvals á fjörur. „Nú spyr Einar bóndi í Kollsvík hvalrekann. Bregður hann skjótt við með húskarla sína og fer á *hvalfjöruna*“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). B. Líkingamál um mikið happ. „Þetta var mikill hvalreki fyrir félagið“. Sú notkun sýnir hve hvalreki gat reynst mikilvægur fyrir á tíð, þegar lífsbaráttan var hörð. Þá voru hvalir ekki dregnir til hafs með ærnum kostnaði og sprengdir á kaf, eins og gert er í allsnægtþjóðfélagi nútímans. Mikilvægið má sjá af því að um skipti hvals í fjöru giltu miklir lagabálkar, t.d. í Grágás, og fornrit geta um orrustur og illeilur sem spunnust af hvalrekum.
- Hvalrengi** (n, hk) *Rengi*; innra lag hvalspiks.
- Hvalrif** (n, hk) Rif úr hval var eftirsótt. Var það notað bæði í hlunna og í árefti á hús.
- Hvalseymi** (n, hk) Þráður úr sterkum sinum sem liggja meðfram hrygg í nautgrip eða hval. Var notað í ýmislegt, t.d. til að bensla reipi/vaði, en var sleipt og því erfitt að hnýta það saman. „Saumgarnið var alltaf heimasunninn togþráður, en nálar dragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæðagerð*.
- Hvalskurður** (n, kk) Það að skera hval til nýtingar. Hvalskurður hefur líklega ekki verið mikill í Kollsvíkurfjörum síðan Þæfingur var róinn í land, á dögum Einars gamla í Kollsvík.
- Hvalstöð** (n, kvk) Verstöð þar sem hvalur er dreginn á land og verkaður til nytja. Hvalstöð var m.a. um tíma á Suðureyri í Tálknafirði.
- Hvalveiðar** (n, kvk, fto) Veiðar á hval hafa líklega verið stundaðar við landið frá fyrstu tíð, auk þess sem hvalrekar voru oft mikilvæg lífsbjörg. Hvalveiðar til forna voru annarsvegar stundaðar með því að reka vöður á land, líkt og enn er gert í Færeyjum, og hinsvegar með skutli frá bát. Á 17.öld hófust hvalveiðar erlendra þjóða við landið, í fyrstu einkum Baska. Einkum var sóst eftir lýsinu fyrir ljósmeti. Voru veiðarnar stundaðar á opnum arabátum/sexæringum frá stærri móðurskipum. Baskarnir komu sér upp bræðslustöð í Hveravík við norðanverðan Steingrímsfjörð. Sumarið 1615 dró til tíðinda. Það sumar var lesið upp konungsbréf þar sem hvalveiðar útlandinga við landið voru bannaðar. Sama sumar komu þrjú basknesk hvalveiðiskip. Þau áttu í fyrstu góð samskipti við landsmenn og verslun eins og þá var títt. Um haustið, þegar veiðimenn hugðu til heimferðar hinn 21. september, gerði mikið illviðri; skipin rak á land og brotnuðu þau í spón. 83 menn komust í land en voru bjargarlausir fyrir utan nokkra arabáta. Heimamenn vildu hlú að þeim en niðurstaðan varð sú að þeir dreifðu sér um Vestfirði. Á Dynjanda í Leirufirði rændu þeir skútu og sigldi hluti þeirra á henni suður með Vestfjörðum. Marteinn hét fyrirliði eins hópsins sem fór í Æðey. Annar hópur fór til Bolungarvíkur og síðan Þingeyrar og rændi salti og skreið. Dýrfirðingar fóru að þeim á Fjallaskaga og drápu þá flesta. Hópurinn á Skútunni braut upp kaupmannshúsin á Vatneyri og bjó þar um sig. Ari Magnússon sýslumaður í Ögri kvað upp þann dóm að Baskarnir væru réttðræpir; safnaði liði og drap Martein og aðra þá sem farið höfðu til Æðeyjar. Hópurinn á Vatneyri var þar yfir veturinn og átti ýmis góð samskipti við íbúa Rauðasandshrepps. Meðal annars mun Ragnheiður Eggertsdóttir í Saurbæ; móðir Ara í Ögri, hafa gert vel við þá. Um vorið hertóku þeir enska fiskiduggu og sigldu heimleiðis. Norðmenn gerðust mikil hvalveiðiþjóð, og á tímanum 1883-1915 starfræktu þeir fjölda hvalveiðistöðva á Vestfjörðum og Austfjörðum. Mjög dró úr hvalveiðum eftir 1900 þar sem gengið hafði verið nærri hvalastofnum og m.a. hafði hinum hægfara Grænlandshval nær verið útrýmt. Einnig hafði þá annað ljósmeti tekið við af hvallysinu. Árið 1913 bannaði Alþingi hvalveiðar frá Íslandi. Þær hófust aftur 1948 þegar Hvalur hf gerði út hvalskip úr Hvalfirði. Árið 1975 hófust skipulegar veiðar á hrefnu frá Brjánslæk á Barðaströnd. Alþjóðahvalveiðiráðið bannaði hvalveiðar 1986 en Íslendingar hafa nýtt sér heimild til takmarkaðra veiða í vísindaskyni. Hvalur gekk reglulega inn á Arnarfjörð fyrir á öldum, og stunduðu Arnfirðingar hvalveiðar í nokkrum mæli. Eingöngu var það kálfurinn sem var veiddur, en eldri dýrin komu ár eftir ár og þekktu Arnfirðingar þau eins og hver önnur húsdýr. Síðast mun hafa verið skutlaður hvalur í Arnarfirði 1894. Ekki náðust allir hvalir sem skutlaðir voru. Einar Jónsson í Kollsvík skar eitt sinn hval sem rekið hafði á land í Láturdal og flutti þjósurnar til Kollsvíkur. Í hvalnum fannst skutull Benedikts Gabriels hvalfangara og orðlagðs galdramanns í

Arnarfirði. Benedikt átti rétt á skotmannshlut en Einar neitaði um hann. Mögnuðust deilurnar og fór að bera á alls kyns óaran hjá Einari sem kennd var göldrum Benedikts. Hestarnir sem báru hvalþjósumnar ærðust og fundust flestir dauðir inni við Rauðasand. Draugur birtist í ýmissa kvikinda líki og sótti að heimafélki. Einar kunni eitthvað fyrir sér og endaði með því að teyma draugsa í nautslíki inn yfir Hænuvíkurháls og binda hann við stein. Þaðan slapp hann og fór til síns heima, en ekki fer frekari sögum af þessari deilu.

Hvalur kom oftár á Kollsvíkurfjörur; t.d. fara sögur af hvalnum Þæfingi sem róinn var á land á einni viku.

Hvalbein var mikið nýtt sem árefti á hús; í hlunna, klömbrur, tölur og fleira.

Hvalþjósa (n, kvk) Stykki af hval. Hvalur á hvalfjöru var skorinn í meðfærilegar *þjósur*.

Hvannarbrúskur (n, kk) Hvönn. „Ég kom mér vel fyrir í aðsetunni; sat við hvannarbrúsk og spyrnti í tvo aðra; hafði vaðinn um mittið og hélt fyrir framan“.

Hvannarleggur (n, kk) Leggur hvannar; hvannaleggur. „Við dunduðum okkur við að skera út hólka og báta úr hvannarleggjum“. Fyrri liður einatt í eintölu þar vestra.

Hvannarfræ (n, hk) Fræ hvannar. „Mamma bað mig að koma með nokkur hvannarfræ til að sá í garðinum“.

Hvannarnjóli (n, kk) Njóli hvannar. Getur orðið mjög hávaxinn, eða yfir 2m, við góðar aðstæður.

Hvannarætur (n, kvk, fto) Rætur af hvönn. Hvannarætur voru nokkuð borðaðar áður fyrr, enda mikill C-vítamínjafi og næringarríkar. Mikið vex af hvönn í klettum í grennd við Kollsvík og víðar.

Hvannastóð (n, hk) Þéttur vöxtur hárra hvanna. „Eftir að kemur framá getur verið erfitt að komast um á Stígnum fyrir hvannastóðinu“. Sjá *stóð*; *hvönn*.

Hvannatekja (n, kvk) Öflun ætihvanna/ hvannaróta til matar; *hvannskurður*.

Hvanngrænn (l) Litarlýsing; eins grænn og hvönn að lit. „Báturinn var hvanngrænn á botni og borðstokkum“.

Hvannskurður (n, kk) *Hvannatekja*; skurður og söfnun ætihvannar til matar, en það var gert áður fyrr. „Upp af Stóðahlíð er Sólmundarstóð. Þar hrapaði maður við hvannskurð“. (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Hvap (n, hk) Fita; fitukennt hlaup. „Þú ert ekkert feitur! Þetta er bara bölvað hvap sem verður fljótt að hverfa þegar þú ferð að eltast við rolluskjáturnar“.

Hvapp (n, hk) Hvammur í klettum; oft átt við varpsvæði: „Innan við Hæðir kemur Kálfaskor sem er hvilft eða hvapp, og niður úr henni Kálfaskorarhyrna...“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg). „Norðanvið Strengbergið er allstórt hvapp eða hlíðarslakki ofantil í Hnifunum, með lágum klettum fyrir ofan. Heitir þar Heimari Lambhagi“ (HÖ; Fjaran).

Hvar fyrir? (orðtak) Hvers vegna?; af hverju? „Hvar fyrir ansaðirðu ekki þegar ég kallaði“? Dönskuskot sem mjög var orðið sjaldgæft eftir miðja 19. öld, en heyrðist þó bregða fyrir.

Hvar sem er / Hvar sem helst / Hvar sem vera skal (orðtak) Einhversstaðar. „Rollurnar geta verið hvar sem er á þessu svæði“. „Þú getur sett þetta hvar sem vera skal“.

Hvarf (n, hk) A. Staðursem ekki sést á. „Varðan er í hvarfi, frá okkur séð“. B. Burtferð; missir. Enn hefur enginn getað útskýrt þetta hvarf“. C. Umskipti. „Ég gæti trúað að nú séu að verða einhver hvört í tíðinni“. Laut; stór hola. „Það er komið hættulegt hvarf í veginn þarna á hlíðinni“.

Hvarfa (s) Hörfa; reika/rólta frá. „Féð hvarfaði örlítið uppundir klettana þegar ég hóaði á brúninni“.

Hvarfla (s) Hörfa; fara. „Féð rótaðist lítið þó ég hóaði ofanaf brúninni, en þegar ég kastaði steini hvarflaði það lítillaga til hlíðar“. „Hugurinn hvarflar oft á heimaslóðir“.

Hvarfla að / Hvarfla í hug / Hvarfla til hugar (orðtak) Detta í hug; leita á hugann; fá löngun til. „Það hafði ekki hvarflað að mér að þetta væri hægt fyrr en Dhoonstrandið var, árið áður“ (Valur Thoroddsen um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg). „Mér hvarflaði ekki til hugar að gefast upp“.

Hvarmur (n, kk) Augnsvæði; augnlok. „Hversvegna ertu svona rauður á hvarminn; fékkstu uppí augað“?

Hvarvetna (ao) Allsstaðar. „Hann var hvarvetna afúsugstur“.

Hvass (l) A. Um veðurhæð; mikill vindur. „Hann er orðinn æði hvass frammi í Flóanum; ætli við látum ekki bíða með vitjun þar núna“. B. Um viðmót manns; harður í orðum/svip. „Ég var kannski heldur hvass við hann“. C. Um bitjárn; beitt; biturt. „Gættu þín á kvíslinni; álmurnar eru mjög hvassar“. D. Um fjallsbrún; skörp. „Brúnin er hvöss norðantil, en *afsleppari* sunnantil“.

Hvassbrýndur (l) Með áberandi augabrúnir sem gefa hvasst yfirbragð; með hnyklaðar augabrúnir.

Hvasseygur / Hvassleitur (l) Um svipmót manns; harður; brúnaþungur; hvateygur. „Heldur var hann hvassleitur á svip þegar hann fór að hitta þessa túrista, sem vaðið höfðu yfir óslægjuna“.

Hvassmæltur / Hvassorður / Hvassyrtur (l) Hvass/höstugur í orðum; í höstugum tóni; í ávítunartóni. „Hann var víst töluvert hvassmæltur og *kjarnyrtur* þegar hann *náði í skottið* á strákuinum“. „Í tali var hann jafnan

hógvær og viðmótsþýður; þó gat út af því borið ef hannmætti óvæntri andstöðu. Þá gat hann verið bæði *hvassyrstur* og *meinyrtur*“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).

Hvassnefjaður (l) Með hvasst nef; *skarpnefjaður*.

Hvassviðrasamur (l) Um veðurfar; oft hvass vindur. „Góa hefur verið *ansi hreint* hvassviðrasöm“.

Hvassviðri (n, hk) Öflugur vindur. „Menn ættu að æfa sig, einkum ungir formenn í nokkuru hvassviðri, svo menn geti tekið til slíks stjórnarlags...“ (HE; Barðstrendingabók). „Nokkrar skarpar vindþotur gengu enn yfir, og svo var lognið búið en á skammri stundu komið hvassviðrið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Hvassviðrisátt (n, kvk) Vindátt sem gjarnan hvessir mikið úr. „Norður er helsta hvassviðrisáttin í Kollsvík“.

Hvassyrstur (l) Harðorður; *skömmóttur*. „Ég var kannski heldur hvassyrstur í þessu bréfi“.

Hvatamaður (n, kk) Sá sem hvetur til framfaramála/ góðra verka. „Rúmum áratug áður hafði verið hafist handa um lagningu akfærs vegar upp úr Kollsvík að norðanverðu, og mun Grímur Árnason á Grundum hafa verið hvatamaður að þeirri framkvæmd“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Hvatgengur (l) Gengur hratt/rösklega. „Hann er með hvatgengari mönnum; og *þindarlaus* á hlaupum.

Hvati (n, kk) Ástæða; akkur; það sem hvetur. „Þessi styrkur er hvati til að gera enn betur á næsta ári“.

Hvatlegur (l) Ber það með sér að vera snar/lipur í snúningum; duglegur. „Hann er mjög hvatleggur smali“.

Hvatskeyttur (l) *Hvassmæltur*; *fljóttillur*; *orðljótur*. „Hann getur orðið fjári hvatskeyttur ef svo ber undir“.

Hvatur / Hvatlyndur (l) Ör/bráður í skapi; *uppstökkur*. „Hann er dálítið *hvatlyndur*, þó þetta sé hinn *dagfarsprúðasti* maður“.

Hvatur á göngu (orðtak) Gengur hratt; mikill göngumaður. „Kristján þótti öðrum hvatari á göngu“.

Hvatur í orðum/skapi (orðtök) Ör í skapi; orðljótur; *hvassyrstur*.

Hvatvís (l) *Snöggur upp á lagið*; fljóttillur; ör. „Þér er vissara að orða þetta hóflega; hann er dálítið hvatvís“.

Hvatvíslega (ao) Af hvatvísi; með þjósti. „Hann svaraði hvatvíslega að mér kæmi þetta bara ekki við“.

Hvá (s) Láta endurtaka; spyrja frekar; segja ha/hvað. „Ég hváði þegar ég heyrði þetta; mér *kom það nokkuð spánskt fyrir sjónir*“.

Hváir heimskur þó heyri (vel) (orðatiltæki) Sá sem illa skilur þarf iðulega að láta endurtaka.

Hvása (s) Blása; hvæsa. „Ég var mäsandi og hvásandi eftir elturnar“. Oftast í því orðtaki, en sjaldnar en blása.

Hve (ao) Hversu; að hvaða marki. „Ég veit ekki hve margt fé var þarna, en það var dágóður hópur“.

Hvefsinn (l) Viðskotailur. „Hann varð dálítið hvefsinn þegar ég nefndi þetta fyrst“.

Hveiti (n, hk) Líkingamál yfir fingerðan og þurran snjó. „Það er seinlegt að komast áfram í þessu hveiti“.

Hveitikaka (n, kvk) Flöt kringlótt kaka sem bökuð er á pönnu eða (áður) á kola-/olíueldavél úr hvítu hveiti, smjöri o.fl. Mikið bökuð í sveitum vestra og er herramannsmatur. „Verkoffortið með rúgökum eða hveitikökum; rúgbrauði, smjöri, og svo kæfu til nokkurra daga“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Á Þorláksmessu var alltaf borðuð skata, eins og raunar er gert víða enn. Bakaðar voru hveitikökur og kleinur...“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Hveitikista (n, kvk) Kista í búri, sem í er geymt hveiti. Hveitikista var á Láganúpi framyfir 1960.

Hveitilím (n, hk) Lím sem gert er með því að hræra hveiti út í vatn. „Við hjálpuðum mömmu við að *betrekkja* loft og vegg í herberginu afa í gamla Láganúphúsinu. „Innan á panelklætt loftið var festur strigi, og á hann voru límd a.m.k. tvö lög af dagblöðum með hveitilími. Þegar límið var þornað var málað yfir“.

Hveitilús / Hveitiögn (n, kvk) Örlítið af hveiti/hveitiméli. „Einhverja hveitilús á ég eftir, en það er lítið“.

Hveitimél (n, hk) Hveiti. „Geturðu flutt fyrir mig einn sekk af hveitiméli úteftir“?

Hveitimélspoki / Hveitimélssekkur (n, kk) Poki undan hveiti; sekkur/poki af hveiti. „Tómir hveitimélspokar voru þvegnir með grænsápu til að ná stöfunum af, og svo saumaðir saman í lök og önnur rúmföt“.

Hveitipoki / Hveitisekkur (n, kk) Poki af/undan hveiti; hveitimélspoki; hveitimélssekkur.

Hveitisalli (n, kk) Hveiti. „Þessi snjór tróðst ekki;þetta var eins og að aka í hveitisalla“.

Hveitisáldur (n, hk) Dreif af hveiti. „Fínkornaður snjórinn lagðist yfir eins og hveitisáldur“.

Hveitislaus / Hveitilaus (l) Án hveitis. „Ég fer bráðum að verða hveitislaus“.

Hvekkja (s) Hrekkja; raska ró. „Reynið að hvekkja ekki æðarkollurnar þegar þið rekið útaf“. „Ekki hvekkist hann neitt við sjóinn, þrátt fyrir þetta volk“ (IG; Sagt til vegar I).

Hvekkur (n, kk) Hrekkur; grikkur.

Hvekkur í hvers manns koppi (orðtak) Leiðinlega afskiptasamur um annarra hagi/málefni; með nefið ofan í hvers manns koppi. „Hann hefur helstíll oft verið hvekkur í hvers manns koppi“.

Hvekkur (l) Hræddur; var um sig. „Það þarf að fara varlega að útingaskindinni; hún er dálítið hvekkur“.

Hveljulegur (l) *Læpulegur*; linur; ótraustur. „Þessi hnífur er óttalega linur og hveljulegur“.

Hveljuskór (n, kk, fto) Skór úr grásleppuhvelju. „Á Vestfjörðum og í Strandasýslu var grásleppuhvelja höfð í skó. Ekki veitti af einni hvelju í skó á fullorðna. Blákamburinn var þá skorinn af, en það sem eftir var af honum hélt hveljunni saman og lenti undir ilinni. En í barnaskó var hún flegin dálítið uppá kambinn á hvorri hlið og hin röndin skorin niður við veiðikúlu og gotrauf. Með þessu móti fékkst í skó af hvorri hlið; kambarnir særðir þar til hveljan var öll jafnþykk og þannig geymd uns hún var bleytt og löguð í skó. Á þeim var bæði tá- og hælsumur og helst verptir, því annars vildu þeir flá. Hveljuskór entust álíka og roðskór og héldust lengst í þurrki. Þess konar skór tíðkuðust fram til 1915, t.d í Strandasýslu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild; m.a. ÖETH og EÓ).

Hvellhetta (n, kvk) Knalletta; agnarlítill málm bikar, fylltur púðri, sem komið er fyrir í enda haglaskots. Þegar hamar/bógur/skotpinni byssunnar skellur á hvellhettunni springur hún og kveikir í púðri skotsins.

Hvellhettubyssa (n, kvk) Knallettubyssa (sjá þar).

Hvellhettudós (n, kvk) Dós af hvellhettum. „Við lékum okkur stundum í gamla Traðarhúsinu, þó það væri illa séð af foreldrum. Þar undir rúmi fundum við poka af höglum og hvellhettudós, en í kjallaranum voru sekkir af sprengiefni sem notaðir höfðu verið við vegagerð í Hæðinni“.

Hvellhettutöng (n, kvk) Töng til að setja hvellhettu í skothylki. „Hvellhettutöng hékk á þili í Mókofanum“.

Hvellróma / Hvellur (l) Með hátóna/mjóa rödd; háróma. „Öll var fjölskyldan nokkuð hvellróma“.

Hvellspringa (s) Springa með hveli. „Það er ekkert grín ef hvellspringur á mikilli ferð á þessum stað“.

Hvellsprunginn (l) Sprunginn með hveli. „Þessi ríkisstjórn verður hvellsprungin áður en árið er liðið“!

Hvellur (n, kk) A. Hávært og hvelt hljóð, t.d. skothvellur. B. Skynding; flýtir. „Komdu hingað í hveli“! Um veður; áhlaup; spæna; skyndilegt og skammvinnt óveður. „Hálsinn er *kolófsær* eftir þennan hvell“.

Hvelpur / Hvelplingur (n, kk) Hvolpur. Báðar orðmyndir heyrðust einkum notaðar sem gæluorð í seinni tíð. „Gerðu nú ekki hvelpinn kolvitlausan“! „Hvað á svo hvelplingurinn að heita“?

Hver (n, kk) Sjóðheit laug/uppspretta á jarðhitasvæði. „Röstin var úfin eins og sjóðandi hver“.

Hver (verður) að bjarga sér (orðtak) *Hver er sjálfum sér næstur*. „Nú verður bara hver að bjarga sér“!

Hver að verða síðastur (orðtak) Síðustu forvöð; síðasta tækifæri. „Nú held ég að hver sé að verða síðatur að fara í ber þetta árið. Hann gæti fryst á helginni ef spáin stenst“.

Hver af öðrum (orðtak) Einn eftir annann; einn og einn í einu. „Nú voru vinnufélagarnir hins vegar hver af öðrum að losna frá verkum sínum...“ (PG; Veðmálið).

Hver andskotinn / Hver ansvítinn / Hver fjárinn / Hver fjandinn (orðtök) Upphrópanir/ blótsyrði sem mönnum hrökkva gjarnan af munni þegar mikið liggur við. Stundum er nei eða ja fyrir framan.

Hver/hvur anskúrinn (orðtök) Upphrópun/áherslusætning. „Hvur anskúrinn skyldi nú hafa orðið af þessum rolluskjátum“? „Hver anskúrinn! Eg vissi ekki að klukkan væri orðin svona margt“.

Hver á fætur öðrum (orðtak) *Hver eftir annan*; í röð. „Þarna koma smalarnir hver á fætur öðrum, en enga sé ég kindina“!

Hver dagurinn eftir annan (orðtak) *Dag eftir dag*. „Það ætlar að líða svo hver dagurinn eftir annan að maður nái ekki að slá þessa óveru sem eftir er“!

Hver dregur dóm af sínum sessunaut (orðatiltæki) Menn líkjast of þeim sem þeir umgangast. Sömu siðir og venjur mótast á sama bæ eða í sama byggðarlagi. *Hver étur/tekur upp eftir öðrum*.

Hver eftir annan (orðtak) Hver á fætur öðrum; í röð. „Nú koma þingmennirnir hver eftir annan og kannast ekkert við loforðin sín úr kosningabaráttunni“!

Hver er fjár síns ráðandi / Hver er frjáls að sínu fé (orðatiltæki) Hver maður hefur ráðstöfunarrétt yfir sínum eignum/fjármunum.

Hver er sinnar gæfu smiður (orðatiltæki) Örlög manna verða oft þau sem menn hafa sjálfir skapað sér. Einnig; *svo verður hver að liggja sem hann hefur um sig búið*.

Hver er sínum gjöfum líkur (orðatiltæki) Stundum má læra dálítið um fólk af því sem það gefur af sér. Vísar einnig til þess að þeir sem aðhaldssamir eru gefa minni gjafir en hinir sem þó kannski eiga minna.

- Hver er sínum hnútum kunnugastur** (orðatiltæki) Best er að maður leysi sína hnúta sjálfur. Vísar til þess að hver þekkir sjálfur best sín verk; að erfitt geti verið fyrir ókunnuga að framkvæma áætlanir eða ljúka verki sem annar hefur hafið eða hugsað. Sjá *binda ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir*.
- Hver er sjálfum sér næstur** (orðatiltæki) Vísar til þess að sérhver hugsar einkum um að bjarga sjálfum sér þegar hætta stöðjar að eða verulega kreppir að. Máltækið vísar því ekki til mikillar fórnfýsi eða bræðralags, en einkum er gripið til þess sem nokkurskonar réttlætningar á því að nú verði maður að bjarga sjálfum sér. Sjá *hver verður að bjarga sér*.
- Hver étur/tekur upp eftir öðrum** (orðatiltæki) Hver maður apar eftir því sem aðrir segja/gera; einn breiðir út siði/ósiði annarra. „Svona verða lygasögurnar til; hver étur upp eftir öðrum, en bætir þó heldur í“!
- Hver gepillinn! / Hver grefillinn / Hver ræfillinn / Hver rækallinn** (orðtak) Upphrópanir. „Hver grefillinn skyldi nú hafa orðið af húfunni minni“. „Hver ræfillinn sjálfur er þetta! Hvar voruð þið eiginlega með augun þegar féð fór framhjá ykkur“?! „Hver rækallinn er þarna á ferðinni“?
- Hver getur sjálfan sig séð í því** (orðtak) Allir geta sett sig í þau spor; menn geta ímyndað sér hvað þeir hefðu sjálfir gert við þær aðstæður. „Þetta hefðu líklega allir gert í hans sporum; það getur hver sjálfan sig séð í því“.
- Hver hefur nóg með sig** (orðtak) Hver maður er *fullhertur með* það sem að honum *snýr*. „Við þessar aðstæður er ekki unnt að vænta aðstoðar annarra; þarna hefur hver nóg með sig“.
- Hver hefur sinn djöful að draga / Hver hefur sinn kross að bera** (orðtak) Allir eiga við einhverja erfðleika að etja. „Ég skil stundum ekki hvernig karlinn getur búið við þessa andskotans stjórnssemi í kerlingunni; nú það hefur víst hver sinn djöful að draga“! (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Hver hefur sinni lund að þjóna** (orðatiltæki) Sérhver hagar sér í samræmi við sína skapgerð/ sínar skoðanir.
- Hver hefur sína siði/sérvisku** (orðatiltæki) Skoðanir og venjur manna eru misjafnar. Það sem einn telur góðan sið kallar annar ósið eða sérvisku.
- Hver hefur til síns ágætis nokkuð** (orðatiltæki) Allir hafa einhverja kosti til að bera; *enginn er alslægur*.
- Hver/hvert/hvort í sínu lagi** (orðtök) Sinn/sitt í hverjum stað/ hvert sinn; með millibili. „Er ekki betra að vinna þetta saman, heldur en hver í sínu lagi“?
- Hver höndin uppá móti annarri** (orðtak) Um illdeilur í hópi; mikið ósætti; *logar allt í illdeilum*. „Mér sýnist að í því félagi sé hver höndin uppá móti annarri þessa stundina, og útilokað að ná samstöðu um neitt“.
- Hver í kapp við annan / Hver/hvor um annan þveran** (orðtök) Í mikilli keppni; þannig að hver þvælist fyrir hinum. „Á fyrsta færa vertíðardegi sigldu grásleppukarlarnir á miðin; hver í kapp við annan, og lögðu svo netin hver um annan þveran; iðulega í bókstaflegri merkingu“.
- Hver liðin stund er lögð í sjóð** (orðatiltæki) Menn safna með sér minningum og lífsreynslu.
- Hver maður sinn skammt** (orðtak) Hver maður fær það sem honum er ætlað/ sinn hlut. Viðhaft í ýmsum tilfellum, t.d. við *skipti* á fiski og eggjum.
- Hver nýtur síns um síðir** (orðatiltæki) Að lokum njóta menn gjarnan ávaxtanna af gerðum sínum og starfi. Sjá þó; *sá nýtur oft sem óverðugur er*.
- Hver og einn einasti** (orðtak) *Allir með tölu*; hver einstakur. „Hver og einn einasti var þessu samþykkuður“.
- Hver ódámurinn/ósóminn** (orðtak) Upphrópanir í ætt við blótsyrði, en getur þó ekki talist slíkt. „Hver ódámurinn er hér á ferðinni“? „Hver ósóminn skyldi nú hafa orðið af gleraugunum mínum“?
- Hver rækallinn / Hver röndóttur / Hver bröndóttur** (orðtak) Upphrópanir/ vægt blótsyrði. Hver skollinn; hver árin. „Nei, hver *rækallinn*! Haldiði nú ekki að ég hafi krækt í lúðulok“?! „Ja, hver röndóttur“!
- Hver sem betur getur** (orðtak) Hver í kappi við annan. „Engin regla var um það hvar menn mættu leggja sín net í byrjun vertíðar. Kapphlaup var um að leggja á fyrsta degi vertíðar, og lagði hver sem betur gat á bestu staðina. Þó voru á þessu undantekningar. T.d. litu allir svo á að Ólarnir ættu mið undan Sellátranesi og Torfi fékk oftast að leggja óáreittur á Landamerkjahlein“.
- Hver sem vettlingi getur valdið** (orðtak) Hver sem vinnufær er; allir sem eitthvað geta gert. „Hver maður sem vettlingi gat valdið var dreginn út á tún til að drífa saman heyið meðan enn var þurr“.
- Hver silkihúfan uppaf annarri** (orðtak) Hver mistökinn eftir önnur; hvert klúðrið eftir annað.
- Hver skal þar? / Hver skal þetta?** Spurning þess sem á köst bendir þegar aflu er skipt (sjá *skipti*).
- Hver sótraftur á sjó dreginn** (orðtak) Sjá *sótraftar á sjó dregnir*.
- Hver um annan þveran** (orðtak) Í óreiðu; hver ofaná öðrum. „Ég held þeir ættu að drattast út að vinna í stað þess að liggja hver um annan þveran uppi kójum inni í bragga“!

Hver/hvor um sig / Hver/hvor (útaf) fyrir sig; hver/hvor í sínu lagi (orðtök) Hver/hvor fyrir sjálfan sig; án samráðs. „Hugsaði þá hvor um sig að verða á undan hinum á sjóinn“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Hver veit nema (orðtak) Það skyldi þó aldrei; hugsanlega. „Við skulum bíða aðeins lengur; hver veit nema þeir hafi lent gleymt sér í *kjaftagangi* og farið seint af stað“.

Hver velur sér vini eftir viti (orðatiltæki) Vinahópur manns endurspeglar nokkuð hyggindi og skapferli hans.

Hver verður að sjá um sig (orðatiltæki) *Hver er sjálfum sér næstur.*

Hver verður sinni lund að þjóna (orðatiltæki) Hver verður að gera það sem honum best þóknast. „Hann vill endilega hafa þetta svona, og hver verður víst sinni lund að þjóna“.

Hver vill halda sínu (orðatiltæki) Fæstir eru reiðubúnir að kasta því frá sér sem þeir eiga/hafa.

Hver vill hengja bjölluna á köttinn? (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað þarf að gera, en fáir leggja í það.

Hver þremillinn! (upphrópun) Upphrópun, eða blótsyrði af vægara taginu, sem notað var í ýmsu tilefni. „Hver þremillinn! Eru nú ekki bölváðir kálfarnir komnir inn í garðinn“?

Hverandi brot / Hverandi sjór (orðtak) Mjög óreglulegur og mikill sjór, t.d. í röstum. „Fyrir framan boðana var allt í hverandi brotum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hverfa eins og döggr fyrir sólu (orðtak) Hverfa algerlega og skyndilega. „Pönnukökurnar *gerðu góða lukku* og hurfu eins og döggr fyrir sólu, enda allir orðnir banhungraðir eftir hlaupin“.

Hverfa eins og það leggur sig / Hverfa með öllu (orðtök) Hverfa algerlega/alveg.

Hverfa sjónum (orðtak) Hætta að sjást; hverfa. „Ég sá baujuna eitt augnablik, en hún hvarf mér sjónum áður en ég gat áttað mig á hvort hún var frá okkur“.

Hverfa/fara (eitthvað) út í buskann / Hverfa (út) í veður og vind (orðtak) Fara lengst í burtu; fara í veðrið; týnast í hvassviðri. Einnig í líkingamáli. „Hæran hefur fokið af galtaum og horfið út í buskann“. „Hann hljóp eitthvað út í buskann“. „Þessi góðu áform voru fljót að hverfa í veður og vind *þegar til kastanna kom*“.

Hverfa veröldin (orðtak) Dotta; sofna smástund. „Mikið var nú gott að *kasta sér* eftir matinn. Ég held bara að mér hafi horfið veröldin einn augnablik“. „Ég sofnaði fljótt. En mér var ekki fyrr horfin veröldin en ég var kominn innundir Bjarg...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hverfandi lítið (orðtak) Mjög lítið; *sama og ekki neitt.* „Það er hverfandi lítil veiði þessa dagana“.

Hverfilás (n, kk) Meginás hverfils. „Hverfilásinn liggur í legum; sínhvorumegin við hverfilinn sjálfan“.

Hverfilblað (n, hk) Blað í hverfli. „Hvert hverfilblað er sjálfstætt, með breytilegri afstöðu til *straumáttar*“.

Hverfillíkan (n, hk) Líkan af hverfli. „Valorka ehf hóf fyrstu prófanir sjávarorkuverfla með 2m hverfillíkani í Hornafirði haustið 2013“.

Hverfilgerð / Hverflategund (n, kvk) Afbrigði hverflategundar; tegund hverfla. „Valorka hannaði fjölda mismunandi hverfilgerða af þeirri hverflategund sem nýtt getur sjávarfallaorku“.

Hverfilgrind (n, kvk) Prófunargrind; grind/statíf sem hverfill er festur í; þannig að hann getur snúist, t.d. í prófunum. Nýyriði, tilkomið vegna þróana Valorku á fyrsta íslenska sjávarfallahverflinum.

Hverflahönnun / Hverflasmíði (n, kvk) Hönnun/smíði hverfla. „Valorka er fyrsta og eina fyrirtækið á Íslandi sem fæst eingöngu við hverflahönnun og hverflasmíði; að því best er vitað“.

Hverfisteinn (n, kk) Hjól úr sandsteini; notað til skerpingar eggjárna. Hverfisteinn var tiltækur á hverju búi áður fyrr. Enn er til *laminn* af síðasta hverfisteininum á Láganúpi. Hann er fótstíginn með tveimur fótafjöllum sem tengdust hjólinu með vírteinum upp á hámiðjukjálka. Brýnslumaður sat klovvega á búkka; steig hverfisteinin og hélt eggjárninu við steininn á réttan hátt. Steinninn snerist í vatnsbaði, en undir honum var vatnsbiða úr tré.

Hverflyndur (l) Ótraustur í lund/skapi. Oftast notað í líkingamáli um lánsemi. „Gæfan er hverflynd; það er ekki alltaf á vísan að róa í veiðiskap“.

Hverfull (l) Hættir til að hverfa. „Grásleppuveiði getur verið ansi hverful á þessum miðum, en oft fæst þarna góður aflí; einkum í stilltu tíðarfari og stórum straum“.

Hverfur (l) Um bát; rangskreiður; leitar. „Mér finnst báturinn dálítið hverfur; færðu þig yfir í hitt borðið“.

Hverft við (orðtak) Bilt við; felmt við. „Mér varð fjandi hverft við þegar ég sá hann ekki á brúninni“.

Hvergi (ao) Ekki neinsstaðar; *hvurgi* (sjá þar).

Hvergi á byggðu bóli / Ekki/hvergi nokkursstaðar á byggðu bóli (orðtök) Ekki neinsstaðar; hvergi; ekki á neinum bæ. „Svona ósiðir þekkjast hvergi á byggðu bóli“!

- Hvergi banginn** (orðtak) Ófeiminn; óhræddur. „Hann var hvergi banginn þó fáir tækju undir málstaðinn“.
- Hvergi nokkursstaðar** (orðtak) Hvergi. Síðara orðið er eigöngu til áhersluauka. „Ég leitaði í hverri laut, en ég gat hvergi nokkursstaðar séð þessar útigangskindur“.
- Hvergi nærri** (orðtak) Alls ekki. „Það er komið töluvert í tunnuna, en hún er hvergi nærri full“.
- Hverju gamni fylgir nokkur alvara** (orðatiltæki) Gagnsæ og alloft notuð speki.
- Hverju/hvaða nafni sem nefnist** (orðtak) Hvað sem það heitir; hvað sem er. „Þú þarft að tala aftur við þennan Jón eða Jóhann eða hverju nafni sem hann nefnist, og leiðréttu þennan misskilning“. „Einhvern þarf að kjósa í þessa stöðu; hvaða nafni sem hann nefnist“.
- Hverju spýr Búi nú?** (orðtak) Hvað er nú til ráða? Skrásetjari hefur heyrt upprunann og til hvaða persónu er vísað, en óþarft er að halda því á lofti. Allt er það þó staðbundið vestra og ekki ýkja gamalt. Var nokkuð almennt þekkt og notað í Rauðasandshreppi.
- Hverjum lætur best sitt lag** (orðatiltæki) Hver hefur sinn háttinn á við vinnu/róður o.fl.
- Hverjum þykir sinn fugl fagur** (orðtak) Sérhverjum líkar best það sem hann á eða honum stendur næst.
- Hvernig fer með sig** (orðtak) Hvernig þróast; hvernig *vindur fram*; hvort lagast. „Við skulum *sjá til* framá morguninn; hvernig veðrið fer með sig“.
- Hvernig/hvað/hversvegna í dauðanum/ósköpunum/veröldinni/heiminum...?** (orðtak) Áhersluorð í spurningum. „Hvernig í dauðanum datt ykkur í hug að fara á sjó á tunnubátum?!“
- Hvernig í pottinn er búið / Hvernig landið liggur** (orðtak) Hvernig liggur í málunum; hvernig málum er háttáð. „Þegar ég sá þetta skildi ég hvernig í pottinn var búið. „Eftir þessar skýringar skildi ég betur hvernig landið lá í þessum efnum“. Hið fyrra vísar til uppskrifta/aðferða við matreiðslu, en hið síðara til landslags.
- Hvernig sem fer / Hvernig sem allt veltist (og fer)** (orðtök) *Hvað sem verður*; hvernig sem mál þróast.
- Hvernig sem viðrar** (orðtak) Hvernig sem veður er. „Það verður að sinna gegningunum; hvernig sem viðrar“.
- Hvernig væri nú...?** (orðtak) Algengur háttur á að hefja máls á einhverju sem mælandi leggur til að gert sé. „Hvernig væri nú að við settum niður bát og færum í fiskiróður í þessu blíðviðri“?
- Hvernin** (ao) Hvernig. Sjaldgæfur framburðarmáti, en heyrðist þó í Rauðasandshreppi.
- Hvers manns hugljúfi** (orðtak) Um mann sem öllum fellur vel við. „Hún var mikil *gæðasál* og hvers manns hugljúfi“.
- Hversdags** (l) Daglegt; upp á hvern dag. „Þennan jakka nota ég hversdags; en hinn *til spari*“. Sjá einnig *hvunn dags*, en þessi framburðarafrbrigði voru bæði notuð.
- Hversdagsbuxur / Hversdagsföt / Hversdagsgarmar / Hversdagshúfa / Hversdagsjakki / Hversdagkjöll / Hversdagsklæðnaður / Hversdagslarfar / Hversdagspeysa / Hversdagsskór / Hversdagsskyrta / Hversdagssokkar** (n, hk, fto) Föt sem notuð eru dags daglega; ekki *spariföt*. Einnig *hvunn dags*-.
- Hversdagslegur** (l) Eins og er daglega; fábreyttur. „Það hefur ekkert óvanalegt komið fyrir mig. Ég hef engu að segja frá, nema ósköp venjulegu lífi og hversdagslegum hlutum (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hversdagsprúður** (l) Dagfarsprúður; vanalega rólegur/hæglátur/vinalegur. „Hann er hinn hversdagsprúðasti maður og hvers manns hugljúfi allsgáður, en verður oft hinn mesti berserkur með víni“.
- Hverskonar / Hverskyns / Hverslags** (l) Hvaða; hvaða kyns/tegundar/háttar. „Ungahænan er laus á eggjunum og hverskonar hávaði getur fælt hana af“. „Hverskonar bjánagangur er þetta“?! „Ekki veit ég hverskyns fiskur þetta getur verið“. „Hverslags aulaháttur er þetta nú“?!
- Hversu** (ao) Spurnarorð, töluvert notað í samanburði. „Hversu mikið heldurðu að þú þurfir“? „Ekki veit ég hversu oft ég hef bannað þeim þetta“! „...átti erfitt um svör við ýmsum þeim spurningum sem fram komu; svo sem hversu innheimtu sveitargjalda yrði háttáð...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Hvert á land sem er** (orðtak) Hver sem vera skal; á hvaða áfangastað sem er. Vísar e.t.v. til þeirra tíma þegar vinnufólk var bundið vistarböndum og jafnvel flakkarar urðu að fá vegabréf yfirvalda til að mega fara á milli héraða. Sumir töldu sig þó geta farið „hvert á land sem er“.
- Hvert mannsbarn** (orðtak) Sérhver manneskja. „Þetta er óþarfi að tíunda; það veit hvert mannsbarn“.
- Hvert (þó) í þreifandi/hoppandi/logandi..!** (upphrópun) Ein af mörgum upphrópunum sem þurftu að vera mönnum tamar á tungu í dagsins amstri. Ef mikið lá við var hnýtt aftan við þetta runu af viðeigandi blótsyrðum.
- Hvert/hvurt skaltu ætla?** (orðtak) Hvert ætlarðu; hvað ætlar þú að fara? Oftast viðhaft í furðu eða ásökunartón, þegar þannig tilefni gafst.

- Hvert öðru líkt** (orðtak) Svípmót með öllum. „Ég þekki aldrei þessa bræður í sundur; þeir eru hvor öðrum líkir“.
- Hvessa** (s) A. Auka vind. „Veður var suðaustan kaldi en hvessti þegar leið á daginn svo við urðum að fara í land fyrr en ætlað var“ GG um Kollsvíkurver. B. Hvetja; brýna; gera hvassa egg/brún.
- Hvessa augun/brýrnar (á einhvern)** (orðtak) *Hleypa/setja í brýrnar; hleypa brúnum*. „Hann svaraði þessari stríðni engu, en hvessti á þá augun“. „Heimakæri frændinn, hann rekur blómlegt bú;/ blessaður hann var að láta út kýrnar./ Ég flýtti mér þá til hans og sagði „sælinú/ ég sest hér að“; hann hvessti á mig brýrnar“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Hvetja** (s) A. Æsa upp; egna; mana. „Ég hvatti hann eindregið til þess“. B. Brýna eggjárn. „Nú held ég að þurfi eitthvað að hvetja ljáinn“.
- Hvetjandi** (l) Fylgjandi; ýtinn. „Ég var þess heldur hvetjandi að hann færi í framboð“.
- Hviða** (n, kvk) A. Vindhviða; kast; blástur. B. Í líkingamáli; kast; tiltekt. „Nú fær hann enn eina hviðuna með þennan áróður fyrir flokknum“.
- Hviðóttur** (l) Um veðurlag þar sem sterkar vindhviður koma úr annars kyrrara veðri. „Mjög hviðótt getur orðið sumsstaðar á Rauðasandinum“. „Hann var fjári hviðóttur undir Djúpadalnum“.
- Hviðukast** (n, hk) Mjög snörp vindhviða eða nokkrar hviður í senn; úr kyrrara veðri. „Hann gerði feikna hviðukast fyrir Blakkinn, svo sjór hvítnaði allt í kringum bátinn“.
- Hviðustroka** (n, kvk) Hvítur blettur á sjó, þar sem hvöss vindhviða þeytir löðri af yfirborðinu. „Það var rólegt við Magnúsarhelminn, en stuttu utar mátti sjá hverja hviðustrokuna eftir aðra leggja út frá Láturdalnum“.
- Hviðuveður** (n, hk) Veðurlag þar sem hvessir mjög í vindhviðum. „Hér getur orðið leiðinda hviðuveður í norðanátt“.
- Hviklyndur** (l) Óstaðfastur; hvimandi. „Það er lítið á hann að ætla í pólitík; hann hefur alltaf hviklyndur verið“.
- Hviklæst** (l) Um hurð, glugga, hirslu.; illa/ótryggilega læst. „Þeir komust inn, þar sem hurðin var hviklæst“.
- Hviksaga** (n, kvk) Slúður; óstaðfest sögusögn; lygasaga. „Einhver hviksaga komst á kreik um þetta“.
- Hvilft** (n, kvk) Skál í landslagi; hvolf; hvapp. „Þarna í hvilftunum getur lengi leynst fé“.
- Hvimandi** (l) Óákveðinn; óviss. „Það spillti fyrir málinu hvað flutningsmaður tillögunnar var hvimandi“.
- Hvimleiður** (l) Leiðigjarn; leiðinlegur; fer í pírur/taugar. „Þetta er fremur hvimleiður ávani“.
- Hvimpinn** (l) *Hvumpinn* (sjá þar); hræddur; smeykur.
- Hvin** (n, hk) Klettabrún; bjargbrún. Líklega dregið af því þegar hvin í brúnum. „Ég sagði að þetta væri ekki snjóbreiða, heldur væri þetta hvinið. Við köllum bjargbrúnina hvin“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hvinnska** (n, kvk) Þjófnaður; stelihneigð. „Karlinn var stundum grunaður um hvinnsku“.
- Hvinnskur** (l) *Stelinn*; þjófóttur. „Hann er ágætur að mörgu leyti; en fjári er hann samt hvinnskur“!
- Hvippa** (s) Um frágang lóðaönguls; setja bragð af öngultaumnum upp á oddinn til að öngullinn flækist síður í lóðinni; einkum þegar verið er að greiða lóðaflækju.
- Hvippa** (n, kvk) A. Auga á öngultaumi; einkum meðan önglar voru með spaða á enda, en þá var bensluð hvippa neðan við spaðann sem lódataumurinn festist í. B. Víð ermalaus svunta sem bjargmaður safnar eggjum í, þannig að þau séu sem mest aftan við bakið. Mikið notuð við sig í Látrabjargi á seinni tíð, en mun ættuð frá Hornströndum, ásamt nafninu. Í Látrabjargi var áður notuð svokölluð *eggjaskyrta*.
- Hvirfilbylur** (n, kk) Öflugur vindstrokkur. Skilgreiningin mun hafa verið víðtækari fyrrum en nú er. Í sumum frásögum er greint að hvirfilbylur eða *skýstrokkur* hafi grandað Kollsvíkurbænum árið 1857, en nú er talið líklegast að það hafi verið *snjóflóð* (sjá þar).
- Hvirfill** (n, kk) A. Efsti hluti þess sem um er rætt; efst á höfði. B. Vindsveipur; *þota*. „Hvirfla lagði niður úr dalnum, sem skrúfuðu sjóinn upp í myndarlega strokka“.
- Hvirfilskalli** (n, kk) Skalli efst á höfði, þannig að hárkragi er allt um kringum hann.
- Hvirfilstraumur** (n, kk) *Iðustraumur*; straumhvirfill; straumgöndull. „Hlémegin við boðana geta myndast öflugir hvirfilstraumar“.
- Hvirfing** (n, kvk) Hringlaga uppröðun. „Áhorfendur röðuðu sér upp í hvirfingu til að sjá glímuna“.
- Hvíla** (s) A. Hvíla sjálfan sig; láta líða úr sér; *safna kröftum*; verða aftur óþreyttur. „Ég hvíldi mig í ganginum stutta stund, en hélt svo áfram upp lásinn“. B. Leysa annan af við verk/vinnu. „Á ég ekki að hvíla þig aðeins við að strokka“? C. Vera; liggja. „Skipverjar torgarans Croupier hvíla allir í Patreksfjarðarkirkjugarði“.

- Hvíla lúin bein** (orðtak) Hvíla sig. „Mikið verður nú gott að leggja sig smástund og hvíla lúin bein“.
- Hvílast** (s) Verða *afþreyttur*; hvíla sig. „Ég hvíldist þarna um stund áður en ég hélt af stað aftur“.
- Hvildardagur** (n, kk) Dagur sem ekki er vinnudagur, oftast þá átt við laugardag sem er hinn biblíulegi hvildardagur. „Stundum var þríróíð; sérstaklega undir hvildardag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Hvildarlaust** (l) Án hvíldar. „Við gengum síðan hvildarlaust það sem eftir var leidarinnar“.
- Hvildarlítið** (l) Án mikillar hvíldar. „Þeir höfðu verið hvildarlítið við *netadrátt* allan daginn“.
- Hvildarstaður** (n, kk) Staður þar sem hvílst er. „Á brún Stígsins, neðst á Geldingskorardal, er gamalt byrgi sem fyrrum hefur eflaust verið notað fyrir egg, fugla og vaði. Þarna hefur verið sjálfsagður hvildarstaður eftir Stígsferð; áður en haldið er í hina lýjandi göngu upp dalinn“.
- Hvildarsteinn** (n, kk) Steinn sem vanalega er hvílst á/við. „Frá Byrginu á Stígsbrún var kjagað í einum áfanga upp að stórum hvildarsteini; rétt neðanvið miðjan dalinn, og þar var áð stuttlega“.
- Hvildarþurfi** (l) Þurfandi fyrir hvíld. „Ég var orðinn úrvinda og hvildarþurfi eftir annasaman dag“.
- Hvíldur** (l) Ekki lengur þreyttur; búinn að hvílast. „Ég er orðinn ágætlega hvíldur eftir þessi átök“.
- Hvílíkur** (fn) A. Slíkur; svo mikill/stór. „Þá sá ég hvílíkan mann hann hefur að geyma“. B. Upphröpun. „Hvílíkur munur er þetta; að setja bar í gang vél og sitja í stað þess að þurfa að þuða við róður“!
- Hvín í rá og reiða** (orðtak) Blæs hressilega; er hvasst; heyrst mikið á; heyrast miklar skammir. „Húskofinn var víst svo óþéttur að þar hvein í rá og reiða innifyrir ef eitthvað hreyfði vind“. „Það hvein í rá og reiða hjá frúnni þegar karlinn valt *þræslompaður* innum dyrnar“.
- Hvína** (s) Þegar vindhljóð heyrst er vindurinn næðir um húsburstir, klettanef o.fl. „Það hvín hressilega í símalínunum núna“.
- Hvína í (einhverjum) / Hvína/syngja/þjóta í tálknum á (einhverjum)** (orðtök) Einhver skammast mikið; einhver flytur reiðilestur. „Það hvein heldurbetur í frúnni þegar hún frétti af þessu“!
- Hvínandi rok** (orðtak) Altöluð lýsing á miklum vindi. „Maður ræður sér varla í þessu hvínandi roki“!
- Hvískra** (s) Hvísla; tala í lágum hljóðum; fara leynt með. „Fólk er að hvískra með þetta um alla sveit“.
- Hvískur** (n, hk) Slúður; hvísl. „Eitthvað hvískur hef ég heyrt um þetta“.
- Hvísla** (s) A. Tala lágri hvíslandi röddu/óraddað. „Hvíslar þá ekki freistarinn í eyra honum að líklega eigi Gummi bróðir eitthvað ætílegt í skrínu sinni“ (PG; Veðmálið). B. Slúðra/segja gróusögur, en þó þannig að að farið er mjög leynt með.
- Hvít gæra** (orðtak) Líkingamál um það að sjór ýfist á yfirborði. Sjá *eins og hvít gæra*.
- Hvíta** (s) Lita hvítt. „Fjárhúsin á Láganúpi voru hvítuð með kalki“.
- Hvítagull** (n, hk) Platína.
- Hvítalogn** (n, hk) Stafalogn. „Enn var hvítalogn en þokumistur að færast upp í Kópinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Sjá *bláhvítalogn*.
- Hvítamjöll** (n, kvk) Hvítur snjór. Oftast notað í líkingum. „Hann kom hlaupandi inn, *lafmóður* og eins og hvítamjöll í framan, og sagðist hafa séð skrímsli í þokunni niðri á Bökkum“.
- Hvítasunna** (n, kvk) Hátíð sem haldin er 49 dögum eftir páska, til minningar um það að heilagur andi kom yfir lærisveina Krists. Nafnið er dregið af því að þeir klæddust hvítu sem tekið höfðu skírn í upphafi kristinnar. Hvítasunnan taldist fyrrum þriðja stærsta hátíð kristins síðar. Enn er hún haldin *tvíheilög*, en líkt og um fleiri hátíðar hefur trúarlegt gildi stórum minnkað hjá þorra fólks.
- Hvítbotnaður** (l) Með hvítan botn. „Þessir hvítbotnuðu gúmmískór fara örugglega betur með fætur en svörtu *slönguskórnir*“.
- Hvítemaleraður** (l) Með hvítri emaleringu/glerjun. „Það var búið að kveikja upp í ... lítilli hvítemaleraðri eldavel...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hvítflibballið** (n, hk) Samnefni sem víknarnamenn nota gjarnan yfir þá sem raka að sér auði á kostnað annarra; án þess að vera hans verðugir og án þess að *dýfa hendi í kalt vatn*.
- Hvítfossandi** (orðtak) Um straumvatn; straumur í *fossaföllum*. „Við förum suður á Víkur eftir hádegið; röstin er enn hvítfossandi í stórstraumnum og *kolófær*“.
- Hvítglóandi** (l) A. Um málm; svo heitur að lýsir hvítri birtu. B. Líking um mjög æsta/reiða manneskju.
- Hvítíngi** (n, kk) Albinói; afbrigðilegur einstaklingur dýrategundar sem er án sömu litarefna og fjöldinn. „Einn hrafninn er dálítið sérstakur á litinn; ég held að þetta sé hvítíngi“.

Hvítkál Matarmikil kálplanta sem ræktuð hefur verið í gördum hér frá dögum Björns í Sauðlauksdal. Æti hluti jurtarinnar er stór hnattlaga blaðhaus, ásamt efri hluta rótarinnar.

Hvítkollótt (l) Um sauðkind; hvít og kollótt.

Hvítkrímóttur (l) Með snjógrímu í andliti, utan augu. „Hann var hvítkrímóttur og *fannbarinn* þegar hann kom heim úr gegningunum, enda glórulaust *moldarkóf*“.

Hvítleitur (l) Ljós yfirlitum; bjartur. „Þessi grásleppa er mun hvítleitari en þær í innri strengnum; hún hlýtur að vera nýgengin“.

Hvítmaður (n, kk) Lirfa fiskiflugunnar. „Fiskurinn er orðin *maðkaveita* af hvítmaðki“.

Hvítmata (s) Um það þegar hvítan í augum er mjög áberandi. „Hann var kolsvartur í framan, svo rétt hvítmataði í augun“.

Hvítmáfur (n, kk) *Larus hyperboreus*. Stórvaxin máfategund sem verpir á norðurslóðum. Farfugl, sem hefur vetursetu við strendur N-Atlantshafs; í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Fullorðinn hvítmáfur er með ljósgráa vængi og þykkan gulan gogg. Unginn er ljósgrár með bleikan og svartan gogg, og nefnist grámáfur í Kollsvík. Verður fullvaxinn um fjögurra ára gamall, með lit fullorðins máfs. Næststærsta máfategundin hérlandis; litlu minni en svartbakur. Vænghafið er um 1,5 metrar og þyngdin 1,3-1,6 kg. Algengastir hérlandis við Breiðafjörð og Vestfirði. Hvítmáfur verpir í grónum klettum og núpum við Kollsvík og nágrenni, á svipuðum slóðum og svartbakur og múkki. Egginn er 2-4 í hreiðri; ljósbrún með dökkbrúnum flekkjum. Þau eru nokkuð tínd til átu, um leið og múkkaegg. Annars voru helstu nytjar hvítmáfs og svartbaks að þeir voru *skotnir á fluginu*, sem kallað var. Mávurinn flýgur gjarnan með fjöruborðinu í ætisleit. Við norðurenda Garðanna á Grundabökkum var því hlaðið skotbyrgi þar sem menn lágu fyrir honum með byssu. Hagstæðustu skilyrðin voru þegar var stíf norðanátt og flæði, en þá flýgur máfurinn með Byrginu í skotfæri. Einkum var sóst eftir ungfugli, og fékkst stundum svo mikið að ketið var saltað í tunnur til vetrarins, en það er herramannsmatur. Máfurinn er talinn vargfugl, enda étur hann mikið af eggjum og unga annarra fugla og fúlsar ekki við hræjum og hjálparvana skepnum. Mikið af fæðunni kemur þó úr fjörinni; sili, krabbar, kuðungar o.fl. Hvítmáfur er friðaður frá vori framundir haust.

Hvítna á jörð (orðtak) Snjóá svo vel sjáist mjöll/snjór á jörð. „Þetta er meiri *einmunatiðin!* Það hefur varla náð að hvítna á jörð það sem af er vetri“.

Hvítna í báru (orðtak) *Falla af/úr báru*; svo mikill sjór að einstaka bára brotnar í toppinn. Við förum nú að hafa okkur í land bráðum; hann er að hvítna asskollu mikið í báru“.

Hvítna í fjöll / Hvítna uppi (orðtök) Um snjóalög; snjóa/ gera hvíta jörð til fjalla. „Eitthvað hefur hann náð að hvítna í fjöll, þó niðri sé enn allt *maraut*“.

Hvítna við landið (orðtak) Brima. „...þeim varð tíðlitið til landsins, hvort ekki væri farið að hvítna við landið...“ (FÓT; Smiður í fjörum löndum)

Hvítskrúbbaður / Hvítskúraður (l) Vel/rækilega þveginn. „Gólf voru hvítskúbbuð fyrir hverja helgi“.

Hvítt í rót (orðtak) Þegar örtilill snjór er á jörðu en samt stendur gras uppúr á flestum stöðum. „Það hefur aðeins kastað éli í nótt; rétt orðið hvítt í rót“.

Hvítur matur (orðtak) *Mjólkurmatur*; matur unninn úr mjólk eða sem inniheldur mikla mjólk.

Hvítþveginn (l) A. Þveginn rækilega. B. Um fjöru; *tekið út* allt sem í fjörinni var; reki og laus þari. „Fjaran er öll hvítþvegin eftir þennan vestanhroða“.

Hvítþvo (s) Hreinsa rækilega; *pilatusarþvottur*. Þýddi upphaflega að skrúbbu gólfjalir svo að ljós viðarlitir sæist, en nú einkum notað í afleiddri merkingu um að hreinsa sig af slæmu máli/niðurstöðum.

Hvítvoðungur (n, kk) Ungabarn. Vísar til þess að börn liggja gjarnan í hvítum rúmfötum og voru áðurfyrr vafin hvítu líni. Einnig notað í líkingamáli. „Það er alveg óþarfi að meðhöndla mann eins og hvítvoðung“.

Hvoðna niður (orðtak) Hjaðna; minnka; verða að engu; bráðna. Líking við að froða hjaðni. „Ég er alveg að hvoðna niður af hita; þetta er nú meiri *sólarbreyskjan*“.

Hvoftur (n, kk) Kjafstur; gin. „Hvað er hundurinn með þarna í hvoftinum“? „Kappinn grípur gnissu frá/ gilda skálm á lofti;/ sendir aftur, fálan flá/ fellur glenntum hvofti“ (JR; Rósarímur).

Hvolf (n, hk) Skál í landslagi; geil í klettum/bjargi. „Fyrir neðan Hafnarlautirnar eru Hvolf. Í þeim er Hvolfatjörn, sem mynduð er með frostrofi; svonefndur frostgígur“.

Hvolfa (s) A. Um bát; fara á hvolf. „... og allir hanga þeir í bátnum sem þeir búast við að muni hvolfa á næsta augnabliki“ (KJK; Kollsvíkurver). „Olagið nær þeim og bátnum hvolfir“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Setja á hvolf af ásettu ráði. „Hjálpaðu okkur að hvolfa skektunni á trén“.

C. Vera á hvolfi „Balinn hvolfirþarna úti á barðinu“.

- Hvolfa í sig** (orðtak) Gleypa; borða/drekka hratt. „Hana; hvolfdu þessu bara í þig! Þú drepst ekki af hálfu brennivínsstapi!“!
- Hvolfa upp** (orðtak) Um bát; venda upp; setja bát á réttan kjöl sem hvolft hefur verið til vetrargeymslu. Byrjað var á að botnmála og dytta að, væri þess þörf. Nægilega margir öflugir menn tóku undir borðstokk öðrumegin; lyftu upp og gengu undir hann þar til hann stóð í jafnvægi á hinum borðstokknum. Þá fór einn í einu yfir og hélt við meðan báturinn seig á réttan kjöl. „Það var alltaf byrjað á einmánuði að þvo fisk frá haustinu áður, og um sumarmál að hvolfa upp bátunum og sjóbúa þá. Róðrar hófust svo strax og gaf“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). Sjá *botnmálning/botnfarvi; setja niður*.
- Hvolfir** (s) Er á hvolfi. „Báturinn hvoldi venjulega við efstu búðirnar í Verinu yfir veturinn; stagaður niður“.
- Hvolftré** (n, hk, fto) Sver lárétt tré sem bátur hvílir á þegar honum er hvolft til geymslu. „Bilið milli þeirra var það ssama og á milli fremstu og öftustu þóftu. Skipið var lagt á hliðina... Menn röðu sér á það og mjökuðu því upp eftir bökunum á sér þar til það var komið alveg upp á rönd og vó salt á neðri borðstokknum. Menn færðu sig svo varlega, einn og einn, hinum megin við skipið og létu það síga niður með hægð, uns það var komið alveg á hvolf á trén“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). „Lýsingin á við frágang báta í Bolungarvík, en sama lag var viðhaft í Kollsvík í mínu minni. Eftir að hvolft hafði verið voru sett *sigbönd* yfir bátinn og bundið á stóra steina sitthvors vegar við hann. Þannig var geymt til næsta vors, þegar aftur var *hvolft upp*“ (VÖ). „Þess skal getið að bátinn fékk ég geymdan í Vesturbotni, sem er býli innst í Patreksfirði. Var hann á hvolftrjám niðri á Botnseyri sem kölluð er“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurverri).
- Hvolfpak** (n, hk) Kúpt þak; hvelfing. „Eldri strákarnir töldu mér trú um að tröll byggju frammi í Víkinni, og væru Stórafell og Litlafell hvolfpökín á þeirra húsum“.
- Hvolpatík** (n, kvk) Tík með hvolpa. „Það gagnar ekkert að hafa hvolpatík með í smalamenskur“.
- Hvolpavit** (n, hk) Byrjun kynþroska unglinga; þegar áhugi á gagnstæðu kyni vaknar.
- Hvor fyrir/um sig / Hvor í sínu lagi** (orðtök) Sérhver af tveimur. „Hvor um sig bárum við kút á baki og eggjafötu í hvorri hendi“. „Þeir reru saman, en verkuðu aflann hvor í sínu lagi“.
- Hvor/hver hjá öðrum / Hver/hvor við annan** (orðtök) Saman; gagnkvæmt, nálægt. „Við fengum iðulega lánuð verkfæri hvor hjá öðrum“. „Þau sátu lengi hvort hjá öðru og skoðuðu myndir“.
- Hvorki blettur né hrukka** (orðtak) Um það sem er slétt og fellt/ óaðfinnlegt. „Hann gerði þetta svo vel að þar sést hvorki blettur né hrukka á“.
- Hvorki bragðað vott né þurrt** (orðtak) Vera bæði svangur og þyrstur. „Við höfðum ekki bragðað vott né þurrt frá því kvöldið áður, og hvergi var vatn að fá í Bjarginu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Hvorki hálf né heilt** (orðtak) Um frásögn/atburðarás; fær ekki staðist; er ekkert vit í. „Ég svara því er ég hefi áður frá sagt. Hann segir: „Þetta er hverki hálf né heilt. Saga Jóns Thorbergs er allt öðruvísi. Jón hrapaði ekki“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Hvorki hósti né stuna** (orðtak) Sjá *heyrist hvorki hósti né stuna*.
- Hvorki hrár né soðinn** (orðtak) *Á báðum áttum; slá úr og í*. „Hann var hvorki hrár né soðinn varðandi afstöðu í málinu og virtist eiga erfitt með að ákveða sig“.
- Hvorki né** (orðtak) Hvorugt. „Þú heldur að þetta sé annaðhvort langvíu- eða nefskeraegg. Ég held það sé hvorki né; þetta er óvenjustórt álkuegg. Gáðu bara hvernig lag er á mjórri endanum“!
- Hvorki of eða/né van** (orðtök) Hvorki of mikið né of lítið. „Það er mikilvægt að saltmagnið sé rétt; hvorki of né van“. Sjá einnig *ýmist of eða van* og *van*.
- Hvorki smakkað vott né þurrt** (orðtak) Ekki fengið neitt að borða. „Ansi væri nú gott að fá kaffisopa. Ég hef hvorki smakkað vott né þurrt síðan ég fór af stað í morgun“.
- Hvorki staður né stund til** (orðtak) Ekki rétti tíminn til; ekki tæmabært; annað mikilvægara. „Ég sagði honum að við svona tilefni væri hvorki staður né stund til að ræða þessi viðskipti“.
- Hvorki tangur né tetur (/tætla/tutla)** (orðtak) Ekki neitt/ögn. „Hestanna úr Kollsvík var lengi og víða leitað, en af þeim fannst hvorki tangur né tetur“.
- Hvort heldur eða** (orðtak) Hvort sem er. „Nú snjóar hann af báðum áttum; hvort heldur er af norðri eða suðri“!
- Hvort heldur/sem/eð er** (orðtak) Líka; í öllu falli; hvort sem valið er; hvor leiðin/aðferðin/hluturinn sem valin/betri er. „Mér er sama hvort heldur er; svartfuglsegg eða múkkaegg“. „Mér er sama um húfuna; ég ætlaði hvort eð er að henda henni“. Oftast samhangandi, svo *með réttu lagi* ætti að ritast í einu orði.
- Hvort sem líkar betur eða verr** (orðtak) Hvort sem maður sættir sig við það eða ekki; hvernig sem manni líst á. „Ætli maður verði ekki bara að *láta sig hafa þetta*; hvort sem manni líkar það betur eða verr“!

Hvorugumegin (ao) Á hvorugan veginn. „Mig dreymdi að þessir árar sætu á báðum rúmstokkum, svo ég komst hvorugumegin framúr“.

Hvorumegin sem er (orðtak) Báðumegin, að vali. „Það má komast niður gjána hvorumegin sem er“.

Hvorutveggja (fn) Bæði; báðir; báðar. „Ég fann þetta hvorutveggja“.

Hvumpinn (l) Viðkvæmur; styggur; slæmur á taugum. „Yrðlingurinn er aðeins farinn að róast en hann er samt óttalega hvumpinn ennþá“.

Hvumsa (l) Steinhissa; *hlessa*; mállaus af undrun. „Ég var alveg óviðbúin þessari ádrepu og varð alveg hvumsa“.

Hvunn dags (ao) Hversdaglega; á virkum dögum. „Þessi peysa er eiginlega of fin til að vera í hvunn dags“.

Hvunn dagsbrúk (n, hk) Dagleg notkun; hversdagsnotkun. „Þessi blússa er ekki ætluð til hvunn dagsbrúks“.

Hvunn dagsbuxur / Hvunn dagsföt / Hvunn dagsgarmar / Hvunn dagshúfa / Hvunn dagsjakki / Hvunn dagkjóll / Hvunn dagsklæðnaður / Hvunn dagslarfar / Hvunn dagspeysa / Hvunn dagskór / Hvunn dagskyrta / Hvunn dagsokkar Föt sem gegnið er í á virkum dögum; ekki spariföt. Sjá einnig *hversdags-*.

Hvunn dagsgóður (l) Góður að jafnaði; líður oftast vel. „Ég fæ stundum þessi árans gigtarköst, þó að öðru leyti sé ég hvunn dagsgóður“.

Hvunn dagsskap (n, hk) Daglegt skapferli; gott skap. „Reynum nú að stilla okkur aðeins og finna hvunn dagsskapið“!

Hvur (ao) Hver. Fyrri tíðar fólk, s.s. GG Láganúpi, notaði þennan framburðarmáta og líkast til hefur hann verið mikið notaður í Kollsvík áðurfyrr. „Hvur heldurdu að sé þarna norður á Melnum“? „Hvurt fór féð“?

Hvurgi (ao) Hvergi. GG Láganúpi notaði þennan framburðarmáta og líkast til hefur hann verið mikið notaður í Kollsvík áðurfyrr. „Ég sé kindurnar hvurgi niðri á Bökkunum“. „Þetta finnst hvurgi nokkursstaðar“.

Hvurndags (ao) Daglega; á hverjum degi. „*Sparistellið* notum við ekki hvurndags“.

Hvurnig / Hvurnin (sp.fn) Hvernig. „Hvurnin má það ver að féð hafi sloppið út“?

Hvurskonar / Hvurslags (l) Hvers konar; hverslags; stundum notað sem upphrópun. „Hvurslags andskotans læti eru þetta“! „Hvurslags; hvurslags; nú gleymdi ég mér alveg með að laga kaffið“!

Hvursu (sp.fn) Hve; hvað. „Hvursu langt fórstu“? „Veistu hvursu mikið þetta var“?

Hvurt (sp.fn) Hvert; hvað. „Hvurt skaltu ætla“? (=hvað ætlar þú að fara)? „Hvurt í hoppandi“!

Hvutti (n, kk) Gæluheiti á hundi. „Komdu hérna hvutti“!

Hvælótt (l) Um landslag með lautum; holótt. Ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hvönn (n, kvk) Ætíhvönn; Angelica archangelica. Stórvaxin tvíær jurtt af sveipjurtaætt; algeng á norðurhveli jarðar. Fyrri árið vaxa aðeins blöð en seinna árið nær holur stofninn allt að tveggja metra hæð. Jurtin vex á gróðursælum stöðum en er mjög eftirsótt af sauðfé og viðkvæm fyrir beit. Því dafnar hún best í moldarflögum sólríkra kletta; þar sem fé kemst ekki að henni. Er mikið af hvönn í björgum kringum Kollsvík; Blakk; Hnífum og Breið. Hvönn var mikið notuð til manneldis fyrir á tíð. T.d. skrifar Eggert Ólfsfson m.a. um hvönnina í Látrabjargi; „Hvönnin vex þar allsstaðar og verður summsstaðar svo stórvaxin að fullorðinn karlmaður getur stungið handleggnum inn í stöngulholið. Hvönn er árlega skorin til heimilisnota þar úr nágrenninu. Til sönnunar því að jurtt þessi hafi verið notuð mikið fyrir á tímum og verið eftirsótt er gjafabréf á skinni í eign Sauðlauksdalskirkju, þar sem kirkjunni er gefinn árlegur hvannskurður í Látrabjargi; svo mikið sem 6 menn skera á einum degi og einn maður á sex dögum“.

Hvönn hefur mikið verið skorin í Kollsvík. Til marks um það er örnefnið Sighvatsstöð í Blakknum, en „stöð“ eða *hvannastóð* er notað um þéttan hvannaskóg.

Ætíhvönn hefur örvandi áhrif á ónæmiskerfið og er mjög virk gegn veirum. Laufin hafa aðra virkni en fræin. Fyrrum grófu menn eftir hvannarótum, sem voru verslunarvara. Annars notuðu menn helst laufin og fræin; af þeim var soðið te. Mikilvægið sést á því t.d. að lög Grágásar kveða á um hörð viðurlög; útleð eða sekt, ef hvannir voru teknar í annarra löndum. Fræg er saga Gerplu með vísun í Fótbæðrasögu, af hvannaferð Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðs Kolbrúnarskálds. Þorgeiri skrikaði fótur niðri í bjarginu en náði að grípa í hvannarnjóla. Þar hékk hann um hríð þar til Þormóði fór að leiðast og spurði hvort nóg væri tínt. Þormóður var sannur víkingur og bað því ekki um hjálp en mælti: „Þá ætla ég að nóg sé þegar sú er uppi sem ég nú held um“. Latneska heitið angelica er sprottið af því að munk einn dreymdi árið 1665 engil sem ráðlagði honum að nota ætíhvönn til að lækna menn af drepstótt sem þá gekk yfir Evrópu.

Hvönn var nýtt í Kollsvík framyfir aldamótin 2000. Sigríður á Láganúpi safnaði hvannafræjum fyrir fyrirtæki sem framleiðir lyf úr þeim.

- Hyggja** (s) Álíta; huga; hugsa. „Ég hygg að mörg orð muni fljótlega týnast úr málfari Víknamanna“. „Sigmaðurinn er kominn spölkorn niður fyrir brúnina og hann fer að *hyggja að* eggjum“ (MG; Látrabjarg).
- Hyggilega** (ao) Af skynsemi; skynsamlega. „Nú fór ég ekki hyggilega að ráði mínu“!
- Hyggilegt** (l) Skynsamlegt; ráðlegt. „Heldurðu að það gæti ekki verið hyggilegt að geyma þetta til morguns“?
- Hyggindamerki** (n, hk, fto) Merki/vitni um rökhugsun/gáfur. „Ekki þykja mér það mikil hyggindamerki hjá honum að slá allt túnið í þessu útliti“.
- Hyggindi** (n, hk, fto) Rökhugsun; ráðslag; forsjálmi. „Í fljótu bragði gæti manni virst það mikil hyggindi hjá hrafninum að bera egg neðan úr bjargi og fela þau uppi á brún. En staðreyndin er sú að megnið af þeim étur tófan. Á móti kemur að hrafinn nýtur iðulega leifanna af veiðibráð hennar“.
- Hyggindi sem í hag koma** (orðtak) Hollráð/snjallræði sem koma að góðum notum. „Mundu eftir að hafa ífærana með í bátnum; það hafa stundum reynst hyggindi sem í hag koma“. Til er máltækið „svo eru hyggindi sem í hag koma“.
- Hygginn er til hefnda seinn** (orðatiltæki) Stundum er skynsamlegra að bíða með það að svara mótgerðum, heldur en að gera það í bráðræði.
- Hyggja að / Huga að** (orðtak) Athuga með; gá að. „Ég man ekki hve marga daga stormurinn blés linnulaust, en loks þegar slota tók var farið að hyggja að farmi og bátum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Já, að mörgu var að hyggja áður en róðrar byrjuðu fyrir alvöru“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Hyggja á ferðalag/heyskap/róður/smalamennsku o.fl.** (orðtak) Áætla/skipuleggja verkefni/ferð. „Ertu eitthvað að hyggja á róður í dag“?
- Hyggja gott til fanga** (orðtak) Búast við góðri veiði/eftirtekju. „Við hugðum gott til fanga þarna uppi á kleifinni. En þar var ekkert að hafa nema fótspor veiðiþjófa“.
- Hyggja (sér) til hreyfings** (orðtak) *Hugsa sér til hreyfings*; áætla brottför; fara að fara.
- Hyggjast fyrir** (orðtak) Ætla sér; áætla/ætla að gera; áforma. „Hvað skyldi hann hyggjast fyrir með þessa netaræfla“?
- Hyggjuvit** (n, hk) Forsjálmi; útsjónarsemi; gáfur. „Mér finnst nú alltaf betra að treysta á eigið hyggjuvit en einhverjar kenningar fræðimanna“.
- Hygla** (s) Gefa; annast vel; gefa meira en öðrum. „Mundu eftir að hygla þrílembunni vel“.
- Hyldýpi** (n, hk) Mjög mikið dýpi. „Gættu þess að leggja ekki framfyrir marbakkann; þar er hyldýpi“.
- Hyldýpisáll** (n, kk) Djúpur áll í sjó eða vatni, þar sem mun grynna er beggja megin. „Hyldýpisáll gengur innmeð Kotshlíðinni, sem nefnist Grænhólsdýpi“.
- Hyldýpisdý / Hyldýpisen / Hyldýpiforað / Hyldýpismýri / Hyldýpispyttur** (n, hk/kvk/kk) Heiti á dýjum og mýrarsvæðum, þar sem mjög djúpt er á fast; oft nefnd „botnlaus“. „Þarna er botnlaus hyldýpismýri“.
- Hyldýpissgjá / Hyldýpissgjóta / Hyldýpishola / Hyldýpissprunga** (n, kvk) Heiti á mjög djúpum gjám og gjótum. „Saxagjá nefnist hyldýpissgjá sem nær af brún í fjöru, og skiptir löndum milli Látra og Saurbæjar“. „Þarna í brúninni hafði opnast hyldýpishola, sem mér sýndist gjörsamlega botnlaus“.
- Hyldýpissvatn** (n, hk) Mjög djúpt vatn. „Verið ekki að vaða mjög langt út í Stórvatnið; þið getið lent framaf bakkanum niður í hyldýpissvatn“.
- Hylka í sig** (orðtak) Borða; eta; gófla; gleypa. „Svona; hylkaðu þetta í þig drengur og vertu ekki svona *genverðugur*“. „Ég ætla rétt að hylka í mig einhvern bita og svo kem ég“. Líklega dregið af „hólkur“
- Hylkast** (s) Vera of víður. „Skelfing leiðist mér fót sem hylkast svona utan á manni“! „Það þarf að klippa *bjálfann* aðeins til áður en hann er saumaður á *undirvaninginn*; annars hylkast hann bara af honum“.
- Hylla** (s) Fagna; votta virðingu/hollustu. „Bændur fagna baldri fríðum báru ljósa./ Heilar sveitir hylla Rósa“ (JR; Rósarímur).
- Hyllast til** (orðtak) Hallast að; freistast til; láta eftir sér. „Þó að sig þeirra eða fjallaferðir væru þeim fyrst og fremst gimileg þrekraun eða skemmtun, hylltust þeir oft til að síga eða klífa hillur eða stalla ar sem óx þroskamikil hvönn...“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Lagt var þvert á straum, og hyllst var til að leggja lóðina í fullhörku á straum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Maður hyllist til að velja þá leiðina sem auðveldari er“. Sjá einnig *heillast til*, sem notað er nánast jöfnum höndum við þetta orðalag.
- Hylli** (n, kvk) Vinsældir. „Hann átti það til að banka uppá um miðja nótt, við litla hylli húsfreyju“.
- Hylur** (n, kk) Djúp skál í árbotni/sjávarbotni. „Unnt er að ganga niður í Bót ofanvið Hylinn neðst í Árdalnum“.
- Hypja sig** (orðtak) Koma sér af stað. „Það er víst best að fara hypja sig; það er orðið áliðið“.

- Hyrna** (n, kvk) Horn; það sem teygist út í horn/totu; klettanef. „Hyrnur heita miðin fram af Blakknesi, þar sem saman ber Gjárdalshyrnu og Láturdalshyrnu“.
- Hyrnt** (l) Um sauðfé; með horn. „Pabbi átti mjög fallett fé; yfirleitt hyrnt, gult um höfuð og fætur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Hysja (hypja) upp um sig** (orðtak) Gyrða sig; taka uppum sig. „Hysjaðu nú upp um þig drengur; þú ert eins og *flakatrúss*“. „Sigarinn steypir yfir sig bjargskrúðanum..... Hypjar hann svo kuflinum sem best uppá bakið og bindur hann svo með snæri að sér um mittið...“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).
- Hyskinn** (l) Latur; slær slöku við. „Skelfing geturðu verið hyskinn við námið drengur!“
- Hyskni** (n, kvk) Leti; værukærð. „Þessi hyskni gæti komið þér í koll á prófunum“.
- Hystería** (n, kvk) Móðursýki; sálsýki; mikill æsingur. „Hér gagnast engin hystería, við skulum skoða málið“.
- Hysterískur** (l) Ímyndunarveikur; móðursjúkur; í miklu uppnámi. „Hún var nánast hysterísk yfir þessu“.
- Hýða** (s) A. Flysja; taka *hýði* af kartöflum. Þetta orð var alfarið notað í Kollsvík til skamms tíma, um þetta verk. Ekki var farið að „flysja“ kartöflur þar fyrir á síðustu árum. Þar fyrir utan var ekki til siðs að hýða kartöflur nema hýðið væri orðið mjög þykkt og bragðvont. B. Flengja. „Ef ég næði á þessa andskota myndi ég hýða þá; alla með tölu“!
- Hýða af** (orðtak) Taka utanaf. T.d. hýða börk af appelsínu. „Viltu *hýða* af fyrir mig“.
- Hýða sig í/úr** (orðtak) Klæða sig/ háttá sig; fara í fötin/ fara úr fötunum. „Farðu nú að hýða þig í fötin drengur“. „Þú verður að hýða þig úr blautu *böslunum* og fara í þurr“. Stundum notað um annan: „það þurfti að hýða krakkann úr hverri spjör eftir að hann datt í drullupollinn“.
- Hýða við staur** (orðtak) Hýða rækilega; refsa harðlega. Það ku hafa verið venja við hýðingar fyrrum að sakamaðurinn væri bundinná höndum við staur, þannig að unnt væri að halda áfram hýðingunni þó fætur gæfu sig t.d. vegna meðvitundarleysis. Skætingur á síðari tímum: „Svona kumpána ætti nú bara að taka og hýða þá við staur“!
- Hýði** (n, hk) A. Húðin utaná kartöflum. Var ávallt nefnt svo í Kollsvík.; orðið „flus“ er nýtt og aðkomið. B. Búsataður, einkum bjarndýra en einnig í líkingum um rúm: „Ætli maður fari ekki að draga sig í hýðið“.
- Hýðing** (n, kvk) Flenging; barsmiðar á bakhluta til refsingar. „Sem betur fer eru hýðingar löngu aflagðar“.
- Hýðissvefn** (n, kk) Langur og djúpur/vær svefn. „Veraldarinnar hýðissvefn er þetta nú á manni! Er klukkan virkilega að verða níu“?!
- Hýjalín** (n, hk) Mjög þunnt efni. „Bölvað hýjalín er nú í þessari skyrtu; þetta er bara *ekki neittneitt*“!
- Hýjungur** (n, kk) A. Lítið gras. „Það er varla hægt að kalla þennan hýjung slægju“. B. Óræktarlegt skegg.
- Hýr á brá / Hýr í sinni** (orðtak) Gláður; ánægður. „Hann er ekki mjög hýr í sinni yfir þessum málalokum“.
- Hýra** (n, kvk) Laun. „Það er mesta furða hvað honum endist hýran“.
- Hýreygur** (l) Brosandi; með fjörlegt augnaráð. „Hann varð hýreygur og *málhress* strax á fyrsta glasi“.
- Hýrgast** (s) Verða hýr; gleðjast; glaðna; verða kenndur. „Vorur menn farnir að hýrgast allmjög þegar þeir áttuðu sig á því að líklega hefði saftin verkast öðruvísi en til var ætlast“.
- Hýrna yfir** (orðtak) Verða jákvæðara/glaðlegra/líflegra. „Heldur hýrnaði yfir veiðinni þegar kippti úr fallinu, og um snúninginn fengum við ágætana afla“.
- Hýrudraga** (s) Svíkja um laun; draga af launum.
- Hýrudreginn** (l) Svikinn/rýrður um laun. „Þú verður hýrudreginn ef þú sefur yfir þig aftur“.
- Hýsa** (s) Hafa á húsi; taka á hús. „Það gerði þvílíka ótíð að sumir fóru að hýsa óvenju snemma“. „Sumir létu lömbin ganga úti fram að jólum en aðrir tóku þau á hús í lok október. Hrútar voru almennt teknir frá ám síðast í október eða fyrstu dagana í nóvember og ekki hleypt til ána aftur fyrir en um jól, og sunsstaðar ekki fyrir en rétt fyrir áramótin. Á þessum tíma gat fé bjargað sér ágætlega á beit þegar náði til jarðar (ekki voru *jarðbönn*) og þá var meira af landinu tiltækt til beitar heldur en síðar á vetrinum“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).
- Hýsing** (n, kvk) Vistun í húsi; taka fjár á hús. „Það fer að líða að hýsingu hrúta“.
- Hæðarendi** (n, kk) Endi á hæð í landslagi. „Kindurnar *settu sig neðan* þarna við hæðarendann“.
- Hæðarkast** (n, hk) Hæðarbunga í annars hallandi landslagi. „Stundum leynist kind á bakvið hæðarkastið“.
- Hæðnisglott** (n, hk) Yfirlætislegt/stríðnislegt bros. „Ég þóttist ekki taka eftir hæðnisglottinu“.
- Hæðnistónn** (n, kk) Stríðnistónn; bitur/meiðandi tónn. „Nokkur hæðnistónn fannst mér vera í röddinni“.

Hæfa (n, kvk) A. Það sem hæfir/ á við; *gengd*. „Mér finnst ekki nokkur hæfa að þetta sé látið viðgangast“! B. Sannleikur. „Ég efast um að nokkur hæfa sé í þessari sögu“.

Hæfa (s) A. Vera við hæfi. „Mér finnst varla hæfa að ég sitji í húsbóndasætinu“. B. Um skot; hitta. „Hann hæfði tófuna í fyrsta skoti, og hún steinlá“.

Hæfir skel kjafti / Hæfir kjafti skörðótt skel (orðtak) Viðeigandi; á vel við; hæfilegt þeim sem í hlut á. „Réði hann þennan þrasara fyrir háseta? Já, þar hæfir skel kjafti; það verður þá ekki þagað lengi á þeim báti“! Vísar líklega til þess að fyrrum notuðu sumir skeljar sem spæni, til að matast með. Rétthentir notuðu *ihendissskeljar*; þ.a. þann skelhelming sem vísar rétt að munni þegar matast er, en örfhentir notuðu *úrhendisskel*; hinn skelhelminginn. *Umhendis* hefur verið að nota öfugan skelhelming, nema e.t.v. fyrir þá sem hafa óvenjulegan kjaft. Síðara orðtakið er líklega yngra og e.t.v. tilraun til skýringar á hinu.

Hæg eru heimatökin (orðatiltæki) Sjá *hæg heimatökin*.

Hæg heimatökin (orðtak) Um verknað/framkvæmd; auðvelt vegna nálægðar/skyldleika. „Það eru nú hæg heimatökin að afgreiða þetta; eru þau hjónin ekki bæði í stjórn, og þar með meirihluti“? Líklega vísar orðtakið til þess að mönnum veitist léttara að vinna verk heimavið en séu þau lengra frá, s.s. slægjur.

Hægagangur (n, kk) A. Rólegur gangur. „Ég lötraði á hægagangi með þá gömlu, en hinir fylgdu hópnum eftir niður Vörðubrekuna“. B. Seinlegur framgangur mála. „Skelfilegur hægagangur er á þessum málum“. C. Hægur snúningur vélar. „Hann gengur illa hægaganginn“.

Hægara er að breyta en bæta (orðatiltæki) Auðveldara er að aðlaga hluti en koma þeim í upprunalegt form.

Hægara er að hefja stríð en hrósa sigri (orðatiltæki) Vísar til þess að mjög auðvelt er að efna til ófriðar, en ekki er víst að sigurinn sé jafn auðveldur eða fyrirsjáanlegur.

Hægara sagt en gert (orðtak) Ekki eins auðvelt í framkvæmd og ætla mætti. „Ég reyndi að teygja mig í eggid, en það var hægara sagt en gert að ná því“.

Hægara um að tala en í að komast (orðtak) Ekki eins aðgengilegt/auðvelt og sýnist í fljótu bragði. „Þú skalt ekki gera þér miklar vonir um þetta; það er hægara um að tala en í að komast“.

Hægð (n, kvk) Rólegheit; seinlæti. „Þetta þokast allt með hægðinni“.

Hægðateppa (n, kvk) Harðlífi; stífla/tregða við losun hægða.

Hægðarleikur (n, kk) Létt/auðvelt verk. „Það var enginn hægðarleikur að hella á tankinn í veltingnum“.

Hægferðugur / Hægfær (l) Sem fer hægt; hæggenur. „Maður er orðinn nokkuð hægfær með aldrinum“. „Hægfærustu kindurnar drógust afturúr rekstrinum“.

Hægja (s) Lægja vind. „Heldur hægði hann þegar við komum yfir á Kollsvíkina...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hægja sér (orðtak) Kúka; skíta; *bjarga/hjálpá brókum; flytja lögmann; ganga örna sinna; ganga álfreka*.

Hægjast um (orðtak) Róast; kyrrast; um hægjast. „Það fer nú að hægjast aðeins um með heyskapinn“.

Hæglátur (l) Rólyndur; rólegur; hófsamur. „Liði var með hærri mönnum á vöxt og þrekinn; hæglátur í fasi en gat verið glettinn og spaugsamur“ (PG; Veðmálið).

Hæglega (ao) Auðveldlega; með léttum leik. „Þetta hefði hæglega getað orðið mitt síðasta“.

Hæglæti / Hæglætisgola / Hæglætisveður (n, hk) Mjög hægur vindur; nánast logn. „Veður var suðvestan kafaldskóf, hæglætisveður en ylgja; sjósmár“ (um strand togarans Croupiers undir Blakk, líkl. haft eftir GG).

Hæglætismaður / Hæglætisnáungi / Hæglætispiltur (n, kk) Stillingarmaður; rólyndisnáungi; meinhægðarmaður. „Mér fannst hann fremur viðkunnanlegur hæglætisnáungi“.

Hæglætisskepna (n, kvk) Rólegheitaskepna. „Þetta er mesta hæglætisskepna, og fyrirtaks mjólkurkúr“.

Hæglætistíð (n, kvk) Tímabil hægra vinda; *logndagar*. „Það er enn sama hæglætistíðin; hvað sem verður“.

Hægramegin (l) Til hægri handar. „Hnífurinn er þarna hægramegin við þig“.

Hægrifótarskór / Hægrifótarstígvél (n, kk/hk) Skór/stígvél á hægri fót. „Ertu með tvö hægrifótarstígvél? Nú hafa strákaskrattarnir verið að atast í þér“.

Hægrihandarvettlingur (n, kk) Vettlingur á hægri hönd. „Settu upp hægrihandarvettling meðan þú tekur járnid úr eldinum; það er glóheitt“.

Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir (orðtak) Biblíutilvitnun um misræmi í athöfnum milli manna eða hjá sama manni; þegar verkin virðast stangast rækilega hvort á við annað. „Það er nú orðið bágst ástandið í flokknum þegar hægri höndin veit ekki lengur hvað sú vinstri gerir“!

Hægstraumshverfill (n, kk) Eitt af nokkrum nýyrðum sem orðið hafa til vegna fyrstu íslensku uppfinninganna á sviðis sjávarorkutækni. Eini hverfillinn sem fengið hefur einkaleyfi á Íslandi er fundinn upp af Valdimar

Össurarsyni frá Láganúpi. Hverfillinn er ætlaður til virkjunar hægstreymandi vatnsfalla eða sjávarstrauma af þeim straumhraða sem t.d. er í Blakknesröst“ (VÖ). Sjá *sjávarfallavirkjun, ölduhrókur, straumop* o.fl..

Hægstraumur (n, kk) Hægfara straumur. „Hverflar Valorku eru allir hannaðir til nýtingar á orku hægstraums; t.d. sjávarfallastrauma við annes eða straums fallvatna í hallalitlu landi, þar sem ekki er unnt að stífla“.

Hægt og bítandi / Hægt og hægt (orðtak) Rólega; í rólegheitum. „bíllinn þokaðist upp Kinnina hægt og bítandi, enda var þetta *lágdrifskeyrsla* í ófærðinni“. „Hægt og hægt þokaði ég mér nær selnum“.

Hægt um hönd (orðtak) Auðvelt; nærtækt. „Honum ætti að vera hægt um hönd að koma þessu á framfæri við stjórnina; er ekki konan hans formaður“?

Hægur (l) A. Sá sem fer hægt/ er seinfær. „Maður er orðinn hægari í hreyfingum með aldrinum“. B. Auðveldur. „Tilgangur fjelagsins er að veita börnum og unglíngum hægan og ódýran aðgang að bókum við þeirra hæfi“ (Reglur Lestrarfjelagsins Bernskan í Rauðasandshreppi).

Hægur (n, kk) Þægilegheit; auðveldleiki; ekki mikil fyrirhöfn. Oftast notað í orðtakinu *hægurinn hjá*, en stöku sinnum stakt. „Það verður hægurinn að ná þessu fé hér niðri; hitt gæti verið styggara sem er á fjöllum“.

Hægur byr er bestur (orðatiltæki) Best er að hafa stöðugan vind og ekki of hvassan, þegar sigla skal báti.

Hægur/hægari eftirleikurinn (orðtak) Auðveldara það sem eftir er; auðvelt að klára. „Það var mikill áfangi að koma þessum *styggðarkvikindum* inná tún. Það verður þá kannski hægari eftirleikurinn að koma þeim í hús“.

Hægur vandinn (orðtak) Auðvelt. „Það er hægur vandinn að eyða peningum; en getur verið snúnara að afla þeirra“.

Hægurinn hjá (orðtak) Auðvelt; þægilegt; hægt. „Það var óþarfi að *flumbra* svona að þessu; það hefði verið hægurinn hjá að skoða málin betur í byrjun“!

Hægtvaxandi (l) Að aukast hægt. „Hann spáir hægtvaxandi sunnanátt“.

Hægviðri (n, hk) Fremur stillt veður; logn eða hæg gola. „Það er útlit fyrir hægviðri á morgun“.

Hægviðrisdagur (n, kk) *Logndagur*; dagur með hægu veðri. „Valinn var þurr hægviðrisdagur til að bera bækurnar út og dusta af þeim rykið“.

Hægvirkur (l) Vinnur hægt/seint. „Hann er vandvirkur, *ekki vantar það*; en afskaplega hægvirkur“.

Hækiljárn (n, hk) Járn með sérstöku lagi, til að hengja *ketskrokk* upp að lokinni slátrun. Tvennskonar hækiljárn voru notuð í Gjöggraslátruhúsi. Annarsvegar flatt járn með göddum á báðum endum sem stungust í hækilana, og krókur uppúr því í miðju sem krækt var á braut; hinsvegar og fyrr sívalt járn með göddum á hvorum enda, en sveigju á miðju sem krækt var á krók í *fláningsgálga*.

Hækilkúla / Hækilbein (n, kvk/kk) *Konungsnef*; Efsti hluti hælbeins á sauðfé, nautgripum og fleiri dýrum; áberandi kúla að aftanverðu; neðan lærleggs.

Hækill (n, kk) Hækilkúla; konungsnef. „Þegar kýrin ætlaði að sparka greip ég í hækilinn á henni“. „Bútaðu þetta hangilæri í þrennt og sagaðu hækilinn af“.

Hækka í nyt / Rjúka upp í nyt (orðtak) Um mjólkurkú; mjólka meira; gefa meiri mjólk af sér. „Kýrnar ruku upp í nyt þegar þeim var hleypt á *hána*“.

Hækkar nú hagur strympu (orðatiltæki) Nú vænkast hagurinn; nú rætist úr/batnar. „Hækkar nú hagur strympu; mér sýnist að þarna sé mávahópur að koma við Hreggnasann; réttu mér skotin og veifaðu“!

Hækla (s) Um slátrun búfjár/gripa; taka af fætur um hnjáliði. Mikilvægt er að það sé gert á réttan hátt, þannig að farið sé milli réttra liðamóta og sárið verði slétt. Oft nær orðið einnig yfir það að rista fyrir fláningu og framúr hálsi; binda fyrir vélinda og fjarlægja fætur, pung og júgur. „Mjög er misjafnt hve vel og fljótt menn ná tókum á að hækla, svo vel sé“.

Hækleri (n, kk) Sá sem *hækla* og ristir fyrir þegar slátrað er. „Eftir töluverða æfingu og fjölda meiðsla tókst mér að verða þokkalegur hækleri og gengdi því embætti í Gjöggraslátruhúsi í fjöldamörg haust“ (VÖ).

Hæla (s) A. Festa niður með hælum. „Ég hæladi tjaldið vel niður áður en hann fór að hvesa“. B. Hrósa. „Þeir hældu honum mjög fyrir snarræðið“.

Hæla á hvert reipi (orðtak) Hrósa í alla staði /mjög mikið. „Þeir hældu honum á hvert reipi fyrir þetta“. Sjá *hrósa á hvert reipi*.

Hælast um (orðtak) Hrósa sér; gorta. „Hann getur nú hælst um þegar spá hans gekk eftir“.

Hælbítur (n, kk) Sá sem svíkur/baktalar/öfundast. „Þessir hælbitar eru honum erfiðir“.

Hælfar (n, hk) Far eftir hæl. „Þegar setið er að vað í brattlendi er mikilvægt að marka sér góð hælför“.

Hælkrókur (n, kk) Bragð í glímu; felst í því að annar bregður hæl sínum afturfyrir fót hins til að fella hann.

- Hælspor** (n, hk) Saumur aftaná hæl *skinnklæða*. „Þá var hælsporið tekið, og þurfti vel til þess að vanda að ekki læki þar sem oddi sólans enti í saumnum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hælsæri** (n, hk) Sár aftaná hæl eða hásin; oftast tilkomið vegna þess að skór nuddaast við skinn við mikið álag. „Þetta eru *ólánsskór*; ég er kominn með hælsæri af þeim eftir eins dags smalamennskur“. „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað,/ því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Þúdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hælsæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÓG; Bónorðsförin).
- Hælpvengur** (n, kk) Þvengur aftan á hæl á skinnskó til að hreða hann saman (sjá *gæra*).
- Hæna að** (orðtak) Laða/lokka að. „Hræið hænir að vargfugl og tófu ef það er ekki grafið“.
- Hændur að** (orðtak) Vaninn að; laðast að. „Gæsasteggurinn Pippi var sérlega hændur að svörtu stígvéli sem lá ofanvið hlöðuna. Hann varði það með kjafti og klóm og mátti helst aldrei af því líta“.
- Hængur á** (orðtak) Meinbugir/vankantar á; galli við. „Það er bara einn hængur á þessari ráðagerð“.
- Hænsnadallur / Hundadallur** (n, kk) Ílát fyrir fóður þeirra dýra. „Settu hafragrautinn í hænsnadallinn og bættu við hann korni áður en þú ferð og gefur þeim“.
- Hænsnafata** (n, kvk) Fata sem matarleifum var safnað í og bornar í til hæsnanna. „Sem hæsnahirðir hafði ég umráð yfir lítilli fötu; hvítemaleraðri. Í hana safnaðist hafragrautur, kartöfluafgangar og fleira. Það hrærði ég saman við bygg og mais og gaf hæsnunum daglega um leið og vatnað var og hirt egg“ (VÖ).
- Hænsnafóður / Hænsnamatur** (n, hk/kk) Fóður/matur fyrir hænsni. „Ýmsir tilfallandi afgangar voru nýttir sem hænsnamatur, t.d. grautarafgangar, kartöflur, eggjaskurn, brauðmysla o.fl.“.
- Hæsnahirðir** (n, kk) Sá sem annast um hænur. „Mitt fyrsta starf var semsé hæsnahirðir, og tók ég það nokkuð alvarlega“.
- Hæsnakjöt** (n, hk) Kjöt af hænnum. „Ekki voru allir hrifnir af hæsnakjöti, en þó var það etið; aðallega hanaungarnir“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Hæsnakofi** (n, kk) Kofi sem hænur eru vistaðar í. „Hæsnakofinn stóð við hliðina á Mókofanum“.
- Hæsnanet** (n, hk) Vírnet; hæfilega finmökvað til að girða af hænur. „Hæsnanet svokallað var haft í girðinguna, sem var um mannhæðarhá (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Hæsnaprik** (n, hk) Prik sem hænsni sitja og sofa á. „Hæsnaprikin þurftu að vera af réttum sverleika, og ganga þurftu þannig frá þeim í veggjarholum að þau væru í réttri hæð og næðu ekki að snúast“.
- Hænublundur** (n, kk) Stuttur svefn; lúr. „En við gátum aðeins tekið okkur hænublund til skiptis“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hænufet** (n, hk) Skref hænu. Orðið var notað í tvennum samsetningum. Annarsvegar var sagt að sólin hækkaði um eitt hænufet á dag síðari hluta vetrar. Hinsvegar í samsetningunni að *fara ekki hænufet*, í merkingunni að fara alls ekki neitt (sjá þar).
- Hænuhaus** (n, kk) A. Niðrandi heiti um þann sem þykir heimskur. „Ég tek nú lítið mark á þeim hænuhæsi!“ B. Niðrandi heiti um þann sem verður ólvaður af litlu áfengi. „Helltu bara litlu; ég er svoddan hænuhæsi“.
- Hænuvíkurmegin** (ao) Nær/tilheyrandi Hænuvík. „Mastrið á Fimmhundraðahæð telst vera Hænuvíkurmegin“.
- Hænufet** (n, hk) Örstutt vegalengd. „Sólin hækkar um eitt hænufet á viku á þorranum“. „Hann sagðist ekki fara hænufet fyrir en hann væri búinn að borða“.
- Hænuhaus** (n, kk) A. Bókstafl. merking. B. Sá sem ekki þolir mikið áfengi. „Karlínn var óttalegur hænuhæsi og fór að rugla strax á fyrsta glasi“.
- Hæpinn** (l) Ótryggur; ótraustur. „Ég tel það hæpið að treysta á þurrk á morgun“. „Þú átt alls ekki að skjóta á fugl á hæpnu færi...“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Hæra** (s) Fjarlægja illhærunur úr þeli. „Ef eitthvað finna átti að vinna, var *tekið ofan af* ullinni og hún stundum hærð líka. Í flestum reyfum af íslenskri ull eru þrjár tegundir hára. Yst eru löng og fremur gróf toghár, en niðri í reyfinu eru fín og mjúk þelhár. Einnig koma fyrir í sumum reyfum mjög gróf hár, misjöfn að lend, sem kallast *illhærunur*. Þegar vinna átti finan og fallegan dúk úr ull, t.d. kjólefni, þá var fyrst valin fín og þelmikil ull til að vinna úr. Síðan var tekið ofan af með því að draga togið uppúr reyfinu, en þelfóturinn sat eftir. Síðan þurfti að ná stuttu, grófu hárunum; illhærunum, úr þelinu. Það ar gert með því að halda þellögðum upp að birtunni og tína úr grófustu hárin sem sáust. Stundum var þelinu troðið fast í lítinn poka og látið bíða dálitinn tíma. Þegar þelið var tekið aftur úr pokanum, réttu stinnustu og grófustu hárin fyrst úr sér og voru tind úr. Þetta hét að hæra þelið. “ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *tóvinna*.
- Hæra** (n, kvk) A. Hár. Ekki notað nú í þeirri merkingu nema í samböndum, t.d. *illhærunur* og *kemba hærurnar*. B. Ferköntuð *strigadula* með *bandspotta* í hverju horni sem notuð var til að setja yfir *toppinn* á *göltum*

- (heysátum) til að varna því að í þá *dropaði* (bleytti) í rigningu. *Heyvisk* var bundin í enda hvers spotta og henni troðið inn í galtann til að festa hærana, þannig að ekki fyki af í vindi.
- Hærður** (l) A. Með hár. „Hallgerður var allra kvenna mest hærð“. B. Gráhærður. „Hann var tekinn að eldast; orðinn lotinn í baki og hærður“. C. Um ull; búið að *hæra* (sjá þar).
- Hærra er höfuð en herðar** (orðatiltæki) Vísar til þess að það á að betra er að hugsa rökrétt en framkvæma í bráðræði og hugsunarlaust.
- Hæruband / Hæruspotti** (n, hk/kk) Band í horni *hæru*, til að festa hana við galtann. „Það má alveg rekja þetta upp og nota í hæruspotta“.
- Hærupoki / Hærusekkur** (n, kk) Poki sem ofinn er úr hrosshári.
- Hæruskotið** (l) Um hár/skegg á manni; með gráum hárum/tjásu/flekkjum.
- Hæsi** (n, kvk) Það að vera hás. „Mest bar á hæsi hjá Þórði Jónssyni...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hæstánægður** (l) Mjög ánægður/glaður. „Hann er hæstánægður með nýju stígvélin“.
- Hætis hót** (orðtak) Algerlega. „Ég kæri mig bara ekki hætis hót um þessa túrista út um allar jarðir“.
- Hætt** (l) Í hættu; ógnað. „Fé er víða hætt í Kollsvík; einkum vegna Mýranna en einnig hefur það farið í sjálfheldu í klettum; fennt inni í hellum og flætt á skerjum“.
- Hætta** (n, kvk) A. Almennt; áhætta; vá. „Þú ferð ekki að leggja þig í hættu til að ná í einn eggjakopp“! B. Staður þar sem fé gat orðið fyrir slysum eða dauða; samheiti yfir *drápsdý*, *svelti* og *flæðisker*. „Margar hættur eru fyrir fé í nágrenni Kollsvíkur; einkum í mýrum og klettum“.
- Hætta búin** (orðtak) Í hættu; hætta yfirvofandi. „Þeim getur alltaf verið nokkur hætta búin af steinkasti sem fara undir bjargið í svona mikilli rigningu“.
- Hætta í hálfu kafi / Hætta við hálfnað verk** (orðtök) Hætta verki/athöfn áður en lokið er. „Ég fer ekki að hætta við hálfnað verk til að sinna svona óþarfa“!
- Hætta sér út í þá sálma** (orðtak) Þora að ræða það. „Hann vildi fara að ræða trúmál en ég hætta mér ekkert út í þá sálma“.
- Hætta skal leik þá hæst hann ber/stendur** (orðatiltæki) Betra er að hætta á toppnum/ þegar vel gengur en þegar allt er í óefni/ komið er í ógöngur.
- Hætta til** (orðtak) A. Leggja undir; *leggja í sölurnar*; stofna í hættu. „Það væri ágætt ef okkur tækist þetta án þess að hætta miklu til“. „Nú á dögum skjóta menn fé fremur niður úr svelti en að hætta mannskap til“. B. Leita í; vera gjarn á; vilja. „Sérlega var erfitt að láta reiðing tolla sæmilega á hesti niður brekkur, því honum hætta alltaf til þess að síga fram á makkann...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Hættuferð / Hættuför** (n, kvk) Áhættusamt/tvísýnt ferðalag. „Kollsvíkurbændum var ljóst að hér var um mikla hættuferð að ræða. Samt voru allir einhuga um að reyna að bjarga hinum nauðstöddu togarasjómönnum við mjög erfðar kringumstæður“.
- Hættugjarn** (l) Hættulegt; áhættusamt. „Þarna í Þúfunum var allgóð beit, en þótti hættugjörn þegar allt var slétt af snjó; kindur ultu og skorðuðust milli þúfnanna“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Hættuhlutur** (n, kk) Aukahlutur sigara í bjargferðum. „Hver þátttakandi fékk 1 hlut en sigarar fengu auk þess hættuhlut; heilan hlut að auki. Svo var vaðarhlutur og bjarghlutur; hvorutveggja „dauðir hlutir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Hættulaus** (l) Án áhættu. „Undirbjargferðir eru langt frá því að vera hættulausar, þó ekki séu víða miklar líkur á hrap. Bæði er það að landtaka getur verið tvísýn og eins er stöðug hætta af grjóthruni úr Bjarginu“.
- Hættuspil** (n, hk) Áhættusamt verk/tiltæki. „Það getur verið hættuspil að fara í kletta í rigningu“.
- Hættutími** (n, kk) Tími verkloka. „Farðu nú að hætta að skjóta; það fer að líða að hættutíma“.
- Hæverska** (n, kvk) Hógværð; kurteis. „Af hæversku minni stillti ég mig um að segja mína skoðun“.
- Hæversklega** (ao) Kurteislega; af hógværð. „Reynið nú að haga ykkur hæversklega í veislunni strákar“!
- Hæverskulaust** (ao) Án kurteis/hógværðar. „Hann spurði hæverskulaust hvern fjandann þeir væru að vilja“.
- Hæverskur** (l) Kurteis; hógvær. „Hann var hreinskilinn í öllum tilsvörum, en ekki alltaf mjög hæverskur“.
- Höfða til** (orðtak) Vísa/skírskota til. „Ég reyndi að höfða til skynsemi hans; að þetta væri öllum fyrir bestu“.
- Höfðagafll** (n, kk) Sá gafll rúms/likkistu sem höfuðið liggur við. „Áður en rafljós komu til sögunnar var ekki óalgennt að menn bræddu kerti fast ofaná höfðagafllinn til að geta lesið um stund í rúminu fyrir svefninn“.
- Höfðalag** (n, hk) Sá endi rúms sem höfuð leggst í. „Skrínurnar voru settar á rúmstokkana til beggja enda, þannig að opið vissi að rúminu; höfðalögin voru sitt í hvorum enda“ (þegar sofið var andfæting í verbúð) (PJ);

Barðstrendingabók). „Rekkjufélagar sváfu andfæting og höfðu koffortin sín; skrinurnar, við höfðalagið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Höfðaletur (n, hk) Skrautletur sem um langan aldur hefur verið notað hérlendis, og þá einkum við tréskurð. Má segja að það sé eina séríslenska leturgerðin, og þróaðist frá gotnesku lettri á 16. öld. Stafirnir eru kantaðir, og eins og mótaðir af uppábrotnum borða eða renningi. Litlar staðlaðar reglur eru um stafagerð, og hún því mismunandi milli skurðmeistara. Misjafnt er því hvað það er læsilegt, enda meira lagt upp úr áferðinni.

Höfðatala (n, kvk) Fjöldi einstaklinga. „Þeir bera ekki ávalt mest úr bítum er hugsa sér það markmið að hrúga upp hárrí höfðatölu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Höfðingi (n, kk) A. Sá sem er yfir aðra hafinn og leiðandi í sínum hópi/ sínu héraði; stjórnandi; hersir. „Hvað höfðingjarnir hafast að; hinir meina sér leyfist það“ (Hallgr.Pét; Pass.sálmar). B. Sá sem er höfðinglegur/gjafmildur í lund/viðskiptum. „Hann er höfðingi hinn mesti“.

Höfðingi heim að sækja (orðtak) Sem gott er að heimsækja; sem gerir vel við gesti sína. „Þau hafa alltaf verið höfðingjar heim að sækja“.

Höfðingjaslekti (n, hk) Niðrandi heiti um áberandi/ráðandi fólk í samfélaginu. „Mér er *nokk* sama hvað þetta höfðingjaslekti vill. Kollvíkingar hafa hingað til látið skynsemina ráða, en ekki vitleysuna í öðrum“!

Höfðinglegur (l) Tilkomumikill; veglegur; rausnarlegur. „Þarna fékk ég höfðinglegur móttökur“.

Höfðingskapur (n, kk) Afburða gestrisni/gjafmildi/rausn. „Þó efnin væru ekki alltaf mikil þá man ég ekki eftir öðru en að öllum gestum hafi verið tekið af höfðingskap af Kollsvíkurbændum“ (VÖ).

Höfðingslund (n, kvk) Rausnarskapur; gjafmildi. „Þótti hann stundum allráðrikur og yfirgangssamur ef honum bauð svo við að horfa, og hirti þá stundum lítt um lög og rétt. En höfðingslund hafði hann til að bera, við sér minni menn og þá er bággt áttu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Höfðótt (l) Litur á búfé; með höfuð í öðrum lit en skrokkur að öðru leyti; hjálmótt; húfótt.

Höfrungahlaup (n, hk) A. Stökk höfrunga, t.d. í kringum skip á siglingu. B. Leikur sem felst í því að einn stekkur yfir annan sem er áboginn fyrir framan, og síðan aðra sem kunna að vera með í leiknum. „Höfrungahlaup eða höfrungastökk var einn algengasti vermannaleikurinn. Skipt er í tvö lið. Fremstu menn beygja sig fram með hendur á hnjám og næstu menn stökkva yfir þá og svo koll af kalli. Það lið sigrar sem kemur fyrir öllum sínum leikmönnum ákveðna vegalengd“ (PJ Stökkum).

Höfuðatriði (n, hk) Meginatriði; aðalatriði. „Höfuðatriði er að drífa heyið saman fyrir rigninguna, þó við náum ekki nema litlu af því í hlöðu núna“. „Þórður Jónsson taldi höfuðatriði að menn *gerðu upp við sig* kosti og galla sameiningarinnar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Höfuðandstæðingur (n, kk) Helsti andstæðingur/andskoti/keppinautur. „Hann var höfuðandstæðingur minn í þessu máli, og lagðist af þunga gegn mínum tillögum“.

Höfuðáhersla (n, kvk) Mesti málefnalegi þungi. „Ennfremur leggur fundurinn höfuðáherslu á að lokið verði ... nýbyggingu vegarins frá Kollsvík að Vistheimilinu að Breiðavík“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Höfuðdagur (n, kk) 29. ágúst; aftökudagur Jóhannesar skírara. Mikil trú var á að þá skipti um veðurfar. „Það verður ekki óbreytt tíðarfar endalaust. Hann breytir um höfuðdaginn; láttu sjá“! „Í janúarmánuði árið 1802 rak hafís að landi, sem umkringdi Norðurland, Austfirði og Vestfirði, og lá allt vorið og sumarið; þar til um höfuðdag“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Höfuðbenda (n, kvk) Hluti af reiðabúnaði skips; böndin sem halda mastrinu til hliðanna. Þau eru yfirleitt tvö; frá masturstoppi niður í sinn kollarðinn á hvorum borðstokk. Stundum var þó einungis ein höfuðbenda, og hún þá færð milli borða eftir því hvernig vindur lá í seglið. Til að festa mastrinu fram og aftur var stagur.

Höfuðbiti (n, kk) A. Burðarbiti í húsi. B. Biti til styrkingar í bát; þversum framarlega á milli borðstokka.

Höfuðból (n, hk) A. Helsta/mesta jörð; höfðingjasetur. „Jörðin Kollsvík var að sjálfsögðu höfuðból í norðurhluta Kollsvíkur“ (EG; Abúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG). B. Fyrrum var höfuðból skilgeinint sem jörð sem væri metin á 60 jarðarhundruð eða meira að tíundarmati, og hefði sérstaka réttarstöðu gagnvart lögum. Slík jörð er nefnd aðalból í Grágás. Í Jónsbók segir að synir skuli til jafnaðar erfa höfuðból en dætur útjarðir og lausafé. Því voru höfuðból gjarnan lengi í eigu sömu ættar. Þau misstu lagalega sérstöðu sína í lok 18.aldar.

Höfuðbók (n, kvk) A. Aðalbók; helsta bók/rit. Biblían er höfuðbók kristninnar, og Kórinn í islam. B. Í bókhaldi; reikningabók; sú bók sem í eru færðar niðurstöðutölur og ársuppgjör aðilans sem bókhaldið nær til.

Höfuðbúnaður (n, kk) Húfa; hattur; skupla og annað *höfuðfat*. „Skelfing finnst mér þett lélegur höfuðbúnaður hjá þér; áttu enga almennilega húfu“?

Höfuðdagsstraumur (n, kk) Stórstraumur kringum höfuðdag. „Þetta hefur verið þrýðis heyskaparveður til þessa, en hann gæti nú breytt til í höfuðdagsstrauminn“.

Höfuðdagur (n, kk) 29.ágúst; messudagur að fornu í minningu þess að þá átti Jóhannes skírari að hafa verið hálshöggvinn af Heródesi Antipas. Höfuðdagur var merkisdagur allt fram á tækniöld. Þá átti heyskap almennt að vera lokið. Mikil trú var á að um höfuðdaginn yrðu veðrabreytingar. Ef sumar hafði verið votviðrasamt var talið víst að breytti til á höfuðdaginn. Sögðu sumir að höfuðdagsveðrið héldist óbreytt í 20 daga.

Höfuðfat (n, hk) Húfa; hattur; skupla og annar *höfuðbúnaður*. „Allir tóku ofan sín höfuðföt og báðu sjóferðabænina þegar komið var á flot og menn höfðu sest undir árar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Þá taka allir ofan höfuðfötin og lesa bæn; hver fyrir sig“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Er bátnum hafði verið snúið í stefnu út Patreksfjörð, signdi formaður sig; tók ofan höfuðfatið, og við gerðum slíkt hið sama“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Höfuðhlutur (n, kk) Formannshlutur í Útvíkum. Þar var sú regla við líði um 1700 að formenn á bátum Guðrúnar Eggertsdóttur í Saurbæ fengu hausa af aflanum í formannshlut, en ekkert annað umfram venjulegan hásetahlut. „Í Norðurvíkum fangast mest steinbítur; lítill fiskur. So verður þá höfuðhluturinn (sem þar er formannskaup) æði lítill“ (ÁM/PV Jarðabók). Orðið er ekki að finna í þessari merkingu í OH.

Höfuðhögg (n, hk) Högg á höfuðið. „Hann hálf vankaðist við höfðuhöggið“.

Höfuðkaldur (l) Kalt á höfðinu. „Hafðu almennilegt á höfðinu; það er vont að verða höfuðkaldur í róðri“.

Höfuðkál (n, hk) Annað orð yfir hvítkál og rauðkál. Var enn allnokkuð notað á s.hl 20.aldar.

Höfuðkinn (n, kvk) Hluti lúðu; höfuðflak. „*Höfuðflak, hnakka(flak)stykki, vaðhorn* (fremst á kviðflaki), *spildingur* (beinin sem fylgdu hrygg), *rafabelti og riklingur*“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms). „Rafabelti og höfuðkinn/ þetta fær hann faðir þinn í hlutinn sinn“ (gömul þjóðvísa).

Höfuðlag (n, hk) Lag á höfði. „Höfuðlag hans fannst mér nokkuð sérkennilegt“.

Höfuðlaus her (orðtak) Hópur án stjórnanda. Til er orðatiltækið „illa stríðir höfuðlaus her“. Sjá; *eins og höfðulaus her*.

Höfuðlína (n, kvk) Lína/taug í efri jaðar ops á botnvörpu. Í sjó er henni haldið uppi af fjölmörgum kúlum. Slíkar kúlur rak mjög á seinni árum á fjörur í Kollsvík og víðar, eftir að þær losnuðu af trollinu.

Höfuðnauðsyn (n, kvk) Knýjandi þörf; mjög nauðsynlegt. „Það er engin höfuðnauðsyn að klára þetta í dag“.

Höfuðpaur (n, kk) Aðalmaður; sá sem gegnir lykilhutverki; forgöngumaður. Oft í neikvæðri merkingu. „Mér kæmi ekki á óvart þó hann væri höfuðpaurinn í þessum *vitleysisgangi*“.

Höfuðsalat (n, hk) Salatkál sem vex í knúpp/haus. „Þegar ég var svona á táningsárunum þá var farið að rækta höfuðsalat og blaðsalat og þá var það oft borðað eintómt með rjóma og sykri“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Höfuðsitja (s) Gæta vandlega; líta vel eftir. „Nú verðið þið bara að höfuðsitja þessa árans túnrollu strákar“!

Höfuðskáld (n, hk) Mesta skáld; aðalskáld. „Margir hagrýðingar hafa alið manninn í Kollsvíkinni, eða eiga þaðan rætur að rekja, en nú á dögum hlýtur Guðbjartur Össurason að teljast höfuðskáld Kollsvíkinga“.

Höfuðskilyrði (n, hk) Helsta skilyrði; megin skilyrði. „Góðar samgöngur og fjarskipti eru höfuðskilyrði þess að byggð geti þrífist í dreifbýli í dag“.

Höfuðsóttarkind / Höfuðsóttarrolla / Höfuðsóttarskepna (n, kvk) A. Kind sem haldin er höfðuðsótt/*sullaveiki*. B. Líkingamál um mann sem er mjög órólegur/ringlaður. „Það bætir ekkert að æða svona um eins og höfuðsóttarskepna“!

Höfuðstafur (n, kk) Ljóðstafur í kvæði. Kvæði lúta ákveðnum lögmálum sem þróast hafa í ljósi þess sem best þykir fara varðandi takt, áferð og samsvörun. Hluti þess eru ljóðstafirnir; stuðlar og höfuðstafir. Stuðlar í t.d. ferskeytlu eru tveir samhljóða stafir í fyrstu ljóðlínu og aðrir tveir í þeirri þriðju. Höfuðstafur er fyrsti áherslustafur í ljóðlínunni á eftir (þ.e. 2. og 4. ljóðlínu), og skal hann vera sá sami og stuðlarnir í ljóðlínunni á undan. Dæmi: „Fljúga hvítu fiðrildin/ fyrir utan gluggann“. Þarna er „f“ sem stuðlar í 1. ljóðlínu og sem höfuðstafur í 2. ljóðlínu.

Höfuðstór (l) Með stórt höfuð. „Hann var fremur rýr og pervisinn, en þó höfuðstór“.

Höfuðsynd (n, kvk) Mikil yfirsjón. „Það er nú engin höfuðsynd þó hundurinn mígi utani bílhjólið“.

Höfuðveila (n, kvk) Lasleiki/veiki í höfði; höfuðverkur. „Henni finnst þessi höfuðveila heldur vera að *ágerast*“.

Höfuðveill (l) Veikur í höfði. „Hún hefur alltaf verið dálítið höfuðveill“

Höfuðþyngsli (n, hk, fto) Höfuðverkur; drungi. „Þessi höfuðþyngsli eru heldur að lagast“.

Högg (n, hk) Kletthajalli; brekkubrún. „Um Imbubblett var oft farið þegar halda átti með hesta út í sveit og vitað var að Vatnsdalsskriður og Hafnarmúli voru illfærir vegir. Eins var þarna uppi, út högginn, snjólétt leið út á Prestahjalla, leið til Breiðavíkur eða annarra Útvíkna“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Höggbára (n, kvk) Kröpp bára þegar róíð er á móti vindi, Heimild; Jón Torfason. (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Höggspónn (n, kk) Spónn sem verður til þegar hoggið er með exi. „Höggspænis og hefilspænis voru fyrirtak til uppkveikju við reykingar“.

Höggstaður (n, kk) Leið gegnum varnir andstæðings, til að höggva hann í bardaga eða í óeiginlegri merkingu til að veða að honum í orðum/málefnum. Sjá *gefa höggstað á sér; fá höggstað á einhverjum*.

Höggva eftir (orðtak) Taka eftir; veita athygli. „Ég hjó eftir því að hann nefndi andstæðinginn aldrei á nafn“.

Höggva í báruna (orðtak) Um bát; keyrir sig um of inni báruna í stað þess að lyfta sér uppá hana. „En svo vildi til að þegar báturinn hjó fram af báru í Röstinni, lét botninn í kojunnunni undan og maðurinn lenti niður í kjöl“ (ÖG; Þokuróður). Oft stytta í „höggva“ eingöngu.

Höggva í sama farið (orðtak) Ítreka; gera það sama og fyrr. „Með þessari beiðni er enn höggvið í sama farið“. Líking við smíðar/skógarhögg með öxi.

Höggva í sama/þann knérunn (orðtak) Valda skaða/dauða/vandræðum í sama samhengi og fyrr; veða að sama hópi og fyrr. „Þessi fjölskylda hefur oft orðið fyrir áföllum af völdum krabbameins, og enn er höggvið í þann knérunn“.

Höggva í spað (orðtak) A. Brytja ket niður í bita, til suðu eða söltunar. B. Líkingamál; höggva eitthvað niður; drepa menn í bardaga.

Höggva mávinn (orðtak) Kinka sífellt kalli. Sumir hafa þann sið að höggva mávinn þegar þeir tala, til að leggja áherslu á orð sín. Stundum fara sitjandi menn að höggva mávinn þegar þá syfjar; þ.e. missa höfuðið ítrekað fram á bringuna. Líking við höfuðhreyfingar mávs sem er í æti, eða reynir að berja gat á skel.

Höggva niður (orðtak) A. Brytja í spað; t.d. eldivið eða kjöt. B. Um bát; fljóta svo grunnt að hlunkast í grunn í hverjum öldudal. „Leggðu nú út og komdu okkur aðeins dýpra; hann er farinn að höggva niður“.

Höggva nærri (orðtak) Vega að; koma hættulega nærri. „Honum þótti nærri sér höggvið með þessum ummælum“. „Maður verður að verjast ef nærri manni er höggvið“. Líking við orrustu; maður þarf að vera á verði ef bardaginn berst nálægt manni.

Höggva upp hausa (orðtak) Skipta kringluhausum. „Sumir höfðu fyrir venju að höggva upp kringluhausa meðan þeir voru í verkun, en ekki fyrr en þeir voru orðnir sémilega harðir. Ýmist voru þeir *kinnklofnir* eða *krummaklofnir*. Til þess var notuð heimasmiðuð *skaröxi/hausaeixi...*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Höggvið skarð í (orðtak) Um fráfall/andlát/brotthvarf máttarstólp/ mikilvægrar manneskju. „Með honum var stórt skarð höggvið í hóp framsækinnna útvegsbænda“ (KJK; Kollsvíkurver).

Högl (n, kvk) (ft; hagldir) Flatt ílangt stykki úr tré eða horni, með tveimur augum; hlið við hlið. Notað til að binda bagga (heyband) upp á hesta. Reipi var fest í annan endann með lykkju í gegnum annað gatið; og þá var unnt að herða baggan upp á hestinn með því að draga hinn enda reipisins í gegnum hitt augað; síðan var fest. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Oft voru hrúthorn notuð í hagldir.

Hökta (s) Um mann; haltra; ganga óstyrkur. B. Um vél; ganga ekki jafnt. „Þegar við erum að fara yfir Röstina fer vélin að hökta“ (ÖG; Þokuróður).

Hökuband (n, kvk) Band úr húfu eða öðru höfuðfati niðurfyrir höku til að ekki fjúki. „Ég steingleymdi hjálminum þegar ég smeygði mér úr peysunni, og þar sem hökubandið var ekki á sínum stað skondraði hann beinustu leið framaf bjargbrúninni og í fjöru“.

Hökull (n, kk) Hluti af messuskrúða prests í kristinni trú. Hökullinn er oft litskrúðugur og hlaðinn trúartáknum.

Höldalegur (l) Lufulegur í klæðnaði; illa gyrtur. „Óttalega ertu eitthvað höldalegur núna drengur“.

Höldubrotinn / Höldulaus Um pott, bala o.fl.; með brotna aðra hölduna; án höldu. „Gættu þín þegar þú hreyfir pottinn hann er höldubrotinn öðrumeginn“.

Höldur (n, kk) Stéttarheiti manns í Noregi og einnig hérlendis á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Höldur voru frjálsbornir menn sem voru frjálsbornir og annaðhvort gildir bændur eða kaupstaðarbúar. Þeir voru tignari en almennir bændur en ekki eins og lendir menn; aðallinn. Íslendingar höfðu höldsrétt í Noregi, umfram aðra útlendinga. Heitið er á síðari tímum einkum notað í skáldskap. „Ytar finna aukast þrótt/ enginn brynnir músun./ Hertu sinni, hreysti gnótt/ höldur vinna dag og nótt“ (JR; Rósarímur).

Höltra (s) Haltra; stinga við. „Ærin er dálítið hóltrandi eftir að hafa fest fót í grindunum“.

Höm (n, kvk) Lend; bakhluti. „Féð *stendur* bara í *höm* í élinu. Ætli ekki sé best að láta það á hús“.

- Hömlur** (n, kvk, fto) A. Hömluólar; ólar sem fyrr á öldum voru notaðar til að halda árinna við ræðið; sjá *dragast úr hömlu*. B. Líkingarmál; tregða; vandkvæði; fyrirstaða. „Ég sé engar hömlur á þessu“.
- Hönd skal hendi selja (og munnur munnur sverja)** (orðtíltæki) Viðskipti skulu helst vera milliliðalaus. Orðtakið vitnar um viðskiptahætti fyrri tíma, sem jafnan voru milliliðalaus og oft vöruskipti. Nú á dögum fara viðskipti að mestu fram í gegnum bankaviðskipti og röð milliliða.
- Höndla** (s) A. Fá; grípa; koma höndum yfir. „Það var eins og hann hefði höndlað hamingjuna sjálfa þegar hann heimti hrútinn aftur“. „Þetta er svo smátt að ég næ varla að höndla það“. B. Fara með; meðhöndla; umgangast. „Ég er ekki vanur að höndla svona pappíra“. C. Versla; selja; stunda viðskipi. „Á Gjögurum var höndlað með hinn margvíslegasta varning“.
- Höndlunarstaður** (n, kk) Verslunarstaður. „Árið 1836 fékk Vatneyri með lögum heitið“ autoriseraður höndlunarstaður“, en þar hafði staðið verslun um langan tíma áður“.
- Hönduglega** (ao) Með lagni; af lipurð. „Honum fórst þetta ekki mjög hönduglega, og aftur flæktist færið“.
- Höndum seinni** (orðtak) Heldur seinn til; ekki nógu snöggur. „Ég varð höndum seinni að grípa ífærana, og það var nóg til að lúðan sleit sig af“. „Við urðum höndum seinni að ná öllu heyinu inn áður en fór að rigna“.
- Höndur** (n, kvk, ft) Orðið höndur var áður almennt notað vestra, en ekki „hendur“ eins og nú er almennast: „Fardu nú og vaskaðu höndurnar drengur, áður en þú bordar“. „... uppundir höndur í sjóinn“ (TÓ; upptaka á Ísmús 1978). „Fynglingurinn þurfti að nota báðar höndur á vað...“... „Sýslumaður lét gera ráðstafanir til að koma þessum framanandi stígvélum undir höndur réttvísinnar“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hönk** (n, kvk) A. Uppgerðar lykkjur af vað, snæri, slöngu eða öðru. „Þegar vaður er borinn langa leið er best að skipta hönkinni á báðar axlirnar“. B. Færi; færishönk. Færi var iðulega nefnt hönk, og sumir vermenn lögðu það á bakið er þeir gengu heim í vertíðarlok. Í þeirri merkingu eru orðtökin að vera í *hönk* og *eiga hönk upp í bakið* á einhverjum.
- Hör** (n, kk) Lín; þræðir sem hafðir voru til vefnaðar og spunnir í net; þeir fást úr stráum hörplöntu. Efni úr hör er að mörgu leyti svipað bómull, en þó ekki eins slitsterkt og þolir illa þvott. Fræin eru notuð til matar, og úr þeim er unnin olía. Hör var líklega ein af fyrstu nytjajurtum mannkyns. Hör/lín var ræktað hérlendis fyrr á öldum; til þess benda gömul örnefni, fornar heimildir og fornleifar. Ekki er þó vitað um línrækt í Kollsvík.
- Hörgull** (n, kk) Skortur; vöntun. „Þar er enginn hörgull á slúðursögunum núna *fremur en fyrri daginn*“.
- Hörkuaðfall** (n, hk) Fellur ört að. „Ég ætla að rara að reka kindurnar af tanganum; það er komið hörkuaðfall“.
- Hörkuágjöf** (n, kvk) Um siglingu; mikil ágiöf; mikið *pus*. „Við lentum í *skítaveltingi* og hörkuágjöf fyrir Blakkinn“.
- Hörkuáflog / Hörkuslagsmál** (n, hk, fto) Áflog/bardagi í illu/ af miklum ákafa. „Þeir lentu í hörkuslagsmálum útaf þessu“.
- Hörkubasl** (n, hk) Mikið basl; miklir erfiðleikar; mikil áreynsla. „Það var hörkubasl að koma þessum *útigangsskepnunum* inn í hús“.
- Hörkubarningur / Hörkubaks** (n, kk) A. Mjög erfiður róður gegn vindi/straumi „Það var stíf *norðankæla* með bullandi suðurfalli á landleiðinni, þannig að við lentum í hörkubarningi“. B. Líkingamál; erfiðleikar; átök. „Ég lenti í hörkubaksi með þessa hrútaanskota; þeir þverneituðu að *rótast* í áttina heim“!
- Hörkubylur / Hörkuél** (n, h) Mikið/hart/dimmt él. „Hann gengur á með hörkuéljum“.
- Hörkubylur** (n, kk) Mjög slæmur/harður/dimmur/hvass snjóbylur. „Einu sinni í hörkubyl man ég eftir að vermennirnir flýðu allir heim á bæina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Hörkuduglegur** (l) Mjög duglegur/*dugandi* við vinnu; *harðduglegur*. „Þetta er hörkuduglegur strákur“.
- Hörkufall / Hörkustraumur** (n, hk) Mjög hart/stíft sjávarfall; *bullandi/mígandi* straumur. „Það er lítill von á veiði í þessu hörkufalli“. „Hér er kominn hörkustraumur; færin eru öll á *glæ*“.
- Hörkufrost / Hörkugaddur** (n, hk) Mjög mikið frost; frosthörkur; *afspyrnukalt*. „Skyldi hann ekkert ætla að *lína* þetta hörkufrost?“. „Féð helst ekkert á beit í þessum hörkugaddi“. „Búðu þig almennilega í þessu hörkufrosti“.
- Hörkugóður** (l) Mjög/afburða góður. „Hann er hörkugóður fláningsmaður“.
- Hörkumikill** (l) Mjög/afburða mikill. „Við fengum þarna bara hörkumikinn aflu, rétt yfir *blásnúninginn*“.
- Hörkukafli** (n, kk) Um tíðarfar; harðindakafli; tími frosta/harðinda. „Það kom hörkukafli í þorrabyrjun“.
- Hörkunorðurfall** (n, hk) Um sjávarföll; norðurfall af fullum þunga. Norðurfall verður jafnan harðara en suðurfall. „Heldur hægði þegar við komum yfir á Kollsvíkina; nú stýrði ég suðurmeð og þótti hægt ganga með seglinu einu; enda komið hörkunorðurfall“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hörkuskammir (n, kvk, fto) Mjög miklar/harðar/háværar skammir/ávítur. „Ég gef fjandann í það að ég aðstoði þig við smalamennskur, ef ég fæ bara hörkuskammir fyrir það að þú látir fé hlaupa á milli lappanna á þér“!

Hörkusmali (n, kk) Mjög/afburða góður smalamaður; fljótur að hlaupa og útsjónarsamur við fé. „Mér sýnist að þessi strákur sé hörkusmali“.

Hörkur (n, kvk, fto) Mikill frostakaflí. „Þá gerði miklar hörkur svo lagði allan fjarðarbotninn“.

Hörkurifrildi (n, hk) Harðar deilur; mikil þræta. „Báðir voru eldrauðir í framan eftir þetta hörkurifrildi“.

Hörkusteytingur (n, kk) Mjög hvass vindur; mikill mótvindur og bára. „Það var hörkusteytingur hér suður Kollsvíkina, en undir Bjarnarnúpnum var hann lognhægur, eða því sem næst“.

Hörkustælar (n, kvk, fto) Harðar deilur; *hörkurifrildi*. „Ég lenti bara í hörkustælum við hann útaf þessu“.

Hörkutól (n, hk) Mannlýsing; harður af sér; þolinn; áræðinn; sterkur. „Hann er mesta hörkutól“.

Hörkuvetur (n, kk) Harður vetur; miður vetur. „Það er of snemmt að huga að þessu meðan enn er hörkuvetur“.

Hörkuvindur (n, kk) Hvassviðri; mikill vindur. „Manni kólnar fljótt, svona illa búnum í hörkuvindi“.

Hörmulega (ao) Slysalega; dapurlega; sorglega. „Veðráttu og ófærð áttu mikinn þátt í því hve hörmulega fór þegar Croupier strandaði á Blakknesboða; ásamt því að þá voru engin fluglínutæki tiltæk“.

Hörmulegur (l) Dapurlegur; slysalegur; sorglegur. „Svo hörmulegir atburðir gleymast seint“.

Hörmung (n, kvk) A. Eynd; mikil neyð. „Alltaf eru þessar hörmungar í Afríku“. B. Lélegur árangur; slæmt ástand/verk. „Þessi bygging er algjör hörmung“. „Minnstu ekki á aflabrögðin; þau eru bara hörmung“. „Hörmung er að sjá útganginn á þér, drengur“!

Hörmungar... (forsk/n) Áhersluforskeyti, notað þegar menn neyddust til að tvinna saman kröftug blótsyrði: „Hörmungarinnar afgreiðsla er þetta hjá þessari stofnun! Þeim er alveg fyrirmanað að skilja einfaldan hlut“!

Hörmungarandskoti (n, kk) Blótsyrði, ýmist notað sérstætt eða sem áhersla með heitum. „Hörmungarandskoti er nú að sjá hvernig skepnurnar eru útlítandi hjá honum“! „Hörmungarandskotans vesen er með þetta skrifstofulið fyrir sunnan; það vinnur ekki nema hálfan daginn“!

Hörmingaraumingi / Hörmungarvesalingur (n, kk) Mjög aumur/vesæll maður. Oftast notað í niðrandi merkingu. „Mikill hörmungaraumingi getur þetta verið; að hafa ekki rænu á að koma heynu í hlöðu“!

Hörmungarástand (n, hk) Slæmt/dapurlegt ástand; neyðarástand. „Hörmungarástand er þetta; að eiga ekki neina króka í varaslóða“.

Hörmungarbúnaður / Hörmungarútbúnaður (n, kk) Slæmur búnaður; skortur á góðum/réttum fatnaði/verkfærum/veiðarfærum/búnaði. „Hörmungarútbúnaður er þetta hjá ykkur; þið ætlið þó ekki í kletta með þennan *liðónýta* fúaspotta“?!

Hörpudiskur / Hörpuskel (n, kk) *Clamys islandica*. Algeng skel á grunnmiðum í Kollsvík og nærliggjandi standsjó. Þó mun algengari á Sandsbug, og dregur Rauðasandur nafn af háu hlutfalli skeljarinnar í fjörusandinum. Engar nýttjar hafa verið af hörpudiski í Kollsvík, en annarsstaðar, t.d. í Breiðafirði, hefur hann verið plægður upp. Hinsvegar rekur hörpuskel iðulega á fjörur í Kollsvík.

Hörundsár (l) Viðkvæmur; uppnæmur. „Hann er svo hörundsár að það *má* bara *ekki orðinu halla*“.

Höstuglega (ao) Höstugur; með þunga; ávítandi. „Hún svaraði höstuglega að þetta kæmi þeim ekki við“.

Höstugur (l) Reiðilegur; ákveðinn; harðmæltur. „Vertu nú ekki of höstugur við hann; ég held að þetta hafi bara verið *óviljaverk*“.

Höttótt (l) Litur á sauðfé: Hvítt á búkinn en dökkt á haus.

Idiótí (n, hk) Heimska; heimskuhjal. „Þetta var bara kjaftæði hjá ihaldinu, eins og annað þeirra idiotí“ GnÖ frá Láganúpi notaði gjarnan þetta orð.

Ið (n, hk) Fíngerð en ör hreyfing; órói. „Vertu nú ekki á þessu iði meðan ég er að klippa þig“!

Iða (n, kvk) Hringstraumur. „Gættu að þér þegar þú leggur að hleininni; þar myndast oft fjári þung iða þegar súgur er“.

Iða (s) Vera á sífelltri hreyfingu. „Vertu nú ekki að iða þetta á bekknum; messan fer alveg að klárast“.

Iða/brenna í skinninu (orðtak) Skjálfa af eftirvæntingu. „Hann iðar í skinninu eftir að fá að komast á sjó“.

Iðagrænn / Iðjagrænn / Iðgrænn (l) Um tún; vel græn/sprottin. „Enn eru tún iðagræn í Kollsvík, þó búskap sé lokið fyrir nokkru“. Allar orðmyndir heyrðust notaðar vestra, en j-laust var einna helst hjá Kollsvíkum.

Iðinn við kolann (orðtak) Duglegur; *heldur sig að verki*. „Alltaf er hann jafn iðinn við kolann; hann lætur ekkert trufla sig“. Uppruni óljós. Sumir tengja þetta við kolaveiðar, en sennilegra er að þarna sé vísað til kolagerðar. Gerð viðarkola var tímafrek iðja og nauðsynlegt að halda sig vel að verki.

- Iðjulaus** (l) Aðgerðalaus; án verkefnis. „Ég kann illa við að vera iðjulaus meðan aðrir eru að vinna“.
- Iðjuleysi** (n, hk) Aðgerðarleysi; atvinnuleysi. „Skelfing kann ég illa þessu iðjuleysi“.
- Iðjuleysisdund / Iðjuleysisgauf** (n, hk) Fánýt tómstundaiðja; það sem gert er til að drepa tímann. „Maður er að reyna að hafa ofanaf fyrir sér meðan ekki gefur á sjóinn, en þetta er bara hálfgerð iðjuleysisgauf“.
- Iðjusamur** (l) Duglegur, atorkusamur. „Hrúturinn hefur verið fjandi iðjusamur í nótt; hann var búinn að mölva jötubandið og stoðina líka“!
- Iðjusemi** (n, kvk) Dugnaður; áframhald við verk. „Þó fólk á fyrri tíð hafi ekki verið langskólagegnið, upp til hópa, þá kunni það iðjusemina ölu nútímafólki betur“.
- Iðka** (s) Stunda; gera reglulega. „Rolluskrottinn er farin að iðka það að bíða þar til ég er kominn heim; og stökkva þá aftur yfir girðinguna“!
- Iðnsýning** (n, kvk) Sýning á iðnaðarvörum. „Einu sinni tók Vestri þátt í iðnsýningu á Rauðasandi með fjelögum í Von og Baldri. Von var aðalþátttakandinn og gekst fyrir sýningunni“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi).
- Iðra** (s) Sjá eftir; harma. „Það iðra ég mest að hafa ekki tekið af þeim andskotans byssuhólkinn; þeir voru strax byrjaðir að freta í allar áttir um leið og ég yfirgaf þá“.
- Iðraloft** (n, hk) Vindgangur; loft í meltingarvegi; viðrekstur; fretur. „Skelfingar iðraloft er nú að ryðjast úr þér maður; það fer að verða ólíft hérna inni“!
- Iðrapest** (n kvk) Magapest; slæmska/veikindi í maga. „Það ku vera að ganga einhver iðrapest“.
- Iðrast eftir** (orðtak) Sjá eftir; iðra. „Ég iðrast eftir að hafa ekki spurt hann betur út í þetta“.
- Iðrakveisa** (n, kvk) Magapína; kviðverkir; niðurgangur. „Einhver leiðinda iðrakveisa hefur verið að há mér“.
- Iðraverkir** (n, kk, fto) Magaverkir; slæmska í maga; magapest. „Pestin væri nú útaf fyrir sig; ef ekki fylgdu henni þessir fjandans iðraverkir og innantökur“.
- Iðukóf** (n, hk) Snjóköf í misvindi. „Iðukófið var svo mikið við fjárhúsin að ekki grillti í fêð“.
- Iðulaus stórhrið** (orðtak) Mjög þétt og samfelld hrið í jöfnum vindi, svo hvergi verða skil á.
- Iður** (n, hk) A. Vömb (sbr; iðrakveisa) B. Blóðmörskveppur eða vömb sem tilbúin var að *bera uppí* við sláturgerð. Oftast var talað um iður fyrir suðu en kepp eftir suðu.
- Iðustraumur** (n, kk) *Hvirfilstraumur; straumiða; straumgöndull.*
- III er sjómannsins ævi** (orðatiltæki) Málsháttur sem vafalítið vísar til þeirrar staðreyndar fyrri tíma, að sá sem lengi var á sjó, kannski *lungann úr* sinni ævi, var líklegur til að eiga fremur stutta og vosmikla ævi og enda hana í votri gröf. Þó bátasmiðir væru færir og sjómenn útsjónarsamir þá var sjór fast sóttur á smáum fleytum, sem líklega var *haldið til sjóar* þó vart væru haffærar sakir aldurs eða viðhaldsleysis. Margir reru ánauðugir á bátum Bæjarhöfðingja, sem átti flestar jarðir í Rauðasandshreppi, og áreiðanlega ekki allir fúsir eða hæfir til róðra. Ekki er því að undra að slíkt máltæki yrði til.
- IIIa** (n, kvk) Tálknaormur; krabbadýr (*Lernaeocera branchialis*) sem festir sig á tálkn þorsks og er oft greinilegt með berum augum. Kvikindið skýtur grein til hjarta og veldur þar skemmdum sem draga úr vexti og lífslíkum fískisins. Á lírfustigi býr þetta snikjudýr á hrognkelsi eða flatfiski. „Í tálkni er einstöku sinnum lítið blóðþykki. Kallað *tálknormur*, illa eða *kveisa*... Kveisuna mátti ekki eta; það gat haft iðraverk, kveisu, í fôr með sér“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- IIIa að sér** (orðtak) Fákunnandi; fáfróður; þekkir illa til; ókunnugur. „Ég er fremur illa að mér í öllu því sem snertir íþróttir; enda tel ég það fánýtasta fróðleik sem hugsast getur“! Sjá *vel að sér*.
- IIIa af guði gerður** (orðtak) Oftast um mann; vanskapaður; með mikla skapgerðarbresti; með slæma eiginleika. „Hann getur auðvitað lítið gert að því hve hann er illa af guði gerður“. Sjá; *þannig/vel af guði gerður*.
- IIIa aftur farið** (orðtak) Verri/lakari en áður var; breytt til hins verra. „Honum er þá illa aftur farið ef hann ekki svarar fyrir sig þegar svona er þjarmað að honum“.
- IIIa á sig kominn** (orðtak) Í slæmu ástandi/ásigkomulagi. „Þegar þau komu voru þau illa á sig komin; örþreytt, blaut, svöng og uppefín“ (Anna Hafl.dóttir; Útkall við Látrabjarg).
- IIIa/vel á vegi staddur** (orðtak) Í slæmu/góðu horfi með eitthvað. „Honum gengur ágætlega í enskunni en hann er illa á vegi staddur með dönskuna“. „Ef þú klárar þetta ert þú vel á vegi staddur“.
- IIIa áttaður / IIIa stæður** (orðtök) Um vindátt; óhagstæð; ekki heppileg. „Ég hefði sennilega brennt sinu af þessu hólfi ef hann væri ekki svona svona illa áttaður; vindinn leggur beint á húsið“. „Ætli við verðum ekki að draga (netið) á móti straumi, fyrst hann er svona illa stæður með vind“.
- IIIa búinn** (orðtak) Hefur slæman klæðnað miðað við veðurlag. „Óttalega ertu illa búinn drengur“.

- Illa fenginn** (orðtak) *Þjófstolinn*. „..... en vaðurinn var illa fengið snæri og reyndist fúíð“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra)
- Illa fyrirkallaður** (orðtak) *Stendur illa í bólið*; óviðbúinn; í slæmu ástandi. „Hann var illa fyrirkallaður morguninn eftir þorrablótið og kýrnar þurftu víst að bíða dálítið eftir morgunmjöltunum“.
- Illa gáfaður** (orðtak) Heimskur; vangefinn; ekki gáfulegur/hugsandi. „Þarna varstu nú illa gáfaður; að fara húfulaus út í þetta beinfrost“!
- Illa gefast heimskra manna ráð** (orðatiltæki) Gegnsæ speki og allmikið notuð af Kollsvíkum. Annarsstaðar þekktist hún svona „illa gefast ill ráð“.
- Illa gróa gömul sár** (orðatiltæki) Vísar til þess að ef sár grær ekki strax og rétt er hætt við að það grói seint. Oft notað sem líking um andleg áföll sem erfitt er að gleyma.
- Illa grær um hreyfðan/hrærðan stein** (orðtak) A. Gróður festir ekki rætur þétt við stein sem iðulega er hreyfður. Í skjóli steina vex oft kjarngott gras, og á þeim tíma sem menn gogguðu hvern grænan grasbrúsk með orfi sínu var þeim illa við að þannig landgæðum væri spillt. B. Líkingamál um það að sú sorg gleymist ekki sem ýfð er upp með umtali; það mál fyrnist ekki sem viðhaldið er.
- Illa haldinn** (orðtak) Líður illa; er mjög veikur; þjakaður. „Ég er ekki svo illa haldinn að ég sé við bælið“.
- Illa hægt** (orðtak) Illframkvæmanlegt; óhægt um vik; fer illa saman. „Mér finnst illa hægt að skamma hann í öðru orðinu en biðja hann um greiða í hinu“.
- Illa innrættur** (orðtak) Slæmur að upplagi; hefur slæmar tilhneygingar. „Hann er ekki illa innrættur, greyið atarna“.
- Illa í ætt skotið** (orðtak) *Ætleri*; öðruvísi/lakari en aðrir í ættinni. „Þér er nú illa í ætt skotið ef þú kannt ekki eitthvað að yrkja“.
- Illa luktandi** (orðtak) Illa lyktandi/þefjandi; með vondum þef. „Ketbitinn hafði geymst helst til lengi í hitanum, og var orðinn heldur illa luktandi“.
- Illa settur / Illa staddur** (orðtök) Ekki í góðri stöðu; *stendur illa að vígi*. „Við erum illa settir ef vélin kemst ekki í gang; þá er ekki um annað að gera en róa í land“. „Fyrir traustu taki vífs/ tjáir vörn ei lengur./ Illa settur sér til lífs/ svarar fallinn drengur:“ “ (JR; Rósarímur).
- Illa séð / Ekki vel séð** (orðtök) Ekki tekið fagnandi/vel; mönnum er illa við. „Það er ekki vel séð á því heimili að menn séu að gagnrýna þessa blessaða íhaldsstjórn“. Sjá *vel séð*.
- Illa/vel skæddur/skóaður** (orðtak) Í slæmum/góðum skóm. „Þú ert nú frekar illa skæddur til að fara niður í kletta, sýnist mér“. „Það er munur að vera vel skóaður fyrir smalamenskurnar“.
- Illa sofinn** (orðtak) *Svefnvana*; hefur ekki fengið nægan svefn.
- Illa svikinn** (orðtak) Mjög vonsvikinn/undrandi/hissa. „Hundurinn er horfinn uppaf. Ég er þá illa svikinn ef hann kemur ekki fljótlega með kindurnar sem sluppu áðan“.
- Illa/óhönduglega úr garði gerður** (orðtak) Óvandaður; illa frágenginn/útbúinn/smiðaður. „Ansi hefur þessi hnífur verið illa úr garði gerður, fyrst hann þoldi ekki svona lítið átak“. Sjá *vel úr garði gerður*.
- Illa vinnur sá er ekki kann / Illa gengur þeim er ekki kann** (orðatiltæki) Auðskilin speki. Einnig höfð þannig; *erfitt veitist þeim er ekki kann*.
- Illa til fara** (orðtak) Dreuslulegur; í slæmum klæðnaði; illa búinn. „Ósköp var hann illa til fara strákgreyið“. „Ég er varla nógu vel til fara til að koma með þér á samkomuna“.
- Illa tilhafður** (orðtak) Ótótlegur; ekki snyrtilegur; *larfalega* klæddur. „Hann var órakaður og illa tilhafður“.
- Illar tungur** (orðtak) Illkvittið/meinfýsið fólk. „Ég þekki þetta auðvitað ekkert, en illar tungur segja að hann geri fleira þarna á kvöldin en hjálpa henni við bústörfin“.
- Illbærilegur** (l) Slæmur; afleitur. „Bakverkurinn er nánast illbærilegur þessa stundina“.
- Illdeilur** (n, kvk, fto) Harðar deilur; illindi. „Þeir höfðu lengi átt í illdeilum“.
- Illframkvæmanlegt / Illgerlegt** (l) Erfitt í framkvæmd. „Þetta er illgerlegt með svona verkfærum“.
- Illfygli** (n, hk) Skæður fugl; ránfugl. „Örninn var álitinn bölvað illfygli fyrr á öldum“.
- Illfær** (l) Illa fær bílvegur/gangur/skriða. „Í þurrkum eru aurskriðurnar illfærar“. „Það er illfært inn Fjörurnar“. „Þá er komið að gjótu sem heitir Illugjóta. Hún er illfær; laust grjót í henni“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Illgerlegt / Illmögulegt** (l) Mjög erfitt, nær óframkvæmanlegt. „Mér sýnist að þetta sé illgerlegt við svona aðstæður“.

- Illgerningur** (n, kk) Mjög miklir erfiðleikar; það sem er illgerlegt. „Mér sýnist að það geti orðið illgerningur að ná kindinni úr þessu svelti“.
- Illgirni** (n, kvk) Ovild; kali; þungur hugur; slæmur ásetningur. „Ég held að hann hafi ekki gert þetta af illgirni, heldur hafi þetta verið óviljaverk“.
- Illgjarn** (l) Hatursfullur; með slæman ásetning. „Enginn getur verið svo illgjarn að fagna þessari ógæfu“.
- Illharður** (l) Grjótharður; harður undir tönn. „Steinbíturinn er illharður, svona óbarinn“.
- Illhertur** (l) Um hnút; mjög *súrraður*/hertur. Um skrófnagla/ró; mjög hert. „Fjandi er hann illhertur, þessi hnútur eftir þorskin“.
- Illhugur** (n, kk) Meinsemi; meinbægni; fjandsemi; slæmt viðmót. „Þetta var ekki af neinum illhug gert“.
- Illhryssingslegur** (l) Um veðurlag; óveðurslegur; hvassviðri í aðsigi. „Fjári finnst mér hann illhryssingslegur í vestrinu. Hann á eftir að setja á eitthvað leiðindaveður“.
- Illhryssingur** (n, kk) Óveður; stormur. „Búðu þig nú almennilega í þessum illhryssingi“!
- Illhætur** (n, kvk, fto) Stök dökk hár í ull sem annars er hvít, en það lækkar hana í gæðum til sölu. Ullin er samsett af tvennskona hárum; togi og þeli. „Toghárin eru löng, með litlar bylgjur; fremur gróf og oft vel gljáandi. Þelhárin eru fremur stutt; mjög fin og létt; óreglulega liðuð, fjaðurmögnuð og mjúk viðkomu. Auk þessa eru svokallaðar illhætur stundum í uppinni. Þær eru mjög gróf hár; oftast rauðgular á litinn“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin landið og þjóðin).
- Illhveli** (n, hk) Mannskæður hvalur. „Valdimar Össurason (eldri) samdi smásöguna „Einn á báti og illhvelið nærri““.
- Illilega** (ao) A. Á illan hátt. „Nú spilaði ég illilega af mér; ég hefði átt að setja kónginn á þetta“. B. Með illum/þungum svip.
- Illilegur** (l) Þungur á brúnina; hvass á svip.
- Illindalaust** (l) Án verulegra deilna; *illskulaust*. „Þetta var alveg illindalaust að minni hálfu“.
- Illindaseggur** (n, kk) Óeirðaseggur; ribbaldi; slagsmálhundur.
- Illindi** (n, hk, fto) Harðar deilur; illska; rifrildi. „Deilur voru um tíma milli þeirra og jafnvel illindi“.
- Illkaldur** (l) Mjög napur; mikil kæling. „Asskoti finnst mér hann vera orðinn illkaldur. Þetta er *vettlingaveður*“.
- Illkleifur** (l) Um þverhnípi/klett; nær ófær; mjög erfitt að klífa. „Mér þótti Bæjarvöllurinn nokkuð illkleifur, og sneri frá. Nokkrum árum síðar klifu Skersbræður hann, og komu fyrir spotta sem enn er til staðar“.
- Illkvittinn** (l) Meinstríðinn; hrekkjóttur; meinhæðinn. „Fjandi getur hann verið illkvittinn“!
- Illkvittni** (n, kvk) Meinsemi; hrekkir; meinhæðni. „Ekki gerði ég þetta af tóMRI illkvittni, heldur voru þetta bara mannleg mistök“.
- Illkvittur** (n, kk) Kjaftasaga; rógburður; slúður. „Hinsvegar kom upp sá illkvittur að Látrabændur hefðu ef til vill átt þátt í slysinu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Illkynjað** (l) Af slæmri gerð. „Hann greindist með illkynjað æxli“.
- Illlendandi** (l) Mjög erfitt/hættulegt að lenda. „Ókyrrðist sjór mjög við það, svo illlendandi var“ (TÓ; Sjöslýs í Rauðasandshreppi).
- Illmeltanlegur** (l) Um mat; meltist illa. „Hrossaketið var ólystugur, ólseigur og illmeltanlegur fjandi; mér er nær að halda að annaðhvort hafi hrossið orðið sjálfdaugt eða að þeir hafi soðið hnakkinn í misgripum“!
- Illræmdur** (l) Þekktur að illu; illa þokkaður. „Hún kveið því að aka fyrir þennan illræmda Hafnarmúla“.
- Ills viti** (orðtak) Vottur um slæmt/illt. „Aðeins fór að bera á norðansjó þegar suðurfallinu tók; þótti öllum það ills viti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Illseigur** (l) A. Um mat; mjög seigur; illa hægt að tyggja. B. Í afleiddri merkingu um *úthaldsgóðan* mann.
- Illska** (n, kvk) Mikil reiði; heift. „Hann kastai frá sér skóflunni í illsku, og gekk þegjandi heimáleið“.
- Illskast** (s) Fjargviðrast; hreyta ónotum/illyrðum. „Það þýðir ekkert að illskast við hann útaf þessu“.
- Illskárri** (l) Betri en aðrir slæmir. „Ég held að það sé þó illskárri kostur að reyna að *hlunkast* í áttina heim en *norpa* hér í þessum *næðingi*“.
- Illskárstur** (l) Bestur slæmra kosta; skömminni til skárstur. „Ég tók þann kostinn sem mér fannst illskárstur“.
- Illskeyttur** (l) Illur viðskiptis; harðdrægur. „Gættu að þér á tuddanum; hann getur verið ansi illskeyttur“.
- Illskufjár** (l) Með illt í huga/ illa fyrirætlan. Ósjaldan var viðhaft þetta erindi úr Passíusálmunum: „Andskotinn illskufjár/ enn hefur snöru snúna:/ snögglega þeim tilbúna/ sem fara með fals og dár“ (HP; Pass.sálmur).

Illskuáhlaup / Illskuveður (n, hk) Óveður; slæmt áhlaup; mjög vont veður. „Það var jafngott að féð var komið inn áður en þetta illskuáhlaup skall á“. „Hann brast á með illskuveðri eins og hendi væri veifað“.

Illskulaust (l) Án illinda. Oftar var þó notað *illindalaust*.

Illskiljanlegt (l) Erfitt að skilja. „Mér er illskiljanlegt hver stefna stjórnvalda er í þessum málum“.

Illskældinn (l) *Meinskældinn*; semur niðvísur/ meiðandi vísur. „Hann gat átt það til að vera illskældinn mjög“.

Illslægur (l) Erfitt að slá. „Fyrst var slegið umhverfis bæinn, síðan fram eftir túninu; fram að Túnshala. Hann var mjög illslægur; þýfður og grýttur og því oft látinn bíða, ásamt Brekkunni og Urðunum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Árnapostilla er einn illslægasti blettu af Sauðlauksdalstúni í þurrkatíð. Ánamaðkurinn, sem yfirleitt þykir bæta ræktað land með því að blanda og losa jarðveginn, gerir í Sauðlauksdalstúni þau spjöll að drífa upp á yfirborðið hrúgum sem geta verið allt að 8 cm að hæð og þar eftir gildar. Þessar hrúgur eru nokkuð sundurlausar, en glerharðar í þurrkatíð, og stendur engin egg í ljá er borin er á þennan völl þá þurrt er. Þegar vöknar í rót virðast þessi leirhnoð minnka og mýkjast, samt verður ekkert hey af svona slægju sandlaust þó það sé margrakað upp og *skarppurrkað*“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Illsviti (n, kk) Veit á illt; váboði. „Fall er sagt vera fararheill ef það verður á leið að heiman, en ef maður dettur á heimleið er það illsviti“.

Illt (l) Sárt. „Mér er orðið illt í maganum af þessu ofáti“.

Illt er að deyja ráðalaus (orðatiltæki) Menn reyna að finna undankomuleið frá dauðdaga. Oftast er notaður síðari hlutinn; sjá *deyja ekki ráðalaus*.

Illt er að eggja óbilgjarnan / Illt er að egna oflátung (orðatiltæki) Varast skyldi að æsa þann upp sem bráður er í skapi og gefur aldrei eftir sína málsókn.

Illt er að eiga tungu í annars (manns) höfði (orðatiltæki) Ekki er gott að annar tjái það sem maður vill sjálfur segja; betra er að segja hlutina sjálfur en láta annan tala fyrir sig.

Illt er að eiga þræl að einkavin (orðatiltæki) Varasamt er að bindast vinaböndum við þann sem er illa innrættur. *Þræll* er í þessari merkingu skúrkur; illmenni.

Illt er að ginna gamlan ref (orðatiltæki) Erfitt er að leika á þann sem lúmskur/glöggur er.

Illt er að glettast við auðnumann (orðatiltæki) Enginn skyldi efna til illinda við þann sem auðna/gæfa/heppni fylgir. Líklega oftast viðhaft af þeim sem tapar viðureign/deilumáli.

Illt er að kenna gömlum hundi að sitja (orðatiltæki) Vísar til þess að mönnum(eins og hundum) gengur erfiðlegar að læra en þeim sem yngri eru; að erfitt er að breyta útaf vananum.

Illt er að lasta almannaróm (orðatiltæki) Varasamt er að gera lítið úr því sem allir aðrir eru sammála um. Reyndar er þessi speki ekki alltaf í hávegum höfð meðal allra Kollsvíkinga, sem einmitt hafa unun af því að ganga gegn því sem almennt er álitid. Sama á við um skylda speki; *sjaldan lýgur almannarómur*.

Illt er að ljá það annar á (orðatiltæki) Enginn getur lánað öðrum það sem hann á ekki sjálfur.

Illt er að niðast á annarra góðvild (orðatiltæki) Ekki skal misnota hlýhug/velvild annarra.

Illt er að rasa um ráð fram / Margur rasar um ráð fram (orðatiltæki) Menn skyldu ekki taka mikilvægar ákvarðanir í flautri; ekki skal framkvæma í hugsunarleysi. Sjá *rasa um ráð fram*.

Illt er að róa áralaus (orðatiltæki) Lítið er unnt að gera án viðeigandi verkfæra/áhalda. GÖ rifjaði upp þetta orðatiltæki í vísu; „Björn á Gjögurum brýndi raust,/ bölvæði hátt með freti./ Illt er að róa áralaust / ýmislegt þó geti“ (GÖ, líkl. um 1985). Þá hafði árum verið stolið úr bát Björns smiðs Guðmundssonar.

Illt er að róa einni ár / Illt er einni ár til lands að róa (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að hafa þarf árar á bæði borð til að geta róid báti skammlaust. Á sama hátt er gott að hafa með sér félaga til að koma málum í höfn/ ná árangri.

Illt er að sitja aðgerðalaus (þegar næg eru verkefni) / Illt er að vera iðjulaus (orðatiltæki) Speki sem mikið var notuð og lýsir vel vinnuhörku fyrri tíma, þegar það var nánast refsiverð synd að *láta sér verk úr hendi falla*. Allir voru *sívinnaði*; frá börnum upp í gamalmenni; frá því í *rauðabítid* fram á *rauðanót*. Einungis í svefni og á helgum dögum var *slegið af*.

Illt er að sitja af sér sjóveður (orðatiltæki) Menn sitja ekki aðgerðalausir í landi í góðu sjóveðri, nema hafa til þess gildar ástæður. Sjá *sitja af sér sjóveður*.

Illt/bágt/erfitt er að þjóna tveimur herrum (orðatiltæki) Augljós speki sem vísar til þess að erfitt er að taka við misvísandi fyrirskipunum um sama efni.

Illt er betra að gera en ekki neit (orðatiltæki) Sjá *betra er illt að gera en ekki neitt*.

- Illt er í ætt gjarnast** (orðtak) Vísar til þeirrar hjátrúar að illir eiginleikar erfist frekar en góðir. Lestir manna eru oft minnisstæðari en kostirnir, og því er lasta forfeðra oft leitað í ranni afkomenda.
- Illt er strákinn að stæla** (orðtak) Ekki er ráðlegt að espa/mana strák upp, né þann sem er hrekkvís.
- Illt er þeim að kenna sem ekki vill læra** (orðatiltæki) Auðskilin speki.
- Illt í sjóinn** (orðtak) Töluverður sjór; vont sjólag. „Það var mjög tregt og illt í sjóinn; það lagði á norðan spænu með hálfgerðum brimhroða“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrá; Arb.Barð 2004). „Í öðrum stað er rýmra uppsátur (fyrir 12 skip eða fleiri, en þar er hætt lending þá illt er í sjóinn, og öngvir reitir til að leggja fisk á...“ (AM/ Jarðabók; um Keflavík).
- Illt kemur vel á vandan** (orðatiltæki) Sá sem er illa innrættur má vænta alls ills. Sjá *kemur vel á vandan*.
- Illt tré ber illan ávöxt** (orðatiltæki) Ekki er að vænta góðs af því illa.
- Illt yfirferðar** (orðtak) Ekki gott að komast um; ekki gott umgangs. „Urðin var fremur ill yfirferðar“.
- Illu er best aflokið** (orðatiltæki) Best er að ljúka því verkefni sem fyrst sem erfitt/óvinsælt er, því þá þarf ekki að kvíða því.
- Illur á jafnan ills von / Illur á sér ills von** (orðatiltæki) Sá sem er öðrum slæmur getur átt von á ýmsu sjálfur.
- Illur fengur illa forgengur** (orðatiltæki) Speki sem vísar til hættunnar á því að það misfarist; endist illa eða verði til ógæfu sem þjófstolið er.
- Illur flýr þó enginn elti** (orðatiltæki) Skúrkurinn er aldrei öruggur með sig/ er eilíft hræddur að ástæðulausu.
- Illur gleðst af annars skaða** (orðtak) Sá sem fagnar óföllum/óhöppum annarra er illa innrættur.
- Illúðlega** (ao) Með reiðisvip; ógnvænlega. „Hann sagði ekkert, en horfði illúðlega á mig“.
- Illúðlegur** (l) Illilegur ásýndum; ógnvekjandi. „Röstin getur verið ansi illúðleg við þessar aðstæður“.
- Illverandi** (l) Illa vært; ekki gott að vera. „Hættu nú þessum andskotans viðrekstrum! Það er illverandi í stofunni fyrir bölvaðri skítalyktinni“!
- Illviðrakafli** (n, kk) Tímabil illviðra; óveðurskafli. „Það er vonandi að nú sé þessi illviðrakafli á enda“.
- Illviðrasamur** (l) Mjög slæmt tíðarfar. „Veturinn var harður og illviðrasamur“.
- Illviðri** (n, hk) Mjög slæmt veður; óveður. „Það fer enginn upp á fjöll þegar spáir svona illviðri“. „Sjóhatt áttu flestir, er aðeins var settur upp þegar ágjöf var eða illviðri“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þótt veturinn hafi verið snjólaus hafa samt verið innistöður að mestu sökum illviðra fyrri hluta vetrarins, en kulda og storma með þurrkum eftir göubyrjun“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1942).
- Illviðrisdagur** (n, kk) Óveðursdagur. „Þetta hefur verið alveg einstök tíð; ekki einn illviðrisdagur í mánuð“!
- Illviðriskafli** (n, kk) Tímabil með slæmu veðri. „Þessum illviðriskafli hlýtur að fara að linna“.
- Illviljaður** (l) Með slæman ásetning. „Þetta var nú alveg óvart, en ekki af því ég væri þér svona illviljaður“.
- Illvilji** (n, kk) Slæmur hugur/ásetningur gagnvart manneskju; meinsemi. „Ég held að þetta hafi ekki verið af illvilja gert, heldur hafi honum þarna orðið á mistök“.
- Illvígur** (l) Erfiður viðureignar. „Þessi flensufjandi er illvígur mjög“.
- Illvætt** (l) Erfitt að vaða. „Annað klifið, og það meira, heitir forvaði og er *illvætt* fyrir“ (MG; Látrabjarg).
- Illyrði** (n, hk) Skammir; snuprur; bölv; skætingur. „Ekki man ég eftir að honum hrykki nokkurntíma illyrði af munni í garð nokkurs manns“.
- Illyrmi** (n, hk) Afstyrmi; sá/það sem er skaðlegt/ erfitt viðureignar. „Það var fögnuður að losna við illyrmið hann Hitler og hans hyski, en það er eins og alltaf komi *maður í manns stað*“.
- Illyrmislega** (ao) Hrikalega; ógnarlega; kvikindislega. „Þetta var illyrmislega sárt“.
- Illyrmislegur** (l) Kvikindislegur; meinlegur. „Ég hef sjaldan haft svona illyrmislegan bakverk“.
- Illþekkjanlegur** (l) Sem erfitt er að þekkja; ókunnuglegur. „Þú ert illþekkjanlegur, svona nýrakaður“.
- Illþolandi** (l) Ekki gott að búa við/ umbera/afbera. „Það er illþolandi fjandi að hafa þessi drullusvöð í vegunum endalaust“!
- Illþolanlegur** (l) Mjög erfitt að umbera; þrautleikinlegur; óbærilegur. „Hitinn í hlöðunni er illþolanlegur“.
- Illþýði** (n, hk) Hyski; hópur óþokka/þrjóta; *túnrollur*. „Stuggið nú þessu illþýði úr túnunum strákar“!
- Illþýfi** (n, hk) *Kargabýfi*; svæði með miklum og háum þúfum sem erfitt er að slá/ komast um.
- Ilma** (s) Gefa frá sér góða lykt. Var þó stundum notað í gagnstæðri merkingu. „Þú ættir að hafa fataskipti áður en gestir koma; þú iltar all hressilega af votheyinu“.

Ilmbjörk (n, kvk) *Betula pubescens*. Tré af birkiætt. Ilmbjörk er jafnan nefnd *birki* í daglegu tali, en auk hennar vex önnur jurt hérlendis af birkiætt; *fjalldrapinn*. Þessar tvær tegundir geta bladað og er þá afkvæmið einskonar runni. Ilmbjörkin er eina tréð hér sem myndar skóga. Talið er að við landnám hafi um fjórðungur landsins verið þakinn birkiskógi. Líklegt er að slíkur skógur hafi verið norðantil í Kollsvík þegar Kollur brólti fyrstur manna þar á land úr skipbroti sínu. Þeir skógar hafa þó líklega verið fljótir að eyðast; bæði af beit og sem eldsmatur. Hinsvegar má í miðri vikinni finna lurkalag frá hlýskeiðum fyrir þúsundum ára; líklega að miklum hluta birki. Birkiskógar eru í Rauðasandshreppi, bæði við Suðurfossá og í landi Vestubotns. Líklegt er að hjá tengdaföður sínum í Vesturbotni hafi Einar í Kollsvík gert til kola sem hann nýtti til rauðablásturs, en hann stundaði hann síðastur Íslendinga. Birki á Vestfjörðum er mun kræklóttara og lágvaxnara en það sem annarsstaðar vex á landinu.

Ilmreyr (n, kk) *Grastegund*; *Anthoxanthum odoratum*, sem vex víða um land, t.d. á nokkrum stöðum í Kollsvík. „Eitt vorið fór ég með pabba út í Breið að sækja ilmreyr fyrir Ólafíu gömlu Magnúsdóttur í Hænuvík, en hún vildi hafa hann í handraða kistu sinnar líkt og fyrrum tíðkaðist til að fá í hana góða lykt. Við fundum allmikið af ilmreyr á Landamerkjahrygg og var sú gamla þakklát fyrir viðvikið“ (VÖ).

Ilmsterkt (l) Gefur frá sér mikla/greinilega lykt. „Fjári er votheið ilmsterkt þarna neðst í gryfjunni“.

Imbakassi (n, kk) Nafngift raunsæismanna á sjónvarpi. Orðið var almennt notað þegar fyrstu sjónvörpin voru að ná fótfestu og spilla dýrmætum vinnutíma sveitafólks. Þetta heiti lagðist síðan af, líklega vegna enskuslettunnar sem í því er, án þess að hentugt heiti kæmi í staðinn.

Imbrudagar (n, kk, fto) Fjögur árleg föstu- og bænátímabil sem í kaþólskum sið stóðu í þrjá daga hvert; miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Fyrstu imbrudagar eru eftir öskudag; næstu eftir hvítasunnudag; þriðju eftir krossmessu (14. sept) og hinir síðustu eftir Lúsíumessu (13. des). Nafnið er af erlendum stofni en umdeilt.

Impóneraður (l) Hrifinn; snortinn. Dönskuletta sem heyrðist stundum. „Ekki var ég impóneraður af þessu“.

Impra á (orðtak) Hafa orð á; minnst á; nefna. „Hann var feiminn og þorði varla að impra á erindinu“. Uppruni orðsins er óljós; sem og ritun þess. Sjá *ympra á*.

Indælisfólk / **Indælis kona** / **Indælismaður** / **Indælistanneskja** / **Indælistiltur** / **Indælistúlka** (n, hk, kvk, kk) Hrósyrdi um sérlega gott fólk. „Hún var mesta indælis kona“.

Indælisveður (n, hk) Veðurbliða; mjög gott veður. „Það má nú einhvernvegin fást við heyskap í svona indælisveðri“!

Indælistilfinning (n, kvk) Mikil vellíðan; sælutilfinning. „Mikil indælistilfinning er það nú; að eiga engin net í sjó í þessum norðanveltingi“.

Indælistíð (n, kvk) Mjög gott/hagstætt tíðarfar. „Hér hefur verið indælistíð yfir allan sauðburðinn“.

Indæll (l) Mjög góður/þægilegur/yndislegur. „Hér var svo indællt að una;/ aftur að sjá þessar grundir./ Í andanum ennþá að muna/ æskunnar glaðværur stundir“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Inn við beinið (orðtak) Innst inni; í sálinni. „Hann er gæðasál inn við beinið, þó hann *flíki* því ekki dagsdaglega“.

Inna af hendi (orðtak) Framkvæma; gera; koma í framkvæmd; greiða; leggja fram. „Hver bóndi í sókninni innti af hendi verulega sjálfböðavinnu við byggingu Breiðavíkurkirkju“.

Inna eftir / **Inna um** (orðtak) Spyrja um; spyrjast fyrir um. „Ég innti hann eftir munnlegu svari, en hafði reyndar áður innt hann um það skriflega“.

Inna fréttu / **spyrja fréttu** (orðtak) Ræða landsins gagn og nauðsynjar þegar tveir eða fleiri hittast. Gestakomur voru stjálali meðan samgöngur og samgöngutæki voru með hægari brag, og því var ýmislegt sem þurfti að ræða þegar svo bar við“. „Komdu innfyrr, ég þarf að inna þig fréttu“.

Innaf (ao) Innfyrr; fyrir innan. „Ég hóaði í kindurnar á Aurtjörninni, og ég held að þær hafi hrokkið innaf“. Við lögðum strenginn innaf Magnúsarhelminum“.

Innan skamms / **Innan stundar** / **Innan tíðar** (orðtök) Eftir stuttann tíma; bráðlega. „...vegirnir gengju stöðugt úr sér; svo mjög að innan stundar komi að því að loka yrði vegum ef ekki yrði aukið fé til viðhalds“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Innanað (ao) Að innan; innanfrá. „Ég var að koma innanað, og var kominn út í Jökkladalshæð þegar ég varð var við þetta“

Innaná (ao) Á innra byrði; að innanverðu. „Ári er mikil móða komin innaná úrglerið“.

Innanborðs (l) Inni í bátinum. „Það er tekið til að seila aflann, en allir nema einn hafa seilarnar innanborðs“ (KJK; Kollsvíkurver).

Innanbrjósts (ao) Í huga; um líðan/hugsun. „Mér var þungt innanbrjósts þegar ég fór að heiman“. Mér var dálítið einkennilega innanbrjósts“. Fyrrum var talið að tilfinningar og hugsun byggju í hjartanu, og þar með í brjósti manns. Sjá *brjóst*.

Innandyra (ao) Inni í húsi. „Þó umhverfi hússins sé *óhrjálegt* er mjög snyrtilegt innandyra“.

Innaneftir (ao) Að innan og úteftir. „Við rekum féð innaneftir Lambaganginum og út í Lambahlíðardal“.

Innanfeitur (l) Mörvaður; spikaður; í góðum holdum. „Ég lifi alveg nestislaus yfir ferðina, maður er víst alveg nógu innanfeitur til þess“.

Innanfjarðar (ao) Inni í firði. „Netin innanfjarðar sluppu betur í vestanáttinni en netin á vikunum“.

Innanfjarðarbátur (n, kk) Bátur sem stundar innanfjarðarveiðar/innanfjarðarfiskirí. „Stundum; einkum þegar skyndilega bræði á djúpmiðum, komu innanfjarðarbátarnir með meiri afla en þeir sem lengra reru“.

Innanfjarðarfiskirí (n, kvk) Veiðar inni í firði. „Fyrir kom að vel aflaðist á þessu innanfjarðarfiskirí“.

Innanfótar (ao) Á þeim hluta fætis sem veit inn í klof. „Kýrin var eitthvað særð á vinstri afturleggnum, innanfótr; líklega eftir gaddavír“.

Innanfrá (ao) Að innan, á leið út/úteftir. „Það er eins og tréð hafi fúnað innanfrá“.

Innangengt (l) Hægt að ganga í innanfrá/ án þess að fara út. „Þar var innangengt úr íbúðarhúsi í verkfærahús og fjós“.

Innanhallt (ao) Að innanverðu; innantil. „Það er leiðinda úrrennsli innanhallt á Aurtjörnninni“.

Innanhandar (ao) Nálægur; hjálplegur. „Nágrannarnir voru þeim innanhandar eftir þetta slys“.

Innaní (ao) Í; inni í. „Innaní stuðlunum við Straumskerid eru hringir, og innst er kjarni úr mjög járnríku bergi“.

Innanlandsbarátta (n, kvk) Barátta í heimalandi. „Hér er því þörf fyrir æskumanninn að vera vakandi. Ekki aðeins í innanlandsbaráttunni fyrir frelsi og lýðræði; heldur og í baráttu allra jarðarbúa fram til þróunar, verður honum falið hlutverk að vinna“ (EG; Vakandi æska).

Innanmein (n, hk) Innri meinsemd; meinsemd inni í líkamanum.

Innanrifja (ao) Í brjóstkassa. „Ég fékk einhvern sting innanrifja; það kann að vera árans gigtin“.

Innanskers (ao) Innanvið sker; í hléi við sker. „Þarna var rólegt innanskers, þó töluverður typpingur væri ytra“.

Innansleikjur (n, kvk, fto) Afgangar; það sem situr eftir í iláti. Einnig notað í líkingum. „Það er alltaf sama hugsunin varðandi viðhald vega: Fyrst er atkvæðafjöldanum þjónað og svo fá kotin innansleikjurnar“!

Innanstokks (ao) Innandyra; inni í húsi. „Húsið brann, ásamt öllu því sem innanstokks var“.

Innanstokks sem utan (orðtak) Inni í húsi og utanhúss. „Hann keypti þetta alltsaman; innanstokks sem utan“.

Innanstokksmunir (n, kk, fto) Húsgögn og annað sem allajafna er í húsi.

Innansveitar (ao) Í sveitinni/hreppnum. „Töluverð útgerð var orðin frá Eyrum meðan jarðirnar voru enn innansveitar í Rauðasandshreppi“.

Innansveitarmaður (n, kk) Maður sem býr í tilteknum hreppi. „...en samkvæmt fjallskilasamþykkt er óheimilt að leyfa *utanhreppsmönnum* upprekstur nema að innansveitarmönnum *frágengnum*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Innantil /Innanvert (ao) Innarlega í húsi/á heiði o.fl. „Ég sá nokkrar kindur innantil á Gjárdalnum“.

Innantómur (l) Svangur; hungraður. „Ósköp er maður orðinn innantómur eftir allt þetta puð“.

Innantóm orð (orðtak) Lygi; *orðin tóm*; innihaldslaus fyrirheit. „Þetta reyndust einungis innantóm orð“.

Innantómt kjaftæði / Innantómt orðagjálfur (orðtök) Merkingarlaust tal; *vella*. „Ég nenni ekki að hlusta á svona innantómt kjaftæði“. „Þetta reyndist lítið annað en innantómt orðagjálfur“.

Innantúns (ao) Inni á túni. „Ég sé þessa kind hvorki innantúns né utan; hún virðist alveg hafa gufað upp“!

Innantökur (n, kvk, fto) Mikil uppköst og niðurgangur. „Ég er með bölvæða pest með ferlegum innantökum“.

Innanum (ao) A. Inn á milli; í bland. „Þetta er frekar smár fiskur, en samt nokkrir sémilegir boltar innanum“. B. Á innra byrði; að innanverðu. „Nokkuð sót var innanum kofann frá því þar var reykt ádurfyrr“.

Innanundirfatnaður / Innanundirföt / Innanundirbuxur / Innanundirhúfa / Innanundirpeysa / Innanundirsokkar / Innanundirskyrta / Innanundirvettlingar Fatnaður sem borinn var innanundir öðrum af sama tagi; hinn innri þó oft þynnri og óverulegri. „Ertu ekki í neinum innanundirsokkum“?

Innanúrtaka (n, kvk) Taka/brottnám innnyfla úr skrokk. „Ég vann um skeið við innarúrtöku í sláturhúsinu“.

- Innanverður** (l) að innan; innri hluti. „Heldur nú Einar sem leið liggur með bola upp á hálsinn innanverðan“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Innanvert við** (orðtak) Innantil við. „Smérhaldshillur eru innanvert við Djúpadalsgjá“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).
- Innanvið** (fs) A. Fyrir innan; innanvert við. „Sleggjan er rétt innanvið dýrnar í verkfærahúsinu“. B. Minna en. „Við fengum eitthvað innanvið tunnu í þessari vitjun“.
- Innanþilja** (ao) Inni í vegg þiljaðs húss. „Þarna hafði músin hreiðrað um sig innanþilja“.
- Innari / Innri** (l, mst) Sá sem er innar en annar. Í seinni tíð hefur sterkari beygingarmyndin „innri“ verið almennt notuð, en líklega er veikari beygingarmyndin „innari“ upprunalegri. Meðal Kollsvíkinga var algengt að tala um t.d. innari stíuna í fjárhúsi, eða innari strenginn á netamiðum. Sama var með *utari -ytri*, sjá þar.
- Innarlega** (ao) Innantil; nær innri enda. „Við fundum féð innarlega á Hálsinum“.
- Inná** (ao) Inn á tún; inni á túni. „Hún Grána er enn einusinni komin inná“. „Ætliði að hafa kindurnar inná í allan dag“? Orðið sést ekki í orðabókum en svo virðist sem boltafréttamenn hafi tileinkað sér þetta málfar Kollsvíkinga í seinni tíð.
- Innávið / Innum** (ao) *Inneftir; innum*; í áttina inn. „Við förum hlíðina innávið; inn í Láturdal“. „Ég mætti honum á Hænuvíkurhálsinum á leið innávið. Hann hefur líklega snúið við á Núpnum“. Ertu á leið innum“?
- Innbyrða** (s) Taka inni bát. „Þegar því var lokið voru niðurstöðurnar gerðar upp; belgirnir innbyrtir og róid í land.“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).
- Innú / Inndúls** (n, hk) *Innvols*; innmatur; innihald. „Það er mikill matur í inndúlsinu“. (Inndúls er úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Inneftir** (ao) Um áttir: Talað er um að fara inneftir þegar farið er frá Kollsvík inn í Hænuvík; Örlygshafnarbæi; innfjarðarbæina; Rauðasand eða á Patró. Hinsvegar er talað um að fara *úteftir* þegar farið er að Breiðuvík eða Hvallátrum. „Ég er þá farinn inneftir; ég kem við á Gjögurum og tek úttektina“.
- Inneftirleið** (n, kvk) Leiðin/ferðin inneftir. „Ég sá kindahóp niðri á Sanddal á inneftirleiðinni“. Getur einnig merkt fyrirætlan: „Ertu á inneftirleið eitthvað á næstunni“?
- Innfeldur** (l) A. Felldur inni. Texti með innfeldum myndum“. B. Um net; innsett; *felld inn*; felld á teina.
- Innfjarðarbóndi** (n, kk) Bóndi inni í firði. „Innfjarðarbændur eru óhressir með þessa niðurröðun á slátrum“.
- Innfjarðarbúi / Innfjarðarmaður** (n, kk) Íbúi á innfjarðarbæ, þ.e. bæ við innanverðan Patreksfjörð. „Innfjarðarbúar þurftu ekki að fara fjallvegi í kaupstað, en Raknadalshlíðin var öllum jafn leiðinleg“.
- Innfjarðarbær** (n, kk) Bær sem tilheyrir Innfirðinum í Rauðasandshreppi. „Innfjarðarbærirnir sáu um blótið í fyrri, ásamt Rauðsendingum“.
- Innfjarðarfé** (n, hk) Sauðfé *innfjarðarmanna*. „Það er stefnt að því að slátra innfjarðarfé á mánudaginn“.
- Innfjarðarmið** (n, hk, fto) Fiskimið inni í firði. „Sum innfjarðarmið þekki ég; einkum grásleppumiðin“.
- Innfjörður** (n, kk) A. Innri hluti fjarðar. B. Byggð við innri hluta fjarðar. Þetta var hin almenna notkun orðsins í Rauðasandshreppi. Til innfjarðarins taldist byggðin við Patreksfjörð innan Örlygshafnar. „Er ekki Innfjörðurinn með þorablótið næst“? C. Fjörður innaf öðrum firði. „Ósafjörðurinn er innfjörður úr Patreksfirði. Á Skeiðseyri, innst í Ósafirði, geymdu Barðstrendingar báta sína; milli þess sem þeir reru úr Kollsvíkurverri“.
- Innfrá** (ao) *Innanvið*; fyrir innan Hálsinn. „Þau skruppu inná Gjögura. Við klárum þetta meðan þau eru innfrá“.
- Innfyrir** (ao) Í hvarf inneftir. „Ég horfði á eftir honum innfyrir Trumbuna“. „Komdu innfyrir“.
- Inngjafarbyssa** (n, kvk) Síðari tíma orð; *ormalyfsbyssa*; áhald sem notað er til að koma ormalyfi ofaní sauðfé; ýmist pípa til að færa töflu afturfyrir tungurætur eða dæla til að koma fljótandi lyfi á sama stað.
- Inngjöf** (n, kvk) A. Það sem gefið er inn, t.d. lyf. Oftast þá notað um ormalyfjagjöf sauðfjár. B. Stjórnþæki vélar, til að gefa henni aukið eldsneyti og þar með afl; bensíngjöf.
- Inngróinn** (l) A. Um það sem gróid hefur inn í skinn. „Það var erfitt að ná þessari inngrónu tánögl“. B. Líkingamál um það sem orðið er mönnum venja/árátta. „Hann breytir varla svo inngrónum ávana“.
- Innhallandi** (l) Um það sem hallar inn/*innávið*. „Tóftarveggurinn er orðinn mjög innhallandi, og gæti verið hættulegur bæði skepnum og fólki“.
- Innhlaup** (n, hk) Afdrep; skjól; samastaður. „Hjá þeim hjónum átti ég alltaf innhlaup þegar ég var á ferð í bænum“.

Innibundinn (l) Bundinn inni. „Kýrin er ansi óróleg að vera svona innibundin; skyldi þessi sæðingamaður ekkert vera á leiðinni“?

Innibyrögður (l) Lokaður inni. „Það er ekki hægt að hafa kýrnar innibyrögðar í þessari blíðu“.

Innibyrnja (s) Loka inni. „Veðrið er mikið að lagast, svo ég er ekkert að innibyrnja féð lengur“.

Innidráp (n, hk) Aflögð veiðiaðferð, en þá var svartfugl rekinn í aðhald eða kvíar í bjarginu og drepinn þar.

Innidyr (n, kvk, fto) Dyr inni í húsi; dyr innaf útidyrum. „Hleyptu hundinum inn í skúrinn en lokaðu innidyrinum“.

Innifóðrað (l) Um búfé; haft inni og gefið föður. „Fóðurþörf er nokkuð fyrirsjáanleg á innifóðraða kind, en erfiðara að ætla á það sem hefur útigang“.

Innifóðrun / Inngjöf (n, kvk) Fóðrun búfjár á húsum; *innistaða*. „Féð hefur verið á inngjöf þessa óveðursdaga“.

Innifóður (n, hk) Fóður til að fóðra búfé á innistöðu að vetrarlagi. „Mun láta nærri að hey nægi í innifóður; kúm í 35 vikur, hrossum og saufré í 20 vikur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Innihaldslaus (l) Oftast um málefni/fullyrðingu/ræðu; án upplýsinga/meiningar/vitræns samhengis. „Mér fannst þessi ræða að mestu vera innihaldslaus kjaftæði“!

Innidráp (n, hk) Slátrun bjargfugls eftir að hann hefur verið *kvíaður* inni á *kvíarhillum* í bjarginu. „Ekki var allur fugl snaraður. Víða á hillum í Bjarginu, þar sem hagaði vel til og í skútum, voru hlaðnar kvíar, sem kallað var. Þetta voru einfaldar grjóthleðslur, 60-90 cm háar, sem girtu af fyrir framan varpstæðið. Var haft hlið á girðingunni, stundum framá og stundum opið til annars endans. Fuglinn lenti af fluginu á brúninu framanvið girðinguna, eða á syllunni til hliðar, og gekk um hliðin út og inn. En svartfuglinn er þannig er þannig byggður til flugtks að hann getur ekki spyrnt sér um leið og hann tekur flugið. Hann getur ekki spyrnt sér upp inni í kvíunum. Þegar veiðimennirnir komu fóru þeir í hliðin og gripu fuglinn inni. Þetta hét innidráp“ (MG; Látrabjarg; heimild DE).

Innidroll / Innihangs / Inniseta (n, hk/kvk) Hangs/droll inni í húsi þegar veður er gott og/eða nóg er að gera útivið. „Ég held ykkur væri nær að kíkja upp í hornabú í svona veðri strákar, en vera að þessu innihangsi“!

Innikakkað / Inniparrukað / Innisperrt (l) Lokað inni. „Hann er örlítið að laga veðrið, sýnist mér; ég ætla að láta féð aðeins út. Það er ómögulegt að hafa það svona innikakkað allan daginn“. „Ég held að þetta ullarátt komi ekki síst til ef féð er lengi inniparrukað“.

Innikróaður (l) Lokaður af; umkringdur; innilokaður. „Við vorum þarna innikróaðir milli tveggja snjóflóða“.

Innikökkun (n, kvk) Innilokun við þröngar/slæmar aðstæður. „Ég er ekkert fyrir svona innikökkun á fé þegar eitthvað viðlit er að beita því út“.

Innilegheit (n, hk, fto) Innileiki; ástúð; blíða. „Það voru víst engin innilegheit þegar þeir fóru að ræða eignarhaldið á hrútnum“! „Þau hjón hafa ekki sýnt okkur annað en innileguheit og velvild“.

Innilokaður / Inniteptur (l) Lokaður inni; innikróaður. „Ófærðin var oft so mikil í snjóþungum vetrum, að Kollsvíkingar voru innilokaðir vikum saman“.

Innisláttur (n, kk) Um lykkju af netatein sem slegist hefur inni netið og flækt það. Oftast gerist það þegar notaðir eru kubbar eða blý uppá línun teinum. „Hér hefur orðið fjárans innisláttur“.

Innistaða (n, kvk) Ekki hægt að hleypa fé út til beitar vegna óveðurs; fannfergis eða annars. Innistaða þýddi fulla gjöf og jafnvel vatnsburð. Langvarandi innistaða var fátíð í Kollsvík meðan fé var haldið til beitar. „Vetur þessi var, eins og menn muna, einn sá allra harðasti hvað jarðleysur áhrærir. Á flestum bæjum var hrein innistaða í 4-5 mánuði. Vildu mönnum til miklar og góðar heybirgðir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931). „Kom allur fénaður á innistöður með desembermánuði, sem hélst sökum beitaraskorts fram á fyrstu viku góu“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).

Innistöðudagur (n, kk) Dagur sem fé er ekki látið út, allajafna vegna veðurs. „Innistöðudagar á fé voru tveir á vetrinum; annar vegna rigningar og hinn vegna skafrennings“ (MG; Árb.Barð 1959-67).

Innistöðufé (n, hk) Fé sem hýst er allan veturinn. „Innistöðufé þarf góð húsog gott föður“.

Innistöðugjöf (n, kvk) Fóðrun fjár á innistöðu. „Féð fékk lítið í sig úti núna; það þarf fulla innistöðugjöf“.

Innistöðutíð (n, kvk) Svo slæmt tíðarfar að fé er iðulega á innistöðu, þar sem ekki er unnt að halda því til beitar.

Innistöðuveður (n, hk) Svo slæmt veður að fé er ekki haldið til beitar.

Innivera / Innivist (n, kvk) Dvöl inni í húsi. „Maður getur orðið ruglaður á þessum bóklestri og inniveru“.

Inniverk (n, hk) Verk sem unnið er inni í húsi. „Ég kem og hjálpa ykkur þegar ég er búin með inniverkin“.

Innivið (ao) Inni; inni í húsi. „Hann er ekki innivið eins og stendur, en ég skila þessu til hans“.

Innisláttur (n, kk) Um lykkju eða stein af netatein sem slegist hefur inní netið og flækt það. Oftast gerist það þegar notaðir eru kubbar eða blý uppá linum teinum. „Hér hefur orðið fjárans innisláttur“.

Innisleginn (l) Um netastein/blý/lykkju; sleginn inn/upp í netið. „Steinninn var innisleginn, og því var lítil veiði í endann“.

Innkulsa (l) Ofkældur; gegnkaldur. „Vertu ekki að glænapast svona; farðu inn áður en þú verður innkulsa“.

Innlagður (l) Lagður inn „Það munar um hvern innlagðan dilk í reikningunum“.

Innlagnarfjandi / Innlagargióla / Innlagarskítur (n, kk/kvk) Önnur/niðrandi heiti á innlögn „Við skulum klára að vitja hér frammi; það verður ekki betra þegar kominn er innlaganarfjandinn“.

Innlagnargutlandi / Innlagartypingur / Innlagarveltingur (n, kk) Slæmt sjólag vegna innlagnar. „Hann getur orðið fjandi krappur þessi innlagartypingur“.

Innlagnavottur (n, kk) Vottur að innlögn; upphaf innlagnar. „Er kominn einhver innlagnavottur svona snemma dags“?

Innlátning (n, kvk) Fé hleypt inn í fjárhús. „Féð er allt að koma heim að húsum undan veðrinu; ætlar þú að fara í innlátningu“?

Innlánsdeild (n, kvk) Einskonar bankastarfsemi sem mörg kaupfélög landsins stunduðu. Þau tóku þá fé til geymslu og greiddu af því vexti/innlánsrentu.

Innlegg (n, hk) A. Það sem bóndi leggur inn í sitt kaupfélag/pöntunarfélag/sláturfélag af afurðum búans. „Síðari ferðin var svo farin á haustin. Var þá venjulega farið með ullina til innleggs; væri ekki búið að koma henni frá sér áður“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). B. Sérstakur illeppur í skó, vegna ilsigs. C. Innskot/framlagning máls í umræður. „Þakka þér fyrir þitt innlegg“.

Innlit (n, hk) Viðkoma; viðstaða; heimsókn. „Þakka þér fyrir innlitið“.

Innlyksa (l) Innlokaður. „Hann sagði að færðin væri að versna og hann vildi ekki verða innlyksa“.

Innlögn (n, kvk) *Sólfarsvindur/ aðlögn*. Eftir hlýjan og sólríkan dag má allajafna búast við að talsverður vindur leiti inná land síðdegis og framá kvöld. Innlögn getur orðið allhvöss í Patreksfirði og rifið upp krappa vindbáru. Sólfarsvindur í Kollsvík nefnist *aðlögn*. „Farið var af stað síðari hluta dagsins þegar innlögn lá í fjörðinn, en komið út að nóttinni þegar lygnt hafði eða jafnvel var kominn *landsynningskaldi*“ (KJK; Kollsvíkurver).

Innmatur (n, kk) Slátur; allt matarkyns af búfé utan skrokkurinn sjálfur; t.d. haus, hjarta, lifur, nýru, mör, blóð, vambir, vélinda, barki, lungu, lappir og fleira. „Lengi vel var engin sala í innmat úr lömbunum sem lögð voru inn í Kaupfélagið, svo slátrið var tekið heim og unnið úr því. Það var mikil vinna, en allt var nýtt sem ætt taldist. Fyrst þegar ég man að ég kæmi að slíku var að ég hélt í ristla meðan þeir voru ristir og skafnir“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Innmið (n, hk) A. Staðir inni í firði sem fiskimið eða siglingaleið eru miðuð við. „Gáðu að innmiðum þegar farið er fyrir Nesflöguna; þá þarf Háanesið að vera vel ljóst“. B. Fiskimið inni í firði. „Ætli við gætum ekki fyrst í strengina á Láturdalnum en geymum þá sem eru á innmiðunum“.

Innpakka (s) Pakka inn. „Ég innpakkaði sérlega vel því sem brothætt var“.

Innprenta (s) Innræta, gera trúlegt í augum annars. „nú gengur hann um sveitir og reynir að innprenta fólki þessa nýju pólitík“.

Innrekstur (n, kk) Sú athöfn að reka kindur í rétt/adhald. „Það þarf fleira fólk í innreksturinn“.

Innréttaður (l) Um hús/bíl eða annað lokað rými; frágengið að innan. B. Líkingamál um mann; hugsandi; innrættur. „Mér datt ekki í hug að stela þessu; ég er ekki þannig innréttaður“.

Innridyr (n, kvk, fto) *Gangdyr*; dyr innanvið útidyr og anddyri. „Hallaðu innridyrnum svo hundurinn sé ekki vaðandi hér um allt“.

Innrím (n, hk) Um kveðskap; rím í miðri hverri ljóðlínu sem rímar út alla vísuna. „Andans flótti ógnar mér./ orðagnóttin flúin./ Njörvadóttir nálgast fer./ nærri þróttur búinn“ (JR; Rósarímur).

Innrætni (n, kvk) Art; eðli; upplag í geðslagi/hegðun manns. „Þarna kom innrætni hans berlega í ljós“.

Innsandur (n, kk) Innri hluti Rauðasands og bæir sem þar eru. Oft var þá átt við bæi innanvið Saurbæ, en stundum þó aðeins miðað við bæi innan Bjarngötudals.

Innsetning (n, kvk) *Felling* nets upp á tein/þin. „Mér finnst innsetningin ekki vera góð á þessum netum“.

Innsetningabekkur (n, kk) *Fellingabekkur*; sérstakt áhald til að *setja inn/fella net* á tein með *rörfellingu*. Bekkurinn er statív/standur sem á er fest röri (um 0 40-50mm). Þegar sett er inn er byrjað á að bregða öllum *fellimöskvum* á öðrum jaðri netsins netsins upp á rörið; hluta þeirra er brugðið uppá það með *skutilbragði*.

síðan er *netateinnin/pinurinn* þræddur gegnum rörið, móti þeim sem setur inn, um leið og hann fellir hvern möskva eftir annan fram af rörinu og um teininn og hefur hnútana með vissu millibili. Sama aðferð er viðhöfð við hinn jaðar netsins og að lokum er *gert fyrir* endana með *augasplæsi* eða *endasplæsi*. Vestra var lengi til sérstakur lágur tréstóll með þessum búnaði áföstum, og gekk hann milli bæja eftir þörfum.

Innsetningagarn (n, hk) *Fellingagarn; netagarn*; garn sem notað er til að fella net, þ.e. festa net á tein/pin, oftast með nálarfellingu. Garnið er þá undið upp á netanál með sérstökum hætti; nálinni er síðan stungið í gegnum nokkra samliggjandi *jaðarmöskva* netsins í einu, sitt á hvað, og gerður hnútur á teininn/pininn með vissu millibili, þannig að slaki verður í netinu miðað við þininn.

Innliglingarvarða (n, kvk) *Leiðarvarða; leiðarmerki*; varða sem noruð er sem mið á innsiglingarleið í höfn/lægi. „Innsiglingarvarða var á Norðaríklettunum“.

Innsjón (n, kvk) Innsæi; hugljómun; skilningur.

Innsog (n, hk) Stilling á vél, sem ræður því hve sterk eldsneytisblanda fer inná strokkana. „Ég greip með varúð í innsogið; annað var fullspennt, og vélin bætti við sig“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Innsprauting (n, kvk) Sprautun; lækning með sprautun. Orðið heyrir ekki í seinni tíð. „Ormaveikin hefur gjört vart við sig á stöku bæjum.. Ennfremur lystarleysi í ám og lömbum, þó orma hafi ekki orðið vart hjá þeim hinum sömu. Með innsprautingu hefur tekist að ráða bót á þessu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Innsti koppur í búri (orðtak) Sá aðili sem öllu ræður á tilteknum stað; ráðamaður staðar/starfssviðs. Orðtakið er stytting úr málshættinum; „Ekki skyldi bóndi innsti koppur í búri“. Vísar það til þess að húsbóndi á að skipa verkum á heimilinu en ekki vera eins og hreyfingarlaust ílát innst í búri, sem húsfreyja grípur til stöku sinnum þegar hún þarf að nota það. Fyrri partur málsháttarins heyrir ekki nú á tímum.

Innstraumur (n, kk) Straumur/fall með stefnu inn fjörð. „Hér er kominn innstraumur, við byrjum þá að draga grunnendann“.

Innstrúx (n, hk) Tilskipun; fyrirskipun. „Ekki veit ég til hvers þetta Alþingi er nú til dags; það gerir lítið annað en skrifa uppá einhver innstrúx frá Evrópusambandinu, án þess að hafa neitt um þau að segja“!

Innstunga (n, kvk) Rafmagnstengill í vegg. Var almennt notað í fyrstu rafvæðingu, og er enn af sumum, þó flestir noti orðið „tengill“.

Inntak (n, hk) Innihald; meining; boðskapur. „Ekki greip ég það nú allt sem hann sagði, en ég held ég hafi náð inntakinu í því“.

Inntaka (s) Meðtaka; grípa; skilja. „Voruð þið nokkuð að inntaka það sem ég sagði ykkur strákar“?

Inntaka (n, kvk) A Samþykki inn í hóp; innganga; innlimun. „Ég fékk inntöku í landsprófið“. B. Neysla; át; drykkja. Einkum notað um lyf. „Ekki veit ég nú hversu holl þessi inntaka er, en það er á læknisins ábyrgð“!

Inntakslítið (l) Innihaldslítið; merkingarlaust; dauft. „Mér fannst þetta vera inntakslítið raus um allt og ekkert“.

Inntekt (n, kvk) Tekjur; innkoma. „Grásleppuveiðarnar bættu verulega inntekt bænda sem þær stunduðu“.

Inntökubátur / Inntökuskip (n, hk) Bátur sem fær *uppsátur* í *útveri*, og greiðir þar *vertoll* (sjá þar).

Inntökuskiptihöfn (n, kvk) Áhöfn á aðkomubáti í veri. „Vermannabúðir hafa þar (í Lágnúpsveri) tilforna 18 verið. Nú eru þar uppi 4ar sem þessar inntökuskiptihafnir liggja við“ (ÁM/PV Jarðabók).

Innum (ao) Um stefnu; inn fjörð/vík. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjár landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *utum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innýfir heiði/ inn í fjörð“. „Það var kaldaskítu og veltingur úti á Flóanum, en lægði mikið hér innum“.

Innundir (ao) Inn undir. „Hægt er að sigla innundir Breiðavíkurkleifina, og út hinumegin“.

Innundir sig (orðtak) A. Um mann; slóttugur; kenn. „Karlinn var nokkuð ólíkindatól og innundir sig“. B. Um klett/bjarg; slútir framyfir sig; *loft*. „Það gæti verið loftsig þarna neðst; þar sem bjargið er innundir sig“.

Innú (ao) Áttavísun; inn í fjörð, t.d. úr Kollsvík inn í Hænuvík/Örlygshöfn/Patreksfjörð. „Það er nokkur tími síðan hann fór innú; hann ætti að vera kominn á Gjöggra“.

Innú / Innúrblautur / Innúrvotur (l) Blautur inn að skinni; gegnvotur. „Ég varð gjörsamlega innú í þessari fossrigningu“. „Skriptu nú um fót áður en þú ferð; þú getur ekki farið aftur af stað svona innúrblautur“.

Innúrleið (n, kvk) Ferð innávið, t.d. úr Kollsvík inn í Hænuvík/Patreksfjörð. „Ertu á innúrleið í dag“?

Innvafinn (l) Vafinn/pakkaður/flæktur inn í. „Bókin var innvafin í mörg lög af maskinupappír, en þar *utanyfir* var jólapappír“.

Innveggur (n, kk) Milliveggur/skilveggur inni í húsi. „Innveggir voru einfaldir að gerð“.

Innver (n, hk) Ver inni í firði/flóa. Mun áður fyrr hafa verið notað til aðgreiningar frá útverum, sem voru utan fjarða og rasta. Verstöðvar í Skor og Keflavík voru þannig innver, en útver voru í Úvíkum. Óljóst er til hvorst flokksins Láturdalur taldist; hefur sennilega verið innver eins og Hænuvík og Gjögur.

Innvið (ao) Inni hjá/við; innst við. „Náðu fyrir mig í þessa upphyrndu, þarna innvið gaflinn“.

Innvik (n, hk) Skarð; slöður; vogur; úrtaka. „Utan Klaufartanganna er lítið innvik sem nefnist Bænagjóta“.

Innvikla (s) Flækja í; draga inni. „Sumir vildu innvikla hann í þessi mál“

Innviklaður (l) Viðriðinn; viðkomandi. „Eitthvað var hann innviklaður í þennan hóp“.

Innviklun (n, kvk) Aðkoma/aðild (að máli/hópi). „Ég skýrði mína innviklun í þetta“.

Innvirðulega (l) Innilega; virðingarfullt. „Ef ég einhvern móðgað þá biðst ég innvirðulega afsökunar“.

Innvirðulegur (l) Með innilegri virðingu. „Ég kann þér mínar innvirðulegustu þakkir fyrir þetta“.

Innvirðulegheit (n, hk, fto) Innileiki; virðing; yfirborðskennd kurteisi. „Mér finnst nú alveg óþarfi að sýna þessum slordónum einhver innvirðulegheit með *titlatogum*, eins og þeir hafa komið fram“!

Innvígður (l) Tekinn fullgildur/formlega í hóp/söfnuð. „Í þeirri nefnd sitja aldrei aðrir en innvígðir sjálfstæðismenn“.

Innvígja (s) Taka formlega inn í hóp/söfnuð. „Maður hlaut að innvígjast í hóp gamalmenna, fyrst maður sneri ekki upp tánum áður en að því kom“.

Innvísandi (l) Með vísun innávið. „Hér er komið aðfall; mér sýnist færið vera heldur innvísandi“.

Innvols (n, hk) *Inndúls*; innihald; innyfli. „Nú er minna matreitt úr innvolsinu en áður“ (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Var all; bæði hausar og innvols, setti í poka jafnhliða“ (HO; Ævisaga; róið úr Láturdal). Oft stytt í *vols*.

Innvortis (l/ao) Inni í líkamanum; í innyflum; innra með sér. „Hann kvartaði undan verkjum innvortis“.
„Manni líður betur innvortis þegar maður hefur *sagt sína meiningu*“.

Innvortisóþægindi / Innvortisseiðingur / Innvortisverkur (n, hk/kk) Óþægindatilfinning/verkur innvortis.
„Einhver fjárans innvortisseiðingur er búinn að vera að hrella mig í dag“.

Innyfir / Inn yfir (ao/orðtak) Inneftir og yfir. „... og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall og til slátrunar á Gjögurum“ (PG; Veðmálið).

Innyfli (n, hk, fto) Innvols; innri líffæri. „Þú mátt ekki æla öllum innyflunum drengur; við eigum enn eftir að borða nestið“!

Interessaður (l) Áhugasamur; uppveðraður. „Mér fannst hann lítið interessaður fyrir þessu“.

Irritera (s) Ergja; pirra. „Veriði nú ekki alltaf að irritera karlinn strákar; þið gerið hann bara *kolruglaðan*“!

Irriteraður (l) *Argur*; pirraður; ergilegur. „Hann var orðinn þreyttur og irriteraður eftir erfiðan dag“.

Irriterandi (s) Truflandi; ergilegt. „Andskoti er það irrititerandi þegar þessir frambjóðendur gleyma loforðunum um leið og þeir eru sestir á þingstólana“!

Irrur (n, kvk, fto) Píringur; erjur; misklið. „Þannig gekk á ýmsum irrum og stríðni milli manna í Kollsvíkurveri, eins og víðar í verstöðvum“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Í aðra röndina (orðtak) *Öðrum þræði*; dálítið; að sumu leiti. „Þó það væri kannski ágætt að hafa meira hár til að halda hita á toppstykkinu, þá er maður í aðra röndina hálf feginn að þurfa sjaldnar að greiða sér“.

Í aðsigi / Í vændum (orðtök) Væntanlegt; á leiðinni; að koma; yfirvofandi. „Asskoti dimmir hann á suðurloftinu; nú gæti ég trúað að hellidemba sé í aðsigi“. „Lukka lét sig hverfa með lömbin, eins og hún vissi hvað var í vændum“.

Í alfaraleið (orðtak) Í þjóðbraut; við fjölfarna leið. „Kollsvík er ekki í alfaraleið nú á tímum. Hingað lágu þó leiðir margra um aldir; einkanlega meðan árabátáútvegur var undirstaða samfélagsins“.

Í alla staði (orðtak) Að öllu leyti. „Þessi flutningur tókst í alla staði vel, eins og til var stofnað, enda vel undirbúinn og unninn af gætum mönnum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Í allra heilagra bænum / Í allra bænum / Í guðanna bænum (orðtök) Upphrópanir/áherslusetningar sem oftast eru notaðar í upphafi aðalsetningar, sem þá er jafnan fyrirskipun, ákveðin beiðni eða aðvörun. „Í guðanna bænum hættiði nú þessum hávaða, krakkar“! „Í allra bænum farðu nú varlega í bjarginu“! „Ég bað hann í allra heilagra bænum að reyna ekki að segja mér svonalagað bull“!

Í alvöru / Í fúlustu alvöru (orðtök) Ekki í gamni/gríni/þykjustu; með alvörubunga; í raunveruleika. „Hann sagði þetta í fúlustu alvöru“.

- Í andaslitrunum** (orðtak) Að dauða kominn; *aðframkominn; langt leiddur*.
- Í annan stað** (orðtak) Auk þess; til viðbótar; að öðru leyti.
- Í annan tíma** (orðtak) Ekki núna; á öðrum tíma. „Í annan tíma hefði ég reynt að hreinsa af stallinum, en nú var farið að rigna og *ekki annað ráð en að koma sér uppá brún*“. „Ég hef ekki orðið hræddari í annan tíma“!
- Í auknum mæli** (orðtak) Í auknu magni; með auknum fjölda/þunga. „Telur fundurinn að verði það ekki gert sé sú hætta fyrir hendi að fólk flytji brott úr sveitinni í *stórauknum mæli*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). Sjá í *miklum/töluverðum/auknum mæli*.
- Í axlir / Í mitti / Í klof / Í hné / Í ökkla / Í skóvarp** (orðtök) Um dýpi á vatni, sjó, snjó eða öðru. „Gáfu þeir hann út og hann óð eins langt og hann orkaði; þá var hann kominn í axlir“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Í (góðum) álnum/efnum** (orðtak) Ríkur; efnður; *við álnir/efni*. „Hann er sagður í góðum álnum“. Alin vaðmáls var fyrr á tíð helsta verðeiningin í landnu.
- Í árdaga** (orðtak) Í upphafi tímans; fyrir löngu. „En svartbakurinn var á vakt, og stóð við sinn hluta sammingsins sem hann gerði við selinn í árdaga. Hann var þannig að svartbakurinn átti að vaka yfir selnum þegar hann fengi sér blund á landi; gegn því að svartbakurinn fengi alla afganga af veiði selsins“ (IG; Sagt til vegar I).
- Í áttina** (orðtak) A. Í rétta átt; *áleiðis*. „Ég fylgdi honum í áttina“. B. Áleiðis að takmarki; nokkuð. „Þetta eru ekki miklar kjarabætur, en þær eru þó í áttina“. „Hann sagði þetta, eða eitthvað í þá áttina“.
- Í bak / Í stjór** (orðtök) Um siglingu báts/skips; á bakborða/stjórnborða. „Á sama augnabliki vék Árni bátnum í bak og það um fulla ferð. ... Báturinn reis að aftan og hallaðist mikið í bak, svo við lá að hann tæki sjó um bátrúmið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Í bak og fyrir** (orðtak) Á alla kanta; allur. „Hún faðmaði mig í bak og fyrir þegar hún heilsaði“. Einnig þekktist orðtakið „í brjóst og bak“ í sömu merkingu.
- Í barnsminni** (orðtak) Í minni frá barnæsku. „Þessi atburður er mér enn í barnsminni, eins og hafi gerst í gær“.
- Í bága við** (orðtak) Í andstöðu við; ekki í samræmi við. „Hann gerði þetta í bága við mín tilmæli“. Sjá *bági og fara/ganga/koma í bága við*.
- Í bál og brand** (orðtak) Um það sem fer illa/ það sem endar í slagsmálum/óreiðu. „Ekki var hann fyrr búinn að *stilla til friðar* en allt var komið í bál og brand aftur“. Brandur merkir hér eldibrandur/eldiviður.
- Í beit** (orðtak) Í röð; hvað á eftir öðru. „Lengi vel var ekkert að hafa þarna nema smáfisk á stangli, en yfir liggjandann dró ég meira en tuttugu golþorska í beit“.
- Í belg og biðu** (orðtak) Samtímis og óskipulega. Sjá *tala í belg og biðu, og leggja orð í belg*. Belgur og biða eru hvorttveggja ílát. Það sem talað er niður í þau skilst illa vegna bergmálsins.
- Í besta/versta falli** (orðtak) Í besta/versta tilfelli. „Ég held að þú fiskir ekki mikið þarna; í besta falli einhverja marhnúta“! „Við skulum reyna þetta. Í versta falli *höfum* við ekkert *uppúr krafsinu*“.
- Í bili** (orðtak) Í stuttan tíma; eins og nú er; núna. „Báturinn var þurrausinn í bili“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Í bígerð** (orðtak) Á prjónunum; í bruggi/undirbúningi. „Hann er með ýmislegt í bígerð, þessu viðvíkjandi“.
- Í bítíð / Í rauðabítíð** (orðtak) Snemma/árla morguns. Rauðabítí vísar til morgunroða á himni. „Hann gisti þar *um nætursakir*, en lagði aftur af stað í rauðabítíð morguninn eftir“.
- Í bland** (orðtak) *Í og með*; meðfram; sumpart. „Líklega hefur þetta í bland verið ætlun hans frá upphafi“.
- Í bland við** (orðtak) Blandað saman við; með; ásamt. „Þetta er ágætt hvort í bland við annað“.
- Í blálökin** (orðtak) Í lokin; að síðustu; þegar er að enda. „Það kom svolítill hrota í blálökin á vertíðinni“.
- Í blíðu og stríðu / Í blíðu jafnt sem stríðu** (orðtak) *Gegnum þykkt og þunnt*; í velgengni nafnt sem mótlæti. „Þeir hafa alltaf staðið saman í blíðu og stríðu, og munu gera það í þessu máli“.
- Í blóð borinn** (orðtak) Meðfæddur. „Ég var *barnungur*, fimm ára, en áhugi á hestum var mér í blóð borinn“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Í blóma lífsins** (orðtak) Á besta æviskeiði. „Alltaf er það sorglegt þegar menn eru burtkallaðir í *blóma lífsins*“.
- Í blóra við** (orðtak) Án vitundar; út á. „Sú kjaftasaga *fékk fæturna* að gamli maðurinn hafi reyndar látist mörgum mánuðum fyrr, og heimilisfólkið hafi geymt hann í frystikistu og fengið ellilaunin áfram í blóra við þann gamla. En *fyrir alla muni* hafðu þetta ekki eftir mér“. Orðið blóri hefur fyrir löngu týnt upphaflegri merkingu, en lifað í orðtökum, s.s. „*blóraböggull*“; „gott er að hafa barn til blóra“ og „*hafa sér til blóra*“. Vegna þess hefur merking þess að „gera í blóra við“ stundum ranglega yfirfærst á að „gera í trássi við“.

- Í bobba** (orðtak) Í vandræðum/þröng; aðþrengdur. „Ég er í nokkrum bobba með þetta“. Sjá *bobbi*; *kominn í bobba*; *setja í bobba*.
- Í bragði** (orðtak) Um svipbragð/liðan/viðmót einhvers. Jafnan notað með lýsingarorði: „Hann var fremur dapur í bragði þegar hann lýsti því hvernig lambið hrapaði fyrir augunum á honum“. „Hann sagði glaður í bragði að þetta hefði alveg bjargað deginum fyrir sér“.
- Í bráð og lengd** (orðtak) Til styttri og lengri tíma. „Mér verður hugsað til þess í bráð og lengd að þetta hefði getað farið á annan veg“.
- Í bráðina** (orðtak) Á næstunni; fljótlega. „Ég lagaði girðinguna; þær koma ekki inná þarna í bráðina“.
- Í brjósti/broddi fylkingar / Í fylkingarbrjósti / Í fylkingarbroddi** (orðtak) Fremstur í hópi/liði/fylkingu. „Össur var í brjósti fylkingar fyrir sína sveit í félagsmálum; mestan part sinnar starfsævi“. Sjá *brjóst*.
- Í bruggi** (orðtak) Um skipulagningu/undirbúning/ráðagerð; í undirbúningi; í ráðum; í *bígerð*. „Þeir eru eitthvað með það í bruggi að reyna að komast undir Bjarg um helgina“.
- Í brúki** (orðtak) Í notkun. „Þú getur fengið skærin núna; þau eru ekki í brúki *þessa stundina*“.
- Í byrjun** (orðtak) Í upphafi; til að byrja með; fyrst. „Maður var hálf klaufalegur í byrjun, en vandist fljótt“. „Þar sem þetta var í byrjun sláturtíðar þetta haustið, gekk dagsverkið heldur hæggar en áætlað hafði verið“ (PG; Veðmálið).
- Í dauðans ofboði** (orðtak) Í miklum flýti. „Sá ég þar út og í dauðans ofboði þrengdi ég mér í glufuna“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Í dauðanum / Í veröldinni/heiminum** (orðtök) Áhersluorð inni í setningum: „Hvað í dauðanum gastu étið til að *reka svona fúlt við*“? „Hvar í veröldinni voruð þið strákar; ég er búinn að kalla lengi á ykkur“?
- Í deiglunni** (orðtak) Í vinnslu; í *bígerð*; verið að vinna að því. „Mér skilst að þessi hugmynd sé enn í deiglunni, þó ekkert hafi enn orðið úr henni“. Líking við járn sem brætt er í *deiglu* í smiðju, en það getur tekið tíma.
- Í dentíð / Í þann tíð** (orðtak) Í þá tíð; á þeim tíma. „Í dentíð var til siðs að fólk kysstist vð gestakomur“.
- Í djöfulmóð** (orðtak) Upp á kraft; af offorsi. „Svitinn bogaði af okkur eftir að hafa rutt inn heynu af vagninum í djöfulmóð“.
- Í eftirdragi** (orðtak) Dragandi á eftir; í togi. „Kom hann taug í hvalinn og tókst að róa með hann í eftirdragi út í Kollsvík, en þar var hann dreginn á land“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Í eina tíð** (orðtak) Eitt sinn fyrir löngu; á liðnum tíma. „Í eina tíð var þarna stekkur“.
- Í einni striklotu** (orðtak) Sjá *í striklotu*.
- Í einni/sömu svipan** (orðtak) Allt í einu; um leið. „Í einni svipan snerist báturinn og netið fór í skrúfuna“.
- Í einni veifu** (orðtak) Í samfelldri/snarpri vinnukorpu/hreyfingu; *í einu vetfangi*. „Hann vipaði hrútnum uppí kerruna í einni veifu“. *Veifa* merkir hér hreyfing/sveifla.
- Í einrúmi** (orðtak) Einn; útaf fyrir sig; ekki með öðrum. „Hann vildi helst gera þetta í einrúmi“.
- Í einu/tvennu/þrennu lagi** (orðtök) Heilt/ í tveimur/þremur hlutum. „Hann tók svo hressilega á árinna að hún lá eftir í tvennulasi“.
- Í einu vetfangi** (orðtak) Skyndilega; allt í einu; *í einni veifu*. „Í einu vetfangi sviptist þakið af kofanum“.
- Í einum grænum (hvelli)** (orðtak) Í hasti/hvelli/hendingaskasti; með hraði; *í einni svipan*. „Hentu til mín gognum í einum grænum“!
- Í essinu sínu** (orðtak) Í stuði; í góðu skapi; skrafhreyfur. „Þá var Árni í essinu sínu; en skipanir hans voru ekkert mömmuhjal“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Stolið orðtak frá Dönum (at være í sit es) og Þjóðverjum (in seinem Esse sein). Merkingin er í raun að hafa gott olnbogarámi.
- Í fangið** (orðtak) Um það þegar vindur/veður er beint á móti. „Þetta veður var beint í fangið, mest af leiðinni“ (ÖG; Harðsótt heimferð í jólafrí).
- Í farvatninu** (orðtak) Á leiðinni; í aðsigi. „Það gætu verið fleiri breytingar í farvatninu“. Farvatn merkir siglingaleið; sjór/vatn sem farið er um.
- Í ferðunum** (orðtak) Um þann sem þótti oft fara í ferðalög, t.d. til Reykjavíkur eða erlendis, var sagt að hann væri í ferðunum. Jafnvel var orðtakinu bætt við nafn hans um tíma. Þetta orðtak er að öllum líkindum upprunnið hjá GJH eins og margt annað staðbundið og hnyttid málfar í Rauðasandshreppi; enda notaði hann það gjarnan: „Heldurðu að Ólafur í ferðunum sé kominn heim“?
- Í fersku minni** (orðtak) Man mjög vel/glögg. „Þessir atburðir eru mér ennþá í fersku minni“.

- Í félagi** (orðtak) Sameiginlega; í samvinnu; óskipt. „Gísli skipti úr fjöru Einars hlut, en við lögðum inn í félagi; ég og formaðurinn“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi).
- Í félagi við** (orðtak) Í sameign. „Hálfdán átti fjögurra manna far í félagi við Guðbjart“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Í fljótheitum/skyndingu / Í fljótu bragði** (orðtak) Með stuttum fyrirvara; strax; án umhugsunar/undirbúnings. „Ég lagaði þetta í fljótheitum“. „Í fljótu bragði sé ég ekkert athugavert við þetta“.
- Í flútt við** (orðtak) Jafnt við; sem ber við/saman. „Hornstaurinn er ekki vel í flútt við girðinguna“. Sjá *flútt*.
- Í forundran** (orðtak) Mjög undrandi/hissa. „Hann var alveg orðlaus og starði á þetta í forundran“.
- Í forveginn** (orðtak) Í varúðarskygni; til undirbúnings. „Hann hafði fulla stjórn á bátnum í brimlendingunni en lét þó hella lýsi í sjóinn í forveginn, til að lægja ölduna“.
- Í frómleika frá sagt** (orðtak) Í sannleika/einlægni sagt; satt best að segja. „Ég heyrði þessa sögu svona, en í frómleika frá sagt þá verð ég að efast um ýmislegt í henni“.
- Í fulla hnefana** (orðtak) Að fullreyndu. „Hann lét sig ekki með þetta fyrir en í fulla hnefana“.
- Í fullri meiningu** (orðtak) Um skammir/ávítur; með fullum þunga. „Ég sagði við hann nokkur vel valin orð í fullri meiningu“.
- Í fullu fjöri** (orðtak) Vel hress/vinnufær; ágætlega heilsuhaustur/ern. „Hann sagðist vilja ljúka smíðinni meðan hann væri enn í fullu fjöri“.
- Í fullu tré** (orðtak) A. Um segl skipa; dregið upp að fullu. „Skektan fannst seinna um sumarið norður í Patreksfjarðarflóa og kom þá í ljós að seglið hafði verið í fullu tré og bundið bæði dragreipi og skaut“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B Afleidd merking; að hafa í fullu tré við einhvern er að standast honum snúning í keppni/átökum.
- Í fússi** (orðtak) Móðgaður; í fýlu; *fornumaður*. „Hann rauk burt í einhverju fússi“.
- Í fyrirrúmi** (orðtak) Í forgangi; mikilvægast. „Ég læt það sitja í fyrirrúmi að greiða þessa skuld“. Fyrirrúm er fremsta rúm í bát; aftan við háls/hálsrúm. Í því rúmi reru bestu ræðararnir jafnan.
- Í fyrndinni** (orðtak) Endur fyrir löngu; á fornum tímum. „Líklega hefur þarna staðið hús, einhverntíma í fyrndinni“.
- Í fyrra/seinna lagi** (orðtök) Með fyrra/seinna fallinu; heldur fyrir/síðar en vonlegt var. „Ég var mættur í fyrra lagi“. „Maturinn verður í seinna lagi útaf rafmagnsleysinu“.
- Í fyrradag** (orðtak) Daginn fyrir gærdaginn.
- Í fyrramálið** (orðtak) Snemma á morgun; í býtið á morgun. „Við leggjum af stað í fyrramálið“.
- Í fyrsta lagi** (orðtak) Ekki fyrir en. „Hann verður í fyrsta lagi kominn eftir hálf tíma, en líklega heldur síðar“.
- Í fyrstu** (orðtak) Í upphafi; *til að byrja með; framanaf*. „Ég hélt í fyrstu að ég hefði sett í lúðu“.
- Í för með** (orðtak) Fylgjandi; meðfylgjandi. „Hann slóst í för með mér út að Breiðuvík“.
- Í föstum skorðum** (orðtak) Í röð og reglu; skipulega fyrirkomið; eins og vera ber. „Formaðurinn sá til þess að félagsstarfið var í föstum skorðum“. Vísan til þess að *skorður* báts séu stöðugar/tryggar.
- Í gadda slegið** (orðtak) Harðákveðið; alveg frá gengið. „Þetta er nú ekki ennþá alveg í gadda slegið“.
- Í garð (einhvers)** (orðtak) Um orð/tal; til einhvers; ætlað einhverjum. „Ég þakka fyrir hlý orð í minn garð“.
- Í góðri meiningu/trú** (orðtak) Í góðum tilgangi; af góðum hug. „Þetta var nú í góðri meiningu gert“.
- Í góðu meðallagi** (orðtak) Alls ekki lakara en það sem venjulega/almennt er; rúmlega í *meðallagi*. „Mér sýnist veiðin vera í góðu meðallagi, miðað við undanfarin ár“.
- Í góðu/besta standi** (orðtak) Sem mjög vel er ástatt um. „*Spursmálsaust* munu allar skepnur vera í besta standi allsstaðar“ (ÞÓT; Forðagæslibók Rauðasands 1926).
- Í góðu yfirlæti** (orðtak) Í góði vist; vel haldinn. „Gistum við þar í góðu yfirlæti um nóttina“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Í gríð og erg** (orðtak) Af kappi; kappsamlega. „Við hömuðumst við það í gríð og erg að moka heyinu inn af vagninum áður en færi að rigna fyrir alvöru“.
- Í guðanna bænum / Í guðsbænum / Í öllum (guðs-)bænum** (orðtak) Endilega; *fyrir alla muni*. „Í guðanna bænum farið þið nú varlega á þessum *tunnubátum*“. Líklega er ákall til guða í fleirtölu eldra en ákall í eintölu, og má því ætla að þau séu notuð sitthvorumegin við kristnitökuna. Síðasta orðtakið er hlutlausara.
- Í guðsgrænni náttúrunni** (orðtak) Í grónu og friðslælu umhverfi. „Við höfum með okkur nesti og snæðum það einhversstaðar á leiðinni; úti í guðsgrænni náttúrunni“.

- Í guðsótta og góðum siðum** (orðtak) Um uppeldi fyrir á tímum. Mikil áhersla var á að börn væru uppalin í guðsótta og góðum siðum. Þetta hefur stórlega minnkað á síðari tímum; einkum guðhræðslan, enda er afkoma fólks tryggari; kirkjuveldið veikara og ótímabær dauði fjarlægari í huga fólks en fyrrum var.
- Í gustukaskyni/guðþakkarskyni** (orðtak) Af greiðvikni/góðvilja. „Ég aðstoðaði hann við þetta í gustukaskyni; mér datt ekki í hug að taka neitt fyrir það“. Sjá *gustuk*.
- Í gær** (orðtak) Síðasta dag; daginn fyrir þennan.
- Í gærkvöldi** (orðtak) Síðastliðið kvöld. „Hann kom hingað í gærkvöldi“. Algengt er nú að sagt sé „gærkveldi“, en þá er verið að beygja heitið „kveld“ en ekki „kvöld“.
- Í hábit** (orðtak) Í óðakappi; í hlandspreng; keppist við. „Ég var í hábit að reyna að klára þetta verk“.
- Í handaskolum** (orðtak) Í mistökum/óreiðu; mislánast. „Þeir voru að reyna að greiða úr þessu, en það fór allt í handaskolum hjá þeim“.
- Í hasti / Í snarhasti** (orðtök) Í flýti; undireins. „Við drógum síðasta strenginn í snarhasti og náðum inn á fjörðinn áður en veðrið skall á“.
- Í háa herrans tíð/tíma** (orðtak) í mjög langan tíma. „Þvílík fiskigengd hefur ekki sést í háa herrans tíð“.
- Í hálfu gátt** (orðtak) Um dyr/glugga o.fl; opið til hálfis. „Dyrnar voru í hálfu gátt“.
- Í hálfu tré** (orðtak) Um siglingu skips; með segl uppi til hálfis/ í miðju siglutrú.
- Í hár saman** (orðtak) Rífast; slást; *fljúgast á*. „Nú eru þeir enn komnir í hár saman útaf pólitík!“ Visar til þess að áflogahundar rífa í hvors annars hár.
- Í hástert** (orðtak) Óhóflega mikið; af hámarkskrafti. Oftast um hrós/lof. „Hann var hrifinn af bátnum og *hrósaði* honum í *hástert*“.
- Í hávegum haft** (orðtak) Virt; borin virðing fyrir; haft til eftirbreytni; haldið uppá. „Virðing fyrir fróðleik og sannindum var ávallt í hávegum höfð meðal Kollsvíkinga“.
- Í heiminum / Í veröldinni** (orðtök) Til áherslu með spurnarorðum: „Hvernig í heiminum datt þér þetta í hug“?! „Hvar í veröldinni skyldu þessar kindur hafa haldið sig“?! „Hvernig í veröldinni átti ég að vita það“?!
- Í hel** (orðtak) *Til dauðs*; til dauða. „Hækkaðu nú ögn hitann á ofninum, áður en við frjósum í hel“.
- Í hendi/höfn** (orðtak) *Komið fyrir vindinn*; bjargað; fengið. „Það verður ágætt að fá þetta, en það er nú ekki í hendi enþá“. „Loksins tókst að kom þessu máli í höfn“.
- Í hendingskasti / Í (einum) (þan)spretti** (orðtak) *Í einum grænum*; í miklum flýti. „Ég hljóp í hendingskasti niður að hliðinu“. „Hann ætlaði ekki að láta kindurnar sleppa, og þaut í einum *þanspretti* yfir dalinn“.
- Í henglum** (orðtak) Um klæði/segl/föt sem er *gaudrifið*/mikið rífið. Hengill var áður heiti á kólf í klukku, en ekki notað sérstætt í seinni tíð. „Yfirbreiðslan rífaði öll í hengla í rokinu“.
- Í heyranda hljóði** (orðtak) Þannig að allir viðstaddir heyri vel. „Stefnuvottar gættu þess *samviskusamlega* að lesa stefnuna í heyranda hljóði“.
- Í hita leiksins** (orðtak) Vegna ákafa/fyrirgangs/óláta/ærsla. „Við lentum í eltum við þessar rolluskjatur, og í hita leiksins hef ég týnt húfunni úr vasa mínum“.
- Í hitteðfyrri/hittifyrri** (orðtak) Á næstsíðasta ári; fyrir tveimur árum. „Það var í hitteðfyrri, ein stúlka kom á kreik./ svo knúсандi og dásamleg að tarna./ Við þessa glöðu meyju ég fór í feluleik./ Hún faldi sig í rúminu mínu þarna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Í hjáverkum** (orðtak) Sem aukavinna með öðru verki. „Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi hefur málað firnin öll af listaverkum á steinhellur, og er þau víða að finna. Allt var það unnið í hjáverkum með fullu móður- og húsfreyjustarfi“.
- Í (einum) hlandspreng** (orðtak) Um hlaup/vinnu; í miklum flýti; með asa; af *óðakappi*. „Við *drifum* flekkinn *saman* í *galta* í einum hlandspreng þegar við sáum að hann var að *ljókka*“.
- Í hlutlausum** (orðtak) Um traktor/bíl; í frígir; ekki í áfram-/afturábakgír. „Hafðu hann í hlutlausum á meðan ég *sný* í *gang*“.
- Í humátt** (orðtak) Rakleiðis á eftir; í sömu átt. „Strákurinn fór fremstur en í humátt á eftir honum komu heimalningurinn, kálfurinn, gæsin; og hundurinn rak lestina“.
- Í hund og kött** (orðtak) Í hár saman; í rífrildi/slagsmál. „Ekki má af ykkur líta, þá eruð þið komnir í hund og kött“!
- Í hundraðavís** (orðtak) Svo hundruðum skiptir. „Á höfðanum voru múkkahreiddur í hundraðavís“.
- Í húfi** (orðtak) Sjá *eiga í húfi*; *mikið í húfi*.

- Í húsi föður míns eru margar vistarverur** (orðatiltæki) Biblíutilvitnun sem oft er gripið til þegar lýst er einhverju stóru, oftast mikilfenglegu húsi. Einnig notað í háði í orðastað þess sem er raupsamur.
- Í (einum grænum) hvelli** (orðtak) Strax; tafarlaust. „Sæktu hrifuna í einum grænum hvelli“. „Sá var að hreinsa tófuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hvelli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Í hvívetna** (orðtak) Að öllu leyti; algerlega. „Það (áfengið) gjörir hann latan og kærulausan til allra nytsamlegra starfa og spillir heilsu hans í hvívetna“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Í hægðum sínum** (orðtak) Með hægðinni; í rólegheitum. „Hann gekk í hægðum sínum heim á leið“.
- Í hæsta máta** (orðtak) Mjög; afar; algerlega. „Þetta finnst mér í hæsta máta óeðlilegt“.
- Í hönd** (orðtak) Yfirstandandi; viðvarandi. „Það var lágsjávað og aðfall í hönd“ Frásögn ÍÍ (MG; Látrabjarg)
- Í hönk** (orðtak) Aðþrengdur; skortir mjög. „Ég á eitthvað af fóðurbæti til að lána þér; ertu alveg í hönk“?
- Í illu** (orðtak) Af illindum; í reiði/sárindum. „Það er allt annað að jagast í góðu en að slást í illu“.
- Í kaldakoli** (orðtak) Í vitleysu/tjóni. „Eftir sjóflóðið var auðvitað flest í kaldakoli á bænum“. Sjá *fara í kaldakol*.
- Í kaupbæti** (orðtak) Í ofanálag; til viðbótar; að auki. „Í kaupbæti gaf hann mér hálfhákarlslykkju“.
- Í kili skal kjörviður** (orðatiltæki) Í kjöl á bát skal nota úrvalsvið. Málshátturinn er líklega mjög gamall en Jónas Hallgrímsson notaði hann sem ljóðlínu í „Alþing hið nýja“ árið 1840 (2.erindi): „Traustir skulu hornsteinar/ hárra sala./ Í kili skal kjörviður./ bóndi er bústólpi;/ bú er landstólpi;/ því skal hann virður vel“.
- Í kjölfar (einhvers)** (orðtak) Á eftir einhverjum; í humátt á eftir einhverjum. „Nokkurrar óánægju gætti í kjölfar þessarar ákvörðunar“. Kjölfar skips á siglingu er iðukastið á eftir því. Sjá *fylgja í kjölfarið*.
- Í klof** (orðtak) Um snjó-vatnsdýpi; nær upp í klof. „Þarna var snjór í klof, og hálfgerð ófærð“.
- Í kluftir** (orðtak) Um snjó- vatnsdýpt; ekki dýpra en svo að varla hylur klaufir kinda á göngu. Kluftir eru efst í bilinu milli klaufa sama fótar. „Ekki er þetta djúpur snjór, varla nema í kluftir“.
- Í krappan dans** (orðtak) Í erfiðleika; í slæmar aðstæður. „Ég komst í ári krappan dans þarna í Röstinni“.
- Í lakara lagi** (orðtak) Með verra móti; rýr. „Uppspera úr gördum var í lakara lagi“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).
- Í lamasessi** (orðtak) Bilað; virkar ekki; orðið lélegt. „Flest tækin hjá honum eru í lamasessi“. Lamasess er sæti lamaðs manns.
- Í lágum hljóðum** (orðtak) Ekki hátt. „Þeir töluðu eitthvað saman í lágum hljóðum, svo ég heyrði ekki“. Sjá *lesa í lágum hljóðum*.
- Í leiðinni** (orðtak) A. Á veginum/leiðinni. „Þetta er í leiðinni, þegar þú ekur inn fjörðinn“. B. Um leið; jafnframt. „Ég setti fêð inn og lagaði lömina á hurðinni í leiðinni“.
- Í leiðslu** (orðtak) Annarshugar; hugsandi; hugfanginn; bergnuminn; úti á þekju. „Hann sat eins og í leiðslu og hlustaði á frásögnina“.
- Í lengstu lög** (orðtak) Eins lengi og unnt er; eins og framast er unnt. „Nauðsynlegt er að varðveita gamla og sérstæða menningu í lengstu lög“.
- Í leti og ómennsku** (orðtak) Aðgerðalaus; latur. „Það aflast lítið með því að liggja í landi í leti og ómennsku“.
- Í leyfisleysi** (orðtak) Án leyfis. „Við förum ekki í leyfisleysi í annarra manna björg“!
- Í líkingu við** (orðtak) Líkt; svipað; með svipmót af; nærri því. „Veðrið er ekkert í líkingu við spána“.
- Í lítilli/mikilli mjólk / Í lítilli/hárrí nyt** (orðtök) Um kú; mjólkur lítið/vel.
- Í ljá** (orðtak) Um tún; slegið; búið að slá. „Ég átti þrjár sléttur í ljá þegar hann brast á með þessum látum“.
- Í ljósi þess** (orðtak) Með skírskotun til þess; vegna þess. „Í ljósi þessara upplýsinga var þetta ákveðið“.
- Í (beinni) loftlínu** (orðtak) Í beinni línu milli staða/punkta (ekki eftir vegi). „Milli bæjarhóla í Kollavík og á Láganúpi eru nákvæmlega tveir kílómetrar í beinni loftlínu. Sama vegalengd er milli núverandi íbúðarhúsa á þessum bæjum (um árið 2000), sé farið eftir bílvegi“.
- Í lokin** (orðtak) Að lokum; að síðustu; að endingu. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófust nú háværar samræður. Í lok þeirra sagði Gummi; svona til réttlætningar því hann varð undir í þetta skiptið...“ (PG; Veðmálið). Einnig; *í blálökin*.
- Í lóði** (orðtak) Um það hvort eitthvað sé lóðrétt. „Mér sýnist að stoðin sé alveg í lóði núna“. Dregið af mælingum með lóðlínu.
- Í lófa lagið** (orðtak) *Hæg heimatökin*; auðvelt; tiltækt. „Honum hefði verið í lófa lagið að vera búinn að þessu“.

- Í lukkunnar velstandi** (orðtak) Í (stakasta) lagi; með kyrrum kjörum; *með ró og spekt.* „Ég leit inn í fjárhúsin og þar virtist allt vera í lukkunnar velstandi“.
- Í lygnu vatni er langt til botns (en í ströngu stutt grunnmál)** (orðatiltæki) Í lygnu má gjarnan sjá til botns þó djúpt sé. Það sannast óvíða betur en á sandblettunum frammi á Kollsvíkinni. Síðari hluti máltækisins var lítt notaður í Kollsvík, en hann vísar til þess að straumur er gjarnan stríðari þar sem grunnt er.
- Í manna minnum** (orðtak) Svo lengi sem elstu menn muna. „Svona vetrarhlýindi hafa líklega ekki komið í manna minnum“.
- Í makindum** (orðtak) Í afslöppun/vellíðan. „Það dugir víst ekki að liggja hér í makindum þegar verkið bíður“.
- Í mannaminnum** (orðtak) Svo lengi sem menn muna. „Ég held bara að svona veður hafi ekki orðið á þessum slóðum í mannaminnum“.
- Í massavís** (orðtak) Í miklum fjölda. „Einhversstaðar eru bilaðar girðingar, eins og féð er farið að sækja inná í massavís“.
- Í meðallagi** (orðtak) Hvorki mikið né lítið; í hófi. „Eigi að síður gáfust hey fullkomlega í meðallagi...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929). Sjá í *góðu meðallagi*.
- Í megnasta ólagi** (orðtak) Mikið bilaður; alls ekki í lagi. „Vélin reyndist í megnasta ólagi“.
- Í meira lagi** (orðtak) All/fremur mikið; nokkuð *um of*. „Heldur þótti mér hávaðinn í meira lagi þarna á ballinu“.
- Í meira lagi ankannalegt/skrýtið/undarlegt** (orðtak) Mjög undarlegt; skýtur mjög skökku við. „Mér þykir það í meira lagi ankannalegt ef þetta hefur *farið framhjá* mér“.
- Í mesta lagi** (orðtak) Í það mesta; í versta falli; ekki meira en. „Það verður lítið af þessum bletti; í mesta lagi tveir til þrír heyvagnar“.
- Í miðið** (orðtak) Í miðjunni; um miðbik. „Ég er líklega þessi í miðið á myndinni“.
- Í miðjan legg** (orðtak) Um dýpt á snjó/vatni/sjó; upp á miðjan legg á fæti. „Snjórinn er víða í miðjan legg“.
- Í miðju kafi** (orðtak) Meðan athögn/verk stendur yfir. „Hann var að setja egg í kút, en hætti í miðju kafi og hljóp framá brúnina til að gá hvað hefði skeð“.
- Í miðjum sjó** (orðtak) Milli botns og yfirborðs sjávar. „Ég er handviss um að ég var með feiknarstóra lúðu á; en hún reif sig af í miðjum sjó“.
- Í miklum metum** (orðtak) Vinsæll; mikils metinn. „Eitt verð ég þó að nefna í viðbót, sem meðal annars varð til þess að hann var í miklum metum hjá öllum gömlu konunum á Rauðasandi...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Í miklum móð** (orðtak) Af miklu kappi; af dugnaði; í ham. „Við ruddum heyinu í hlöðuna í miklum móð“.
- Í miklum/töluverðum/verulegum mæli** (orðtak) Mjög/töluvert/verulega mikið; í miklu/verulegu magni. „Ferðafólk er farið að sækja í Kollsvík í verulegum mæli á síðari árum“. Vísar til þess að eitthvað, t.d. kornvara, sé mæld í mælikeri. Sjá í *auknum mæli*.
- Í millitíðinni** (orðtak) á tímanum sem líður á milli. „Hann reri á tuðrunni með eggjakútana út í bátinn, en í millitíðinni gerðum við fleiri kúta klára til að slaka þeim niður af Vellinum“.
- Í minnalagi** (orðtak) *Með minna móti*; minna en vant er/ búist var við. „Aflinn var í minnalagi, en annars gekk róðurinn bara vel“.
- Í minnum haft** (orðtak) Munað eftir; talað um. Að hafa eitthvað í minni/minnum merkti áður fyrr að drekka skál fyrir einhverju merku, en hefur fengið áður nefnda merkingu í nútímamáli.
- Í mínu ungdæmi** (orðtak) Þegar ég var ung(ur). „...enn stunda ég hænsnabúskap með líku sniði og gert var í mínu ungdæmi“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms). „Þar var róid að vorinu og nokkuð að sumrinu og jafnvel alveg fram á haust stöku sinnum í mínu ungdæmi“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Í mjólk** (orðtak) Um kú; mjólkandi. „Hér eru tvær kýr í mjólk og ein geld“.
- Í mýflugumynd** (orðtak) Um það/þann sem stendur stutt við; hefur stutta viðdvöl. „Hann kom hér í mýflugumynd; rétt til að kasta kveðju á fólkið, en svo þurfti hann að *ryka*“.
- Í mörg horn að líta** (orðtak) Margt að gera/ fást við; mörg að sinna; önnur kafinn. „Ég hef haft í mörg horn að líta þessa dagana“. Stundum haft „ýmis“ í staðinn fyrir „mörg“.
- Í nauðum staddur** (orðtak) Þarfnast aðstoðar; í neyð. „Maður er auðvitað alltaf tilbúinn að aðstoða menn sem eru í nauðum staddir“.
- Í náðinni hjá (einhverjum)** (orðtak) Nýtur góðvildar einhvers; í vinfengi við einhvern. „Ég held ég sé ekki beinlínis í náðinni hjá honum eftir þetta“.

- Í náinni framtíð** (orðtak) Á næstunni; á næstu dögum/tímum/vikum. „Heldurðu að þetta verði eitthvað lagfært í náinni framtíð“?
- Í neðra** (orðtak) Í Helvíti; í *verri staðnum*. „Nú líkar honum lífið þarna í neðra; netið er allt samansúrrað af flækjum“!
- Í nöp við** (orðtak) Fremur illa við; *hafu ímugust á*. „Mér er alltaf dálítið í nöp við þessar enskuslettur“. Nöp er heiti á nösum eða ölluheldur nasagöngum. Orðtakið vísar líklega til þess að hnussa gegnum nefið.
- Í nösunum á (einhverjum)** (orðtak) Um reiði/vandlætingu/móðgun sem er meira í orði en í raun. „Það er ekki að marka hvernig hann bölsótast yfir þessu; það er nú bara í nösunum á honum“.
- Í ofanálag** (orðtak) *Til viðbótar/tilbótar*; í viðbót; *að auki*. „Svo gaf hann mér hákarlslykkju í ofanálag“!
- Í og með** (orðtök) Að hluta til; að sumu leiti. „Í og með hefur mig alltaf langað til að prófa þetta“.
- Í orðastað (einhvers)** (orðtak) Fyrir munn (einhvers). „Hann orti kvæðið í orðastað Kolls, þegar hann sneri við í Blakknesröstinni til að mæta örlögum sínum við Arnarboða“.
- Í orði jafnt sem á borði / í orði en ekki á borði** (orðtök) Um það að saman fari orð og athafnir/ að maður geri það sem maður segist gera eða ætla að gera. „Mér finnst að hann hafi unnið að þessu af fullum heilindum; í orði jafnt sem á borði“. „Henni fannst þetta vera meira í orði en á borði hjá honum“.
- Í orði kveðnu** (orðtak) Að sögn; látið líta út fyrir þó ekki sé raunverulega. „Hann á jörðina í orði kveðnu, en í raun er bankinn hinn raunverulegi eigandi“.
- Í orðsins fyllstu merkingu** (orðtak) Eins og framast er unnt að túlka; samkvæmt orðanna hljóðan.
- Í óða önn** (orðtak) Upptekinn við; *í gríð og erg*; af miklu kappi. „Við vorum í óða önn að hirða af neðstu sléttunni þegar hann þykknaði skyndilega upp“.
- Í óhirðu/ólestri** (orðtak) Í óreiðu/ólagi; í bland. „Mér sýndist að skráningin á þessu væri öll í mestra ólestri“.
- Í óskilum** (orðtak) Ekki í skilum; ekki hjá réttum eiganda. „Hjá mér eru tvö ómörkuð lömb í óskilum“.
- Í óspurðum fréttum** (orðtak) Án þess að innt væri eftir. „Hann sagði mér í óspurðum fréttum að nú væri annað barn á leiðinni hjá þeim“.
- Í óþökk** (orðtak) Móti vilja. „Ég hreyfi ekki við fénu í óþökk eigandans“.
- Í pottinn búið** (orðtak) *Búið um hnútana*; hagar til; liggur í hlutunum. „Ég hef engar áhyggjur af þessu fyrst svona er í pottinn búið“. „Hann greip strax til sinna ráða þegar hann sá hvernig í pottinn var búið“. Líking við matreiðslu; það sem sett er saman í pott til eldunar.
- Í praxis** (orðtak) Raunverulega; í raunveruleikanum/framkvæmd. „Þetta hljómar ágætlega en getur orðið dálítið erfitt í praxis“.
- Í rassi með** (orðtak) Of seinn með; búið að láta dragast úr hömlu. „Þú ert að verða í rassi með allt heimanámið drengur; farðu nú að herða þig við þettað“.
- Í rauðabýtið** (orðtak) Eldsnemma; árla morguns. „Hann fór á fætur í rauðabýtið; fékk sér *morgunmiguna og gáði til veðurs*“.
- Í raun og sann / Í raun og sannleika / Í raun rétttri** (orðtök) *Með réttu lagi*; í raun og veru; raunverulega; *strangt til tekið*. „Í raun og sannleika átti hann jörðina, þó hann byggði þar ekki sjálfur“. „Í raun rétttri eiga Útvinamenn enn fullan rétt til óheftra veiða á sínum miðum, líkt og verið hefur um aldaradit“.
- Í raun og veru / Í rauninni / Í reyndinni** (orðtök) *Með réttu lagi*; reyndar; raunar; *eiginlega*. „Í rauninni þýðir þetta orðasamband *harla* lítið“. „Í raun rétttri átti hann að laga sín mistök sjálfur“. „Í reyndinni er þetta algerlega óhugsandit“.
- Í ráði** (orðtak) Fyrirhugað; ætlað. „Í ráði er að skipa nefnd til að móta þetta málefni“.
- Í reyfinu/rúinu / Í ullu** (orðtak) Um kind; í reyfinu; *í ullu*; *óaftekin*. „Þarna var ein í rúinu innanum hinar“. „Þarna á Stígunum voru tvær kindur með lömbum; báðar í reyfinu“. Sjá *rú*; *rýja*; *taka af*.
- Í ró og næði / Í ró og spekt / í ró og friðsemd / í mestu rósemi** (orðtök) Í friðsæld/rólegheitum. „Það féll allt í ró og spekt eftir kosningarnar þó sumir séu sárir“.
- Í rusli** (orðtak) A. Um manneskju; í hugarvíli/angist; niðurbrotin; í öngum sínum. „Hann var alveg í rusli yfir þessum mistökum“. B. Í óreiðu/drasli/ólagi. „Þarna inni var allt í rusli“.
- Í röð og reglu** (orðtak) Reglulegt; skipulega uppraðað/frágengið. „Hjá henni var allt í röð og reglu“.
- Í sama dúr / Í þeim dúr / Í sömu/þá veru / Í sömu/þá átt** (orðtök) Á svipaða/sömu/þá leið; þannig. „Þórhallur ræddi mjög í sama dúr um málið og frummælendi“ (Gerðabók Rauðasandshepps; ÖG).

- Í sama bili / Í sama mund / Í sama vetfangi** (orðtak) Á sömu stundu; um leið. „Í sama bili og þeir tóku landróðurinn tók sig upp gríðarmikil bára aftanvið bátinn“. „Í sama mund kom Snæbjörn Thoroddsen...“ (ÞJ; Sargon strandið; Arb.Barð 1949).
- Í sambandi við / Í tengslum við** (orðtök) Tengt; í framhamhaldi af; sem tengist umfjöllun. „Í sambandi við þetta má nefna nythæð kúnna, sem er hærri en nokkru sinni áður; 3000 kg að meðaltali úr kúnni í aðalskýrslu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Í sannleika sagt** (orðtak) Satt best að segja; ef satt skal segja; *í verunni*. „Ekki veit ég hvernig í fjáranm þetta vildi til, og í sannleika sagt er mér nokk sama“.
- Í sátt og samlyndi** (orðtak) Í góðu vinfengi; í friðsemd. „Mér skilst að þar sé allt í sátt og samlyndi milli bæjanna; í það minnsta þessa stundina“.
- Í seinni tíð** (orðtak) *Á síðari tímum; upp á síðkastið*. „Þetta heyrst minna notað í seinni tíð“.
- Í seinustu/síðustu lög** (orðtak) Þegar allt um þrýtur; lokaúræði. „Ég vildi ekki reka féð yfir ána í þessu frosti fyrr en í síðustu lög, heldur fór með það lengri leið upp að brúnni“.
- Í sendingskasti** (orðtak) Um hraðhlaup; í miklum flýti; eins og píla/ör. „Ég hljóp í sendingskasti norðureftir og lokaði hliðinu“. Visar til hraða hlutar/spjóts sem kastað er.
- Í senn** (orðtak) Í einu; samtímis. „Þarna var margt að gerast í senn“.
- Í síðasta lagi** (orðtak) Fyrir það síðasta; sem síðasta/lakasta kost. „Hann bjóst við að koma seinnipart vikunnar; í síðasta lagi á föstudag“.
- Í síðustu lög** (orðtak) Fyrir síðasta kost. „Ég vildi í síðustu lög trúa því að svonalagað gæti gerst“.
- Í sífellu** (orðtak) Sífellt; ítrekað; samfellt. „Hann tautaði þetta fyrir munni sér í sífellu, til að *leggja* það á minnið“.
- Í sjálfsmennsku** (orðtak) Sjá um sig sjálfur. „Karlínn var bara í sjálfsmennsku meðan hún fór í ferðalagið“.
- Í sjálfsvald sett** (orðtak) Ræður því sjálfur; hefur sjálfðæmi um. „Mér er það í sjálfsvald sett hvernig ég geri þetta“. „Honum á ekki að vera það í sjálfsvald sett hvort hann mætir í vinnuna“.
- Í sjálfu sér** (orðtak) Raunverulega; eiginlega. „Ég hafði hugsað mér þetta svona, en í sjálfu sér skiptir ekki máli hvaða aðferð er notuð“.
- Í sjó að leggja** (orðtak) Um sjóhæfi báts. Talað er um að bátur sé góður eða varasamur í sjó að leggja; þ.e. hvort hann verjist vel öldunni eða sé hættulegur í slæmum sjó.
- Í sjóinn / Til sjávarins /sjóarins/hafsins** (orðtök) Um lýsingar sjólags. Einatt var sagt/spurt til um hvernig „hann“ væri „í sjóinn“ eða „til sjávarins/sjóarins/hafsins“. „Heldur er hann orðinn úfinn til hafsins núna“. „... fjörugrjót er þarna stórt og hált, en kvika var í sjóinn“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra). „Í Skorarvogi er blinnsker sem brýtur á ef eitthvað er í sjóinn“ (AÍ; Örn.skrá Sjöundár).
- Í sjónmáli** (orðtak) Sjáanlegt; í *sjónlínu*. „Ég lagði strenginn út á milli tveggja annarra, og gætti þess að hafa djúpból beggja í sjónmáli“.
- Í skorðum** (orðtak) A. Um bát; frágenginn í sátri með skorðum undir súð til að halda honum á réttum kili. „Oftast var báturinn skolaður áður en hann var að fullu settur undan sjó; nema því aðeins að ráð væri á unglungum til að gera það þegar báturinn var kominn í skorður“ (KJK; Kollsvíkurvef). B. Í almennara samhengi; í röð og reglu. „Hér er allt í góðum skorðum“.
- Í skóvarp** (orðtak) Um dýpt á snjó/vatni o.fl; um ristardjúpt, eða um 3-4 cm. Skóvarp var efri brún á skinnskóm. „Það er ekki kominn mikill snjór ennþá; bara rétt í skóvarp“.
- Í skyndi / Í skyndingu** (orðtak) *Í hvelli*; fyrirvaralaust; snögg; með hraði. „Hann kvaddi í skyndingu og hljóp af stað“. „Ennfremur varð ég þess var að komin var ljósmóðir sveitarinnar, Ólafía Egilsdóttir á Hnjóti. Hún hafði verið sótt í skyndi“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Í skömm við** (orðtak) Með gjaldfallna skuld við. „Nú þyrfti ég að komast á Patró í dag, til að lenda ekki í skömm við bankann“.
- Í skötulíki** (n, hk) Til að sýnast; illa gert: „Allt viðhald vega hefur til dæmis verið í skötulíki“.
- Í slagtogi með** (orðtak) Í félagsskap við; á flækingi með. „Heimalningurinn er alltaf í slagtogi með hrúttunum“. Slagtog gæti upphaflega hafa verið forndanska orðið slagtow, sem merkir reipi.
- Í slöku meðallagi** (orðtak) Nokkuð undir meðallagi/ því sem eðlilegt er.
- Í smáum stíl** (orðtak) Í litlu magni; ekki stórfellt. „Búskapur var í fremur smáum stíl á þessu koti“.
- Í snarhasti / Í snatri** (orðtak) Í miklum flýti; með miklum asa. „Við þurfum að drífa þetta inn í snarhasti; áður en fer að rigna“! „Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í snatri og gert til“ (PG; Veðmálið).

- Í sollinum** (orðtak) Í skemmtanalífinu; í ræsinu; í stórborginni. „Ekki veit ég hvað menn eru að sækja þangað suður. Þar hanga menn víst atvinnulausir hvunn dags og velta sér í sollinum um helgar“!
- Í sparnaðarskyni** (orðtak) Til að spara. „Fólk var mun hagsýnna í öllu daglegu lífi áðurfyrr; þrautnýtti og endurnýtti alla hluti. T.d. var í sparnaðarskyni *haldið til haga* öllum niðursuðudósum og plastpokum.
- Í (einhvers) stað** (orðtak) Í staðinn fyrir einhvern. „Ef hann ætlar að hafa þetta svona þá má fjandinn eiga þetta í minn stað; ég kem ekki nærri því“!
- Í staðinn fyrir** (orðtak) Í stað; í skiptum fyrir. „Ég fékk mér fólksbíl í staðinn fyrir jeppann“.
- Í stakk búinn** (orðtak) Klæddur; útbúinn. Oftast notað í líkingamáli nútildags. „Bændur eru illa í stakk búnir til að mæta svona áföllum“. „Þið þurfið að vera vel í stakk búnir fyrir þessa ferð; það gæti viðrað ýmsu“.
- Í standandi vandræðum** (orðtak) Í mjög miklum vanda; aðþrengdur. „Ég var í standandi vandræðum með smalamennskur eftir að besti smalinn veiktist á versta tíma“.
- Í stíl við** (orðtak) Í líkingu/samræmi við; með tilliti til.
- Í stórum stíl** (orðtak) Í miklu magni; stórtækt. „Fiskirask var borið á tún í stórum stíl“.
- Í strássi við** (orðtak) Í andstöðu/mótsögn við; uppá móti; í veseni með; *í trássi við*. „Ég nenni ekki að standa í strássi við þessa þverhaua öllu lengur“!
- Í (einni) striklotu** (orðtak) Með óbreyttri stefnu; í einni atrennu; án þess að stoppa. Merkir líklega upphaflega siglingu skips í einum legg, með óbreyttu *striki* á áttavita. „Kindurnar hlupu í einni striklotu að gjánni“.
- Í stríðum straumum** (orðtak) Með miklu rennsli. Stríðir straumar vísar til hraðra sjávarfalla.
- Í stuttu máli (sagt)** (orðtak) Sagt í fáum orðum; *drepið á því helsta*. „Í stuttu máli sagt var þetta skemmtilegasa ferð sem ég hef nokkurntíma farið í“.
- Í styttingi** (orðtak) Með fáum orðum; með óvild; stuttaralega. „Hann var orðinn reiður og kvaddi okkur í styttingi“.
- Í svanginn** (orðtak) Að borða; í magann; ofaní sig. „Það var gott að komast heim og fá eitthvað í svanginn eftir þessa löngu ferð“.
- Í sveit settur** (orðtak) Sjá *þannig í sveit settur*.
- Í sveita síns andlitis** (orðtak) Með miklu erfiðu/púli. „Manni þykir helvíti hart að þurfa að borga í skatta, meira en helming þess sem maður vinnur sér inn í sveita síns andlitis“!
- Í svip** (orðtak) Örstutta stund; í smátíma. „Ég þóttist sjá bauju þarna rétt í svip, en sé hana ekki núna“.
- Í svipinn** (orðtak) Eins og er; í augnablikinu; núna. „Ég man þetta ekki í svipinn; því er alveg *úr mér stolið*“.
- Í sömu andrá/svifum** (orðtak) Um leið; í sömu svifum. „Í sömu andrá og hrundi úr hillunni náði ég að grípa vaðinn“. „Hann *bar að* í sömu svifum og gat aðstoðað mig við verkið“.
- Í sömu skorðum** (orðtak) *Með sömu ummerkjum*; óbreytt. Líking við að bátur sé eins skorðaður og áður hefur verið gert. „Roðasteinninn aldni er/ enn í sömu skorðum./ Systrahundruð sýnist mér/ svipuð vera og forðum“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Í sömu sveit settir** (orðtak) Í sama hópi; *á sama báti*. „Það eru allir í sömu sveit settir hvað þetta varðar; allir eru orðnir *tæpir með salt*“.
- Í tilefni af** (orðtak) Til að heiðra/minnast; vegna. „Mamma bakaði tertu í tilefni af afmælinu“.
- Í tilferð með** (orðtak) Að undirbúa/áforma. „Mér sýnist hann vera í tilferð með að leggja af stað“. „Eruð þið ekkert í tilferð með að sofa strákar“?
- Í tíð (einhvers)** (orðtak) Á æviskeiði eða starfstíma einhvers. „Einnig voru í hans tíð byggð mikil fjárhús“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Í tíma** (orðtak) Tímanlega; nægilega snemma. „Hann áttaði sig í tíma og snarstoppaði“.
- Í tíma og ótíma** (orðtak) Alltaf; *sýknt og heilag*; jafnvel þegar verst gegnir. „Mikið vildi ég vera laus við þetta íþróttakjaftæði í fjölmiðlunum í tíma og ótíma“. Sjá *ótími*.
- Í tímans rás** (orðtak) Yfir langan tíma; meðan tíminn líður. „Í tímans rás hafa myndast fjölmargir *frostgígar* í hálendinu kringum Kollsvík“.
- Í togi** (orðtak) Í eftirdragi/slefi. „Fönix leggur af stað með þrjá báta í togi og er ekki mjög hraðskreiður“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Í (góðu) tómi** (orðtak) Við (gott) tækifæri; þegar tími er til. „Ég greip í þetta verk þegar tómi var til“.
- Í trausti þess** (orðtak) Í þeirri fullvissu/trú. „Ég lánaði honum þetta í trausti þess að hann skilaði því til baka“.

- Í trássi við** (orðtak) Með óvilja; gegn; móti. „Svona aðgerð er auðvitað í trássi við lög og rétt“.
- Í trúnaði** (orðtak) Með því skilyrði að ekki fari lengra. „Hún sagði mér í trúnaði að karlinn væri líklega farinn að halda framhjá“.
- Í tveimur reyfum** (orðtak) Um kind; í ull frá nýliðnu (yfirstandandi) sumri og því síðasta; ekki verið rúin í tvö ár. „Ég sé ekki betur en þarna sé ein útigengin kind í tveimur reyfum“.
- Í tvísýnu** (orðtak) Með áhættu; hættulega. „Við leggjum ekki af stað í þessari tvísýnu“. „Það tekur því ekki að leggja í einhverja tvísýnu til að ná örfáum eggjakoppum“. Tvísýna vísar til þess að menn geta séð fyrir sér bæði góðar og slæmar afleiðingar.
- Í tvísýnu veðri** (orðtak) Í slæmu/uggvænlegu veðurútliti. „Skelfing er mér illa við að þú sért að fara af stað í svona tvísýnu veðri“.
- Í tæka tíð** (orðtak) Nógu tímanlega; fyrir. „Þú þarft að hafa þig til í tæka tíð áður en bíllinn kemur“.
- Í ull / Í ullu** (orðtak) Um kind; í *reyfinu*; *óaftekin*. Hvorutveggja var notaði Rauðasandshreppi á síðari hluta 20.aldar, en líklega er u-endingin upprunalegri. „Ég sá þarna þrjár kindur; allar í ullu“.
- Í ungdæmi** (orðtak) Á yngri árum; á unga aldri. „Er því fullvíst að sagnir um þetta hafa lifað á vörum afkomenda Einars í ungdæmi Ólafs Guðbjartssonar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Í upphafi skyldi endirinn skoða** (orðatiltæki) Áður en verk/mál er hafið er rétt að íhuga hvernig það gæti endað. Mikið notuð speki.
- Í (algjörum/standandi) vandræðum** (orðtak) Vandamál blasa við. „Passaðu þig að missa ekki austurtrogið fyrir borð; þá værum við í standandi vandræðum“.
- Í vafa um** (orðtak) Efast um; *hugsandi yfir*; ekki viss um. „Hann var ekki í nokkrum vafa um þetta“.
- Í vanda staddur** (orðtak) Í vandræðum/klípu. „Þú lætur mig vita ef þú ert í vanda staddur“.
- Í veðrið** (orðtak) A. Um það þegar hlutir fjúka og hverfa: „Við þurfum að festa þetta niður svo það fari ekki í veðrið“. B. Upp í vindinn; áveðurs. „Það var íþrótt að skjóta svartbaksunga á flugi hér í vikinni. Í norðanstormi þá flýgur fuglinn alltaf í veðrið og flýgur lágt“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Í veður og vind** (orðtak) Sjá *fara/hverfa (út) í veður og vind*.
- Í vellystingum praktuglega** (orðtak) Í óhöfi og munaði; í velsæld. „Karlinn arfleiddi strákinn að öllu sínu, svo nú getur strákur lifað í vellystingum praktuglega og drukkið sig útúr á hverri helgi“.
- Í verri staðnum** (orðtak) Í helvíti. „Hann hélt að hann gæti lent í verri staðnum ef hann færi að ljúga til um þetta“.
- Í verunni** (orðtak) Reyndar; í raunveruleikanum; í *sannleika sagt*. „Í verunni var hann hjartanlega sammála þeim, en hann sleppti aldrei góðu tækifæri til að þrasa“.
- Í véfréttarstil** (orðtak) Um svör eða fullyrðingar sem þykja óljós. „Það þýðir ekkert fyrir hann að tala í einhverjum véfréttarstil; ég fer framá að fá skýr svör“!
- Í viðlíkingu við** (orðtak) Til jafnaðar/samanburðar við. „Hann er fjári hvass enn, en ekkert í viðlíkingu við það sem var í nótt“.
- Í viðlögum** (orðtak) Þegar mikið liggur við. „Þetta er óttalega lélegt, en gott að geta gripið til þess í viðlögum“.
- Í vil** (orðtak) Í hag; að vilja. „Honum gengur þetta allt í vil“. „Ég reyndi að gera honum þetta í vil“.
- Í vinfengi við** (orðtak) Í kunningsskap/slagtogi með; vinur. „Ég er í litlu vinfengi við þá þessa stundina“.
- Í vitorði með** (orðtak) Þátttakandi í; með vitneskju um fyrirætlan/verknað. Oftast notað um glæp sem framinn er í samráði þess sem við er átt eða með hans vitneskju.
- Í vulli** (orðtak) Sjá *allt í vulli*.
- Í vök að verjast** (orðtak) Sjá *eiga í vök að verjast*.
- Í það fyrsta** (orðtak) Varla orðið tímabært; heldur snemmt. „Mér finnst í það fyrsta að fara að *vitja um* strengina í Flóanum; það var ekki svo mikil veiði í þá síðast“.
- Í það heila tekið** (orðtak) Í heildina; að öllu samanlögðu. „Í það heila tekið hefur veturinn ekki verið harður“.
- Í það minnsta** (orðtak) A. Að minnsta kosti; að lágmarki. „Þú gætir nú í það minnsta reynt að aðstoða“! B. Það minnsta sem hugsast getur/ getur verið. „Þetta er í það minnsta af salti, en ég held að það *sleppi*“.
- Í það og það sinnið/skiptið** (orðtak) Í hvert sinn/skipti; hverju sinni. „Yfir netavertíðina var matriddur sá meðafli sem kom í netin í það og það skiptið“.

- Í þann mund/veginn / Í þeim svifum / Í því (sama) vetfangi / Í því** (orðtak) Á þeim tíma; um það leyti. „Þeir birtust á Hjallabrúninni í þann mund sem ég ætlaði að fara að leita“. „Ég var í þann veginn að fara að hella uppá könnuna“.
- Í þakkarskuld við** (orðtak) Bera þakkarhug til; vera þakklátur. „Ég stend í þakkarskuld við þau bæði“.
- Í þann tíð** (orðtak) Þá; á þeim tíma. „Hann gekk yfir hálsinn til að láta vita, en í þann tíð var enginn sími“.
- Í þann veginn að** (orðtak) Rétt að fara að byrja; nærri byrjaður að; *rétt óbyrjaður á*. „Ég var í þann veginn að ganga út úr dyrunum þegar síminn hringdi“.
- Í þarfleysu** (orðtak) Að nauðsynjalausu/óþörfu. „Vertu nú ekki að skjóta út í loftið í þarfleysu“!
- Í þaula** (orðtak) Algerlega; í hörgul. „Ég þekkti þetta í þaula“. „Hann spurði mig í þaula um þetta“. Kvenkynsheitið „þaul“ hefur vafist fyrir málfræðingum. E.t.v. á það sömu rót og „þel“, sem í raun merkir undirlag eða grunnur.
- Í þá veru / Í þá átt(ina)** (orðtak) Í átt að því; því viðvíkjandi. „Hann lofaði einhverju í þessa veru“. „Ég hef aldrei sagt neitt í þá áttina“!
- Í þágu (einhvers)** (orðtak) Sem kemur einhverju(m) vel; einhverjum *til framdráttar*. „Hann lagði til mikla vinnu í þágu félagsins“. „Þetta var ekki gert í mína þágu“. „Þórður Jónsson þakkaði þeim Ívari Ívarssyni og Snæbirmi J. Thoroddsen sérstaklega þeirra störf í þágu sveitarinnar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Í þeim/sömu svifum** (orðtak) Á sama tíma; um leið. „Ég ætlaði að fara að leita, en í þeim svifum kom hann heim“. Svif merkja í þessu tilliti hreyfing; sveifla.
- Í þingum við** (orðtak) Í föstu sambandi/ástarsambandi við; trúlofaður. „Hann er sagður í þingum við aðra“.
- Í þjóðbraut** (orðtak) Um bæ/byggð; nærri alfaraleið; við fjölfarinn veg. „Ekki verður sagt að Kollsvík sé í þjóðbraut eins og bílvegir liggja nú á dögum, en þangað liggur margra leið þrátt fyrir það“.
- Í þokkabót** (orðtak) Til viðbótar; í ofanálag. „Og varstu svo í þokkabót að rífa buxurnar þínar drengur“?! Þokkabót er það sem eykur þokka/fegurð. Í orðtakinu er það einatt í öfugri merkingu, til háðs.
- Í þungu skapi** (orðtak) Reiður; sorgmæddur; dapur; vonsvikinn. „Ég sá að hann var í þungu skapi“.
- Í þungum þönkum** (orðtak) *Þungt hugs*; mikið hugsandi og tekur ekki eftir því sem fram fer.
- Í þurru (veðri)** (orðtak) Meðan úrkomulaust er; áður en fer að rigna. „Við náðum að klára þetta í þurru, en stuttu síðar fór að *hellirigna*“.
- Í því / Í þeim svifum / Í þessu** (orðtök) Þá; um leið. „En í því hann er að koma fram á brúnina veit ég ekki fyrir til en hann steypist framyfir sig; og framaf bjargbrúninni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Í því augnmiði** (orðtak) Með það fyrir augum; til þess. „Ég gerði þetta í því augnmiði að flýta fyrir okkur“.
- Í því fölginn** (orðtak) Felst í því; er þannig. „Afkoman er í því fölin að sýna sparsemi og þrautseigju“. *Felast í*.
- Í því skyni** (orðtak) Í þeim tilgangi; til að. „Skyn“ merkir hér „skilningur“. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá slátruhúsinu“ (PG; Veðmálið).
- Í þykjustunni** (orðtak) Í imynduðum heimi; í plati. „Börn rata í hin furðulegustu ævintýri í þykjustunni“.
- Í þörf fyrir** (orðtak) Þarfnast; þurfa; vanta. „Ég er ekki í brýnni þörf fyrir neftóbak; en fyrst þú býður...“.
- Í æsku** (orðtak) Þegar (einhver) var ungur/barn. Algengt orðalag fyrrum en heyrir nú sjaldan. „Þessa sögu sagði móðir mín mér í æsku“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Í ætt við** (orðtak) Skylt; nátegt; líkist. „Ég er víst eitthvað í ætt við þetta fólk“. „Mér finnst bragðið vera dálítið í ætt við bananabragð“.
- Í ætt skotið** (orðtak) *Sjá illa í ætt skotið*.
- Í öfugri röð** (orðtak) Öfugt raðað/gerð/uppsett miðað það sem venjulegt/rétt er.
- Í ökkla eða eyra** (orðtak) *Ofeða van*; ekki mátulegt/jafnt. „Þetta er ýmist í ökkla eða eyra; annaðhvort allt að skrælna úr þurrki eða látlaus rigning“!
- Í ökufæru standi** (orðtak) Í því ástandi að unnt sé að aka. „Bíllinn var ekki í ökufæru standi eftir óhappið“.
- Í öllu falli** (orðtak) *Hvað sem öðru líður*. „Það er í öllu falli búið að leita á dalnum þó ekkert hafi fundist“.
- Í öllum (guðs)bænum** (orðtak) *Í guðanna bænum; fyrir alla muni*; endilega. „Hvað ertu að gera með þessa maðkaveitu inn í hús? Í öllum guðsbænum fleygðu þessu sem lengst í burtu“!
- Í öndverðu** (orðtak) Upphaflega; í byrjun; á fyrstu tímum. „Þetta var ákveðið þegar í öndverðu“.
- Í öngum sínum / Í örvæntingu** (orðtök) Angistarfullur; eyðilagður; í áfalli. „Hann er í öngum sínum yfir að komast ekki“.

Í önnum (orðtak) Upptekinn við verkefni; starfandi; mikið að gera. „Ég hef verið í önnum þessa vikuna“.

Íbjúgur (l) Boginn; sveigður. „Járnplatan var dálítið íbjúg í annan endan og því tilvalin snjóþota“.

Íblástur (n, kk) *Íganga* var vaxandi skýjafar af ríkjandi átt, og merki um að hún héldist. *Íblástur* táknaði nánst það sama; átti þó öllu heldur við um sjálft veðrið“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). Halldór Kiljan Laxness nam þetta orð í heimsókn sinni vestra og notaði það í Paradísarheimt.

Íburðarlaus (l) Án íburðar/skrauts/óhófs. „Kotið var íburðarlaust, en þó hvorki hrörlegt né fátæklegt“.

Íburður (n, kk) A. Óhóf/fordild/skraut, t.d. í klæðaburði eða húsagerð. B. Sú athöfn að koma *ífaru* í spröku eða hákarl. C. Það að bera efni í klæði eða annað; t.d. að bera lýsi í skinnklæði.

Íbúðarhús (n, hk) Hús sem búið er í. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið).

Íbyggilega (ao) Á íbygginn hátt; þannig að meira liggja augljóslega undir en í sagt er. „Hann sagði þetta svo íbyggilega að ekki fór á milli mála að hann vissi allt um málið“.

Íbyggilegur / Íbygginn (l) Um svipmót sem einhver meining býr á bak við. „Hann sagði, íbygginn á svip, að þakinn væri ekki alveg tómur“.

Íbyggisglott / Íbyggisvipur (n, hk/kk) Glott/svipur sem gefur í skyn að meira búi undir en sagt er/ að viðkomandi viti meira en hann talar um. „Ég fékk ekkert upp úr honum annað en eitthvað íbyggisglott“.

Ídíal (l) Tilvalið; upplagt. „Það er alveg ídíal að nota *kruður* úti rauðgrautinn“. Stundum framborið „ídeal“.

Íðilblíða (n, kvk) Eindæma veðurlíða. „Þvílík íðilblíða er þetta“!

Íðilgott (l) Fyrirtaks/afbragðs gott. „Það er óvíst að við fáum svona íðilgott sjóveður á morgun“.

Íðilheimska (n, kvk) *Frámunalega* mikil heimska; *fábjánaháttur*. „Ég hef sjaldan vitað álíka íðilheimsku“!

Íferð (n, kvk) Ígerð. Sjaldnar notað, og þá einkum um forstíg ígerðar.

Íflatur (l) Flatur á kafla/ að hluta. „Sauðabólshlíð endar niðri á klettanefi; grasigrónu, íflötu“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Ífæra (n, kvk) Stór krókur sem hafður var tiltækur í bát til að *færa* í lúðu þegar hún var komin uppundir borð, þar sem þá var hætt á að krókurinn slitnaði úr henni. Var ífærunni smeygt inni tálkopin eða í kjaftinn og útum tálkopin. Auga var jafnan á efri enda ífærunnar til að festa henni með bandi í bátinn. „Önglumum var raðað á hástokkinn svo lóðin færi ekki í flækju út úr bátum ef lúðan strikaði. Það varð að vera tilbúið með ífæruna og koma henni í gott hald á hausnum, þegar lúðan kom að“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).

Ífæruauga (n, hk) Auga á ífæru, þar sem ífærubandinu er fest í hana.

Ífæruband (n, hk) Band sem festir ífæruna við bátinn; um faðmur á lengd og vel sterkt.

Ífæruleaus (l) Án ífæru. „Ífæruleaus fer ég ekki aftur í róður; það er alveg nóg að tapa einni lúðu fyrir það“!

Íganga / Ígangsveður / Ígangsstórviðri (n, hk) *Uppgangsveður*; óveður að bresta á; veður að versna mjög. „Íganga var vaxandi skýjafar af ríkjandi átt, og merki um að hún héldist“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). „Þú ferð ekkert af stað núna; það er ígangsveður og ég vil ekki vita af þér upp á fjöllum í glóruleausri stórhrið“!

Ígerð (n, kvk) Gröftur/sýking í sári/meini; graftarkýli. „Ég er hræddur um að það sé komin ígerð í sárið“.

Ígreiptur (l) Innfelldur; festur í. „Þetta er forláta gullhringur með ígreiptum steini“.

Ígrip (n, hk) Íhlaupavinna; vinna sem unnin er í áföngum, þegar færi gefst. „Ég kláraði að greiða úr þessari lóðaflækju í ígripum; með fram öðrum verkum“.

Ígripaverk (n, hk) *Íhlaupaverk*; verk sem unnið er öðru hvoru, þegar ekkert er þarfara að gera.

Ígrunda (s) Þaulhugsa; hugsa til hlítar; leggja grunn að. „Mér sýnist að þetta hafi verið illa ígrundað“.

Ígrundun (n, kvk) Umhugsun; *spekúleringar*. „Þetta þarf allmikla ígrundun“.

Ígulker eru flokkur skrápdyra sem algeng eru í sjó allt í kringum landið. Þau rekur iðulega á fjörur og eru einnig borin upp af sjófluglum. Þau ánetjast iðulega í netum og er stundum nokkuð vesen að greiða þau úr. Fjölgi þeim verulega, eins og hefur gerst á síðari árum, éta þau upp þaraskóga og eyðileggja með því búsvæði/veiðisvæði hrognkelsa og annarra sjávardýra. Algengasta tegund ígulkerja er *skollakoppur*; *Strongylocentrotus droebachiensis*; grænbrún og fremur smávaxin tegund; verður mest um 8 cm í þvermál, en oftast minni. Hann lifir einkum á grunnsævi. Hrygnun og sviljun á sér stað á sama tíma í ígulkerjabyggð. Lirfurnar lifa sem svif fyrstu árin en setjast síðar á botninn og umbreytast í ígulker. Skollakoppur lifir einum á blaðþara af ýmsum tegundum, t.d. stórþara og hrossþara. Miklar sveiflur geta orðið í stofnstærð hans.

Höfundur hefur leitt að því líkum að slík offjölgun kringum árið 1980 hafi leitt til mikillar ofbeitar þaraskóga víðsvegar við strendur, sem aftur leiddi til þess að brimbáran komst óhindrað upp á fjörur og olli þar miklum spjöllum. Slíkt átti sér m.a. stað í Kollsvík undir lok 20.aldar, en þar braut brimið niður Grundabakka; olli spjöllum á Görðunum og bar upp kynstur af sandi sem síðan olli auknu sandfoki. Þessu orsakasamhengi hafði ekki verið lýst fyrir en VÖ sagði frá því í blaðagrein.

Önnur tegund ígulkerja er marígull; *Echinus esculentus*; sem er mun sjaldgæfari en kemur þó oft upp t.d. í grásleppunetum. Marígull er bláleitur eða fjólublár að lit og getur orðið yfir 20 cm að stærð.

Ígulkerjaflækja (n, kvk) Flækja sem verður í neti við það að eitt eða fleiri ígulker festast í því.

Ígulkerjaplága (n, kvk) Vandræði vegna mikillar fjölgunar ígulkerja á veiðislóð. Ígulkerjum getur fjölgað mjög hratt við vissar aðstæður og eru þau þá fljót að éta upp þaraskóg, þannig að það sem áður var gjöfull veiðistaður verður alger auðn, auk þess sem netaveiðar tefjast mjög vegna síendurtekinnar ígulkerjaflækju.

Ígulkerjastagur / Ígulkerjavaðall (n, kk) Mikið af ígulkerjum í netum þegar þau eru dregin. „Hér er ekkert nema andskotans ígulkerjastagur; ekki ein einasta grásleppa“!

Íhald (n, hk) A. Fylking fólks sem er „hægrisinnað“ í stjórnmálaskoðunum, þ.e. trúir fremur á mátt og rétt einstaklingsframtaksins en fjöldans. B. Einstaklingur sem aðhyllist sömu skoðanir. „Þú finnur ekkert annað en sótsvart íhaldið á þeim bæjum“. „Allt er betra en íhaldið“. Oft notað í niðrandi merkingu.

Íhaldsdindill / Íhaldsfroskur / Íhaldsgepill / Íhaldshækja / Íhaldskurfur / Íhaldspési / Íhaldsseggur / Íhaldsskarfur (n, kk/kvk) Niðrandi heiti á íhaldsmanni/ manneskju sem styður sjálfstæðisflokkinn eða aðra hægriflokka. „Hann er kannski ágætisgrei fyrir marga parta; en þetta er árans ekkisen íhaldsfroskur“. „Ætli allir viti ekki hvað sá íhaldsdindill kýs“!

Íhaldskanna (n, kvk) Gæluorð um kaffikönnu sem tekur langan tíma að hella úr. „Þú skrúfar tappann aðeins til hliðar og hellir. En þetta er árans íhaldskanna, svo hún gefur ekki mikið í einu“.

Íhaldsmaður (n, kk) Maður sem aðhyllir íhaldssamar skoðanir; sá sem kýs sjálfstæðisflokkinn eða aðra „hægrisinnaða“ stjórnmálaflokka. „Hann hefur alltaf íhaldsmaður verið, og fer varla að svíkja lit núna“. Sjá *svartnættisihald* og *íhaldskurfur*.

Íhaldssamur (l) A. Sem heldur sig við þá gömlu siði/hugsunarhætti/vinnuhætti sem fyrrum tíðkuðust eða viðkomandi var vanur. „Ég hef löngum verið íhaldssamur í þessum efnunum“. B. Sem hallast að skoðunum íhaldsmanna/ hægrimanna.

Íhaldssemi (n, hk) Það að vera íhaldssamur.

Íhaldsnepill (n, kk) Niðrandi heiti á blaði íhaldsmanna; oftast átt við Morgunblaðið/Moggann.

Íhendisskel (n, kvk) Sá helmingur *öðuskeljar/krákuskeljar* sem sveigður er að munni þegar skelin er notuð sem skeið/spónn með hægri höndinni. Hinn helmingurinn nefnist *úrhendisskel*.

Íhlaup / Íhlaupaverk / Íhlaupaverkefni / Íhlaupavinna (n, hk, fto/ hk/kvk) Verk sem sinnt er í stuttan tíma inn á milli annarra verka. „Þetta vinnst fremur hægt þegar það er einungis gert í íhlaupum“. „Ég sinnti þessu um tíma sem íhlaupaverkefni, en svo mátti ég ekki vera að því lengur“. „Ég hef þessa flækju fyrir íhlaupaverk“.

Íhlutun (n, kvk) Afskipti; tilhlutun. „Þetta hefði varla tekist nema fyrir þína íhlutun“.

Íhuga (s) Hugsa/skoða vel; hugleiða. „Þetta þarf að íhuga nánar“.

Íhugandi / Íhugunarvert (l) Hugleiðingavert; athugandi. „Það væri alveg íhugandi að breyta þessu“. „Ég held það væri íhugunarvert að hlaða þarna í ganginn áður en fleiri kindur fara þar í svelt“.

Íhvolfur (l) Skálarlaga; öfugt hvelfdur. „Vatnspollur sat á íhvolfri hellunni“.

Íkveikja (n, kvk) Lagður eldur að húsi eða öðru. Um eld í eldstæði var notað *uppkveikja*.

Ílagagóður / Ílagamikill (l) Heldur mikill; vel úti látinn. „Þessi skammtur er nú helst til ílagamikill fyrir mig“. Ekki notuð utan Kollsvíkur, svo heimildir séu um.

Ílangur (l) Aflangur; meiri á lengdina en breiddina. „Hér er fjári góður hleðslusteinn; ílangur og kantaður“.

Ílátalaus (l) Án íláta; hefur engar hirslur. „Þarna var svo mikið af eggjum að við urðum fljótt ílátalausir“.

Íla (s) Um vatn; vætla; aga; smita; leka mjög hægt. „Hér ílar vatn útum sprungu í klöppinni“.

Ílangur (l) *Aflangur*; teygður. „Best er að velja ílanga steina fyrir niðristöður á færum“.

Ílátafátækur / Ílátatæpur (l) Vantar fleiri ílát. „Mér sýnist að við séum að verða nokkuð ílátafátækir“. „Hafðu pokana með; það er slæmt að verða ílátatæpur ef eitthvað er að hafa“.

Ílátalaus (l) Án nægra íláta. „Þarna var töluvert meira af eggjum, en ég varð bara ílátalaus“.

Ílátaleysi (n, hk) Skortur á ílátum. „Ári er hart að þurfa að hætta fyrir ílátaleysi“!

- Ílega** (n, kvk) Aurar; hætta á aurbleytum þegar frost er að hlaupa úr jörðu. „Hér gæti verið ílega“.
- Ílengjast** (s) Vera/dvelja um langan tíma. „Ég held við verðum að fara að koma okkur, ef við ætlum okkur ekki að ílengjast hér til frambúðar“.
- Íleppur** (n, kk) Innlegg; leppur sem hafður er í skó, einkum roð- og skinnskó, til að mýkja sólann. Íleppar voru oft vandaðir og skreyttir listilega; sjá *rósaleppur*.
- Ílögn** (n, kvk) Múrhúð sem sett er á gólf. „Hræran þarf að vera hæfilega þunn við ílögn“.
- Ílöngun** (n, kvk) Löngun eftir; ágirnd. „Ílöngun í tóbak hefur aldrei háð mér“.
- Ílöngunaraugu** (n, hk, fto) Svipur sem lýsir ílöngun. „Hann horfði á hákarlinn ílöngunaraugum“.
- Ímugustur** (n, kk) tortryggni; andúð; *antípat*. „Margir höfðu ímugust á honum vegna þessa orðróms“.
- Ímyndunarkjafaæði / Ímyndunarþvæla** (n, hk/kvk). *Tilbúningur*; bull; *staðlausir stafir*. „Þetta var tómt ímyndunarkjafaæði í honum“! „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona ímyndunarþvælu“!
- Ímyndunarveikur** (l) Með ranghugmyndir; telur sig sjá/finna/muna það sem ekki er raunverulegt; með of sterkt ímyndunarafl. „Við fundum engan þarna, hvernig sem við leituðum. Hann er bara ímyndunarveikur“!
- Írafár** (n, hk) Mikill æsingur; upphlaup; *óskapagangur*. „Það er óþarfi að vera með svona írafár útaf þessu“.
- Ísa** (s) A. Fá á sig íshúð eða ísbrynju. „Skipið var þá orðið mjög ísað“. B. Í seinni tíð um að setja ís á nýjan fisk til að auka geymsluþol hans.
- Ísaldarmenjar / Ísaldarmyndun / Ísaldarframburður / Ísaldarhryggur / Ísaldarjökull / Ísaldarleir / Ísaldarruðningur / Ísaldarset** Hugtök sem notuð hafa verið á seinni tíð til að lýsa ummerkjum/jarðlögum frá ísöld, en allt landslag í Kollsvík og nágrenni er einkum mótað af ísaldarjökli fyrir meira en 10 þúsund árum. Talið er þó að þetta svæði hafi fyrr orðið íslaut en mörg önnur. „Neðst í gryfjunni var komið niður á glerhart ísaldarset“. Sjá einnig *ísaldarholt*, *ísaldarkambur* og *frostgígur*.
- Ísaldarholt / Ísaldarkambur** (n, hk) Malarholt/malarkambur neðst í vikum og dölum sem ísaldarjökullinn hefur skilið eftir sig og víða má sjá í Rauðasandshreppi sem annarsstaðar. Holt þessi og kambur eru gjarnan rík af mól, sem jafnvel er þvegin af vatni og því er þar að finna gott efni í steinsteypu og önnur mannvirki. Nöfn tengd ísöld eru vitaskuld ekki eldra en vitneskja manna um hana, en á svæðinu hafa menn fylgst með vísindakenningum og yfirfært þær á sitt umhverfi þó hugtökin væru svæðisbundin. „Breiðsholt og Gjögraholt eru ágæt dæmi um ísaldarholt“.
- Ísaldarruðningur** (n, kk) Jökulalda/jaðarurð frá ísöld. „Ísaldarruðninga er víða að finna. T.d. Breiðsholtið, neðst í Vatnadalnum og Brunnsbrekkuna“. „Fyrir innan Tófukletta er ísaldarruðningur, sem kallast Hraun“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).
- Ísalög** (n, hk, fto) Lagnaðaris; hafþök. „Svo mikil ísalög gátu orðið í Patreksfirði í frostavetrum að gengt var frá Sandodda að Þúfneyri“.
- Ísavetur / Ísavor** (n, kk) Vetur/vor með miklum frosthörkum, svo sjó leggur innanfjarða og móður kemur á fjörur. Einnig stundum notað um hafsisvetur.
- Ísferja** (n, kvk) „Ísklumpur sem samfrosinn er flökkuefni og laus frá botni. Getur bæði átt við þá myndunarsögu frostgíga sem hér er lýst, sem og borgaris sem flytur flökkusteina t.d. úr berggrunni Grænlands upp á landgrunn og fjörur Íslands“ (VÖ; frostgígur og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.
- Ísing** (n, kvk) Ísskán; klakaskán. „Talið er að skipið hafi sokkið vegna ísingar“.
- Ísilagt** (l) Um vatn; lagt; frosið á yfirborði. „Vötn voru öll ísilögð eftir nóttina“. Oftast stytt í „lagt“.
- Ísjökulkaldur** (l) Mjög kaldur, *helkaldur*. „Þú ert ísjökulkaldur vegna þess að þú gleymdir vettlingunum“.
- Ískaldur** (l) Mjög kaldur. „Mikið er svalandi að drekka ískalt vatnið úr Kaldabrunninum í þessum hita“.
- Ískra** (s) Gefa frá sér mjög hátóna hljóð. „Það þyrfti að smyrja lamirnar á hurðinni; þær ískra fjári hátt“.
- Ískuldi** (n, kk) Mikill kuldi; jökulkuldi. „Maður fer víst ekki langt berhöfðaður í þessum ískulda“.
- Ískur** (n, hk) Hátóna hljóð; væl. „Skelfing leiðist mér þetta ískur í lömunum“!
- Ískyggilega** (ao) Hættulega; uggvænlega. „Sjórinn var farinn að verða ískyggilega sver, og lifandi bára farin að leika á bökum hinna sveru sjóa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ískyggilegur** (l) Uggvænlegur; hættulegur; ógnvekjandi. „Hann er orðinn nokkuð ískyggilegur hér suðurá“. „Þá var veðurútlit orðið mjög ískyggilegt“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Íslenskættaður** (l) Af íslenskum ættum.

- Ísmóður** (n, kk) Krap á sjó/fjöru. Ísmóður var með sjónum, og gott göngufæri á honum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Ísnúinn** (l) Um stein/klöpp/klett; með núningsföllum eftir steinaldarjökul. „... víða er þriggja metra sandlag ofan á þessum kambi, en í honum er sæbarið og ísnúid grjót“ (ÞJ; Örnefnaskrá Hvallátra).
- Ísólingaband** (n, hk) Einangrunarband. Var nokkuð almennt notað eftir að raflagnir fóru að koma fyrst í hús í Rauðasandshreppi. Ísólingaband var í fyrstu eingöngu svartur lím- og tjöruborinn strigaborði.
- Ísrák** (n, kvk) Rák sem ísaldarjökull skilur eftir sig á yfirborði klappa, og sýnir skriðstefnu jökulsins. Slíkar rákir eru víða sýnilegar í grennd við Kollsvík.
- Ísrek** (n, hk) Rek íss, t.d. hafíss á fjörur. „Allmikið ísrek var upp á fjörur í Útvíkum árið 1968“.
- Ísrönd** (n, kvk) Ísjaðar; jaðar hafisfláka/hafisspangar. „Allmikill reki safnast oft við ísröndina“.
- Ísspöng** (n, kvk) Hafisspöng; mikil tunga hafíss sem stundum rekur með straumi og vindi í átt til landsins. „Ofan af Hálsinum mátti sjá hvíta ísspöngina, sem teygði sig svo langt til norðurs sem augað eygði“.
- Ístað** (n, hk) A. Hluti reiðbúnaðar á hest; lykka til að hvíla fótinn í, oft úr málm. B. Sigurnagli í *hákarlavað*.
- Ístími / Ísöld** (n, kk/kvk) Jarðsögutímabilið ísöld. Ístími var meira notað fyrir á árum, en nú er ísöld almennt notað yfir þennan tíma. „Núverandi mótun landsins fór einkum fram á ístímanum“.
- Ístra** (n, kvk) Vömb; offita á maga. „Ellin færðist yfir Jón / og ístru stóra fékk’ann“ (GÖ; Hlekkir hugarfarsins).
- Ístrubelgur** (n, kk) Niðrandi heiti á feittlögnum manni. „Bölvuð frekja er nú í þessum ístrubelg“!
- Ístrumikill** (l) Með áberandi *ístru*. „Ansi er maður að verða ístrumikill með aldrinum“.
- Ístöðulaus / Ístöðulítill** (l) Vantar festu í ákvarðanatöku; hvimandi; staðfestulítill/-laus.
- Ístöduleysi** (n, hk) Skortur á festu; *vingulsháttur*. „Þarna fannst mér hann sýna alltof mikið ístöduleysi“.
- Íspekja** (n, kvk) Samfelldur ís á vatni/sjó. „Okkur sýndist vera smfelld íspekja úr Flóanum og norðurúr“.
- Íspoka** (n, kvk) Þoka sem myndast þegar rakt loft berst yfir ís. „Íspoka myndaðist við ísinn í sunnanáttinni“.
- Ítak** (n, hk) Réttindi sem einn hefur varðandi eignir annars. Oftast er orðið notað þegar rætt er um rétt sem ein jörð hefur eignast í landi annarrar jarðar. Mikið var um að kirkjujarðir, klaustur og höfuðból ættu ítök í hlunnindum jarða sem ekki höfðu jafn sterka stöðu. Einnig voru samningar gerðir milli jarða þegar nauðsynlega lífsbjörg vantaði á aðra þeirra svo hún væri byggileg. „Er þetta (uppsátur Láganúpsbáta í Kollsvíkurveri) eftir samkomulagi jarðeigendanna á milli, en ei ítak í Kollsvíkurland, so mikið menn vita“ (ÁM; Jarðabók). „Sauðlauksdalskirkja á skógarhögg í Botnsskógi, og brúka leiguliðar þar kolaskóg ókeypiss“.... „Sauðlauksdalskirkja á hér (í Keflavík) rekaítak eftir máldögum“ (ÁM; Jarðabók). Sjá *beitarítak*.
- Ítarlega** (ao) Nákvæmlega; í þaula. „Ég spurði hann ekki ítarlega út í þetta“
- Ítarlegur** (l) Nákvæmur; rækilegur. „Hann gaf okkur ítarlegar lýsingar á *málsatvikum*“.
- Ítem** (ao) Einnig; ásamt; að auki. Sletta sem fyrrum var mun algengari en nú er.
- Ítreka** (s) Endurtaka; segja aftur; undirstrika. „Ég skal ítreka þetta við hann aftur“.
- Ítrekaður** (l) Endurtekinn. „Þetta hefur ítrekað komið fyrir“.
- Ítrekun** (n, kvk) Árétting; endurtekning. „Þetta var bara ítrekun á á því sem ég áður sagði“.
- Ítroðsluaðferð** (n, kvk) Vinnulag þar sem troðið er í með afli. „Svona ítroðsluaðferðir gagnast ekki á eggjakútana; þetta endar allt með ósköpum“.
- Ívaf** (n, hk) A. Um vefnað; sá hluti vefþráðarins sem skotið er lárétt inná milli uppistaða í vefstólnum og liggur þvert í vefnaðinum. B. Um málefni; það sem er samtvinnað öðru málefni. „Ekki skal ég alveg *fortaka* að þessi saga sé með einhverju skáldlegu ívafi, en svona heyrði ég hana“.
- Ívafinn** (l) Vafinn í. „Þessi vaðarspotti var ljósleitur, en ívafinn rauðum þræði“.
- Ívera** (n, kvk) Vist í; vera. „Þau notuðu þennan skúr til íveru meðan íbúðarhúsið var í bygginigu“.
- Íverubraggi** (n, kk) Braggi sem gist var í yfir sláturtíð. Sjá *braggi*.
- Íverustaður / Íveruhús** (n, kk/hk) *Dvalarstaður; verustaður*. „Verbúðirnar voru þokkaleg íveruhús í góðri tíð“.
- Ívið** (ao) Heldur; *öllu*-. Notað í samanburði: „Þetta eru ívið meiri hey en í fyrra“. „Þú ert ívið léttari en ég“. Svo nátegt lýsingarorðum í framburði að ætti með réttu að rita sem eitt orð; t.d. „íviðskárrí“; „íviðlakari“
- Ívilna** (s) Hygla; verðlauna; gera betur við en jafnaðarlega er gert. Hygla var meira notað.

Íþrótt (n, kvk) Þrekvirki; leikni; gagnleg iðja/hreyfing. „Það þótti þónokkur íþrótt að komast þarna upp bandlaus“. Fyrir daga nútímafjölmíðlunar var orðið líklega ekkert notað vestra um það sem í dag nefnist „keppnisíþróttir“, enda hefur slíkt iðjuleysi og tímasóun ekki talist standa undir nafni sem íþróttir. Keppnisíþróttir voru þó alltaf einhverjar meðal vermannanna, eins og t.d. eru sagnir um á Strákamel ofan Kollsvíkurvers; t.d. glíma og hlaup. Meiri uppgangur varð í slíku með tilkomu ungmennafélaganna.

Ívilnun (n, kvk) Hygling; forréttindi; ábót; veðlaun. „Ekki fékk hann neina ívilnun fyrir þetta“.

Íþyngja (s) Vera byrði/dragbitur; vera til trafala; auka erfiðleika. „Ég vil alls ekki íþyngja þér með þessu“.

Jaðar (n, kk) Brún; kantur; það sem er yst á fleti. „Grjótið var borið útfyrir túnjaðarinn“.

Jaðarmenning (n, kvk) Þau sérkenni og afbrigði menningar, t.d. tungumáls, siða, atvinnuhátta o.fl, sem lifa og er viðhöfð á afmörkuðu svæði í jaðri stærra svæðis sem verður fyrir mun meiri áhrifum og blöndun erlendra menningarstrauma og þar sem meiri tískusveiflur verða í menningarþáttum. Jaðarmenning á „afskekktum“ stöðum á Íslandi geymir því að öllum jafnaði eldri og verðmætari rætur menningararfsins betur en þétbylli svæði sem verða fyrir meiri áhrifum og sveiflum. Þetta staðfestist m.a. í þessu orðasafni, þar sem þúsundir orða eru skrásett sem ekki eru finnanleg í hinu opinbera og miðlæga orðasafni þjóðarinnar. Engu að síður gengur treglega að fá suma fræðimenn til að viðurkenna þessa staðreynd, og stjórnvöld hafa ekki viljað stuðla að varðveislu þessa dýrmæta menningararfs, sem nú er að glatast vegna hruns byggðanna. Fullyrða má að víða á landinu, þar sem stórar byggðir hafa þegar eyðst, hafi nú þegar glatast dýrmætur og óbætanlegur þáttur íslenskrar menningar. Hér er reynt að sporna við að það sama gerist í Kollsvík og nágrenni.

Jaðarmöskevi (n, kk) Möskevi á jaðri nets. Jaðarmöskevar nets eru oft úr sterkara efni en netið sjálft, enda eru þeir notaðir til að fella/festa netið á teininn/þininn. Sjá *innsetningarnál*.

Jaðarsamfélag (n, hk) Samfélag sem oft og tíðum er á útnesjum og skögum, í jaðri stærra og fjölmennara samfélagssvæðis, þangað sem vegir eru gjarnan torsóttir, langir og lélegri en í meginsamfélaginu, byggðn fámennari og atvinnuhættir fábreyttari. Í jaðarsamfélögum gerast breytingar í menningar- og atvinnuháttum með hægari móti en annarsstaðar, og endurnýjun mannafla verður hægari og staðbundnari. Jaðarsamfélög eiga jafnan í erfiðleikum vegna fólksfæðar, fjarlægðar og erfiðleika við að njóta nútímaþæginda; þau hafa lítið stjórnáhrif vægi og ná því lítt eyrum stjórnvalda. Afleiðingin verður undantekningarlaust sú að jaðarsamfélögum hnignar og þau eyðast. Með þeim hverfa m.a. ómetanleg verðmæti jaðarmenningar; fjölbreytileika þjóðarinnar hnignar og náttúruverðmæti standa óvernduð. Hnignun jaðarsamfélaga er því mjög óæskileg þróun fyrir sjálfstæði og ímynd þjóðarinnar og sjálfbærni hennar til lengri tíma. Jaðarsamfélag er ekki gamalt orð í íslensku máli; enda ekki þörf á því fyrr á tíð. Mikilvægt er að það verði meira notað eftirléiðis, en stjórnvöldum er mjög í nöp við það; það fellur ekki að þeirra byggðaeðingastefnu.

Jaðra við (orðtak) *Stappa nærri*; liggja við. „Það jaðraði við að bátinum hvolfdi í þessum ósköpun“.

Jafn (l) A. Eins (mikill/stór/þungur/mikilvægur o.s.frv). B. Um fiskimið; ber saman. „Þegar rekið hafði um tíma sáum við að við vorum komnir suður á Látraröst; líklega á Tálkna og Jafna Tanga“ (ÖG; Fiskiróður).

Jafna ágreining (orðtak) Verða sammála; komast að niðurstöðu; semja frið.

Jafna / Jafna til (s/orðtak) Laga til hey í hlöðu/gryfju, þannig að það setjist í jöfnum lögum en sé ekki misþykkt. „Ég skal vera inni með litlu kvíslina og jafna, en það væri gott að fá annan með til að *troða*“.

Jafna metin (orðtak) Réttu sinn hlut gagnvart öðrum; bæta úr óréttlæti/ójafnvægi. „Sá tími mun koma að landsbyggðin jafnar metin gagnvart þéttbýlinu“.

Jafna niður (orðtak) Um álagningu sveitagjalda; þegar hreppsnefnd heldur *niðurjöfnunarfund* til að gera fjárhagsáætlun hreppsins og jafnar útgjöldum niður á íbúana; hvað hver og einn á að greiða hátt *útsvar*. Jafnað var niður eftir sérstökum reglum, sem tóku mið af aðstæðum hvers manns og hverrar fjölskyldu.

Jafna sakir (orðtak) Gera út um mál; ganga frá deilumáli með bótum, samningum, bardaga eða öðru móti. „Eftir fyrsta glasið sagðist hann þurfa að fara og jafna sakirnar við þessa bévítans skálka“.

Jafna sig / Jafnast (orðtak) Hvílast og ná kröftum/áttum eftir átök/veikindi/áfall; *ná sér verða jafngóður*. „Eftir nokkurn tíma lætur hann okkur styðja sig upp að bjarginu og jafnaði sig þar nokkuð áður en farið var að draga hann upp“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Jafna sig upp með (orðtak) Vera að meðaltali; ná til jafns við. „Aflinn hefur verið misjafn, en ætli þetta jafni sig ekki upp með tonn á dag, þessa dagana“.

Jafna (langt) til/við (orðtak) Bera saman við. „Þetta er leiðindatíð, en ég jafna því samt ekki við rosann í fyrrasumar“. „Þessi ríkisstjórn er *hérumbil* jafn ráðlaus og sú síðasta, og er þá langt til jafnað“!

Jafna um (orðtak) *Veita ráðningu; lumbra á*. „Hann sagðist ætla að jafna um hrekkjalómana, þó síðar yrði“.

Jafna úr (orðtak) Slétta/jafna, t.d. þúfur/hnúska í túni, hey í hlöðu, skít sem borinn er á tún, fellingu á neti o.fl.

Jafnaðargeð (n, hk) Gott skap að jafnaði; stöðuglyndi. „Ég reyndi að taka þessu með jafnaðargeði“.

- Jafnaðarhóf** (n, hk) Lítillæti; stöðuglyndi; millivegur. „Ætli jafnaðarhófið sé ekki best í þessu sem öðru?“
- Jafnaðarlega** (ao) Að jafnaði; til jafnaðar; venjulega; allajafna. „Enginn lækur er jafnaðarlega í Sandagili, en í vorleysingum rennur eftir því leysingavatn af Sanddal, ofan fjallsbrúnar“ (HÖ; Fjaran).
- Jafnaðarmennska** (n, kvk) Meðalmennska; frammistaða í meðallagi. „Mér hefur aldrei verið vel við neina jafnaðarmennsku í svona málum; hér þarf að taka betur á!“
- Jafnaðarverð** (n, hk) A. Hóflegt/sanngjarnt verð. Þetta mun hafa verið hin upprunalega merking orðsins. B. Meðalverð; meðaltal hærri og lægri verðlagningar. Þetta er hin viðtekna nútímamerking orðsins.
- Jafnaldra / Jafngamall** (l) Svipaður/jafn að aldri. „Ætli hann hafi ekki verið nokkurnvegin jafnaldra mér“.
„Þau voru jafngömul og í sama bekk“.
- Jafnaldri / Jafnaldra** (n, kk/kvk) Jafn gamall/gömul. „Hann var jafnaldri minn“. „Nokkuð var hún minni en jafnaldra hennar“. „Þegar í land kom var ég hinn rognasti og lét í ljós við jafnaldra mína að þetta hefði verið hin mesta glæfraför“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). „Var slíkt okkur krökkunum kærkomið tilefni til að hitta jafnaldra okkar á næstu bæjum“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).
- Jafnan** (ao) Venjulega; allajafna. „... sýslumaður mátti innheimta einn harðsteinbit af hverjum vermanni, en innheimta sú först jafnan fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver). „Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Jafnan var það svo að formenn þar voru kappsamir um sjósókn“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Jafnast á við** (orðtak) Vera jafnoki; vera líkur; vera jafn mikill. „Það jafnast ekkert á við vel kæstan hákarl“.
- Jafnaðveldlega** (ao) Eins auðveldlega/léttilega. „Ekki er víst að okkur takist næsta verk jafnaðveldlega“.
- Jafnákveðinn** (l) Eins ákveðinn. „Ég er enn jafnákveðinn í að fara þetta“.
- Jafnbrattur** (l) Um brattlendi/hlíð; með jöfnum halla.
- Jafndauður** (l) Eins dauður; eins illa staddur. „Það er mér alveg að *meinalausu* þó þú sláir þetta sléttuhorn; ég er alveg jafndauður fyrir það“.
- Jafndýpi** (n, hk) Nokkurnvegin sama sjávardýpi yfir allmikið svæði. „Utanvið Grundatanga, Arnarboða, Djúpboða; framundan Hnífum, er jafndýpi suðureftir, og sandgljá. Þar voru lóðamið Kollsvíkinga“.
- Jafndægur / Jafndægri** (n, hk) Sá árstími þegar dagur er jafnlangur nóttu. Jafndægur að vori er 19.-20. mars, en jafndægur að hausti 21.-24. september. Breytileikinn stafar einkum af hlaupárum.
- Jafneinstakur** (l) Eins merkilegur/einstakur/sérstakur. „hans skarð verður erfitt að fylla; jafneinstakur og hann var í þessum efnunum“.
- Jafnfallinn** (l) Um snjó; jafnt dreift á jörð; í jafnþykku lagi. „Um morguninn var kominn ökkkladjúpur jafnfallinn snjór“.
- Jafnfalskur** (l) Eins undirföruhlíð/ótrúverðugur/lyginn. „Allir eru þessir solumenn jafnfalskir“!
- Jafnfljótur** (l) Eins snöggur/fljótur. „Stundum var hann jafnfljótur að fara fyrir Breiðinn eins og við að fara yfir hann; ef hvorugur tafðist við fé“. „Ég nennti ekki að fara á bílnum, heldur rölti þetta á *tveimur jafnfljótum*“.
- Jafnframt** (ao) Ennfremur; um leið. „Jafnframt þessu gæti ég sagt ýmislegt um hina hlið málsins“. „Á þessum tíma var ég sparisjóðsstjóri, en sá jafnframt um afgreiðslu kaupfélagsins“. „Jafnframt smöluðu Kollsvíkingar Breiðavíkurhals og norðanverða Breiðuvík á leið sinni til réttar“ (PG; Veðmálið). „Ólafur krafðist þess að jafnframt yrði skoðað féð á Stökkum, og var svo gert“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943). „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Jafnfráleitt** (l) Eins fjarstæðukennt/óhugsandi. „Ég svaraði ekki þessari athugasemd; eins fráleit og hún var“.
- Jafnfrískur** (l) Eins hraustur/hress/heilsugóður. „Ekki er ég nú alveg orðinn jafnfrískur aftur“.
- Jafnfróður** (l) Eins fróður. „Hann er örugglega jafnfróður og ég í þessum efnunum; ef ekki fróðari“.
- Jafnfætis** (ao) Með báða fætur samhliða; jöfnum fötum. „Ég lék mér að því að stökkva jafnfætis yfir girðinguna og skurðinn í einu“. „Enginn stóð honum jafnfætis í þessum efnunum“.
- Jafngilda** (s) Gilda að jöfnu; vera jafngilt/ jafn verðmætt. „Ein þingmannaleið jafngildir 37,5 kílómetrum“.
- Jafngildur** (l) Viðlíkur; gildir að jöfnu við. „Ég tel þetta jafngilt fullnaðaruppgjöri“.
- Jafngott** (l) Mátulegt; eins gott. Oft framborið „jamgott“. „Það væri jafngott að þú fengir ofaní fyrst þú ert að rjúka í *breiða* í svona útliti“. „Ég held að brotið sé að gróa og að fóturinn verði jamgóður á eftir“.

Jafngóður (l) A. Eins góður/notadrjúgur. „Ekki finnst mér þetta jafngóðar klippur og hinar“. B. Jafn heill heilsu; albata. „Ég er mikið skárrí af pestinni, þó enn sé ég ekki orðinn jafngóður“. C. Jafn vel settur; skaðlaus. „Ég get alveg lánað þér föðurbætispoka; ég er jafngóður fyrir það“. Sjá *jafnsettur*.

Jafnhallandi (l) Með svipuðum/jöfnum halla. „Hryggirnir eru allir jafnhallandi, en mislangir“.

Jafnharðan (ao) Jafnóðum; um leið. „Þó svæðið teljist allt mjög úrkomusamt virðist öll sú úrkoma hverfa jafnharðan niður í jökulurðina sem er nánast allsráðandi í landslagi ofan við ca 100 m“ (HÖ; Fjaran).

Jafnharður (l) Eins harður. „Stöfuðu af þessu hin mestu harðindi til lands og sjávar, og mundi enginn jafnharðan vetur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Jafnhatta (s) Lyfta þungum hlut upp fyrir höfuð sér með báðum höndum, þannig að rétt sé að fullu úr baki, höndum og fótum. „Honum munaði lítið um að jafnhatta trjádrumbinn“.

Jafnhár (l) Eins hár; jafn að hæð. „Sjávarklettarnir eru þarna nokkuð jafnháir yst sem innst“. „Hann komst ekki alveg jafnhátt upp klettinn og ég“.

Jafnhittur (l) Eins að mæta; eins í viðmóti. „Farðu vel að karlinum; hann er ekki alltaf jafnhittur“. „Þarna getur stundum fengist ágætur fiskur, en þó er hann ekki alltaf jafnhittur“.

Jafnhlaðinn (l) Um hleðslu á bát; situr vel í sjó; lík hleðsla aftan og framan og á bæði borð.

Jafnhliða (l) A. Með jafnar hliðar. „Stykkið er eins og jafnhliða þríhyrningur að lögun“. B. Um leið; samhliða. „Jafnhliða þurfti að gera ýmsar ráðstafanir“.

Jafnhlýr (l) Eins hlýr/heitur/mildur. „Ekki er hann nú jafnhlýr í dag og undanfarna daga“.

Jafnhungraður (l) Eins svangur. „Maður er alveg jafnhungraður þó maður gófli í sig svona *pitsuffanda*!“

Jafni (n, kk) Litunarjafni; Diphasiastrum alpinum; mosategund sem algeng er í lautum, einkum þar sem snjór skýlir að vetrum. Jurtin er lágvaxin með langa jarðlæga stöngla með uppréttum marggreindum greinum. Litunarjafni var notaður til að lita ullarvarning gulan. Var jafninn þá lagður í bleyti í sólarhring; dreift síðan yfir ullina; hún vafin saman; sett í ketil og látið malla í nokkra tíma. Væri hvítmaðra notuð um leið mátti fá gulrauðan lit. Jafni var einnig notaður sem litfestir með öðrum litunarjurtum.

Jafnilla (ao) Jafn illa/erfiðlega. „Alltaf gengur mér jafnilla að skilja hvernig nokkur nennir að fylgjast með þessum *boltaffanda*“.

Jafningi (n, kk) Jafn að hæfileikum, virðingu eða öðru. „Ég veit engan mann hans jafningja í þessum efnum“.

Jafnir baggar fara/sitja best / Jafnir fiskar spyrðast best (orðatiltæki) Best er að byrði sé sem jöfnust á hestbaki. Þegar fiskar eru hengdir í spyrðu til þurrks er reynt að velja þá þannig að nokkuð jöfn þyngd sé beggja megin rárinnar. Orðtakið er einnig notað sem líking um annað, sbr *lík börn leika best*.

Jafnir núpar / Jafnir Tangar (orðtök) Um fiskimið; þegar tveir núpar/tangar bera saman; þegar . „Þegar rekið hafði um tíma sáum við að við vorum komnir suður á Látraröst; líklega á Tálkna og Jafna Tanga“ (ÖG; Fiskiróður).

Jafnjúgra (l) Um spendýr; með jafnsið/jafnstór júgur; ekki *misjúgra/halljúgra*. „Þetta er fallegasta *fyrstakálfskvíga*; vel byggð og jafnjúgra“.

Jafnkaldur (l) Eins kaldur. „Ekki finnst mér hann alveg jafnkaldur og í gær“.

Jafnkunnur (l) Eins kunnugur; þekkir eins vel til. „Guðbjartur Torfason er jafnkunnur öllum staðháttum hér og við, og á engan hátt ófærari til sjómenskulegra aðgerða en við“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Jafnlangur / Jafnlengi (l) Eins langur/lengi. „Ætli maður reyni ekki að röltta þetta eins og vant er; meðan báðir fætur eru jafnlangir“. „Ég nenni nú ekki að *halda jafnlengi til dagsins nuna* og í gær“.

Jafnlágur (l) Eins lágur. „Mér sýnist staurarnir báðir jafnlágir“.

Jafnleiðinlegur (l) Eins leiðinlegur. „Ég held að leitun sé að jafnleiðinlegum og þurrum ræðumanni“.

Jafnlent (l) Um landsvæði; lárétt. „Svæðið milli Oddavatns og Stórvatns er jafnlent og líklega frekar gróðurlítið og hrjóstrugt“ (Magnfríður Ívarsd. Örnefni undir Skörðum).

Jafnlyndur (l) Með *jafnaðargeð*; *skiptir* ekki oft *skapi*. „Það kemur honum vel hvað hann er jafnlyndur“.

Jafnmikill (l) Eins mkill. „Ekki var það jafnmikill afli og síðast, en þokkalegur samt“.

Jafnnær / Jafnnærri (l) Engu nær; engu fróðari. „Hann reyndi að útskýra málið en ég var jafnnærri á eftir“.

Jafnoki (n, kk) Jafningi að afli/gjörvuleik. „Hann átti sér fáa jafnoka í þessari íþrótt“.

Jafnóðum (ao) Jafnharðan; um leið. „Gengu menn svo í að gera til fiskinn og var allt draslið látið í poka jafnóðum, og þeim kastað út fyrirbundnum *eftir hendinni*“ (HO; Ævisaga; róð úr Láturdal).

Jafnóhrjálegur / Jafnótótlegur (l) Eins lélegur /illa útlítandi. „Kofagarmurinn getur varla staðið mikið lengur uppi; jafnóhrjálegur og hann er orðinn“. „Ég held ég hafi aldrei séð neinn jafnótótlegan og þennan prestræfil við skírninga. Niðurlundan krimpaðri hempunni gægðust grútskítug búmmístígvél; hendurnar voru grómtæknar af skít og um einn fingurinn flaksaðist kolsvart sárabindi. Skírningin tókst samt slysalaust, og ekki veit ég annað en barnið hafi orðið til fyrirmyndar í alla staði“.

Jafnræði (n, hk) Jöfn völd/virðing; jafnrétti. „Þótti mikið jafnræði með þeim hjónum“.

Jafnsettur (l) A. Jafn *vel haldinn*; skaðlaus; *jafngóður*. „Hann sagðist vel geta hjálpað okkur með bensínlögg; hann væri alveg jafnsettur með það“. B. Jafn að virðingu; jafn hátt settur. „Í réttum er enginn jafnsettur réttarstjóra; þar hefur hann alræðisvald“.

Jafnséður (l) Eins glúrin/klókur/fyrirhyggjusamur. „Enginn er jafnséður í fjármálum og hann“.

Jafnskárri (l) Örlítið skárri að jafnaði. „Ég er nú jafnskárri af pestinni í dag en í gær“.

Jafnslétta (n, kk) Slétt svæði með litlum sem engum halla. „Halda þurfti báðumegin að fjárhópnum eftir að komið var niður á jafnsléttu“.

Jafnsnemma (ao) Eins snemma/árla. „Við vöknudum báðir jafnsnemma og fórum að undirbúa róðurinn“.

Jafnsnöggur (l) Eins snar/fljótur/snöggur. „Maður er ekki alveg jafnsnöggur í hreyfingum og áður“.

Jafnsterkur (l) Eins sterkur. „Ég held að þeir séu báðir nokkurnvegin jafnsterkir“.

Jafnsvæsinn (l) Eins skæður/illvígur/erfiður. „Þessi pest var ekki alveg jafnsvæsinn og sú fyrir jólin“.

Jafnt á komið með (orðtak) Eins ástatt um; í jafn góðum/slæmum málum. „Þá er nokkuð jafnt á komið með okkur; ég þrælkvefaður en þú bullandi sjóveikur“!

Jafnvel (ao/st) Eins vel; meira að segja; gæti eins verið. „Ég sá ekkert eyrnamark á tvævetlunni, en sýndist hún jafnvel vera hornmerkt“. „Mér þykir egginn jafnvel betri ef þau eru farin að setjast dálítið“.

Jafnvinda (l) Með jöfnum vindi; án vindhviða. „Eftir að komið var á opna víkina varð hann meira jafnvinda“.

Jafnvígur (l) Jafn fær/getumikill. „Hann er jafnvígur á flesta bragarhætti“.

Jafnvægi (n, hk) A. Jöfn þyngd/ jafn styrkur beggja megin. „Lóðið var síðan fært til, þar til reislán var í jafnvægi“. B. Hæfni manna til að falla ekki til hliðar. „Í klettum kemur sér vel að geta haldið jafnvægi“. C. Sálarstyrkur; jafnaðargeð; rósemi. „Allmikið þurfti til að koma honum úr jafnvægi“.

Jafnvægisskyn / Jafnvægistilfinning (n, hk/kvk) Skynjun jafnvægis; næmi/tilfinning fyrir jafnvægi. „Góð jafnvægistilfinning er eitt frumskilyrða þess að vera fær í bjargi og brattlendi“.

Jafnþykkur (l) Eins/jafn að þykkt. „Múrnum þarf að smyrja á í jafnþykku lagi þar sem slétt er“.

Jafnþyngd (n, kvk) Sama þyngd. „Þetta er virði jafnþyngdar sinnar í gulli“.

Jafnömurlegur (l) Eins bágur/sorglegur/leiðinlegur. „Fátt veit ég jafnömurlegt og fótbolталýsingar“.

Jag (n, hk) A. Álag; *þvælingur*; snúningar. „Það hefur verið mikið jag á honum í vinnunni í dag“. B. Slit/sundurliðun efnis með ítrekaðri sveigju. „Virinn gaf sig eftir nokkuð jag“. C. Deilur; karp; rifrildi. „Veriði nú ekki að þessu eilífa jagi um það hver eigi að sækja kýrnar; fariði bara báðir“!

Jaga (s) A. Beygja/liða í sundur; mæða á; nudda. „Það tókst að jaga vírinn í sundur“. B. Ýta/*urga* af stað; *klifa á þráspyrja*. „Reyndu nú að jaga hann með þér í þetta“. C. Elta; veiða. „Er nú hvolpþjandinn farinn að jaga hænurnar? Það verður að venja hann af þessu“!

Jagaður (l) Liðaður; beygður ítrekað; lúinn. „Lamirnar voru hérumbil jagaðar úr stafnum“.

Jaga í (orðak) Fá einhvern til með fortölum. „Mér tókst loks að jaga hann í að gera þetta fyrir mig“.

Jaga útúr (orðtak) A. Þræbiðja þar til látið er undan. „Á endanum tókst honum að jaga útúr mér bókina“. B. Um liðamót/samsetningu; slitna/liða þar til losnar. „Boltinn jagaðist útúr gatinu á löngum tíma“.

Jagari (n, kk) Klýfir; lítið þrihyrnt segl sem stundum er á skipum, og þá framanvið fökkuna. Jagara er oftast fest með stögum í bugsbjót, siglu og aftur í borðstokk. Orðið var jafnan með „i“ í enda í Kollsvík.

Jagast (s) A. Deila; *kíta*; munnhöggvast. „Alveg er einkennilegt hvað þeir geta sífelld verið að jagast um þetta“. B. Liðast; þreytast. „Kerran jagaðist í sundur í holunum“.

Jahér / Jahérna / Jahérnahér / Jahverárin / Jahverskollinn / Jahverþremillinn / Jahvurandskotinn

Upphrópanir, oftast í byrjun setningar, sem lýsa mikilli undrun yfir því sem kemur á óvart. „Jahérna; þetta hafði ég ekki hugmynd um“! „Jahvurandskotinn; þessu bjóst ég síst við af honum“!

Jakaburður (n, kk) Fleyting ísjaka; drift ísjaka í straumi. „Töluverður jakaburður var niður ána“.

Jakahröngl (n, hk) Töluverður fjöldi af ísjökum. „Allmikið jakahröngl kom á fjöruna í Kollsvík veturinn 1968. Stærð jakanna var allt frá vættarþyngd upp í stóran borgarís sem *botnaði* frammi á vikinni“.

Jaki (n, kk) A. Ísjaki. „Nokkrir stórir jakar steyttu grunn töluvert frammi á vikinni, og mikið jakahröngl hafði rekið upp í fjöru“. B. Beljaki; stór/sterkur maður. „Þeim jaka varð ekki mikið um að henda lambinu á pall“.

Jakka (s) Jappa; hjakka; tvístíga; hreyfast lítillaga fram og til baka / upp og niður. „Enn jakkar allt við það sama“.

Jakkagarmur / Jakkalarfur (n, kk) Gæluheiti á jakka. „Ætli þurfi ekki kannski að bursta þennan jakkagarm“. „Hvar skyldi nú vera jakkalarfurinn minn“?

Jakobsffill (n, kk) Fjölært körfublóm, algengt í Kollsvík sem annarsstaðar um landið. Karfan er oft 1-1,5 cm í þvermál; stök á stöngulenda; hveitleit eða fjólublá. Blómgastr í júní-júlí.

Jakobsvegur / Jakobsstigi (n, kk) Heiður himinn í norðaustri á sunnanverðum Vestfjörðum. Stafar af því að hálandi Vestfjarða tekur raka úr vindi af þeirri átt, og því er þar oft heiðskirt að sjá í norðaustan áttum. „Þegar það hérað loftsins í austnorðri sem menn kalla Jakobsveg eða –stiga er skært, hvítt og fagurt á kvöldin, boðar skírviðri“ “ (BH; Grasnytjar). Sama lögmál á einnig við á Suðvesturlandi.

Jakt (n, kvk) Tegund seglskipa, sem ruddi sér nokkuð til rúms um 16-1700. jaktskip voru með bugspjóti, gaffli og gaffalsiglingu. „Skip átti hann í förum milli Íslands og Danmerkur í félagi við danskan kaupmann á Patreksfirði; Thomsen að nafni. Það skip týndist í hafi eitt sinn síðla sumars á útleið, með öllu sem á því var, og mun það hafa verið óváttryggt. Skipið hét Delphin, og var fremur lítil jakt“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Jaml (n, hk) Nöldur; muldur. Einkum notað í samhenginu „japl og jaml og fuður“, um sífellt nöldur.

Jamla (s) Suða; nöldra; staglast. „Hættu nú að jamla um þetta drengur; þú átt nóg af leikföngum“.

Jamm (uh) Afbrigði af já.

Jammogjæja / Jammogjæjapá (uh) Afbrigði af hikorðinu *jæja*. Án merkingar, en gjarnan notað annaðhvort sem aðdragandi að setning sem er fyrirboði athafna, eða sérstætt sem andsvar eða dæs. „Jammogjæjapá; ætli við þurfum ekki að fara að *hafa okkur* í þetta“.

Jamta (s) Jánka; taka undir. „Ég spurði hvort hann væri til í þetta, og hann jamtaði því“.

Japl (n, hk) A. Það að tyggja mikið/ tönnlast á. „Ekki linaðist ólseigur ketbitinn mikið við japlíð“. B. Klif; tuð; sífellt nöldur. „Vertu nú ekki að þessu japlí!“ C. Japp; það að tvístíga. „Kýrin var með sár á spananum; það var ástæðan fyrir þessu sífellda japlí“.

Japl og jaml og fuður (orðtak) Nöldur og raus; kvartanir. „Eftir japl og jaml og fuður tókst loks að koma honum í fermingarkyrtilinn, en sjá má á fermingarmyndunum hvílik sæla það var“.

Japla (s) A. Tyggja síendurtekið. „Það var sama hvernig karlinn japlaði; ekki linaðist ketbitinn“. B. Endurtaka í sífellu; tuða; sífra. „Enn japlar hann á þessu sama!“ C. Tvístíga; jappa.

Japp (n, hk) Það að tvístíga; stapp. „Það er eitthvað bannsett japp í henni Búkollu; eins og henni líði illa“.

Jappa (s) Tvístíga. „Vertu nú ekki að jappa lengur þarna í dyrunum; komdu innfyrr og sestu niður“. Virðist ekki þekkt utan svæðisins í þeirri merkingu. Einnig notað í afleiddri merkingu um að þrástaga á einhverju. „Enn er hann að jappa á þessu sama“.

Jarðabókin (n, kvk m.gr) Undantekningarlítið er átt við jarðabók þá er Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu á árunum 1702-1714, og er ein gagnmerkasta heimildin um jarðir, íbúa og þjóðarhagi á fyrri tíð. Bókin var samin að tilhlutan Friðriks 4; kóngs Danaveldis og þar með Íslands, til að unnt væri að fá heildarmynd af ástandi lands og lýðs, líklega m.a. til að kanna skattþol þegnanna. Árni Magnússon skrifaði sjálfur þann hluta bókarinnar sem fjallar m.a. um Rauðasandshrepp. Viða koma fram lýsingar á bágum högum íbúa, bæði af völdum aflabrests og náttúrufars, en ekki síður vegna kúgunar höfðingjaveldisins. T.d. má víða sjá hörku og kúgun Guðrúnar Eggertsdóttur, sem þá var Saurbæjarhöfðingi. Skrifaði Árni sumsstaðar athugasemdir í þá veru á latínu eða þýsku, í þeirri von að höfðingjarnir skildu þær síður.

Jarðabætur (n, kvk, fto) Aðgerðir til að bæta gæði jarðar til að gera hana betur fallna til búskapar; t.d. framræsla, ræktun, girðingar o.fl. Ýmist það sem áður voru taldar þarfar jarðabætur sætir í dag nokkurri gagnrýni vegna ágangs á óspillta náttúru. Má þar t.d. nefna framræslu.

Jarðamat (n, hk) Verðgildi bújarða. Frá fornu fari hafa jarðir verið metnar í svonefndum *jarðarhundruðum*.

Jarðanefnd (n, kvk) Nefnd sem fjallar um jarðasölur. Samkvæmt jarðalögum nr 65/1976 skyldu settar á fót jarðanefndir; ein fyrir hverja sýslu, sem skyldu fylgjast með eigendaskiptum jarða, hafa eftirlit með mannvirkjagerð og að búseta væri í samræmi við ábúðarlög.

Jarðarafnot (n, hk, fto) Nytjar sem jarðeigandi heimilar öðrum úr sínu landi. „Þurrabúðarbændur höfðu jarðarafnot fyrir fáeinir kindur, og stundum kálgarðsholu að auki“.

- Jarðarberjareitur** (n, kk) Gróðurreitur/vermireitur þar sem jarðarber eru ræktuð undir gleri/plasti. „Sigríður á Láganúpi var mikil ræktunarmanneskja. Jarðarberjareitur var í horni garðsins við gamla Láganúps hússins, og við hlið hans voru beð með rófum, næpum, gulrótum, hvítkáli, blómkáli, grænkáli, salati og fleiri nýtajurtum; ásamt fjólu, morgunfrú og fleiri skrautjurtum. Kartöflugarður var frammi á skurðbakkanum“.
- Jarðareigandi** (n, kk) Eigandi jarðar. „Í seinni tíð hefur eignarhald nokkurra jarða í Rauðasandshreppi orðið nokkuð flókið, og jafnvel óljóst; einkum vegna þess að eigendur og yfirvöld hafa ekki framfylgt reglum um skipti dánarbúa. Þannig hefur t.d. verið ástætt um Hvallátra og Keflavík“.
- Jarðarfararsvipur** (n, kk) Sorgarsvipur; dapurt yfirbragð. „Hvaða jarðarfararsvipur er á þér núna?“
- Jarðargróði** (n, kk) Gróður; afurðir þess sem vex úr jörðu. „Ekki skil ég í þeim bændum sem vilja fremur ryðja aðkeyptum fódurbæti í skepnurnar en nýta þann jarðargróða sem vex við fjárhúsvegginn!“
- Jarðarhundrað** (n, hk) Verðgildiseining á jarðeignum; verðeining í landaurareikningi; stytt í hundruð. Eitt jarðarhundrað jafngildi 120 aurum silfurs og síðar 120 *álmum* vaðmáls. Það jafngildi lengi einu kýrverði, en á 17. Öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi nema tveimur kúgildum. Meðaljörð lagði sig oft á um 20 hundruð, en þó minna á Austurlandi. Hugsanlega hefur jarðhundrað í byrjun vísað til þess fjölda fjár sem fóðra mætti á jörð, en það á þó illa við á síðari tímum. Láganúpsjörðin, með hjáleigunum Hólum og Grundum, hefur verið metin 18 hundruð frá því elstu heimildir greina; en Kollsvíkurljörðin 24 hundruð. Breiðavík, Hvallátrar og Hænuvík voru metin 30 hundruð hver jörð.
- Jarðarmen** (n, hk) Staður þar sem jarðveggyfirborð hefur raskast; sár í gróðursvörð. Oftast notað í orðtakinu að *gangast undir jarðarmen* (sjá þar).
- Jarðarnot / Jarðarnytjar** (n, kvk, fto) Afnot af jörð. „Hann hafði allar jarðarnytjar á grannjörðinni eftir að hún fór í eyði“.
- Jarðarpartur** (n, kk) Hluti af jörð; landskiki. „Hvallátrajörðin hefur nú skipst í fjölmarga jarðarparta“.
- Jarðarverð** (n, hk) A. Verðgildi jarðar. B. Há fjárhæð, óskilgreind. „Billinn hlýtur að kosta jarðarverð“.
- Jarðbönn** (n, hk, fto) Jarðlaust; *jarðleysa*. „Veturinn verður að teljast í meðallagi harður og hefreykur. Á tímabili jarðbönn sakir áfreða og djúpfennis“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56). „Veturinn eftir að þetta gerðist var harður er leið á þorra. Gerði þá jarðbönn og stórhriðar með frosti; svo taka varð hross á hús og hey“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Jarðeigandi** (n, kk) Sá sem á jörð. Langt frameftir öldum var mikið af jörðum í Rauðasandshreppi í eigu höfðingja, t.d. Saurbæjarhöfðingja, og bændur því flestir ánauðugir landsetar. Þjóðtrúin segir að borði maður smér við hangiketinu verði maður aldrei landeigandi (JÁ; Þjs), og má því velja því fyrir sér hvort viðbitið eigi sök á þessu eignarhaldi.
- Jarðeign** (n, kvk) Eign í forni bújarðar; eignarhald á bújörð. „Saurbæjarbændur áttu víða jarðeignir“.
- Jarðeldur** (n, kk) Eldgos; eldvirkni. „Allt er svæðið myndað af jarðeldi, líkt og Ísland allt“.
- Jarðepli** (n, hk) Kartafla. „Fjelagið sá um að drengir innan 14 ára, sem í því voru, hafa komið sér upp garðholu og ræktað þar jarðepli og selt þau“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Jarðeplagarður** (n, kk) Kartöflugarður. „Jarðeplagarð hefur það (Umf Von) átt í mörg ár“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Jarðfall** (n, hk) Lægð í landslagi þar sem yfirborðið hefur sigið, t.d. við samfall hellis eða vegna *úrrennslis*. „Sumir hafa viljað meina að Grófarstekkur sé jarðfall, en aðrir að ísaldarjökullinn hafi skafið ofanaf helli“.
- Jarðfastur** (l) Fastur í yfirborði jarðar. „Mikilli vinnu var varið til að grjóthreinsa gamla Kollsvíkurtúnið þegar það var sléttað. En Biskupsþúfan var skilin eftir. Olli því hvorttveggja að í henni er jarðfastur steinn, en ekki síður hin ævagamla arfsögn sem þúfunni fylgir“.
- Jarðfræði** (n, kvk) Fræðigrein sem lýtur að þekkingu á myndun, eðli og sögu landsvæða og jarðefna. Kollsvíkingar hafa löngum lagt stund á jarðfræði í einhverjum mæli, og þar hefur jafnan verið mikil umræða um myndun hinna ýmsu fyrirbæra sem þar má sjá. Nýlegt dæmi þessa er kenning orðabókarhöfundar um myndunarferli *frostgíga*.
- Jarðfrost** (n, hk) Frost í jörðu; jarðklaki. „Það gengur ekkert að koma niður staurnum meðan enn er jarðfrost“.
- Jarðgöng** „Í Kollsvík hefur gætt meiri framsýni í jarðgangagerð en dæmi eru um annarsstaðar á Íslandi, og þó víðar væri leitað, sé gengið út frá viðteknum sannindum munnmæla. Voru a.m.k. þrjú misjafnlega löng og víð jarðgöng þar til komin löngu fyrir mennskt landnám. Ein þeirra eru úr huldufólksborginni Stórhól á Hnífum, tiltölulega stuttan spöl fram í Sandhelli þar neðan við. Önnur, mun verklegri, voru úr Tröllkarlshelli þar stutt frá, alla leið á bak við Kollsvíkina og norður í Tröllkonuhelli á Hænuvíkurhlíðum. Þarf ekki að efa að þau voru títt notuð til ástarfunda; eða allt þar til tröllin gleymdu sér og dögðu uppi sem steindrangarnir Karl og Kerling í fjörunni innan Blakks. Þriðju göngin eru úr Kattarholu utan Þyrsklingahryggs í Blakk; alla

- leið á Kattarholuveg í Keflavík, eða líkt og Víknafjall sem er sjö roðskóa leið. Þau göng eru líklega sínu þrengst, enda hefur ekki spurst af annarri umferð um þau en katta“ (VÖ; byggt m.a. á örnefnaskrá).
- Jarðgryfja** (n, kvk) Við hola eða gröf sem gafin er í jörðina. „Afi gerði tilraun með að verka þara í jarðgryfjum á Láganúpi. Það mun hafa tekist sæmilega, en vinna við það var erfið á þeim árum“.
- Jarðhús / Jarðhýsi** (n, hk) Manngert rými, að mestu hulið jarðvegi. „Á flestum bæjum voru jarðhýsi sem notuð voru sem kartöflugryfjur; sumstaðar *allvönduð* hús“.
- Jarðklaki** (n, kk) Klaki íjörðu; jarðfrost. „Nú er ég hræddur um að jarðklakinn geti *hlaupið niður* í hlákunni, svo að frjósi í vatnslögninni“.
- Jarðlag** (n, hk) Lag í jarðvegsmyndun/bergmyndun lands. „Þarna virðist vera eitthvað gljúpara jarðlag sem vatnið kemst um“.
- Jarðlagastafli** (n, kk) Stafli jarðlaga. „Þetta trjáríka hraunlag má rekja í jarðlagastaflanum sunnanfrá Vatnadalabót norður í Blakk. Víða eru holur eftir *missvera* boli og sumstaðar eftir hríslur og börk“.
- Jarðlaust** (l) Jarðbönn; jörð hulin klaka eða þykkum skara, þannig að fé nær hvorki að bíta né krafsa sér til beitar. Það þýddi innistöðu og fulla gjöf sem gat endað í heyleysi. „Það hefur haft dálitla krafsjörð til þessa, en nú má segja að sé orðið alveg jarðlaust“. „Það var mál manna fyrir á tíð, að að aldrei yrði jarðlaust; þ.e. tæki fyrir beit, fyrir útigöngufé á Þyrsklingahrygg“ (HÖ; Fjaran).
- Jarðleysa** (n, kvk) Jarðbönn; það að ekki er beitarjörð fyrir saufé vegna áfrera/hjarns/fannfergis. „Vetur þessi var, eins og menn muna, einn sá allra harðasti hvað jarðleysur áhrærir. Á flestum bæjum var hrein innistaða í 4-5 mánuði. Vildu mönnum til miklar og góðar heybirgðir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Jarðlíf** (n, hk) Líf í þessum/áþreifanlegum heimi; lífanda líf. „Ætli maður láti það ekki hjá líða í þessu jarðlífi að *bæglast* út í lönd í einhverri *þarfleysu*“.
- Jarðlítið** (l) Lítið jarðnæði; þröngt til búskapar. „Sellátraner er um margt góð bújörð, en fremur jarðlítill“.
- Jarðneskar kvalir** Miklar kvalir; mjög sárir verkir. „Hún sagði mér frá því sjálf hún Guðrún að það hefðu verið jarðneskar kvalir sem þær hefðu tekið út allan veturinn...“ (Eftir snjóflóðið í Kollsvík 1857) (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Jarðnytjar** (n, kvk, fto) Nýting bújarðar. „Hann hefur núna allar jarðnytjar af nágrannajörðinni“.
- Jarðnæði** (n, hk) Jörð/land til búskapar. „*Það er af sem áður var*, að hér í hreppi sé skortur á jarðnæði“.
- Jarðraki** (n, kk) Raki sem vanalega er í jörð, þó yfirborðið sé þurr. „Galtarnir höfðu staðið lengi og jarðraki dregist upp í botn þeirra. Það hey var því dálítið *fruggað* og þurfti góðan þurrk“.
- Jarðríki** (n, hk) Jörð; jarðlíf; raunveruleikinn. Upphaflega notað af trúuðum sem andlag við himnaríki. „Ég held bara að ekki finnst annar eins hálfviti á jarðríki! Að láta sér detta svona fjarstæða í hug“!
- Jarðrask** (n, hk) Hreyfð/röskuð jörð; staður þar sem jarðvegur hefur rötast til. „Allmikið jarðrask varð á þeim stöðum sem efni var tekið til ofaniburðar, og frágangur ekki alltaf með besta móti“.
- Jarðrækt** (n, kvk) Ræktun nytjagróðurs; umbætur lands til ræktunar. „Björn Halldórsson í Sauðlauksdal varð fyrstur Íslendinga til að hvetja til jarðræktar og kenna hana með ritum sínum“.
- Jarðræktarverkefni** (n, hk) Verkefni um að rækta jörð/ gera tún il nytja. Kollsvíkingar keytu traktor í samlagi árið 1945, og gerðu samning um notkun hans sem nefndist „Jarðræktarverkefni Kollsvíkinga“.
- Jarðsími** (n, kk) Símalína sem lögð er í jörð. „Jarðsími var lagður að Kollsvík, líklega eftir 1980. Hann lá ofanaf Fimmhundraðahæð; niður Steilur og Húsadal. Sífelld vandræði voru með þennan streng, þar sem eldingum sló ítrekað niður í hann. Að lokum gáfust menn upp, og settu upp örbylgjusamband í hans stað“.
- Jarðsnöp** (n, hk, fto) *Snöp* á jörð; lítilsháttar kropp fyrir sauðfé sem beitt er út að vetrarlagi.
- Jarðsögutími** (n, kk) Sjá *tertier*.
- Jarðvatn** (n, hk) Vatn í jörð; vatn sem rennur undir yfirborði. „Jarðvatn safnaðist í holuna yfir nótt“.
- Jarðvatnsborð** (n, hk) Hæð yfirborðs jarðvatns. „Hér liggur jarðvatnsborðið fremur lágt“.
- Jarðvöðull** (n, kk) Klunni/ruddi í verklagi; Sá sem böðlast áfram í verki en skemmir e.t.v. meira en ávinnst. „Það þýðir ekkert að fara um langvíuhilluna eins og jarðvöðull; þú þarft að gá hvar þú stígur maður“! „Henni þótti ég oft mikill sóði og jarðvöðull“ (IG; Æskuminningar). Sumir vilja ekki hafa „ð“ í orðinu, og hafa það *jarvöðull*. Það kann jafnvel að vera rökréttara; fyrri hlutinn sé þá jara, sem er fornt heiti á orrustu. Orðið hafi því áður haft sömu merkingu og berserkur eða stríðskappi. Aðrir telja að orðið megi rekja til hesta sem sífellt festa sig í mýrlendi, enda ekki jafn upplagðir fyrir það og kýrnar.

Jarðvöðulsháttur (n, kk) Yfirgangur; ruddaskapur; sóðaskapur. „Menn sáust lítt fyrir í jarðvöðulshættinum þegar framræsla og túnaræktun komst í algleyming með tilkomu stórvirkra véla. Í atganginum týndust fjölmörg örnefni, álagablettir voru óvirkir og jafnvel tortímdust merkar fornminjar“.

Jarðýta (n, kvk) Vinnuvél á beltum með öflugri dísilvél og tönn, einkum notuð til að ýta efni. Jarðýtur gegndu lykilhlutverki í vegagerð og jarðrækt eftir miðja 20.öld. „Áður en jarðýtur komu hingað í hreppinn var byrjað að leggja bílveg yfir Hænuvíkurháls. Sést gerla fyrir hleðslu vegkantsins upp brekkuna í Kollsvík“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Jargansmikill (l) Firnamikill; *orkansmikill*. „Þar var jargansmikill steinn á miðjum veginum“. Orðið var ekki mikið notað í Rauðasandshreppi í seinni tíð, en heyrðist þó.

Jarki (n, kk) Handar- eða fótartaðar, ytri. „Óttalega ertu hjólbeinóttur; skórnir slitna mest á jörkunum“.

Jarl (n, kk) Tignarmaður Noregskonungs fyrr á tímum; herforingi og fullvalda höfðingi sem hafði á hendi dómsvald og skattheimtu á sínu svæði. Sá eini hérlendis sem naut þeirrar tignar var Gissur Þorvaldsson, en Hákon kóngur skipaði hann jarl árið 1258 yfir þeim héruðum sem hann taldi sig eiga tilkall til. Vald hans var þó mest á Norður- og Suðurlandi. Kollsvíkurætt er rakin m.a. til norskra jarla; t.d. Þrándar Haraldssonar, jarls í Þrándheimi og Naumudal, en forfaðir hans voru jarlarnir Brandur Hersisson og Hersir Möndulsson.

Jarma (s) A Um sauðkind; gefa frá sér *jarm*. „Það þyrfti að athuga með þessa kind sem hefur verið jarmandi hér frammi á Mýrunum“. B. Líkingamál; nöldra; sífra.

Jarma sig saman (orðtak) Um það þegar lamb og kindin móðir þess jarma og leita hvort annars með því að ganga á hljóðið. Einig notað í líkingum um það þegar menn ná saman um málefni.

Jarmur (n, kk) A. Hljóð sem sauðkindur gefa frá sér. Í seinni tíð hefur gætt tilhneygingar til að hafa orðið í hvorugkyni; jarm (jarmið með greini). B. Líkingamál um nöldur/raus í manneskju.

Jarpur / Jarpærður / Jarpskeggjaður (l) Með brúnleitt hár/skegg.

Jarteikn (n, hk) A. Undursamlegt/yfirsíkilvitlegt atvik; kraftaverk. Orðið var mikið notað í kaþólskri trú, en til að menn kæmust í raðir helgra manna þurfti að sanna að kraftaverk hefðu gerst fyrir þeirra tilverknað. Deilt er um uppruna orðsins, en líklega er fyrri liðurinn jara, í merkingunni orrusta. Orðið gæti þá í upphafi hafa merkt tákni sem menn þættust sjá, t.d. í skýjafari eða himintunglum, um velgengi í fyrirhugaðri orrustu. Vegna vafa um uppruna hefur orðið verið haft á ýmsan hátt; t.d. jarðteikn; jartegn; jartein o.fl. B. Afleidd merking; ummerki; ábendingar. „Ég get ekki séð nein jarteikn um að fylgi sé að aukast við þetta“.

Jarvöðull (n, kk) *Jarðvöðull* (sjá þar); klunni; ruddi í verklagi. Menn nota orðið ýmist með eða án „ð“, og rökstyðja má báðar orðmyndir. Líklega er sú ð-lausa jafnvel rökréttari, þar sem vísað sé til þess sem hart gengur fram í orrustu (jöru) án tillits til afleiðinga; samnefni við berserkur eða stríðskappi. „Skelfilegur jarvöðull geturðu nú verið“!

Jaska (s) Slíta óhóflega eða hratt. „Óttalega ertu fljótur að jaska buxunum í sundur strákrum“!

Jaskaður (l) Volkinn; hrakinn; slitinn. „Fjandi er maður nú jaskaður eftir þessa Stígsferð“.

Jaskast á (orðtak) Þjónast á; jaga. „Hættu að jaskast svona á stólnum drengur; þú liðar hann í sundur“.

Jastra (s) *Hjastra*; murka í sundur; mylja niður. Kollsvíkingar notuðu einvörðungu orðmyndina *hjastra* (sjá þar), en þessi heyrðist hjá aðkomufólki.

Jata (n, kvk) Stallur sem sauðfé étur sitt fôður af. Í Kollsvík tíðkaðist að jafnaði ekki að jata væri nefnd garði, eins og víða annarsstaðar á landinu. Garði í munni Kollsvíkinga merkir króin/stían sem féð er í. Þó viðhöfðu þeir orðtakið að „gefa á garðann“ í merkingunni að gefa fénu í jötuna, en það er eina tilvísunin í því efni. Talað var um að „sópa jötuna“; „laga jötuna“ o.fl. Á vorin voru stundum settar upp *útjötur*, þar sem fé var fôðrað úti meðan það var haft inni á túnum. „Er nú hrútfjandinn að smíða jötuna einusinni enn; og ég var nýbúinn að skipta um jötufjölin“!

Jaxl (n, kk) A. Tönn aftarlega í gómi, aftanvið fram- og augntennur í mönnum. „Hann brá snærinu í munn sér og tannaði það milli jaxlanna til að mýkja það“. B. Hörkutól; hetja; maður sem er harður af sér.

Já og amen (orðtak) Fullkomið samþykki. „Ég er nú ekki tilbúinn að segja já og amen við þessari vitleysu, þó aðrir hafi gert það“! „Og sagðir þú bara já og amen við þessu“?

Jákvæðni (n, kvk) Jákvæður hugur; bjartsýni; vonarhugur. „Mikið líkar mér betur að heyra svona jákvæðni í staðinn fyrir sífelldar úrtölur og vonleysi“.

Jákvæður (l) A Bjartsýnn; vongóður. „Eigum við ekki bara að vera jákvæðir meðan ekkert kemur uppá“? B Samþykkjandi. „Ég gat ekki betur heyrt en hann væri þessu jákvæður“.

Jákvæður gagnvart (orðtak) Samþykkur; lítur góðum/réttum augum á. „Ég er fremur jákvæður gagnvart þessum breytingum, eins og hugmyndin er sett fram“.

Jálkur (n, kk) A. Hestur sem notaður er til erfiðisvinnu; dráttarklár; lélegur reiðhestur. Einnig *húðarjálkur*. B. Líkingamál um skilningslítinn mann, eða þann sem vinnur hugsunarlaust. „Hvað var jálkurinn nú að gera“?

Jánka (s) Játa; taka undir; samsinna. „Hann spurði hvort féð væri komið heim og ég jánkæði því“.

Járn (n, hk) A. Málmur; efnatákni Fe. B. Lamir á hurð. „Á fjárhúsunum voru sex hurðir; allar á járnnum“. C. Þakjárn; bárujárn; sléttjárn; steypustyrktarjárn. „Hjallurinn var klæddur járn á þaki og ofantil á hliðum“. D. Krókur/öngull á skakfæri. „Ég útbjó slóðana flesta með fimm járnnum, en suma þó með sex“. „Á tímabili komst slóðinn varla fyrir borðið áður en fiskur stóð á hverju járn“. E. Járnkarl. „Þessi steinn verður ekki hreyfður nema með góðu járn“. F. Handjárn. Sbr að „leggja einhvern í járn“. G. Vopn; sverð. „Hann bitu engin járn“. „Nú standa á honum öll járn“. H. Skeifur á hestum; mannbroddar á fólki.

Járn standa á (einhverjum) (orðtak) Sjá *öll járn standa á (einhverjum)*.

Járna (s) A. Járna hest; setja skeifur undir hest. Þjóðtrúin segir að ekki megi járna hest á sunnudegi; þá heltist hann. (JÁ; Þjs). B. Járna hurð; setja hurð á lamir; lama hurð. C. Koma ífæru í lúðu, hákarl eða hval. „Hvalinn hafði Benedikt Gabriel skutlað, en misst áður en tókst að járna hann“. D. Járna þak; koma þakjárn á hús.

Járna rimbu (orðtak) Leikur sem stundaður var fyrr á tíð. Ekki skal sagt hve mikið han var stundaður í Kollsvík, en heitið var þar a.m.k. þekkt. Ólafur Davíðsson lýsir leiknum svona: „Hér er lýsing á gömlum leik, sem mörgum þótti erfiður og þurfti talsverða æfingu til þess að geta leikið hann. Reipi er strengt á milli tveggja stólpa og á að vera dálítið bil undir það. Rimbujárnarinn tekur prik í hönd sér, sezt á reipið langsetis og krossleggur fætuna upp að því. Fyrst hefur hann prikið í hægri hendi, slær því upp í vinstri ilina og segir um leið: „Geng ég í haga.“ Því næst slær hann annað högg og segir: „Tek ég meri mína.“ Við þriðja höggið segir hann: „Teymi ég hana í hlaðið“ en „tálga ég hófinn“ við fjórða höggið. Síðan segir hann: „Rek ég einn nagla,“ o. s. frv. upp að tuttugu og fjórum og slær eitt högg við hvern nagla. Ekki er allt búið enn. Rimbujárnarinn heldur áfram og segir: „Legg ég á hnakkinn,“ og um leið tekur hann prikið úr hægri hendi með hinni vinstri og yfir reipið og hné sér. Að því búnu bregður hann prikinu undir reipið, grípur það aftur með hægri hendi og segir um leið: „Spenni ég gjörðina.“ Seinast segir hann: „Spenni ég reiðann,“ og bregður jafnframt prikinu aftur fyrir sig með hægri hendinni og grípur það með þeirri vinstri. Ef þetta gengur allt slysalaut, þá hefur hann unnið þrautina, en velti hann út af reipinu, ofan á gólf, áður en hann hefur spennt reiðann, þá er rimbustruntan ójárnúð eftir sem áður. Þess verður að geta, að rimbujárnarinn má stinga prikinu í gólfíð sér til stuðnings svo oft sem hann vill, en aldrei má hann taka fætuna af reipinu, og því síður rétta úr þeim. Fleiri frásagnir eru af þessum leik, og er hann á sumum stöðum kallaður að járna pertu í staðinn fyrir rimbu“. Svo er að sjá að þetta hafi verið innileikur barna, líklega stundaður þar sem setið var að tóvinnu.

Járnaður (l) Um hval; skutlaður; búið að koma í hann skutljárni. „Einar í Kollsvík lét skera hval sem járnaður hafði verið af galdramanninum Benedikt Gabriel“. B. Um hest; með skeifur undir hófum.

Járnahaugur / Járnahrúga (n, kk/kvk) Haugur/hrúga af járn; ónýtt/lélegt tæki úr járn. „Þarna hafði verið grafið yfir einhvern járnahaug“. „Mér sýndist þetta fremur vera járnahrúga en bill; þetta kemst ekki langt“!

Járnballi (n, kk) Balli úr járn. „Á vorin rerum við á járnballa í sandinum í Stóragilinu“ (IG; Æskuminningar).

Járnbentur (l) Styrktur/girtur með járn. „Kistan var sterk og járnkent“. „Veggir eru úr járnbentri steinsteypu“.

Járnbrá / Járnbrák (n, kvk) Járnbrá; brák/himna á vatnsyfirborði, sem speglast í öllum regnbogans litum með ljósbroti; myndast gjarnan þar sem vatnið hefur runnið um járnrik lög neðanjarðar. Meðan rauðablástur var stundaður var járnbrák talin merki um það hvar mýrarrauða væri að finna, sem e.t.v. mætti vinna. Sjá *rauðablástur*. Viða er mýrarrauða að finna í Kollsvík, og víða bregður járnbrá á vatni keldum og lækjum.

Járndrag (n, hk) Flatjárn, vanalega dúpt öðrumegin, sem haft er undir kili báts sem slitkjölur; til að auka styrk og minnka slit þegar bátur er settur. Einnig notað um blikkrenning (girði) undir sleðameiða í sama tilgangi.

Járndreki (n, kk) Dreki/akkeri úr járn. „Við höfðum meðferðis fjórflauga járndreka fyrir akkeri“.

Járnfat (n, hk) A. Flatt járn sem haft er utanum hlut til að halda að honum og/eða til að unnt sé festa í hann. Járnfat var þannig tíðum haft utanum steina sem notaðir voru fyrir akkeri; stjórasteina. B. Fat/bali/ ílát úr járn. „Bleyjurnar voru þvegnaðar upp úr emaleruðu járnfati“.

Járnfata (n, kvk) Fata úr járn. Það var mikil framför þegar álfötur leystu járnfötur af sem *mjaltilát*“.

Járngerð (n, kvk) *Rauðablástur* (sjá þar).

Járngerðarmaður (n, kk) Sá sem bræðir járn úr jarðefnum, s.s. mýrarrauða. Einar Jónsson í Kollsvík mun síðastur Íslendinga hafa stundað hina fornu iðn; *rauðablástur*.

Járnharður (l) Harðákveðinn; *glerharður*. „Hann var járnharður á því að þetta væri engin missýning“.

Járnharka (n, kvk) Mjög mikil harka. Einkum notað í samskiptum manna. „Þótti sumum hann koma fram af járnhörku gagnvart hinum varnarlausu leiguliðum“.

- Járnhjólborur** (n, kvk, fto) Hjólborur úr járni. „Fyrstu járnhjólborurarnar voru e.t.v. ekki mikið léttari en tréhjólborurnar sem þær leystu af hólmi; en mun liprari í notkun“.
- Járnkarl** (n, kk) Verkfæri úr hertu járni; sver stöng sem notuð er t.d. til að losa um þétt jarðefni með þjökkun eða sem vogastöng til að hreyfa mjög þunga hluti.
- Járnla** (n, kvk) *Járnbrá*; slika á járnriku vatni. „Mikil járnla var á vatni í neðsta skurðinum“.
- Járnmei** (n, hk, fto) Hluti beislisbúnaðar hests; mei/spangir úr járni, sem höfð eru í munni hestsins.
- Járnsíða** (n, kvk) Lögbók sem gildi á Íslandi 1271-81, en hún var lögleidd í framhaldi af Gamla sáttmála, þegar landsmenn gengust Noregskóngi á hönd. Að mestu er hún samin uppúr Guðlaþingslögunum norsku og mun Sturla Þórðarson sagnaritari hafa komið að ritun hennar. Nafnið er komið af því að bókin var bundin í járnspjöld. Járnsíða fékk fremur slæmar viðtökur hérlendis. *Jónsbók* kom í hennar stað og líkaði betur.
- Járnsleginn** (l) *Járnhentur*; með járngrjörðum/járnhlífum. „Þar inni var járnslagin kista; mjög fornfáleg“.
- Járnsmiður** (n, kk) A. Maður sem smíðar úr járni. B. *Nebria rufescens*; svört bjöllutegund, sem algeng er bæði í húsum og haglendi; stærsta bjalla sem finnst í Kollsvík og nágrenni.
- Járntolla** (n, kvk) Stautur uppúr borðstokk báts sem á er húkkað auga á árinni, þegar bátum er róið. (Lint l)
- Járnútfelling** (n, kvk) Járn sem skilast hefur út úr bræðingi, t.d. bráðnu bergi. „Einnig sést vel í þennan berggang (Strengbergsgjár) í fjörunni sunnan við Bekkinn, og eru í honum sérkennilegar járnútfellingar“ (HÖ; Fjaran).
- Járnvilji** (n, kk) Mikil einbeiting/einþykki í að ná settu marki. „Það þarf járnvilja til að ná svona langt“.
- Járnþak** (n, hk) Þak lagt bárujárni en ekki hellum eða álplötum. „Nokkrar seinni búðirnar voru með járnþaki og torfi, en þær þóttu verri; járnþak var miklu kaldara en helluþökin“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Járnþollur** (n, kk) Hæll úr járni. „Þegar ég fór í fyrsta skipti á Gorgánshilluna fann ég í brekkubrúninni ofan hennar járnþæll. Síðar kom í ljós að hann var frá þeim tíma að Kristján Júlíus Kristjánsson stundaði það að fara á hilluna eftir eggjum. Hann fór einsamall; setti fast á þollinn og fór í lás niður“ (VÖ).
- Játa** (s) Viðurkenna; meðganga. „Ég verð að játa það að þetta er einn sá besti harðfiskur sem ég hef fengið“.
- Játast undir (eitthvað)** (orðtak) Samþykkja eitthvað; skuldbinda sig til. „Íslendingar játuðust undir Noregskóng árið 1362“.
- Jeminn / Jeminneini / Jeminneinisanni** (u) Upphrópanir/jesúsánir sem algengar voru í munni viðkvæmra og hneykslunargjarnra, einkum kvenna. „Jeminneini; varstu að slasa þig“?
- Jesúhróp** (n, hk, fto) Ákall frelsarans/Jesú; *jesúsa sig*. „Íbúarnir hlupu út með jesúhrópum þegar kviknaði í“.
- Jesúsa sig** (orðtak) Viðhafa guðsorð í geðshræringu; ákalla Jesú; „Það gagnar lítið að jesúsa sig eftir“!
- Joðóform** (n, hk) CHJ3; gulleitt kristallað efni, notað til sóthreinsunar. „Ef menn skáru sig var sett joðóform í sárið og vafið um hreinu léreftstykki“. „Joð var víðast til og var til að sóthreinsa sár, en mest man ég eftir joðóformi, sem var duft með sterkri lykt, og ég skil ekki af hverju er hætt að nota það; jafn sóthreinsandi og það er“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms).
- Joðríkur** (l) Með mikið joðinnihald. „Það var gamalt húsráð í Kollsvík að setja nýjan þara undir kýrnar, í básinn, ef þær voru með *báshellu* eða höfðu *stigið sig*. Síðar kom í ljós að þetta á við þau rök að styðjast að þarinn er mjög joðríkur, en joð er græðandi“.
- Jollast** (s) Röлта; þvælast. „Varstu nú að jollast úti í bleytunni á gúmmískóm drengur? Þú er rennbautur í fæturna“! Framborið lint.
- Jollur** (n, kvk, fto) Gæluheiti á stígvélum. Einnig *stígvélajollur*. Einstaka sinnum um húfu, sjá *húfujolla*. „Hvar fór ég nú úr jollunum mínum“?
- Jóðla á/yfir (eitthvað)** (orðtak) Bera einhverskonar áburð/olíu/málningu á eitthvað í ríkulegum mæli; klína/gusa/hnoða á með höndum eða pensli. „Ég jóðlaði olíu á þann hluta stólpans sem fór í jörð“. Uppruni orðins hefur vafist fyrir mönnum, en er e.t.v. sá sami og í orðtakinu „jóðla á (einhverju)“.
- Jóðla á (einhverju)** (orðtak) Japla á einhverju; tyggja eitthvað. „Honum fannst harðfiskurinn mjög góður en sagði erfitt að jóðla á honum, svona tannlaus eins og hann væri orðinn“. E.t.v. hljóðbreyting úr „jórtra“.
- Jóðsótt** (n, kvk) Fæðing; hríðir; *barnsnauð*.
- Jólaávestir** (n, kk, fto) Ávestir sem neytt er um jólaleytið. „Mikið var lagt uppúr því að fá jólaávesti fyrir jólin. Verslun Sláturfélagsins Örylgs á Gjögurum fékk vanalega epli og appelsínur fyrir jól, þó ekki væri slíkt fánlegt endranær á fyrri tíð. Magnið var vanalega áætlað fyrirfram, og gert ráð fyrir hálfum og heilum kassa af hvoru á heimili til jafnaðar. Um aðra ávesti var ekki að ræða“.

Jólabað (n, hk) Þvottur fólks fyrir jól. „Þvottar og böðun var með öðru og erfiðara móti áður en vatn var lagt í hús og baðker og sturtur urðu staðalbúnaður heimila. Hreinlæti var þó vel sinnt af flestum. Menn þvoðu skrokkin reglulega með þvottapoka uppúr vaskafati eða bala. Undantekningarlaust var farið í jólabað rétt fyrir jólin, og síðan fundin til bestu fötin“.

Jólaboð (n, hk) Boð einnar fjölskyldu til annarrar um heimsókn um jólaleytið. „Jólaboð voru einatt milli bæjanna í Kollsvíkinni og einnig nágrannabæja og skyldmenna“. „Annar í jólum var oftast farið í jólaboð til nágrannanna“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Jóladagur (n, kk) 25.desember. „Á jólanóttina var alltaf látið lifa ljós, og það þótti manni nú aldeilis gaman. Þegar jóladagur rann upp, las pabbi okkur húslesturinn snemma morguns. Að því loknu fórum við krakkarnir út á sleða, ef þannig viðraði. Seinnipart dags fór svo fólk að drifa að, vegna þess að jólatréð var núna á okkar heimili, og klukkan sex til sjö var kveikt á trénu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jólaepli (n, hk) Epli sem eru á boðstólum á jólum. „Til skamms tíma voru ávextir ófáanlegir nema rétt fyrir jól; a.m.k. í sveitum Rauðasandshrepps. Fyrst þegar ég man eftir þurfti hver bær að panta heilan eða hálfan kassa hjá kaupfélaginu nokkru fyrir jól, og þurfti það að duga uppá hátíðina alla. Einungis voru í boði epli og appelsínur í fyrstu, en þegar leið á 7. áratuginn fóru að koma mandarínur og síðar fleiri tegundir“ (VÖ).

Jólafasta (n, kvk) Aðventa, tími sem byrjar fjórum helgum fyrir jól og lýkur á jólum. Í kaþólskum sið var fastað á kjötneyslu á jólaföstu. Fastan var fyrrum mikill annatími; ekki síst þar sem áhersla var lögð á að ljúka við þá tóvinnu sem fór til innleggs, auk þess að undirbúa hátíðina fyrir heimilisfólk.

Jólaferð (n, kvk) Af bæjum í Rauðasandshreppi var farin ein jólaferð, sem svo var kölluð, til Patreksfjarðar. Í þeirri ferð var reynt að kaupa inn allt sem taldist þurfa upp á jólahaldið; t.d. matvöru til viðbótar þess sem til var; fatnað; lítillsháttar skreytingar, t.d. grenigrein; gos; jólagjafir og einhverja flugelda uppá áramótin“.

Jólafrí (n, hk) Frí frá vinnu/skóla yfir jólahátíðina og oft dagana fyrir og eftir. „Síðan gerðist ekkert sögulegt fram að jólafrí“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Jólagjöf (n, kvk) Gjöf sem gefin er á jólum. „Þótt ekki tíðkuðust jólagjafir í mínu ungdæmi, var það svo margt sem gladdi á jölunum. Öll fengum við kerti og spil, sem var okkar sameign“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jólagrautur (n, kk) Grautur sem snæddur er á jólum. „Jólagrautur var alltaf eldaður, áður en ís leysti hann af hólmi eftir að rafmagn kom í hús. Oft var það hnausþykkur ávaxtagrautur sem eldaður var á aðfangadag og borinn fram kaldur með rjóma í hádeginu á jóladag. Til var þó að eldaður var þykkur hrísgrjónagrautur og sett í hann mandla, að erlendum sið. Eitthvað smáræði var svo í möndlugjöf fyrir finnandann“ (VÖ).

Jólahald (n, hk) Sá siður að halda jólin hátíðleg 24. og 25.desember ár hvert. „Jólahald var fábreytt framan af. Torfi móðurbróðir minn hafði fyrstur manna jólatré hér, það hefur líklega verið árið 1903 (síðustu jólin áður en hann fórst). Hann smíðaði jólatré og klæddi greinarnar með eini... Fyrir jólin voru bakaðar lummur, laufabrauð, kleinur og stór kaka. Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni; bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. ... Hangikjöt var alltaf soðið fyrir hátíðirnar... Fyrir jólin voru steipt tólgarkerti, jólakertin, og lifði alltaf ljós á jólanóttina. Á eftir aðfangadagshugvekjju var alltaf sungið „Aðfangadagur dauða míns; Drottinn kemur þá að...“. Á jóladag, á undan jólaguðspjallinu var sungið „Í dag eitt blessað barnið er; borið og fætt í heiminn...“. Á jóladagsmorguninn var lesið snemma (húslesturinn); við krakkarnir vorum þá oftast í rúminu... Aldrei var spilað á aðfangadag jóla, en á jóladag sátu allir við spil og var mest spilað púkk. Mamma og Torfi bóðir hennar gátu teflt allan jóladaginn“ (H.M; Í Kollsvíkurveri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).

Jólalhelgi (n, kvk) Sérstök andakt eða stemning sem menn finna til um jól. „Líklega er hin eiginlega hjólalhelgi frekar á undanhaldi í nútímasamfélagi; í það minnsta er orðin mikil breyting á henni frá því sem var í hinu kyrrláta sveitasamfélagi. Í mínu ungdæmi var þessi þróun e.t.v. hafin, þar sem ekki var lengur siður að lesinn væri húslestur/jólaguðspjall heima fyrir á aðfangadagskvöld. Hinsvegar var lögð á það rík áhersla að allir heimilismenn sætu trúðbúnir og hljóðir og hlýddu á jólamessu í útvarpi. Töluvert átak var að halda uppi þeim aga þegar spenningur var í krökkum yfir óopnuðum jólapökkum, en þó var þessi siður virtur og mikill hátíðleikablær var yfir þeirri andakt. Einungis húsmóðirin var á ferli í undirbúningi jólamatar. Eftir messu voru jólin komin; allir óskuðu gleðilegra jóla með kossi og sest var að veglegum jólamat. Að honum loknum máttu yngstu börnin opna einn jólapakka en aðrar jólagjafir voru ekki opnaðar fyrr en eftir gegningar“ (VÖ).

Jólahreingerning (n, kvk) Gagnger þrif húsa fyrir jól. „Nokkrum dögum fyrir jól fór fram hin árlega jólahreingerning. Þá var húsið allt þrifið í hól og gólf. Mest hvíldi sú vinna á mömmu“.

Jólakaffi (n, hk) Kaffisamsæti á jólum. „Fjölskyldur bræðranna í Kollsvík og á Láganúpi buðu á víxl í jólakaffi á jóladag“.

Jólakaupstaðarferð (n, kvk) Ferð sveitafólks til jólainnkaupa í kaupstað. „Algengt var, ekki síst að vetrarlagi, að menn báru þungar klyfjar á eigin herðum yfir Hænuvíkurháls. T.d. þegar komið var úr jólakaupstaðarferð,

en jafnan var farið í kaupstað fyrir jólin og þá keyptur ýmis varningur til hátíðarhaldsins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Jólakerti / Jólaljós (n, hk) Kerti/ljós sem logar á jolum/jólanótt. „Fyrir jólin voru steipt tólgarkerti; jólakertin, og lifði alltaf ljós á jólanóttina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Jólalegt (l) Líkt því sem er á jolum. „Hér er að verða jólalegt“. „Þú ert ekki mjög jólalegur í þessum lörfum“.

Jólamánuður (n, kk) Desember. „Í jólamánuðinum var ótalmargt sem þurfti að gera, svo allt yrði tilbúið þegar hátíðin gengi í garð“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jólamessa (n, kvk) Messa á aðfangadagskvöldi. „Allir sátu hljóði og hlýddu á jálamessuna“.

Jólanótt (n, kvk) Nóttin fyrir jóladag. „Á jólanóttina var alltaf látið lifa ljós, og það þótti manni nú aldeilis gaman“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). Sjá *jólakerti*.

Jólapoki (n, kk) Kramarhús sem sælgæti er sett í. Oft hengt upp á jólatréð og börnum síðan gefið í *jólatrésskemmtuninni*. „Ákveða varð hvað ætti að kaupa til að láta í jólapokana, og hverjir ættu að búa þá til. Stundum var ekki til efni í pokana. Þá voru teknar kápur utanaf stílabókunum okkar, sem voru allavega litar, og notaðar sem efni í jólapokana.... Nú var runnin upp sú stund sem allir höfðu beðið eftir; bæði ungir og gamlir. Fyrst var gengið í kringum jólatréð og jólasálmar sungnir, og allir fengu jólapoka“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jólaskraut (n, hk) Skraut/glingur til að prýða heimili og jólatré á jolum. „Mest af jólaskrautinu var *heimatilbúið* í mínu *ungdæmi*; hafði töfrast fram úr meistarahöndum mömmu. Hún tók fatninguna af ónýtum ljósaperum; málaði lmyndir og listaverk á þær; festi á þær þráð og hengdi á jólatréð. Hún teiknaði, málaði og sagaði út jólasveina og annað úr krossviði. Hún gerði ævintýraland úr kallítþlötum, pappír, karamellubréfum, pípuhreinsurum, lérefti og fleiru; kirkju, bæ og landslag, ásamt prúðbúnu smáfólki. Þetta var svo lýst upp með perum. Óróar voru hengdir í loft, ásamt músastigum o.fl. Er þó minnstur hlutinn talinn af hennar listaverkum sem tengdust jolum“ (VÖ).

Jólatré (n, hk) Tré sem sett er upp skreytt í stofu um jólin. Heitið var einnig haft um jólatrésskemmtun, þ.e. skemmtun þar sem jólatré var uppvið (sjá tilvitnun í ÖG). „Jólahald var fábreytt framan af. Torfi móðurbróðir minn hafði fyrstur manna jólatré hér, það hefur líklega verið árið 1903 (síðustu jólin áður en hann fórst). Hann smíðaði jólatré og klæddi greinarnar með eini...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Jólatré í Kollsvík voru með því móti sem amma lýsir, langt fram eftir 20. öld. Á Láganúpi er enn til jólatréð sem notað var í mínu ungdæmi. Stofn þess er ca 120 cm há og 40mm sver, sívöl trjásþíra; hún er greytt niður í flatan, kassalaga kubb og inn í þennan stofn eru felldar mislangar, grennri spýtur; sívalar og gerðar flatar í endann, þar sem á var fest kertaklemma. Lengstu spýturnar, eða „greinarnar“ voru neðst, ca 40 cm langar, en þær stystu efst, ca 7cm langar. Ofan í enda stofnsins var rekinn nagli sem toppur trésins sat á; oftast silfurlituð stjarna. Tréð var í fyrstu ólitað en síðar málaði móðir mín það grænt. Lengi vel var tréð skreytt með einilyngi; sortulyngi og krækiberjalyngi sem sótt var út í Vatnadal. Man ég eftir ferð sem ég fór með pabba fram í Vatnadalbotn; í miklum snjó og frosti, daginn fyrir þorláksmessu. Mokað var ofanaf einilyngi og það dregið heim í poka á litla sleðanum mínum. Mamma festi síðan lyngið á tréð með svörtum tvinna. Hún bjó sjálf til skrautið að mestu; málaði meistareg málverk á ljósaperur sem skrufgangurinn hafði verið tekinn af, og festi þær á tréð með tvinna. Við bræður fléttuðum bréfkörfur eftir hennar forskrift og settum í þær heimagert konfekt, karamellur og brjóstsykur. Yfir tréð var sett englahár eftir að það fékkst, og fóturinn þakinn bómull. Ekki voru til jólaseríur eða rafmagn á þær þegar ég fyrst man eftir, en þess í stað var litlum jólakertum komið fyrir á greinaendunum í séstökum klemmum. Gæta þurfti sérstakrar varúðar við þau og ekki var kveikt á þeim nema fólk væri nærri. Einusinni man ég eftir að kviknaði í skraupurru lynginu, en menn voru handfljótir að slökkva. Síðar var farið að festa greni á tréð í stað lyngs, en mér fannst það tilkomuminna. Löngu síðar kom gervijólatré og seríur“ (VÖ).

„Eitt af því sem þurfti að gera í sambandi við undirbúning jólatrésskemmtunarinnar, var að fara fram í Vatnadal og ná í lyng til að nota á tréð; varð alltaf einilyng fyrir valinu. Tréð, sem var gertúr spýtu, var svo hulið með lynginu. Allavega kúlur voru líka settar á tréð, svo sem nú er gert, og efst á því trónaði svo toppur. Síðan voru sett lítil kerti á það, í þar til gerðum klemmum. Tilbúið tréð var svo geymt þar til kom að jolum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Á *annarsdagskvöld* var haft jólatré fyrir alla krakka í Víkinni. Var það heimagert og bundið á það einir sem sóttur var fram í Vatnadal. Gengið var kring um jólatréð og sungnir sálmar og ýmsir söngvar. Einnig var farið í leiki, svo sem að segja Spánarkonung dauðan o.fl. þess háttar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

„Hann pabbi smíðaði jólatré sem notað var á hverju ári í Ungmennafélagshúsinu og vafið með lyngi og eini. Þetta tré hefur tæpast átt sinn líka á landinu; svo hugvitssamlega sem það var hannað, og hægt að taka það sundur til geymslu“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Jólatrésskemmtun / Jólaskemmtun (n, kvk) Jólaskemmtun við jólatré. „Einhver mesta tilhlökkunin var að undirbúa jólatrésskemmtunina, sem Ungmennafélagið Vestri sá um fyrir börn úr Kollsvíkinni“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Jólaskemmtun og jólatrje fyrir börn í Kollsvík hefir fjelagið (Vestri) á hverjum jolum. Einnig hafði það kortakassa á jolum um eitt skeið“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Jólatungl (n, hk) Sá tunglmánuður sem stendur yfir þrettándann. Í gamla tímatalinu var ýmislegt miðað við jólatunglið; bæði fyrir og eftir það.

Jólaundirbúningur (n, kk) Tilstand fyrir jólin. „Enn hef ég ekki minnst á það hver bar hitann og þungann af öllu umstanginu og vinnunni sem þessum jólaundirbúningi fylgdi“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jólavindill (n, kk) Vindill sem reykur er á jolum/ keyptur er uppá jólin. Meðan mest var um reykingamenn, um og eftir miðbik 20. aldar, var algengt að á hvert heimili væru keyptir jólavindlar, til að fá þá sérstöku lykt í húsin og geta boðið gestum. Vinsælasta tegundin var líklega Bjarni frá Vogu, en einnig London docks o.fl. Á sumum bæjum áttu menn vín til að bjóða gestum staup, en það var ekki til síðs á Kollsvíkurbæjum.

Jómfrú (n, kvk) A. Hrein/óspjöllud mey; skírlífur kvenmaður; ungrú. „Heyrðu herna lagi, lýst þér ekki á mig?/ Lagleg er ég, sérstaklega í myrkri./ Ég fylgi þér í rúmið, þá fer svo vel um þig,/ og fæðma þig með jólmfrúrhendi styrki“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Hluti reiðabúnaðar; kósi úr horni eða járn; kringla til að strekkja höfuðbendu á siglu báts með undirgjörð niður í togklampa á borðstokknum. Neðri endi höfuðbendunnar, stagsins á siglunni, var þá bundinn utanum jólmfrúna, en undirgjörðin, bandspotti upp frá togklampanum, var þræddur í gegnum hana og með henni var höfuðbendan strekkt.

Jónsbók (n, kvk) Lögbók Íslendinga sem tók við af *Járnsíðu* árið 1281 og gildi lítt breytt fram á síðari hluta 17. Aldar, þegar einveldi komst á. Jónsbók er kennd við Jón Einarsson sem vann að henni á vegum Magnúsar lagabætis, Noregskonungs. Jón kom með bókina til Íslands árið 1280 og fylgdi honum konungserindreki; Loðinn leppur. Nokkrar deilur urðu um bókina í upphafi en á endanum var hún mestöll lögtekin. Enn munu einhver ákvæði Jónsbókar vera í gildi; einkum þau sem lítt reynir á í nútímasamfélagi.

Jónsmessa (n, kvk) Tveir merkisdagar voru með þessu nafni á kaþólskri tíð. Annar var Jónsmessa á vori eða Jónsmessa Hólabiskups, 23. apríl; andlátsdagur Jóns biskups Ögmundssonar árið 1121. Hinn var Jónsmessa að sumri, 24. júní; fæðingardagur Jóhannesar skírara. Þó helgi þess dags hafi verið afnumin 1770 er hann nú hin eiginlega Jónsmessa sem um er rætt; hin hefur fallið meira í gleysku. Jónsmessunótt er aðfaranótt þess dags, en þá átti það að vera allra meina bót að velta sér uppúr morgundögginni.

Jórtur (n, hk) A. Þeir lífshættir jórturdýra (t.d. sauðfjár og nautgripa) að tryggja fæðuna í annað sinn eftir að hún hefur farið um hluta meltingarfæranna. „Ekkert heyrðist í kvöldkyrrðinni nema jórtur kindanna og gelt stelksins í fjarska“. B. Hálfmelt fæða sem jórturdýr æla upp í munn sér til að tryggja betur.

Jórturgúmmi / Jórturleður (n, hk) Tyggigúmmi; tyggjó. Gömul heiti á tyggjó sem lengi voru notuð, og þá oft í lítilsvirðandi merkingu.

Jórturtugga (n, kvk) A. Jórtur; hálfmelt fæða sem jórturdýr ælir upp í munn sér til að tryggja betur. B. Afleidd merking; endurtekin vitleysa. „Byrjar hann enn á þessari gömlu jorturtuggu“! C. Annað heiti á tyggjó.

Juð (n, hk) Tuð; jag; stagl. „Vertu nú ekki að þessu eilífa juði“!

Juða (s) Endurtaka í sífellu; tuða. „Hann hélt áfram að juða um þetta þangað til mér fór að leiðast þófið“. B. Nudda; núá; jaga. „Vertu nú ekki að juða stólnum svona fram og tilbaka“!

Jugga (einhverju) / Jugga til (s/orðtak) *Rórilla*; róa/ýta einhverju fram og til baka. „Bíllinn var þó ekki fastari en svo að með því að jugga honum fram og aftur tókst mér að losa hann úr festunni“. Samstofna enska orðinu „joggle“.

Jukk (n, hk) Hræringur; þykkni; sulta; hlaup. „Það er ekki gott að segja hvað er í þessu ameríska jukki“.

Jull / Julla (n,hk/ kvk) Mjög lítill bátur; bátshorn; skekta. Ýmist haft í hvorugkyni eða kvenkyni. „Hilmar smíðaði sér jullu úr krossviði, og var hún höfð á Stórvatninu um tíma“.

Jullár (n, kvk) Stutt ár sem höfð er á jullu. Orðið var oftast notað á þennan hátt, en ekki með u; „julluár“.

Júbílera (s) Fagna; halda uppá. Þessi dönskuletta var lítið notuð í Rauðasandshreppi, en heyrðist þó.

Júdasarkoss (n, kk) A. Koss sá er Júdas kyssti Jesú í Getsemanegarði, að sögn Biblíunnar, en hann hafði þá þegar svikið hann í hendur Rómverja fyrir 30 silfurpeninga. B. Líkingamál um koss sem ekki þykir lýsa sannri væntumþykju eða einlægni. „Þetta er nú Júdasarkoss elskan mín; ég veit hvert þú ert að fara“. (Frásögn í „Niðjatali Halldóru og Ólafs í Krók“, samantekið af Ásbirni E. Torfasyni 1993; um samskipti Ólafs Ólafssonar á Stökkum og Guðbjargar Guðmundsdóttur konu hans. Ólafur hélt framhjá henni með

a.m.k. tveimur konum og var það tilefni þessara orða. Önnur þeirra var Guðbjörg Guðmundsdóttir, móðir Ólafs þess sem giftist Halldóru frá Grundum og „Króksfólk“ er komið frá).

Júfferta (n, kvk) A. Trjábolur; sver viðarplanki; burðarviður. „Þar hafði rekið feiknamikil júfferta“ B. Líkingamál um fyrirferðarmikla/gustmikla konu. „Ég legg ekkert í að munnhöggvast við þá júffertu“!

Júgur / Júfur (n, hk) Líffæri spendýra sem samsvarar brjóstum konu, þar sem mjólk verður til. Framburðarmyndin „júfur“ er mjög forn, en var notuð af sumum í Rauðasandshreppi frameftir 20.öld. „Þannig bað mörg huldukonan um mjólk handa barni sínu og kýrin húsmóðurinnar var mjólkuð frákonumegin; þ.e.a.s. vinstra júfur kýrinnar“ (Ívar Ívarsson Kirkjuhvammi; Hvatt bæði; grein í Lesbók Tímans 1964).

Júgurbólgušlyndra (n, kvk) Þykkildi/buska í mjólk sem kemur úr júgurbólgušmituðu júgri.

Júgurbólgušand / Júgurbólguševen (n, hk) Þralát júgurbólga í kúm. Júgurbólga í kúm varð nokkuð vandamál á síðari árum kúabúskapar á Láganúpi, eins og víðar.

Júgursið (l) Um kýr; *siðjúgra*. „Dimma var svo júgursið að hún þurfti júgurhaldara svo hún *stigi sig* ekki“.

Júgursmyrsl (n, hk) Áburður/salvi sem borinn var á spena áður en handmjólkað var. Samanstóð einkum af vaselíni, en með sóttreinsandi og græðandi efnum. Þótti einnig gott á sár og þurrar hendur. Fyrrum mýktu mjaltakonur hendur sínar með floti eða tólg. Þá hafa sumar einnig þann sið að taka mjólkurfroðu með fingri og nú á hendur sínar.

Júgurþvottur (n, kk) Þvottur á júgri og spenum kýr áður en mjólkað er. „Mikilvægt er að vanda til júgurþvottar; að þvottaklúturinn sé hreinn og vatnið hæfilega volgt, svo kýrnar selji vel og til að tryggja gæði mjólkurinnar. Kýr eru mjög næmar á handbrögðin og selja illa ef flaustrað er við júgurþvott“.

Júlíanska tímatalið *Gamli stíll*; tímatal sem Júlíus Sesar innleiddi í Rómaveldi 45 f.kr og varð útbreitt um vestrænan heim. Þó árið hefði 365 daga, með hlaupári fjórða hvert ár, þá hliðruðust árstíðir með tímanum, eða um 3 daga á hverjum 400 árum. *Gregorískt tímatal* (nýi stíll) var tekið upp í þess stað og innleitt héraendis árið 1700.

Jústera (s) Stilla/rétta af; hagræða. „Eitthvað þarf að fara að jústera stofuklukkuna núna“.

Jæja / Jæjapá / Jæjapið (u) Litla hikorðið jæja var töluvert notað í máli Kollsvíkinga, og þó það í sjálfu sér sé merkingarlaust þá fær það töluvert vægi eftir því hvernig það er sagt og hvar í orðaröðinni það stendur. Jæja getur verið sjálfstæð og innihaldsrík setning, eftir framburði, áherslum og tóntegund. Nefna má nokkra algenga notkun orðsins: a. Í byrjun samtals; til að rjúfa þögn og „gefa tóninn“. Oftast sagt rólega og langdregið með áherslu á æ. Jafnvel var notað lengra orð í staðinn; *jæjapá*, með áherslu í byrjun. Sumir notuðu bræðinginn *jæjapið*, þegar tveir eða fleiri voru viðstaddir. b. Sem andsvar í spurn, hrifningu eða eftirvæntingu, eftir óvæntar upplýsingar. Áherslan á æ, en nú í hækkuðum tóni. Þá var orðið stundum lengt í *nújæja*; með áherslu á æ, og það teygt. c. Andsvar sem lýsir vanþóknun eða vonbrigum við því sem sagt var. Áherslan á langt æ en nú í lækkaðri tóntegund. d. Andsvar í mikilli hneykslun eða forundran. Áherslan er á ja í endanum, og það jafnvel í tveimur eða fleiri tóntegundum í sama andsvari. Stundum var orðið slitíð í sundur þegar viðbragðið var mikil og varð þá *jahja*, með áherslu á fyrra atkvæðið og það í hærri tóni. Var þá stutt yfir í annað andsvar; *jahér/jahérna/jahérnahér*, með áherslu á fyrsta atkvæði. e. Í formála að upphafi verks. Jæja er þá gjarnan sagt stundarhátt, með áherslu á fremra atkvæði en hitt einnig vel skýrt. f. Í samfelldri frásögn er orðið bæði notað í upphafi, til að hefja söguna, og einnig inni í sögunni til að brjóta hana upp og skipta um sviðsmyndir. Góðir sögumenn voru margir í Rauðasandshreppi og voru þeir gjarnan snillingar í notkun orðsins. Í upphafi sögu var tóntegund oft svipuð og lýst var í a-lið. Inni í sögunni voru tónar og áherslur orðsins fjölbreyttari; allt eftir því sem frásögnin gaf tilefni til. Oftast var áhersla á fremra atkvæðið og það ofar í tóntegund en það síðara. Stundum varsíðara atkvæðið verulega hækkað í tóni, þó það væri áhersluminna. g. Upphrópun þegar eitthvað gerist sem beðið hefur verið eftir og mælandi orðinn *langeygur*. Var þá áherslan á seinna atkvæðið; það í lægri tóntegund; hækkaðri í endann og gjarnan langdregið. Fylgdi stundum setning, t.d.: „Jæja; það var kominn tími til“. h. Andsvar við beiðni; þegar látið er undan með semingi. Áherslan er þá á seinna atkvæðið og það í örlítið lægri tóni. Stundum notað *jæjapá*, og hin breytta tóntegund færð á síðasta atkvæðið. Þessi upptalning er alls ekki algild og þaðan af síður tæmandi fyrir þetta litla orð.

Jöfnum höndum (orðtak) Um leið; jafnframt; jafnt og þétt; stöðugt. „Karlarnir skutu máfa úr reininni í gríð og erg, og við strákarnir hlupum til og tindum þá saman jöfnum höndum. Sumum þurfti að slá við stein til að *dauðrota* þá“.

Jökulfönn (n, kvk) Fönn sem liggur lengi og breytist í klaka. „Jökuladalur dregur eflaust nafn af jökulfönninni sem þar liggur langt fram á sumar, og stundum til næsta vetrar“.

Jökulkaldur (l) Mjög kaldur; kaldur eins og ís. „Þú ert orðinn jökulkaldur á fingrunum drengur“!

- Jökulkuldi** (n, kk) Fimbulkuldi; mjög kalt. „Féð gerir lítið í þessum jökulkulda, en það er rét að viðra það og láta það *vatna sér*“.
- Jökulleir** (n, kk) Leir sem verður til við núning jökuls við berg. „Viða má finna jökulleir ofaná klöppum og móhelli, þegar grafið er í Kollsvíkinni“.
- Jökulnúinn / Jökulsorfinn** (l) Um klöpp/berg; með rákum/förum/ummerkjum eftir jökulskrið á ísöld. „Jökulnúnar klappir eru áberandi á hæsta punkti Strengbergs“ (HÖ; Fjaran).
- Jökulnúið grjót** (orðtak) *Holtagrjót*; grjót sem núið er eftir að hafa rötast í jökulruðningi. Mikið notað til hleðslu, og er t.d. Hestúsið á Hólum og réttin á Brunnsbrekku úr því efni. Sjá *skriðugrjót*.
- Jökulrák / Jökulrispa** (n, kvk) Rák/rispa/far í klöpp, eftir núning skriðjökuls. Jökulrákir er víða að finna í grennd Kollsvíkur, og gefa góða vísbendingu um meginstefnu skriðjökla í lok ísaldar.
- Jökulruðningur / Jökulurð** (n, kk/kvk) Urð sem ísaldarjökull hefur skilið eftir sig. „Þó svæðið teljist allt mjög útkomusamt virðist öll sú úrkoma hverfa jafnarðan niður í jökulurðina sem er nánast allsráðandi í landslagi ofan við ca 100 m“ (HÖ; Fjaran).
- Jötuband** (n, hk) Fjöl yfir jötufjöl í fjárhúsi, til að fé komist ekki uppí jötuna og *slæði* síður niður heyinu.
- Jötubálkur** (n, kk) Jata; undirstaða jötu. „Í innri gafla Hesthússins er hlaðinn öflugur en mjór jötubálkur“.
- Jötufjöl** (n, kvk) Fjöl á kanti jötu, til að halda heyinu í henni. Jötufjöllum og jötubandi er fest á stoðir.
- Jötunátak** (n, hk) Gríðarmikið/ofurmannlegt átak. „Það þarf eitthvað jötunátak til að færa þennan stein til“.
- Jötunsterkur** (l) Gríðarlega sterkur. „Þó hann væri ekki hár í loftinu var hann sagður jötunsterkur“.
- Jötunuxi** (n, kk) Skordýr sem lifir í rotnandi lífrænum leifum. Rándýr á t.d. bjöllur og lirlfur; stór, og með gráhært belti yfir skjaldarvængina. Þjóðtrúin segir að ef maður gleypi brunklukku muni hún éta hann innanfrá og drepa hann. Eina bjargráðið sé þá að finna jötunuxa og gleypa hann lifandi; hann muni þá ráða niðurlögum brunklukkunnar.
- Jötupláss** (n, hk) Rými sem kind þarf við jötu til að éta sitt fóður. „Mjög er einstaklingsbundið hvað kindur taka sér mikið jötupláss. Sumar eru mjög heimaríkar og ofarlega í tignarstiganum og geta bolað frá sér á báða bóga. Oft velja þær sér stað fremst eða innst við jötuna til að þurfa ekki að berja frá sér nema á annan veginn. Tveimur slíkum man ég eftir úr Láganúpsfjárhúsum; Gibbu og Pontu. Gibba var í upphafi heimalingur en þeir verða að jafnaði frekjur í fjárhúsi. Ponta var að upplagi stírd á geði og fékk sitt nafn af því að hún lyfti framfæti þegar hún vildi ógna; líkt og til að bera pontu upp að nefinu“ (VÖ).
- Kaðalbútur / Kaðalspotti / Kaðalstubbur** (n, kk) Stuttur kaðall/vaður; kaðalendi; vaðstubbur. „Við skulum hafa með okkur þennan kaðalstubb frekar en ekki neitt, ef einhversstaðar þarf að halda við“.
- Kaðalendi** (n, kk) A. Endi kaðals/vaðs. B. Stuttur kaðall; kaðalstubbur; kaðalbútur.
- Kaðalhönk** (n, kvk) Hönk af kaðal/vað; uppgerður kaðall.
- Kaðall** (n, kk) Svert margþætt band; vaður. „Þennan kaðal mætti vel nota í dráttartóg“.
- Kaðalstigi** (n, kk) Stigi með hliðum úr kaðli, og jafnvel þrepum einnig.
- Kaðalakista** (n, kvk) Kista sem kaðlar eru geymdir í. „Fluglínutækin voru geymd í skúrnum á Melnum, en fyrirferðarmestar voru tvör stórar, hvítmálaðar kaðlakistur úr tré, með öflugum höldum til burðar“.
- Kafald / Kafaldsél** (n, hk) Snjócoma, oft í fremur hægu veðri en getur orðið þétt. „Þannig sigldu þeir lengi dags án þess að út af borðstokknum sæi fyrir kafaldi“ (BS; Barðstrendingabók). „Á örfáum mínútum byrgði kafald alla landsýn...“ (BS; Barðstrendingabók)
- Kafaldsbylur** (n, kk) Kafald með hvassviðri. „En þá gekk á kafaldsbylur með vindi á suðaustan“ (BS; Barðstrendingabók)
- Kafaldsfjúk / Kafaldsmyglingur** (n, hk/kk) Fjúk; allnokkuð kafald með léttum snjó í fremur hægum vindi.
- Kafaldshraglandi / Kafaldsslítingur** (n, kk) Ekki þétt kafald; kafaldsfjúk, stundum í hvössum vindi.
- Kafaldshríð / Kafaldskóf** (n, hk) Þétt snjócoma og allnokkur vindur. „Veður var suðvestan kafaldskóf, hæglatísveður en ylgja; sjósmár“ (um strand togarans Croupiers undir Blakk, frás ÖG eldri).
- Kafaldsmolla / Kafaldsmugga** (n, kvk) Mjög dimmt/þétt kafald í fremurhægu veðri eða logni. „Þegar fréttist um þennan fund rifjaðist upp fyrir fólki á Hnjóti og Geitagili, að snemma í janúar veturinn áður; í vestan hægviðri og kafaldsmollu. heyrðist mikið skipsflaut og stóð nokkurn tíma, seinni hluta dags“ (MG; Látrabjarg). „Um morguninn hafði verið kafaldsmugga“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Kafaldsmyrkur** (n, hk) Myrkur í lofti vegna þétts kafalds; þétt kafald.

Kafaþoka (n, kvk) Niðarþoka; kafþoka; mjög þétt/dimm þoka. „Það verður erfitt að finna djúpbólið í þessari kafaþoku; við skulum bara taka grunnbólið þó hitt væri betra“.

Kafbeit (n, kvk) Mikil beit; vel gróið beitarland fyrir skepnur. „Féð sótti mjög í þessa kafbeit í klettunum“.

Kafblautt á (orðtak) Mikil bleyta á jörðu/grasi. „Það er kafblautt á ennþá. Maður hugsar ekkert til að breiða garðana fyrir en eftir hádegið“.

Kafbleyta (n, kvk) Mikil bleyta. Einkum notað um mikla bleytu á jörðu. „Það hreyfir enginn hey í þessari kafbleytu“.

Kafél (n, hk) Mjög dimmt él. „Við sáum ekki spönn frá okkur í þessu kaféli, og gengum í kolvitlausa átt“.

Kaffenna (s) Snjóa á kaf; snjóa mjög mikið. „Enn er hann að kaffenna; ég veit ekki við hvað þetta lendir“!

Kaffenntur (l) Snjóaður á kaf; horfinn undir snjó. „Skóflan er kaffennt einhversstaðar á bakkanum“.

Kaffibaunir (n, kvk, fto) Baunir kaffiþlöntunnar, sem eru brenndar og malaðar til að unnt sé að laga úr þeim kaffi. Í upphafi kaffidrykkju hérlendis þurftu menn að kaupa baunirnar í stórum sekkjum; brenna þær heima og mala kaffið í kaffimyllum sem til voru á flestum bæjum. „Gunnar gamla í Gröf var kaffikerling mikil, og átti alltaf kaffibaunir og molasykur“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).

Kaffiborð (n, hk) Matarborð sem kaffi er drukkið við. „Hinir sátu gjarnan góða stund við kaffiborðið og ræddu landsins gagn og nauðsynjar“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).

Kaffibox / Kaffidallur (n, kk) Box/ilát sem kaffiduft er geymt í, áður en lagað er úr því kaffi. „Gleymdu ekki að loka kaffidallinum“.

Kaffibragð (n, hk) Bragð eins og af kaffi. „Það er þó kaffibragð af þessu; ekki eins og lapið á sumum bæjum“!

Kaffibrauð (n, hk) Brauð eða kökur sem snætt er með kaffi eða um kaffielytið.

Kaffibrennslupottur (n, kk) Pottur eða panna til að brenna/hita kaffibaunir. „Kaffibrennslupotturinn var netakúla sem tekin var í sundur í miðju og notuð til að brenna á hringavélinni. Það þurfti sérstakan pott til þess, því það var svo mikil sterkjan í kaffinu“ „(SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Kaffibætir / Kaffirót / Export Sikkorírótt; ristuð, mulin og pökkuð í pressuðum þunnum skífum; notuð til að drýgja kaffi áður fyrir. Rótarkaffi mæltist misjafnlega vel fyrir, sérlega ef mikið var notað af rótinni. Baunakaffi þótti flestum betra, en það er lagað úr kaffibaunum; án kaffibætis.

Kaffidropi / Kaffibolli / Kaffilögg / Kaffisopi / Kaffitár (n, kk) Gæluorð um skammt/bolla af kaffi. „Mikið væri nú indælt að fá smá kaffidropa“. Viltu ekki fá þér kaffibolla áður en þú ferð“? „Nú held ég að maður fái sér kaffisopa“!

Kaffidrykkja (n, kvk) Neysla á kaffi hefur verið mikil hjá bændafólki á þessum slóðum, en þó ekki síður hjá vermönnum. „Ég hafði nú kveikt á primusnum, sem stóð á kassa við rúm mitt, og sett ketilinn yfir. Kaffikannan stóð einnig á kassanum, svo og annað sem til kaffidrykkju þurfti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Fyrir norðan Bjarg lögðu húsbændur vinnumönnum sínum til kaffi, þótt ekki væri það talin skylda, en ekki var skammturinn meiri ein eitt pund yfir vertíðina“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÖETh).

Kaffidrykkjumaður / Kaffikarl / Kaffikerling / Kaffisvelgur (n, kk/kvk) Sá/sú sem drekkur kaffi. „Ég er nú vanalega ekki mikill kaffidrykkjumaður“. „Gunnar gamla í Gröf var kaffikerling mikil, og átti alltaf kaffibaunir og molasykur“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).

Kaffidúkur (n, kk) Lítil dúkur til að hafa á borðum, t.d. við kaffidrykkju. „Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka; bæði kaffidúka og ljósadúka þ.e. minni dúka til að hafa á borðum; löbera, púða, kommóðudúka sem voru með sérstöku lagi...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Kaffiflaska (n, kvk) Flaska sem kaffi er sett á, þegar það er haft meðferðis í róður/ferðalög. Fyrir tíma hitabrusa var kaffi oft sett á glerflöskur og þær hafaðar meðferðis í ullarsokk, t.d. í róður.

Kaffihland / Kaffilap / Kaffiskol (n, hk) Mjög þunnt kaffi. „Skelfingar kaffihland varð nú úr þessu hjá mér“! „Það er nú eitthvað annað að drekka þetta en kaffilapið sem maður fær á sumum bæjum, sem ég ætla ekki að nefna; og þerrassað í þokkabót“!

Kaffiilmur / Kaffilykt (n, kk/kvk) Lykt af kaffi. „Hér er þessi líka indælis kaffiilmur“.

Kaffikanna (n, kvk) Oftast er átt við könnu þá sem kaffið er lagað í, en í seinni tíð nær orðið yfir hitakönnur sem það er geymt í. Á tímum kola- og olíueldavéla var kaffinu haldið heitu um nokkurn tíma á eldavélinni.

Kaffiketill (n, kk) Ketill til að laga kaffi í, vanalega ketilkaffi. „Þá var primus, kaffiketill, kanna og fantar til að drekka úr; blikkfata eða pottur til að sjóða soðninguna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Kaffikorgur (n, kk) Hrat malaðra bauna sem eftir situr þegar kaffi hefur verið lagað úr því. Kaffikorgur var áður fyrir notaður til fægingar. Ekki tíðkaðist vestra að spá í kaffikorg, eins og annarsstaðar var reynt.

Kaffikvörn / Kaffimylla (n, kvk) Sérstakt áhald til að mala kaffi. Samanstendur af trekt sem brenndar kaffibaunir eru settar í; þar undir hnífar sem snúið er með lárétttri sveif, svo baunirnar malast og falla niður í skúffu, neðst í myllunni. Kom ýmist í hlut húsmóður, eldra fólks eða krakka að sitja við að mala. Oftar var talað um myllu en kvörn í þessu sambandi í Kollsvík.

Kaffikönnupoki (n, kk) Poki í kaffikönnu sem notaður er við *uppáhellingu*. „Kaffikönnupokar voru áður saumaðir úr lérefti eða, sem jafnvel þótti betra; úr skálm af bómullarnærbuxum. Þannig poka mátti þvo og nota mjög lengi“. Orðið finnst ekki í orðabókum. Annarsstaðar virðast menn hafa kallað þennan hlut kaffipoka, en í Kollsvík var kaffipoki eða kaffisekkur sá poki sem óbrenndar baunir voru keyptar í.

Kaffilaus / Kaffilítill (l) Skortur eða yfirvofandi skortur á kaffi. „Nú fer að líða að Gjöggraferð; við förum að verða kaffilítill eftir þennan gestagang“.

Kaffileyti / Kaffitími (n, hk) Kaffi; sá tími sem kaffi er venjulega drukkið á. „Ég verð kominn heim um kaffileytið“. „Nú fer að líða að kaffitíma hjá okkur“.

Kaffilús / Kaffiögn (n, kvk) Lítillsháttar kaffi. Ýmist var átt við kaffiduft eða lagað kaffi. „Áttu smá kaffilús fyrir mig“? „Ég fékk lánaða kaffiögn hjá þeim“.

Kaffilús / Kaffitár (n, kvk) Lítið eitt af kaffi. „Áttu nokkra kaffilús á könnunni“? „Komdu við í Kaupfélaginu og fáðu einhverja kaffilús“. „Má ekki bjóða þér kaffitár“?

Kaffimál (n, hk) Emaleruð drykkjarkanna úr járni, en þannig ílát voru tíðum notuð undir kaffi áður fyrr.

Kaffimylla (n, kvk) Kvörn til að mala kaffibaunir í kaffiduft, eftir brennslu. „Kaffikvörn var til á hverju heimili áður fyrr; að sjálfsgöðu handknúnar. Kaffibaunir eru setar í trekt ofan á kvörninni og síðan snúið lárétttri sveif. Malað kaffið safnast í skúffu neðst, sem tæmd er í kaffibox eða kaffikrukku.“

Kaffipanna (n, kvk) Stór panna sem kaffi er brennt á. „Á Láganúpi var til stór ferköntuð panna sem notuð var til að brenna kaffibaunir á. Gylfi Guðbjartsson smíðaði hana, þannig að passaði inn í ofn olíueldavélarinnar“.

Kaffipoki (n, kk) A. *Kaffisekkur*; poki af kaffibaunum, vanalega óbrenndum í strigapoka. B. Poki í kaffikönnu til að hella uppá kaffi. Oft heimasaumaðir áður fyrr, en nú úr pappírsgrisju

Kaffisekkur (n, kk) Sekkur af óbrenndum kaffibaunum, oftast strigapoki; *kaffipoki*.

Kaffiskol (n, hk) Mjög þunnt kaffi; niðrandi heiti á kaffi. „Ekki líkaði mér kaffiskolið þar á bæ“!

Kaffisopi (n, kk) Skammtur/bolli af löguðu kaffi. „Mikið væri nú gott að fá smá kaffisopa“.

Kaffiþamb (n, hk) Mikil/óhófleg drykkja á kaffi. „Ætlaðu að vera endalaust að þessu kaffiþambi“?!

Kaffiþorsti (n, kk) Löngun í kaffi. „Það var nú útaf fyrir sig að hanga á brúninni; en kaffiþorstinn var alveg að gera útaf við mig“!

Kaffiþurfi / Kaffiþyrstur (l) Þurfandi fyrir kaffi; þyrstur í kaffi. „Mikið skelfing er ég nú orðinn kaffiþyrstur“!

Kaffæra (s) Færa í kaf; ýta undir yfirborðið. „Við skemmtum okkur við að skvettu á og kaffæra hvorn annan“.

Kaffönn / Kafsnjór (n, kvk) Mikill snjór yfir allt; allt á kafi í snjó. „Féð gerir lítið í þessum kafsnjó“.

Kafgras / Kafslægja (n, hk/kvk) Vel sprottið gras; þétt gras. „Það er kafgras á sléttunni framanverðri, en bölvaður hjungur heimantil, þar sem hún er sendnari“. „Þarna eykst brattinn og sjávarklettar hækka, en hér byrjar kafgras og allstaðar er hér kál og hvönn á syllum“ (IG; Sagt til vegar I).

Kafhlaup (n, hk) Um krapa/snjó/vatnselg; mikla ófærð vegna dýpis. „Það er kafhlaup af krapa í Gilinu og varla fært með féð þar yfir“.

Kafloðinn (l) A. Um það sem er hári vaxið; mjög hárvaxinn B. Um tún; mjög mikið sprottin; grösug.

Kafna undir nafni / Kikna undan nafni (orðtak) Standa illa undir virðingarheiti/mannsnafni/uppnefni. „Nú, fyrst þeir kalla mig ófriðarsegg, þá gerir maður ýmislegt til að kafna ekki undir nafni“!

Kafnegla / Kafreka (s) Negla nagla/saum þannig að hann fari á kaf í efnið.

Kafófærð / Kafsnjór (n, kvk) Mikil ófærð; *kolófert*. Venjulega þá bæði vegur og vegkantar á kafi í snjó.

Kafreykur (n, kk) Mikill/þéttur reykur. „Það var kafreykur ennþá í kofanum síðan í gær“.

Kafrjóður (l) Eldrauður í andliti. „Báðir voru þeir kafrjóðir eftir rifrildið“.

Kafrok (n, hk) Mikil og þétt sjávardrifa/ þétt löður sem rýkur úr brimi. „Þeir sáu varla í skipið fyrir kafroki“.

Kafsigla (s) Sigla bát/skipi svo að hætta sé á að sökkvi. „Að þeir skuli ekki vera búnir að kafsigla dallinum fyrir löngu; eins og þeir hlaða hann djarft“!

Kafsina (n, kvk) Mikil sina á jörð; sinudyngjur. „Þarna á Stígnum er kafsina, enda ekki mikil beit“.

Kafskýjað (l) Mjög skýjað. „Ári finnst mér hann vera að ljókka. Það er orðið kafskýjað hér suðurum“.

Kafsnjór (n, kk) Mjög djúpur snjór; *klofsnjór*. „Það er kafsnjór í allri Kinninni“.

Kafpoka (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Hann er að leggja kafpoku upp á vikina“.

Kaga (s) Skaga fram eða upp í loftið. „...kagandi fram á kalda röst...“ (JH; Áfangar; um Látrabjarg).

Kaggi (n, kk) A. Lítil tunna; kvartel; kútur. B. Líkingamál um drossíu; stóran fólksbíl; ólögulegan bát.

Kaghýða (s) Flengja/hýða af miklu offorsi/afli. „Það væri réttast að taka þennan vitleysing á hné sér og kaghýða hann“! Kagi mun í fornum þýskum tungum þýða staur sem menn voru hýddir við opinberlega.

Kaghýddur (l) Flengdur/hýddur fast/rækilega. „Við bjuggumst við að verða kaghýddir ef uppum kæmist“.

Kakalofn (n, kk) Einfaldur eldofn; eldstó. Tökuorð úr dönsku, en nokkuð gamalt í málinu.

Kakka (s) Þrengja; hrúga; hafa í kökk. „Það gengur ekki að kakka fénu svona þétt í stúrnar“. „Það er ekki að undra þó sléttan spretti; eins og var kakkað á hana af áburði“. „Það var kakkað af grásleppu í *bláendann* á netinu“.

Kakka saman (orðtak) Hafa í þéttum hóp; þjappa saman. „Fénu líður ekki vel með að vera kakkað svona þétt saman allan þennan tíma“!

Kakkaður / Kakkfullur (l) Kjaffullur; alveg fullur. „Netin frammi á vikinni vöru svo kökkuð af drullu að við ætluðum ekki að ná þeim inn í bátinn“. „Dilkurinn er orðinn kakkfullur; þar kemst ekki lamb í viðbót“. „Það var kakkað af grásleppu í *bláendann* á netinu; þétt upp við Landamerkjahleinina“!

Kakksalta (s) Rígsalta; salta mjög mikið; salta svo mikið að hrúgur/kekkir af salti sitji ofaná. „Það má kakksalta fiskinn; verra er að vanti“.

Kakksaltaður (l) Svo mikið saltaður að haugar/kekkir sitji ofaná. „Efsta lagið kakksaltaði ég svo að hvergi sá í fiskinn“.

Kakó / Kakóduft / Kakópúlver (n, hk) Duft sem úr var lagað drykkurinn kakó. Púlver mun áður hafa verið nokkuð almennt notað yfir duft.

Kakóbox (n, hk) Box/dós sem kakó er keypt í. Kakóbox voru til margra hluta nytsamleg ílát eftir að innihaldið var búið úr þeim. T.d. sem *berjabox*, *kökubox* eða *brauðbox*.

Kal / Kalsár / Kalskaði / Kalskemmd (n, hk) A. Fólk getur fengið kalsár af frostbiti. B. Kal í tünnum getur orðið verulegur skaði fyrir hefynd bænda. Það myndast við sérstakar aðstæður; ef frystir þegar frost í jörðu er annars á undanhaldi, þannig að neðra og efra frostlag slíta ræturnar við frostþenslu og gras drepst. „Mikið kal var í tünnum í Rauðasandshreppi í sumar..“ (viðtal við ÖG í Tímanum mars 1969).

Kala (s) Verða kalinn. „Þeim tünnum er hættara við að kala sem illa eru kífð“.

Kalblettur / Kalskella (n, kk/kvk) Gróðurlaus blettur í túni þar sem hefur kalið; komið *kal*.

Kalda (s) Kula; gera vindkalda. „Við fáum slíting af fiski yfir suðurfallið og framá liggjandann, en þá fer að kalda af norðri svo færin eru gerð upp og haldið í land“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).

Kaldabras (n, hk) A. Aðferð til að festa saman járn án þess að hita, þannig að verði sem heilt. Aðferðin mun hafa verið þjóðsagan einber, líkt og gullgerð. B. Líkingamál um matargerð án hitunar. „Þetta var nú hálfgerð kaldabras hjá mér; ég veit ekkert hvort þetta er ætt“.

Kaldakol (n, hk, fto) Auðn; eyðilegging; brunarúst. Eingöngu notað nú í líkingamáli. „Svo skilja þeir við ríkissjóð í kaldakoli þegar þeir loksins hrökklast frá“!

Kaldavermsl (n, hk) Uppsprettuvatn sem kemur djúpt úr jörðu og heldur stöðugu hitastigi; oftast 4°C. „Pollurinn náði undir hluta af kofagólfinu, en þetta var kaldavermsl sem aldrei fraus“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Kaldaskítur / Kaldaskratti / Kaldasperringur / Kaldaspæna / Kaldaþræsingur Ýmis heiti á stífum vindi/kalda. „Hann er að leggja upp einhvern kaldaskratta“. „Árans kaldasperringur er þetta að verða“!

Kaldgeðja (l) Kaldur í viðmóti; ekki hlýlegur/tillitssamur. „Hún var sögð fremur kaldgeðja, og ekki allra“.

Kaldhnoða (s) Forma/hnoða járn/hnoð án hitunar. „Ljúblöðin voru kaldhnoðuð á bakkann með *ljáhnoðum*“.

Kaldhæðinn (l) Sem beittir kaldhæðni; með beittan húmor. „Hnn þótti oft kaldhæðinn og meinlegur í tilsvörum; einkanlega ef hann vildi sýna lítilsvirðingu sína á viðmælanda“.

Kaldhæðni (n, kvk) Beittur húmor í ummælum/tilsvörum; rósamál; ádeila. „Ég nenni ekki að hlusta á einhverja kaldhæðni eða útorsnúninga; annaðhvort svarar þú þessu hreint út eða alls ekki“!

Kaldhæðnislegt (l) Grátbroslegt; furðulegt; sérkennilegt. „Það var óneitanlega kaldhæðnislegt að hann, sem manna mest hafði áminnt menn um varúð í bjargferðum, skyldi svo gleyma hjálminum sínum heima“!

Kaldi (n, kk) Vindur; nokkru meiri en *kul* og *gola*. „Vindkulið varð að kalda og Kópur lyftist og hneig á bárunni“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Kaldibrunnur (Sérn. kk) Kaldavermsli; uppspretta með köldu vatni. Kaldibrunnur er algengt örnefni á mörgum jörðum í Rauðasandshreppi og e.t.v. víðar. „Brunnsbrekka dregur nafn af læk, en nær bæ rétt við girðinguna er Kaldibrunnur“ (GG; Örn.skrá Láganúps). „Undan Kryppufæti er uppspretta sem heitir Kaldibrunnur“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Kaldlegt (l) *Kaldranalegt*; kuldalegt; kalt. „Oft var fremur aldlegt hjá refaskyttunum, þegar þær hífust hreyfingarlausar í frosti og náttmyrkri í þessum þröngu tófuhúsum“. „Heldur var kaldranalegt þarna á Bjarginu; þungur *vinddynur* um brúnirnar, en að neðan heyrðist hávær *niður öldufallsins* að berginu...“ (MG; Látrabjarg).

Kaldór (n, kk) Óhreint járn, sem hætt er við að brotna við kaldhömrun. Orðið heyrst vart í seinni tíð, en mun hafa verið algengt meðan ljáir voru dengdir; enda skiptu efnisgæði þá miklu máli.

Kaldranalegt (l) A. Um veður; kuldalegt; hryssingslegt. „Ári er nú orðið kaldranalegt hér norðurum“. B. Um manneskju; köld/fráhrindandi í viðmóti. „Heldur þótti mér karlinn kaldranalegur og fáskiptinn“.

Kaldrani (n, kk) Kuldi; kuldatið; hryssingslegt veður. „Þessi kaldrani fer nú að verða leið igjarn *til lengdar*“.

Kaldreyking (n, kvk) Venjuleg aðferð til reykinga matvæla; reyking matvæla án þess að þau hitni.

Kaldreykja (s) Reykja matvæli án þess að þau hitni. Gagnstætt við heitreykingu sem stundum er viðhöfð við reykingu fiskmetis, en þá soðnar fiskurinn lítilliga um leið og hann *tekur reyk*“.

Kaldreyktur (l) Um matvæli/fisk; sem búið er að kaldreykja. „Kaldreyktur ufsi er herramannsmatur“.

Kaldrifjaður (l) Kaldlyndur; ófyrirleitinn; samviskulaus. „Fannst mörgum hann kaldrifjaður að ætlast til að menn reru á þessu *lekahripi*“.

Kaldsamt (l) Fremur kalt. „Svo þurfti að skola þvottinn úti í læk, og það gat verið kaldsamt á vetrum“. (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Oft var kaldsamt í þessum hákarlalegum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Kaldur (l) A. Ekki heitur/hlýr. „Fjandi er hann að verða kaldur í tíðinni núna“. B. Óragur; vogaður. „Þú ert kaldur þyki mér; að þrila þetta svona bandlaus“!

Kaldur á klónum (orðtak) Kaldur á höndunum; með *naglakul*; *klókaldur*. „Fjandi var maður orðinn kaldur á klónum að *norpa* svona í þessari *netahreinsun*“.

Kaldur í tíðinni (orðtak) Köld veðrátta. „Hann er farinn að verða kaldur í tíðinni þessa dagana“.

Kalfatta (s) *Kjalfatta*; þetta bát svo ekki leki. Einnig var notuð orðmyndin *kjalfatta*, en þessi mun vera nær upprunanum; danska orðinu „kalfatre“, og hitt þá alþýðuskýring.

Kali (n, kk) Fæð; þungur hugur. „Ekki varð séð að hún bæri neinn kala til hans fyrir þessa breyskni“.

Kalinn (l) Kalskemmdur; búinn að *kala*. Notað bæði um tún og menn. „Sléttan er þónokkuð kalin framantil“. „Hann var dálítið kalinn á höndum, en náði sér að mestu“.

Kalhætta (n, kvk) Hætta á *kali* í túnnum. „Alltaf er veruleg kalhætta í svona *umhleyppingatið*“.

Kalka (s) A. Bera kalk á t.d. húsveggi til verndunar og skreytingar. „Öll fjölskyldan vann að því um vorið að kalka fjárhúsin og hlöðuna“. B. Tapa minni. „Hann er nú dálítið farinn að kalka, karlinn“.

Kalkaður (l) Farinn að tapa minni; kominn með minnistap. „Mikið asskoti er maður orðinn kalkaður“.

Kalkbera (s) Bera kalkmálningu á vegg; *kalka*.

Kalkbursti / Kalkkústur (n, kk) Breiður málningarpensill, sem notaður er m.a. til að kalkbera veggi og sem *þakkústur* til að mála bárujárnspök.

Kalkera (s) Þrykkja eftirmynd/afriti á blað með því að hafa það bakvið annað og *kalkipappír*/blekpappír á milli. Á fremra blaðið er prentað eða dregin teikning, sem afritast á þá aftari vegna kalkipappírsins. „Ég kalkeraði myndina með því að fara ofaní hana með nagla“.

Kalkipappír (n, kk) Blekpappír. Þunnur pappír með blekmasa á annarri hliðinni, notaður til að taka afrit/*kalkera* (sjá þar). Meðan ritvélar voru notaðar, fyrir tölvuöld, var algengt að afrit væru tekin með því að hafa kalkipappír milli tveggja blaða.

Kalkríkur (l) Inniheldur mikið af kalki. „Jarðvegur sunnantil í Kollsvík er mjög kalkríkur vegna skeljasandsins. Sama er að segja um vatnið“.

Kalkhrjónungur / Kalkhrúður / Kalkskán / Kalkútfelling (n, kk/hk/kvk) Heiti á útfellingum sem verða úr kalkríku vatni, eins og t.d. er á Láganúpi. „Með tíð og tíma sest kalkhrjónunungur innanum vatnslagnirnar og stíflar þær meira og minna“.

- Kall** (n, hk) A. Óp; hátt hljóð þegar kallað er; fyrirskipun. „Eru þeir ekkert að koma í mat; gefðu þeim nú kall hérna úti á hlaði“. B. Styttning á prestakall. „Hann var víst dæmdur frá kjól og kalli“. C. Dauði; andlát. „Hann sagðist ekkert kvíða því þegar kallið kemur; það yrði bara þegar Guði þóknaðist“. D. Karl; karlmaður. Stundum skrifað með ll í stað rl, í líkingu við framburðinn. „Hvað var kallinn að tauta“?
- Kalla** (s) A. Æpa; hrópa; gefa skipanir. „Því svaraðirðu ekki þegar ég kallaði“? B. Nefna; láta heita. „Hann heitir Karl, en er kallaður Kalli af kunnugum“. C. Sækja. „Það þurfti ekki að kalla lækni til“.
- Kalla á Eyjólf** (orðtak) Háðsyrði um sjóveiki; leggjast á borðstokkinn til að æla; *leggja lóðir; skila nestinu*. „Ætlarðu aftur að fara að kalla í Eyjólf“?
- Kalla á vaðinn** (orðtak) Kalla *dráttarfólk/undirsetumenn* að sigvað og gera það tilbúið fyrir *bjargsig*. „Vaðurinn hefur nú verið rakinn frá brúninni og *hjólmaður kallar dráttarfólkið á vaðinn*. Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*“. (MG; Látrabjarg).
- Kalla ekki allt ömmu sína** (orðtak) Kvarta ekki af litlu tilefni; vera *harður í horn að taka*. „Þeir kölluðu ekki allt ömmu sína þessir *sjóhundar*“!
- Kalla ferju** (orðtak) Kalla/hóa yfir á/sund/ mjóan fjörð eftir ferju/bát til að fá sig ferjaðan yfir. „Fylgdi hann okkur út í Sveinseyrarodda og kallaði ferju frá Hvammeyri, þar beint á móti“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Kalla til** (orðtak) A. Hrópa á. B. Fá til verkefnis. „Ólafur Magnússon á Hnjóti var einstaklega laginn dýralæknir þó ólærður væri á því sviði, og var jafnan kallaður til þegar amaði að skepnum í sveitinni“.
- Kalla til skips** (orðtak) Boða áhöfn í róður/bátsferð; láta áhöfn vita að róið verði. „Nú er hann, held ég, að lægja þennan gutlanda mikið. Þú ættir að fara að kalla til skips ef þú ætlar að róa í dag“.
- Kalla til verks** (orðtak) Boða menn til vinnu. „Ég hafði verkfærin klár, ef kallað yrði til verks“.
- Kallaður** (l) Nefndur. „Kristján Júlíus, eða Julli í Tungu eins og hann var kallaður meðal sveitunga, var einn af eldri bræðrum Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Kallar ekki allt ömmu sína** (orðtak) Er hraustur/hugrakkur/vogaður. „Andrés Karlsson sótti sjóinn fastar en flestir trillukarlar á Patró. Sá reynslubolti kallaði ekki allt ömmu sína“.
- Kallast á** (orðtak) Kalla hvor á annan; talast við með því að kalla/hrópa. „Þeir héldu áfram að kallast á yfir dalinn og kenna hvor öðrum um að hafa misst féð“.
- Kallfæri** (n, hk) Sú vegalengd sem kall verður greint. „Ég skal biðja hann um að koma í símann ef hann er hér einhversstaðar í kallfæri“.
- Kalítt** (n, hk) Masónít; þunnar, brúnar, pressaðar trefjaplötur sem notaðar voru víða til inniklæðninga íbúðahúsa eftir daga torfbæja. Kalítt var algengasta heiti þeirra vestra; masónít minna.
- Kalka** (s) A. Bera kalk á vegg; kalkbera. B. Hrörna í rökhugsun og minni; hafa alzheimer sjúkdóm.
- Kalkkústur** (n, kk) Stór pensill sem notaður er til að bera kalk á vegg.
- Kallsa við** (orðtak) Ræða lítillga við; brúa á. Ég kallsaði það lítillga við hann að aðstoða við smalanir í haust“. (Lint l)
- Kalóna / Kalúna** (s) Hreinsa í sjóðheitu vatni. Vambir voru kalónaðar í volgu vatni sem kalki hafði verið bætt úti. Svínsskrokkur er kalónaður í heitu vatni í stóru keri, til að ná hárum af honum. Líkingin er stundum notuð um sköllóttan mann. „Maður er að verða nokkuð kalónaður á kollinum“.
- Kalsaél** (n, hk) Slydduél í köldu veðri. „Búðu þig nú almennilega; hann gengur á með kalsaéljum“.
- Kalsagjóstur / Kalsagustur** (n, kk) Köld gola; kaldur vindur; *nepja*. „Láttu þér nú ekki varða kalt í þessum kalsagjóstri“! „Það er dálítill kalsagustur, en annars bjart og ekkert að veðri“.
- Kalsahraglandi / Kalsahrevtingur** (n, kk) Vægt slydduél með *kuldagjosti*. „Búðu þig vel fyrir smölunina; það er kominn leiðinda kalsahraglandi“. Fleiri orðsamsetningar voru viðhafðar með sama forskeyti.
- Kalsalegt / Kalsamt** (l) Kalt; *hrollkalt*; mikil kæling. „Ári er hann að verða kalsalegur í tíðinni“. „Klæddu þig vel. Það er kalsamt að *pelkja* á móti þessari slyddu“.
- Kalsanæðingur / Kalsaskítur** (n, kk) Kaldur vindur; *næðingur*; *kuldagjóstur*. „Það er úkomulaust eins og er, en bölvður kalsaskítur og nauðsynlegt að klæða sig vel“. „Árans kalsanæðingur er þetta“!
- Kalsarigning** (n, kvk) Köld rigning; rigning í köldu veðri. „Féð gerir lítið í þessari kalsarigningu“.
- Kalsaveðrátta / Kalsatíð** (n, kvk) „Það er viðbúið að *gangi* hraðar á fóður í svona kalsatíð“
- Kalsaveður / Kalsi** (n, hk/kk) Næðingur; *kuldagjóstur*; nöpur *þéttingsgola*. „Ertu nógu vel búinn til að standa hjá í þessum kalsa“?

Kalsléttu / **Kaltún** (n, kvk/hk) Slétta/tún sem orðið hefur fyrir kalskemmdum. „Það tekur því varla að slá þessa kalsléttu“.

Kalt á milli (orðtak) Stírt samskipti; rígur; andúð; *andar köldu*. „Eftir deilunar var lengi kalt á milli þeirra“.

Kalt er kattartrýnið (orðatiltæki) Rétt í bókstaflegri merkingu. Einnig í líkingum t.d. um kaldlynda framkomu.

Kalt er klæðalausum (orðatiltæki) Þeim verður kalt sem er illa búinn/klæddur í kulda.

Kalt er konulausum (orðatiltæki) Þeim er hættara við að kólna í rúmi sem engan hafa rekkjunautinn. Einnig er þeim oft hættara við einmanaleika sem einir búa.

Kalt í veðri (orðtak) Kalt veður; kuldi. „Það er nokkuð kalt í veðri, en fyrirtaks *smalaveður*“.

Kalt í tíðinni (orðtak) Tímabil kulda/ kaldrar veðráttu. „Ári er nú að verða kalt í tíðinni“!

Kalúnera (s) Hreinsa hár af skinni með því að leggja það í heitt vatn og/eða með kalki. „Svínaslátrun var stunduð a.m.k. eitt haust í sláturhúsinu á Gjögurum. Í því skyni var smíðað stórt ker úr áli til að kalúnera skrokkana“.

Kamar (n, kk) Náðhús; sérbyggt salerni yfir safnþró. „Áður en rennandi vatn fór að tíðkast í húsum var kamar við hvert heimili. Kamar var á Láganúpi framyfir 1960, þrátt fyrir að þá hefði verið kranavatn þar um nokkur ár. Öðrum þræði kann það að hafa verið vegna hins dýrmæta áburðar sem safnaðist í *skítapró* og var borinn á tún. Það var áður en íslenskir bændur urðu of finir með sig til að nýta slík náttúrugæði. Á kamarárunum var sérhannaður salernispappír óþekktur og óþarfur lúxus; þar var nýtnin enn í fyrirrúmi með því að notuð voru dagblöð. Málagn framsóknarmanna; Tíminn, var þar nýttur til hins ítrasta; fyrst lesin meðan *lögmaður* var *fluttur* og síðan notaður til neðanfrágangs. Kamarinn á Láganúpi var líklega ekki meira en metri á kant að gólfleti og mannhæð undir þak; bárujárnshús ofaná steyptri þró, um 8m frá íbúðarhúsinu; festur niður með stögum í hornin. Dyr sneru upp að Flötinni og gegnt þeim var stallur með opi niður í haughúsið og setu kringum það. Loftræsting var um lítið op ofan við dyrnar; og nægileg birta til að rýna í Tímablaðið áður en það gegndi sínu hinsta hlutverki“ (VÖ).

Kamarferð (n, kvk) Ferð á kamarinn til páfatafls. „Ég er hræddur um að þessi brauðsúpa geti kostað einhverjar kamarferðir hjá þér, ef þú ætlar að fá þér þriðja diskinn“!

Kambur (n, kk) A. Hárkambur. B. Ílöng hæð sem hátt ber í landslagi; malarkambur. C. *Grásleppukambur*; gaddaröð efst á bók grásleppunnar og hveljan sem henni fylgir. D. *Fjörुकambur*; *sjávarkambur*; *rif*; efsti hluti fjörunnar; rífið sem sjór gengur ekki á nema e.t.v. í mestu aftökum. „Þegar báturinn er kominn upp á kamb er skorðað; oft var sagt: „Skorðið skipsmenn; ábyrgist eigendur“ “ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Kames (n, hk) Herbergi; fremur lítið. „Ég leigði þar kames uppi á loftinu um tíma“. „Er þetta þitt kames“? Ekki heyrðist notað „r“ í þessu orði í máli Kollsvíkinga, eins og víðast virðist hafa tíðkast.

Kamína (n, kvk) Lítill ofn til hitunar og eldunar í húsum og stundum í skipum.

Kampagleiður / **Kampakátur** (l) Hýr á brá; brosmildur; hress. „Hann er æði kampagleiður með heimturnar þetta haustið“.

Kampajúði (n, kk) Niðrandi orð um skeggjaðan mann. „Þeim kampajúða ferst ekki að gera grín að öðrum“!

Kampur (n, kk) A. Hlaðinn veggur; hlaðinn bratti/kantur. „Ég lagði orfið uppá kampin“. B. Skegg. Orðið er horfið úr þeirri notkun í seinni tíð fyrir utan orðtakið „að glotta/brosa í kampinn“, og í fleirtölu um veiðihár á dýrum.

Kan (n, hk) Span; þeytingur; asi; *harðakan*. „Ég mætti honum á miklu kani hér norður á vegi“.

Kandís / **Kandísmoli** / **Kandíssykur** (n, kk) Brenndur sykur; brúnleitur sykur í kristölluðum klumpum sem áður fyrr var töluvert notaður, t.d. með kaffi í stað molasykurs og sem sælgæti. Eftir að sykurneysla varð almennari í öllum mat hefur kandís ekki þótt jafn afþrýðingunum. „Afí átti stundum kandís í poka eða suðusúkkulaðistykki í koffortinu sínu, og gaukaði molum að okkur krökkunum“.

Kandísrófa (n, kvk) Rófa sem notuð er til að bræða í kandís. „Þetta húsráð til lækninga á kvefi var notað þegar við bræður vorum að alast upp á Láganúpi og rófurnar voru nefndar því nafni“ (VÖ). „Rófurnar voru skornar sundur (hráar) og tekinn þriðjungur innan úr miðjunni; látinn kandísmoli í holuna og látinn renna. Svo var safinn gefinn inn með skeið, þeim sem voru með kvefi“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Kanilsykur (n, kk) Sykur sem blandaður er með kanilkryddi og notaður útá grjónaagraut/velling. „Það þarf að blanda ögn meira af kanilsykri“. Jöfnum höndum var í Kollsvík talað um kanil og kanilsykur þegar átt var við blandaðan kanil. Orðin voru ekki með e-hljóði eins og víðast tíðkaðist.

Kankvís (l) Glettnislegur; glottuleitur; íbygginn. „Hann var kankvís á svip, eins og eitthvað byggi undir“.

Kankvíslega (l) Með kankvísnum svip/hætti. „Hann skotraði á hana augunum kankvíslega, en sagði ekki orð“.

- Kann að vera / Kannski / Má vera** (orðtök) Getur verið. „Það kann að vera eitthvað rétt í þessu“. „Má vera að þetta sé sem þú segir, en mín skoðun haggast ekkert fyrir því“! Orðið „kannske“ hefur að fullu umbreyst í „kannski“ í munni Kollsvíkinga, a.m.k. í seinni tíð, en var þó í sumum tilfellum haft í tveimur orðum; „kann ske“, eða þremur; „kann að ske“. „Það kann að ske að eitthvað sé til í þessu, þó ég hafi ekki heyrt það“.
- Kann ekki góðri lukku að stýra** (orðtak) Boðar ekki gott; veit ekki á gott. „Ekki líst mér á útlitið; það kann ekki góðri lukku að stýra að hann sé svona *eyddur til hafsins*“.
- Kannast við** (orðtak) Þekkja; vera kunnugur. „Kallamelinn könnumst við./ Krían í Fit á heima./ Með Umvarpi að öldnum sið/ andann látum sveima“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Kannast við sig** (orðtak) Þekkja sig; þekkja staðinn sem maður er staddur á. „Nú fer ég loksins að kannast við mig; hér hef ég áður verið í eggjum“.
- Kankast** (s) Ræða málin; *jagast; kíta*. „Þeir eru eitthvað að kankast á úti í Gili, strákarnir“.
- Kansellistíll** (orðtak) Skrúðmælgí kerfiskarla/embættismanna í ritmáli. Frá því elstu sögur greina hefur embættismannaveldið sýnt viðleitni til að hefja sig yfir *pöpulinn* með sérstæðu; flóknu og óþörfu skrúðmælgí, ásamt yfiringilegri formfestu og orðhengilshætti; jafnt í bréfaskriftum sem í öðu skrifuðu máli.
- Kantaður** (l) Um lögun; stendur; með þrjá eða fleiri kanta og nokkuð slétta fleti á milli.
- Kantboginn** (l) Um borðvið; íhvolfur eða ávalur eftir kantinum; ekki með beinan kant. „Þetta er ljóti bátaviðurinn; ýmist þrælundinn eða kantboginn“!
- Kanthefta / Kantsaga** (s) Hefta/saga af kanti á borðvið, plötu eða öðru. „Ég slípaði borðplötuna og kantheftaði hana alla“.
- Kanthleðsla** (n, kvk) Hlaðinn kantur. „Ingvar hlóð firnamikla kanthleðslu við Melshlöðuna“.
- Kantra** (s) Reisast upp á kant/rönd; hvolf. „Báturinn rann til á skerinu; kantraði, og tók í sig sjó“.
- Kantréttur** (l) Um borðvið; fjöl; planka; plötu; beinn í kantinn. „Viðurinn er furðu kantréttur, þó hann sé dálítið misþykkur“.
- Kantskera** (s) Skera/snyrta kanta/brúnir. „Við skulum láta torfið ganga aðeins útaf vegnum og kantskera það svo á eftir“.
- Kantskorinn** (l) Búið að kantskera/snyrta. „Alltaf er nú *settlegra* að sjá þetta svona vel kantskorið“.
- Kapall** (n, kk) A. Heiti á hesti; helst notað í skáldskap nú á tímum. B. Hestburður. Fyrrum var t.d. hey af velli stundum mælt í fjölda kapla. Fremur var þó talað um hesta eða hestburði vestra. C. Einmenningspíl. „Hann segir að ráðskonan sé duglegri við að leggja kapal en hjálpa til við útiverkin“. D. Taug, t.d. rafmagnskapall. Algengasta notkun orðsins í seinni tíð.
- Kapítal** (n, hk) Fjármagn; sjóður; auður. „Eitthvað kapítal þarf nú til að eignast þetta“
- Kapítalisti** (n, kk) Fjármagnshyggja; sá sem aðhyllist auðsöfnun í þágu einstaklinga fremur en almenna velferð; andstaða við kommúnista/sósíalista.
- Kapítuli** (n, kk) Kafli; bókarhluti; lagagrein. Mun upphaflega hafa merkt yfirlit í upphafi bókar.
- Kaplamjól** (n, kvk) Merarmjól. „Kaplamjól er líkust brjóstamjól, og stundum gefin ungbörnum“.
- Kapp er best með forsjá** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að þó ákafi/áhugi sé lofsverður þá þarf góð skipulagning og hyggindi einnig að vera til staðar, ef vel á að fara. „Ekki verður þó annað sagt en sjór væri sóttur af kappi, og þó með hæfilegri forsjá“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Kappa** (s) Setja *kappa* í skemmt dekk svo unnt sé að nýta það áfram. „Það má alveg kapp þessa litlu rifu í hlið dekkisins; það er óslitið að öðru leyti“.
- Kappala / Kappfóða** (s) Ala mjög vel; *stríðala*. „Hann kappalar þessar örfáu skjátur svo þær vega í spikinu“.
- Kappalinn / Kappfóðraður** (l) Fóðraður/alinn mjög vel; hefur fengið nóg fóður. „Hrúturinn var víst svo kappalinn hjá honum að hann gagnaðist lítið framan af“. „Féð hefur verið kappfóðrað í vetur“
- Kappát** (n, hk) Keppni í því hver er fyrstur að ljúka sínum matarskammti; mikill hraði á snæðingi. „Við fláningsmenn þurfum ekki að vera í neinu kappáti; hann er nýfarinn út til að byrja að skjóta“.
- Kappbúinn / Kappklæddur** (l) Mjög vel búinn/ mikið klæddur. „Manni getur varla kólnað, svona kappklæddur“. „Mér varð fljótt alltof heitt, enda kappbúinn“.
- Kappfullur / Kappmikill** (l) Ákafur/duglegur við vinnu/verk/keppni; fjörmikill; áráðinn. „Við vorum ungir og kappfullir á þeim dögum“.
- Kappganga / Kapphlaup** (n, kvk/hk) Keppni sem mikið var stunduð, þátttakendum og öðrum til gamans.

- Kappi** (n, kk) A. Kempa; baráttumaður; sá sem gengur rösklega fram í t.d. bardaga eða öðru verki. B. Brík, t.d. yfir glugga til að hylja efri kant gluggatjalda. C. Þykk gúmmibót sem sett er innanvið gat/rifu í hlið dekkis, til að unnt sé að nýta það áfram með gúmmislöngu (sjá *kappa*).
- Kappklæddur** (l) Mjög mikið/vel/hlýlega klæddur. „Ég var kappklæddur; í *loðbandspeysu, föðurlandi* og tvennum sokkum; með *svellþykka* vettlinga á höndum og *dembul* á höfði“.
- Kappkosta** (s) Kosta kapps um; keppa að; leitast við; leggja áherslu á. „Ég kappkostaði að ná þessu prófi“.
- Kappkynda** (s) Kynda hús mjög mikið; halda miklum hita. „Það er óþarfi að kappkynda húsið í svona veðri“.
- Kappkyntur** (l) Kyntur/hitaður mikið. „Ofninn var kappkyntur þar til hann glóði, en hitaði lítið í framhúsinu“.
- Kappmella** (n, kvk) Bragð á bandi/línu, þannig að lykkuju úr línunni er hvolfst uppá hana sjálfa. Við það myndast auga/rennilykkja sem herðist saman þegar togað er í tvöfalda línuna.
- Kappmella** (s) Setja kappmellubragð á band; festa hlut með kappmellu. „Steinarnir voru kappmellaðir neðan í netin, til að halda þeim sem best við botninn“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67).
- Kappmikill / Kappsamur** (l) Duglegur; vinnusamur; metnaðarfullur. „Hann er ári röskur og kappmikill, drengurinn“.
- Kappnógur / Kappnægur** (l) Alveg nóg; yfirdrifið; *ærið*. „Þetta er nú kappnógur skammtur fyrir mig, ég *torga* þessu varla“. „Kindurnar höfðu haft kappnæga beit í sjálfheldunni, og voru vel á sig komnar“.
- Kappræður** (n, kvk, fto) Ákafar samræður; keppni í rökræðum; deilur. „Yfir kaffihaldinu upphófust ákafar kappræður um pólitík, og urðu menn ekki á eitt sáttir fremur venju“.
- Kappsamlega** (ao) Af kappi/kappsemi/dugnaði. „Ég var orðinn svangur og tók kappsamlega til matarins“.
- Kappsamur** (l) Ákafur; drífandi; röskur. „Jafnan var það svo að formenn í Kollsvíkurvegi voru kappsamir um sjósókn“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Kappsemi** (n, kvk) Ákafi við vinnu/verk; eljusemi. „Þarna var víst kappsemin meiri en forsjáin“.
- Kappsláttur** (n, kk) Keppni tveggja eða fleiri í því hver er fyrstur og bestur í því að slá með orfi. „Tvisvar hefur það (Umf Von) staðið fyrir kappslætti, með góðum árangri“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Kappsmaður** (n, kk) Ákafamaður; eldhugi. „Hann var mikill kappsmaður til allrar vinnu“.
- Kappsmaal** (n, hk) Markmið sem keppt er að; áhersluatriði. „Mér var það kappsmaal að þetta gengi eftir“.
- Kappsmunir** (kk, fto) Eldlegur/mikill áhugi. „Að þessu vann hann af miklum kappsmunum“.
- Kappsund** (n, hk) Keppni í sundi. „Þeir fóru í kappsund í kaldri lauginni, til að halda á sér hita“.
- Kapptínsla** (n, kvk) Keppni í tínslu berja/eggja. „Enginn lagði í kapptínslu við Bugga; hann var alltaf langfyrstur að fylla“. „Við byrjuðum sinn á hvorum enda urðarinnar og svo var kapptínsla þar til við mættumst á henni miðri“.
- Kar** (n, hk) A. Ker; stór skál. Sbr fiskikar. „Sláturfélagið lét smíða geypistört kar, svo kalóna mætti svínin frá Breiðavíkurbúinu“. B. Slor á nýfæddum kálfi (sjaldan notað).
- Kara** (s) Um kind/kýr; sleikja slorið af nýfæddu lambi/kálfi. „Það er í eðli móðurinnar að kara sín afkvæmi“.
- Karaður** (l) Um lamb/kálf; búíð að kara/ sleikja slorið af. Sjá *nýkaraður*.
- Karakálfur** (n, kk) A. Nýborinn kálfur sem ekki hefur verið karaður. B. Meira notað í líkingum um mann sem er illa að sér; nýgræðing; heimskingja. „Hann er alger karakálfur í þessum efnunum“.
- Karakter** (n, kk) A. Persónuleiki; eðli; art; hegðun. „Þetta er eitt af því fáa sem ég get illa fellt mig við í hans karakter“. B. Sérkennileg/heillandi manneskja/skepna; skepna með mannleg einkenni. „Heimalningurinn er heilmikill karakter, og *gerir sér* töluverðan *mannamun*“.
- Karakterslaus** (l) Skortir persónuleika/ sérkenni í hegðun. „Ég kann aldrei við þessi einsleitu og karakterslausu hvítu hænsemi. Það má mikið vera ef egginn úr þeim eru ekki bragðlausari líka“! Einatt sagt með „s“ í Kollsvík. Annarsstaðar þekktist orðið án þess.
- Kararmaður / Kararkerling** (n, kk/kvk) Um karl/konu sem orðin eru heilsulaus vegna elli. „Ég hef hugsað mér að ljúka við þetta áður en ég er kararmaður orðinn“.
- Karbarator** (n, kk) Blöndungur á bensínvél. „Einhver andskotans stífla er í karbaratornum *eina ferðina enn*“!
- Karbítur** (n, kk) Efnið kalsíumkarbíð; CaC². Þetta brúna efni var mikið notað áðurfyrr, bæði í karbítljós og til að framleiða asetylengas til suðu o.fl. Það er búíð til með hvörfun kalks við kolefni í viðarkolum.
- Karbítljós** (n, hk) Ljós sem töluvert voru notuð fyrir daga rafmagnsljós, t.d. á skútum. Þau gáfu mun skærari birtu en olíuluktur, en voru varasöm. Oft urðu slyss þegar sjór eða vatn komst í karbítinn.

Karbólsýra / Karbólvatn (n, kvk/hk) Karbólsýra (fenól) er lífræn sýra; litillega súr. Var fyrst framleidd úr koltjöru, en nú úr jarðolíu, og notuð í gerviefnaiðnaði. Karbólvatn er mjög þynnt karbólsýra, og var til skamms tíma mikið notað til sóthreinsunar.

Karbæta (s) Stagbæta; leggja bót ofaná bót. „Það er hæpinn gróði að því að karbæta slönguna frekar“.

Karbættur (l) Stagbættur; með bót við/ofaná bót. „Nú held ég sé kominn tími til að henda þessum kagbættu stígvélum“. Forliðurinn líklega samstofna orðinu kór = ellihrumleiki.

Karfa (n, kvk) A. Ílát, oft líkt bala og flettað úr tágum. Notað t.d. til að bera fisk. Nokkuð rak af slíkum körfum á fjörur í Kollsvík, og voru þær notaðar til að bera hey á garða. *Tágakarfa; fiskikarfa; heykarfa.*

Karfakvikindi (n, hk) Gæluorð um karfa. „Það dregst stöku sinnum karfakvikindi þarna á djúpslóðinni“.

Karfi (n, kk) Fisktegund. Fyrir kom að á dýpri miðum Útvíkna veiddist litli karfi (Sebastes viviparus).

Kargabotn (n, kk) Grýttur hafsbotn þar sem hætt er við *festum; hraunbotn*. „Hér er bölvaður kargabotn; það hefur ekkert uppá sig að renna hér“.

Kargi / Kargablettur / Kargapýfi (n, hk) Mjög þýft land; margar þúfur. „Hlýtur að hafa verið seinlegt að slá þarna í kargapýfinu“.

Kargahraun / Kargi (n, hk) Stórgrýttur hafsbotn. „Við þurfum að kippa áður en okkur rekur lengra suður; þar er kargahraun og hætt við botnfestum“. „Ég lenti á kargafjanda og tapaði slóðanum“! Einnig *hraunkargi*.

Kargur (l) Þvermóðskufullur; þvergirðingslegur; þver; uppá móti; skapstirður. „Mörgum fannst hann óbilgjarn og kargur í þessu máli“.

Karl í krapinu (orðtak) Mikill karl; mikil hetja; frammar öðrum mönnum. „Hann var sko karl í krapinu, skal ég segja þér“! „Þetta hefurðu uppúr því að vera karl í krapinu og þykjast ekki þurfa húfu“!

Karlagrobb (n, hk) Mont; *raup*. „Óttalegt karlagrobb er nú komið í þig í seinni tíð“!

Karlalegur (l) Um karlmann; orðinn aldraður í háttum/útliti. „Skelfing finnst mér hann orðinn karlalegur“.

Karlafmánnin / Karlanginn / Karlaulinn / Karlauminginn / Karlálftin / Karlbjálfinn / Karlfjandinn / Karlgarmurinn / Karlgepillinn / Karlfaskurinn / Karlfýlan / Karlhelvítið / Karlhólkurinn / Karhlhunkurinn / Karlhrotan / Karlhróid / Karluglan / Karlgreyið / Karlkurfurinn / Karlkvikindið / Karlrassgatið / Karlrassinn / Karlrokkurinn / Karlrýjan / Karlræfillinn / Karlpungurinn / Karlsauðurinn / Karlskarið / Karlskepnan / Karlskrattinn / Karlskrjóðurinn / Karlskröggurinn / Karlskuddinn / Karlskunkurinn / Karlskúmurinn / Karlskömmin / Kartötrið / Karluglan / Karlvesalingurinn Gæluorð um karlmenn í umtali; oft í góðlátlegri meiningu, en stundum neikvæðri. Einatt með greini. Blæmunur er á notkun eftir samhenginu. Karlanginn, karlauminginn, karlhróid og karlgarmurinn eru t.d. notuð í vorkenningskyni (oft án forskeytisins); karlálftin og karlhólkurinn ef um yfirsjón eða góðverk hefur verið að ræða en karlaulinn, karlfaskurinn, karlfjandinn, karlfýlan, karlhelvítið, karluglan og karlskúmurinn hafa neikvæðasta merkingu. Sambærileg gæluorð eru stundum notuð um kvenfólk í umtali, en þá með forskeytinu kerlingar- í stað karl-. Eðlilegt er þó að í svo fjölmennri verstöð sem Kollsvík var um aldaraðir hafi fleiri slík gæluorð verið notuð um karlmenn. Áðurfyrra þótti slík orðanotkun ekki hafa þá meiðandi merkingu sem viðkvæmni borgarsamfélagsins vill vera láta í dag. „Hvað skyldi hann meina með þessu, karlskúmurinn“? „Hvað var hann eiginlega að hugsa, karlgepillinn“?! „Ég held að karlrassinn geti átt sig fyrir mér“! „Ekki held ég að ég *stjani* meira við karlrassgatið en orðið er“! „Hann á það nú skilið karlkurfurinn, að fá þessa viðurkenningu eftir sitt *ævistred* í þágu annarra“. „Það verður nú að virða það við karlkvikindið að hann er allur af vilja gerður, þó þetta fari svona í handaskolum hjá honum“. „Ég *hálfvorkenni* honum, karlrýjunn; að þurfa að búa við þetta bölvæð skass“. „Hvert ætla karlafmánnin eiginlega að fara með féð“?!

Karlaskapur (n, kk) Mannlýsing; þegar menn eru orðnir stirðir og ódrjúgir til einhverra verka. „Þetta er nú *allt komið í karlaskap* hjá mér núorðið; ár og dagur síðan ég fór ofan í kletta til eggja“.

Karldyr (n, kvk, fto) Aðaldyr/útidyr húss. Fornt orð og fallið úr notkun. Sjá *anddyri*.

Karlmannlega (ao) Eins og karlmaður; mannalega; hraustlega. „Hann tók þessu mótlæti karlmannlega“. Oft var viðhöfð þessi vísa Kristjáns Jónssonar fjallaskálds: „Við skulum ekki víla hót, / það varla léttir trega./ Það er þó alltaf búningsbót/ að bera sig karlmannlega“.

Karlmannlegur (l) Hraustlegur; *vel að manni*; sterkur. „Hann virðist nógu karlmannlegur á velli; hvernig sem hann svo reynist þegar á hólminn er komið“!

Karlmannslaus / Kvenmannslaus (l) Ekki í sambandi/tygjum við einstakling af gagnstæðu kyni; án karlmanns/kvenmanns. „Hann hefur bara séð, þegar kom ég karlmannslaus;! Kannske vissi hann hvað ég vildi segja./ Hann flýtti sér í bólið og breiddi upp fyrir haus/ og bjóst þá við að af hræðslu myndi hann deyja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Karlmannsleysi / Kvenmannsleysi (n, hk) Skortur annars kynsins á samneyti við hitt, og hugarvél sem því kann að fylgja. „Hann er eitthvað að vorkenna konunni þessa einveru; ég held að hann hafi mikinn hug á að bæta úr karlmannsleysinu á bænum“!

Karlmannsverk (n, hk) Verk sem eðlilegra þykir að unnið sé af karlmanni en kvenmanni. Verkaskipting af þessu tagi hefur tekið miklum breytingum í seinni tíð; efti að hafa haldist nær óbreytt um aldir. Undir karlmannsverk féllu allajafna helstu erfiðisverk utanhúss; bæði til lands og sjós, ásamt þeim innverkum sem kröfðust líkamlegra átaka eða húsbóndavalds. Ekki var þó þessi skipting einhlít, og með réttu má halda því fram að húsmæður og vinnukonur hafi tíðum stritað fullt eins mikið og karlmenn heimilisins. Til karlmannsverka taldist flest skepnuhirðing, að mjöltum frátöldum; þær voru kvenmannsverk. Bóndi hélt fénaði til beitara; sá um smalamennskur; slátt túna; slátrun fjárins; mótöku; kolagerð; smíðar; grjóthleðslu; róðra; aðgerð afla og fleira. Margt var þó unnið í sameiningu, s.s. heyverkun; hirðing; aftek; sláturvinnsla og verkun afla. Nokkur dæmi voru um að konur fengjust við róða í Kollsvík um og eftir aldamótin 1900.

Karlmenni (n, hk) *Maður með mönnum*; hetja; harður af sér; sterkur; *mannskapsmikill*. „Og það vissi ég að hann sagði satt því hann var karlmenni mikið og þungur í skapi“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Karlmennska / Karlmenskubragur (n, kvk/kk) Hetjuskapur; áræði; mikil geta; áttur sannra karlanna. „Mér þykir það nú lítil karlmennska að renna af hólmi strax og á móti blæs“! „Það er kannski ekki mikill karlmenskubragur á þessu, en það er alltaf betra að hafa vaðið fyrir neðan sig“.

Karlpeningur (n, kk) Gæluorð um karlmenn; karlmaður. „Karlpeningurinn er allur að smala“.

Karlsvagninn (n, kk) Hluti af stjórnumerkinu Stóra-birni. Karlsvagninn er myndaður af sjö stjörnum og er nafnið dregið af því að saman þyki þær minna á hestavagn með kjálkum. Karlsvagninn má nota til að miða út pólstjörnuna, en hún er nánast yfir norðupól jarðar og var notuð fyrrum sem leiðarstjarna. Er hún í framhaldi af línu sem dregin er milli „afturhjóra“ vagnsins.

Karmavillt (l) Um það þegar maður/ær fer í/opnar rangan karm á fjárhúsi. „Ég fór eitthvað karmavillt þegar ég hleypti fénu út; áttaði mig ekkert fyrr en gemlingaskrattarnir komu valhoppandi út“.

Karmdyr (n, kvk, fto) Dyr á karmi. „Stattu innanvið karmdyrnar svo gemlingarnir ryðjist ekki allir út í einu“.

Karmi (n, kk) *Fuglakippa* sjá þar. Notkun orðsins virðist hafa takmarkast við Útvíkurnar.

Karmur (n, kk) A. *Garði*; stía fyrir fé í fjárhúsi. Karmur var oftast notað en garði í Kollsvík. „Hún Gibba gamla fer alltaf á sinn stað í norðari karminum í miðhúsinu“. B. Rammi í dyra-/ gluggagætt. Dyrakarmur.

Karp (n, hk) Deilur; stælur; jag; rifrildi. „Skelfing leiðist mér þetta eilífa karp um pólitík“!

Karpa (s) Deila; rifast. „Karlarinn kjánkuðust og körpuðu yfir svörtu ketilkaffi sem alltaf var til reiðu á prímusnum þegar tími gafst til“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Karpgjarn (l) Gjarn á að karpa; hefur unun af deilum. *Prasgjarn* var þó meira notað.

Karphús (n, hk) Hegningarhús. Í seinni tíð eingöngu notað í orðtakinu að *taka í karphúsið*.

Karri (n, kk) Karlkyns rjúpa. Einhversstaðar mun orðið hafa verið notað um ullarkamba, en það var *körrur* í Kollsvík. Bæði orðin vísa líklega til hljóðs nafnberans.

Karta (n, kvk) Arða; ögn; nabbi; hnúfa. „Þú skefur stærstu körtunna af grásleppuhveljunni, og sumir taka brjóskið líka, en hitt er allt matur“.

Kartnögl (n, kvk) Nögl sem er afmynduð í vexti, oftast kúpt og hruftótt.

Karton (n, hk) Slettuorð. A. Þykkur pappír. B. Aflangur pakki með mörgum smærri pökkum.

Kartöflubingur / Kartöfluhrúga (n, kk/kvk) Bingur/hrúga af kartöflum.

Kartöfludiskur / Kartöflupottur / Kartöfluskál (n, kk/kvk) Ílát sem kartöflur eru bornar fram í, eftir að soðnar hafa verið í kartöflupotti. „Réttu mér kartöfludiskinn“.

Kartöflugryfja (n, kvk) Jarðhýsi til að geyma kartöflur, rófur og fleira. „Kartöflugarðar og kartöflugryfjur voru nánast á hverjum bæ í hreppnum“.

Kartöfluhýði (n, hk) Húðin yst á kartöflu. Stundum stytt í hýði, en aldrei var talað um „flus“ í Kollsvík.

Kartöflujafningur (n, kk) Hvít sósa með flysjuðum kartöflum úti. Annarsstaðar heyrðist orðið „uppstú“ eða „uppstúfur“ um þennan rétt, en það var aldrei notað í Kollsvík. Kartöflujafningur var helst notaður til hátíðarbrigða, t.d. ef hangiket var á borðum.

Kartöflufata / Kartöfluilát / Kartöflukyrna / Kartöfluskál / Kartöfluspanda (n, kvk/hk) Ílát sem notuð voru til að setja kartöflur í þegar þær voru teknar upp. Vanalega hafði hver *upptökumaður* hjá sér tvö ílát; annað stórt fyrir stærri kartöflurnar/ *matarkartöflur*, og hitt minna fyrir *myrið*. Stundum var það þriðja haft undir útsæðiskartöflur, en oftast voru þær flokkaðar frá þegar búið var að breiða til þurrks.

Kartöflugaffall / Kartöfluklóra / Kartöflukvísl (n, kvk) Kvísl til að taka upp kartöflur. Kartöfluklóra er sérstaklega til þess ætluð; með vinkilbeygða tinda sem höggvið er niður við kartöflugrasið. Kartöflugaffall er sama verkfærið og *hnausakvísl/hnausagaffall*; ýmist með sívölum eða flötum tindum; ætlaður fyrir ástig.

Kartöflumóðir (n, kvk) Útsæðiskartafla, eftir að hún hefur getið af sér nýjar kartöflur að hausti og er þá oftast orðin dökk og lin.

Kartöflupoki / Kartöfluposi / Kartöflusekkur / Kartöfluskjatti (n, kk) Poki undir kartöflur/poki með kartöflum. Sekkur er stór poki en skjatti eða posi er lítill.

Kartöflurækt (n, kvk) Ræktun jarðepla/kartafla. „Kartöflurækt hefur lengi verið stunduðá flestum bæjum í Rauðasandshreppi, enda var þar upphaf samfelldrar kartöfluræktunar á Íslandi, með ræktunartilraunum Björns í Sauðlauksdal. Bændur í Kollsvík voru fljótir að tileinka sér þessar afurðir, og komu sér upp kartöflugörðum við sína bæi. T.d. voru tveir garðar á bæjarhólnum í Kollsvík í byrjun 20. aldar, og aldrei hefur fallið niður kartöflurækt í vikinni frá upphafi. Kartöflugryfjur voru byggðar til að geyma þessa matvöru og tókst yfirleitt vel til með það. Menn voru fastheldnir á gamlar tegundir um leið og nýjar voru reyndar. Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi hefur verið mikil áhugamanneskja um varðveislu þeirra.“ „Já, það voru alltaf ræktaðar kartöflur og þær spruttu; og þær spruttu vel. Það var alltaf sett mánuð af sumri. Rófur voru einnig ræktaðar. Þetta tilheyrði vorverkum kvennanna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Kartöflustappa (n, kvk) Marðar kartöflur sem matbúnar eru, t.d. með sykri og smjöri sem þykkur grautur. Þetta meðlæti var aldrei nefnt öðru nafni áðurfyrr, en nú hefur frönskusetlan „kartöflumús“ eða „mús“ tekið algerlega yfir. Væri þarna þörf á afturhvarfi til réttara máls.

Kartöfluupptaka (n, kvk) *Upptaka* kartaflna úr garði.

Kasa (s) A. Aðferð til að geyma fisk sem ætlaður er í skreið þar til hann er þurrkaður (sjá *skreið*). B. Kæsa, t.d. skötu og hákarl. C. Hafa í þéttum haug/ þéttum hóp/ kös. „Það er ekki hægt að kasa svona mörgu fólki inn í þetta litla herbergi“!

Kasa inni (orðtak) Vanalega um húsdýr; hafa í þéttum hóp í húsi. „Það er ástæðulaust að kasa féð lengur inni fyrst veðrið er að lagast“.

Kasa saman (orðtak) Hrúga saman í kös. „Kálfarnir þrífast ekki vel þegar þeim er kasað svona þétt saman“.

Kasína (n, kvk) Tveggja manna spil. Gefið er þannig að gjafari gefur mótspilara 3 spil; sjálfum sér 3 og leggur 2 í borðið. Síðan hinum 2; sjálfum sér 2 og 2 í borðið. Stokkurinn geymdur og gefinn síðar. Mótspilari byrjar og tekur úr borðinu með einu spili jafnmikið og nemur gildi þess; eitt eða fleiri spil. Ásinn er ýmist hæstur og gildir 14 eða lægstur og gildir 1. Gefið er aftur þegar öll spil á hendi eru búin, en þá ekki gefið í borðið. Í síðustu gjöf eru 4 spil á hvorn. Eftir spilið eru slagir reiknaðir hjá hvorum. Spaðatvistur nefnist *litlakasína* og gefur 2 stig; tígultían nefnist *stórakasína* og gefur 5 stig. Að ná öllum spilunum úr borði nefnist að *svippa*, og gefur 1 stig. Að ná síðustu spilum úr bori gefur 1 stig, og sá sem fær síðasta slag má hirða restina úr borðinu. Fleiri spaðar í lok spils gefa 1 stig. Fleiri ásar í lok spils gefa 1 stig. Fleiri spil í slögunum gefa 1 stig. Sá vinnur sem fyrr nær 20 stigum. Náist þau ekki er spilað aftur. „Guðbjartur afi á Láganúpi hafði gaman af spilum á gamals aldri, og þurfti ekki mikla hvatningu frá okkur bræðrum til að fást í eina kasínu á kistulokinu“.

Kaskeiti (n, hk) Derhúfa af finna tagi; yfirleitt einungis notað um derhúfur með glansderi.

Kasólétt (n, kvk) Um konu; greinilega þunguð; með barni. „Hún er víst orðinn kasólétt enn einusinni“.

Kast (n, hk) A. Það að kasta/fleygja. „Ég batt bandið um stein, en náði ekki að fleygja því upp á brúnina í fyrsta kasti“. B. *Yfirvarp*. Sá hluti *niðristöðu* fyrir dreka/netastein/stjóra sem er umfram dýpið til að átakið verði meira á hlið en beint upp; sú vegalengd sem bauja á yfirborði er frá því að vera beint upp af stjóra/netasteini. „Það þarft að hafa tíu faðma fyrir kast á þessu dýpi“. C. Hæð; hóll; barð; hilla/völlur framaní bjargi. „Ég sá fjárhópinn þegar við komum upp á kastið“. D. Í orðatiltæki: „Ég ætla að hvíla mig *fyrsta kastið*“. E. Skiptahlutur; hrúga af fiski/eggjum/hvalketi o.fl sem skipt er er sameiginlegum afla. Í hverju kasti eru tveir hlutir sem síðan er skipt milli þeirra sem eiga (sjá *skipti*). F. Lagning fiskilínu; notkun vörpu; varp króks með stöng. „Þegar lokið var við að draga línuna var bátinum fest við það stjórafæri þar sem drætti lauk. Þetta var kallað að „ljúka við kastið“. Þá var byrjað að blóðga þorskin; slægja steinbitinn og skera beitu uppá næsta kast“ (KJK; Kollsvíkurvef). G. Skapbrigði; geðsveifla; flog. (Seinni tíma merking). H. Sveifla; slag. „Mér sýnist vera eitthvað kast á kerruhjólinu“. I. Kafli/tímabil í veðráttu, t.d. *kuldakast*. „Almennt mátti ekki heita að skepnur kæmu á gjöf fyrr en um og eftir hátíðir, því kast það er gjörði snemma vetrar varð hér svo vægt að litlu sakaði“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Kasta/fleygja af auga / Kasta af hendi (orðtak) Kasta án verulegrar nákvæmni; kasta í sömu átt og maður snýr/horfir; kasta með hendinni. „Þegar ég hafði gengið frá því að festa endann tók ég vaðarhönkina og kastaði henni af auga framyfir brúnina“. „Ég tók steinbitinn og kastaði honum af hendi útfyrir borðstokkinn“.

- Kasta af sér** (orðtak) A. Fara úr yfirhöfn. „Kastaðu nú af þér og fáðu þér kaffisopa“. B. Um það þegar reimar milli véla fara útaf reimskífum sínum. „Vélin kastar alltaf af sér einni *blásarareiminni*“.
- Kasta af sér vatni** (orðtak) Míga; pissa. „Fyrsta verk bónda var ávallt að fara útfyrir húshorn; gá til veðurs og sjávar og kasta af sér vatni. Að sumri var stundum strokið handarbaki á jörð og kannað hvort *þurrt væri af*“.
- Kasta akkeri/dreka/stjóra** (orðtak) Leggjast fyrir fast; leggjast við akkeri. „Nú skulum við kasta drekanum meðan við gerum að; en fyrst held ég að við lítum á nestið“.
- Kasta á** (orðtak) Merkja köst þegar skipt er aflahlutum (sjá *skipti*).
- Kasta á fjöll** (orðtak) Grána í fjöll; grána uppi; setja dálítinn snjó í fjöll, þó autt sé í byggð. „Aðeins hefur kastað á fjöll; enda ekki nema von þegar *komið* er þetta mikið *framá*“.
- Kasta á glæ** (orðtak) Fleygja frá sér; eyðileggja; fórna. „Svona tækifæri má ekki kasta á glæ“. Glær merkti sjó í fornu máli. Rót orðtaksins má rekja til þess að fleygja einhverju í sjóinn eða missa fyrir borð af báti.
- Kasta á kveðju** (orðtak) Kveðja. „Ég ætla að kasta kveðju á fólkið, svo við förum ekki með vitið úr bænum“.
- Kasta á tölu** (orðtak) Telja. „Kastaðu tölu á féð í norðasta karminum; mér taldist að vantaði eina“.
- Kasta barninu út með baðvatnu** (orðtak) Líkingamál, komið úr dönsku, sem oft er viðhaft um það þegar menn kasta frá eða hafna því sem þeim finnst þarflaust eða léttvægt þá stundina, en uppgötva síðar að það var hið mikilvægasta eða kjarni málsins.
- Kasta bóli** (orðtak) Varpa í sjóinn dufli/bóli og niðristöðu, áfast neti eða línu. „Þá var kastað bóli, eftir því miði sem formaðurinn valdi sér, og lóðirnar lagðar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Kasta dropum** (orðtak) Um úrkomu; rigna í litlu magni. „Drífum okkur að klára að galta þetta; hann er strax byrjaður að kasta dropum“.
- Kasta ekki hendinni á móti** (orðtak) Hafna/ vilja ekki þegar boðið er. „Ég er nú eiginlega vel saddur, en ég kasta aldrei hendinni á móti góðum rúsinugraut“.
- Kasta ellibelgnum** (orðtak) Um eldri manneskju; haga sér/ líta út eins og mikið yngri manneskja.
- Kasta eign sinni á** (orðtak) Eigna sér; sölsa undir sig. „Í ljós kom að karlinn hafði kastað eign sinni á túnblett nágrannans, *án þess að spyrja kóng eða prest*“.
- Kasta éli / Kasta úr éli** (orðtak) Gera él. „Það hefur aðeins kastað éli í nótt og gert hvítt í rót“.
- Kasta fram** (orðtak) Leggja fram tillögu; láta einhvers getið; segja. „Ég kastaði því fram við hann hvort við ættum kannski að skreppa í róður á morgun ef veðrið helst“.
- Kasta fram neti** (orðtak) Leggja net. „Við ættum nú að kasta fram neti hér á bótina í næsta róðri“.
- Kasta fram stöku/vísu** (orðtak) Fara með vísu. Oftast þá átt við frumsamda stöku. „Það skiptir líka máli að alast upp þar sem vísum er kastað fram“ (MH um Sunnu Hlín dótturdóttur sína sem hlaut verðlaun í ljóðasamkeppni 10 ára; Mbl 04.01.2017)
- Kasta frá** (orðtak) Taka úr safni það sem lakara er. „Kastaðu særðum kartöflum frá; þær verða borðaðar fljótlega með myrinu“.
- Kasta færi** (orðtak) Renna færi fyrir fisk; reyna; renna. „Við köstum færi á Stekkunum en verðum ekki varir; þá er að dýpka sig meira“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Kasta heimdraganum** (orðtak) Losna við heimþrá/ löngun til að komast aftur heim. „Mér lánaðist ekki að kasta heimdraganum þegar ég fór fyrst að heiman í skóla“.
- Kasta hlut / Kasta hlutkesti** (orðtak) Varpa hlutkesti um val milli tveggja eða fleiri kosta. „Við köstum hlut uppá það hver á að fara núna að reka útaf“.
- Kasta hnútum að (einhverjum)** (orðtak) Hreyta ónotum í; atyrða einhvern. „Verið nú ekki að kasta hnútum að honum fyrir þetta; hann á enga sök á þessu“! Hnúta er bein, og þá helst átt við kastið/liðinn, en bein voru brotin til mergjar fyrrum.
- Kasta höndunum til** (orðtak) Sjá *kasta til þess höndunum*.
- Kasta í** (orðtak) Gefa fóður. „Ég ætla að skreppa og kasta í skepnurnar“. „Ertu búinn að kasta í hænsnin“?
- Kasta í skepnurnar** (orðtak) *Gefa á garðann; gefa fínu; færa búfé fóður*.
- Kasta kisum** (orðtak) Um veður; setja yfir vindkviður, þó ekki meiri en þegar kattarfeldur strýkst við vanga. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur, en þó þekktist kisuvindur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Kasta krónunni en hirða aurinn** (orðtak) Gefa frá sér það dýrmæta fyrir hitt sem minna gildi hefur.

- Kasta kveðju á** (orðtak) Kveðja. „Ég ætla að hlaupa inn og kasta kveðju á fólkið áður en ég fer“. „Allt er nú tilbúið og sigarinn snýr sér að fólkinu og kastar á það kveðju, en það óskar honum góðrar ferðar“ (MG; Látrabjarg).
- Kasta mæðinni** (orðtak) Hvíla sig eftir erfiða vinnu/ göngu eða annað; *pústa; varpa öndinni*. „Við settumst niður í lautina efst í Grenjaláginni og köstuðum mæðinni“.
- Kasta mörsiðrinu** (orðtak) Tefla fram því síðasta sem til er; setja sig í þá stöðu að ekki verði aftur snúið. Er stundum sagt vísa í þá sögn að menn hafi varist í Borgarvirki þegar óvinir sóttu að þeim, og hafi að lokum tekið það ráð að kasta mörsiðrum (sláturkeppum) að þeim og sýna þannig að vistir væru ekki á þrotum; sem þær þó voru. Vera kann þó að sagan sé lögud að mun eldri málshætti.
- Kasta perlum fyrir svín** (orðtak) Gera það fyrir einhvern sem hann kann ekki að meta að verðleikum. „Ég kalla það nú að kasta perlum fyrir svín að gefa honum koniaksflösku; *fanatískum* bindindismanni“!
- Kasta rekunum yfir/á** (orðtak) A. Um manneskju; jarðsetja; jarða. „Það er erfitt að spyrja hann ráða úr þessu, eftir að búið er að kasta yfir hann rekunum“. B. Í líkingum um málefni/hlut; hætta við; leggja endanlega af. „Ég er nú feginn því að búið er að kasta rekunum á þessa vitleysu *fyrir fullt og fast*“.
- Kasta ryki í augun á** (orðtak) Blekkja. „Ég held að hann hafi bara sagt þetta til að kasta ryki í augun á þeim sem voru farnir að átta sig á raunveruleikanum í málinu“.
- Kasta rýrð á** (orðtak) Gera lítið úr (manneskju/málefni). „Þó þessi orðabók sé samin ú frá sýn Kollsvíkings, er henni ekki með nokkru móti ætlað að kasta rýrð á samsveitunga; né heldur önnur málverndarsvæði landsins“.
- Kasta sér / Halla sér / Fleygja sér** (orðtak) A. Um manneskju: Fá sér stuttan lúr/*kriú*. „Óskaplega er kott að kasta sér örlítið eftir matinn“. „Ætli ég fari ekki bráðum að halla mér á eyrað“. B. Um borðvið/planka (kasta sér): Verpast; vindast; breyta sér. „Það liggur illa í þessari fjöl; ég er hræddur um að hún geti kastað sér“.
- Kasta steini úr götu** (orðtak) A. Hreinsa steina af vegi (hestavegi/bílvegi). Steinar vilja hrynja í niðurgrafnar götur og úr fjallshlíðum. Það þótti sjálfsgöð tillitsemi, sem sumir virða enn, að kasta steini úr götu strax og við hann varð vart, svo ekki yrði til trafala fyrir þá sem síðar færu um. B. Líkingamál um það að greiða fyrir einhverjum á einhvern hátt; gera einhverjum greiða.
- Kasta steinum úr glerhúsi** (orðtak) Bera sakir á aðra þegar maður er sjálfur í sök.
- Kasta til þess höndunum** (orðtak) Gera í fljótheitum og óvandað; vinna *hrákasmiði; hrækja saman; gera einhvernvegin og einhvernvegin*. „Það er betra að láta verkið ógert en að kasta svona til þess höndunum“!
- Kasta tólfunum** (orðtak) Fara fram úr öllu hófi; gengur of langt. „Röstin er leiðinleg í *bullandi* stórstraums norðurfalli, en þá kastar nú fyrst tólfunum þegar kald er af norðan; þá er hún hættuleg litlum bátum“. Líkingin er oft talin vísa til þess að sex; hæsta tala, komi upp á báðum teningum í teningaspili. Hugsanlegt er þó að hún sé af trúarlegum uppruna; frá þeim tíma að menn hétu á postulana tólf sér til heilla. Þá kastaði tólfunum þegar allir postularnir brugðust.
- Kasta tölu á** (orðtak) Telja í fljótheitum. „Ég ætla að kasta tölu á það sem er í dilknum núna“.
- Kasta upp** (orðtak) A. Æla; spúa; selja upp. B. Gera uppkast að ritverki, t.d. sendibréfi.
- Kasta uppá** (orðtak) A. Moka heyi upp á heyvagn með kvísl. „Ég skal kasta uppá ef þú lagar til og treður“. B. Kasta teningi eða krónu til ákvörðunar á einhverju, t.d. vinningi. „Við skulum kasta uppá það hver byrjar“.
- Kasta úr** (orðtak) A. Dreifa heyi; *breiða*. „Við þurfum að fara að kasta úr þessum göltum til að geta hirt þá seinna í dag“. B. Moka snjó. „Það er líklega fært yfir hálsinn ef við köstum úr skaflinum í beygjunni“.
- Kasta úr báru** (orðtak) Brjóta lítillaga úr bárutoppum; *hvítna í báru*. „Heldur er hann að vinda; hann er aðeins farinn að kasta úr báru hér fyrir utan“.
- Kasta úr sér skúrum/éljum** (orðtak) Um veður; vera með skúrleiðingar/éljaleiðingar; gera skúrir/él. „Ég er dálítið hræddur um að hann geti kastað af sér skúrum með *áðtakinu*“.
- Kasta útá** (orðtak) Setja mél eða annað í graut/súpu. „Það er ágætt að kasta bæði haframéli og hrisgrjónum útá ketsúpuna“. Sjá einnig *útákast*.
- Kasta vatni / Kasta af sér vatni** (orðtök) Míga; pissa; spræna. „Afa fannst algjör óþarfi að nota klósett þó þyrfti að kasta af sér vatni. Sjálfsgaðara væri að gera það utan við húshornið og líta til veðurs í leiðinni“.
- Kastarola** (n, kvk) Litill skaftpottur. Litlir pottar, höldulausir en með skafti, voru aldrei nefndir annað en kastarholur áður fyrr þeir voru t.d. notaðir til að sjóða kartöflur og bræða í þeim feiti eða flot. Sumsstaðar sést orðið ritað „kastarhola“. H heyrðist ekki í framburði Kollsvíkings og á engan rétt á sér; enda ekki í hinum franska stofni; „casserole“.

- Kasta/varpa/leggja fyrir róða** *Leggja af; láta lönd og leið*; vera ekki lengur bundinn af. „Ég held að maður kasti nú allri kurteisi fyrir róða þegar maður mætir svona fordómum“!
- Kasta í féð/skepnurnar** (orðtak) Gæluorð um það að gefa búfænaði fóður/ *gefa á garðann*. „Ég ætla að röla norður á Mel og kasta í féð“.
- Kasta perlum fyrir svín** (orðtak) Gera eitthvað óþarflega vel/vandað fyrir þann sem ekki kann að meta það. „Það er reynsla flestra íslenskra hugvitsmanna að það sé líkt og að kasta perlum fyrir svín að reyna að koma gagnlegri hugmynd á framfæri við íslenska ráðamenn. Þeir hafa alltaf verið ginnkeyptari fyrir því sem kemur frá útlöndum en gagnlegum hugmyndum eigin þegna“.
- Kasta/varpa ryki í augun á** (orðtak) Blekkja; fara með rangt mál; snúa útúr. „Honum tekst ekki að kasta ryki í augun á mér með þessu bölvuðu bulli“!
- Kasta rýrð á** (orðtak) *Gera lítið úr*; niðurlægja. „Ég held að ekki sé rýrð á neinn kastað þó fullyrt sé að hann hafi verið helsti baráttumaður fyrir hagsmunum sinnar sveitar meðan hann gegndi hreppsnefndar- og oddvitastörfum.“
- Kasta sér** (orðtak) Leggjast til hvíldar; fá sér lú. „Ætli maður kasti sér ekki í smástund eftir matinn“.
- Kasta skugga á** (orðtak) A. Skyggja á. „Breiðsbrúin kastaði skugga á ytri bakka Litlvatnsins“. B. Líkingamál; stórmál yfirskyggir minniháttar mál; áberandi persóna gerir hinn hægláta lítt sýnilegan.
- Kasta til þess höndunum** (orðtak) Vanda ekki til verks; vera óvandvirkur. „Asskoti er þetta listilega skorinn askur; sú hefur ekki kastað til þess höndunum“!
- Kasta tólfunum** (orðtak) Keyrir úr hófi; *keyrir um þverbak*; gengur framaf mér. „Þeir geta verið ansvíti hávaðasamir tveir, en þá kastar fyrst tólfunum þegar þriðji bróðirinn bætist í hópinn“! Líking við teningaspil þar sem hæsti möguleiki kemur upp; tvöfalt sex.
- Kasta tölu á** (orðtak) Telja. „Kastaðu tölu á féð í norðasta karminum; mér finnst að eitthvað vanti“.
- Kasta úr** (orðtak) A. Um hey; *breiða*; dreifa úr. „Við skulum kasta úr göltunum og leyfa heyinu að taka sig áður en það er *hirt*“. „Það þarf að kasta úr þykkuðu gördunum svo heytætlan ráði við þá“. B. Um snjóskafli; moka; ryðja. „Ég þurfti aðeins að kasta úr í Hæðarendanum“.
- Kasta út mörsiðrinu** (orðtak) Sjá *kasta mörsiðrinu*.
- Kastalaró** (n, kvk) Skrífuð ró með tindum á öðrum jaðri, til að unnt sé að splitta hana fasta á boltann, svo hún hreyfist ekki í gengjunum. Slíkar rær viku mjög fyrir „sjálfspiltuðum róm“, með plaststoppara.
- Kastast** (s) Um bauju/ból eða *fyrirsát* á línu/neti; reka; færast til. „Það borgar sig ekki að hafa of langt í *skerinu* á svona grunnu *vatni*; það bara kastast einhvern *óraveg* og getur flækst í næstu *ból*“.
- Kastast á glensi/gamanyrðum/vísunum/stökum** (orðtök) Skiptast á glensi/gamanyrðum/vísunum/stökum. „Spurt var almæltra tíðinda, kastast á glensi og gamanmálum og sumir huguðu að afrakstri sumarsins...“ (PG; Veðmálið).
- Kastast/skiptast á orðum** (orðtak) Eiga samtal; talast við. „Við köstuðumst á nokkrum orðum áður en hver hélt í sína áttina“. „Ég læt það alveg vera að skiptast á orðum við þann kauða“!
- Kastast í kekki með (einhverjum)** (orðtak) Einhverjum *sinnast*; einhverjir verða ósáttir. „Það kastaðist í kekki með þeim á fundinum, en þeir náðu að jafna þann ágreining“. Vísar líklega til þess að menn verði svo ósáttir að þeir grýti því hvor að öðrum sem hendi er næst, t.d. moldarkögglum eða skít. Langsóttara er að hér sé átt við grautargerð.
- Kastblökk** (n, kvk) Opnanleg/opin blökk/trissa, þannig að á hana megi bregða vír/taug með hægu móti.
- Kastdreifari** (n, kk) Áburðardreifari til að dreifa tilbúnum áburði á tín, þannig gerður að hann kastar frá sér áburðinum með snúningsskífu eða öðru móti. *Sálddreifari*, aftur á móti, dreifir með því að sáldra áburðinum niður um rifur/göt í botninum.
- Kastfimi** (n, kvk) Leikni í því að kasta langt og/eða með nákvæmni. „Í Kollsvíkurveri kepptu menn í kastfimi, t.d. með því að kasta kúskeljum í gafl Salthússins“.
- Kastgrjót** (n, hk) Grjót af þeirri stærð að því megi kasta til með annarri hendi. „Garðarnir eru tvíhlaðnir úr lábörðu hleðslugrjóti, og með kjarna úr kastgrjóti“.
- Kasthviða** (n, kvk) *Kastvindur; skellibylur*. Stök, hvöss vindhviða, t.d. niður úr dölum og víkum. Getur verið skeinuhætt.
- Kastvindur** (n, kk) *Kasthviða; skellibylur*. Stök vindhviða í hægara veðri. „Þó stillt sé undir Bjarginu í stífum norðanvindi getur iðulega komið öflugur kastvindur niður úr dölunum“.
- Kasúldna** (s) Verða mjög úldinn/ dragúldinn. „Nú er fiskslógið farið að kasúldna þarna í fótunni“.

Kasúldinn (l) Mjög úldinn; *dragúldinn*. „Hér hefur lent fiskur á bak við kassann; og orðinn kasúldinn“.

Katólska (n, kvk) Kaþólsk trú. Undantekningarlaust báru gamlir Kollsvíkingar orðið fram hart; með t en ekki þ og notaði t.d. G.G. Láganúpi ekki annað. „Saggt er að hebbdi verið þar kirkjugardur í katólskri tíð“.

Kattarafmán / Kattargrey / Kattarhró / Kattarkvikindi / Kattarlúra / Kattaróbermi / Kattaróhræsi / Kattarómynd / Kattaróræsti / Kattaróvæni / Kattarræfill / Kattarskarn / Kattarskinn (n, hk) Gæluorð um kött. Orðið *óvæni*, eða *óvæmi*, er gamalt í málinu en sennilega ekki notað utan Kollsvíkur og þá í þessari samsetningu.

Kattarhland (n, hk) Þvag úr ketti. „Komdu árans kettinum úr hlöðunni; ég kæri mig ekkert um að fá kattahland í heyið“!

Kattarfjandi (n, kk) Skammaryrði um kött. „Er nú kattarfjandinn búinn að drepa máriuerluna sem varp í mókofatóttinni“?!

Kattarhola (n, kvk) Hola sem köttur fer um. Kattarholur eru til á a.m.k. þremur stöðum sem örnefni í Rauðasandshreppi. „Kattarhola nefnist hola í hlein rétt utanvið Þyrsklingahrygg, norðantil í Blakknesi. Á köttur að hafa farið þar inn og komið út á Kattarholuvegi í Keflavík“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur). „Neðst, undir miðju klettabelti Lambabrekku, er hola er Kattarhola nefnist. Á hún að liggja þvert í gegnum hálsinn og koma út í Gissurstúnunum í Kvígindisdalsbotningum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Kattarklór (n, hk) A. Klór/sár eftir kött. „Berðu júgursmyrs! á þetta kattaklór og hættu svo að atast í kettlingnum“! B. Slæm/illlæsileg skrift. „Skelfing er erfitt að skilja kattarklórið hjá karlinum“!

Kattarplatur (n, hk) Matarskál kattar. „Settu fiskruslið í kattarplatrið. Ekki veitir henni af; *óvæninu atarna*“.

Kattarþvottur (n, kk) A. Bókstafl. merking. B. Slæmur þvottur handa/andlits. C. Lélegar afsakanir.

Kattliðugur (l) Liðugur eins og köttur. „Hann er kattliðugur og vel fær í klettum“. Sjá *köttliðugur*.

Kattugla (n, kvk) Asio flammeus; brandugla. Algengasta uglutegund á Íslandi er almennt nefnd brandugla í dag, en var þekktari sem kattugla vestra. Hún mun hafa sést í Kollsvík á árum áður.

Kattþrifinn (l) Mjög þrifinn; heldur sér hreinum. „Hann er kattþrifinn; hvað sem öðru líður“.

Kauðaháttur (n, kk) Búraháttur; sérviska; illgirni. „Mér finnst þetta bölváður kauðaháttur af karlinum“.

Kauðalega / Kauðslega (ao) A. Klaufalega; illa. „Mér fannst kauðalega farið að hlutunum“. B. Af óbilgirni/illgirni/meinsemi. „Hann kom kauðslega fram við blessaða konuna“.

Kauðalegur / Kauðslegur (l) A. Búralega/hallærislega klæddur. „Ósköp er karlinn alltaf kauðalegur til fara“. B. Illgjarn; kvikindislegur. „Mér finnst þetta bara kauðsleg framkoma“!

Kauði (n, kk) Náungi; kumpáni. „Mýlir hann svo kauða, og leggur með hann af stað upp Hænuvíkurháls“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Kauðsháttur (n, kk) Illgirni; undirferli; mannvonska. „Mörgum fannst þetta kauðsháttur af honum“.

Kauðskur (l) Leiðinlegur; óþverralegur. „Hann var bara kauðskur að segja þetta við hana“. Einnig notað *kauðalegur* í sömu merkingu. *Kauði* var notað um fremur leiðinlega menn.

Kauli (n, kk) Litill nautkálfur; auli. „Til að kenna kaulanum að drekka úr fötu er best að láta hann sjúga finger sem haldið er niðri í mjólkinni, en hún þarf að vera volg“.

Kaun (n, hk, fto) Sár; meiðsli; ígerð. „Ég fékk einhver kaun á handlegginn, en er óbrotinn“.

Kaunaður (l) Slasaður; meiddur. „Eftir slagsmálin voru báðir meira og minna kaunaðir; þó ekki alvarlega“.

Kaunast (s) Meiðast; slasast. „Það sleppur enginn frá svona falli án þess að kaunast verulega, ef hann þá sleppur við örkuml eða bana“.

Kaup kaups (orðtak) Skipti á sléttu; gagnkvæm kaup; frágengin verslun. „Við skulum þá láta það heita kaup kaups ef þú ert sáttur við það; hrútslánið í vetur og mína vinnu núna“.

Kaup/selja (eitthvað) dýrum dómum (orðtak) Kaupa/selja á háu verði. „Rikið stal veiðiréttinum af hinum fornu sjávarjörðum; þannig að nú þurfa jarðeigindur að kaupa kvótann dýrum dómum ef þeir vilja draga titt úr sjó“! Vísar til þess þegar verð er ákveðið með úrskurði/dómum.

Kaup köttinn í seknum (orðtak) Fá í kaupum annað og lakara en maður ætlar.

Kaupafólk / Kaupahjú/ Kaupakoma / Kaupamaður Vinnufólk til sveita fyrr á tímum. Í dag er fremur talað um vinnufólk, sumarfólk eða launamenn. Sjá einnig *farðagar*.

Kaupahéðinn (n, kk) Niðrandi orð yfir fjárfesti/auðmann/ þann sem kaupir verðmæta eign.

Kaupamenska / Kaupavinna (n, kvk) Starf *kaupafólks/kaupakonu/kaupamanns*.

Kaupavinna (n, kvk) Vinna gegn launum. Yfirleitt þá átt við tímabundna vinnu, líkt og sumarvinnu vinnufólks á sveitabæjum áður fyrr. „Næsta vetur var ég í Vatnsdal hjá Ólafi Thoroddsen, en næsta vor var ég við róðra og síðan sumarið í kaupavinnu á Hnjóti hjá Ólafi Magnússyni móðurbróður mínum“ (IG; Æskuminningar).

Kaupeyrir (n, kk) Hvaðeina verðmæti sem unnt er að versla með/ selja; verslunarvarningur; peningar.

Kaupfélag (n, hk) Félag sem menn stofna með sér til að ná hagkvæmum kjörum á innkaupum nauðsynjavara og sölu afurða. Mörg kaupfélög voru stofnuð á Íslandi á seinni hluta 19. aldar og fyrri helmingi 20. aldar, og svo var einnig í Rauðasandshreppi. Hið fyrsta var Pöntunarfélag Rauðasandshrepps, sem stofnað var í Saurbæ veturinn 1907-1908, en hafði aðsetur á Patreksfirði. Það starfaði til 1923. Í kjölfar þess var stofnað Pöntunarfélag Patreks árið 1925; einnig með rekstur á Patreksfirði, en nefndist síðar Kaupfélag Rauðsendinga og starfaði til 1934. Sláturfélagið Örlygur var stofnað 1931; upphaflega til að reka sláturhús á Gjögurum fyrir Kaupfélag Rauðsendinga. Einnig rak það sölubúðir á Gjögurum, og um tíma í Hænuvík. Að því stóðu einkum Útvíknamenn; Bæjafólk og Hafnarmenn. Eftir lok þess síðarnefnda starfaði Sláturfélagið Örlygur sem öflugt kaupfélag um langa hríð. Kaupfélag Rauðasands var stofnað 1933, og stóðu að því bændur á Rauðasandi og innbæjum Patreksfjarðar. Það rak sláturhús og verslun á Hvalskeri, en var lagt niður 1975. Sláturfélagið Örlygur gekk inn í sameiningu kaupfélaga á svæðinu í Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga árið 1983, og það rak verslun í Örlygshöfn til 1986, en þá lauk sögu kaupfélaga í Rauðasandshreppi. Kaupfélögin voru í ýmsum skilningi þungamiðja samfélagsins meðan þeirra naut við, og veittu byggðinni verulegan stuðning. Þau stunduðu fjölbreyttan verslunarrekstur með mestallan þann varning sem félagsmenn þurftu; á vegum þeirra voru starfrækt öflug sláturhús þar sem bændur slátruðu sínu búfé og lögðu andvirðið oftast inn til kaupa á nauðsynjum; þau keyptu verkaðan fisk félagsmanna, meðan róið var úr verum, og þau ráku jafnvel töluverða bankastarfsemi í fomi innlánsdeilda. Margt í ytri aðstæðum varð þessum sveitakaupfélögum mótdrægt á síðari hluta 20. aldar, auk þess sem hugsjónin dofnaði sem þau byggðu á. Byggð í Rauðasandshreppi komst á fallanda fót um leið og kaupfélögin liðu undir lok, þó deila megi um samhengið þar á milli.

Kaupfélagsfyrirkomulag (n, hk) Kaupfélagsrekstur. „En 1936 breytti Sláturfélagið Örlygur starfsemi sinni og gerðist neytendafélag með kaupfélagsfyrirkomulagi“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Kaupfox (n, hk) Svik í kaupum. Orðið heyrðist ekki mikið í Kollsvík en var þekkt eins og fleira í lögum. „Nú á sá kaup að hafa er fyrri keypti, ef honum fullnast vitni að skiladómi, og er þeim kaupfox er síðar keypti“ (Jónsbók). Til er máltækið; „þeim er kaupfox er síðar keypti“, þ.e. kaup öðru sinni eru ógild kaup og sá ber skaðann sem keypti í síðara sinnið.

Kaupin gerast á eyrinni (orðtak) Um framvindu mála/viðskipta. Hluti í öðrum orðasamböndum. „Þetta fer allt eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni“. „Hann gæti stórrætt á þessu ef kaupin gerast þannig á eyrinni“. Vísar til þess tíma þegar kaupmenn versluðu á fáeinum stöðum, oftast á eyrum s.s. Vatneyri. Þangað fóru bændur með afurðir sínar og síðan upphófst oft þjark um mat og verðlag vörunnar.

Kauplaust (l) Án kaups/launa. „Áður fyrr þótti sjálfsagt til sveita að hjálpast að með allar meiriháttar framkvæmdir, s.s. húsbyggingar. Fóru menn þá frá verkum á búi sínu og unnu kauplaust hjá sveitunga sínum eða að samfélagsverkefni. Um þetta ríkti *þegjandi* og aldagamalt *samkomulag*; allt til þjóðfélagsbyltingarinnar miklu á síðari hluta 20. aldar, þegar menn hófu að meta alla hluti í peningum“.

Kaupmannaokur (n, hk) Ósanngjarnir viðskiptahættir kaupmanna. „Framsýnir menn í hreppnum sáu að nú var röðin komin að þeim að gangast fyrir samvinnuverslun; þrátt fyrir að enginn mun hafa talið að hér ríkti kaupmannaokur“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Kaupmannsreikningur (n, kk) Reikningshald viðskiptamanns hjá kaupmanni. „Ábúandi á Láganúpi er Halldór Jónsson. Landskuld hans er 6 vættir. Betalast í kaupmannsreikning so mikið sem verður, hitt í gildum landaurum“ (ÁM/PV Jarðabók).

Kaupmáli (n, kk) Samningur sem hjón gera með sér um eignarhald og fjármál.

Kaupskapur (n, kk) Verslun; viðskipti. „Líklegt er að Englendingar hafi átt verulegan kaupskap við Útvíknafólk meðan skútuútgærð þeirra stóð með mestum blóma hér við land“.

Kaupstaðarferð / **Kaupstaðarleiðangur** (n, kvk/kk) Eyrarferð; ferð í kaupstað. „Fönix var aðallega notaður sem hákarlaskip, en einnig sem skreiðarskip og flutningaskip í kaupstaðarferðum“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Á sumrin voru kaupstaðarferðir eingöngu farnar á sjó“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Ætli maður verði ekki að fara í kaupstaðarleiðangur til að nálgast þetta, þó ég hafi engan tíma til þess“.

Kaupstaðarlykt (n, kvk) Vínlykt af manni. „Ég er ekki frá því að það hafi verið kaupstaðarlykt af honum“.

Kaupstaðarnef (n, hk) Áberandi rautt nef. Nafngiftin vísar til þess að vínhvneigðir menn héldu sig gjarnan nærri vintunnum kaupmanna, en ein afleiðing drykkjuskapar er rauðleitt nef. Nokkuð notað í líkingum: „Skolli ertu kominn með myndarlegt kaupstaðarnef strákur; er þér kalt“?

Kaupstaður / Kaupþún (n, kk/hk) kaupstaður er þéttbýlisstaður sem er sérstakt sveitarfélag en getur þó ekki talist bær. Kaupstaðir á Íslandi hafa ýmist þróast nálægt góðum höfnum, þar sem fyrrum var aðsetur erlendra kaupmanna og síðar mikill sjávarútvegur, eða þar sem þjónusta hefur orðið til vegna góðrar staðsetningar gagnvart fjölmönnum landbúnaðarsvæðum. Ekki hafa þó allir slíkir þéttbýlisstaðir fengið kaupstaðarréttindi; t.d. er enginn kaupstaður í Barðastrandasýslum. Þar eru þrjú kaupþún; Eyrar, sem í daglegu tali eru nefndar Patreksfjörður; Sveinseyri, sem í daglegu tali er nefnd Tálknafjörður og Bíldudalur.

Kaupstefna / Kaupþíð (n, kvk) Markaður sem til forna var haldinn á löghelguðum og friðlýstum verslunarstað á fyrirfrumum ákveðnum árstímum; kaupþíð. Kaupþíð féll oft að tímasetningum þinga og blóta. Kaupstefnur á Íslandi voru einatt tengdar komu erlendra verslunarskipa og einkum voru þar stunduð vöruskipti. Á þjóðveldisöld var landinu skipt í verslunarhéruð. Þrír tilkvaddir verðlagsstjórar skyldu stja hámarksverð á varning áður en tvær vikur væru liðnar frá komu kaupskips. Þeir sem sóttu kaupstefnur skyldu njóta vatns og hagagöngu á kaupstefnustað í þrjár nætur samfleytt. Þingfaraarkaupsbændur voru skyldir til að fara til skipdráttar, væri eftir því leitað. Aðalkaupstefnur voru í júní, settar með formála og friðlýsingu. Friðhelgun kaupstefnustaða féll niður á síðari hluta 18. Aldar, þegar kaupstaðir urðu til.

Kavíar (n, kk) Hrogn. Upphaflega náði orðið einungis yfir styrjuhrogn, en þau voru eftirsótt og dýr matvara. Síðar var farið að nota *grásleppuhrogn* sem staðgengil þeirra, undir sama heiti, og hófst mikil veiði grásleppu m.a. í Rauðasandshreppi, þar sem einungis hrognin voru hirt (sjá *hrognkelsi*). Orðið er nú notað um ýmsar gerðir hroгна sem verkuð eru til matar; m.a. þorskurogn.

Kapólskari en páfínn (orðtak) Um þann sem er mjög róttækur/strangtrúaður í sínum skoðunum eða framfylgir reglum/ kennisetningum af hörku/ út í æsar. „Hann hefur alltaf verið kapólskari en páfínn í þessum efnunum“.

Kapólskur (l) Sem aðhyllist kapólskan sið í kristindómi. Allt frá landnámi og kristnitöku til siðaskipta uppúr 1550 ríkti kapólsk trú á Íslandi. Bænhús voru þá allvíða í Rauðasandshreppi, og hálfkirkja með grefrun var í Kollsvík, sem þá mun hafa heitið Kirkjuból um tíma.

Ká úr (orðtak) Breiða hey til þurks; einkanlega að breiða betur út hey þar sem þykkt er á, t.d. þegar breitt hefur verið úr göltum. „Ég skal kasta úr galtnum ef þú kemur með hrifuna og káir úr“.

Káeta (n, kvk) A. Vistarvera skipverja á skipi; hásetaklefi. Komið úr dönsku; kahytt. B. Lokað skýli fremst í litlum bát, þar sem er geymsla fyrir ýmsan búnað bátsins og nesti áhafnarinnar. „Handlangaðu nú nestispokann; hann er frammi í káetu“.

Káf (n, hk) A. Þukl; þreifingar. „Hún sagði að karlinn væri alltaf sl'mur með þetta káf utaní ókunnugu kvenfólki þegar hann væri kominn í kippinn“. B. Illa unnið verk; *handabakavinnubrögð*. „Skelfingar káf er nú þetta; hafa þessir menn aldrei unnið ærlegt handtak“?!

Káfa (s) Snerta; þukla; handfara. „Vertu nú ekki að káfa á þvottinum með skítugum höndunum“!

Káfa uppá (orðtak) Um málefni; koma illa við mann; snerta á slæman hátt; koma sér illa. „Mér finnst þetta *lúaleg* aðferð hjá þessum stjórnvöldum, þó það káfi svosem ekkert uppá okkur hér“.

Kák (n, hk) Flaustursleg/óvönduð vinna; *handabakavinnubrögð*; *káf*. „Mér sýndit þetta bara vera óttalegt kák hjá þeim“.

Káka við (orðtak) Flaustra við; kasta til höndunum; koma lítillaga að. „Aðeins hef ég verið að káka við þetta orðasafn, í þeirri veiku von að með því megi varðveita lítið brot af menningararfleifð Kollsvíkinga“.

Kál (n, hk) A. Sértek merking; það kál sem ræktað er til matar, yfirleitt helst átt við hvítkál, en einnig grænkál, blómkál og salat. „Ég er með kál í þessu beði“. Kál af rófum var oft gefið kúm. B. Almenn merking; blöðkumikil planta, yfirleitt helst átt við hvönn sem vex þétt í brattlendi, eða skarvakál. „Stígurinn er illfær að sumarlagi, þegar kálið er fullspröttið“.

Kálbeði (n, hk) Beð/garðhluti þar sem kál er ræktað. „Settu vel af taði í kálbeðið“.

Kálbrúskur / Kálhnúskur (n, kk) Hnúskur/brúskur/planta af skarvakáli. „Það er lítið hald í kálbrúskinum“. „Gættu þín að detta ekki um staksteina eða kálhnúska í hillunni“.

Kálfabeit (n, kvk) Bithagi fyrir kálfa. „Það er ágæt kálfabeit þarna í kringum seilarnar“.

Kálfabland / Kálfamjólk (n, hk/kvk) Mjólk blönduð undanrennu, vatni, fóðurmjóli eða öðru, og gefið kálfum.

Kálfabytta / Kálfadallur / Kálfafata / Kálfaspanda (n, kk/kvk) Ílát sem kálfum er gefin mjólk í, eða annað kálfafóður. „Jafnaðu þessum sopa í kálfadallana“. „Hvar er nú blessuð kálfaspandan“?

Kálfagarði / Kálfakarmur (n, kk) Karmur/garði í fjárhúsi/fjósi þar sem kálfar eru hafðir. „Það þyrfti að laga grindurnar í kálfagarðanum“. Hluta fjárhússins á Láganúpi var breytt í fjós og kálfagarða.

Kálfagerði (n, hk) Hólf/girðing sem kálfar eru geymdir í, án þess að þar sé mikil beit. „Hilmar kom upp kálfagerði framan við fjósið á Láganúpi þegar hann tók við búskap“.

Kálfagirðing / Kálfahólf (n, kvk/hk) Girðing/girðingarhólf sem kálfar eru hafðir í. „Ég ætla að fara með hey í kálfagirðinguna“.

Kálfahersing / Kálfahópur / Kálfaskari / Kálfastöð / Kálfastrolla (n, kvk/kk) Hópur af kálfum Ungnaut og kvígur voru gjarnan höfð í girðingu eða vel sprottnum úthaga, og héldu sig oft saman í hóp. Var illa séð ef hópurinn komst inn á ræktuð og óslegin tún. „Nú hefur hliðið á Júllamelnum verið skilið eftir opið, og kálfastrollan er vaðandi um alla Grásteinssléttuna! *Bregðið* nú *undir* ykkur *betri fætinum* strákar“! „Eftir að mjólkursala hófst, fjölgaði mjög í kálfastóðinu“.

Kálfaket (n, hk) Kálfakjöt; ket af kálfum. „Kálfaket er herramannsmatur, ef rétt er eldað“.

Kálfkvikindi / Kálfóbermi / Kálfpevi / Kálfpusi / Kálfskuddi / Kálfötur (í fleirtölukálfkvikindi) (n, hk) Gæluorð um kálf/kálfa. „Gleymdu nú ekki að gefa kálfkvikindinu dálítinn sopa“. „Kálfkvikindin þurfa að hafa eitthvað afdrep, ef gerir slæm veður“. „Vertu nú ekki með kálfpusann hérna uppi á stéttinni“.

Kálfaskol / Kálfaskólþ (n, hk) A. Eiginleg merking; vatnsblönduð mjólk sem kálfum er gefin þegar þeir er farnir að nærast eitthvað af grasi/heyi. B. Niðrandi heiti sumra á mjólkurbönduðu kaffi (því sem einhverjir nefna „latte“). „Þú þarft ekki að koma með mjólk fyrir mig. Eg drekk bara kaffi en ekki neitt kálfaskólþ“!

Kálfaslátrun (n, kvk) Slátrun kálfa. Á seinni tímum hefur tíðkast að ala kálfa upp í nær tveggja ára aldur *til frálags* í *ungnautaket*, og á orðið við tímann sem sláturtíð þeirra stendur. Fyrrum var kálfum of slátrað yngri.

Kálfastía (n, kvk) Stía í *skepnuhúsi* sem kálfar eru hafðir í.

Kálffull (l) Um kú; með óbornum kálfi. „Gott er að setja moð eða hálm undir bása hjá kálffullum kúm“. Oftar var þó sagt að kúr væri *með kálfi* en að hún væri kálffull.

Kálflaus (l) Um kú; án kálfs; án fangs. „Það verður að tala aftur við þennan *töskubola*; ekki er hægt að hafa kúna kálflosa þó hún hafi *gengið upp*“.

Kálfskinn (n, hk) Skinn af kálfi, m.a. notað í *skinnklæði*. „Í hverja brók þurfti fjögur skinn; eitt í setskauta, helst kálfskinn; eitt í hvora brókarskál og eitt í ofanásetur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Kálgarðshleðsla (n, kvk) A. Hleðsla grjótgarðs kringum kálgarð. B. Hlaðinn garður kringum kálgarð. „Miklar kálgarðshleðslur Kristjáns Ásbjörnssonar má enn sjá við Garðana á Grundabökkum“.

Kálgarður / Kálgarðshola (n, kk/kvk) Matjurtagarður; kartöflugarður.

Kálhaus / Kálhöfuð (n, kk/hk) A. Bókstafleg merking; haus/knúppur á hvítkáli/blómkáli/grænkáli o.fl. B. Líkingamál um heimskan mann/ hálfvita.

Kálhilla (n, kvk) Hilla/gangur í klettum, þar sem mikið vex af skarfakáli. „Til að komast yfir á höfðann þurftum við að fara um nokkuð langa kálhillu“.

Kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið (orðatiltæki) Málinu/viðfangsefninu er ekki að fullu lokið; enn er málið ekki að fullu í höfn. Vísar líklega til þess að erfitt getur reynst að veiða kálblað uppúr potti.

Kálmeti (n, hk) Kál sem haft er til matar. „Fullorðnir svartbakar þóttu ekki mannamat... Kál var notað í kjötsúpur og soðið. Karlar gamlir töldu þetta ekki vera mannamat; vildu heldur éta gras. Það var erfitt að kenna þeim það“. Össur maður Sigríðar vandist ekki við að éta svona kálmeti, því það var lítið *gert af* því í Víkunum“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Kálsúpa (n, kvk) Súpa með miklu káli, en gjarnan einnig einhverju öðru, oftast keti.

Kám (n, hk) Klistur; at; óhreinkun. „Kollsvíkurættin er mikilmetin bók; ekki síður þó á henni sjáist nokkuð kám og tóbaksslettur“.

Káma / Káma á (s/orðtak) Klístra; óhreinka. „Passaðu þig að káma ekki á bókinni með skitugum höndum“.

Kámugur (l) Skitugur; óhreinn; ataður kámi. „Skelfing ertu nú kámugur í framan; farðu og *skólpaðu af* þér“!

Kápa (n, kvk) A. Síð yfirhöfn kvenna. B. Laust blað sem haft er utanum bók til hlífðar. C. Lúduflak.

Kápa (s) Einn margra hluta lúðu og aðferðin við hlutun hans: „Litlar lúður voru stöku sinnum kápaðar, en þá var tekið af þeim eitt flak hvorumegin. Þessi flök voru nefnd kápur eða kápuflök. Fyrst var sporðurinn skorinn frá, en síðan var rist fyrir hnakkabelti aftanfrá og framúr; því næst var farið eins með kviðbeltið. Að því búnu var gerður skurður frá hnakka, undir eyrugga og framundir kviðugga. Loks var skorið langt bandhald framundir kápumön. Að síðustu var flakið rist af ... Sá hluti kápunnar sem fylgdi höfuðkinninni hét stakkur“ (LK; Ísl.sjávarhættir

Káþótt (l) Litur á sauðfé: Dökkt að framan og aftur fyrir bóga en ljóst aftan og um fætur.

Kári (n, kk) A. Mannsnafn B. Gæluorð um vind. „Eitthvað er kári að *hreyfa upp á sér* þessa stundina“.

Kárínur (n, kvk, fto) Ávítur; skammir. „Ég er þá ekkert að aðstoða þig við smalamennskur ef ég hef ekkert nema kárínurnar uppúr því“!

Kárna gamanið (orðtak) Staðan að verða ískyggilegri; versna útlitið. „En svo fór að kárna gamanið þegar eggjatöku var lokið á Vellinum; þá hafði sjó aukði það mikið að ekki var viðlit að leggja við hleinina“.

Kássa (n, kvk) A. Stappa; grautur af keti. „Ketíð er að verða soðið í kássu“. „Öllum afgangum var hent í eina kássu, sem síðan var gefin hundi og hænsnum“. B. Þrengsli. „Fólkið sat þarna í hálfgerðri kássu“.

Kássufúinn (l) Grautfúinn; mjög *feyskinn*. „Grindasláin er orðin kássufúin og handónýt“.

Kátbroslegt (l) Broslegt; fyndið; skemmtilegt. „Mér fannst þetta dálítið kátbroslegt alltsaman“.

Kátína (n, kvk) Fjör; gleði; gáski. „Karlínn ætlaði að rifna af kátínu þegar lúðan var kominn um borð“.

Kátlega (ao) Skringilega; kjánalega; broslega. „Ég játa að þetta lítur dálítið kátlega út“.

Kátlegheit (n, hk, fto) Furðuleg/brosleg uppákoma; kjánalæti; *undarlegheit*. „Ég kann enga skýringu á þessum kátlegheitum í karlinum, en hann verður að fá að hafa sína sérvisku fyrir sig“.

Kátlegt (l) Furðulegt; skringilegt; broslegt; hlægilegt. „Mér fannst dálítið kátlegt hvernig hann tók þessu“.

Kátt er oft í koti þá karl er ekki heima (orðatiltæki) Þegar húsbóndi bregður sér af bæ getur vinnufólk e.t.v. tekið lífinu léttar, eða húsdýrin leikið lausum hala.

Keðja (s) Setja snjókeðjur á bíl/traktor. „Ætli það sé ekki vissara að keðja áður en lagt er af stað“?

Keðjufæriband (n, hk) Færiband sem drifið er af einni eða fleiri keðjum. „Makkormikk-skítadreifarinn vann að mörgu leyti ágætlega, en var klettþungur í meðförum og keðjufæribandið bilanagjant“.

Keðjureykingamaður (n, kk) Maður sem keðjureykir/ reykir hverja sigarettuna á fætur annarri. „Það þýðir nú lítið að hafa einhverja síhóstandi og úthaldslausa keðjureykingamenn í svona smalamennskur“!

Keðjuslóði (n, kk) Slóði/slóðadragi til að erja skít niður í jörðina til ræktunar, gerður úr gaddakeðjum sem festar eru saman í nokkurra fermetra net með slá á fremri kanti og dregnar af traktor.

Keðjusög (n, kvk) Sög til að saga stórvið. „Keðjusögin tók við af langviðarsöginni, og var nokkuð fljótvirkari. En hún hefur þá galla að erfitt er að saga beina línu án stýringa, og einnig fer töluvert til spillis af viðnum“.

Kefi / Kefaræði (n, kk/hk) Ein tegund ræðis á árabátum (ræði er liðamótin sem árin leikur í á borðstokknum). Nútíma kefi er gaffall sem árin leggst niðuri, en hann leikur í pinna sem stingst niður í borðstokkinn, eða í festingu innan á honum. Kefaræði var líklega aldrei notað á árabátum fyrri tíðar í Kollsvík, en er núna notað á litlum plast- og gúmmibátum. Kefaræði var á fyrri tímum útbúið þannig að árin lék laus á borðstokknum, en þegar áratog var tekið nam hún við kefa/kefaklossa, sem var klossi eða horn á borðstokknum. *Hömluband/hamla* kom í veg fyrir að hún drægist of langt í hina áttina í framslaginu.

Keflahlunnur (n, kk) *Rúlluhlunnur; hlunnur* til að setja báta, með járnkefli á tréramma. Uppfinning Ásgeirs Erlendssonar á Hvallátrum. „Fljótlega eftir að við Þórður fengum Kóp (1932) fór ég að velta því fyrir mér á hvern hátt mætti gera setninginn úr sjá og á auðveldari. Upp úr þessum vangaveltum smíðaði ég keflahlunna úr járn og eik. Þeir reyndust vel, en entust ekki eins og skyldi, svo ég fór þá með teikningu af þeim í vélsmiðjuna Héðin, og brugðust þeir vel við og smíðuðu sterka og vandaða hlunna sem leystu *hvalbeinshlunnana* alveg af hólmi. Ekki varð ég þó ríkur af þessari uppfinningu, enda ekki til þess gert“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Kefla (s) Binda *kefli/lambakefli* í munn unglamba.

Kefli (n, hk) A. Sívöl spýta; grannur trjádrumbur. B. Hvaðeina sívalt stykki sem undið er uppá garn/snæri/vír o.þ.h. sbr tvinnakefli. C. *Lambakefli*; sívöl spýta sem tálguð er þannig að hún falli í munn lamba og er fest með bandi afturfyrir hnakka. Endarnir standa útfyrir og eru yddir, þannig að þegar lambið reynir að sjúga móðurina veldur það sársauka. Keflin voru stundum notuð við fráfarur; þ.e. þegar ærnar voru mjólkaðar, til að lömbin sygju ekki alla mjólkina. Segir svo í Jarðabókinni: „Afréttir hafa Patríxfríðingar engar, heldur kefla lömbin með (ánum)“. Eitthvað munu slíkar keflanir hafa verið stundaðar í Kollsvík áður fyrri, og tálgaði Guðbjartur Guðbjartsson eitt slíkt kefli til sýnis á efri árum“.

Keifa (s) Trítla; ganga hratt, stuttum skrefum. „Þarna kemur hann keifandi utan af túni“.

Keikur (l) Hnarreistur; uppréttur. „Þú klæddur ert brynju úr köldu grjóti/ og keikur þú stendur þótt byljimir þjóti....“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG). „Oft ég var við Ána smeik/ ei þorði að leggja í hana,/ er fisk ég hugðist færa keik/ fólkinu á Rana“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Keila (n, kvk) A. Brosme brosme. Nytfafiskur á Íslandsmiðum og víðar, þó sjaldgæf á grunnmiðum Útvíkna. Keilan er í meðallagi löng, með sívalan bol; einn bakugga eftir endilöngu baki; einn langan raufarugga; lítinn og hringlaga sporð; með skeggþráð á neðri kjálkum; móleit að lit með rönd eftir bol; roðið þykkt og hreistur smátt. Lifir á 20-1000 m dýpi; fæða krabbadýr og önnur smákvikindi. B. Hlutur með ákveðna lögun; sívalningur með botni í annan enda en mjókkandi út í odd í hinum.

Keimur (n, kk) Bragð. „Mér finnst einhver slæmur keimur af þessu“.

Keimlíkur (l) Svipaður; frekar líkur. „Mér finnst þeir dálítið keimlíkir í háttum, frændurnir“.

Keipa (s) Skaka færi. „Þú mátt ekki gleyma að keipa drengur“! „*Svo má lengi keipa að einn fáist*“. „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Keipur / Keiparæði / Keipstokkur (n, kk/hk) Tolla; fast stykki í borðstokk sem ár á bát nemur við þegar róið er. Mismunandi er hvernig gengið er frá keipum. Í seinni tíð voru tollur í Kollsvíkurveri úr járn og gekk lykkja á árinni niður á þær. Tollan gekk niður í gegnum flatjárn á borðstokknum, sem nefnist keipstokkur, og ver borðstokkinn fyrir núningi árinna. Áður fyrr var keipurinn úr tré og við hann steytti árin þegar róið var. Henni var þá fest við keipin með hömlubandi, og „sat föst við sinn keip“. Illt var ef árin varð laus og „dróst úr hömlu“. „Ekki mátti samt slá flötu, svo að ég hafði árar á keipum til þess að reyna að halda bátum réttum fyrir báru ef vélin stoppaði“ (ÖG; Þokuróður).

Kekkjagrautur (n, kk) *Kekkjóttur* grautur; grautur með *kekki*jum.

Kekkjaskyr (n, hk) Kekkjótt skyr; illa hrært skyr, með grófari kekkijum en *gráðhestaskyr*. „Ekki líkaði mér kekkiaskyrnið hjá henni, en hveitikökurnar voru lygilega góðar“.

Kekkjóttur (l) Með kekkijum/þykkildum. „Grauturinn varð dálítið kekkióttur en er annars ágætur“.

Kekkur (n, kk) Þykkildi; ójafna (einkum í sósu/graut). „Árans kekki eru nú í sósunni“.

Kelda (n, kvk) Dý; forarseil. *Betri er krókur en kelda*. Hestkelda og Grænakelda eru drápsdý í Kollsvík. Í Kollsvík var orðið ekki notað um brunn eða uppsprettu, eins og fyrr mun víða hafa verið.

Keldusvín (n, hk) *Rallus aquaticus*; votlendisfugl af relluætt. Fuglinn virðist alveg hættur varpi á Íslandi á seinni árum, og hafði lengi verið mjög sjaldgæfur. Honum sást þó bregða fyrir í Kollsvík framundir 1970; helst á vappi í skurðum og sefi. Fullorðinn fugl er 23-28 cm langur; mjósleginn; brúnn að ofan en blágrár að neðan; svartyrjaður og með langar tær, stutt stél og rauðleitan gogg.

Kelfd (l) Um kýr; með kálfi; *höfnuð*. „Kýrnar eru allar kelfdar núna og tvær komnar í geldstöðu“.

Kella (n, kvk) Kerling (gæluorð). „Eftir um 3 vikur kom kella með 10 eða 11 unga“ (SG; Alifuglarækt).

Kelta (n, kvk) Fang; faðmur; skaut; ofaná lærum sitjandi manneskju. „Hún tók barnið í keltu sér og gaf því pelann“. Beygist kelta-kjöltu-kjöltu-kjöltu, og er af sömu rót og enska orðið child.

Keltar / Keltneska Þrátt fyrir miklar rannsóknir er enn margt óljóst um fornþjóðina Kelta, en á blómaskeiði hennar frá 700-100 f.Kr var hún útbreidd á svæðinu frá Svartahafi til Írlands. Rómverjar háðu mikil og mörg stríð við Kelta, sem þeir nefndu *barbara*, og nánast útrýmdu þeim á stórum svæðum, s.s. í Frakklandi. Keltar voru mikil akuryrkjuþjóð; ruddu brautina í notkun járn og sköpuðu einstaka listmuni. Um 50 e.Kr var Írland eini staðurinn þar sem keltnesk menning blómstraði enn, og hefur gert til þessa dags. Keltar á Írlandi tóku snemma upp kristna trú, eða um 400, en löguðu hana á margan hátt að keltneskum siðum. Frá Írlandi lögðu munkar í langar sjóferðir til landafunda og til að stunda sína trú í einrúmi. Slík var ferð munksins Brendans á skinnkúða sínum, og þannig komu papar líklega til Íslands. Á Írlandi er enn töluð gelíska, sem er í raun hin forna keltneska. Keltnesk tunga er einnig töluð nokkuð í Skotlandi, Wales og á Bretagneska.

Kemba (s) A. Hluti ullarvinnslu: *Ullarlagður* er settur á milli tveggja kamba, sem eru sérstaklega lagaðir spaðar með fjölda vírgadda. Kambarnir eru síðan dregnir á *misvíxl*, þannig að þræðirnir í lagðinum leggjast beinir og samsíða; tilbúnir í frekari vinnslu í lopa og band. „*Smolt* var líka notað í ull þegar verið var að kemba, til að mýkja hana. Yfirleitt var það samt *fótafeiti*. Þetta er svolítið svipað; storknaði ekki“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Þelið var síðan kembt og spunnið úr því. Á 18. öld var farið að nota nýja gerð kamba, sem kallaðir voru ullarkambar. Þeir voru með virtennur festar í skinn, sem neglt var á fjöl með áföstu skafti. Fínasta gerðin af þessum kömbum var kölluð þelkambar. Kembur voru ekki *lyppaðar* heldur spunnið beint úr þeim. Hægt var að spinna mjög fínan þráð úr þelinu. Sumar tóvinnukonur báru fótafeiti af soðnum sviðalöppum samn við þelið til að það kembdist betur og hægt væri að teygja það í finni þráð við spunann. Togið var kembt í gömlu togkömbunum. Það var dregið þannig úr kömbunum að toghárin lægju því sem næst öll langs eftir þræðinum. Dregna togið var vafið upp í hönk sem síðan var spunnið úr.“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *tóvinna*. B. Greiða og hreinsa hár á manneskju eða skepnu. Kýr standa *vetrarlangt* á básum sínum og nauðsynlegt er að kemba þeim öðruhvoru. Það er gert með kúakambi/kúaklóru. Þá eru hreinsaðir um leið *skitakleprar* sem stundum setjast í læri þeirra; sér í lagi ef halinn leggst í flórin. Hundar og kettir eru kembdir, t.d. til að hreinsa feldinn þegar dýrin *fara úr hárum*. Konur kembdu hár sitt með kambi áður en hárburstar komu til sögunnar.

Kemba (n, kvk) Lagður af þeli sem búið er að kemba. Sjá *tóvinna*.

Kemba (ekki) hærurnar (orðtak) Líkingamál um að lifa/ komast (ekki) af. „Það er hætt við að menn kembi ekki lengi hærurnar í dreifbýlinu ef þessi áform komast í framkvæmd“.

Kempa (n, kvk) A. Mikilmenni; hetja; kappi. „Hann var orðlögð kempa á sinni samtíð“. B. Listi ofaná borðstokki báts; framhald af hástokki/rimaborði. C. Vaður á hákarlaskipi.

- Kemst ekki með tærnar þar sem ... hefur hælana** (orðtak) Um samanburð manna; stenst ekki samjöfnuð; miklu síðri. „Hann er nokkuð *vel að sér*, þó hann komist ekki með tærnar þar sem sá gamli hefur hælana“.
- Kemst þó hægt fari** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að menn geta komist á áfangastað þó hægt miði.
- Kemur að skuldadögnum** (orðtak) Gjalddagi skuldar kemur; skuld þarf að greiða; hefnist fyrir. Oft notað í óeiginlegri merkingu, t.d. um verknað sem sýnist vænlegur til skamms tíma en getur síðar *komið í koll* gerendum. „Þar kom að skuldadögum hjá honum; hann *hirti svo djarft* að heyið *ornaði* allt í hlöðunni“.
- Kemur að því sem Krukkur spáði** (orðatiltæki) Nú rætist það sem spáð var. Máltækið vísar til Krukkspár, en það er rit frá 16.öld; talið samið af Jóni krukki. Sumir telja hann sama mann og Jón Guðmundsson hinn lærða.
- Kemur (veltur) afturábak/öfugt útúr** (orðtak) Um mismæli/*rassbögur*; orð koma í öfugri röð. „Nei, nú kemur þetta allt afturábak útúr mér; en það sem ég vildi sagt hafa er þetta....“. Sjá *ambögusmiður/rassbögusmiður*.
- Kemur babb í bátinn** (orðtak) Sjá *babb í bátinn*.
- Kemur ekki til af góðu** (orðtak) Er spröttið af nauðsyn; stafar af slæmri þörf. „Ég veit að þetta var glæfraferð í svona veðurútliti, en það kemur ekki til af góðu; nú er ég nefnilega alveg tóbakslaus“!
- Kemur ekki til greina/mála** (orðtak) Útilokað; óhugsandi; er ekki til umræðu; *alveg loku fyrir það skotið*. „Nei fari það í helvíti. Það kemur ekki til mála að þessi kettlingur hafi 35 punda skrokk. Það þori ég að veðja um“! (PG; Veðmálið).
- Kemur einn og biður um kaffirót** (orðtök) Viðhaft t.d. þegar maður veiðir fisk í tregfiski; þegar *sargast upp einn og einn*.
- Kemur enn ket í skjóðu** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað birtist/kemur sem mönnum líst ekki vel á. Mun leitt af því að fyrrum fengu gangnamenn nýtt ket í nesti, en það fékk fljótt leiðindabragð í nestisskjóðunni og varð ólystugt; var nefnt skjóðuket.
- Kemur fram í seinna verkinu** (orðtak) *Hefnist fyrir* það síðar. Sjá *það kemur fram í seinna verkinu sem gert í því fyrra*.
- Kemur fyrir ekki/lítið**. (orðtak) Er árangurslaust. „Við remdumst *allt hvað af tók*, en það kom fyrir ekki; steinninn *bifaðist* varla“.
- Kemur í einn/sama stað niður / Kemur út í eitt** (orðtak) Gildir einu; sama útkoman hvað sem er valið. „Það kemur út í eitt hvort þarna eru lögð grásleppunet eða rauðmaganet; alltaf eru þau *kjafull*“!
- Kemur ekki til af góðu** (orðtak) Ekki af nauðsynjalaus; nauðsyn ber til. „Afsakaðu að ég hringi svona seint, en það kemur ekki til af góðu“.
- Kemur niður í seinna verkinu** (orðtak) Hefnir sín síðar; verður síðar *ffötur um fót*; *biður sér ekki til bóta*. „Ef illa er gert við girðinguna kemur það bara niður í seinna verkinu; túnrollurnar eru fljótar að finna það út“!
- Kemur (ekki) til greina/mála** (orðtak) Mögulegt (ekki mögulegt). „Það kemur ekki til greina að ég þiggi þetta“. „Sá varð nú heldur byrstur og sagði: „Fussum fei;/ ég fer víst ekki að leika mér við skvísu./ Það kemur ei til mála; nei og aftur nei;/ ég var nefnilega að horfa á hana Dísu“!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Kemur einn og biður um kaffirót** (orðatiltæki) Þetta er dæmi um þau orðatiltæki sem vermenn í Kollsvíkurveri létu falla þegar fiskur var dreginn að borði; líklega í þeim tilgangi að stytta skipsfélögum stundir með óvæntum og spaugilegum setningum. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Kemur ekki áttinni fyrir sig** (orðtak) Notað um það þegar vindur blæs úr tveimur áttum um tíma; er *tviátta*, og ekki ljóst hvor verður ofaná, eða þegar menn vænta vindáttar sem ekki er komin.
- Kemur enn ket í skjóðu** (orðtak) Bætist enn við; lengi er von á einum. (e.t.v. eitt af þeim orðatiltækjum sem vermenn notuðu þegar fiskur var dreginn; VÖ) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Kemur heim og saman** (orðtak) Passar/stemmir við; rímar við; *stendur heima*. „Lýsingin á þessu útigangsfé kemur heim og saman við það sem slapp úr réttinni í haust“.
- Kemur í sama stað niður** (orðtak) Skiptir ekki máli; *kemur út á eitt*.
- Kemur spáskt fyrir sjónir** (orðtak) Virðist undarlegt; kemur á óvart; stingur í stúf. „Það kemur mér afskaplega spáskt fyrir sjónir ef hann hefur samþykkt þetta“. Vísar líklega til þess að Þjóðverjum komu ókunnuglega fyrir þeir spönsku síðir sem Karl V. keisari vildi innleiða, en hann var af spönskum ættum.
- Kemur styggð að** (orðtak) Styggist; fælist; hrekkur við; hleypur/fer burt. „Ég læddist varlega uppfyrrir féð og gætti þess að ekki kæmi styggð að því“. „Skyndilega kom styggð að refnum, og hann tók til fótanna“.
- Kemur (ekki) til greina** (orðtak) Hugsanlegt; kannski (útilokað) . „Þett kemur alveg til greina“.

Kemur úr hörðustu átt (orðtak) Kemur frá þeim sem síst skyldi. „Henni fannst það koma úr hörðustu átt þegar hann fór að tala um sóðaskap“. Líking við að óveður komi úr þeirri átt sem það veldur miklum skaða, en menn væntu síst.

Kemur út á eitt (orðtak) Skiptir ekki máli; *kemur í sama stað niður*. „Það kemur út á eitt hver fer fyrstur“.

Kemur vatn í munninn (orðtak) Kemur upp löngun í að borða. „Það kemur alltaf vatn í munninn þegar maður hugsar um glæný múkkaegg, þó nokkuð sé síðan maður fór síðast til eggja“.

Kemur vel á vondan (orðatiltæki) Hefnist fyrir; honum mátulegt. „Nú kemur vel á vondan þegar stjórnarandstaðan þarf sjálf að nota þær aðferðir sem hún gagnrýndi fyrri stjórn fyrir“. *Sjá illt kemur vel á vondan*.

Kenderí (n, hk) Fyllerí; *altarisganga*. „Þeir eru að flækjast á milli bæja á kenderí, skilst mér“.

Kengboginn (l) Beygður mikið/ í vinkil; mjög hlykkjóttur. „Það er ekkert hægt að nota þessa árans *uppréttinga*; þeir eru margir ennþá kengbognir“!

Kengbogna (s) Bogna í vinkil/ mikið. „Höggíð kom skakkt á naglann, svo hann kengbognaði“.

Kengfullur (l) Útúrdrukkinn; sauðdrukkinn; boginn/framlágu af áfengisneyslu.

Kengur (n, kk) A. Bogi; efni sem bogið er; lykkja í hurðar-/gluggakarmi. „Fjánhúsdýrunum var lokað ýmist með spotta sem undinn var á nagla í stafnum, eða með hespu og keng“. B. Ræði; tolla; pinni á borðstokk báts sem árin leikur á þegar róið er. „Svo missti ég nú aðra árina upp af kengnum; eitthvað afslepp tollan. Þá sló flötu, ég lenti í broti og það skvettist duglega í Korkanesið“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkverri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). C. Veikindi; slæmska; vanheilsa. „Það er búinn að vera einhver bölvauður kengur í mér síðustu dagana. Það er kannski bara þessi pestarskratti“.

Kengur í (orðtak) Bogið við; bilað; sjúkt; kreppt. „Mér finnst þessi kind vera ári *slappleig*; einhver kengur er í henni“. „Það er þá einhver kengur í *vélarfjandanum*; eina ferðina enn“!

Kenjadýr / Kenjagripur / Kenjakrakki / Kenjakvikindi / Kenjaskepna (n, hk/kk) Kenjótt/fyrirtektarsöm manneskja/skepna; sérvitringur. „Þetta er óttalegur kenjagripur, þó hann sé að ýmsu leyti vel gefinn“. „Þessi langvía er stundum mesta kenjakvikindi“. Einnig stundum notað um vélar: „Vélin í bátnum var mesti kenjagripur“.

Kenjar (n, kvk, fto) Sérviska; fyrirtektir; tiktúrur; gikksháttur. „Það eru ekkert nema kenjar í stráknum að vilja ekki láta klippa sig“. „Hættu nú þessum árans kenjum og settu á þig bindið“! „Aldrei fyrri hættir hér/ hlýddu manna kenjum./ En nú haga mun ég mér/ móti tröllavenjum“ (JR; Rósarímur).

Kenjóttur (l) Sérvitur; með sérþarfir/kenjar; dyntóttur. „Ég er kannski kenjóttur að éta ekki þessar bévítans gúrkur, en það er þó *ekki hálf á við* þig; að vilja ekki neitt grænmeti *yfirhöfuð*“!

Kenna (s) A. Þekkja; kannast við. „Ég bað Guð að hjálpa mér þegar ég sá bátinn snúa hér að landi; nema Árni Dagbjartsson ráði þar skipi. Og létti stórlega er ég kenndi bátinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Sker hann síðan hnýðinginn; finnur í honum skutulinn og kennir mark Benedikts, sem var á skutlinum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). B. Finna til/fyrir; finna sársauka. „Ég kenni dálítið í höfðinu eftir steinkastið“. „Kenndirdu þegar þú dazt“? C. Leiðsegja; leiðbeina; innprenta; þjálf. „Ég kenndi honum undirstöðuatriðin í þessu“.

Kenna botns (orðtak) Verða var við botn; ná niður á botn. „Pytturinn er alveg botnlaus. Ég rak einusinni langa *spanskreyrstöng* niður í hann; og hendina með, en kannði ekki grunn“.

Kenna grunns (orðtak) Um siglingu báts; taka niðri; rekast í botn. „Sló bátnum flötum er hann kenndi grunns...“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þá höfðum við mann í bandi í fjörunni til að taka á móti skipverjum er þeir kenndu grunns...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Kenna lands (orðtak) Sjá land; sjá til lands; fá landkenningu. „Þó að vökni vettir manns/ vart ég sýta nenni;/ ef ég bara einhvers lands/ einhverntíma kenni“ (JR; Rósarímur).

Kenna í brjósti um (orðtak) Vorkenna; aumka; finna til með. „Maður hálf kennir í brjósti um karlræfilinn“. *Sjá brjóst; brjóstumkennanlegur*.

Kenna lands (orðtak) Verða var við land; hafa landsýn. „Við skulum nú ekki fara dýpra en svo að við kennum lands, fyrst við erum áttavitalausir í þokunni“.

Kenna lasleika (orðtak) Verða lasinn/veikur/sloj. „Hann kenndi einhvers lasleika og fór heim“.

Kenna sér (einskis) meins (orðtak) Finna (ekki) fyrir sársauka/veikindum/meinum; vera alheill.

Kenna til (orðtak) Finna til. Var mjög mikið notað í Kollsvík fyrrum. Einnig sérstætt; *kenna*. „Hann skarst á hendi og kenndi nokkuð mikið, en harkaði af sér“. „Kennirðu mikið til í þessu“?

Kenna um (orðtak) Ásaka fyrir; skella/koma sök/skuld á. „Ég kenni honum ekki um það hvernig fór“.

Kenndirí (n, hk) Fyllerí; neysla áfengis. „Er nú karlinn kominn á kenndirí“!

Kenndur (l) Ölvaður/hífaður af víni. „Karlinn var orðinn all kenndur og vel skrafhreyfinn“. „Dósina fékk ég, en síðan hef ég ekki sungið nema ég væri kenndur eða einn uppi á fjalli“ (IG; Æskuminningar).

Kenndur við (orðtak) Tekur nafn af; *heitinn utani*. „Magnús var oft kenndur við uppeldis- og heimaslóðir sínar og nefndur Mangi í Botni, en víða um land er hann þekktur sem Magnús vítamín, vegna farandsölu sinnar“.

Kennileiti (n, hk) Sérkenni í landslagi. „Fyrri tíðar fólk var næmt á sérkenni í landslagi, enda þurfti það að nýta kennileiti til þess m.a. að rata um smalaland í dimmviðri og miða út vænleg fiskimið á sjó.“

Kennimaður (n, kk) Predikari; sá sem er lunkinn við að innræta öðrum sínar skoðanir. Fyrrum var orðið gjarnan notað um þá sem þóttu afburða miklir guðsmenn og predikarar guðsorðs.

Kenning (n, kv) Hvaðeina sem verður til fróðleiks/uppfræðslu. A. Í trúarlegum efnum; guðsorð og útlekking þess; biblían B. Í vísindalegum skilningi; staðhæfing/fullyrðing sem sett er fram með röksemdafærslu. C. Aukin reynsla; lærdómur. „Láttu þetta þér svo að kenningu verða“! D. Sýn; það sem sést. „Kollur og Örlygur höfðu ekki kenningu af landi fyrr en þá hafði hrakið norður fyrir Látrabjarg“. E. Orðlíking í skáldskap, oft í tveimur orðum; t.d. „hestur hafs“ um skip.

Kennir margra (ýmissa) grasa (orðtak) Er fjölbreytt/margbreytt. „Í verkfærahúsinu kennir margra grasa“.

Kennsli (n, hk) Um skakveidar; að verða var; fá sæmilega veiði. „Nafnið á miðinu (Bjarni Gíslason) er þannig til komið að menn létu reka þarna á skaki og fengu sæmilegt kennsli á þessum bletti...“ (IG; Sagt til vegar).

Keppast við (orðtak) Vinna ákaft að. „Keppst var við að vera búinn að smala til aftektar og ganga frá ullinni fyrir slátt“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Færum var rennt í sjó, og strax var fiskur á hverju bandi; allir kepptust við dráttinn“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Kepphúfa (n, kvk) Hluti meltingarfæra jörturdýra; sá hluti keppsins sem nær er vélindanu. Orðið var einungis notað þegar vömbum var skipt og saumað fyrir þær við sláturgerð. „Saumaðu fyrir þessar kepphúfur“.

Keppikefli (n, hk) Takmark; stefnumið. „Mér er það ekkert keppikefli að vera með í þessum hópi“.

Keppinautur (n, kk) Sá sem við er keppt; mótherji í keppni/samkeppni.

Keppnismaður (n, kk) Sá sem gjarnan vill keppa; með keppnisskap. „Mun Kristján (Ásbjörnsson á Grundum) hafa varið landlegum til garðhleðslunnar og nýtt starfskrafta áhafnar sinnar, enda annálaður ákafa- og keppnismaður“ (HÖ; Fjaran).

Keppur (n, kk) A. Iður af blóðmör eða lifrapylsu. „Ég sauð þrjá blóðmörskoppi“. B. Kylfa/hnallur til að rota flyðru eða aðra veiðibrað. „Á Láganúpi var lengi til keppur með gogg öðrumegin og hvalbeinsflís í hinum jaðrinum“ (VÖ).

Ker / Kerald (n, hk) Stórt ílát, oft fremur grunnt miðað við viddina.

Kergja (n, kvk) Þrjóska; stífni. „Hann hefur lengi verið á móti þessu, en nú er hlaupin algjör kergja í hann“.

Kerling (n, kvk) A. Niðrandi heiti á konu, einkanlega eldri konu. B. Stelling; lárétt tré í botni báts sem masturshællinn gengur niður í. C. Efri hæll á orfi var stundum nefndur kerling, og karl sá neðri. D. Kerlingarbak; kisa; þunnildi á *steinbit* (sjá þar). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Hvorum helmingi til skógerðar fylgdi kerlingin“ (LK; Ísl sjávarhættir IV).

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn (orðatiltæki) Sjá *hafa nokkuð fyrir snúð sinn*.

Kerlingabækur (n, kvk, fto) Hjátrú; kreddur; kjaftasögur. „Ég hef nú litla trú á svona kerlingabókum“.

Kerlingahland (n, hk) Ónýtt/óætt krækiber, annaðhvort vegna ofþroska/elli eða vegna næturfrosts. „Ber hafa sumsstaðar frosið í nótt; í lautunum er ekkert nema kerlingahland“.

Kerlingaranginn / Kerlingarálftin / Kerlingarhróið / Kerlingarræksnið / Kerlingaruglan / Kerlingartötrið / Kerlingarkvölin Gæluorð um kvenmann; yfirleitt ekki í niðrandi merkingu.

Kerlingarapparat / Kerlingarálka / Kerlingarbrýni / Kerlingarherfa / Kerlingarhrota / Kerlingarhukla / Kerlingarskass (n, kvk) Niðrandi heiti á kvenmanni. „Hún var að skamma mig fyrir þetta, kerlingarapparatíð; ég held hún ætti frekar að skamma karlinn sinn“! „Skratti ætlar hún að reynast erfið; þetta kerlingarbrýni á skattstofunni“! „Hún ætlar hreint ekki að geta skilið þetta; kerlingarhuklan“!

Kerlingareldur (n, kk) Sjá *gorkúla*.

Kerlingareyra (n, hk) Blaðkan á *stórþara* (sjá þar). Líklega dregið af því að á stórstraumsfjöru stendur marggreind blaðkan uppúr sjávarborðinu, líkt og eyru.

Kerlingarþrjónn (n, kk) Hausbein úr tálknvængjum þorsks sem stundum fylgir gellu fyrir mistök (sjá *gella*).

Kerlingarsvunta (n, kvk) Himna sem er milli vangaróðs, bógfisks og kinnfisks á *þorskhaus* (sjá þar). „Á henni eru ellefu nöfn; brúðarsvunta/hænusvunta/kerlingarsvunta; *kerlingarsvunta*/maðkasvunta/mariúsvunta/

meyjarsvunta/silkisvunta/spákerling/spákerlingarsvunta og þerrisvunta. Kerlingarsvunta var algengast. Svuntan var notuð sem veðurtákn á þann hátt að kerlingarspón var haldið milli vísifingurs og þumalfingurs; svuntunni stungið í munn sér og spurt um leið um vindátt daginn eftir. Ef svuntan stóð bein eftir að henni hafði verið brugðið í munninn spáði hún logni og þurrviðri, en ef hana lagði undir átti það að vita á storm úr þeirri átt, og hann þeim mun stríðari sem svuntu lagði meir. Í annan stað var einkum tekið mark á henni varðandi þurrviðri eða regn. Svuntan var einnig óskaboði. Þegar hún stóð bein er hún var dregin út úr munninum mátti sá sem á henni hélt bera fram þrjár óskir í hljóði. En ef hana lagði varð hlutaðeigandi óskmissa“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Kerra (n, kvk) A. Vagn sem dreginn er af ökutæki. B. Barnavagn. Almenn notað af eldra fólki þegar barnavagnar fóru fyrst að tíðkast. „Er barnið eitthvað að hljóða í kerrunni“?

Kerrufóður / Kerrumatur (n, kk) Úrgangur/ ónýtt ket í sláturhúsi sem fer í kerru, til urðunar. Allmikið notað í sláturhúsinu á Gjögurum, en virðist ekki hafa verið mjög útbreitt. „Þessi *horskrokkur* er bara kerrumatur“.

Kerruhlass (n, hk) Sá farmur sem unnt er að flytja í einu í kerru.

Kerskni (n, kvk) Stríðni; háð. „Ég helda að þetta sé bara kerskni í honum“.

Kersknisskáldskapur / Kersknisvísa (n, kk/ kvk) Skammarvísa; níðvísa; háðvísa. „Margir höfðu gaman af því að hnoða saman vísum í Verinu; þó getan til þess væri misjöfn. Mikið af þessu voru tækifærisvísur af ýmsu tagi og kersknisskáldskapur, en einnig prýðisgóðar formannavísur og annar skáldskapur“.

Kertaljós (n, hk) Ljós af kertum, lýsislömpum og síðar olíulömpum var, ásamt hlóðaeldinum, eini ljósgjafinn sem þjóðin bjó við á myrkum vetrarkvöldum fyrir tíma rafvæðingar.

Kertaklemma (n, kvk) Lítil járnklemma með höldu fyrir lítið kerti á öðrum kjammanum; notuð sem festing fyrir kerti á *jólatré*. „Kertaklemmur lögðust af eftir að jólaseriur fyrir rafmagn komu til sögunnar, en voru notaðar, t.d. á Láganúpi framyfir 1960“ (VÖ).

Kertastjaki (n, kk) Áhald til að halda logandi kerti uppréttu; vanalega sökkull sem kertið fellur í, og oft með áföstum diskum til að taka við bráðnu vaxinu.

Kertisstubbur (n, kk) Stutt kerti; afgangur af kerti. „Kertisstubburinn í fjósinu fer að verða útbrunninn“.

Ket (n, hk) Kjöt. Var yfirleitt framboðið og skrifað þannig af innfæddum í Rauðasandshreppi; sem og allat samsetningar, s.s. ketsúpa; ketskrokkur o.fl. „Hvílir pottur hlóðum á/ heldur stór í seti./ Ljúfa honum leggur frá/ lykt af soðnu keti“ (JR; Rósarímur).

Ketafgangur (n, kk) Afgangur/leifar af ketmáltíð. „Það má hita þessa ketafanga í sósunni í kvöld“.

Ketarða / Ketdróg / Ketbiti / Ketnurta / Ketögn / Kettutla / Kettægja (n, kvk) Ögn/flís/smábiti af keti/kjöti. „Eftir að hann hafði kroppað af beinunum var ekki eina einustu ketörðu á þeim að finna“.

Ketát (n, hk) Neysla kets. „Mikið verður gott að fá saltfisk eftir allt þetta ketát um hátíðarnar“.

Ketbein (n, hk) Kjötbein.

Ketbirgðir / Ketfjall (n, kvk, fto) Birgðir af keti/kjöti; offramleiðsla á keti.

Ketbiti / Ketstykki (n, kk) Kjötbiti/kjötstykki.

Ketbolla (n, kvk) Kjötbolla.

Ketbúð (n, kvk) Kjötbúð; búð sem selur ket/kjöt.

Ketdiskur / Ketfat / Kettrog (n, kk/hk) Diskur/fat/trog með keti/ fyrir ket. „Þú ert nær ketdiskinum; skerðu smáflís fyrir mig“.

Ketfars / Kethakk / Ketkássa (n, hk) Kjötfars/kjöthakk/kjötkássa.

Ketfasta (n, kvk) Fasta þar sem kets er ekki neytt. „Í kaþólskum síð var ketfasta síðustu tvo daga fyrir upphaf páskafostu“.

Ketfasta (s) Bindindi á ketneyslu.

Ketfat (n, hk) Fat með keti/ undir ket. „Réttu mér ketfatið“.

Ketflís (n, kvk) Sneið af keti/kjöti. „Gefðu mér tvær ketflísar. Það má alveg vera eitthvað ljóst með“.

Ketflutningar (n, hk, fto) Flutningar á keti/kjöti, t.d. frá sláturhúsi.

Ketfylling (n, kvk) Fylling af keti í annarskonar mat. „Hún bar fram minn uppáhaldsrétt; samanbrotnar eggjakökur með ketfyllingu“.

Ketgaffall (n, kk) Stór gaffall sem notaður er til að ná keti úr potti og til að hafa á ketfati.

Kethákur (n, kk) Sá sem etur mikið af keti/ þykir ket mjög gott. „Ég er hinn mesti kethákur, þó vissulega sé fiskurinn alltaf góður“.

Kethjastur / Ketmusli (n, hk) Tægjur/uppsóp/sag af keti, þar sem ket hefur verið stykkjað/sagað niður. „Sópaðu þessu ketmusli saman og fleygðu því í hundinn“.

Kethnífur (n, kk) Kjöthnífur; hnífur sem hentar vel í ketskurð.

Ketilhrúður (n, hk) Kalkútfelling sem fellur út úr vatni þegar það kólnar og sest innanum hluti. Ketilhrúður er því sérlega áberandi í ílátum sem notuð eru til að hita vatn, s.s. í kötlum, og af því stafar heitið.

Ketilkaffi (n, hk) Kaffi sem lagað er á þann hátt að kaffiduftið er látið sjóða í vatni í *kaffikatli*, og síðan hellt ofanaf. Stundum er þá hellt í gegnum síu til að ná *korginum* úr, eða hellt varlega.

Ketilát (n, hk) Ílát undir ket; ílát með keti. „Ég nota þetta varla fyrir ketilát“.

Ketjafningur / Ketkássa (n, kvk) Marið/hakkað ket, sem soðið er sem þykkur grauttur. Oft borðað með kartöflumús. Ketjafningur var af sumum talið finna orð.

Ketkrókur (n, kk) Einn jólasveinanna; Kjötkrókur. ELíklega fyrrum nafn á krók til upphengingar á keti.

KetkvarTEL / Kettunna (n, kvk) KvarTEL/tunna með keti/ fyrir ket. „Láttu standa vatn í ketkvarTELinu til að þetta það“.

Ketkyns (ao) Ketmeti; úr keti. „Á sunnudögum höfum við eitthvern ketkyns mat“.

Ketlykt (n, kvk) Lykt af keti/kjöti.

Ketlæri (n, hk) Kjötlaeri.

Ketmáltíð / Ketsoðning / Ketveisla (n, kvk) Máltíð kets; málsverður þar sem ket/kjöt er á borðum.

Ketmatur / Ketmeti (n, hk) Matur sem samanstendur einkum af kjöti/keti. „Maður hefur borðað svo mikið ketmeti yfir jólin að nú væri góð tilbreyting að fá fisk“.

Ketpoki (n, kk) Kjötpoki; grisjupoki sem ketskrokkum var pakkað í eftir slátrun. Snemma hvers morguns, áður en slátrun hófst, mætti hópur manna í Gjöggrasláturhús til að pakka keti frá deginum áður.

Ketpottur (n, kk) Pottur sem ket/kjöt er soðið í.

Ketréttur (n, kk) Kjötréttur.

Ketsax (n, hk) Sax sem notað er til að höggva ket í spað, til söltunar í saltket.

Ketskammtur (n, kk) Skammtur af keti/kjöti.

Ketskrokkur (n, kk) Kjötskrokkur; skrokkur af skepnu sem slátrað hefur verið.

Ketskrúbbur (n, kk) Skrúbbur sem notaður er til að þvo ketskrokk. Meðan slátrað var í nýrra sláturhúsinu á Gjöggrum var slíkur skrúbbur útbúinn þannig að sagaður var í tvennt langur handskrúbbur; borað gat í helminginn og þar í skrúfuð vatnsbyssa sem tengd var slöngu með rennandi vatni. Til venjulegra þvotta á ketskrokk var bundin grisja yfir hárin, en þau óvarin ef ná þurfti óhreinindum af.

Ketskurður (n, kk) Kjötskurður; verkun/niðurskurður kjöts.

Ketsoð (n, hk) Kjötsoð.

Ketsúpa (n, kvk) Súpa soðin af keti, oftast með grjónum, grænmeti og e.t.v. méli. „Ketsúpan er alltaf betri ef hún er a.m.k. *tvíhituð*“.

Ketsög (n, kvk) Sög til að hluta ketskrokk í sundur. „Ári er nú ketsögin að verða tannlaus“.

Ketsöltun (n, kvk) Söltun kets/kjöts. „Ketsöltun er nákvæmnisverk, og misjafnt hvernig mönnum ferst það úr hendi. Illa saltað ket er fljótt að skemmast“.

Kettlingskvikindi (n, hk) Gæluorð um kettling. „Vertu nú ekki að djöflast lengur í kettlingskvikindinu“!

Kettlingur (n, kk) A. Afkvæmi kattar/kattardýrs. B. Líkingamál um lítið lamb/ *lambkægil*. „Nei fari það í helvíti. Það kemur ekki til mála að þessi kettlingur hafi 35 punda skrokk. Það þori ég að veðja um“! “ (PG; Veðmálið).

Kettunna (n, kvk) Tunna undir saltket. „Mundu eftir að setja lokið og fargið aftur á kettunnuna“.

Ketvara (n, kvk) Kjötvara.

Ketverð (n, hk) Verð á kjöti/keti.

Ketþvottur (n, kk) Þvottur ketskrokks eftir slátrun. Ef hreinlega tekst til við fláningu og innanúrtöku þarfnast skrokkur yfirleitt ekki þvotta, en í nýrra sláturhúsinu á Gjöggrum voru skrokkar einatt þvegnir með ketskrúbb; einkum að innan og á hálsi eftir að hálsæðar höfðu verið skornar af.

Ketöxi (n, kvk) Öxi til að höggva niður ketskrokk.

Kex (n, hk) Bökuð, þurrkuð, þétt og finkorna brauðkaka með mikið geymsluþol. Kex hefur trúlega snemma borist til Kollsvíkur og annarra útgerðarstaða, en það kom fyrst til landsins með frönskum skútusjómönnum. Þeirra kex var í fyrstu nefnt pompólabrauð; kennt við bæinn Paimpol í Frakklandi.

Keyptur (l) Fenginn gegn greiðslu í peningum, vöru, vinnu eða öðru. „Þeir keyptu hann í þetta hrekkjabragð, því þeir *lögðu* ekki í það sjálfir“.

Keyra (s) A. Lemja; berja. „Þrem dögum eftir slysið fann ég hamarinn, er ég var að keyra naglann með er þetta skeði, inn í eldhúsdyrum“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). B. Aka farartæki. „Sveitabörn voru oftast búin að keyra traktor í mörg ár áður en þau komust á bílprófsaldur“. C. Sigla vélbáti. „Gamla Rut er sett á flot í Kollsvíkurveri. Sólóvélín sett í gang og keyrt suður á Bæi“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Keyra á færið/festuna (orðtak) Um fiskveiðar: A. Létta á drætti færís í vindi/straumi með því að sigla í þá átt sem það liggur. „Það er töluverður straumur með innlögninni; þú þarft að keyra á færið meðan ég hanka upp“. B. Reyna að losa veiðarfæri/stjórafæri úr botnfestu með því að sigla báti til og frá og halda þétt í línuna/netið/færið á meðan. Gefur vanalega nokkuð góða raun.

Keyra á mið (orðtak) Sigla til fiskimiðs á vélbát. „Þegar nóg var komið í beitu var keyrt á það mið sem leggja átti lóðina.... Venjulega var farið þegar smástreymt var; keyrt á mið sem heitir Tálkni og Sandhóll; þegar Tálkni sást fyrir Blakkinn og Sandhóllinn í Breiðavík fyrir Breiðinn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Keyra í bárana (orðtak) Sigla báti á móti báru. „Keyrt er því beint í bárana um stund; því næst snúið undan báranni á skutröng og horfi beint uppundir Blakkinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Keyra um þverbak (orðtak) Ganga of langt; kasta tólfunum; *ganga framaf*. „Það er alveg nóg að þurfa að þola þessar reykspúandi orrustuþotur í háloftunum, en það keyrir nú um þverbak þegar þetta er ofan í húsum“! Sennilega líking við það að slá (keyra) hest með svipu þvert yfir bakið, sem kallar fram mikil viðbrögð.

Keyra (fram) úr (öllu) hófi (orðtak) Fara yfir mörkin; vera um of; vera yfirdrifið. „Ég bjóst nú við að þetta væri nokkuð dýrt en svona verðlagning keyrir úr öllu hófi; þetta er bara rán um hábjartan dag“!

Keyra/kippa upp (orðtak) Um vélbát; sigla í land/ nær landi. „Nú held ég að við ættum að fara að keyra upp“.

Keyrslutími (n, kk) Tími sem vinnuvél er keyrð; vinnutími vélar. „Gjal fyrir vélina skal vera kr 15.00 á klst; reiknað fyrir keyrslutíma frá því að vélin kemur á vinnustað“ (Starfsreglur fyrir jarðræktarverkefni Kollsvíkinga 1945).

Keyta (n, kvk) Hland sem safnað var saman áður fyrr og notað til þvotta á ull. „Ullin var áður fyrr þvegin úr keytu sem var þvag úr fólki. Þá voru koppar/næturgögn undir hverju rúmi á bænum, sem menn köstuðu af sér vatni í að nóttunni. Því þvagi var safnað allt árið í tunnu og geymt, þar til ullin var þvegin“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). „Ekki þarf að taka fram að ullin var öll þvegin heima; úr keytu fyrst eftir að ég man eftir mér“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). „Ullarþvotturinn fór fram við Torfalækinn. Vatn var hitað upp að suðu á hlóðum í stórum potti; í það var blandað keitu, en hún var notuð í stað sápu. Þá var ullin sett í pottinn og þvæld í nokkurn tíma; síðan tekin upp í körfu og skoluð vel í læknum. Að því loknu var hún borin upp á Torfamel og breidd þar til þerris“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). “ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *tóvinna*. Þjóðtrúin segir að draugar þoli illa hland/keytu, og því veitti það eflaust mikið öryggi að hafa kopp undir rúmstokk meðan á þá var trúað. Það mun hafa þekkt að stökkva keytu innanum t.d. fjós ef grunur var um að þar væri óhreint á sveimi.

Keytufýla (n, kvk) Stæk lykt af hlandi/keytu. „Mér varð hálf ómótt af keytufýlunni þarna inni“.

Keytukerald / Keytustampur / Keytutunna (n, hk) Stór tunna eða annað ílát sem *keytu* var safnað í.

Kibba (n, kvk) Algengt gælunafn á kind, ekki síst heimalningi. Einnig Gibba, Gimba o.fl.

Kið / Kiðlingur (n, hk/kk) Afkvæmi geitar. Af sömu rót og enska orðið kid (krakki).

Kiða (s) Iða; vera óróf/tvístígandi.

Kiða að sér (orðtak) Kjassa; faðma; láta vel að. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Kiðagrey / Kiðakútur / Kiðalyja / Kiðaskinn / Kiðastubbur / Kiðlingur (n, hk/kk/kvk) Gæluorð í ávarpi við ungbörn. „Komdu hérna kiðakúturinn minn“. „Langar þig að ná í þetta, kiðastubbur“?

Kiðfættur (l) Hjólbeinóttur; Með fætur innbogna, þannig að bil er á milli hjákolla þegar staðið er með fætur saman. Algengara var í Kollsvík að nefna þannig fólk og skepnur hjólbeinótt.

Kikkófær (l) Algerlega ófær; mjög mikil ófærð. „Fjörurnar eru gjörsamlega kikkófærar núna“.

Kikna (s) Bogna; svigna; heykjast. „Settu ekki svo mikið á heyvagnsræfilinn að hann kikni undan því“

Kikna í hnjáliðum (orðtak) Hræðast; verða smeykur; verða máttlaus af hrifningu. „Það er nú óþarfi að kikna í hnjáliðunum þó þessar þingmannsnefnur séu á ferðinni; maður á *eitt og annað* vantalað við þá“!

Kilpast (s) *Kikna*; bogna; gefa eftir. „Þú mátt ekki láta sögina kilpast í áttakinu“.

Kilpur (n, kk) A. Lykkja; hönk; sveigja; bogi. „Gáðu að þegar þú tekur í vaðinn! Það er kilpur á honum í efri ganginum“. B. Fyrrum notað um handfang á fötu.

Kimi (n, kk) Vik; skot; vogur; geil. „Viða geta leynst kindur í þessumkimum“.

Kind (n, kvk) A. Ær; kvenkyn af sauðkind. Oftar var talað um kindur eða rollur en ær í Kollsvík, a.m.k. í seinni tíð. Í samsettum orðum var þó líklega oftar notað forskeytið ær-, sauða-, rollu- eða fjár-. B. Gæluorð um manneskju. „Hún getur víst lítið að þessu gert, blessuð kindin“.

Kindabyssa (n, kvk) Fjárbyssa; stutthleyp byssa til að lóga búfænaði. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið).

Kindagata (n, kvk) *Fjárslóð*; fjárgata; greinilegur slóði/braut sem myndast á jörðinni þar sem fé gengur mikið um. Kindagötur geta orðið mjög áberandi og varanleg kennileiti í landslagi, og jafnan má treysta því að féð velur hentugstu leiðina á hverjum stað.

Kindaket / Kindakjöt (n, hk) Ærket; ket af fullorðnu. „Ég nota þetta kindaket í kæfugerð“.

Kindakofi (n, kk) Kofi/hús fyrir fáar kindur. Væru þar fleiri kindur var talað um fjárhús.

Kindarlegur (l) Skömmustulegur; niðurlútur. „Það er óþarfi að vera svona kindarlegur yfir þessu“.

Kindarskjáta (n, kvk) *Rolluskjáta*; gæluorð um kind. „Ég er hræddur um að þessi kindarskjáta hafi orðið eftir“.

Kindarsvipur (n, kk) Skömmustulegur svipur; niðurlútur svipur. „Ég sá á kindarsvipnum á honum að hann var ekki að segja allan sannleikann“.

Kindaskítur (n, kk) Skítur úr sauðfé. „Í hellinum var mikið af kindaskít“. Sjá *kindasparð*; *sparð*.

Kindaskjátur (n, kvk, fto) Rolluskjátur; gæluheiti á kindum. „Ætli ekki þurfi að kasta einhverju í þessar kindaskjátur eins og vant er“. „Þótt ég við það vinni mér/ verðan tröllahlátur,/ eftirlæt ég allar þér/ ykkar kindaskjátur“ (JR; Rósarímur).

Kindasparð (n, hk) *Sparð*; kúla af kindaskít. Sjá *sparð*.

Kinka kolli (orðtak) Hreyfa höfuð framávið, til merkis um samþykki.

Kinna (s) Kljúfa þorskhaus upp og taka úr honum *krummann*/krummabeinið. „Væri heilkinnað þá var haldið með vinstri hendi ofarlega um hægri kinnina og farið með hníf undir kerlingarspaðann að aftan og skorið upp með krummanum; ýmist fyrir utan augað eða innan; uppfyrir nefið og niður hinsvegar. Kinnarnar voru þar með lausar frá krummanum og héngu saman á kjálkum og *granabeinum*, ýmist með kverksiga eða án. Stundum var hausinn *gellaður* áður en hann var kinnaður. Þegar hálfkinnað var var byrjað að fara með hníf undir granbeilurnar hægra megin; rist upp og niður hinsvegar, og þær losaðar frá kjálkum og láttnar fylgja krummanum. að því búnu var skorið niður frá innanverðu kjálkabeini og milli kerlingarspaða, kjálkabarðs og sjálfs kjammabeinsins; fram og uppmeð krummanum innanvið augað og niður hinsvegar með sama hætti. Eftir oru blákinarnar; fastar saman á kjálkunum, oftast án kverksigans. Oft voru kinnar soðnar nýjar, en algengt var að þurrsalta eða þækilsalta þær og geyma eins og annað trosmeti“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Kinnamikill (l) *Búlduleitur* í andliti; *kúlduleitur*; *fullur að vöngum*; *vangamikill*.

Kinnfiskasoginn (l) Um andlitsfall; með innfallnar kinnar, t.d. vegna vannæringar eða tannleysis.

Kinnfiskur (n, kk) A. *Kúlda*, fiskholdið sem þykkast er í kinn á fiskhaus. „Kinnfiskurinn/ kúldan/steinbítuskúldan var víða rifin til átu úr hörðum hausnum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). (Sjá *þorskhaus* og *lygabarð*). B. Fylling í kinnum manns. Þeir sem eru kinnfiskamiklir eru búlduleitir.

Kinnhestur (n, kk) Löðrungur. „Það þótti ekki tiltökumál forðum, þó óþægum börnum væri rekinn léttur kinnhestur ef þau höfðu brotið alvarlega og viljandi af sér. Það var þó að leggjast af uppúr miðri 20. öldinni, og mun nú flokkast undir nið, enda nær aflagt að foreldrar búi börn sín sjálfir undir framtíðina“.

Kinnklofinn / Krummaklofinn (l) Um aðferð til að höggva upp kringluhausa/þorskhaus. „Sumir höfðu fyrir venju að *höggva upp* kringluhausa meðan þeir voru í verkun, en ekki fyrr en þeir voru orðnir sæmilega harðir. Ýmist voru þeir kinnklofnir eða krummaklofnir. Til þess var notað heimasmiðuð *skaröxi/hausaxi*...“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Kinnótt (l) Litur á sauðfé: Hvítt með dökka eina kinn. Væru höfuðfleckir meiri var hún *bildótt*.

Kinnroðalaust (l) Án þess að blikna/ skammast sín. „Það má kinnroðalaust fullyrða að í gegnum tíðina hafi Útvíkur Rauðasandshrepps verið eitt lífvænlegasta hérað Íslands; ekki síst á harðindatímum“.

Kinnunga (s) Löðruna; slá/gefa kinnhest. „Hann var víst *heldur betur* kinnungaður á framboðsfundinum“.

Kinnungur (n, kk) Síða/bógur á báti. „Hnísurarnar stukku upp úr sjó við kinnunginn á bátnum“. „Kaldan hjala kinnungur við/ kólgu svalar dætur./ Göltur kjalar greikkar skrið/ gjálpadal og bylgjurið“ (JR; Rósarímur)

- Kinoka sér við** (orðtak) Veigra sér við; koma sér hjá; vera ragur við. „Hann kinokaði sér ekkert við að spyrja hana hreint út um þetta“. Var í máli sumra Kollsvíkinga framundir 2000, en heyrir varla nú.
- Kippa** (s) A. Róa stuttan spöl; færa sig aftur á mið eftir að rekið hefur af því. „...en þegar við höfðum reynt þar fyrir okkur í nokkra klukkutíma og lítið fengið kipptum við frá og suður á Barðsbrekkur...“ (ÖG; Fiskiróður). „Við fengum skipun um að hafa uppi færin; það átti að kippa. En það var ekki síðasti kippurinn þennan dag“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). B. Setja í kippu. „Ég kippaði rauðmagann og saltaði í hann“.
- Kippa að sér hendinni** (orðtak) Draga boð eða annað til baka; draga í land. „Ég ætla að grípa þetta tilboð, áður en hann kippir að sér hendinni með það“. Myndræn líking, t.d. um handaband við samninga.
- Kippa á** (orðtak) Um sjómennsku; sigla/róa upp í straum/vind til að komast á mið/fiskislóð sem bát hefur rekið af. „Okkur hefur rekið töluvert norður. Prófum að kippa aðeins á slóðina aftur“.
- Kippa fótunum undan** (orðtak) Raska forsendum/grundvelli fyrir; gera að engu. „Svona grasbrestur getur alveg kippt fótunum undan þeim búum sem tæpt standa“.
- Kippa í kynið** (orðtak) Líkjast sínum foreldrum/forfeðrum/ættingjum. „Honum kippir í kynið með hjálpsemina, blessuðum; hann á ekki langt að sækja það“.
- Kippa í lag** (orðtak) Lagfæra í skyndi; *kippa í liðinn*. „Ég kippi þessu í lag í hvelli“.
- Kippa í liðinn** (orðtak) A. Toga í handlegg/fót sem farið hefur úr lið, til að koma honum í lið aftur. B. Afleidd merking og meir notuð; koma því í lag sem farið hefur útskeiðis. „Ég kippi þessu í liðinn eins og skot“.
- Kippa/taka í taumana** (orðtak) A. Stjórna/ halda aftur af hesti með taumum. B. Hafa stjórn/hemil á einhverju.
- Kippa sér upp við** (orðtak) Láta sér bregða við; verða uppnæmur vegna; láta fara í taugarnar á sér. „Múkkinn ældi auðvitað yfir hausinn á honum á uppleiðinni, en hann kippti sér ekkert upp vvið það“.
- Kippa undan** (orðtak) Um fiskveiðar; þegr skyndilega hættir að fiskast þegar maður er að skaki. „Nú hefur alveg kippt undan; við skulum keyra örlítið og reyna að láta reka inni gerið aftur“.
- Kippa undan sjó** (orðtak) Setja bát/reka nægjanlega hátt í fjöru að hann sé ekki í hættu með að fara í sjóinn. „Hjálpáðu mér aðeins að kippa bátinum undan sjó“
- Kippa upp / Kippa frá / Kippa norður / Kippa suður** (orðtök) Um veiðiskap; róa/keyra nær eða fjær landi; norðurávið eða suðurávið, eftir því sem þörf er á, t.d. vegn reks. „En þegar við höfðum reynt fyrir okkur nokkra klukkutíma og lítið fengið, kipptum við frá og suður á Barðsbrekkur“ (ÖG; Þokuróður).
- Kippa úr** (orðtak) A. Draga úr straumi/falli. „Ég ætla nú að halla mér aðeins yfir harðasta fallið. Þið vektið mig þegar fer að kippa úr aftur“. „Grásleppuveiðin datt frekar niður aftur þegar kippti úr straumnum“. B. Um veiði; kippa undan; þegar fiskur hverfur frá báti og hættir að veiðast. C. Um vöxt í gróðri og skepnum; minnka; hætta að vaxa/stækka.
- Kippa úr falli** (orðtak) Draga úr straumi í sjávarfalli; nálgast *liggjanda*; *kippa úr*; *slá niður falli*.
- Kippir úr kjaftri** (orðtak) Dregur skyndilega úr velsæld/matarframboði/lífsgæðum. „Það kippti verulega úr kjaftri hjá bændum, þegar þeir hættu að stunda grásleppuveiðar á vorin“.
- Kippir úr vexti** (orðtak) Dregur úr vexti/sprettu. „Það kippir auðvitað úr vexti ef gemlingakvinkindin fá ekkert annað en svona rudda“.
- Kippkorn** (n, hk) Stuttur spölur; smáspotti. „Ég lagðist í leyni kippkorn frá greninu og beið eftir tófunni“.
- Kippuband** (n, hk) Band/tóg til að draga fuglakippur á bjargbrún. „Sextíu fuglar voru dregnir upp í einu; notuð voru sérstök kippubönd, sverari en venjuleg dráttarbönd“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Venjan var, þegar borið var upp Bjargið, að hafa 40 fugla í byrði. Það voru 10 fuglar í hvorum enda kippubandsins og bornar tvær kippur í bak og fyrir og krosslagðar á bakinu. Fuglinn er talinn til jafnaðar eitt kíló, svo venjulegar byrðar voru um 40 kg“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Kippur** (n, kk) A. Stuttur róður/ stutt keyrsla á bát, til að komast aftur á fiskislóð sem rekið hefur af. „Við fengum skipun um að hafa uppi færin; það átti að kippa. En það var ekki síðasti kippurinn þennan dag“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Vegalengd; spölur. „Kýrnar voru komnar góðan kipp frammeð Axlarhjöllunum“. „Lítinn kipp utanvið urðina var ágætis lendingarstaður“. C. Snögg hreyfing; viðbragð. „Þessir ósjálfráðu kippir í handleggnum voru honum oft til baga“. „Einhverjir kippir eru nú í færið“.
- Kipra** (s) Draga saman; þrengja. „Ósjálfrátt kipraði ég augun í sterku ljósinu“. „Hann kipraði munnin í vanþóknun, en sagði ekki neitt“. „Ég kipraði mig saman og faldi mig í skápnunum“.
- Kipringur** (n, kk) Samdráttur. „Það getur komið einhver kipringur í viðinn þegar hann þornar“.
- Kirfilega** (ao) Tryggilega; algerlega. „Gakktu svo úr skugga um að báturinn sé kirfilega bundinn niður“.

Kirfilegur (l) Vel útlátinn; mikill. „Veggurinn gaf sig eftir nokkur kirfileg sleggjuhögg“.

Kirkja (n, kvk) Guðshús. Orðið er leitt af gríska orðinu kyriakon; þ.e. „sá sem er guðs“. Kirkjur hafa verið all margar í Rauðasandshreppi frá fornu fari, séu bænhús meðtalin. Þó ekki séu um það beinar ritheimildir má leiða veigamikil rök að því að fyrsta kirkja á Íslandi hafi verið reist í Kollsvík. Kollur landnámsmaður var, ásamt fóstbróður sínum Örlygi, í trúboðsskóla á Suðureyjum. Patrekur biskup sendi þá í trúboðsleiðangur til Íslands; á Kjalarnessvæðið þar sem þá var að myndast þétt byggð, og kirkjuvið höfðu þeir meðferðis. Þeir hróktust vesturfyrir land og náðu landi í Rauðasandshreppi. Eftir vetursetu verður það niðurstaðan að Kollur nemur land í Kollsvík og hásetar hans allt nágrennið, en Örlygur fer suður og reisir kirkju að Esjubergi. Miklar líkur eru á því að Kollur hafi einnig reist kirkju í Kollsvík; enda hér kominn í sama tilgangi. Líkur eru þá á að hann hafi lokið fyrir við hana en Örlygur, þar sem hann byrjaði árinu fyrir. Bær hans hlýtur nafnið Kirkjuból, þó í seinni tíð hafi hann tekið nafn af vikinni. Víst er að í Kollsvík er orðin staðfest kaþólsk hálfkirkja rúmum þrjúhundruð árum síðar; þegar Guðmundur biskup góði lagði sína leið í Kollsvík ásamt föruneysi sínu. Höfðingjaveldi komst fljótt á legg í Saurbæ á Rauðasandi. „Markús Gíslason bóndi að Saurbæ á Rauðasandi, fór utan og lét höggva í Noregi kirkjuvið góðan. Síðan fór hann til Íslands og kom út í Gautavík á Austfjörðum. Hann gaf allan kirkjuviðinn Sigmundi Ormssyni, sem þá var mestur höfðingi á Austurlandi og lét hann gera af honum kirkju á Valþjófsstað". (Safn til sögu Íslands). Þetta mun hafa verið um 1180 en 10 árum seinna íór Markús Gíslason aðra ferð frá Saurbæ til að sækja kirkjuvið, og byggði af honum kirkju í Saurbæ. Í hana setti hann kirkjuklukkur tvær, og Ólafsskrín, er hann kom með úr þessari ferð, að því er segir í sömu heimildum. Má vera að í kjölfar kristnitökunnar hafi togstreita orðið milli Kollsvíkur- og Bæjarhöfðingja um kirkjumál og hinn síðarnefndi haft betur. Í Saurbæ var síðan um aldir höfuðkirkja svæðisins; helguð heilagri Maríu og Jóni postula, en *hálfkirkjur* og *bænhús* voru nokkur á 15. öld, einkanlega á fjölmennum byggðum sem áttu langa kirkjusókn. Bænhús var sett í Breiðavík árið 1431 af Jóni biskupi Geirekssyni; bænhús voru einnig í Sauðlauksdal; Melanesi (frá 1514); Stökkum; Hvallátrum; Veturbotni og Geirseyni. Hálfkirkja var þá í Kollsvík, eins og áður sagði, og eingöngu þar voru leyfðar greiftranir utan Saurbæjarkirkju sjálfrar. Árið 1512 setti Stefán Jónsson biskup sóknarkirkju í Sauðlauksdal, og þangað skyldi eiga sókn fólk af öllum bæjum við Patreksfjörð. Nokkru síðar gáfu eigendur Sauðlauksdals; Jón Jónsson Íslendingur og Dýrfinna kona hans, 6 hundruð til Sauðlauksdalskirkju, auk ýmissa hlunninda. Síðari eigendur gáfu staðnum alla jörðina. Um siðaskiptin uppúr 1550 voru öll bænhúsin aflögð, og einnig hálfkirkjan í Kollsvík. Þá eru einungis tvær kirkjur í Rauðasandshreppi; Saurbæjarkirkja og Breiðavíkurkirkja. Langur hefur þá *kirkjuvegurinn* verið frá ystu bæjum, t.d. frá Vatneyri, Geirseyni og Útvíknaþéjunum; en ströng skylda hvíldi á öllum um að sækja messur reglulega. Árið 1824 rættist úr fyrir Útvíknaþólki, þegar sett var sóknarkirkja í Breiðavík með sérstöku konungsbréfi árið 1824. Voru þá 3 sóknir í hreppnum. Árið 1907 var Patrekshreppur stofnaður út úr Rauðasandshreppi og það ár var þar vígð sóknarkirkja, en 1903 hafði þar verið stofnuð sérstök kirkjusókn. Síðustu áratugi hefur fækkað mjög í sóknnum Rauðasandshrepps; ekki er lengur (árið 2016) unnt að manna sóknarnefnd í Breiðavíkurkirkju, og fáir eiga sókn í Sauðlauksdals- og Saurbæjarkirkjur.

Kirkjuból (n, hk) Fornt heiti jarðar sem kirkja stóða á. Einnig stundum nafn jarðar í kirkjueign. Langflest eru kirkjubólsofnin á Vestfjörðum; en af 26 kirkjubólsofnum á landinu eru 5 í Barðastrandasýslum; 10 í Ísafjarðasýslum og tvö í Strandasýslu. Talið er að nafnið kirkjuból bendi til að þar hafi kirkja staðið a.m.k. frá upphafi kristni í landinu, en líklega þó enn fyrir; eða þar sem kristnir landnámsmenn reistu sínar heimakirkjur. Einkum er talið að þar hafi átt í hlut landnámsmenn frá Írlandi og Suðureyjum, þar sem kristni var landlæg. Nafnið Kirkjuból var eitt sinn notað um Kollsvíkurjörðina. Ekki er vitað frá hvaða tíma, en á síðari öldum hafði það vikið fyrir Kollsvíkurnafninu. Það var svo tekið upp aftur um tíma á síðari hluta 19.aldar og var viðloðandi framundir miðja 20.öld, þegar Kollsvíkurnafnið tók aftur við. Töluverðar líkur eru á því að Kollur landnámsmaður hafi reist sér kirkju í Kollsvík og af henni sé nafnið dregið. Fóstbræðurnir Kollur og Örlygur voru að námi við Kólumbusarklaustrið á Iona á Suðureyjum. Patrekur biskup sendi þá til Íslands þar sem þeir skyldu reisa kirkju og boða trú á Kjalarnesi. Þeir hróktust vesturum land. Örlygur fór aftur suður eftir vetursetu í Örlygshöfn en Kollur braut skip sitt í Kollsvík og lét þar skeika að sköpuðu. Allar líkur benda til þess að hann hafi þar reist sér kirkju; líklega hina fyrstu á Íslandi, til þakkar drottni og heilögum Kólumba fyrir björgunina. Síðan hafi bærinn tekið nafn af kiskjunni og nefnst Kirkjuból, en Kollur tekið nafn af fjallinu fyrir ofan, sem að nokkrum líkindum hefur heitið eftir sékennilegri lögun sinni og nefnst Kollur eða Kollnúpur sem síðar stýttist í Núpur. Landnámsmaðurinn kann að hafa heitið Örn, en munnmælasagan segir að Arnarboði heiti í höfuð stýrimanni Kolls. Þar sem stýrimaður á þessum tíma var æðsti stjórnandi skipsins gæti þar verið komið hið rétta heiti landnámsmannsins. Hann hafi síðar tekið nafn af viki sinni, líkt og síður var í þann tíð; nefnst Koll-Örn og síðar Kollur.

Kirkjubóndi (n, kk) Eigandi og ábúandi kirkjustaðar; prestvígður sem þjónaði kirkju sinni. Á þjóðveldisöld var kirkjubóndi oft goðorðsmaður, en goðum var síðar bannað að taka vígslu. Líklega hefur Kollur landnámsmaður verið fyrsti kirkjubóndi landsins; sjá *kirkjuból*. Á síðari tímum er heitið kirkjubóndi notað yfir bónda á kirkjustað.

- Kirkjubygging** (n, kvk) Bygging nýrrar kirkju. „Ekki var einhugur í sókninni um nýja staðsetningu Breiðavíkurkirkju, en eftir að hún var ákveðin unnu öll sóknarbörn að kirkjubyggingunni í sjálfböðavinnu“.
- Kirkjugarðsveggur** (n, kk) Veggur kringum kirkjugarð. „Jón hét Saurbæjarprestur sem einnig sinn þjónaði Sauðlauksdal. Eitt sinn var hann á heimleið þaðan eftir messugerð. Leiðin liggur neðan Síðaskeggs, sem er áberandi bergþil í klettunum utan- og ofanvið Lambavatn. Þar býr skessa ein mikil, og hugði hún gott til glóðarinnar er hún sá prest. Jón hraðaði fœr sinni er hann sá óvættinn *steðja* niður hliðina, og reið í loftköstum í átt til Bæjarkirkju. Vissi hann að sín eina von væri að komast á vígðan reit. Við kirkjugarðsvegginn stökk hann af baki; hljóp inn í kirkjuna og hringdi klukkunum sem ákafast. Skessan var komin að garðinum en brá nú við hart. Spyrnti hún fæti í vegginn svo úr honum hrundi, og mælti; „Stattu aldrei, argur“ Hafa þau álög hvílt á kirkjugarðsveggnum síðan, og jafnan leggst hann útaf á nokkurra ára bili. Reyndar kunna vantrúarmenn að skýra það með því að þarna er jarðvegur bæði djúpur og gljúpur undir“. Við svonefnda Jónshlöðutóft; efst í Kollsvíkurtúni, stendur steinnibba úr jörðu. Sá steinn er sagður hluti af kirkjugarðsveggnum kringum hina fornu Kollsvíkurkirkju. Kann það vel að vera; enda hafa iðulega komið upp mannabein úr jörðu þar stutt frá. Jónshlaðan stóð þá líklega á sama stað og kirkjan stóð forðum.
- Kirkjuhóll** (n, kk) Hóll sem kirkja stendur á. Tilhneyging hefur verið til þess frá því að byggð hófst í landinu, að byggja bæi og kirkjur á hólum og hæðum í landslaginu, þó ýmsir aðrir þættir hafi einnig vegið þungt, s.s. skjól; hætta af snjó- og vatnsflóðum, gróðurfar, megináttir, útsýni og fleira. Bæjarhólar hafa svo stækkað í tímans rás, þegar hvert mannvistarlagið hlóðst ofan á annað. Slíkt má sjá á bæjarhólum t.d. í Kollsvík og á Láganúpi. Kirkjur voru jafnan stutt frá bæ, og einnig á einhverri hólmynd ef kostur var. Þannig hagar til í Kollsvík. Í hásuður af gamla bæjarhólum er nokkru lægri hóll, þar sem nú er tóft Jónshlöðu. Þar stóð fyrrum hálfkirkjan í Kollsvík; e.t.v. fyrsta kirkja sem reist var á Íslandi (sjá kirkja).
- Kirkjujárn** (n, hk) Járnkarl í eigu kirkju, sem notaður er til að höggva jarðklaka þegar grafir eru teknar að vetrarlagi. „Að morgni þess sama dags og slysið varð (1774), tóku piltarnir kirkjujárníð í leyfisleysi til að kanna ísinn á vatninu“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu).
- Kirkjukaffi** (n, hk) Kaffi sem boðið er uppá að lokinni messu. „Alltaf var boðið uppá kirkjukaffi að messulokinni, og ekki af verri endanum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Kirkjurækinn** (l) Samviskusamur með kirkjusókn; fer oft til messu.
- Kirkjusókn** (n, kvk) A. Sækja kirkju; skylda til að sækja tiltekna kirkju. „Kollsvíkingar áttu í margar aldir kirkjusókn að Saurbæ, eða allt til þess að í Braiðavík var stofnuð sóknarkirkja árið 1824“. B. Svæði/byggð sem sókn til tiltekinnar kirkju nær til. „Fátt er nú orðið í kirkjusókn Breiðavíkur“.
- Kirkjuvegur** (n, kk) Leið til sóknarkirkju. „Kirkjuvegur (frá Kollsvík að Saurbæ) lángrur og vondur; meir en þingmannaleið...“ (AM/PV Jarðabók).
- Kirkjuviður** (n, kk) Viður til kirkjubyggingar; viður úr kirkjubyggingu. „Landnáma segir að þeir fóstbræður Kollur og Örlygur hafi haft með sér kirkjuvið þegar þeir komu í sinn trúboðsleiðangur til Íslands. Eftir vetursetu í Örlygshöfn sigldi Örlygur suður og byggði kirkju að Esjubergi. Líklegt er að Kollur hafi strax hafið byggingu kirkju í Kollsvík, og hún þannig orðið fyrsta kirkjan sem reis á Íslandi. Kollsvík var minnsta landnám landsins, og fjarlæg ritunarstað Landnámu í tíma og rúmi. Því er Kollskirkju þar ekki getið“.
- Kirkjuvætt** (n, kvk) Skiptahlutur kirkju af hvalreka á fjörur þar sem hún á ítök. „Ekki er þess heldur getið að Einar hafi goldið kirkjuvættir af hvalnum til Saurbæjarkirkju á Rauðasandi, er þá var venja til. Kirkjan var talin eiga tíundu hverja vætt af öllum hvalreka sem á land kom á svæðinu frá Skor að Tálkna“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).
- Kirtill** (n, kk) Líffæri líkamans, sem vinnur efi úr blóðinu og framleiðir ýmist vökva af einhverju tagi eða annað, t.d. hormón. (Sjá einnig *kyrtill*).
- Kisa** (n, kvk) A. Köttur. B. Líkingamál; sá/sú sem þolir illa hita. „Gefðu mér mjólkurlögg í kaffið; ég er svoddan kisa“. Sjá einnig *eins og köttur í kringum heitan graut*. C. Líkingamál um veður; *kasta kisu*.
- Kisi** (n, kk) Gæluorð um kött, oftast notað um högna.
- Kista** (n, kvk) Aflangur kassi, oftast úr tré og opnanlegur að ofan. Kistur voru mikilvæg ílát á heimilum fyrrum. Í þeim voru geymd fœt og fleiri persónulegar eigur, og þannig kistur voru oft hafðar nærri rúmi eigandans. Í búri voru oft kistur til geymslu á mjöli og annarri matvöru. Kistur voru oft með kúptu loki, allt að 1m að lengd og 30-50cm á aðra vegu. Lamir að utanverðu; oft góður lás með lykli og stundum járnslagnar. Í kistu var oft hólf að endilöngu að innanverðu, nefnt handraði, þar sem smáhlutir voru geymdir. Kistur voru einnig til annarra nota; t.d. líkkistur og kaðlakistur; og í seinni tíð frystikistur. Gluggakista er ekki eiginleg kista, heldur innri umgjörð glugga. Dragkista var annað orð yfir það sem nú er nefnt kommóða. Fiskikista er notað um fiskigeymslur eða fiskigildrur í ám; einnig sem líking um gjöful fiskimið.
- Kistill** (n, kk) Lítil kista; lítill kassi. Oftast með sléttu loki og stundum með hólfum í lokinu. „Við rúmbríkina hjá mér er kistill“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

- Kisulóra / Kisukvikindi** (n, kvk) Gæluorð um kisu/kött. „Hvað er kisukvikindið nú að sniglast frammi á túni“?
- Kisur** (n, kvk, fto) A. Stakar vindhviður sem mynda gárubletti á yfirborði sjávar í misvindi eða þegar vind eykur skyndilega. „Til hafsins er kominn *norðan mökkur* og jafnsnemma leggur norðan kisur heim úr Blakknum og eykur norðan báru“. B. *Kerlingar; þunnildi á steinbít* (sjá *steinbítur*).
- Kitl** (n, hk) Létt snerting. Stundum notað við veiðiskap. „Mér fannst ég finna eitthvert kitl (í færið)“.
- Kitla** (s) A. Snerta einhvern á þann hátt að hann fari að hlæja. B. Fá fiðring7kitltilfinningu. „Fjári er óþægilegt að kitla í nefið þegar maður er með sjóvettlinga; viltu klóra mér örlítið“?
- Kitlinn** (l) Viðkvæmur fyrir kitli; iðar/hlær við minnstu viðkomu.
- Kitlur** (n, kvk, fto) Tilfinningin/hæfileikinn að kitla/ fá fiðring þegar maður er snertur létt á sumum stöðum, t.d. hálsi eða kvið. „Vantar í þig kitlurnar núna“? Sjá einnig *taka úr kitlurnar*.
- Kitlinn** (l) Viðkvæmur fyrir kitli; kitlar við minnstu snertingu. „Óskaplega ertu kitlinn“!
- Kíf** (n, hk) Jag; deilur; tuð. „Hættiði nú þessu eilífa kífi“! „Mikið fer þetta kíf í taugarnar á mér“!
- Kífa** (s) Deila; jagast; tuða. „Ef þið ætlið áfram að kífa um þetta þá sigli ég í land“!
- Kífinn / Kífsamur** (l) Gjarn á að kífa/deila. „Hann á það til að vera leiðinlega kífinn útaf smámunum“.
- Kíghósti** (n, kk) A. Soghósti; smitnæmur sjúkdómur með miklu hóstakviðum. „Eitt barn þeirra; Jón Ingvar, dó úr kíghósta árið 1920“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG). B. Líkingamál um slæman/óstöðvandi hósta. „Skárri er það nú andskotans kíghóstinn í manni“!
- Kíkir** (n, kk) Áhald með glerlinsum, til að sjá betur það sem fjarlæggt er. Ekki er vitað hvenær kíkir kom fyrst í Kollsvík, en í seinni tíð þótti hann nauðsynlegur á hverjum bæ, t.d. til að fylgjast með sauðfé og bátum.
- Kíkishulstur / Kíkistaska** (n, hk) Hulstur/taska utanum kiki. „Hér er kíkistaskan tóm; einhver hefur gleymt að setja kíkinn á sinn stað“.
- Kíkislaus** (l) Án kíkis. „Mér sýnist eitthvað fé vera þarna, en kíkislaus get ég ekki greint fjöldann“.
- Kíkisól** (n, kvk) Ól á kiki til að bregða um hálsinn til öryggis.
- Kíkisræfill** (n, kk) Gæluorð um kiki. „Það er víst eins gott að muna eftir að hafa kíkisræfillinn með“.
- Kíkja** (s) A. Líta á; skoða. „Leyfðu mér að kíkja á þetta hjá þér“. B. Skoða með kiki. „Ég gat ekki séð neitt fé í Hryggjunum þegar ég kikti“. C. Líta við; heimsækja. „Kíktu hingað ef þú ert á ferðinni“.
- Kíkja eftir** (orðtak) Leita að; *horfa eftir*. „Mundu nú að kíkja eftir reka ef þú ferð niður á Bakkana“.
- Kíkja fjöl/borövið** (orðtak) Horfa eftir kanti á fjöl til að athuga hvort hún er bogin. „Kíktu réttskæiðina fyrir mig; sýnist þér ekki líka að hún sé dálítið sveigð“?
- Kíll** (n, kk) Hægrennandi, djúpur lækur; aflangur pollur eða lón; aflagður árfarvegur.
- Kílræsa** (s) Plægja jörð með kírlóg til þurrkunar. „Sléttur víða í Kollsvík voru kílræstar kringum 1970. Kírlógurinn var flatjárn sem fest var niður úr ýtutannarboga, en neðst á því var járnkeila; kíllinn. Þegar boginn var niðri var kíllinn um metra niðri í jörð; ýtan bakkaði og dró kíllinn þannig niðri í jörðinni og myndaði holu, um 8cm í þvermál, sem síðan urðu vatnsrásir neðanjarðar, út í skurð; með 10-20m millibili. Sumsstaðar náðist að þurrka með þessu bleytusvæði í sléttum“.
- Kíma** (s) Brosa/glotta lítilliga. „Karlinn svaraði engu en kímði við“.
- Kímileitur** (l) Sposkur; glaðleitur; með glettnissvip. „Hann horfði kímileitur á aðfarirnar“.
- Kímni** (n, kvk) Spaugsemi; grín. „Kímnigáfa er mönnum misjafnlega í blóð borin. Engu er líkara en sumum sé það eðlislægt að skemmta hinum sem naumara er skammtað af slíku. Slík kímni var eðlislæg mönnum eins og Kitta í Botni; Jónsa á Hnjóti; Ívari í Kirkjuhvammi; Marínó í Tungu og ýmsum öðrum á gullaldarárum Rauðasandshrepps í mínu minni“ (VÖ).
- Kímnigáfa** (n, kvk) Hæfileiki til að sjá skoplegu hliðarnar á flestu; hæfileiki til að segja skemmtilega frá. „Kímnigáfan brást honum ekki, *frekar en fyrri daginn*“.
- Kínverska** (n, kvk) A. Mál kínverja. B. Líkingamál um hvaðeina sem óskiljanlegt er af máli eða letri. „Þetta hljómar bara eins og einhver kínverska fyrir mér“!
- Kíta** (s) Rífast; deila án illinda. „Þetta er nú allt í góðu hjá þeim strákunum; þeir eru bara eitthvað að kíta“. Orðið er ýmist skrifað með „í“ eða „ý“, og er það síðara líklega rétt, þar sem líkingin er við að *kýta* fisk þegar hann var verkaður í *skreið*; dregið af „kútur“.
- Kítta** (s) Þetta með *kitti*.
- Kítiti** (n, hk) Seigfljóttandi efni til að þetta rifur með, t.d. við gluggaísetningar og aðra smíði. Margvíslegar tegundir bjóðast í dag, með mismunandi eiginleika. Orðið er samstofna orðinu kvoða.

Kíttisbyssa (n, kvk) Kíttissprautu; áhald til að sprautu kítti/þéttiefni í rifur og samskeyti.

Kjafta (s) A. Tala (notað í neikvæðri merkingu). B. *Gjöfka*; verða laust í festingum/liðamótum: „Stóllinn er farinn að kjafta“. C. Um vélar; ganga. „Samt hélt vélin áfram að kjafta þar til við vorum komnir á lygnari sjó“ (ÖG; Fiskiróður).

Kjafta á ... hver tuska (orðtak) Vera vel málgláður/skrafhreyfinn. „Hann var eitthvað niðurdreginn í gær og dróst varla úr honum orð, en í dag er allt annað uppi á teningnum. Það kjaftar á honum hver tuska“.

Kjafta frá (orðtak) Segja frá því sem leynt á að fara; *skolta*. „Ekki gat hann *setið á sér* að kjafta frá þessu“!

Kjafta frá sér allt vit (orðtak) Tala of mikið/of lengi. „Er klukkan orðin svona margt? Maður kjaftar frá sér allt vit þegar sjaldséðir gestir koma í heimsókn“.

Kjafta í kaf / Kjafta uppi (orðtök) Tala svo mikið að viðmælandinn kemur ekki að orði. „Það óð svo á kerlingunni að hún kjaftaði mig gjörsamlega í kaf“.

Kjafta (einhvern) uppi (orðtak) Tala svo mikið við einhvern að hann gleymi sér/ hvað tímanum líður. Sjá *láta kjafta sig uppi*.

Kjafta útúr sér (orðtak) Segja frá; upplýsa. „Hann hefði alveg mátt kjafta því útúr sér að hann hefði séð kindurnar á Hnífunum; í stað þess að láta okkur *plampa* framum allan Vatnadal“!

Kjaftabein (n, hk) Bein í kjafti fisks sem tanngarðurinn situr á. „Þegar fiskur er seilaður er seilanálinni stungið undir kjálkabarðið hjá kverksiginni vinstra megin, og út fyrir ofan kjaftabeinið“.

Kjaftablaður (n, hk) Kjaftæði; *munnræpa*; bull. „Ég hlusta ekki á svona rugl; þetta er ekkert annað en kjaftablaður“!

Kjaftafyllur (n, kvk, fto) ...óljós merking... (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Kjaftagangur (n, kk) Kjaftæði; mas; samfellt og hátt tal. „Hættið nú þessum kjaftagangi strákar, og farið strax að sofa“!

Kjaftagleiður (l) Málgefinn; *kjaftfor*. „Þú værir ekki svona kjaftagleiður hefðirðu sjálfur tapað slóðanum“!

Kjaftaglúmur / Kjaftaskúmur (n, kk) Kjaftakvörn; málgefinn/lausmáll maður. „Það er ekki hægt að trúá þessum kjaftaglúmi fyrir nokkrum hlut“!

Kjaftakerling (n, kvk) *Sögusmetta*; *slúðurgefin* kona. „Ég tek nú lítið mark á þeirri kjaftakerlingu“!

Kjaftaklúbbur (n, kk) Samkoma þar sem mikið er talað, en af litlu viti og tilefni. „Ég held ég nenni ekki að sækja svona fund aftur. Þetta er ekkert nema tilgangslaús og hugsunarlaus kjaftaklúbbur“!

Kjaftakvörn (n, kvk) Kjaftaglúmur; *símalandi* einstaklingur. „Mikið er ég leiður á þessari kjaftakvörn“!

Kjaftaprestur (n, kk) Sá bátverji í línudrætti sem fylgist með aflanum sem sést koma upp á línunni. „Jafnskjótt og byrjað var að draga bauðst einhver hásetinn til að vera kjaftaprestur; hann ætlaði að segja til hvað margir fiskar sæjust utan borðs hverju sinni. Oft var það andófsmaður á stjórn eða sá sem goggaði. Yfirleitt mátti ekki telja fisk á lóð með venjulegum hætti...“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Um talningaraðferðir; sjá *bannorð*.

Kjaftasaga / Kjaftasögn (n, kvk) Sveitaslúður; slúðursaga; gróusaga; slaður. „Þetta var kjaftasagan sem ég heyrði“. „Það hefur gengið einhver kjaftasögn um að þú værir að hætta að búa“.

Kjaftar á (einhverjum) hver tuska (orðatiltæki) Einhver er málgefinn/þagnar ekki. „*Annað slag*ð dregst ekki úr honum orð, en hina stundina kjaftar á honum hver tuska“.

Kjaftasaga (n, kvk) Slúður; flugufregn. „Ég veit ekkert hvað er til í þessu, en þessi kjaftasaga er að ganga“.

Kjaftaskur (n, kk) Kjaftaglúmur; blaðurskjóða. „Maður skyldi aldrei trúá þeim kjaftaski“!

Kjaftasnakk (n, hk) Kjaftæði; innantómt blaður. „Ég er búinn að fá nóg af þannig kjaftasnakki“.

Kjaftastóll (n, kk) A. Klappstóll; samafellanlegur stóll. „Kjaftastóll var lengi til í stofunni heima, smíðaður af afa mínum Guðbjarti Egilssyni á Lambavatni. Fætur stólsins voru renndir, og munu hafa verið það fyrsta sem afi renndi eftir að hann fékk fótstigna rennibekkin sem Valdimar bróðir hans smíðaði. Stóllinn var baklaus og um tíma með setu úr selskinni. Síðar breytti mamma honum í ferkantað borð sem átti að verða skákbörð, en er enn í stofunni á Láganúpi“ (VÖ). B. Í líkingum um stól sem er bilaður á samsetningum. „Sestu varlega; þetta er hálfgerður kjaftastóll“.

Kjaftatífa (n, kvk) Sögusmetta; blaðurskjóða. „Byrjar hún enn, þessi kjaftatífa, að bera út sögur“!

Kjaftatík (n, kvk) A. Hundtík sem geltir mikið. B. Niðrandi heiti á konu; blaðurskjóða; kjaftakerling; *bullukolla*; slúðrandi kvenmaður. „Taktu ekki mark á þeirri kjaftatík“.

Kjaftatörn (n, kvk) Langt samtál. „Við lentum á kjaftatörn svo ég gleymdi alveg tímanum“.

Kjaftavaðall (n, kk) Ákaft og hávaðasamt samtal; vaðall; málæði. „Hættið nú þessum andskotans kjaftavaðli; það er ekki svefnfriður í húsinu“!

Kjaftavit (n, hk) Hæfileiki til að tala þannig að ókunnugum sýnist af töluverðu viti, þó innihaldið sé rýrt og hugsunin lítil sem að baki býr. „Hann hefur töluvert kjaftavit; það *verður ekki af honum skafid*“.

Kjaftabáttur (n, kk) Báttur í útvarpi/sjónvarpi þar sem mikið er talað/blaðrað. Einkum notað í niðrandi tón um þá sjálfhverfu blaðurþætti sem tröllríða fjölmiðlum, þar sem fáeinir fjölmiðlamenn á launum hjá almenningi blaðra hver við annan um eigin áhugamál með aulalegum hlátrasköllum og flissi.

Kjaftaþvaður / Kjaftaþras / Kjaftaþvæla / Kjaftæði (n, kvk/hk) Algert rugl/bull; alger vitleysa; *haugalygi*. „Ég heyrði þessu fleygt, en ég býst við að það sé bara einhver kjaftaþvæla“. „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona kjaftæði öllu lengur“!

Kjaftbiti (n, kk) Munnbiti; biti sem hæfilegur er í munn í einu. „Það var ekki kjaftbiti eftir þegar hann var hafði lokið sér af“.

Kjaftfor (l) Kjaftagleiður; gefinn fyrir að rífast; djarfur í tali. „Hann var bara kjaftfor við gamla manninn“.

Kjaftfylla (s) Yfirfylla; fylla alveg; *troðfylla*; *pínsfylla*. „Það þýðir ekki að kjaftfylla pokann; þú verður að ná að binda fyrir hann“! „Það gerði því lítt sandrok að Torfalækurinn kjaftfylltist af sandi“.

Kjaftfyllast (s) Fyllast alveg/algerlega. „Netin kjaftfylltust af þara í norðangarðinum“.

Kjaftfylli (n, kvk) A. Munnfylli; gúlfylli. B. Fullfermi (um bát).

Kjaftfullur (l) Alveg fullur; barmafullur. „Þorskurinn var kjaftfullur af síli, svo vall uppúr honum“.

Kjaftfær (l) Slarkfær; fær um að tala um málefni; samræðuhæfur. „Ég get alveg verið kjaftfær í þessu, þó ekki sé ég neinn sérfræðingur“.

Kjaftháttur (n, kk) Bull; lygabuður. „hann var víst rekinn úr skólanum fyrir kjafthátt“.

Kjaftíska (n, kvk) Kjaftæði; bull; þvæla; orðatiltæki sem ekki fær staðist og/eða hefur ekki tíðkast. „Hverskonar kjaftíska er þetta nú eiginlega“?!

Kjaftshögg (n, hk) Högg á kjálka/kjaft. „Ég ráðlagði honum að pilla sig strax í burtu ef hann vildi ekki vel útilátið kjaftshögg“. B. Slæm uppákoma; áfall. „Það var bölvæð kjaftshögg að tapa þessum streng“.

Kjaftstopp (l) *Klumsa*; *eiga ekki til orð*. „Ég hélt að þeir væru að ljúga til um aflann, en þegar ég gáði í bátinn varð ég alveg kjaftstopp“. „Kerlingin hellti sér yfir karlinn með óbótaskömmum þegar hann kom heim, svo hann varð alveg kjaftstopp“. Sjá *gera kjaftstopp*.

Kjaftstór / Kjaftviður (l) Munnviður. „Skötuselurinn er firna kjaftstór miðað við búkstærð“.

Kjafttugga (n, kvk) Heytugga. „Ég er hræddur um að kýrnar hafi fengið of lítið nuna; það er ekki kjafttugga eftir hjá þeim“.

Kjaftur (n, kk) A. Munnur á dýrum; munnur á mönnum í niðrandi merkingu. B. Mynni; opnun á dal/lægð. „Féð er að koma heim um Sandslágarkjaftinn“.

Kjaftur á honum/henni (orðtök) Er *kjaftfor*; hefur uppi *stóryrði*/skammir. „Það var *aldrei* að það var kjaftur á honum! Maður kom varla að einu orði“!

Kjaftvik (n, hk) Munnvik. „Öngullinn sat laflaus í kjaftvikinu á lúðunni; það var hundaheppni að ná henni“!

Kjaftæði (n, hk) Vitleysa; rugl; þvæla. „Þvílíkt og annað eins kjaftæði hef ég aldrei fyrr heyrt“!

Kjag (n, hk) Rölt; vag. „Það er heilmikið kjag fyrir svo seinfæran mann að röta inn Tunguheiði“.

Kjaga (s) Vaga; rölt; ganga með vaggandi göngulagi. „Ætli maður reyni ekki að kjaga niður að sjó“.

Kjalbakkur (n, kk) Um bátsmíði; fjöl sem fest er flöt ofaná kjölinn, ogfestist einnig við kjalsíðuna.

Kjaldrag /Kjöldrag (n, hk) *Drag* undir kili báts; renningur með mikinn slitstyrk til að taka við álagi af því að báturinn er dreginn í fjöru með tilheyrandi núningi. Sjá *drag*.

Kjallarakompa (n, kvk) Lítið rými undir húsgólfi. „Algengt var, fyrst eftir að hús fóru að byggjast með steiptum sökkli; að sökkullinn væri hafður holur, innangengur og svo djúpur undir gólf að þar mætti komast um; nota fyrir geymslu og e.t.v. smíða- eða þvottaadstöðu. Þannig var t.d. í Kollsvíkurhúsinu“.

Kjalfatta (s) Þetta skip með því að slá hamp (oft tólgar- eða tjöruborinn) inn á milli borða/planka í byrðingnum. Annarsstaðar nefnt að „kalfatta“. „Kom þá í ljós að kjalfatta þurfti allt skipið fyrir ofan sjólínu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Kjalsíða / Kjalsýja / Kjalborð / Kjölsíða (n, kvk) Neðsti hlutinn í súð báts; fyrsta umfar; borð/planki sem liggur með kilinum og lagaður er þannig að næsta borð kemur í rétta stefnu frá kili.

Kjalsvín (n, hk) Hluti skips; öflugur langbiti sem liggur ofaná og langseftir kili sumra skipa; einkum seglskipa. Í kjalsvínið festast kjalsíður og ofan á það kemur stellingin, sem mastursfötur situr í.

Kjammi (n, kk) A. Hluti af andliti; haka, kjálkabarð, kinn og uppeftir gagnauga. „Ætli maður þurfi ekki eitthvað að skafa á sér kjammanna áður en haldið er á mannamót“. „Hundrað kíló vóg ég hérna í fyrravor./ Heldur er það mikið segir granninn./ En þær eru ekki duglegri sem drepast vilja úr hor,/ né dyggari þótt málaður sé kjamminn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Sviðakjammi; helmingur af sviðahaus; auga og kjálki. C. Hlið í landslagi. „Brekka í brúninni utan Gjardals heitir Gjárdalskjammi“.

Kjams (n, hk) Það að kjamsa/tyggja; hljóð sem heyrist þegar tuggið er.

Kjamsa (s) Tyggja; tönnla; smjatta.

Kjamsa á (orðtak) Smjatta á; oftast notað í óeiginlegri merkingu þegar sagt er ítrekað frá krassandi/kjarngóðri frétt/sögu. „Kjafastmettunum mun heldur betur þykja varið í að kjamsa á þessu“.

Kjamsa í sig (orðtak) Slafra/hylka í sig; borða; eta. „Blessaður kjamsaðu þetta bara í þig og vertu ekki að fást um útlirið á því“.

Kjanna / Kolla (s) Kljúfa upp steinbítshaus í tvo helminga til herslu. „Steinbítshausinn var klofinn/kjannaður/kollaður upp; ýmist með hníf eða exi og undir honum hafður hvalhryggjarliður ef til var. Haldið var með vinstri hendi undir neðri góm og hnakkabeinið klofið niður um miðju. Urðu þá til tveir jafnstórir *kjannar*. Einnig var hausinn klofinn að innanverðu við vinstra augað; hnakkabeinið skorið úr. Urðu þá kinnarnar eftir og héngu saman á *granabeininu*, en *kjafabeinið* var áfast þeirri vinstri; allt kallað beinakjanni/beinakjammi.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; AE; DE; ÖTh).

Kjanni (n, kk) Kinn/helmingur á hertum fiskhaus (sjá *kjanna* og *steinbitur*).

Kjarkaður (l) Kjarkmikill. „Menn þurfa að vera nokkuð kjarkaðir til að fara neðanfrá upp í Brimnesgjótu“.

Kjarkkona (n, kvk) Áráðin/kjarkmikil kona. „Hún var kjarkkona, sem lét sér fátt fyrir brjósti brenna“.

Kjarklaus / Kjarklítill (l) Huglaus; uppburðarlítill. „... og Gvendur Jónsson; einhleypur og heldur kjarklítill karl, sem jafnan var í vinnumensku“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).

Kjarklegur / Kjarkmikill / Kjarkstór (l) Hugaður; hugrakkur. „Hlaut hann mikið hrós fyrir kjarklega framgöngu“. „Ekki var hundurinn kjarkstór þegar hrúturinn sneri sér við“.

Kjarkleysi (n, hk) Heigulsháttur; skortur á kjarki. „Það má kannski segja að þetta hafi verið kjarkleysi, en mér er illa við að taka áhættu þegar um aðra er að ræða en sjálfan mig“.

Kjarkmaður / Kjarkmenni (n, kk) Sá sem er hugaður/áræðinn. „Kjarkmaður ertu; að láta þetta útur þér svona umbúðalaust“! „Það þarf kjarkmenni til að leggja í þetta klifur“.

Kjarnabeit (n, kvk) Mjög kjarnmikil beit fyrir fé eða nautgripi. „Ókosturinn við þessa kjarnabeit á Stígnum er sá að lömb verða mjög spikuð, og hættir þá fremur til að hrapa í brattlendinu“.

Kjarnakarl / Kjarnakerling / Kjarnakona / Kjarnakvenmaður (n, kvk) Atorkumiklar/*dugandi* manneskjur.

Kjarnfóður (n, hk) Fóðurbætur; kraftmikið fóður sem gefið er skepnum með heyjum og til að auka afurðir.

Kjarnfóðurgjöf (n, kvk) Fóðrun búfjár með kjarnfóðri. „Léleg hey kalla á aukna kjarnfóðurgjöf“.

Kjarngóður (l) Innihaldsríkur. „Kýrnar eru fljótar að græða sig þegar þær fá kjarngott gras“. „Þetta var kjarngóð saga, en ég held að þetta sé bölvuð lygi frá rótum“.

Kjarni (n, kk) A. Miðja þess sem um er rætt. „Þetta er kjarni málsins“. B. Steinn í ávexti. „Ég sker kjarnann alltaf úr eplunum“. C. Marinkjarni (þarategund). D. Tegund af köfnunarefnisáburði. E. Innsti hluti frumu. F. Innsti hluti trjábols; mergur. G. Þungamiðja frumeindar; rót- og nifteindir. H. Miðstöð í borg/byggingu.

Kjarnlítið (orðtak) Um gras/fóður/hey; orkulítið; lélegt. „Beit þarna er fremur kjarnlítill þegar kemur framá“.

Kjarnorður / Kjarnyrtur (l) Gagnorður; orðljótur; orðheppinn. „Hann var vanalega ekki margmáll en þeim mun kjarnyrtari“. „Sigarinn var víst kjarnorður þegar hann kom upp og lét undirsetumenn fá það óþvegið“.

Kjarnorka / Kjarnorkukitti (n, kvk/hk) Stálkitti; sérstök gerð af fljótharðnandi fylli/kitti sem seld var og nokkuð notuð, a.m.k. í Rauðasandshreppi, kringum 1960-80. Gráleitur einþættur massi sem smyrja mátti í rifur og göt á þunnum málmhlutum, s.s. pottum; harðnaði fljótlega og dugði um nokkurn tíma. Líklega kennt við kjarnorku vegna umræðu sem var í upphafi kjarnorkunotkunar. En vitanlega þekktu þar ögn til eins og í öðrum fræðum, og á Láganúpi voru t.d. til bækur um innri gerð mismunandi kjarnorkuofna.

Kjarnorkukona (n, kk) Afburða framtakssóm kona; dugnaðarforkur. „Í þessu reyndist hún kjarnorkukona“.

Kjarnviður (n, kk) A. Innra efni trjábols. „Trjábólur samanstendur úr tvennskona viði; kjarnviði, sem er mjúkur og oftast dekkri, og ytri viði eða afhöggi sem er harðari og ljósari“. B. Líking um mannkostamann.

Kjarnyrði (n, hk) Blótsyrði; kröftugt áhersluorð. „Hann lét víst einhver kjarnyrði fjúka yfir þessari heimsku“.

Kjarr (n, hk) Lágvaxinn trjágróður; runnar. „Skógur er enginn í nágrenni Kollsvíkur, en í Víðilækjunum er nokkurt kjarr af fjalldrapa, lyngi og öðrum gróðri“.

Kjass (n, hk) Kossaf lens; knús; blíðuhót. „Hún sagðist ekki kæra sig um neitt svona kjass frá hans hendi“.

Kjassa (s) Kyssa; knúsa; sýna blíðuhót. „Verið nú ekki að kjassa heimalninginn svona mikið“!

Kjá (s) Gæla; kankast. „Hann er enn að kjá við þessa hugmynd“.

Kjálkabarð (n, hk) Neðri brún á höku.

Kjálkafiskur (n, kk) Hanafiskur; kjaftafiskur; fiskvöðvi utaná kjálka *þorskhauss* (sjá þar).

Kjálkakýr (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; stórgripakjálkar notaðir fyrir kýr. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé*, kjálkakýr, *leggjahross* og *völuhænsn*.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Kjánagangur / Kjánaháttur / Kjánaskapur (n, kk) Heimaska; kjánaleg hegðun. „Hverskonar kjánagangur er þetta nú“?! „Þessi flumbrugangur skilar engu. Mér líkar ekki svona kjánaháttur“.

Kjánalegur (l) Aulalegur; heimskulegur; bjánalegur. „Þetta finnst mér kjánaleg fullyrðing“.

Kjánaprik (n, hk) Gæluorð um krakka sem gerir eitthvað í barnskap. „Þú ert meira kjánaprikið“.

Kjánaskapur (n, kk) Bjánagangur; heimaska; einfeldni. „Skelfilegur kjánaskapur er þetta nú“!

Kjáni (n, kk) Bjáni; auli; heimskingi. „Óttalegur kjáni geturðu verið ef þú heldur það“!

Kjánkast (s) Grínast; segja brandara; hjala létt. „Karlarnir kjánkuðust og *körpuðu* yfir svörtu *ketilkaffi* sem alltaf var til reiðu á *primusnum* þegar tími gafst til“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Kjóí (n, kk) *Stercorarius parasiticus*; sjófugl af kjóaætt sem algengur er sem varpfugl um allt land. Kringum Kollsvík verpur hann helst á melum og holtum, t.d. eru þekkt óðöl á Nautholti ofanverðu; á Brunnsbrekku; neðanvert á Flötum og í grennd við Kjóavötn. Sé komið nærri hreiðri byrjar fuglinn fyrst á því að barma sér, en takist ekki að leiða gestinn burt þannig, hefur hann hatrammar árásir. Rennir hann sér þá á steypiflugi að gestinum og slær hann með væng í höfuðið. Þessu er beitt jafnt á manneskjur sem búfé og hunda. Högginn geta verið all þung miðað við stærð fuglsins. Unginn fellur oft svo vel að umhverfinu þegar hann liggur grafkyrr, að erfitt er að greina hann. Kjóinn er farfugl og lifir á ýmiskonar smádyrum, eggjum og ungum annarra fugla. Hann stundar t.d. mikið að ræna fæðu annarra fugla á flugi. Tvö litarafríggj eru af kjóanum; dökkbrúnt og ljóst eða skjótt. Hljóð kjóans er langdregið væl, og af því leidd líkingin *vælukjói*. Kjóinn er stundum nefndur *vælukjói*, þar eð því var trúað að mikið væl hans vissi á votviðri.

Kjól gopi (n, kk) Lélegur/skjóllitill kjóll. „Mér verður bara hrollkalt að sjá stelpuna í þessum kjól gopa“.

Kjóll (n, kk) A. Fatnaður kvenna. B. Gamalt orð um síða yfirhöfn, einkum finan klæðnað. C. Prestshempa. D. Bátur; skip. Eingöngu notað í kveðskap. „Bjarnar njólu nálgast þrot/ norðra gjólu bani;/ atreið sólar, ísabrot;/ er þá kjóli hrint á flot“ (JR; Rósarímur).

Kjóll og hvítt (orðtak) Fín jakkaföt og hvít skyrta undir. „Það tekur því nú ekki að fara í kjól og hvítt þegar farið er í múkkaegg“.

Kjóll og kall (orðtak) Prestskapur; sókn/umboð prests. „Hann var dæmdur frá kjóli og kalli fyrir drykkjulætinn“.

Kjótla (s) *Mutra*; *mylgra*; þoka einhverju áleiðis í smáum áföngum; ausa bát. „Það er mun fljótlegra að moka undan fjárhúsgrindum með traktor en að kjótla þessu út í hjólbörum“.

Kjulla (n, kvk) Tréhnallur; sleggja með haus úr tré eða steini. „Notaðu kjulluna á sporjárnid“.

Kjurr / Kjur (l) Kyrr; hreyfingarlaus. „Vertu kjurr meðan ég næ flísinni“. „Tófan liggur alveg kjur á bakvið barðið“. „Láttu þetta alveg kjurrt sem ég er að vinna við“. „Draumur er til í sambandi við Selið. K.B. dreymdi eitt sinn er hann hafði tekið hellu eina við Selið, að huldukona kom til hans og sagði: „Láttu vera kjura helluna mína, eða þú skalt hafa verra af““ (Magnús Jónsson; Örn.skrá Raknads).

Kjúka (n, kvk) Fingur- eða tábein. „Hann missti kjúku framanaf löngutöng í þessu vinnuslysi“.

Kjöftugur (l) Lausmáll; málgefinn. „Það er varla hægt að trúa henni fyrir neinu; hún er svo kjöftug“.

Kjökra (s) Vola; skæla; hálf-gráta. „Hún sagði kjökrandi að hún hefði tapað öðrum vettlingnum“.

Kjökur (n, hk) Vol; væl; skælur. „Ég nennti ekki að hlusta á kjökrið í karlinum, og sagði honum að vera bara heima; ég fengi örugglega annan með mér í þetta verk“.

Kjöldraga (s) Aðferð til að refsa manni til sjós. Felst í því að draga hann undir kjöl skipsins. Aðferðin mun hafa verið notuð erlendis en ekki er vitað um staðfest tilvik slíks hérlendis.

- Kjölfar** (n, hk) A. Farvatn; iða sem myndast á eftir bát/skipi, líkt og rák sem dofnar með fjarlægð. Þjóðtrúin segir að blóðlitað kjölfar báts merki að áhöfn hans sé feig. Hún segir einnig að *álfarákir* á sjó séu kjölfar báta huldufólksins. B. Far í jarðveg/fjöru, þar sem bátur hefur verið settur til sjávar/ undan sjó.
- Kjölfesta** (n, kvk) Þyngd sem sett er í botn báts til að gera hann stöðugri á sjónum. „Enn er flutt út í Föenix, uns komið er allmikið háfermi af skreið. Nokkur kjölfesta er þó að trosi“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Kjölfestugrjót** (n, hk) Grjót sem notað er sem *kjölfesta*. „Því var fyrrum trúað að grænenska flökkugrjótið sem víða finnst á fjörum, m.a. í Kollsvík, hefði borist hingað sem kjölfestugrjót. Ljóst er að það hefur komið hingað neðaní borgarisjökum sem bráðnað hafa á grynningum“.
- Kjölfestulaus** (l) A. Án kjölfestu. „Þessi bátur gæti verið hættulegur, svona kjölfestulaus“. B. Líkingamál um mann sem ekki er staðfastur; er ístöðulaus.
- Kjölsog** (n, hk) Neðsti hluti rýmis í bát; sá staður yfir kili báts sem sjór safnast í, sem kemur inn í bátinn. „Þess var gætt að kjölvatnið gæti runnið hindrunarlítið um kjölsogið milli rúma báts, annaðhvort með götum neðst í bunkastokkunum eða með því að pláss væri undir böndunum. Þegar net voru dregin þurfti að kasta út þara sem vildi stífla þessar rásir“. „Þarna missti ég brýnið niður í kjölsogið“.
- Kjöllur** (n, kk) Skjálfti; hrollur. „Heyrði ég þá skruðning upp yfir mér. Það var helluárefti á húsinu. Það hljóp í mig kjöllur, og hljóp ég eftir kistunum að gaflinum“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Kjölréttur** (l) Bátur á réttum kili. „Aftur veltur báturinn og er nú kjölréttur, en borðafullur“ (KJK; Kollsvíkurver). „Eftir steininum lá djúp glufa er báturinn stóð kjölréttur í þegar út sogaði“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).
- Kjölsvín** (n, hk) Styrking ofaná kili báts/skips, t.d. þar sem eru undirstöður mastra, gufuketils eða annars.
- Kjöлта** (n, kvk) Fang; faðmur. „Hann sat með bæði börnin í kjöltu sér og las fyrir þau sögu“.
- Kjöltra** (s) Hósta mjög veikt; hrygla. „Eitthvað líf er nú í lambræflinum; mér heyrir það vera að kjöltra“. „Ég hef verið hóstandi og kjöltrandi í allan dag“.
- Kjöltubarn** (n, hk) Ungbarn. Oftast notað í líkingamáli í seinni tíð. „Hann er nú ekki neitt kjöltubarn lengur“.
- Kjöltur** (n, hk) Hósti; lágur hósti; ræskingar; hrygla. „Mér list ekkert á þetta kjöltur í þér“. Sjá *hóstakjöltur*.
- Kjölturakki** (n, kk) Hundur/hvolpur sem hafður er fyrir gæludýr.
- Kjölnur** (n, kk) A. Máttarviður í bát/skipi, sem liggur neðst og tengist stefnum, böndum og byrðingi. B. Háfjall; vatnaskil á fjalli. „Kjölnur nefnist egginn á Breið, ofan Vörubrekku, þar sem eru landamerki Láganúps og Breiðavíkur“. C. Burst á húsi; brúnin efst á risi húss. D. Sú hlið bókar sem blöðin festast í.
- Kjölvatn** (n, hk) *Austur*; vatn sem komið er í *kjölsog* báts. Oftar var talað um austur í Kollsvík.
- Kjölvatnsdæla** (n, kvk) Lensidæla; dæla til að koma *austri* báts útfyrir borðstokkinn.
- Kjömmótt** (l) Litur á sauðfé; ljós á bók og haus, en grá/svört/mórauð á höku/kjömmum.
- Kjör** (n, hk, fto) Einstaklega góð tíð með stöðugum gæftum. „Það vildi til að kjör stóðu í hálfan mánum um þetta leyti, en vikutíma tók það að koma hvalnum í land“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).). Ef kjör stóðu lengi voru þau nefnd *ægikjör* og haft er eftir Jóni Torfasyni orðið *lífægikjör*. (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Það tekur á taugarnar að liggja, þegar hinir eru að koma með hlaðning, dag eftir dag, því það eru svo mikil kjör að menn hér muna ekki eftir slíku“ (Bréf AK til VÖe í júní 1941).
- Kjör** (n, hk) Kosning; val. „Þetta gerðist daginn fyrir kjör forseta Íslands“.
- Kjör** (n, hk, fto) Lífsskilyrði; aðstæður; vinnulaun. „Ég réði mig uppá þessi kjör“. „Þau bjuggu við bág kjör“!
- Kjöraðstæður** (n, kvk, fto) Eins hentugar aðstæður og helst er á kosið; bestu aðstæður.
- Kjörbarn** (n, hk) Barn annarra sem hjón/sambýlingar ættleiða/ fá fullan umráðarétt yfir og ala upp, líkt og væri þeirra eigið. „Þau voru ekki hennar *blóðforeldrar*, heldur var hún kjörbarn þeirra“.
- Kjörbeita** (n, kvk) Besta beita; mjög lokkandi beita. „Úldið hrossaket var talið kjörbeita fyrir hákarl“.
- Kjörbréf** (n, hk) Bréf til sönnunar því að manneskja hafi verið kjörin í stöðu/embætti.
- Kjörbúð** (n, kvk) Verslun þar sem viðskiptavinir geta gengið um og valið sjálfir vöruna áður en farið er að kassa til að greiða fyrir hana; andstæða við búð þar sem kaupmaður tekur vöruna til og afhendir yfir borð. „Verslun Sláturfélagsins Örlygs á Gjögurum var breytt í kjörbúð kringum árið 1970“.
- Kjörbyr** (n, kk) *Óskabyr*; vindur af þeirri átt og þeim styrk sem hentar best þegar siglt er.
- Kjördagur** (n, kk) Dagur kosninga.
- Kjördeild** (n, kvk) Svæði með sérstakri kjörstjórn, þar sem íbúar hafa sameiginlegan kjörstað. Lengi vel voru fjórar kjördeildir í Rauðasandshreppi; Breiðavíkurkjördeild; Hafnarkjördeild; Fjarðarkjördeild og

Rauðasandskjördeild. Má m.a. sjá merki þess í bókum hreppsins frá 1943. Síðar fækkaði þeim, og var orðin ein sameiginleg þegar hreppurinn sameinaðist fleirum hreppum í Vesturbyggð.

Kjördæmapot (n, hk) Sú iðja þingmanns að beita sér meira í þágu síns kjördæmis, og þá gjarnan sinna dyggu flokksmanna, en þjóðarinnar í heild. Er vafalaust eðlilegt og þarft í sumu tilliti, en *vandratað er meðalhófið*.

Kjörforeldrar (n, kk, fto) Foreldrar barns sem þau hafa ættleitt.

Kjörfundur (n, kk) Kosningar; samkoma þar sem kosið er.

Kjörgengur (l) Hæfur til að bjóða sig fram til kjörs, t.d. vegna aldurs eða annarra skilyrða.

Kjörgripur (n, kk) Kostagripur; mjög góður/eigulegur hlutur. „Vasaúrið afa var mikill kjörgripur“.

Kjörið (l) *Gráupplagt; tilvalið; vel til fundið*. „Nú væri alveg kjörið að fá sér í pípustert“.

Kjörin móta manninn (orðatiltæki) Menn bera oft merki um það atlæti sem þeir hafa hlotið, einkum í æsku. T.d. eru þeir sparsamari og nægjusamari sem alast upp við kröpp kjör, en hinir sem *fæðast með silfurskeið í munni*.

Kjörinn (l) A. Kosinn, valinn. B. Tilvalinn; upplagður. „Þessi drumbur væri kjörinn fyrir hornstaur“.

Kjörkassi / Kjörgögn (n, kk/hk) Gögn til leynilegra kosninga. Kjörkassi er kassi sem kjósandi lætur atkvæði sitt í, og er oftast innsiglaður þar til bærir menn telja uppúr honum. Önnur kjörgögn eru t.d. gerðabók kjörstjórnar og kjörskrá kjördeildar/svæðis.

Kjörland / Kjörlendi / Kjörsvæði (n, hk/kvk/hk) Svæði sem best hentar (t.d. dýrategund).

Kjörnari (n, kk) Lítið áhald til ásláttar, notað til að marka holu/far í málm t.d. til að auðvelda borun.

Kjörseðill (n, kk) Atkvæðaseðill; blað sem kjósandi notar til að greiða atkvæði sitt.

Kjörviðri (n, hk) Stillur; mjög gott sjóveður; blíða. „Það er sama kjörviðrið dag eftir dag“!

Kjörviður (n, kk) Úrvalstimbur; mjög góður/hentugur viður. „Í kili skal kjörviður“.

Kjöt / Kjötufurðir Jafnan framborið *ket* í Kollsvík, þó undantekningar væru á því í seinni tíð. Kjöt var og er uppistöðufæða hérlendis. Svo var einnig meðal bænda í Kollsvík, en þó var fiskur eðlilega hærra hlutfall fæðunnar þar en víða annarsstaðar. Nánast allt var verkað og nýtt af skepnunni og borðað allt sem ætt var. Geymsluaðferðir skiptu ketinu í meginflokka, áður en frýsting varð möguleg. Nýtt ket var einungis á boðstólum í stuttan tíma eftir slátrun. Þurrkun og reyking eru aðferðir sem tíðkast hafa frá landnámstíð, en reykt ket nefnist hangiket. Unnið ket var einnig reykt, t.d. bjúgu. Súrsun er einnig ævagömul aðferð, sem beitt var á ket og ýmsar unnar afurðir s.s. slátur, sultu og lundabagga. Þegar salt varð fáanlegt var ketið saltað. Bæði var hangiketið saltað fyrir reykingu en einnig var ket brytjað í spað og saltað í tunnur; í saltket.

Kjöta (s) Vinna ket til matar; t.d. hluta skrokka eða brytja í spað. „Hann var að vinna fram á kvöld við að kjöta fyrir nágrrannan“. Var notað meðal sláturhúsmanna á Gjögurum, en ekki vitað um aldur.

Kjötforði (n, kk) Matarforði heimilis af kjöti. „Heima var svo slátrað þeim skepnum sem ætlaðar voru sem kjötforði fyrir heimilin“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Kjötþungi (n, kk) Fallþungi; þungi kjöts af skepnu sem slátrað er. „Tvílembum fjölgar og kjötþungi lambanna hefur aukist“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Klabb (n, hk) Slabb; blautur snjór. Oftast notað í orðatiltækinu *allt heila klabbið*.

Klafabundinn (l) Festur við; tengdur við. „Hann hefur alla tíð verið klafabundinn sjálfstæðismaður“. Klafi er hringur um háls nautgrips, en band úr klafanum festir hann á sinn bás.

Klaga (s) Kvarta. „Vertu ekki að klaga hann bróður þinn fyrir þetta; þú ert lítið betri sjálfur stundum“! „Ég hef ekkert undan þessu að klaga“.

Klaga uppá (orðtak) Kvarta undan; *eiga sökótt við*. „Mér finnst hann mætti vera röggSAMARI í þessum efnunum, en annað hef ég ekki uppá hann að klaga“. Sjá *hafa uppá að klaga*.

Klak (n, hk) Útungun eggja hjá fuglum; koma fiskseiða úr hrognun. „Það ætti að vera komið að klaki hjá hænunni“. „Silungurinn þreifst vel í Stórvatni, en klak virtist ekki takast þar“.

Klaka (s) A. Ísa; þekjast klaka. „Veggurinn var allur klakaður eftir þessa frostrigningu“. B. Gæla við; tala við í gælutón. „Tíkinni er illa við að ég sé að klaka alltof mikið uppá köttinn“

Klaka uppá (orðtak) Hlú að; veita umhyggju. „Það væri nú *gustuk* að klaka dálítið meira uppá tíkarræfilinn meðan fótbrotið er að gróa“. Upphaflega er orðið „klaka“ notað um unga- eða fuglahljóð en heyrðist ekki í þeirri merkingu í Kollsvík. Hinsvegar var það notað í þessu samhengi, sem ekki heyrðist annarsstaðar.

Klakabarin (l) Þakinn klaka eftir óveður. „Bjargið var ekki árennilegt; allt klakabarið...“ Frásögn ÁH (ÓS; Útkall við Látrabjarg).

Klakabingur / Klakabólstur / Klakabunki (n, kk) Árennsli; svell. „Það er hættulegur klakabólstur í neðstu brekkunni“.

Klakabólginn (l) Upphleyptur af klakabólstrum. „Vegurinn fram hliðina er allur klakabólginn og hættulegur“.

Klakabryggja (n, kvk) Skör; klakarönd í bakka ár/skurðar. „Kindurnar náðu ekki að stökkva uppá klakabryggjuna í árbakkanum“.

Klakabrynja (n, kvk) Klammi; glæra; ísing. „Hús og tæki eru ein klakabrynja eftir þessa ísrigningu“.

Klakabrynjaður (l) Þakinn klakastykkjum í frosti. „Það þýðir ekki að hleypa fénu fram á bitfjöru í þessu frosti; það verður bara klakabrynjað þegar það blotnar“.

Klakaður (l) Klakabrynjaður; silaður; ísaður; klökugur; þakinn klaka/ís. „Gættu þín að vera ekki nærri klettunú; þeir geta verið hættulegir svona klakaðir“.

Klakadröngull (n, kk) Stórt grýlukerti/klakastykki. „Farðu ekki nærri klakadrönglunum þarna í klettunum“.

Klakaður (l) Þakinn klaka; ísaður; klökugur. „Össur var mjög snjóugur og klakaður er hann kom til okkar, því hann hafði orðið að sækja á móti veðrinu“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Klakahella (n, kvk) Þykkur klaki/lagnaðaris; *klakabrynja*. „Vegurinn norður víkina er ein klakahella“.

Klakahraun / Klakahröngl (n, hl) Mjög ósléttur klaki; e.t.v. þar sem krap hefur vaðist upp af umferð og frosið.

Klakahrjónungur (n, kk) Grófur/upphleyptur klaki/ís. „Fitin var einn samfelldur klakahrjónungur“.

Klakahröngl (n, hk) Íshröngl; safn af brotnum klaka.

Klakaklepri (n, kk) Klakadröngull. Oftast átt við klakastykki sem myndast neðan í ull fjár sem er á fjörubeit í miklu frosti.

Klakarunnið (l) Runnið/hlaupið í klaka. „En fyrir neðan var allt klakarunnið“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Klakaskari / Klakaskán / Klakaskel (n, kk/kvk) Klaki ofaná snjó; snjór sem bráðnað hefur og frosið í klaka ofaná snjó. „Ég missti fótanna á klakaskara ofarlega í brekkunni og rann stjórnlaust niður í lautina“.

Klakastaup (n, hk) Vatn í íláti sem gegnfrosið hefur. „Í fötunni var klakastaup sem ég þurfti að berja úr“.

Klakastífla (n, kvk) Stífla úr klaka/ís. „Flóðbylgjan æddi niður yfir túnið þegar klakastíflan brast“.

Klakastykki (n, hk) A. Stykki/brot af klaka. „Það höfðu hrúnið yfir þá klakastykki um nóttina, og Hafliði hafði fengið eitt slíkt í höfuðið“ (Björgvin Sigurbjörnsson; Útkall við Látrabjarg). B. Líkingamál; „Mér var svo kalt að ég var eins og klakastykki“.

Klaki (n, kk) A. Ís á vatni eða öðru yfirborði. „Áin var þá í *klakaböndum*“. „Féð var allt *klakabrynjað*“ „Klaki var þá yfir ám og vötnum“. B. Jarðfrost; frost í jörð. „Klaki fór ekki úr fyrr en langt var liðið á vor“. C. Sérnafn á frostavetrinum mikla 1802: „Í janúar 1802 rak hafis að landi...og lá allt vorið og sumarið þar til höfuðdag. Stöfuðu af þessu hin mestu harðindi til lands og sjávar og mundi enginn jafnharðan vetur...var hann á Vestfjörðum nefndur Klaki“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Klakinn (l) Útungaður. „Ég henti þeim fúleggjum sem ekki voru enn klakin“.

Klakklaust (l) Án áfalla. „...og komust þeir þannig klakklaust yfir Röstina“ (ÖG; Þokuróður).

Klakkur (n, kk, fto) A. Krókur á klyfbera til flutninga á hesti. B. Háreist og dökk skúraský. „Það eru æði miklir klakkar að sjá hér suður yfir“. C. Sker sem rís hátt úr sjó um fjöru. Í Kollsvík er Breiðaskersklakkur, og í Hænuvík er skerið Klakkur.

Klambra saman (orðtak) Smíða ónákvæmt/ í flaustri; reka/klastra saman. „Ætli það verði ekki að klambra saman einhverri stíu fyrir hrútræfilinn“. „Hann klambraði saman vísukorni, en það var lítið lag á“.

Klambur (n, hk) Klastur; óhöndugleg smíði. „Mér finnst þessi rétt vera óttalegt klambur hjá honum“.

Klamburslegur (l) Illa smíðaður; klambrað saman. „Óttalega er þetta nú klambursleg hliðgrind“!

Klambursmíð (n, kvk) Klastur; lélegur smíðisgripur. „Kofinn varð óttaleg klambursmíð“.

Klammi (n, kk) Svelli þakið yfirborð. „Það er samfelldur klammi á vegi yfir allan Hálsinn“.

Klampa saman (orðtak) Setja saman með áfellum/klömpum. „Það skiptir engu þó borðið nái ekki eftir öllum réttarvegnum; við bara klömpum það saman“.

Klampi (n, kk) Áfella; laski; bútur sem festur er utaná og yfir samsetningu til styrkingar; bútur sem festur er á efni sem sæti fyrir stoð eða annað. „Klampar voru á dyrastöfum, sem slagbrandurinn settist í“.

Klandur (n, hk) Slæm staða/uppákoma; vesen; vandræði. „Nú hefur kjafthátturinn komið honum í klandur“.

Klapp (n, hk) A. Stokur; gælur. „Henni virtist ekki vera illa við klappið“. B. Lófaskellir til að lýsa fögnuði eða hrósi. C. Flöt fjöl sem notuð var til að banka óhreinindi úr þvotti áður fyrr.

- Klappa** (s) A. Slá saman, t.d. lófum, til að framleiða hveltt hljóð. „Mikið var klappað í sýningarlok“. B. Strjúka; gæla við. „Þú mátt alveg klappa hundinum; hann bitur ekki“. C. Hamra/meitla í stein eða annað fast efni. „Norðast í Grundagrjótum má finna í fjörunni stóran nokkuð áberandi stein, sem klappað er á ártalið 1950. Það er verk Páls Guðbjartssonar sem þá var bondasonur á Láganúpi“ (HÖ; Fjaran). D. Dengja ljá.
- Klappa** (n, kvk) Hamar/meitill sem notaður er til járnsmíða, s.s. til að gata skeifur.
- Klappa (einhverjum) lof í lófa** (orðtak) Fagna/hrósa einhverjum með lófaklappi eða á annan hátt.
- Klappa (einhvern) upp** (orðtak) Um leiksýningu eða annan flutning á sviði; klappa höndum til að fá leikara/flytjendur aftur fram á sviðið. „Leikararnir voru tvisvar klappaðir upp í lokin“.
- Klappað og klárt** (orðtak) Frágengið að öllu leyti; reiðubúið. „Þetta mál er alveg klappað og klárt“. Líklega líkingamál um ljá sem búið er að klappa/dengja, og orðinn tilbúinn til að setja í orf.
- Klapparholt** (n, hk) Holt úr föstu bergi. „Fyrir ofan klapparholtið er illfær mýri“.
- Klapparhnúta** (n, kvk) Klöpp; klapparhorn; klakkur. „Fremst á Breiðaskeri er nokkru hærri klapparhnúta sem heitir Breiðaskersklakkur“ (HÖ; Fjaran).
- Klapparholt** (n, hk) Holt/hæð, að mestu úr jarðfastr klöpp. „Helluhnúkur er klapparholt á Hæðinni sunnarlega. Þar flagnar bergið í þunnar hellur þegar það veðrast, og hefur þar verið eitt helsta hellutakið í Kollsvík“. „Þar eru tvö klapparholt ofanvið fjöruna. Heitir það syðra Syðriklettur og hitt Norðariklettur“ (HÖ; Fjaran).
- Klapparhorn** (n, hk) Horn/skanki á klöpp; *útúrskagandi* klöpp. „Við klapparhornið í neðsta sniðinu í Hænuvíkurbrekkum vildi oft setjast snjór áður fyrr, og það sem verra var; miklir og hættulegir klakabólstrar“.
- Klapparskál** (n, kvk) Skál/dæld í klöpp. „Undir fossinum (í Láturdalsá) var ofurlítill þró eða hylur í klapparskál, sem fossinn hefur verið að grafa niður í bergið frá ómunatíð. Var allur fiskurinn þveginn upp úr þessari þró. Er það eitt hið besta uppþvottaker er ég hef þekkt í nokkurri veiðistöð“ (HO; Ævisaga).
- Klastra** (s) Smíða óvandað; lappa uppá. „Í fljótheitum var klastrað við pottinn“.
- Klastrari** (n, kk) Lélegur smíður; *skítamakari*. „Ég vil ekki sjá neina klastrara í þetta verk“.
- Klastur** (n, hk) Hrákasmíð; hrófatildur; slæm smíði. „Þetta er ljóta bannsett klastrid hjá þér“!
- Klasturslegur** (l) Illa smíðaður; klastrað saman. „Þetta varð nú heldur klasturslegt hjá mér“.
- Klatti** (n, kk) Lumma. „Eftir puðið í heyskapnum var gott að fá nýbakaða klatta“.
- Klauf** (n, kvk) A. Rauf; rás; þrenging; sýling; spíss. „Klauf nefnist fremsti hluti lendingarinnar í Láganúpsveri, og önnur með sama nafni er í Kollsvíkurveri. Á báðum stöðunum er þröngt vik á milli lágra klappa á mesta útfiri. B. Tá klaufdýrs. C. Tangi aftaná klaufhamar. D. Styttling á orðinu buxnaklauf.“
- Klaufabárður** (n, hk) Klaufalegur maður; klunni. „Skelfingar klaufabárður geturðu nú verið við þetta“.
- Klaufabragur / Klaufaháttur / Klaufaskapur** (n, kk) Mistök; klunnalegar/viðvaningslegar aðfarir. „Bölvður klaufaskapur var þetta hjá mér; máfurinn var í dauðafæri“!
- Klaufaklipping / Klaufasnyrting** (n, kvk) Það verk að klippa framanaf klaufum kúa. Klaufirnar vaxa, einkum að vetrarlagi þegar kýrin stendur á bás, og sér í lagi ef undirlag er mjúkt. Þá er nauðsynlegt að klippa framan af þeim, og var það oftast gert með beittum naglbít. „Búbót hlýtur að líða betur eftir klaufasnyrtinguna“.
- Klaufalega** (ao) Af klaufaskap; óhönduglega; klunnalega; viðvaningslega.
- Klaufalegur** (l) Viðvaningslegur; óhönduglegur; klunnalegur. „Ósköp geturðu nú verið klaufalegur við þetta“!
- Klaufari / Klaufska** (n, kk) Aulaháttur; handvömm; klaufaskapur. „Skelfingar klaufari er þetta“! „Þetta var hrein klaufska af minni hendi“.
- Klaufhamar** (n, kk) Hamar með skalla öðrumegin á haus en klauf hinumegin, til að draga út nagla.
- Klaufi** (n, kk) Ólaginn maður; sá sem klúðrar verki. „Óttalegur klaufi er ég nú við þetta“!
- Klauflex** (n, kk) Dulnefni á keti. Sagt var að meðan fastan var tekin sem hátíðlegust, í kaþólskum sið, hafi verið bannað að tala um ketið sem ekki mátti eta; heldur varð að nefna það dulnefninu „klauflex“. Sömu leiðis var flotið uppnefnt „afrás“. Þetta kann þó að vera uppspuninn einber.
- Klaufskur** (l) Klaufalegur; óhönduglegur. „Ekki segi ég að hann sé klaufskur en ég hef séð lagnari menn“.
- Klausu** (n, kvk) Efnisgrein/smákafli í riti; paragraf. „Hann bætti við klausu um þetta í gerðabókina“.
- Klaustur** (n, hk) Staður þar sem hópur karlmanna eða kvenna býr saman að eigin vilja til að iðka trú sína. Munkar/nunnur hafna hjúskap og ýmsum veraldargæðum, oftast ævilangt. Heitið er komið úr latínu; „claustrum“ sem merkir afluktur staður. Fyrsta klaustrið er talið stofnað í Egyptalandi um 315, en síðan risu þau upp víða um hinn kristna heim, og með nokkrum afbrigðum í áherslum. Á Írlandi kom kristni snemma

til sögunnar og þar þróuðust einsetuklaustur; hafði hver ættbálkur sitt klaustur. Munkarnir nefndust papar, og stóðu þesi klaustur í mestum blóma kringum 550-650. Írski trúboðinn Kólumbus, sem á móðurmálinu nefndist Colm Cille (521-597), stofnaði klaustur á eyinni Iona í Suðureyjum og kristnaði Skota. Klaustrið varð ein helsta mennta- og trúarmiðstöð vestanverðrar Evrópu um margar aldir. Á landnámsöld numu þar fræði sín Örlygur Hrapsson og fóstbróðir hans, sem í Landnámu er nefndur Kollur. Lærimeistari þeirra; Patrekur biskup, sendi þá síðan í trúboðsleiðangur til Íslands, þar sem þeir skyldu reisa kirkju á Kjalarnesi, sem þá var orðið nokkuð fjölmenn. Lét biskup þeim í té kirkjuvið og messugögn. Þeir náðu til Íslands en hröktust vesturum í stórviðri. Örlygur náði inn á Patreksfjörð og hafði vetursetu í Örlygshöfn áður en hann fór suður og byggði kirkjuna að Esjubergi. Kollur lenti í ófærri Blakknesröstinni; leitaði hafnar suðurmeð og braut skip sitt á Arnarboða en komst af; ásamt a.m.k. mörgum sinna háseta. Hann nam land í Kollsvík og settist þar að. Að öllum líkindum hefur hann byggt fyrstu kirkju landsins í Kollsvík; sjá *kirkjuból og kirkja*. Nokkur klaustur risu upp hérlendis eftir að kristni komst á. Í Hólabiskupsdæmi voru það Þingeyraklaustur; Munkaþverárklaustur; Reynistaðaklaustur og Saurbæjarklaustur. Í Skálholtsbiskupsdæmi voru Þykkvabæjarklaustur; Flateyjarklaustur; Helgafellsklaustur; Kirkjubæjarklaustur; Viðeyjaklaustur; Skriðuklaustur; Hítardalsklaustur; Stafholtsklaustur og Keldnaklaustur. Klaustrin urðu miklar menningarmiðstöðvar og þar voru m.a. skrifuð mörg handritanna sem varðveist hafa. Þau voru einnig umsvifamikil í eignaumsýslu og áttu margar jarðir og ítök. Klausturlíf lagðist af við siðaskipti.

Kláðabað / Kláðaböðun (n, kvk) *Sauðfjorböðun* (sjá þar).

Kláðabaðlyf / Kláðalyf (n, hk) Efni sem blandað er í vatnið við *kláðabað/sauðbjarböðun*.

Kláðablettur (n, kk) A. Staður á húð þar sem mann klæjar mikið. B. Blettur á húð sauðfjár þar sem gætir skorpukláða. Gamalt húsráð var að nudda blettinn með tóbakslegi. Með reglulegri *sauðfjorböðun* var kláðanum útrýmt.

Kláðabóla (n, kvk) A. Bóla í skinni sem mann klæjar mikið í; oft grafrarbóla. B. Bóla í húð sauðfjár.

Kláðakartafla (n, kvk) Kartafla með hrúður. „Kláðakartöflur komu mun oftar upp úr gördum í sandinum í Láganúpslandi en súrari mold í Kollsvíkurlandi“.

Kláðakast (n, hk) Áköf *kláðatilfinning* sem erfitt er að stöðva; langvarandi/ákafur kláði.

Kláðamaur (n, kk) Psoroptes ovis; mítill sem lifir sníkjulífi í skinni sauðfjár og olli verulegum skaða á bústofni víða um land á síðari hluta 19. aldar og fram á þá næstu. Útrýmt með niðurskurði og böðun.

Kláðapest / Kláðaveiki / Kláði (n, kvk/kk) *Fjárkláði*; faraldur sem orsakast af útbreiðslu kláðamaurs í sauðfé.

Kláðaskoðun (n, kvk) Skoðun sauðfjár til að athuga hvort á því leynist kláðamaur.

Kláðaskoðunarmaður (n, kk) Sá sem framkvæmir *kláðaskoðun* á sauðfé. Til þess starfa fékk hreppsnefnd sérstaka menn. Síðar breyttist starfsheitið í *böðunarstjóri*, þegar böðun sauðfjár varð almenn.

Kláðasækinn (l) *Gjarn á að klæja; hættir til að hafa mikinn kláða*. „Fjandi er maður kláðasækinn þessa dagana; skyldi það vera eitthvað í fatnaðinum eða veðrinu“!

Kláðatilfinning / Kláði (n, kvk/kk) Pirringur sem vekur þörf á að nudda og klóra viðkomandi svæði. „Eftir að sárið gleri hef ég verið með hálfgerðan erting og kláðatilfinningu í því“.

Klám (n, hk) A. Lostafullar lýsingar; kynlíflýsingar eða það sem vísar til slíks þó óljóst sé. B. Illa unnið verk. „Mér sýndist þetta óttalegt klám hjá honum“.

Klámfenginn (l) Sem oft notar klám, t.d. í bröndurum eða athugasemdum.

Klámhögg (n, hk) A. Högg sem geigar/ missir marks. B. Líkingamál um hverskonar verknæð eða athugasemd sem missir marks. „Þessar árásir hans í minn garð eru því algjört klámhögg“.

Klámkjafur (n, kk) Sá sem oft notar klám, eða talar af lítilsvirðingu um gagnstætt kyn.

Klámvísa (n, kvk) Vísa sem inniheldur klám. „Ekki hefur varðveist nein klámvísa úr Kollsvíkurveiri, en vafalítið hafa þær hrotið þar um borð eins og annarsstaðar þar sem karlar eru langdvölum kvennalausir“.

Klár (l) A. Greiður; skipulegur. „Ég held að þessi línuflækja sé að verða nokkuð klár“. „Það veiðist lítið í netið ef það fer ekki klárt í sjóinn“! B. Tilbúinn. „Ég er alveg klár í slaginn“. „Þetta er allt *klappað og klárt*“. „Er neglan klár“? C. Snjall; úrræðagóður; vitur. „Hann er ótrúlega klár í hugarreikningi“. D. Heiðskír; skír. „Það ýrði örhlítið, þó klár væri himinn“. „Ef heiðbjart er og himinn klár/ á helga Pálus messu;/ mun þá verða mjög gott ár/ maður upp frá þessu“ (þjóðvísa). „Bakkinn var úr klára silfri“. E. Öruggt. „Það er alveg klárt fyrir mína parta að ég samþykki þetta ekki“! „Ég er ekki klár á því hvernig þetta á að snúa“. „Þetta var alveg klárt lögbrot“.

Klár (n, kk) Hestur; góðhestur; reiðhestur.

- Klára** (n, kvk) Áhald sem áður fyrr var notað til að „vinna á túni“/ að berja sundur skít og róta honum niður í grasrótina. „Til þess var notaður slóði sem muldi skítinn, og var hann dreginn af hesti. Síðan var rakað yfir með kláru eða hrifu“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Klára** (s) Taka/borða/drekka/gera allt; ljúka við. „Ætlarðu ekki að klára matinn þinn“? „Hann kláraði verkið á met tíma“.
- Klára sig að** (orðtak) Geta sjálfur; *komast frá; spjara sig*. „Heldurðu að strákurinn klári sig að þessu hjálparlaust“? „Ég hjálpaði henni aðeins við burðinn; hún hefði aldrei klárað sig að þessu öðruvísi“.
- Kláraður** (l) Lokið við gerð á. „Það sama haust og þessi hleðsla var gerð voru fjárhúsin hér á Láganúpi kláruð; þ.e. 2 þau norðari“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Klárlega** (ao) Greinilega; örugglega. „Hann hefur klárlega lagt yfir hjá okkur“!
- Klárt og kvitt** (orðtak) Á hreinu; að öllu leyti; skuldlaust; skýrt. „Þá er allt klárt og kvitt okkar á milli“.
- Klásúla** (n, kvk) Klausa; efnisgrein í ritmáli; lagagrein; fyrirvari. „Hann sagðist til í að koma með okkur, en lét þá klásúlu fylgja að hann vildi enga slóða í hópnum“. „Ég sé enga klásúlu um þetta í lögum“.
- Klefi** (n, kk) Lítið herbergi/rými í byggingu. „Mitt fyrsta hlutverk í sláturhúsi var að lesa á mörk í réttinni, og rétta skotmanni lömbin fram í *skotklefann*“.
- Kleif** (n, kvk) A. Brött brekka/hlíð; stígur/vegur í brattri brekku. Samstofna orðunum klif og að klífa. B. Djúp gjá; djúpt gil. Samstofna orðinu klauf. Örnefnið Kleifaheiði gæti átt skírskotun í hvorutveggja.
- Kleifur** (l) Sem unnt er að klífa. „Hann mændi lengi á standinn og komst að þeirri niðurstöðu að hann myndi vera kleifur, ef rétt væri að farið“. Sjá *gera kleift*.
- Kleggi** (n, kk) A. Köggull; hnaus. B. Lítil heysáta; lítill galti. C. Hrossafluga. Orðið heyrðist einungis notað í fyrri merkingunni í Kollsvík.
- Kleina** (n, kvk) Kökubiti sem skorin er og snúin á sérstakan hátt, og síðan soðinn í olíu. Algengt viðbit t.d. með kaffi á sveitabæjum. „Fyrir jólin voru bakaðar lummur, laufabrauð, kleinur og stór kaka“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Kleinujárn / Kleinuskeri** (n, hk/kk) Lítið áhald til að skera kleinudeig, áður en *kleina* er bökuð; riflað hjól á skafti, sem rennt er eftir útlötu deigi til að skera það í hæfilega stóra bita, og skera rifur í miðju þeirra.
- Kleinukaffi** (n, hk) Kaffiveitingar þar sem kleinur eru bornar fram, oft nýbakaðar. „Það er heldur munur að fá kleinukaffið hjá þér en *berrassað kaffi* á ónefndum bæjum“!
- Kleinupottur** (n, kk) Pottur sem hentar til kleinusteikingar. Oftast efnismikill pottur úr steypujárni, sem þolir vel mishitun án þess að aflagast. Nú á dögum stundum með innbyggðu hitaelmenti.
- Klekja út** (orðtak) Koma ungum úr eggjum með því að halda á þeim réttum hita og raka og snúa þeim reglulega. „Ekki tókst mér að klekja út hrafsegginu“.
- Klekkja á** (orðtak) Koma höggi á; hafa undir; gera óvigan; bera hærri hlut. „Mér finnst það óverraháttur í þeim að ætla að klekkja á karlanganum með þessu“.
- Klemburur** (n, kvk, fto) Sérstök töng til sauma á skinnklæðum. „Karlmennt saumuðu sjálfir sín skinnklæði að vetrinum. Tæki til þess voru fábotin; aðeins tvær nálar, *fyrirseyma* og *eftirseyma*, og klemburur. Klemburur voru heimasmiði, annaðhvort úr hvalbeinum eða kindarleggjum. Tvær hvalbeinsflísar voru tengdar með þolinmóði í annan endann. Gripið var á nálunum með því að klemma þær fastar milli beinanna og þær dregnar út. Í beinkinnarnar voru boraðar smáholur þar sem nálaraugað hafði viðnám þegar nálinni var stungið í gegnum margfaldan sauminn. Klemburur úr sauðarleggjum voru svipaðar að gerð. (KJK; Kollsvíkurver). Sjá nánar um *skinnklæði*.
- Klemma** (s) Klípa; þrengja að; þvinga. „Passaðu að klemma þig ekki á hleranum“.
- Klemma** (n, kvk) A. Klípa; vandræði; þrengingar. „Ég er í bölvaðri klemmu fyrst þessi smali brást mér“. B. Þvinga; áhald til að halda hlutum saman við smíðar, eða hvað annað til að klemma að/ þvinga saman, s.s. hosuklemma, bréfaklemma, þvottaklemma o.fl..
- Kleppsvinna** (n, kvk) Mjög erfið vinna; at; þrælavinna. Líkingin er dregin af því að strita við burð á þungum hlutum, en kleppur merkir þungt stykki/ þungur köggull/kökkur.
- Klepra** (s) Verða þakinn af kleprum. Oftast notað um það að klakakleprar myndast neðan í ull fjár þegar það bitur þara í fjöru í miklu frosti. „Haltu fénu ekki lengi í þaranum; það er svo fljótt að klepra í þessum gaddi“. Einnig um það þegar skítur sest í ull fjár sem er lengi á innistöðu og liggur á taði.
- Klepraður /Klepróttur** (l) Allur settur *kleprum/klakakleprum/skítakleprum*.

- Klepraður af skít** (orðtak) Með skítaklessur á sér. M.a. viðhaft um kind sem legið hefur inni á taði, og orðin mjög óhrein. „Bölvað sinnuleysi er þetta hjá karlinum; mér sýndist hver einasta kind vera klepruð af skít“!
- Klepraður af snjó/klaka** (orðtak) Með snjóklepra; klakadröngla á sér. „Það er best að hleypa fénu inn áður en það verður allt kleprað af snjó“.
- Kleprar** (n, kk, fto) Klaka- eða skítadrönglar. „Féð var mjög *kleprað* þegar það kom úr fjörinni“. Rót orðsins er kleppur sem merkir þungur köggull.
- Klerkur** (n, kk) Prestur. Klerkur var minna notað, og þá oftast í hálfkæringi eða kerskni.
- Klessa** (s) Klína; ata; klemma. „Klesstu einhverjum stöfum á kvittunina ef þú ert sáttur við verðið“.
- Klessa** (n, kvk) A. Efnishaugur sem límst hefur við undirlagið; klíningur. „Skafðu fituklessurnar af borðinu“. B. Niðrandi heiti; „Sittu ekki þarna eins og klessa; hlauptu út og reyndu að hjálpa til“! C. Slydda; *klessusnjór*; *klessingur*.
- Klessumálverk** (n, hk) Óvandað/óskiljanlegt/ljótt málverk.
- Klessusnjór / Klessingur / Klessuskítur** (n, kk) Blautur snjór/ slydda sem hleðst á það sem á fellur. „Það verður snyrtilegt ef hann frýstir í þennan klessusnjór“! „Skelfing verður féð óþrifalegt í þessum klessingi“.
- „Búðu þig almennilega; þessi klessuskítur bleytir þig annars alveg inn að beini“!
- Klettabelti** (n, hk) Löng röð tiltölulega lágra kletta. „Vegghamrar nefnis klettabelti norðan í Húsadal“.
- Klettabrík** (n, kvk) Klettur sem stendur sér/útúr/fram; klettabrún.
- Klettaflá** (n, kvk) Hallandi grasflæmi í klettum; *flá*.
- Klettagil** (n, hk) Gil/gjá með klettaveggjum á báða vegu. „Norðanvið Ytri-Lambhagann tekur við nokkuð djúpt klettagil sem nær niður í fjöru“ (HÖ; Fjaran).
- Klettagljúfur** (n, hk) Klettum girt gil. „Neðanvið Fossa rennur Áin um stutt klettagljúfur“.
- Klettahaft** (n, hk) Berghaft; skil úr föstu bergi/ klöpp. „Haftið milli gatanna í Gatakletti hefur mjög eyðst hin síðari ár vegna sjávarrofs, og er alls ekki víst að kletturinn standi það af sér að klettahaftið á milli gatanna sé rofið“ (HÖ; Fjaran).
- Klettahilla** (n, kvk) Gangur/sylla í klettum. „Út af Bæjargjá er breið klettahilla í miðjum klettum sem heitir Aukahlíð...“ (PJ; Örn.skrá Rauðasands).
- Klettahlein** (n, kvk) Hlein sem er framhald af kletti/klettaranum. „Landamerkjahlein markar landamerki Láganúps og Breiðavíkur; er það klettahlein fremur lág og löng sem liggur fram undan *fallsnúpnun* Breið u.þ.b. miðjum“ (HÖ; Fjaran)
- Klettlakkur** (n, kk) Sker; boði; grynning. „Þannig hagar til í Kollsvík að tveir klettlakkar eru nokkuð fyrir framan lendinguna, og er lítið bil milli þeirra en þó vel árafritt, og var það kölluð miðleið“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri). „Fremst á Breiðaskeri er klettlakkur sem heitir Breiðaskersklakkur“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur).
- Klettlungur** (n, hk) Torfær leið um kletta; *klettaslefrur*. „Þessi leið upp á fjallið er torsótt; um urðir og klettlungur“.
- Klettakví** (n, kvk) Svæði sem aflokað er að mestu eða hluta af klettum í kring. Örnefnið Klettakví er í Láganúpslandi, neðanvið Púfustekk; ofan Brunnsbrekku. Brött grasbrekka er á ferköntuðu svæði; girt klettum á þrjá vegu en opið að neðan.
- Klettanef / Klettanibba** (n, hk) Staður þar sem klettur skagar meira fram en í grenndinni. „Þá er farið niður sjávarklettana í Vatnadalsbót, annaðhvort í Árdalnum (gilinu) eða niður klettanef norðan við Árdalinn; hvorutveggja dálítið *klöngur*“ (HÖ; Fjaran). „Ég festi spottann á klettanibbu og komst eftir honum niður í næsta gang“.
- Klettanes** (n, hk) Nes afmarkað af klettum. „Hleinarnar frá Sandhelli að Hnífaflögu, sem er klettanes er skagar í vestur frá miðjum Hnífunum, heita einu nafni Sveinaflögu“ (HÖ; Fjaran).
- Klettarani** (n, kk) Staður í klettum þar sem þeir teygjast fram í tiltölulega mjóa totu; berggangur. „Norðan Gatakletts hækka sjávarklettar allmikið en lækka fljótlega aftur þar sem klettaraninn Forvaði gengur fram í fjöruna“ (HÖ; Fjaran).
- Klettaskor** (n, kvk) Gjá í klettum. „Ofanvið Flöguna er djúp klettaskor, þar sem gengt er í fjöru“.
- Klettaslefrur** (n, kvk, fto) Sundurslitnir klettar; gjarnan aflíðandi með skriðum inn á milli. „Áframhald af Kjölum til vinstri taka við klettaslefrur fram með Vatnadalnum; það heitir Ívarsegg“ (I.G. Sagt til vegar II). „Arnateigur eru klettaslefrur og gil í, þar sem vatn rennur niður af Húsadal“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur).

- Klettaslæfur** (n, hk) *Klettaslefrur*; sundurslitnir klettur. „Bæjarkletturinn er klettaslæfur, mjög sprungið, því þarna var aðalgrjótrif í hinar mörgu byggingarframkvæmdir í Sauðlauksdal á fyrsta áratugnum eftir aldamótin (1900)“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Klettaslöður** (n, hk) Afliðandi/hallandi klettur. „Það er vel *gengt* upp þetta klettaslöður“.
- Klettasnös** (n, kvk) Klettanef. „Vel sér niður í Vatnadalabót ofan af klettasnös sem nefnist Grófarnef“.
- Klettastallur / Klettasylla** (n, kk/kvk) Sylla/gangur í klettum. „Það greri snemma á klettasyllum og féð stökk niður á þær til að ná sér í æti“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Ær hafði þá verið þar nýborin og hafði hún misst lambið nýfætt niður á klettastall í Skorarjaðrinum...“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Klettastandur** (n, kk) Klettanef sem skagar framúr/uppúr öðru landslagi. „Klettastandur skagar þar fram í fjöruna, og eru í honum tvö manngeng göt neðst“.
- Klettaveggur / Klettaþil** (n, kk/hk) Samfelldir, brattir og háir klettur. „Þarna skella öldurnar á klettaveggnum um háflæði“.
- Klettbrún** (n, kvk) Brún/nöf á kletti. „Gilskletturinn var notaður til æfinga, og mikið var ég montinn þegar ég í fyrsta skipti klöngraðist laus upp á klettbrúnina“.
- Kletti** (n, hk) Neðsti hluti kviðar á fölk; aftasti hluti kviðar á búfé.
- Klettshorn** (n, hk) Klettseudi. „Þegar ekki þótti einsýnt sjóveður á venjulegum róðratíma, var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til þess að „bræða veðrið“, sem svo var kallað. Oft var þessi ráðstefna sett og haldin á klettshorninu syðra á Norðariklettunum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Klettur** (n, kk) A. Þverhnipt berg. Vanalega ekki mjög hátt ef orðið er í eintölu, en getur mekt bjarg ef það er í fleirtölu. B. Stór jarðfastur steinn eða stök bergstrýta. C. Líkingamál um staðfastan mann. D. Líkingamál um mjög þungan hlut.
- Klettþungur** (l) *Niðþungur*; mjög þungur. „Skápurinn reyndist klettþungur“. „Sumir voru klettþungir í drætti, en aðrir léttir og liprir eins og köttur“ (ÆE; Ljós við Látraröst).
- Kleyfur** (l) A. Sem unnt er að kljúfa. „Það þýðir ekkert að nota greni í þetta; það er alltof kleyft“. Sem er gerlegt/framkvæmanlegt. „Ekki taldi hann að myndi þurfa að óttast það að ekki myndi reynast kleyft að ljúka þeim skuldum sem nú hvíla á hreppnum vegna þessarar byggingar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Klént** (l) *Rýrt í roðinu*; illa útlátið; naumt. „Skelfing er orðið klént þetta efni í blaðinu“.
- Kliða** (s) A. Óma; hljóma. „Enn kliðar þetta í höfðinu á mér, sem hann sagði“. B. Suða; nöldra; biðja ítrekað. „Enn er hann að kliða um þetta“.
- Kliður** (n, kk) Ómur; hljómur; samfelld hljóð, þó ekki endilega hátt. „Þessi kliður er dálítið þreytandi“.
- Klif** (n, hk) A. Kleif; brött hlíð; einstigi upp mikinn bratta. B. Klifandi; kliður; málæði. „Vertu nú ekki að þessu eilífa klifi“!
- Klifa á** (orðtak) Endurtaka í sífellu; *tönnlast á*. „Enn ertu byrjaður að klifa á þessu“!
- Klifandi** (n, kk) Málæði; sífelldur hávaði. „Stöðugur klifandi heyrðist úr Gilinu í vatnavöxtunum“.
- Klifra** (s) Klifa í klettum; *fara laus*. Orðið er vanalega notað um það þegar farið var um kletta bandlaus, en þó stundum um bjarg- og klettaferðir almennt. Þegar farið er með vað og hann settur fastur er „farið í lás“, en þegar menn á brún draga bjargmanninn er farið „til siga“ eða „í sig“. Væri
- Klifrari / Klifurmaður** (n, kk) Sá sem er færari en aðrir að klifra í klettum. „Góður bjargmaður þarf að hafa marga eiginleika. Hann þarf að vera *passasamur* og fyrirhyggjusamur með öll öryggisatriði og vita hvað til þarf; hann þarf að hafa næmt auga fyrir hættum, t.d. af lausu grjóti; hann þarf að geta haldið rósemi og má ekki vera of lofthræddur; hann þarf að geta stýrt sér í siginu með því að spyrna frá bergi og halda sér réttum í loftsigi; hann þarf að vera góður klifrari og útsjónarsamur á leiðir og sína getu; og hann þarf að vera í góðum samskiptum við félag sína. Er þá aðeins fátt talið“.
- Klifur** (n, hk) A. Það að klifra/klífa kletta. „Svona klifur finnst mér dálítið *gapalegt*“. B. Leið í klettum. „Það er töluvert klifur eftir þó þú komist upp á stallinn“.
- Klinka** (n, kvk) Lokubúnaður á hurð/iláti; járn á hurðinni sem fellur upp á krók í stafnum.
- Klikka** (s) Bila; bregðast. „Byssufjárinn klikkaði þegar máfurinn var í dauðafæri“. „Nú má ekkert klikka“.
- Klikkaður / Klikkaður í kollinum** (l/orðtak) Ruglaður; ekki með fullu viti. „Ertu alveg klikkaður“! „Mér finnst þessir þingmenn ansi klikkaðir í kollinum ef þeir halda að þetta gangi upp“.
- Klikkhaus** (n, kk) Rugludallur; vitleysingur. „Skelfingar klikkhaus getur maðurinn verið; þvílík yfirsjón“!

Klippa (s) Taka í sundur efni með skærum. Orðið er einkum notað um að snyrta hár og efni, en aldrei um það að taka ull af kind. Það er að *taka af*. Hinsvegar voru skærin til þess oft nefnd *klippur*.

Klippa haus (orðtak) Klippa/skera fiskhaus áður en hann er hengdur upp til þurrks. „Þá var að fara með mat í verið; sækja fisk í soðið og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður og koma þeim í þurrk“ (IG; Æskuminningar).

Klipping (n, kvk) Hárskurður.

Klippur (n, kvk, fto) A. Skæri til að taka ull af fé; *sauðaklippur*. B. Skæri til að klippa þunnt járn; *þakklippur*.

Klitti (n, hk) A. Klofskækill í gæru. Þegar skoríð er fyrir við fláningu kindar þá er klitti nefndur sá skækill sem verður til í jógurstæðinu; milli skurða frá afturhæklum. Meðan slátrað var á Gjögurum var það í verkahring *hæklara að rífa upp klittið* áður en skrokkurinn var hengdur á gálga til fláningar. B. Eldra nafn á *setskauta* í skinnklæðum, en enn eimir eftir af nafninu í saumnum: „Var haldið áfram með leggsaum upp að klittnaspori. Þarna var klittnasporið tekið og vandað um það líkt og við hælsporið“ (KJK; Kollsvíkurver).

Klittnaspor (n, hk) Saumur í klofi á skinnbrókum; sjá *skinnklæði*. „Var þá haldið áfram með leggsaum upp að klittnaspori“ (KJK; Kollsvíkurver).

Klífa þritugan hamarinn (orðtak) Vinna mjög erfitt verkefni; gera hvað sem er. „Hann þarf nú að klífa þritugan hamarinn ef hann vill fá hennar atkvæði!“

Klígja (n, kvk) Velgja; ælutilfinning. „Ég held að þessi klígja sé að líða hjá núna“.

Klígja / Klígja við (s/orðtak) Vera með/fá velgju/ælutilfinningu; *bjóða við*. „Nú er mig aðeins farið að klígja; ætli ég sé ekki að verða sjóveikur“. „Mig klíggjar við tilhugsuninni ef þessi stjórn verður kosins aftur“.

Klígjugjarnt (l) Gjarn á að klígja; verða gjarnan sjóveikur. „Það vill til að þér er ekki klígjugjarnt“.

Klígjukast (n, hk) Hviða klíggju/ógleði. „Ég held þetta klígjukast sé nú liðið hjá“.

Klígjulegt (l) Til þess fallið að vekja klíggju/viðbjóð. „Skelfing er þetta klígjulegt *gums*“!

Klíka (n, kvk) Hópur manna, oft tiltölulega fámennur, sem gæta hagsmuna hvers annars á óeðlilegan hátt, þannig að veldur skaða/óánægju þeirra sem utan klíkunnar standa. „Mikið fer það í taugarnar á mér þegar flokksklíkan raðar tónum bjálfum í efstu sætin, án nokkurs samráðs við almenna flokksmenn!“ Orðið á uppruna í franska orðin „clique“, sem merkir að klappa.

Klíkuskapur (n, kk) Sú árátta meðlima *klíku* að gæta hagsmuna hvors annars á óeðlilegan hátt.

Klína (s) A. Ata; klístra; smyrja á. „Ertu nú búinn að klína málningu í buxurnar þínar“?! B. Eitt af vorverkum fyrri tíma. Fólst það í að mykja var borin út á tún, og henni klínt á tún og þúfur sem áburði. Var það oft gert með sérstökum spaða; klíningsspaða.

Klíningspaði (n, kk) Spaði til að klína mykju á þúfnakolla til áburðar og til þurrks sem eldiviðs.

Klínungur (n, kk) A. Skán af mykju sem smurð er á tún til áburðar. Klínungur var rakaður af túnum áður en gras var spottíð, og notaður til eldiviðar. B. Óþrif sem klínst hafa á óæskilegan stað. „Hvaða klínungur er þetta á buxnaskálminni á þér“?

Klípa (s) Þrengja að á tvo vegu, t.d. með fingrum eða töng. „Skatan var svo stæk að ég þurfti að klípa fyrir nefið meðan ég færði uppúr pottinum“.

Klípa (n, kvk) Þrengingar; ógöngur. „Hann var kominn í bölvada klípu í þessu máli“.

Klípa af (orðtak) Ódrýgja; taka af. „Það tekur því ekki að klípa neitt af þessu; það er ekki svo mikið“.

Klípistöng (n, kvk) Eldra heiti á því sem nú kallast almennt töng.

Klístra (s) *Klína*; ata.

Klístraður (l) Klíndur; *útataður*. „Farðu úr vinnubuxunum úti; þú ert allur klístraður af þessum óverra“.

Klístur (n, hk) Klínungur; þekja óhreininda sem klínst hafa á óæskilegan stað.

Kljást við (orðtak) Fást við; slást við; eiga í útistöðum/illindum við. „Hann er enn að kljást við þessi veikindi“. „Það er dálítið umhendis fyrir mig að kljást við þessa bolabíta þarna fyrir sunnan“.

Kljásteinn (n, kk) A. Steinn sem notður er til að halda þræði/uppistöðu vefstóls strekktum. B. Netasteinn; steinn sem notaður var til að halda neti við botn (sjá *netasteinn* og *hrognkelsi*).

Kljúfa (s) A. Taka í sundur; skipta í tvennt. „Hausarnir voru klofnir í tvennt eftir að búið var að sviða þá“. B. Geta greitt; ráða við greiðslu. „Þetta verður líklega í lagi ef honum tekst að kljúfa útborgunina“.

Kljúfa eftir hrygg (orðtak) A. Um sögun ketskrokka; saga skrokk eða skrokkhluta í sundur eftir hryggnum miðjum. „Svo var framparturinn klofinn eftir hrygg og þá fór hann afi að nota *trépollana* sína“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). B. Um aftekt kindar; byrja á að klippa reyfið eftir endilöngum hrygg áður en

aftekt hefst. Með þessu er auðveldara að komast að, og því var þetta gert, einkanlega ef erfitt var að taka af kindinni, t.d. vegna slæmrar fyllingar eða hún var í tvennum reyfum, eða meðan ull var ekki í miklu verði. Einnig talað um að skipta eftir hrygg, um það sama.

Kljúfa/kurla í eldinn/eldivið (orðtök) Saga og höggva við, þannig að nýtist sem eldiviður í reykingu/eldavél/þvottapott eða hlóðæld.

Kljúfa upp (orðtak) Skera fiskhaus/sviðahaus í tvennt, eða þarumbil. „Steinbítshausar voru klofnir upp og þeir síðan, ásamt hryggjunum, bornir til þurks upp á reitina“ (KJK; Kollsvíkurver).

Klofa (s) Taka á milli fóta; setja annan fótinn fyrst yfir og svo hinn. „Geturðu klofað yfir girðinguna eða á ég að halda út fyrir þig“?

Klofakerling (n, kvk) Einföld þvinga til að halda saman borðum í súð báts, meðan hann er seymdur.

Klofavarða (n, kvk) Steinhlaðin varða sem að neðanverðu er klofin; þ.e. hvílir á tveimur undirstöðum. „Myndarlegasta klofavarða sem fyrirfinnst gæti verið varðan á Stórafellinu, sem hlaðin er af Guðbjarti Guðbjartssyni hleðslumeistara frá Láganúpi. Hún er mjög reglulega hlaðin; breið með ferstrendum súlum; þykkum bálki að ofan og manngengu gati sem vísar til Láganúpsvers og Grunda“. Orði finnst ekki í orðabókum en var almennt notað vestra. Klofavörður við Þjóðvegi fengu oft það hlutverk að geyma kveðskap af misjöfnu tagi; sem gjarnan var stungið í sauðalegg. „Ein varðan er klofavarða, svo hægt er að skrída í gegnum hana“ (SJTh; Örnefnaskrá Kvígindisdals). Sjá *beinakerling*.

Klofblautur / Klofvotur (l) Blautur í fætur og upp í klof. „Stór alda reið undir bátinn; mér tókst að halda honum réttum við sandinn, en það kostaði það að ég varð klofblautur“.

Klofbragð (n, hk) Bragð í glímu. Sá sem beitir því beygir sig örlítið um annað hné; smeygir hinu milli fóta hins; innanvert undir lærið, og hefur hann á loft; heldur honum þétt að sér og varpar til jarðar með vindingi. Rétt klofbragð er tekið með vinstra fæti en öfugt með þeim hægri.

Klofdjúpur (l) Um snjódypt; upp í klof. „Það er klofdjúpur snjó upp allt *sníðið*“.

Klofhár (l) Um sokka/stígvél; ná langleiðina upp í klof. „Hann var í olíustakki og klofháum stígvélum“.

Klofi (n, kk) Hvaðeina sem er klofið. „Þvertréð í hjallinum féll í klofa efst á stoðinni“.

Kloflangur (l) *Leggjalangur; hár til klofsins/hnésins*. „Hann var ekki hár í loftinu, en áberandi kloflangur“.

Klofningur (n, kk) Glufa/gjá/sundrung sem líkleg/orðin er. „Hér er að myndast klofningur í trénu“. „Ef svona tillaga kemur fram má telja víst að klofningur verði í flokknum“. Á síðari tímum heyrir „klofnun“ um sama.

Klofófærð / Klofskafl / Klofsnjór (n, kvk/kk) Um snjódypt; snjór sem nær mönnum í klof.

Klofrifa (n, kvk) Rifa/saumspretta í klofi á buxum. „Farðu úr buxunum svo ég geti saumað þessa klofrifu“.

Klofrifna (s) Um buxur; rifna um saum í kofinu. „Buxurnar klofrifnuðu þegar ég glennti mig yfir lækinn“.

Klofrifinn (l) Rifinn í klofinu. „Skelfing er nú að sjá þig strákur; klofrifinn og grútskítugur“!

Klofrifa (s) Rífa um klofið. „Tókst þér nú að klofrifa buxurnar aftur“!

Klofsaumur (n, kk) Saumur buxna í klofi; *klitnaspor*.

Klofstígvél (n, hk, fto) Klofhá gúmmistígvél. Klofstígvél og sjóstakkar ollu nokkurri byltingu á síðustu árum verstöðu í Kollsvíkurveru, en sá búnaður tók við af *skinnklæðum* sem höfðu verið allsráðandi; líklega frá upphafi byggðar. Nýja búnaðinum voru menn fljóttari að klæðast og afklæðast; en líklega hefur þó mestu munað um tímasparnaðinn við gerð skinnklæðanna. Klofstígvél voru í fyrstu há svört gúmmistígvél sem ofaná var límd upphækkun úr þykku rauðleitu gúmmi; voru gjarnan „brotin niður“ þegar í land kom. Síðar komu klofstígvél úr næfurpunnu gúmmi, sem áttu síðri vinsældum að fagna meðal sjómanna. „Þá man ég vel þegar Maggi kom einusinni úr siglingu á Vatneyrartogaranum, að hann færði mér klofstígvél; en þá voru flestir vermenn enn í skinnklæðum. Þetta þótti stór viðburður og allir strákarnir í Víkinni, en þeir voru nokkuð margir þá, þurftu að prófa; og auðvitað var *farið upp fyrir*“ (IG; Æskuminningar).

Klofstuttur (l) *Fótstuttur; stuttur til klofsins*. „Menn eru misjafnir að vaxtarlagi; sumir eru kloflangir en aðrir áberandi klofstuttir, í hlutfalli við skrokkstærð“.

Klofvega (ao) Með fótinn sitthvorumegin. „Annar sat klofvega á húddinu meðan hinn ók traktornum“.

Kloss (ao) Þétt; þröngt; klesst. „Ég rak staurinn niður kloss við vegginn“.

Klossaður (l) Þunglamalegur; *luralegur; samanrekin*. „Skelfing finnst mér þetta klossaður bíll“.

Klossfastur (l) Alveg fastur; rígfastur. „Traktorinn sökk í pyttinn og sat klossfastur“.

Klossi (n, kk) Klampi; kubbur; bútur. „Sæktu einhvern klossa til að hafa undir tjakknum“.

Kló (n, kvk) A. Kló á ketti, hundi eða öðru dýri. „Var nú kötturinn að slæma klónni í þig litli stubbur“? B. Grein á lyngi; lyngkló. C. Efra horn segls á bát. Úr klónni liggur klófalur um trissu efst í mastri, niður til stjórnandans, sem getur strengt og *slakað á klónni*. D. Búnaður á enda rafleiðslu til að stinga henni í tengil.

Klóakul (n, hk) Ofkæling/*kuldadoft* hunda á fótum, hliðstæð *naglakuli* á mannfólki. „Ósköp þarf tíkin að sleikja á sér lappirnar. Ætli hún sé ekki með klóakul, skarnið“.

Klófalur (n, kk) Um seglabúnað báts; band sem liggur úr *kló* segls, um blökk/trissu/húnboru ofantil í mastri og kom neðri endi niður í hendur formanns, eða honum var brugðið undir röng í bátinum.

Klófesta (s) Krækja í; ná í. „Enn hefur engum tekist að klófesta fjörulalla svo vitað sé“.

Klókaldur (l) Kaldur á nöglunum; *kaldur á klónum*; með *naglakul*. „Ertu orðinn dálítið klókaldur stubburinn minn? Þér hefði verið nær að þiggja vettlingana“!

Klókheit / Klókindabragð / Klókindi / Klókskapur (n, hk, fto) Sniðug/lúmsk áætlun; hyggindi; fyrirhyggja. „Þetta fannst mér mikil klókheit hjá karlinum“. „Þarna beitti hann miklum klókindum“. „Þetta gerði hann af klókskap sínum“.

Klókindalega (ao) Lævislega; á sniðugan hátt. „Það þarf að fara klókindalega að þessu“.

Klókindalegur (l) Sem beitir klókindum/klókindabragðum. „Hann var klókindalegur í þessum viðskiptum“.

Klóklt (l) Gáfulegt; sniðugt. „Mér fannst það klóklt hjá honum að skipta um vél í bátinum“.

Klókur (l) Sniðugur; séður; lunkinn; laginn. „Hann er ári klókur í viðskiptum“.

Klór (n, hk) Það sem klórað hefur verið. A. Rifur eftir klær. „Er þett klór eftir köttinn“? B. Slæm skrift. „Hver á að geta lesið þetta klór“?! C. Efnid klór; Cl, eða blanda af því; klórblanda.

Klóra (s) A. Krafsa; rífa. „Við þurfum að klóra mesta klakann af þessu“. „Var kötturinn að klóra þig“? B. Nudda húð vegna kláða. „Fénu þykir gott að klóra sér utaní stögin“. C. Skrifá ógreinilega/illa. „Ætli ég veriði ekki að klóra nafnið mitt hér undir“. D. Há; koma sér illa. „Þessi gamla skuld er enn að klóra honum“.

Klóra í bakkann (orðtak) Gera tilraun/atrennu; reyna að bjarga sér. „Hann segist ætla að klóra eitthvað í bakkann með þessa skuld“. Líklega líking við að skepna reyni að bjargast úr skurði eða slíku.

Klóra sér í kollinum/hausnum yfir (orðtak) Undrast; skilja ekkert í. „Menn klóra sér í kollinum yfir því hvernig þetta gat gerst“.

Klórast (s) *Krafla sig; klöngrast; skriflast*. „Ég náði að klórast upp í næsta gang og komst þaðan upp á brún“.

Klósett (n, hk) Salerni. Klósett inni í húsum urðu ekki algeng fyrr en um og eftir miðja 20. öld í Rauðasandshreppi, og svo var um orð sem tengdust því. Kamrar voru í notkun á Láganúpi og Stekkjarmel fram yfir 1960, en vatnsklósett var komið fyrr í Kollsvíkurbúsið.

Klósigi (n, kk) Þunnt *tjásulegt* háský, sem getur verið undanfari þess að þykkni upp, þó ekki sé það einhlítt.

Klóbþang (n, hk) *Ascophyllum nodosum*; algengasta þarategundin á útfiri í Kollsvík og víðar. Það er með loftfylltar bólar til að halda sér réttu í sjónum, eins og *bólubþang*; ólífugrænt á litinn og verður um 50-100 cm að lengd. Rifnar oft upp í brimi og berst þá upp á fjörur og hættir til að setjast í veiðarfæri. Fyrrum var klóbþang stundum notað til matar í miklum hallærum. Það var þá saxað niður og soðinn af því grautur í vatni og sýru, ásamt einhverju méli.

Kluftatunga (n, kvk) Húðsepi í *kluftum* á klaufdýrum.

Kluftir (n, kvk, fto) Efst í bili milli klaufa sama fótar á klaufdýri, s.s. sauðkind og nautgrip. „Það er afskaplega snjólétt; varla *upp í kluftir* á fénu“.

Klukka (n, kvk) A. Stór bjalla; kirkjuklukka. B. Tímamælir, oftast átt við veggklukku í húsi. „Nú þarf að vinda klukkuna“. Stundum þó um úr á hendi; „ertu með klukku“? eða sem hugtak; „hvað skyldi klukkan vera orðin“?

Klukkaður (l) Um leiki: Eltingaleikur sem gengur út á það að einn á að elta hina og, þegar hann nær einum, að snerta hann og segja „klukk“. Þá er sá „klukkaður“ og tekur við hlutverkinu að elta.

Klukkulaus (l) Ekki með úr/klukku; *úrlaus*. „Skelfing er maður hálfvitalægur svona klukkulaus, núorðið“.

Klukkulykill (n, kk) Lykill til að trekkja/vinda upp klukku. „Hvar hefur klukkulykillinn verið settur“?

Klukkuprjón (n, hk) Sérstök prjónaaðferð: „Prjónaklukkan á stelpur voru úr hárfinu tvinnuðu bandi eða einspinnu; þær voru prjónaðar með klukkuprjóni“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Klukkustundargangur / Klukkutímaganga (n, kk) Vegur/vegalegd sem tekur klukkutíma að ganga. „Þetta er nú vel klukkustundargangur frá Saurbæ, þó enginn setti slíkan smáspotta fyrir sig“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Ég held það sé rösk klukkutímaganga frá Láganúpi framá Hauga“.

Klukkustrengur (n, kk) A. Eiginleg merking; spotti til að hringja klukkum, t.d. í kirkju. B. Ílangt klæði, mjög útsaumað; núorðið haft til punts og skreytinga en var áður hluti af bjöllukerfi yfirstéttarfólks (erlendis) til að kalla þjónaliðið.

Klumbubein (n, hk) Klumba; *angiljubein*; eyruggabein; stórt bein fremst í þunnildi fisks, aftan við tálknin. Klumbubein ýsu eru mjög efnismikil og sumir dunduðu sér við að skera úr þeim litlar dýra- eða fuglastyttur. Orðið klumba var þekkt annarsstaðar en ekki klumbubein svo vitað sé.

Klumbufótur (n, kk) Klunnalegur/vanskaþur fótur.

Klumbunef (n, hk) Stórt nef með háum *krung*/boga; kónganef. „Hann var með tilkomumikið klumbunef“.

Klumbunefja (n, kvk) Annað heiti á álku.

Klumsa (l) *Eiga ekki til orð; kjafstopp*. „Henni brá svo við fréttirnar að hún varð alveg klumsa“. Upprunalega notað um ákveðna gerð stjarfa í hestum; „klumsa“.

Klungrast (s) Klifra með erfiðismunum; klórast. „Svo lögðum við af stað; klungruðumst eftir fljúgandi sleipum steinum og stórgrýti“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Klungur (n, hk) Illfær/grýtt leið; óárennilegt klifur. „Við þurfum að reka féð varlega yfir klungrið í urðinni“. „Vertu ekkert að fara niður í næsta gang; það er árans klungur“.

Klungurskaflí (n, kk) Ógreiðfær hluti af leið. „Þegar lömb voru hæfilega stálpuð var valinn fjárhópur rekinn útyfir Hnífa; úti Breið, til hagagöngu. Fara þurfti varlega í stórgrýttum klungurskafla við Blettahjallann, en síðan var féð rekið útfyrir girðinguna í Urðarhryggnum, og hliðinu þar lokað“.

Klungursleið (n, kvk) Erfið/stórgrýtt/hættuleg leið, einkanlega notað um leiðir í klettum. „Prílaðirðu virkilega bandlaus upp þessa déskotans klungursleið“?!

Klunnafótur / Klunnalöpp (n, kk/kvk) Notað um það þegar maður hrasar fyrir klaufaskap. „Óttaleg klunnalöpp er nú á þér drengur; þú verður að gá niður fyrir tærnar á þér“!

Klunnalega (ao) Óhönduglega; klaufalega. „Honum fórst þetta frekar klunnalega úr hendi“.

Klunnalegur (l) Klaufalegur; ólaginn; grófur. „Ég er miklu klunnalegri við þetta en þú“. „Skelfing eru þetta klunnalegir skór“!

Klunnaskapur (n, kk) Klaufaskapur; *óvandvirkni*. „Bölvaður klunnaskapur er þetta“!

Klunni (n, kk) *Klaufabárður; jarvöðull*; ólaginn maður. „Skelfingar klunni geturðu verið við þetta“!

Kluss (n, hk) Gat á kinnungi báts sem akkerisfesti liggur um, oftast fóðrað eða varið á einhvern hátt.

Klúbbur (n, kk) Lítið félag; fremur þröngur hópur fólks. Orðið var líklega ekki notað vestra fyrr en stofnaður var saumaklúbbur, þar sem annarsstaðar á landinu á síðari hluta 20. aldar.

Klúðra (s) Gera mistök; *flumbra*. „Það gengur ekki að klúðra þessu bara einhvernveginn saman“!

Klúður (n, hk) Klaufaskapur; mistök. „Þetta er nú ljóta klúðrið“!

Klúðursbragur (n, kk) Klaufalegt yfirbragð. „Óttalegur klúðursbragur er á þessari viðgerð“.

Klúðurslega (ao) Klaufalega; illa. „Þessi viðgerð finnst mér vera klúðurslega unnin“.

Klúðurslegur (l) Illa/klaufalega unninn. „Frágangurinn var svo klúðurslegur að þetta var verra en ógert“.

Klúka (n, kvk) Lítil hruga; lítill haugur/hnakkur. Orðið var þekkt en ekki mikið notað í Kollsvík í seinni tíð. Á Rauðasandi var eitt sinn kot með þessu nafni.

Klúr (l) A. Grófur/ruddalegur í orðum; klámfenginn. „Kveðskapurinn í verinu var með ýmsu móti; sumt voru prýðilega gerðar vísur, en annað hálfgerður barningur. Innanum voru klúr kvæði og jafnvel níðvísur“. B. Um hlut; illa/óhaganlega gerður; mjög af sér genginn og lélegur.

Klútgarmur / Klútræfill (n, kk) Gæluheiti á vasaklút. „Hvar lagðði ég nú klútgarminn minn og pontuna“?

Klútshorn (n, hk) Horn á vasaklút. „Hann náði korninu úr auganu á mér með klútshorninu“.

Klútur (n, kk) A. Almenn um lítið stykki af taui/vefnaði; t.d. borðklútur; skýlúklútur. B. Styttling á vasaklútur.

Klyfberi (n, kk) Grind/bogi til að leggja yfir hestbak og leggja á byrði/klyfjar/sátur. Á klyfberanum eru *klakkar*, og hann er lagður á *reiðing*; þ.e. mjúkt undirlag, og festur með *gjörð* undir kvið hestsins.

Klyfjaður (l) Hlaðinn; með fulla byrði. „Ég kom vel klyfjaður af eggjum úr Breiðnum þann daginn“.

Klyfjahestur (n, kk) Hestur með klyfjar. „Ég þarf að fara að éta minna; ég er að verða eins og klyfjahestur“!

Klyfjar (n, kvk, fto) Baggar; flutningur sem borinn er. „Algengt var, ekki síst að vetrarlagi, að menn báru þungar klyfjar á eigin herðumyfir Hænuvíkurháls“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). Orðið er dregið af því að „kljúfa“; þ.e. skipta byrði þannig að hún leggist báðumegin og jafnt yfir herðar/hestbak.

- Klyftir** (n, kvk, fto) Klof. Oftast notað um dýpi í vatni/sjó/snjó. „Báturinn hafði flotið upp, og ég þurfti að vaða upp í klyftir til að ná honum“. „Þarna var snjór víða í klyftir“. „Kýrin sökk upp í klyftir í seilinni“.
- Klýfir** (n, kk) Um seglabúnað; brandaukasegl; þríhyrnt stagssegl, oftast framanvið fokkusegl; fest ofantil í siglu/framsiglu; framantil í bugspjót og aftantil út í borðstokk öðruhvorumegin.
- Klæða** (s) A. Um mann; fara í föt; koma öðrum í föt. B. Um hús o.fl.; setja þilju utan/innan á vegg.
- Klæða illa/vel** (orðtök) Notað til að lýsa því hvort fatnaður þyki fara manneskju vel eða illa.
- Klæða sig uppá** (orðtak) Fara í betri föt; vera *finn í tauinu*. „Maður er nú ekki að klæða sig uppá fyrir þetta“.
- Klæðalaus** (l) Nakinn; strípaður. „Skelfing er að sjá manneskjuna nær klæðalaus í þessu veðri“!
- Klæði** (n, hk) Vefnaður; fatnaður. Eitt fárra orða sem breytir merkingu við það að skipta úr eintölu í fleirtölu. Í eintölu merkir það efni í klæði; tau, en í fleirtölu merkir það tilbúin föt; fatnað.
- Klæðispils** (n, hk) Pils úr klæði. „Ég minnst þess að hún talaði um hvað þeir Maggi og Einar væru oft búnir að borga sér, með hjálpsemi og gjöfum, klæðispilsíð sitt sem hún tók eitt sinn fyrir jól til að gera þeim úr buxur“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Klæðlítill** (l) Fáklaeddur; illa búinn. „Þeir höfðu farið fremur illa búnir; nestislausir og klæðlítill“.
- Klæðnaður** (n, kk) Búningur; fatnaður. „Skelfing líst mér ill á klæðnaðinn á þér drengur; farðu nú í peysu áður en þú ferð út“! „Það er víst gert ráð fyrir finni klæðnaði í þessu samkvæmi“.
- Klæðning** (n, kvk) Þilja; byrði í smíði/byggingu. „Hann setti timburklæðningu utaná húsið“.
- Klæja í lófana** (orðtak) Langa mikið að gera/hefja. „Mig klæjar í lófana að geta byrjað á þessu“. Orðtakið mun tengjast þeirri hjátrú að kláði í lófana hafi spágildi. Klæjaði mann í hægri lófa myndi happ bera að höndum, en kláði í vinstri lófa boðaði verri tíðindi eða missi“.
- Klæki** (n, kvk) Kænska; klókindi; útsjónarsemi. „Hann þóttist vera sárasaklaus, en ég sá það strax af klæki minni að eitthvað var *brogað við* hans frásögn“.
- Klækir** (n, kk, fto) Lymskubrögð; undirferli; kænska; klókindi. „Hann ætlaði að hafa þetta útúr mér með klækjum, en ég *sá við* honum“. Orðið þekkist ekki í eintölu í karlkyni, en til er *klæki* í kvenkyni.
- Klækjabragð** (n, hk) Klókindi; hrekkjabragð. „Þeim hefndist fyrir þetta klækjabragð“.
- Klækjarefur** (n, kk) Ráðsnjall/slægvitur maður. Refurinn er talinn úrræðagóður með afbrigðum.
- Klækjósttur** (l) Brögðósttur; undirföruill; slægvitur. „Hann var sagður nokkuð klækjósttur í viðskiptum“.
- Klæmast** (s) Viðhafa klám; vera klúr í orðum. „Vertu nú ekki að klæmast við stelpugreyin“!
- Klæminn** (l) Klúr/grófur í orðum/skáldskap/framkomu. „Hann gat gert ágætar vísur, en átti það til að vera nokkuð klæminn“.
- Klögumál / Klögur** (n, hk) Kvörtun. „Ég nenni ekki að hlusta á þessi klögumál allar stundir; reyniði nú að *sétla málin* ykkar á milli“!
- Klögur** (n, kvk, fto) Kvartanir; umkvörtunarefni. „Milli þeirra ganga klögurnar á víxl“. Ekki notað í eintölu.
- Klökugur** (l) *Klakastokkinn*; þakinn klaka. „Féð varð klökugt á að *ösla* frammi á *útfiri* í frostinu“. „Þarna var þá ekkert nema klökug brekkan“ (MG; Látrabjarg).
- Klökkna** (s) A. Þiðna; veikjast. „Ísinn er farinn að klökkna og verða ótraustur“. B. Bresta rödd; verða *klökkur*. „Hann klökknaði þegar hann talaði um konuna sína sálugu“.
- Klökkur** (l) A. Um manneskju; með tregatón/grátstaf/viðkvæmni í röddinni; hnípinn; beygður. „Hann var hálf klökkur þegar hann rifjaði þetta upp“. B. Um við eða annað efni; *svagur*; bognar auðveldlega. „Þessi fjöl er alltof klökk til að nota hana í stífu“.
- Klökkvi** (n, kk) Brostin rödd vegna sorgar/geðshræringar; gráthreimur í rödd; ekki. „Það gætti klökkva í röddinni þegar hann rifjaði upp þetta slys“.
- Klökugur** (l) Klakaður; isaður; sílaður; klakabrynjaður. „Féð verður fljótt klökugt í fjörunni í þessu frosti“.
- Klömbruhleðsla / Klömbrueggur** (n, kvk) Sérstakt lag við hleðslu torfveggs; með því að nota *klömbruhnaus*. Klömbruhleðslur voru ekki viðhafðar vestra, a.m.k. ekki í seinni tíð; enda grjót nærtækt og grjótveggir standa betur en torfveggir.
- Klömbruhnaus** (n, kk) Hnaus sem stunginn er með sérstöku lagi úr jörð, þannig að vel henti í hleðslu torfveggs.
- Klömbrur** (n, kvk) A. Styttling á klömbruhnaus. B. *Klömbrur*. Sjaldan framborið þannig.

- Klömp** (n, kvk) Klöpp. Heyrðist sjaldan notað þannig í Rauðasandshreppi í seinni tíð; en kann að hafa verið algengara áður: „Hellugötur eru berar klampir sem vegurinn lá eftir“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).
- Klöngrast** (s) Príla; klofa; fara með erfiðismunum. „Handan í gjánni voru nokkur múkkahreiddur og ég gat klöngrast þangað með því að klofa yfir gjábotninn“. „Úr Smjörhellinum er svo hægt að klöngrast suður fyrir nefið, í Smjörhellisflesið, en það er tæp leið og laust í skriðunni handanvið“.
- Klönгур** (n, hk) Príl; tildur; erfitt/glannalegt klifur. „Þá er farið niður sjávarklettana í Vatnadalsbót, annaðhvort í Árdalnum (gilinu) eða niður klettaneft norðan við Árdalinn; hvorutveggja dálítið klönгур“ (HÖ; Fjaran).
- Klöpp** (n, kvk) Jarðfastur berghleifur/bergeitill sem stendur oft lítið eitt hærra en yfirborðið, t.d. þar sem jökull eða sjór hefur sorfið lausara berg í burtu. Klappir sem skaga út í sjó eru nefndar hleinar.
- Knall** (n, hk) A. Hár hvellur; byssuskot. „Hundurinn varð dauðskelkaður við knallið og hljóp heim“. B. Slangurorð yfir skemmtun/dansleik/ fjöruga samkomu. „Þetta var heilmikið knall“.
- Knalla** (s) Skjóta. „Láttu það bara vera að knalla á hrafninn; það *hefnir sín*“.
- Knalletta** (n, kvk) Hvellhetta; lítil sprengja. A. Hvelletta í haglaskoti, sem bógurinn skellur á og kveikir í púðri skotsins. „Uppi á lofti í gamla Traðarhúsinu fundum við poka af knallettum og öðru til skotahleðslu“. B. *Hreppstjórakúla* (sjá þar). C. Hvelletta hvellettubyssu/knallettubyssu. Oftast raðað á borða eða plasthring.
- Knallettubysa** (n, kvk) Hvellettubysa; leikfang sem er eftirlíking skammbyssu; er með knallettum/hvellettum með litlum púðurskammti sem gefa hvell þegar hamar skellur á þeim. Vinsælt leikfang sem barst í Kollsvíkina með Halldórssonum á 7. áratug 20. aldar.
- Knallettutöng** (n, kvk) Hvelllettutöng; töng til að þrykkja hvellettu/knallettu í skothylki þegar það er hlaðið.
- Knapi** (n, kk) Reiðmaður hests. „Hryssan Stjarna, sem var brún að lit, var sett undir knapann sem sótti ljósmóðurina“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Knappella** (n, kvk) *Kappmella*. Framburður sem sumir notuðu fremur.
- Knapphelda** (n, kvk) *Hnapphelda* (sjá þar).
- Knapplega** (ao) Varla; tæplega. „Leystu svolítið meira hey; þetta dugir knapplega sem komið er“.
- Knapporður** (l) Fáorður; segir mikið í stuttu máli. „Jarðabókin er knapporð um þetta, en segir þó margt“.
- Knappt um** (orðtak) Lítið um/af. „Er nokkuð orðið knappt um hey hjá þér“?
- Knappur** (l) Tæpur; naumur. „Hann fer nú að verða knappur með hey þegar kemur framá“. „Vogurinn er knappur, en ef um háfermdan bát er að ræða er aðstaðan ákjósanleg“ (KG; Frá Rauðasandi til Rússía). „Neðst í mynni Bjrangötudals er knöpp brekka sem heitir Aurbrekka“ (PJ; Örn.skrá Rauðasands).
- Knappur með hey** (orðtak) Heytæpur; heyknapur; á tæplega næg hey fram á vor. „Heldurðu að hann sé að verða eitthvað knappur með hey“?
- Knasa** (s) Brjóta í smátt; mölbrjóta. „Þarna steig ég óvart ofani hreiður og knasaði tvö egg“.
- Knastás** (n, kk) Ás með hjámiðjum til að stjórna ventlum í bílvél. „Knastásinn er keðjudrifinn og yfirliggjandi“.
- Knattleikur / Knattspyrna** (n, kk) Boltaleikur; fótbolti. Tilgangslaus og kjánaleg tímaeyðsla sem lítt eða ekki var stunduð í Kollsvík svo lengi sem sögur fara af.
- Knálega** (ao) Rösklega; duglega. „Þetta var ansi knálega gert af honum“.
- Knálegur** (l) Rösklegur; dugmikill. „Mér sýndist þetta vera nokkuð knálegur vinnumaður“.
- Knár** (l) *Duglegur; dugmikill*. „Hann var knár vel þó ekki væri nema 16 ára...“ (MG; Látrabjarg).
- Knefi** (n, kk) Hnefi. Í hinum harða vestfirnska framburði sem áður tíðkaðist var samsetningin „hn“ oft framborin á þennan hátt. „Hann gaf ekkert eftir fyrr en í fulla knefana“.
- Kneif / Kneifaröngull** (n, kvk) Öngull með ásteyptri síld. Slíkir önglar tíðkuðust á tímabili uppúr 1900, og voru þá gjarnan með spaða í stað auga, og öngultaumur (hvippa) var benslaður á legginn. Fyrr mun kneif hafa verið notað um öngla yfirleitt.
- Kneikja** (s) Reigja; sveigja; beygja. „Þegar haus er skorinn af skepnu er hausinn kneiktur vel aftur, þannig að móti fyrir liðum. Síðan er skorið á milli banakringlu og kúpu“.
- Knekti** (n, hk) Vinkill eða annar efnisbútur til samfestinga í smíðum. „Sett voru knekti á hornin til styrktar“. „Undir hillunum eru sterk knekti“.
- Kneppa** (s) Hneppa. Vestfirskur ritháttur og framburður sem nú heyrir hvergi lengur. Sama gildir um aðrar hn/kn-samsetningar: knöttur; kné; knefi; knekkja; knyttinn; knútur; knýta. Framburðurinn hefur þó haldið sér í samsetningum, svo sem knésbót; knésetja o.fl.

Kneppi (n, hk) Skammtur af heyi; yfirleitt talið minna en fullt *fang*. „Það er hæfilegt að kasta einu kneppi fyrir hrútana í stíunni“. „Saxaðu svo dálítið kneppi til að setja í kollinn á hverjum galta“. Kneppi mun áður hafa verið mælieining fyrir hey, og var þá til jafns við einn meis.

Kneyfa (s) Drekkja. Fornt orð sem stundum var viðhaft í seinni tíð. „Þetta var bragðvondur andskoti og reif niður í rassgat; en það þýddi ekkert annað en kneyfa þetta í sig ef maður ætlaði að ná heilsunni“.

Kné (n, hk) Eldri framburður á hné.

Knéfalla (s) Falla á hné/kné; krjúpa. „Ég ætla mér bara ekkert að knéfalla fyrir svona vindbelgjum“!

Knékrjúpa (s) A. Krjúpa á kné; liggja á hnjánum. „Maður verður stíður í fótum af að knékrjúpa svona lengi við arfareytingu“. B. Líkingamál; vera undirgefinn; sýna einhverjum auðmýkt. „Ég fer nú ekki að knékrjúpa fyrir þessum bjálfum til að fá það sem ég á fullan rétt á“!

Knérunnur (n, kk) Lágur runni; kjarr; grein. Oftast notað í líkingum, þar sem knérunnur merkir ætlið eða grein í ætt. Núorðið í orðtakinu að *vega í sama knérunn*; gera atlögu að sömu fjölskyldu/ sama málefni.

Knésetja (s) Koma á kné; sigra; hafa betur gegn. „Á endanum tókst stjórnvöldum að knésetja þessa byggð; einkum með heimskulegum og skammsýnum ákvörðunum um nýtingu sjávar- og landgæða“.

Knípla (s) Búa til kníplinga, sem er ákveðin gerð útsaums/skreytinga/kögurs. Nefnist athöfnin knípl.

Knippa (s) Binda í knippi/búnt. „Ég knippaði sprekið saman og bar það að reykkofofanum“.

Knippi (n, hk) Búnt; það sem bundið er saman. „Vermenn höfðu frítt lyngrif í landi Láganúps. Sennilega hafa þeir rífið lyngið í landlegum; bundið það í knippi með færum sínum og borið á bakinu í búðirnar“.

Knífa að / Kneppa að / Kreppa að (orðtök) Kreppa; þrengja; *þústa að*. „Það fer nú að knífa að með fódurbætinn“. „Það er gott að *eiga* þetta í *bakhöndinni* ef kneppir að“.

Knífa af (orðtak) Klípa af; *neyja af*; *hrella af*. „Þetta er nú svoddan óvera; það er varla hægt að vera að knífa af þessu hjá þér“.

Knífur (n, kk) Hnífur. Borið þannig fram með hinum upprunalega vestfirsku framburði, t.d. alltaf af GG.

Knípa / Knípa af (s/ orðtak) Skerða; taka af. „Taktu bara stykkið allt; þetta er svo lítið að það tekur því ekki að knípa af þessu“. Stofnskylt orðinu hnífur/knífur.

Knosa (s) Kremja; merja.

Knurr (n, hk) Urr; murr; urgur; nöldur. „Knurr var komið í íbúana yfir þessum slóðaskap Vegagerðarinnar“.

Knurra (s) Urra; murra; rymja; nöldra. „Ætli það þýði nokkuð að knurra yfir þessum skatti fremur en öðrum“.

Knúður (n, kk) Hnúður; hnyðja. Vestfirskur framburður, t.d. GG. „Þarna er rekinn *trollknúður*“.

Knúinn (l) Rekinn; drifinn. „Eftir að bátar urðu almennt knúnir vélarafli var stutt í að útgerð leggðist af í útvíkum. Þá skipti vegalengdin til miða ekki eins miklu máli“.

Knúinn til (orðtak) Tilneyddur; rekinn til. „Ég fann mig knúinn til að biðja hann afsökunar“.

Knúppur (n, kk) Blómhnappur; kálhaus. „Það eru komnir knúppar á kálið“.

Knúsa (s) Eldri merking er sú sama og danski stofninn; brjóta; mölva. Yngri merking er að faðma þéttingsfast. „Það var í hitteðfyrri, ein stúlka kom á kreik./ svo knúsandí og dásamleg að tarna./ Við þessa glöðu meyjju ég fór í feluleik./ Hún faldi sig í rúminu mínu þarna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Knútur (n, kk) A. Hnútur, eldri framburðarmáti sem lengi var við lýði í Kollsvík. B. Mannsnafn.

Knyttóttur (l) *Pöróttur*; viðsjárverður; hrekkjóttur; líklegur til skammarstrika. „Sagt var að strákarnir í Breiðuvík væru sumir æði knyttóttir, en aldrei *sýndu* þeir *sig þó að því* gagnvart heimamönnum“.

Knyttur (n, kk) Hrekkur; bragð; skammarstrik. „Fyrrum þótti ekki tiltökumál að flengja krakka fyrir slæma knytti. Nútímasamfélag bannar slíkt uppeldi, en hefur enn ekki fundið raunhæfari eða betri aðferðir“. Oft kom forskeytið ó fyrir framan til áheresluauka, og talað um óknytti.

Knýja á um / Knýja fram (orðtak) Fylgja máli eftir; þrýsta á. „Mjög var knúið á um að málið yrði samþykkt sem fyrst“. „Ef hann ætlar að knýja fast á um þetta þá er *ekki um annað að gera en láta hart mæta hörðu*“!

Knýja dyra (orðtak) Berja að dyrum; banka á dyr. „Hver knýr dyra á þessum tíma sólarhrings“? „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn./ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því“? ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Knýjandi nauðsyn/þörf (orðtak) Brýn nauðsyn; mjög nauðsynlegt.

Knýttur (l) Hnýttur; með hnút. „... ber ég þess menjar á sjálfum mér er ég kem við knýtt beinin í brjóstinu á mér, vinstra megin“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Knörr (n, kk) Stórt hafskip norrænna manna. Skipin voru þróuð í upphafi víkingaaldar og mjög notuð í siglingum norrænna manna milli landa. Knerrir hafa vafalítið verið helstu skip landnámsmanna. Þeir voru súðbyrtir; háir á byrðing og kjöl; með eitt mastur og þversegl; stýrið var stjórnbörðsmegin framanvið skut. Þilfar var framan og aftan, en stórt flutningsrými miðskips. Knörrinn var dýrt skip, enda má víða sjá í fyrri sögnum, t.d. í Landnámabók, að sigling til Íslands var ekki möguleg nema að baki hennar stæðu vel efnaðir menn. Séu frásagnir réttar af strandi Kolls og féлага á Arnarboða í Kollsvík, má ætla að þar hafi orðið verulegt eignatjón þegar knörrinn eyðilagðist. Ein skýringin á hinu litla landnámi Kolls gæti verið sú að höfðingjasynirnir sem með honum voru á skipi, hafi hlotið sín víðfeðmu landnám sem bætur fyrir tjónið; Þórólfur Spörr sem nam allan Rauðasandshrepp utan Rauðasands og Kollsvíkur; Þorbjörn skúma og Þorbjörn tálkni sem námu Patreksfjörð að norðan og allan Tálknafjörð. Í lok landnámsaldar er talið að hérlendis hafi verið til allnokkur skipastóll knarra, auk minni skipa. En líklega má kenna skógleysi að mestu um það að engin endurnýjun varð þegar þeir gengu úr sér. Fullyrða má að skipleysi þessarar eybjóðar hafi í raun verið helsta orsök þess að Íslendingar neyddust til að selja sjálfstæði sitt Noregskóngi 1262, í skiptum fyrir ferðir milli landanna. Í þeim ferðum viku knerrir fyrir búsum: burðarmeiri skipum sem þróast höfðu við Miðjarðarhaf.

Knöttur (n, kk) Eldri famburðarmynd af hnöttur.

Kobbi (n, kk) Gæluorð um sel/selkóp. „Kobbi var forvitinn og synti alveg uppundir fjöruna“.

Koddableðill (n, kk) Lítill/þunnur kodd; gæluorð um kodda. „Hér hefurðu einhvern koddableðil“.

Koddahorn (n, hk) Horn á kodda; gæluorð um kodda. „Það er sagt að karlinn eigi töluvert fé undir koddahorninu“.

Koðna niður (orðtak) Leggjast niður; líða útaf. „Vegna fólksfæðar koðnaði félgasstarfið niður...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Skaflinn á veginum er að koðna niður í ekki neitt“.

Koðri (n, kk) Pungur.

Kofa (n, kvk) Lundaungi. Heitið mun einkum hafa verið notað á Vestfjörðum, en þar var aldrei notað heitið „pysja“, eins og t.d. í Vestmannaeyjum. Kofuhleinar eru utanvið Láturdal. Kofuhellir er heimast í Hnífum, en ekki er vitað um lundavarp þar í manna minnum. Hellirinn er af sumum nefndur Kofahellir, sem gæti vísað til lögunar hans.

Kofabygging (n, kvk) Kofi / gerð kofa, úr grjóti, torfi og timbri. „Kofabyggingar voru almennt notaðar í Kollsvík sem víðar fram á 20. öld, og enn eru nokkrir slíkir í notkun. Elsti kofi í Kollsvík, og líklega elsta torfhús á Íslandi sem ávallt hefur verið í notkun og undir þaki frá upphafi og er ekki er hluti bæjarbyggingar, er Hesthúsið á Hólum. Torfkofar stóðu vel í Kollsvík, væri vel vandað til þeirra í upphafi. Veggir voru hlaðnir af grjóti, sem stendur betur en torfveggir annarra landshluta; Timbur var yfirleitt úr rekaviði, sem er náttúrulega fúavarinn. Grjóthellur voru hafðar á þökum og þær skaraðar til að forðast leka. Undirstöðum á sandmelum og grjórholtum ganga ekki til. Vel loftar um. Hið eina sem e.t.v. var af meiri gæðum annarsstaðar var torf og reiðingur, en þó var torfrista í Kollsvík talin sæmileg“.

Kofadyr (n, kvk) Dyr á kofa. „Sandur hafði í árána rás borist inn í Hesthúsið, bæði sem fok og eins með torfi sem eldur var hulinn með. Torfið brann en sandurinn varð eftir. Voru kofadyrnar á endanum svo lágar að menn urðu nánast að skriða á hnjánum til að komast inn göngin“.

Kofahurð (n, kvk) Hurð á kofa. „...næsti maður til að opna kofahurðina var einmitt Gummi í Breiðuvík“ (PG; Veðmálið).

Kofasalt (n, hk) Maurasúrt kalk; íblöndunarefni við votheysverkun. „Kofasalt var lítillaga reynt við votheysverkun á síðustu árum heyverkunar í votheysgryfjur. Þó var mest notuð maurasýra“.

Koffort (n, hk) Hirsla; trékassi með vissu lagi, misjafn að stærð. Algengt var að koffort væri um 60cm að lengd og 40cm að breidd og hæð. Það var oftast smíðað úr sléttum borðum, gjarnan með geymslu í loki og handröðum. Höldur voru utan á göflum; oft skásettar með götum fyrir bönd til að þægilegt væri að binda upp á klyfjast. Ýmist var á þeim innbyggð læsing eða hespa. „Erlendur á Látrum sendi einn af vinnuönnum sínum eftir koffortinu“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Rekkjufélagar sváfu andfæting og höfðu koffortin sín; skrinurnar, við höfðalagið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Kofi (n, kk) A. Lágrest torfhús, gjarnan stakt eða með öðru en ekki bær. „Á gilbarminum stóðu Mókofinn og Hænsnakofinn hlið við hlið“. „Nú er Gummi kominn á Gjöggra ... og er þá sest að snæðingi í kofanum, eins og torfhúsið var oftast kallað“ (PG; Veðmálið). B. Niðrandi heiti á húsi.

Kofnafar (n, hk) Veiðiferð til að ná í *kofu*. Aflagt fyrir nokkru í Rauðasandshreppi. Mesta flæmi sem slíkt var stundað er Undirhlíð í Kristnukinn undan Djúpadal, þar sem er Bæjarbjarg.

Kogari (n, kk) A. Slanguryrði yfir brennsluspritt, stundum stytt í „koggi“. B. Lítill olíueldavél.

Koi (n, hk) Stytting á *koja*, og þá gjarnan notað um hvaða rúm sem er. „Ætli maður fari ekki bara að *draga sig til kofs*, hvað úr hverju“. „Þú ert að verða syfjaður; viltu ekki bara fara að *ganga til kofs*“?

Koja (n, kvk) Rúm af einfaldri gerð, þar sem eitt rúm er yfir öðru og e.t.v. fleiri á hæðina.

Kojustokkur (n, kk) Rúmstokkur/brík á *koju*. „Til að komast í efri *kojuna* klifraði maður upp á rúmgafl hjónarúmsins; seildist yfir nokkuð bil í *kojustokkinn* og óf sig upp um leið og *stokkið* var“.

Kokgleypa (s) A. Um fisk; *gleypa* egndan öngul ofaní *kok*. „Það er seinlegra að ná úr *fiskinum* ef hann *kokgleypir*“. B. Í líkingum þegar maður trúir einhverju í blindni.

Kokhljóð (n, hk, fto) A. Hljóð sem myndað er niðri í *koki*. B. Torkennilegt hljóð; furðuleg rödd. „Hann talaði með hinum furðulegustu *kokhljóðum* sem engin lifandis leið var að botna í“.

Kokhraustur (l) *Bisprertur*; ber sig vel; talar fullum hálsi; kotroskinn; kjaftfor; *yfirlýsingaglaður*. „Þú ert *kokhraustur* núna; við skulum sjá hvaða upplit verður á þér þegar við komum að landi“!

Kokhreysti (n, kvk) Mont; *yfirlýsingagleði*. „Það er ekki alveg sama *kokhreystin* í honum núna“!

Kokka (s) Elda; hafa til mat. „Þá var skipt verkum; einn fór að *kokk*; annar að beita lóðina, og tveir að gera að aflanum og *ganga frá honum* að öllu leiti“ (KÓ; Róið úr *Kollsvíkurvei*).

Kokkabækur (n, kvk, fto) Uppskriftabækur; reglur. „Þetta er nú ekki rétt, samkvæmt mínum *kokkabókum*“.

Kokkamenska (n, kvk) Gæluorð um eldamensku/eldun/matargerð. „Ég er ólaginn við alla *kokkamensku*“.

Kokkáll (n, kk) A. Maður konu sem heldur framhjá. B. Almenn niðrandi heiti á manni.

Kokkarí (n, hk) Eldamenska; matargerð. „Ráðskonan stendur sig *bærilega* í *kokkariinu*“.

Kokkhús (n, hk) A. Eldra orð um eldhús. B. Í síðari tíð gæluorð um eldhús.

Kokkteilpartí (n, kvk) Niðrandi heiti á samkomum fyrirólks; *snobbsamkoma*. „Ég hef lítið gaman af þessum *yfirborðskenndu kokkteilpartíum*“.

Kokmæltur (l) Gormæltur; skrollandi; kverkmæltur. „Hann var *kokmæltur* sem barn, en það vandist af“.

Kolabingur (n, kk) Haugur af kolum. „*Kolabingur* var í verkfærahúsinu; við hliðina á þvottapottinum“.

Kolagerð (n, kvk) Gerð viðarkola til eldsneytis. Þá er skógur höggvinn og viðurinn kurlaður. Kurlið er látið í gryfju og kveikt í því. Eldurinn er síðan byrgður, en við það glóðast viðurinn án þess að brenna upp. Eftir verða viðarkol, sem eru nokkuð hitagæfari en viðurinn, en samt mun lakari hitagjafi en steinkol, sem flutt voru inn á síðari öldum. Einkum voru viðarkol notuð til rauðablásturs, járnsmíða og dengingar ljáa. Viðarkolagerð var stunduð á landinu frá fyrstu tímum og sumsstaðar framá 20. öld; auðvitað einkum þar sem nægur skógur var. Hafa eflaust mjög eyðst skógar af þeirri iðju. Einar Jónsson í *Kollsvík* stundaði síðastur rauðablástur á landinu. Líklegt er að smíðja hans hafi verið í *Kollsvík*, þar sem nóg var um rauða, en *kolagerð* hefur hann líklega stundað í *Vesturbotni*. Þar hefur nýlega fundist staður með *kolaleifum*.

Kolaeldavél (n, kvk) Eldavél hituð með kolum. „Um tíma voru *kolaeldavélar* algengar á bæjum í *Rauðasandshreppi* sem víðar, en eftir miðja 20. öld höfðu þær flestar vikið fyrir olíukyntum vélum. Sumum *kolaeldavélum* var breytt, þannig að í þær var settur olíubrennari. Þannig var á bæjum í *Kollsvík*. Þar voru stórar *eldavélar* úr pottsteypu og var t.d. vélín á *Láganúpi* með þremur hringjasettum og í henni var miðstöðvarhitun.

Kolakarl (n, kk) Maður sem vinnur við kol, t.d. *kolamokstur*. „Við sögðum Össuri um hvarf *kolakarlanna* ...“ (ÞJ; *Sargon-strandið*; Árb.Barð 1949).

Kolakaup (n, hk, fto) Kaup á kolum til eldsmatar/járnsmíða. „Við sjóinn var illt að vera án viðarkola, t.d. við smíði öngla og bátasaums. Víða var því skipt á þeim og fiski... Í *Reykhóla-* og *Gufudalssveitum* var mikil *kolagerð* langt fram á 19. öld og kolin seld þaðan vestur á sveitir; á *Rauðasand*; í *Víkur*; á *Patreksfjörð* og *Tálknafjörð*. *Kolahesturinn* var látinn mæta 60 steinbítum, sem og var talinn hestburður ef hann var ekki fullþurr“ LK; Ísl. sjávarhættir IV; Heim; Barðstr.bók).

Kolalaus (l) Skorta kol. „Við saúm nú að við vorum að verða *kolalausir*“ (ÞJ; *Sargon-strandið*; Árb.Barð 1949).

Kolalok (n, hk) Gæluorð um lítinn skarkola. „Ég hirti nokkur *kolalok* sem komu í netin í dag“.

Kolamyrkur (n, hk) Algert myrkur. „Maður sér ekki handa sinna skil í þessu *kolamyrkri*“.

Kolaofn (n, kk) Ofn sem brennir kolum. „Einn *kolaofn* var í *Kollsvíkurhúsinu*, og var hann óspart notaður, því nógir voru *kyndararnir*“ (ÞJ; *Sargon-strandið*; Árb.Barð 1949).

Kolbikasvartur (l) Mjög dökkur; *biksvartur*. „Þvoðu þér nú um hendurnar fyrir matinn; þú ert *kolbikasvartur*“!

Kolbilað (l) Um veður; *snarvitlaust*; *kolvitlaust*. „Hann er að renna á með *kolbilað* veður, sýnist mér“.

- Kolblár** (l) Mjög dökkblár. „Þá kemur þriðja báran; hún reisir bátinn talsvert hátt; ég sé kolbláan krappan faldinn koma æðandi... „ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Kolbrjálað veður / Kolvitlaust veður** (orðtak) *Snarvitlaust veður*; aftakaveður; mjög vont veður. „Bölvuð vitleysan í honum að æða af stað í kolbrjáluðu veðri“!
- Kolbrjóta** (s) Um stórt brimbrot. „Svo rís bára undir bátnum; hann þýtur áfram, það kolbrýtur undir honum... „ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Kolbrunnið** (l) Kolað af hita. „Nærri hafði legið við íkveikju í hlöðunni, og var heyið sumsstaðar kolbrunnið“.
- Koldimma** (n, kvk) Mikið myrkur; niðamyrkur. „Maður sér ekki handaskil í þessari koldimmu“.
- Koldimmt** (l) Niðamyrkur; engin skíma. „Ég ætla að klára gjafir áður en það verður alveg koldimmt“.
- Koleygt** (l) Um þroska eggis; komin greinileg augu í stropann og e.t.v. einnig goggur. „Langvíuegginn voru sum orðin koleygð, en álkuegginn voru öll ný“! Sjá *eygt* og *grúeygt*.
- Kolfastur** (l) *Pikkfastur*; alveg fastur. „Billinn sat kolfastur í skaflinum“. Hrúturinn er kolfastur í grindunum“.
- Kolfalla** (s) Falla/hníga gjörsamlega. „Kartöflugrasið hefur allt kolfallið í næturfrostinu“.
- Kolgrár** (l) Dökkgrár. „Þarna sá ég eina hvíta hyrnda með tveimur; annað var hvítt en hitt kolgrátt“.
- Kolgrímótt** (l) Um lit á sauðfé; ljós á ull en áberandi dökk í andliti.
- Kolgrönótt** (l) Um lit á sauðfé; hvít með dökkan blett á nefi/grönum. „Kolgrön gamla skilaði vænum lömbum“.
- Kolhertur** (l) Um fisk eða brauðmeti; fullhertur. „Úr mjölinu voru gerðar næfurþunnar flatkökur og kolhertar, svo þær mygluðu ekki þótt lengi væru geymdar“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Koli** (n, kk) *Skarkoli*; *raudspretta* (sjá þar)
- Kolkrímóttur** (l) Mjög skáldaður/skitugur í framan; með dökkum skellum í andliti. Bæði um fé og menn. „Farðu nú og nuddaðu framanúr þér mesta skitinn; þú ert kolkrímóttur eins og sá svartí sjálfur“!
- Koll af kolli** (orðtak) Hver eftir annan. „Ég náði gemlingunum, koll af kolli, og las upp númerin“. Orðtakið kann að vísa til þess að fara um mýrlendi með því að stökkva af einum þúfnakolli á annan.
- Kolla** (n, kvk) A. Ílát (vanalega fremur lítið); kaffibolli; föðurskál. B. Hlandkoppur; næturgagn. „Einu sinni var ég sendur með kolluna, sem þá var nefnd, að hella úr henni, en gleymst hafði að *lata aftur* um kvöldið“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). C. Í afleiðri merkingu um bát: „Þetta er nú óttaleg veltikolla“. D. Æðarkolla. E. Húfa. Framborið hart.
- Kolla** (s) *Afkolla*; *afhausa*; taka haus af steinbít (sjá *steinbítur*).
- Kollabúðafundur** (n, kk, fto) Landshlutfundur íbúa af Vestfjörðum um ýmis þjóðmál, sem haldnir voru árlega í júní á hinum forna þingstað, Kollabúðaeýrum í Þorskafirði. Fyrsti Kollabúðafundurinn hófst 18.júní 1849, líklega fyrir hvatningu Jóns Sigurðssonar. Þingmenn voru um 80. Hlaðin hafði verið um 30 álna löng búð og tjölduð með voðum. Fundir voru haldnir árlega til 1861, en tveir fundir voru síðar; 1891 og 1895. Kollabúðafundirnir áttu mikinn þátt í að móta þjóðfrelsiskröfur Íslendinga og studdu þar framtak Jóns Sigurðssonar forseta.
- Kollarður** (n, kk) Krappi; hnélisti; tréstykki í bát, á báðum endum þóftu, sem bindur hana við borðstokk. Kollarðar eru úr völdu efni; oft úr rótarhnyðju, og eru mikilvægir fyrir styrk bátsins. „*Mastur og segl* lágu þannig að *masturstoppur* nam við *hnýfil*, en *masturshæll* við kollharð á *miðskipsþóftu bakborðsmegin*“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.
- Kollblautur** (l) Blautur á höfði; *kollvotur*. „Settu nú upp sjóhattinn; þú verður annars fljótt kollblautur í þessu pusi“. „Það ýrir drjúgt úr þokunni; ég er orðinn hálf kollblautur“.
- Kollgáta** (n, kvk) Lausn; rétt svar. „Þegar pakkinn var opnaður kom í ljós að hún átti kollgátuna“.
- Kollhnís** (n, kk) Sú hreyfing að endastigast um um höfuðið; yfirleitt framávið. Algeng íþrótt/leikur barna.
- Kollhúfa** (n, kvk) Einföld húfa sem aðeins hylur blákollinn. Sést sjaldan núorðið nema í trúarlegum tilgangi, eins og á páfans kolli. Sjá orðtakið *leggja kollhúfur*.
- Kollkeyra sig / Kollsigla sig** (orðtak) A. Um siglingu báts; sigla svo gáleysislega að bátnum *hlekkist á*. B. Í líkingamáli um framferði manns; fara svo geist í fjármálum/athöfnum/hlaupum að illa fari.
- Kollsteypa / Kollvelta** (s) Steypa/velta einhverju um koll; snúa á hvolf. „Hann kollsteypist framaf barðinu“.
- Kollsteypa** (n, kvk) Umskipti; mikil breyting; fall. „Mér sýnist hann hafa tekið kollsteypu í þessu máli“.
- Kollsvíkingamót** (n, hk) Samkoma Kollsvíkinga. Nokkuð hefur verið um það í seinni tíð að *Kollsvíkingar* komi saman, sér til skemmtunar og til að halda kynnum. Þær samkomur eru ýmist haldnar í Kollsvík eða annarsstaðar. Með því eru um leið ræktuð tengsl fólks við Kollsvíkina og heiðruð minning forfedra.

Kollsvíkingur (n, kk) Sá/sú sem á ættir og/eða búsetu að rekja til Kollsvíkur í Rauðaandshreppi. Misjafnt er hve hópurinn er skilgreindur þröngt. Þegar t.d. var rætt um Kollsvíkinga í daglegu tali hreppsþúa var einungis átt við þá sem bjuggu í Kollsvík. En þegar rætt er um almenn tengsl manna við staðinn, þá nær Kollsvíkingshugtakið yfir allt fólk af Kollsvíkurætt, auk þeirra sem þar hafa átt búsetu lengur eða skemur.

Kollsvíkurbóndi (n, kk) Búskapur hefur verið í Kollsvík frá landnámi, þó hann liggi nú niðri vegna markaðsaðstæðna. Kollsvíkurbændur fyrri alda stunduðu ekki einungis landbúnað heldur ekki síður sjávarútveg. Sauðland er mjög gott; vetrarþétt bæði í úthaga og fjöru og slægjulönd ágæt. Fiskimið eru oftast stutt undan landi og landing oftast góð fyrir þá báta sem áður tíðkuðust. Kollsvíkurbændur þurftu því að vera jafn hæfir sjóarar og bændur; eiga bústofn og bát. Auk eignarjarðanna sjálfra; Láganúps og Kollsvíkur byggust smærri býli um lengri eða skemmri tíma; bændur sem höfðu viðurværi af sjósókn en höfðu lítinn bústofn með, ásamt slægjulandi fyrir hann. Af þeim urðu Grundir og Stekkjarmelur einna mestar bújarðir, en einnig voru í byggð um tíma Tröð, Grænamýri, Gestarmelur, Grund, Grundarbakkar og Hólar.

Kollsvíkurhávaði (n, kk) Hugtak sem orðið hefur til í munni þeirra sem umgangast fólk af Kollsvíkurætt; einkum þá grein sem alist hefur upp á ættjörðinni í seinni tíð. Einkenni þessa hávaða eru sögð m.a. dynjandi *hlátrasköll* í góðra vína hópi; *hávaðarifrildi* ef mönnum *þykir* eitthvað.

Kollsvíkurmaður (n, kk) Kollsvíkingur er það heiti sem allajafna er notað um þetta sérstaka fólk, en þessu brá fyrir: „Annars skiptir það ekki mestu máli; heldur hitt að ég reyni að skrásetja merkilegan atburð úr sjálfsbjargarlífi Kollsvíkurmanna, sem flest er úr minni liðið nú til dags“ (TÓ; Undirbjargferð frá Kollsvík). „Eins lentu Kollsvíkurmenn oft bátum sínum í Hænuvíkinni eftir siglingu frá Patreksfirði, ef vont var í sjóinn útífyrr; og gengu heim út yfir Hænuvíkurháls“ (DÓ; Að vaka og vinna). „Kollsvíkurmenn byggðu allar búðir; áttu þær og leigðu vermönnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Kollsvíkurmegin (ao) Þeim megin landamerkja/Breiðs/Blakks sem Kollsvík er/ á land. „Alltaf finnst mér betra að fara Kollsvíkurmegin við Nibbuna en Hænuvíkurmegin; þar er bergið tæpara, blautara og lausara í sér“.

Kollsvíkurland (n, hk) Sú landareign sem tilheyrir Kollsvík. „Kollsvíkurland nær inn að Þyrsklingahrygg“.

Kollsvíkurver (sérnafn) Ein helsta verstöð á sunnanverðum Vestfjörðum framan af 20. öld. Lægið (sjá þar) myndast af þremur skerjum og skapar ákjósanlega lendingu við ýmis skilyrði. „*Uppsátrið* var einkum í allbreiðum bás milli...Syðri- og *Norðari*-kletta.... Upp af þessum sandbás stóð meginfjöldi *verbúðanna*, uppi á; og vestan og norðan í allstórum sandhól er þar hafði myndast. Ekki voru þær skipulega *settar*. Uppi á hólnum stóðu þrjár *búðir* í röð og sneru dyr mót vestri. Miðbúðin var Heimamannabúð; búð Kollsvíkurbónda. Þar stutt suður af var stök búð (Eva) og gegnt henni til vesturs var *fiskhjallur*/geymsluhús (Adam). Fjórar búðir stóru vestan í hólnum. Var að nokkru grafið fyrir þeim inn í hólinn. *Vissu* dyr á þeim einnig frá vestri. Norðanvert í hólnum stórðu fjórar verbúðir, tvær og tvær saman (ein þeirra hét Meinþröng), en milli þeirra var allstórt *bátanaust*. Þar hafði vetrarskjól Fönix, teinæringur allstór, sem var *hákarlaskip* Kollsvíkinga (sjá þar)... Tveir lækir féllu til sjávar milli klettanna; Syðsti-lækur, oftast nálægt eða fram með Syðri klettum en Búðarlækur meðfram Norðari klettum sunnanverðum. Sunnan við Syðri lækinn var ein verbúð og fjárkofi, sem einnig var notaður sem verbúð. Við lækinn sunnanverðan voru *ruðningar*, þar sem gert var að fiski, og *fiskkrær*, sem fiskurinn var saltaður í. Við þennan læk voru þó sjaldan meira en þrjár til fjórar skipshafnir. Stundum var lækurinn það vatnslitill að hann hvarf í *sanddyngjur* er lágu nær sjónum. Meðfram Búðarlæknum áttu allt að 14 skipshafnir ruðninga sína, og nokkrar þær efstu áttu yfirbyggðar söltunarkrær; voru það einkum heimamenn. Aðrir, sem neðar áttu ruðninga, söltuðu oftast fiskinn í stóra kassa, en þegar hann var *rifinn upp* og *umsaltaður* var hann borinn á öruggari stað, vegna flóða sem komið gátu ef brimaði um stórstreymi. Einkum var þarna engu vært þegar hausta tók að vetrinum. Syðst á Norðari klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í *hvirfingu*. Á kletthorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það á aðra hönd tvær verbúðir (Grundabúð og Klettabúð). Sneru dyr gegnt suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki en hallaði niður að Búðarlæknum. Bak við fjárhúsið stóð verbúð; sneri hlið að gafli fjárhússins og dyrum gegnt norvestri. Fjórða verbúðin stóð bakvið hinar tvær fyrrnefndu búðir og sneri hlið að göflum þeirra og dyr gegnt suðaustri; stóð hún einnig nokkuð hærra en þær. Á norðurhorni Norðari kletta var enn ein verbúðarhvirfing; fjórar búðir. Ein allstór (Napi), sneri stöfnum í norðvestur og suðaustur en dyr á miðri hlið, gegnt suðvestri. Tvær búðir stóðu hlið við hlið meðfram suðausturenda hinnar fyrstnefndu og voru dyr á stöfnum þeirra er sneru í suðaustur. Var sú fjórða (Norðurpóllinn) staðsett þannig að annar hliðarveggur vissi að göflum hinna tveggja síðastnefndu, en gafli að norðvesturenda hinnar fyrstnefndu. Dyr þessarar búðar sneru í austnorður. Skipshafnir frá þessum verbúðum, sem voru 5, höfðu athafnasvæði...meðfram læk er var skamman spöl norðan við Norðari kletta og hét Breiðilækur. Lækirnir sem um hefur verið getið komu í góðar þarfar til uppþvottar á fiskifangi áður en sett var í verkun; salt eða herslu....Nokkrar af búðunum höfðu ekki fast sérheiti heldur voru kenndar við þann formann sem húsum réði. Auk fyrrnefndra búða fengu fleiri sérheiti um stundarsakir sem ekki tolldu við þær nema skamma hríð. Má þar nefna heitin Jerúsalem; Jerikó; Sódómu o.fl.“ (KJK; Kollsvíkurver). „Lyng var víða rífið til eldunar... Greiðsla fyrir *lyngtöku* fólst alls staðar í *uppsátursgjaldinu* nema í

Kollsvíkurveri, en þar var hún einn harður steinbítur frá hverjum manni; *lyngsteinbítur*. Auk *eldiviðarlyngs* máttu menn slíta þar svo mikið lyng að nægði í *bálk* eða rúm“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).

Kollsvíkurætt (n, kvk) Mikil ættbálkur sem rakinn er frá Einari Jónssyni. Hann fæddist á Hallsteinsnesi við Þorskafjörð 1759; flutti að Vatneyri um 1790 og var bóndi í Kollsvík frá 1798 til dauðadags 1836. Afkomendur Einars hafa búið í Kollsvík frá þeim tíma, þó langflestir af ættinni búi vitaskuld annarsstaðar á landinu, og reyndar víðsvegar um heimininn. Reyndar á ættin eldri rætur í Kollsvíkinni, því forfeður Guðrúnar Jónsdóttur, konu Einars, bjuggu í Kollsvík uppúr 1700, t.d. bræðurnir Bjarni Jónsson í Kollsvík og Halldór Jónsson á Láganúpi; tveir hinna kunnu Sellátrabráðra frá Tálknafirði. Einar Jónsson var stórbóndi og virðingarmaður á sinni tíð; átti hlut í einni fyrstu skútu sem til landsins kom; stundaði síðastur Íslendinga járnvinnslu úr mýrarrauða; var sækjandi í Sjöundármálum; átti bókina Fornótt, sem sumir töldu galdraskræðu; átti í útistöðum við galdramann í Arnarfirði vegna hvalhlutar og kvað niður sendingar frá honum. Hann þótti fylginn sér í viðskiptum og lét ógjarnan hlut sinn fyrir öðrum, en um leið sanngjarn höfðingsmaður. Stundum er það sagt einkenna fólk af kollsvíkurætt að það sé stíft á meiningunni og sjálfstætt í hugsun, en um leið sanngjarnt og hjálpfúst. Sumir hafa verið nefndir *þvergirðingar* og sérvitringar en sumir þykja manna mestir sáttamenn og félagsmálafrömuðir. Nokkuð þykir skiptast í tvö horn hvað peningavit snertir; nokkrir helstu auðmanna landsins eru af Kollsvíkurætt meðan öðrum helst ekki á nokkurri krónu. Óvist er hvorum hamingjan fylgir að málum; en flestir fara þarna meðalveginn. Bókvit og fróðleiksfýsn þykir fylgja ættinni, og þá er þar mikið um hagleiksfólk, listafólk og skáld. Kollsvíkingar þykja yfirleitt fremur skýrmæltir og háværir í tali og ófeimnir að segja sína skoðun. Er af því komið sérstakt hugtak; svonefndur *kollsvíkurhávaði*. Upp og ofan er hvað menn eru fjárglökkir og fisknir, eins og gengur, en til þess var tekið að Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi þekkti ekki einungis allar sínar kindur á langleið með nafni; heldur þekkti hann einnig allar kindur á nærliggjandi bæjum; þær sem á Breiðavíkurrétt komu. Lýkur hér palladómum um ættingjana, en um ættina má ýmislegt sjá í bók Trausta Ólafssonar; Kollsvíkurætt, sem út kom 1960, og í niðjatali Guðbjartar og Hildar frá Láganúpi sem út kom 1989.

Kolluband (n, hk) Hnýfilband; landfesti; spotti um hnýfil báts, t.d. til að hafa stjórn á honum í fjöru.

Kollublettur (n, kk) Lítill blettur; svo lítið svæði að skvetta má yfir það úr *hlandkollu*. Sjá *hlandkollublettur*. „Það tekur því varla að slá þennan kollublett meðan nóg annað er til“.

Kollur (n, kk) A. Gæluorð um höfuð/mannshöfuð. „Kollurinn er enn klár, þó skrokkurinn sé orðinn lasinn að öðru leyti“. B. Lítill stóll, án baks; *kollustóll*. „Ég skal sitja á kollinum“.

Kollustóll (n, kk) Stóll án arma, oftast fremur lítill; *kollur*.

Kollvelta (s) Steypa um koll; velta. „Þessi staðreynd kollveltir öllum fyrri kenningum“.

Kollvelta (n, kvk) Bylta; fall; hrún; gjaldþrot. „Eitthvað hef ég *skurslað* mig á hendinni í þessari kollveltu“.

Kollvik (n, hk, fto) Um háralag manna; háralausa svæðið upp af gagnauganu. „Hækkuð kollvik eru oft fyrirboði á meiri skallamyndun, eins og margir Kollsvíkingar hafa sannreynt“.

Kollvotur (l) Blautur á höfði; votur af ágjöf. „Sjódrifan var svo mikil að menn urðu kollvotir þarna í fjörunni“.

Kolmórauður (l) Mjög skítugur/jarðlitur/dökkur að lit. Einkum notað um vatn. „Þarna hafði komið mikil skriða yfir veginn, og í jaðri hennar beljaði um tíma kolmórauð á“.

Kollvökna (s) Blotna á höfði. „Mér sýnist við gætum kollvöknað ef við reyndum að fara um röstina núna“.

Kolmórauður (l) Dökkmórauður. „Það er varla hægt að hanga hér á þessum þarapyrsklingi öllu lengur; kolmórauðir tittaþjandar og ekkert nema *hringormaveita*“!

Kolniðamyrkur (n, hk) Svartamyrkur; algert myrkur. „Það var kolniðamyrkur úti. Við heyrðum að fyrstu skípbrotsmennirnir voru að koma“ (Anna Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).

Kolniðapoka (n, kvk) Mjög dimm/þétt þoka. „Maður finnur illa bólin í þessari kolniðapöku“.

Kolófær (l) Alls ekki fær; alveg ófær. „Hæðin er kolófær eftir áhlaupið“. „Sundið var orðið kolófært“.

Kolótt (l) Um lit á sauðfé; Dökkleit/grá í framan en hvít á lagðinn. Séu fætir einnig gráir er ærin *golsótt*. Einnig um mann sem mjög er skítugur í andliti.

Kolófær (l) Algerlega ófær. „Það er kolófært neðra sniðið“!

Kolófærð (n, kvk) Mikil ófærð vegna sjóa. „Við vorum innilokuð í nokkra dga í kolófærð og illviðri“.

Kolrangt (l) Algerlega rangt; út í hött; fjarstæða. „Þetta er kolrangt hjá honum; ég skal segja ykkur hvernig þetta *gekk* alltsaman til“.

Kolrugla (s) Rugla alveg; snarrugla; gera alveg ringlaðan. „Þetta kolruglar mann bara í ríminu“.

Kolruglaður (l) *Snarruglaður*; alveg ringlaður. „Ég hlusta ekki mikið á þann kolruglaða karlfausk“.

Kolryðga (s) Ryðga mjög mikið. „Járnið er fljótt að kolryðga, sé það ekki málað“.

- Kolryðgaður** (l) Mikið ryðgaður; *haugryðgaður*. „Í boxinu voru nokkrir koryðgaðir naglar“.
- Kolstífla** (s) Stífla/þetta gjörsamlega. „Settu ekki of mikinn pappír í klósettið; þá kolstíflast lagnirnar“.
- Kolstíflaður** (l) Alveg stíflaður. „Skurðurinn er samanfallinn á kafla, og kolstíflaður“.
- Kolsvartabylur / Kolsvartaél** (n, kk/hk) Mjög dimmur bylur; *svartnættisbylur*; *svartaél*. „Ekki léttir hann enn í þennan kolsvartabyl“.
- „Hann skall á með kolsvartaéli eins og hendi væri veifað“.
- Kolsvartamyrrkur** (n, hk) Niðamyrrkur; kolamyrrkur; þreifandi myrrkur. „Ég sé ekkert í þessu kolsvartamyrrki“!
- Kolsvartur** (l) Mjög dökkur/dimmur; alveg svartur. „Gimbrin er hvít en hrúturinn kolsvartur“.
- Koltjara** (n, kvk) Tjara sem unnin er með eimun kola. Hrártjara/viðartjara er hinsvegar unnin með eimun viðar. Bátar voru gjarnan bikaðir með koltjöru á tímum útgerðar í Kollsvíkurveri.
- Kolunga** (s) Um egg; verða mjög ungað. „Það þýðir ekkert að fara í egg eftir að þau eru farin að kolunga“.
- Kolungað** (l) Um egg; farið að *unga* mikið; kominn goggur, augu og e.t.v. fleira. „Þetta er orðið kolungað“.
- Kolúrbræddur** (l) Um vél; gjörsamlega úrbrædd; ónýtar vélalegur. „Hann gleymdi að athuga með smurolúna, svo nú situr hann uppi með kolúrbrædda vél“!
- Kolvitlaus** (l) Snarvitlaus; alveg ær. „Þú stefnir beint á klakkinn; ertu alveg kolvitlaus maður“?!
- Kolvitlaust veður** (orðtak) Ofsaveður. „Stuttu síðar barst beiðnin um að við færum að bjarga skipbotsmönnum (af Sargon). En veðrið var svo kolvitlaust að það þýddi ekkert að hreyfa sig af stað strax“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Kom allt fyrir eitt/ekki** (orðtök) Sama hvað var reynt; þrátt fyrir að allt væri reynt. „Við lögðumst allir í reipið, en það kom allt fyrir eitt; sama þó við togudum af öllum kröftum. Tréð bifaðist ekki“.
- Kom (einhver) fjandinn í spilið / Kom (eitthvað) uppá** (orðtak) Fór eitthvað miður/úrskaiðis. „Eitt sinn var ég giftur, og átti konu og bú/ á öllu slíku var þá mikill kraftur./ En fjandinn kom í spilið og farin er hún nú;/ ég fer víst ekki að byrja á slíku aftur“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Kom vel á vondan** (orðtak) Hitti þann fyrir sem réttmætt var; mátti eiga von á. „Hann þurfti að eltast við rollurnar sem sluppu út. Það kom vel á vondan; hann hafði sjálfur ekki gengið vel frá hliðgrindinni“!
- Koma** (n, kvk) Innlit; tilkoma. „Þú þarft að stoppa lengur í næsta skipti; þetta er engin koma hjá þér“! „Komu hans var mjög fagnað“.
- Koma** (s) A. Mæta á stað; nálgast. B. Setja. „Nú er Gummi kominn á Gjöggra og hefur komið lömbum sínum í réttina“ (PG; Veðmálið).
- Koma (einhverjum)** (s) Vera (einhverjum) hagstætt/ í hag; henta. „Það kom honum heldur betur að hafa hana sér til aðstoðar“. „Það kemur mér ágætlega að hafa þetta svona“.
- Koma að** (orðtak) A. Verða; ske. „Þegar kom að því að gera upp veðmálið var ekki viðhöfð nein smámunasemi“ (PG; Veðmálið). B. Fá færi til að ræða. „Ég náði að koma því að í ræðunni að þingmenn mættu láta sjá sig endrum og eins“. C. Um róðra; koma í land; lenda. „Svo reri hann á tvær árar framí en sagði mér að vera í barkanum, sem er fremsta rúmið í bátnum, og kasta í land tauginni þegar að væri komið því nægur mannskapur var í fjörunni að taka á móti okkur“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættlingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). D. Gangast; verða viðstaddur. „Húsið var opið þegar ég kom að því“.
- Koma að notum** (orðtak) Nýttast. „Sá hvalur kom þó að frekar litlum notum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Koma að óvörum** (orðtak) Birtast/koma óvænt/fyrirvaralaust. „Þessi tillaga kom fundarmönnum flestum að óvörum“. „Það kom mér að óvörum að hann skyldi nefna þetta“. Sjá *að óvörum*; *óvar*; *koma á óvart*.
- Koma að sér** (orðtak) Gera vinveitt. „Hún var einstaklega lagin við að koma að sér börnum“.
- Koma (ekki) að sök** (orðtak) Verða (ekki) til skaða; *gera (ekki) til*. „Engan hafði ég hnífinn en það kom ekki að sök. Ég náði þessu í sundur hníflaust“.
- Koma (ekki) að tómun kofanum (há einhverjum)** (orðtak) Fá (engar) upplýsingar hjá einhverjum; fá (ekkert) að vita hjá einhverjum. „Við spurðum gamla manninn, og þar komum við aldeilis ekki að tómun kofanum; hann gat sagt okkur *margt og mikið* um þessa hluti“.
- Koma aðvífandi** (orðtak) Bera að; koma að. „Hann kom aðvífandi, rétt í þann mund sem ég var að fara“.
- Koma (einhverju) af stað** (orðtak) Hefja eitthvað; setja eitthvað í gang. „Ekki veit ég hverjir hafa komið þessari kjaftasögu af stað“. „Hann kom ekki jeppanum af stað í brekku nema með því að setja fyrst steina fyrir hjólin“.

- Koma afturábak/öfugt útúr** (orðtak) Um illa orðaða setningu/ræðu. „Honum var svo *mikið niðrifyrir* að þetta kom allt afturábak útúr honum“.
- Koma anstígandi** (orðtak) Koma gangandi/ í rólegheitum. „Hann kemur þarna anstígandi; ég læt hann bara tala við þig sjálfan um þetta“.
- Koma askvaðandi** (orðtak) Koma með áberandi hætti; koma með fyrirgangi; birtast greinilega. „Hann kom askvaðandi þegar við ætluðum að ýta frá, og sagðist hafa gleymt sér dálítið“.
- Koma auga á** (orðtak) Sjá; *reka augun í*; uppgötva. „Við vorum að hætta að leita þegar hann kom auga á kindurnar uppi undir klettum“.
- Koma á** (orðtak) A. Gera að venju; innleiða. „Oddviti taldi einnig nauðsynlegt að koma á kennslu í söng og leikfimi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). B. Um skytteri; hitta. „Ég sá ekki betur en kæmi á tófuna, en hún slapp niður í urðina“.
- Koma á daginn** (orðtak) Koma í ljós; sannreynast. „Síðar kom á daginn að ég hafði rétt fyrir mér“.
- Koma (einhverju) á flot** (orðtak) Koma af stað slúðursögu/lygasögu; bera út slúður. Líking við sjósetningu báts.
- Koma á laggirnar / Koma á fót** (orðtak) Stofnsetja; hefja. „Bændur komu á laggirnar sameiginlegu sláturhúsi“. Lögg er brún á tunnubotni, eða öllu heldur skoran í tunnustöfunum sem tunnubotninn situr í. Tunnu er komið á laggirnar þegar hún er sett saman og girt með gjörðum. Kind sem farið hefur afvelta er komið aftur á fót, en líkingin er einnig notuð þegar stofnað er til félags, rekstrar o.fl.
- Koma (einhverju) á framfæri** (orðtak) Koma til skila; bera skilaboð. „Ég kom því á framfæri við hann að honum væri heimilt að fara þarna í egg í vor; svo framfarlega sem landshlut væri skilað“. „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu; bæði á baki og bringu; taka það upp til að meta skrokkþungann, og síðast en ekki síst að koma sínu álitu á framfæri“ (PG; Veðmálið).
- Koma á kaldan klaka** (orðtak) Verða til vandræða; koma í vandræði/vanda; valda hörmungum/gjaldþroti/húsmissi. „Árans brennivísdrykkjan hefur komið mörgum á kaldan klaka“.
- Koma (einhverjum) á kné** (orðtak) Knésetja; bera sigurorð af; sigrast á. „Ellin kemur öllum á kné sem aldri ná“. Vísar til bardaga eða glímu.
- Koma (einhverju) á laggirnar / Setja (eitthvað) á laggirnar** (orðtök) Stofnsetja eitthvað, t.d. fyrirtæki eða félag. „Valdimar Össurason eldri átti mestan þátt í að koma bindindisfélaginu á laggirnar“. Líking við það að reisa upp tunnu, en lögg getur bæði þýtt brún á tunnu, eða falsinn sem tunnulokið fellur í.
- Koma á legg** (orðtak) Setja á stofn; stofna; hefja rekstur; ala upp. „Bændur í Kollsvík komu á legg jarræktarfélagi þegar fyrsti traktorinn kom“.
- Koma á óvart** (orðtak) *Koma að óvörum*; koma fyrirvaralaust/óvænt. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphöfust nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið).
- Koma á rexpöl** (orðtak) Koma/setja af stað. „Gott að búið sé að koma þessu máli á rexpöl“. Rexpölur er sú vegalengd sem reka þarf fé til að það haldi áfram sjálfviljugt á hagabeit. Þegar fé var t.d. hleypt út úr fjárhúsi á Láganúpi var því annaðhvort komið á rexpöl niður að sjó, ef líkur voru á fjörubeit; framá Tún ef beita átti því t.d. á Foldunum; eða upp á Hjalla til beitar á Ormum, Flötum eða Hnífum. Sjá *komast á rexpöl*.
- Koma á réttan kjöl** (orðtak) Bæta það sem farið hefur úrskeiðis. „Reksturinn er óðum að komast aftur á réttan kjöl“. Dregið af því að *hvolfa upp* báti; annaðhvort í sjónum eftir óhapp, eða á landi eftir geymslu.
- Koma (einhverjum) á sporið** (orðtak) Hjálpa einhverjum í byrjun. „Ég kom honum aðeins á sporið í algebrunni“.
- Koma (einhverju) á stofn** (orðtak) Sjá *setja á stofn*.
- Koma áleiðis** (orðtak) Koma einhverju áfram; láta berast. „Ég skal koma þínu svari áleiðis til hans“.
- Koma ár sinni (vel) fyrir borð** (orðtak) Koma sér í góða aðstöðu; koma sínum málum áfram. „Þessum þrýstihópi hefur tekist vel að koma sinni ár fyrir borð“. Dregið af því að vel takist að leggja út ár á bát.
- Koma blaðskellandi/ rassskellandi** (orðtak) Koma með fyrirgangi/asa. „Hver kemur þarna blaðskellandi yfir víkina“? „Hversvegna kemur allur fjárhópurinn rassskellandi heim Fitina; er hundfjandinn að atast í þeim“?
- Koma boðum til (einhvers)** (orðtak) Senda einhverjum skilaboð; *gera einhverjum boð/orð*. „Við þurfum að koma boðum til hans um þessa niðurstöðu“.
- Koma dagar/tímar - koma ráð** (orðatiltæki) Viðhaft þegar upp koma vandamál sem ekki sést strax hvernig má leysa. Reynslan sýnir að lausnir finnast á öllum vandamálum *þegar frá líður*.

- Koma einkennilega/undarlega fyrir sjónir** (orðtak) Sýnast einkennilegt/undarlegt. „Það kemur mér einkennilega fyrir sjónir ef þetta er ógert; hann er vanur að standa við orð sín“. Sjá *koma spánskt fyrir sjónir*.
- Koma ekki að tómun kofanum** (orðtak) Geta ekki gert orðlausan/ svara vant. „Þeir komu ekki að tómun kofanum hjá honum þegar þeir spurðu fréttu“.
- Koma ekki dúr á auga / Koma ekki blundur á brá** (orðtök) Vera andvaka; ná ekki að *fasta svefn*. „Mér kom ekki dúr á auga af áhyggjum“. „Henni kom ekki blundur á brá þá nóttina“.
- Koma ekki upp orði** (orðtak) *Verða orðfall; eiga ekki orð*; ná ekki að tala. „Ég varð svo hissa að ég kom ekki upp nokkru orði“. „Hann kom ekki upp orði lengi vel, vegna mæði“.
- Koma flatt uppá** (orðtak) Koma á óvart; verða fyrir óvæntu atviki/ummælum. „Það kom alveg flatt uppá mig að hann væri látinn“. Líking við það að ólag komi á síðu báts, sem er hættulegra en komi það á stafninn.
- Koma fram** (orðtak) Birtast; koma í ljós. „Ýmislegt nýtt kom fram á fundinum“. „En báturinn kom aldrei fram, og ekki neitt sem honum tilheyrði“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).
- Koma fram/niður í seinna verkinu** (orðtak) Leiða til vandræða síðar; hafa slæmar afleiðingar. „Hertu vel að netasteinunum; það kemur bara fram í seinna verkinu ef þeir detta úr“.
- Koma framá** (orðtak) Verða áliðið vetrar. „Það ætti að létta nokkuð á fóðrum þegar kemur framá“.
- Koma framá sjónarsviðið** (orðtak) Verða sýnilegur; koma fyrir almenningssjónir.
- Koma (einhverju) frá** (orðtak) Ljúka við eitthvað verkefni, þannig að það tefji ekki fyrir öðru; klára; afljúka. „Ég hefði helst viljað koma þessari netahreinsun frá á morgun“.
- Koma (einhverju) fyrir** (orðtak) Finna einhverju pláss/stað. „Ingvar Guðbjartsson bar fram fyrirspurn um hvers vænta mætti um möguleika á því að koma börnum fyrir til dvalar til náms“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).
- Koma fyrir ekki / Koma fyrir eitt** (orðtak) Vera árangurslaust; hafast ekki. „Hann virtist ekkert heyra, og kom fyrir eitt þó ég æpti af öllum lífs og sálar kröftum“. „Kom fyrir ekki þó allir tækju á; skipið haggðist ekki“.
- Koma (einhverju/einhverjum) fyrir kattarnef** (orðtak) Drepa eitthvað/einhvern; spilla einhverju; eyðileggja. „Hann var fljótur að koma þessari hugmynd fyrir kattarnef, og færði fyrir því góð rök“.
- Koma fyrir sjónir** (orðtak) Sýnast; virðast. „Eins og þetta kemur mér fyrir sjónir, þá verður ekki róid í dag“.
- Koma/reka af höndum sér** (orðtak) Koma einhverju úr sinni umsjón/ábyrgð. „Þegar Stína hafði komið fyrir hópnum af höndum, síðari hluta sumars, fór hún að verpa að venju...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Koma fyrir sig** (orðtak) A. Talað var um að „honum gangi illa að koma áttinni fyrir sig“ þegar vindátt varð ekki að vonum, t.d. varðandi þurrk eða sjóveður. B. Muna; þekkja; rifja upp í huganum. „Ég sá þarna mann sem ég kannaðist við, en kem því samt ekki fyrir mig hvað hann heitir“.
- Koma hart niður** (orðtak) A. Fara illa út úr veikindum/barnsburði. „Ég kom ári hart niður í flensunni“. B. *Bitna illa á; mæða mikið á; leika grátt*. „Snjóþyngslin komu harðast niður á þeim sem treyst höfðu á útibeit“. „Kom þetta mjög hart niður á útbeitarjörðum“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).
- Koma höndum yfir** (orðtak) Fá; eignast; ná í. „Mikið þætti mér varið í að koma höndum yfir þessa bók“.
- Koma höggi á** (orðtak) A. Bókstafl. merking: rota; lemja. „Loks kom að því að fyrsti steinbíturinn kom inn fyrir, og varð ég að elta hann lengi áður en ég gat komið höggi á hann“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri). B. Afleidd merking; Skaða málstað andstæðings.
- Koma höndum yfir** (orðtak) Ná í; klófesta; *handsama*. „Mikið langar mig að koma höndum yfir þessa bók“.
- Koma illa/bölvanalega/ágætlega/vel saman** (orðtak) Lynda illa/vel; vera í slæmu/góðu samlyndi. „Hrútonum kom svo bölvanalega saman að ég þurfti að smíða aðra stíu“.
- Koma inn hjá** (orðtak) Telja trú um; sannfæra um; kenna. „Það hefir sagt mér togaramaður að Englendingar kalli Látrabjarg Stálbjarg. Ef svo er þyrfti að koma þeirri leiðréttingu inn hjá Englendingum að þetta séu tvö fjöll sem langt sé á milli“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Koma í bága við** (orðtak) Stangast á við; brjóta gegn. „Ég hef þetta svona ef það kemur ekki í bága við þig“.
- Koma (einhverjum) í bobba** (orðtak) Koma í vandræði. „Nú komstu mér í dálítinn bobba“. Bobbi er kuðungur, og skiljanlega er sá nokkuð aðþrengdur sem settur er í kuðung.
- Koma (beint) í flasið á** (orðtak) Mæta einhverjum rakleiðis. „Kindin ætlaði að laumast óséð upp gjána, en kom þá beint í flasið á þeim sem gekk brúnirnar“.
- Koma í góðar þarfir** (orðtak) *Koma sér vel*; koma að góðum notum; gott að hafa.

- Koma í hug / Koma til hugar** (orðtök) *Falla til hugar; detta í hug; láta sér til hugar koma.* „Mér kom í hug að þetta væri ekki svo vitlaust“. „Þetta datt mér ekki í hug“!
- Koma (einhverjum) í koll** (orðtak) *Hefnast fyrir; súpa seyðið af.* „Það kemur okkur í koll síðar ef illa er *splæst*“. „Nú kom það honum í koll að hafa ekki nemnt að smala þarna í haust“!
- Koma í kring** (orðtak) Ráðstafa; haga málum; fá fram niðurstöðu. „Ég kom því í kring að þeir sættust á að ræða málin“.
- Koma í land með öngulinn í rassinum** (orðtak) Koma úr róðri fisklaus/án nokkurrar veiði.
- Koma í leitirnar** (orðtak) Finnast. „Þetta kemur í leitirnar fyrir eða síðar; þegar huldufólkið skilar því“.
- Koma í ljós** (orðtak) Birtast; sýna sig. „Við rofið í Grundabökkum hafa komið í ljós þykk mannvistarlög“.
- Koma í lóg** (orðtak) *Fyrirkoma*; eyða; klára/nota/eta til fulls. „Það eru einhver ráð með að koma egginu í lóg“. Líking við að lóga/farga/drepa.
- Koma í mýflugumynd** (orðatiltæki) Myndlíking um þann sem hefur komið en staðið mjög stutt við. „Það er nú varla að ég hafi séð hann; hann kom hér í fyrradag í mýflugumynd og var rokinn um leið“.
- Koma (einhverjum) í opna skjöldu** (orðtak) Koma manni á óvart/ að óvörum. „Þessar upplýsingar koma mér algerlega í opna skjöldu“. Líking við bardaga; að manni gefist ekki ráðrúm til að bera skjöld fyrir atlögu, t.d. þegar óvinir koma aftanað í orrustu.
- Koma í sama stað niður / Koma útá eitt** (orðtak) Gilda einu. „Það kemur í sama stað niður hvort þú greiðir þetta núna eða í næstu viku“. „Það kemur útá eitt hvora leiðina við förum“.
- Koma í salt / Koma í þurrk** (orðtök) Um fiskverkun; salta fisk/ hengja fisk til þurrks, og gera þær ráðstafanir sem til þarf. „...og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður og koma þeim í þurrk“ (IG; Æskuminningar).
- Koma í tal** (orðtak) *Berast í tal; bera á góma.* „Aðeins kom þetta í tal hjá okkur, en við ræddum það lítið“.
- Koma í veg fyrir** (orðtak) Hindra; stöðva. „Ég reyndi að koma í veg fyrir þetta, án árangurs“.
- Koma (einhverju/engu/litlu/miklu) í verk/framkvæmd** (orðtak) Láta verða af; framkvæma; afkasta. „Ég kom því aldrei í verk að setja annað stag á staurinn. Því er girðingin svona slök“. „Ég kemur engu í verk ef þú ert alltaf að tefja mig“!
- Koma kunnuglega fyrir sjónir** (orðtak) Líta kunnuglega út; þekkjast. „Hann kom mér kunnuglega fyrir sjónir, en ekki kom samt ég nafni hans fyrir mig“.
- Koma mjólk í mat** (orðtak) Gera mat úr mjólk; verka mjólkina. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og koma mjólkinni í mat. *Skilja* mjólkina, *strokka* rjómann og *hleypa* skyr úr undanrenninni. Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; ein sér, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð *drykkjarblanda*“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Koma niður á** (orðtak) Bitna á; valda skaða á. „Það kemur niður á frjósemi og framgangi fjárins ef illa er fóðrað um veturinn“.
- Koma orðum að** (orðtak) Finna rétt orðalag. „Ég kom ekki orðum að því sem ég vildi segja“.
- Koma óorði á** (orðtak) Breiða út neikvæða umsögn; mynda andúð gegn. „Margir Kollsvíkingar töldu að þessi skrif Halldórs Laxness væru eingöngu í þeim tilgangi að koma óorði á sveitafólk og vermenn“.
- Koma saman** (orðtak) Um fólk; hittast. „Þá var líka *tíðkað* að fara í heimsóknir á aðra bæi; einnig að koma saman og fara í *boltaleik* og *útilegumannaleik* þegar fór að dimma“ (IG; Æskuminningar).
- Koma saman um** (orðtak) Verða sammála/einhuga um. „Okkur kom saman um að geyma þetta til morguns“.
- Koma sér (af stað)** (orðtak) Fara; fara af stað; *halda/leggja af stað; halda í áttina.* „Ætli það sé ekki best að fara að koma sér“.
- Koma sér að (verki)** (orðtak) Hefja verk; byrja á einhverju. „Það var dálítið erfitt að koma sér að þessu í byrjun“. „Ætli sé ekki best að fara að koma sér að verki“.
- Koma sér í mjúkinn hjá (einhverjum)** (orðtak) Sækjast eftir vináttu við; *koma sér vel við / smjæðra fyrir.* „Hann er að reyna að koma sér í mjúkinn hjá þingmanninum með þessu“.
- Koma sér saman um** (orðtak) Verða sammála um. „Þeir þurfa að koma sér saman um verðið“.
- Koma sér út úr húsi** (orðtak) Bíta af sér; verða óvinsæll. „Hann kemur sér allsstaðar út úr húsi með slúðrinu“.

- Koma sér vel** (orðtak) A. Um hlut/eiginleika/aðstöðu; *koma í góðar þarfir*; koma að notum. „Það getur oft komið sér vel að vera með vasahníf“. B. Um manneskju; vera *velliðin/vinsæl*. „Þau hafa komið sér mjög vel við alla í sveitinni“.
- Koma sér vel við** (orðtak) Verða vinur; vingast við; *koma sér í mjúkinn hjá*. „Hann hefur reynst ágætur nágranni og komið sér vel við alla í sveitinni“.
- Koma sig** (orðtak) Lagast; batna; *koma til*; jafna sig; hafast; nást. „Sárið er ekki gróið ennþá, en það er allt að koma sig“. „Ég er ekki alveg búinn með smíðisgripinn, en þetta er allt að koma sig“.
- Koma skikkan/skikki á** (orðtak) Koma skipulagi á; skipuleggja; laga það sem hefur verið í óreiðu. „Hans fyrsta verk var að reyna að koma einhverju skikki á hlutina“.
- Koma skoti á** (orðtak) Skjóta; nýta tækifæri til að skjóta. „Hópurinn renndi sér svo hratt og lágt yfir byrgið að ég náði ekki að koma skoti á einn einasta máf“!
- Koma spáskt fyrir sjónir** (orðtak) Virðast einkennilegt/furðulegt. „Það kemur mér spáskt fyrir sjónir ef bensínið er búið af vélinni; ég hélt ég hefði fyllt tankinn í gær“. Svipað orðtak þekktist í Þýskalandi, og hefur líkum verið leitt að því að það eigi rætur að rekja til valdatíma Karls Þýskalandskeisara (1500-1558). Hann lét taka upp ýmsa spænska siði sem lögðust illa í marga landsmenn.
- Koma (einhverju/öngvu) tauti við** (orðtak) Koma viti fyrir; sannfæra; leiða fyrir sjónir. „Ég reyndi að sýna honum framá ruglið í þessum ráðherra, en það var ekki neinu tauti við hann komandi; flokkurinn hefur alltaf rétt fyrir sér“! „Ég gat öngvu tauti komið við vélarfjandann“!
- Koma til** (orðtak) A. Jafna sig; bæta sig; koma í stand. „Ég held að kvefið sé að batna; ég er allur að koma til“. „Vélin var öll í lamasessi, en mér tókst að koma henni til“. B. Koma til greina/mála. „Ekki hefur komið til hér að leggja niður kirkjur, fyrr en þá núna.“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).
- Koma til álíta / Koma til greina / Koma til mála** (orðtök) Vera möguleiki; hugsanlegt; gæti verið. „Ég held að þessi aðferð komi varla til álíta“. „Það kemur ekki til greina að þið farið af stað í svona tvísýnu veðri“! „Þetta kemur bara alls ekki til mála“!
- Koma til dyrana eins og maður er klæddur** (orðtak) Vera ekki með latalæti; vera hreinn og beinn; segja hlutina hreint út. Augljós líking.
- Koma (einhverjum) til góða** (orðtak) Gagnast einhverjum; verða til góðs. „Það kom mér til góða að vera sæmilegur í ensku“.
- Koma til hugar** (orðtak) Detta í hug; koma til greina. „Ég lét mér ekki til hugar koma að við næðum lúðunni um borð; bara tveir og ífærulausir“.
- Koma til kasta** (orðtak) Um framkvæmd/verk; koma röðin að. „Þá kom til kasta Borgu að aðstoða mág sinn við uppeldi barnanna...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Koma til leiðar** (orðtak) *Koma í kring*; ráðstafa; haga. „Mér tókst að koma þessu til leiðar án vandræða“.
- Koma til manns** (orðtak) Ala til fullorðinsára með góðum árangri. „Heiður eiga þau skilinn, foreldrar okkar, fyrir að ala upp allan sinn stóra barnahóp og koma honum til manns; þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og kröpp kjör“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Koma til róðra** (orðtak) Um menn sem koma frá öðrum bæjum/sveitum í ver. „Þá komu menn af Barðaströnd og víðar til róðra þar; flestir úr einu byggðarlagi voru af Barðaströnd“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Þá komu líka karlmenn í verið til róðra; venjulega í fyrstu viku sumars“ (IG; Æskuminningar).
- Koma til skjalanna** (orðtak) Koma til; skipta sér af; blanda sér í mál. „Eitthvað þurfti sýslumaður að koma til skjalanna í þessum málarekstri“.
- Koma til sögunnar / Koma til skjalanna** (orðtak) Koma til; koma að málum; láta til sín taka. „Heyskaparhættir beyttust mjög þegar vélar komu til sögunnar“. „Verkið hefur gengið mikið betur eftir að sá vinnuþjarkur kom til skjalanna“.
- Koma til tals** (orðtak) A. *Berast í tal*; *bera á góma*; verða að umræðuefni. „Aðeins kom þetta til tal hjá okkur, en við ræddum það ekkert“. B. *Koma til greina/mála*; vera möguleiki. „Þetta kemur bara alls ekki til tals“!
- Koma tímar, koma ráð** (orðtiltæki) Vísar til þess að oft sjást möguleikar til lausna á vandamálum ef mál eru hugsuð eða fá tíma til að þróast. Speki sem oft er viðhöfð þegar lausn liggjur ekki strax augljós fyrir. „Ég hef ekki efni á þessu alveg eins og stendur; en koma tímar, koma ráð“.
- Koma tölu á** (orðtak) Telja; átta sig á fjölda. „Ég held hann eigi meira fé en tölu verði á komið“!
- Koma/forða undan sjó** (orðtök) Koma því sem er í fjöru í var fyrir sjógangi. „Síðan lenda þeir sínum bátum og koma þeim undan sjó, ásamt afla“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Koma/ganga undan vetri** (orðtak) Einkum um ástand búfjár eða jarðar að vori. „Mér sýnist að féð komi þokkalega undan vetri“. „Jörð kemur misjafnlega undan vetri eftir svellalögin“. „Skepnur gengu betur undan vetri en búist var við...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1956).
- Koma undir** (orðtak) Um barn; verða getið. „Honum reiknast til að krakkinn hljóti að hafa komið undir meðan eiginmaðurinn var fyrir sunnan“.
- Koma upp** (orðtak) Koma á fót; stofna; efna til; byggja. „Hann þarf að koma upp húsi fyrir þetta“.
- Koma (sér) upp** (orðtak) Búa sér til; *verða sér úti um*. „Hann er búinn að koma sér upp ágætum fjárstofni“.
- Koma uppað** (orðtak) Koma að landi; leggja uppað. „Hann var orðinn *steitingshvass* þegar við komum uppað.“
- Koma uppá** (orðtak) A. Vilja til; koma fyrir. „Ég stefni á að flytja inn á laugardaginn ef ekkert kemur uppá“. „Hann tók með sér nauðsynlegustu verkfæri í ferðina ef eitthvað myndi koma uppá“. B. Um róðra; koma upp á grunn við land. „Svo missir Björgvin út árina þegar við vorum komnir nokkuð grunnt uppá...“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættlingur í Kollsvíkurvegi; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). C. Venja á; gera vanan. „Ég ætla ekki að koma honum uppá það að þurfa ekki að hafa fyrir þessu sjálfur“. Einnig „koma uppá lagið með“.
- Koma uppúr dúrnum / Koma uppúr kafinu** (orðtak) Upplýsast; verða kunnugt. „Það kom svo uppúr dúrnum að hann vissi meira um málið en hann vildi vera láta“. Líking við það að maður tali uppúr svefni og upplýsi þá um það sem maður ætlaði ekki að segja frá.
- Koma vel á vondan** (orðtak) Vera einhverjum máttulegt/jafngott; einhverjum hefnist fyrir. „Það sprakk uppi á Hálsi og ég varð að ganga niður. Það kom vel á vondan, því ég hafði trassað að gera við varadekkið“.
- Koma vel fyrir** (orðtak) Líta vel út við fyrstu sýn. „Nýi kennarinn kemur vel fyrir; allavega í byrjun“.
- Koma við** (orðtak) A. Um hlut; snerta; vera viðkomandi. „Snertu ekki á þessu; það er nýmálað. B. Um málefni; snerta; vera viðkomandi; *varða um*. „Þetta mál kemur mér ekkert við“. C. Koma í stutta heimsókn; líta við; stoppa. „Útgerðarmenn verkuðu sjálfir fyrstu árin mest allan fiskinn og um tíma komu skip Sameinaða félagsins við á Víkunum og tóku fiskinn til útflutnings“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). „Farið var gangandi og gist á Tóftum, og svo var komið við í Hænuvík hjá Ólöfu systur mömmu á heimleiðinni“ (IG; Æskuminningar). D. Geta gert; vera í færum til. „Ég veit ekki hvort ég kem þessu við á morgun, en ég reyni“. „*Sökum* anna gat ég ekki komið við að skoða *heybirgðir* á Sandinum í haust...“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1923).
- Koma við kaunin á (einhverjum)** (orðtak) Um það sem gert/sagt er gagnvart einhverjum; koma honum illa; særa. „Ég virðist eitthvað hafa komið við kaunin á honum með þessum athugasemdum“.
- Koma við sögu** (orðtak) Vera viðkomandi því sem sagt er frá. „Hann lánaði þeim bátinn, en kemur annars ekki við þessa sögu“.
- Koma vitinu fyrir** (orðtak) Leiða fyrir sjónir; fá ofanaf heimskulegum áformum. „Hann er ákveðinn í að róa; ég er búinn að reyna að koma vitinu fyrir hann en það er eins og að tala við stein“.
- Koma víða við** (orðtak) Nefna margt í frásögn/riti. „Hann rakti þessi mál í ræðunni, og kom víða við“.
- Koma vöflur á (einvern)** (orðtak) Einhver er í vafa; verður hikandi. „Það komu nokkrar vöflur á hann þegar ég spurði hver ætti færið sem lúðan veiddist á“. Sjá *vöflur*.
- Koma öfugt útúr (einhverjum)** (orðtak) Um það sem sagt er; meining kemst ekki til skila. „Eitthvað kom þetta öfugt útúr honum; *nema það* að þeir misskildu þetta gjörsamlega“. Sjá *allt kemur öfugt útúr*.
- Komandi** (l/ n,kk) A. „Félagið verður stofnað í komandi mánuði“. B. „Hann byrjar í skóla á hausti komanda“.
- Komast að** (orðtak) Finna út; afla sér upplýsinga um. „Ég komst að því að hann hafði ekki sagt alveg satt“.
- Komast að niðurstöðu** (orðtak) Ná að útkljá álitamál/deilumál; fá niðurstöðu í skoðun/rannsókn/útreikning; *sætta sjónarmið*. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að fresta róðrinum til morguns“.
- Komast að raun um** (orðtak) Uppgötva; sjá; finna út. „Ég komst að raun um að þetta var mjög erfitt verk“.
- Komast að því fullkeyptu** (orðtak) Fá refsingu; *fá fyrir ferðina*. „Hann á nú eftir að komast að því fullkeyptu ef hann stendur ekki við orð sín“!
- Komast af** (orðtak) A. Sleppa lifandi úr slysi. „Hann var víst sá eini sem komst af þegar bátnum hvolfði“. B. Vera *bjargálna*; nægilega efnaður til að *framfleyta sér*. „Við komumst sæmilega af, en ekkert framyfir það“.
- Komast/geta af/fyrir eigin rammleik/ af sjálfsdáðum** (orðatiltæki) Gera/komast sjálfur. „Ég held að kindin komist varla uppúr ganginum af eigin rammleik“.
- Komast af með** (orðtak) A. Geta bjargast við; láta sér nægja. „Það er erfitt að komast af með eina ár“. B. Geta afborið/polað. „Það er alveg hægt að komast af með karlinn, ef maður kann á hann“.

- Komast á bragðið** (orðtak) Venjast á; fá forsmekkin af. „Maður verður alveg sjúkur í þennan mat þegar maður kemst á bragðið“.
- Komast á fullorðinsár** (orðtak) Verða fullorðinn/fullvaxinn; fullorðnast. „Síðar þótti því bregða fyrir, þegar báðir komust á fullorðinsár, að Júlli hefði ekki vaxið uppúr hlutverki uppalandans gagnvart Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Komast á græn grös** (orðtak) A. Um búfé; komast í kjarngóða bithaga. „Hún var orðin ansi horuð um vorið, en *braggadist* fljótt þegar hún komst á græn grös“. B. Líkingamál um vaxandi velgengni manna.
- Komast á kjöl** (orðtak) Bjarga sér úr sjávarháska með því að komast á kjöl báts sem er á hvolfi. Þar gat skilið milli lífs og dauða á þeim tímum sem menn voru ósýndir. „Bátum hvolfdi, en 5 manna komust á kjöl og var þeim bjargað úr landi“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þeir komast á kjöl, því flestir kunnu eitthvað í sundi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Komust fyrst allir á kjölinn nema sveinninn Einar, sem flaut fyrir aftan skipið“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Láttramanna).
- Komast á koppinn** (orðtak) Verða að veruleika; *komast á legg*; verða stofnað. „Félagið komst á koppinn, þrátt fyrir mikla byrjunarörðugleika“.
- Komast á kreik** (orðtak) A. Fara að hreyfa sig; fara á fætur. „Hann átti lengi í þessum veikindum, og komst ekki á kreik fyrr en eftir rúma viku“. B. Oftast nú til dags notað um söguburð. „Eftir þetta komust ýmsar kjaftasögur á kreik; misjafnlega fráleitar“. Sjá *fara á kreik*.
- Komast á kvis** (orðtak) Fréttast; spyrjast út; *komast á kreik*; *fá fæturna*. „Eitthvað komst á kvis um þetta“.
- Komast á legg** (orðtak) Vaxa úr grasi; ná unglings- eða fullorðinsaldri. „Eftir að ég komst á legg gat ég aðstoðað þau við búverkin“.
- Komast á rexpöl** (orðtak) Komast áfram/áleiðis; fá framgang. „Ég held að ég sé loksins að komast eitthvað á rexpöl með þessa ritgerð“. Sjá *koma (einhverju) á rexpöl*.
- Komast á snoðir um** (orðtak) *Hafa veður af*; *fá nasasjón af*; uppgötva. „Ég komst á snoðir um þeirra fyrirætlanir og tókst að koma í veg fyrir þessa vitleysu“. Snoðir merkir hér það sem þefað er uppi, og er stofnskyld orðinu að *snoðra*, en fjarskyldara orðinu *snoð*.
- Komast á spena** (orðtak) Um ungvíði, t.d. lamb; finna móðurspena eftir fæðingu og fá næringu. „Það skiptir miklu máli að lömbin komist strax á spena í svona kalsaveðri“.
- Komast á strik** (orðtak) Komast á rétta stefnu/ í rétt horf. Strik merkir stefna, í máli sjómanna.
- Komast á svig við** (orðtak) Komast til hliðar við eða framfyrir, með því að fara bogadreginn feril. Einkum notað um smölun kinda. „Ég ætla að laumast með klettunum og reyna að komast á svig við hópinn“.
- Komast á vonarvöl** (orðtak) Verða öðrum háður; leggjast í betl/förumennsku; verða gjaldþrota. Sjá *vonarvölur*.
- Komast ekki með tærnar þar sem (einhver) hefur hælana** (orðtak) *Standast ekki samjöfnuð við einhvern; standa öðrum að baki*. „Á þessu sviði kemst strákurinn ekki með tærnar þar sem faðir hans hafði hælana“.
- Komast ekki upp með neinn moðreyk / Komast ekki upp fyrir moðreyk** (orðtök) *Moðreykur* er gufan sem leggur upp af moðhaugi þegar í honum hitnar við gerjun (sjá þar). Fyrirnefnda orðtakið, sem almennt er notað í dag og merkir að ná ekki fram málefni sem þykir óþarft eða innantómt, er í raun afbökun á því síðara sem nú er dottið úr notkun, en merkti að koma málefni ekki áfram. Vísar það þá til þess að málflytjandinn villist í hinum lágreista moðreyk, sem þó sést ekki nema niðrivið moðbinginn.
- Komast fram** (orðtak) Komast í róður. „Nú verðum við að fara að komast fram, ef við eigum að ná snúningnum“. „Það er nú að gera þvílíkan *gutlanda* við landið að það er vafasamt að við komumst fram“.
- Komast frá** (orðtak) A. Geta yfirgefið stað/verk. „Skjóstu með þetta fyrir mig; ég kemst ekki frá í augnablikinu“. B. Geta klárað verk. „Mér sýnist að hann ætli ekki að komast frá því að hreinsa einn streng fyrir kvöldið“. C. Komast fjær landi. „Leggðu strax út; við þurfum að komast aðeins lengra frá“!
- Komast fyrir** (orðtak) *Ná tökum á*; uppræta; stöðva. „Ég held ég hafi komist fyrir þennan leka“.
- Komast fyrir vindinn (vend)** (orðtak) Sjá *kominn fyrir vindinn*.
- Komast hvorki lönd né strönd** (orðtak) Komast ekkert; vera bundinn/hindraður af einhverjum ástæðum. „Í heila viku vorum við innilokaðir vegna óveðursins, og komumst hvorki lönd né strönd“.
- Komast í bobba** (orðtak) Sjá *kominn í bobba*; *bobbi*.
- Komast í (sitt) fyrra horf** (orðtak) Komast í það lag sem áður var. Merkir í raun að komast aftur á sömu stefnu. Sjá *horf*; *komast í gott horf*; *halda í horfinu*.

- Komast í gott horf** (orðtak) Komast í gott lag; verða með ásættanlegu móti. „Reksturinn er kominn í gott horf“. *Horf* merkir stefnu í sjómanna máli. Bátur sem er kominn í gott horf er kominn á rétta stefnu. Sjá *halda í horfinu*.
- Komast í hann krappan** (orðtak) Lenda í háska/hættu. „Maður hefur oft komist í hann krappan á langri ævi; enda gjarnan gælt við hætturnar, t.d. í bjargi og á sjó“. Vísar til þess að vera í kröppum sjó.
- Komast hvorki afturábak né áfram** (orðtak) Vera fastur; geta sif ekki hreyft. „Hann spólaði þarna í skafllum og komst hvorki afturábak né áfram“.
- Komast (ekki) í hálfkvisti við** (orðtak) Vera ekki hálf/hálfdrættingur á við; blikna í samanburði við. „Það er sæmilegur afli, þó hann komist ekki í hálfkvisti við uppgripin í fyrra“.
- Koma í (einhvers) hlut** (orðtak) Falla undir hlutverk (einhvers); koma (einhverjum) til eignar. „Það kom í minn hlut að tilkynna honum þessa niðurstöðu“. Líking við *skipti* á afla.
- Komast í kynni við** (orðtak) Kynnast; ná að þekkja; komast í tæri/snertingu við. „Ég komst þarna í kynni við mann sem reyndist mér mjög *hjálplegur*“.
- Komast í samt lag (aftur)** (orðtak) Jafna sig; verða eins og áður.
- Komast í tæri við** (orðtak) Komast nálægt; komast í snertingu við/ námunda við. „Hann var farinn í róður á undan okkur svo ég komst ekki í tæri við hann“. *Tæri* merkir þarna skýra sýn, þ.e. að maður sé kominn nógu nærri til að greina vel.
- Komast (upp) í vana** (orðtak) Verða að venju; verða rúfina/ósjálfrátt. „Ég var ókunnugur þessu í fyrstu, en það komst fljótt upp í vana“.
- Komast í verk** (orðtak) *Verða úr*; verða unnið/framkvæmt; gerast. „Ef þetta er ekki gert núna, þegar góður tími er til þess, þá er ég smeykur um að það komist aldrei í verk“!
- Komast leiðar sinnar** (orðtak) Komast það sem ætlað er; komast áfram. „Bjargið þarf að fjarlægja af veginum til að bílar komist leiðar sinnar“.
- Komast lífs af** (orðtak) Sleppa lifandi úr slysi. „Þeir sem voru á hvalbaknum komust allir lífs af; hinir fórust“.
- Komast með tærnar þar sem annar hefur hælana** (orðtak) Ná að halda í við einhvern í frammistöðu, getu eða öðru. „Já mikið átt þú eftir Björgvin; mikið átt þú eftir að læra til að komast með tærnar þar sem faðir þinn hefur hælana í sjómennskunni“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri).
- Komast til botns í** (orðtak) *Botna í; ráða framúr*; skilja til fulls. „Enn hef ég ekki komist til botns í þessu máli“.
- Komast til metorða** (orðtak) Komast í virðingarstöðu; ver virtur. „Hann komst víst til einhverra metorða þarna í félaginu“.
- Komast/koma til sjálfs sín** (orðtak) Ranka við sér; fá aftur fulla meðvitund; verða eðlilegur. „Ég hálf rotaðist við höggið, en þegar ég komst til sjálfs mín aftur voru þeir að *stumra yfir* mér“.
- Komast til skila** (orðtak) Vera skilað á réttan stað; komast til réttis viðtakanda. „Hann sagðist bera ábyrgð á því að pósturinn kæmist til skila á réttum tíma“. „Seinna kom í ljós að umsóknin komst aldrei til skila, og þar með var tilraunum mínum til mennta hætt að fullu; að umdanskildu því að ég tók meirapróf bifreiðarstjóra haustið 1947“ (IG; Æskuminningar).
- Komast til vits og ára** (orðtak) Verða fullorðinn; vaxa úr grasi. „Þú skilur þetta þegar þú kemst til vits og ára“.
- Komast upp** (orðtak) A. Komast á brún á klettum, fjalli eða öðru. B. Komast til fullorðinsára; vaxa úr grasi. „Ég er fæddur 12. júlí 1896 á Grundum; bænum sem var niðri við sjóinn; sunnantil í víkinni. Pabbi og mamma bjuggu þar, og einnig afi og amma. Við vorum 9 systkinin sem komumst upp“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Komast upp á kant við** (orðtak) Verða ósammála; *verða sundurorða* við; *eiga í útistöðum* við. „Honum virtist nokkuð gjarnt að komast upp á kant við þá sem hann þyrfti mest á að halda“.
- Komast uppá** (orðtak) Venjast við; geta vanist. „Það má ekki láta túnrolluna komast uppá að stökkva yfir“.
- Komast uppá lagið með** (orðtak) Ná tókum á; verða laginn við. „Hann er að komast upp á lagið með þetta“.
- Komast upp með** (orðtak) Sleppa með án refsingar. „Þeir mega ekki komast upp með svona vinnubrögð“.
- Komast (ekki/varla) úr sporunum** (orðtak) Geta (ekki/varla) gengið/ komist áfram. „Ófærðin var svo mikil þarna í lautinni að féð komst varla úr sporunum“. „Hann var svo þreyttur að hann komst ekki úr sporunum“.
- Komast við** (orðtak) *Vikna*; fara að gráta; *beygja af*. „Maður kemst við, bara af tilhugsuninni um þetta slys“.

- Komast yfir** (orðtak) A. Geta farið yfir hindrun. „Ég komst yfir ána á vaðinu“. B. Fá í sínar hendur; ná að eignast. „Mig langar að komast yfir þessa bók“. C. Ná að samrekkja. „Hann var ágætlega giftur, en sögur gengu um að hann hefði komist yfir þær fleiri“.
- Komdu** (ævinlega) **fagnandi** (orðatiltæki) Ávarp þegar góðan gest ber að eða hann boðar komu sína.
- Komið að leiðarlokum** (orðtak) A. Komið á leiðarenda; komið í áfangastað. B. Oftast notað í afleiddri merkingu: Komið að endalokum/ævilokum; líftíminn liðinn. „Ég held að það sé hérumbil komið að leiðarlokum hjá þessum hjólbörugörmum“.
- Komið annað hljóð í strokkinn** (orðtak) Um breytt viðhorf/umtal. „Hann hefur verið á móti þessu hingaðtil, en nú finnst mér vera komið annað hljóð í strokkinn“. Hljóð breytist í strokki þegar smérið strokkast.
- Komið á glæ** (orðtak) Um færi; farið að liggja um of skáhallt út frá bátnum vegna reks. „Það þýðir lítið að vera að þessu yfir harðasta fallið; færin eru öll komin á glæ og fiskurinn í botninn“. Sjá *liggja á glæ*.
- Komið á rekspöl** (orðtak) Komið áleiðis. „Víktu fénu upp á Hjallana. Þér er óhætt að koma heim þegar það er komið á *rekspöl*; það heldur áfram“. „Mér sýnist að þetta mál sé núna komið á nokkurn *rekspöl*“.
- Komið framá** (orðtak) Orðið áliðið; oftast notað þannig sérstætt um árstíðir. Framborið hart. „Það má búast við meiri óþurrkum þegar komið er svona framá“. „Hann var orðinn heylitill þegar kom framá“. „Þetta hafði gerst um miðjan vetur, eða þegar komið var framá“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Komið framá varir (einhvers)** (orðtak) Einhver nærri búinn að segja. „Það var alveg komið framá varir mínar að segja honum að þegja þegar hún tók af mér ómakið“.
- Komið fyrir vindinn** (orðtak) Um framkvæmd/verk; komið svo langt að úr hættu sé; alveg að klárast. „Ég held að ég sé kominn fyrir vindinn með heyskapinn þetta sumarið“. Líking við vendingu seglskips“.
- Komið í hús/höfn** (orðtak) A. Bókstafleg merking. B. Búið að fá; klárað. „Ég held að málið sé alveg komið í höfn“.
- Komið í óefni** (orðtak) Kominn í klípu/vandræði. „Við *uggðum* ekki að *okkur* þegar bátinn rak að landi undan golunni, en hrukkum við þegar hann tók niðri í grjótinu“.
- Komið vel á veg** (orðtak) Um verk; langt komið. „Línulagningin er komin vel á veg“.
- Komin að burði** (orðtak) Um kú/kind; komin að því að bera. „Hún ætti að vera komin að burði núna; ef hún er þá ekki farin að *hafa yfir*“.
- Komin augu** (orðtak) Um þroskað egg; orðið *eygt*; farin að myndast augu í stropanum. „Þetta er orðið vel stropað, en samt ekki komin augu“.
- Komin á steypirinn** (orðtak) Um konu; komin nærri því að fæða barn; langt gengin með *ólétu*.
- Komin úr barneign** (orðtak) Um konu; komin framyfir barneignaaldur; hætt að geta getið börn.
- Kominn að fótum fram** (orðtak) Orðinn aldurniginn; kominn á efri ár; *kominn á grafarbakann*; gæti átt stutt eftir ólifað. „Það er erfitt fyrir hann að standa einn fyrir búinu; orðinn þetta aldraður og kominn að fótum fram“.
- Kominn að niðurlotum** (orðtak) Orðinn örþreyttur; örmagna; uppgefinn. „Ég var kominn að niðurlotum af mæði eftir öll hlaupin“.
- Kominn á fallanda fót** (orðtak) Orðinn *framlágur/fyrirgengilegur/gamall/lélegur*. „Flest húsin eru gömul og komin á fallanda fót“.
- Kominn á fremsta hlunn með (eitthvað)** (orðtak) Kominn alveg að einhverju; í *tilferð* með eitthvað. „Ég var kominn á fremsta hlunn með að segja honum frá þessu, en ákvað að láta það bíða“. Dregið af sjósetningu báts, sem er að renna af fremsta/síðasta hlunninum í sjóinn“.
- Komin á tal** (orðtak) Um kind; komin að burði; búin með meðgöngutímenn. „Hún Mjallhvít hlýtur nú að fara að *búast til*. Hún er komin á tal fyrir nokkrum dögum og er ekki von að *hafa yfir*“.
- Kominn á fallanda fót** (orðtak) Orðinn *veiklaður/lasburða/lélegur*. „Hús eru þar flest komin á fallanda fót“.
- Kominn á flugstig með** (orðtak) *Kominn á fremsta hlunn með*; að því kominn að. „Hann var kominn á flugstig með að skjóta þegar hann mundi að byssan var óhlaðin“. Líking við það að fugl tekur flugið.
- Kominn á fremsta hlunn með** (orðtak) Kominn á flugstig með; að því kominn að. „Ég var kominn á fremsta hlunn með að henda pokanum þegar ég áttaði mig á að peysan var í honum“. Líking úr sjómannamáli: Formaður þarf að ákveða sjósetningu eftir að bátur er kominn á fremsta hlunn.
- Kominn á grafarbakann** (orðtak) Orðinn mjög aldraður; *kominn að fótum fram*; gæti farið að deyjja úr elli.
- Kominn á kreik / Kominn á stjá** (orðtök) Kominn á fætur; vaknaður og farinn að *stússast*. „Ég var kominn á kreik um sexleytið“.

- Kominn (vel) á legg** (orðtak) Orðinn fullvaxta/fullorðinn; orðið að verleika; farinn að standa sig vel.
- Komin (langt) á leið** (orðtak) Um konu; komin langt í meðgöngutíma barns. „Hún er komin svo langt á leið að hún treysti sér ekki í ferðalagið“.
- Kominn á rausn** (orðtak) Úr máli vermannanna í Útvíkum; um þann sem á hákarlaskipi rær á lausabóftu í barka. „Þegar róid var í steinbít í Víkum norðan Látrabjargs voru hákarlaskip endrum og sinnum mönnuð með tveimur áhöfnum venjulegra vertíðarbáta. Tveir unglingar voru þá oft látnir róa á lausabóftu frammi í barka og við lausa keipa. Þessi lausabófta kallaðist rausn. Lítil fremd þótti í að vera þar, enda tíðum sagt í niðrandi merkingu: „Hann er þá kominn á rausn““ (frás ÓETH; LK; Ísl. sjávarhættir.)
- Kominn á steypirinn** (orðtak) Líkingin er nú eingöngu notuð um að kona sé komin nálægt því að eignast barn. Var fyrrum viðtækara; notað um hvaðeina sem var nærri því að kollvarpast/umturnast. Steypir merkir einfaldlega það að missa jafnvægið; velta. Samanber það að skip *steypir stömpum*.
- Kominn á straumana / Kominn á stjá / Kominn á stúfana** (orðtök) Á ferðinni; kominn á þessar slóðir; kominn á fætur. „Ég sé ekki betur en veghefillinn sé kominn á straumana“. „Þú ert bara kominn á stjá svona snemma“. Hið fyrri er líklega upprunið frá því að bátur væri kominn á fiskimið.
- Kominn á tamp** (orðtak) Kominn að endamörkum/takmarki. „Nú er búið að skrúfa upp í lampanum alveg á tamp. Ég held að við þurfum að skipta um kveik“. Tampur var festi til að festa veidda hákarla neðan á skip.
- Kominn á vonarvöl** (orðtak) Kominn á hrakhóla; kominn í þrot; flosnaður upp; orðinn *bónbjargarmaður*. Vonarvölur er fornt orð yfir betlistaf, og sá sem kominn er á vonarvöl er orðinn háður öðrum með ölmusu.
- Kominn á þrot** (orðtak) Kominn í enda á gangi í bjargi/klettum/fjallshlíð. „Ég fylgdi kindinni eftir þar til hún komst á þrot, en þar varð ég að skilja hana eftir“.
- Kominn ferðahugur i** (orðtak) Farinn að búast/hlakka til ferðar. „Er kominn ferðahugur í þig strax“?
- Kominn fram á grafarbakann / Kominn að fótum fram** Á stutt eftir; kominn nærri andláti.
- Kominn fyrir vindinn (vend)** (orðtak) Um verk/athöfn; úr hættu; kominn á öruggari stað/leið. „Ég held að maður sé kominn fyrir vindinn (vend) með mesta heyskapinn, þetta sumarið“.
- Kominn í bobba** (orðtak) Kominn í vandræði; orðinn aðþrengdur/vandræðalegur. „Nú ertu kominn í dálitinn bobba. Eftir allar yfirlýsingarnar geturðu varla neitað þessu“! *Bobbi* er annað heiti á kuðungi, en merkir í þessu efni að vera *kominn í keng*. Sjá *setja (einhvern) í bobba*.
- Kominn í hnapphelduna/knapphelduna** (orðtak) Giftur; kominn í hjónaband.
- Kominn í keng** (orðtak) Orðinn krepptur; með líkamann krepptan í hnút. „Mér var orðið svo mál að pissa að ég var alveg komin í keng“!
- Kominn í kippinn** (orðtak) Orðinn kenndur/ólvaður. „Nú held ég að karlinn sé kominn allvel í kippinn“.
- Kominn í (standandi) þrot/vandræði / Kominn í þröng** (orðtak) A. Orðinn eignalaus/gjaldþrota/*bónbjargarmaður*. B. Orðinn uppiskroppa með eitthverjar nauðsynjar; orðinn orðlaus; á engan kost í leik. Önnur merking er í *kominn á þrot*.
- Kominn köttur í ból bjarnar** (orðtak) Hafa orðið umskipti; kominn staðgengill sem er allt annars eðlis. „Nú þykir mér köttur vera kominn í ból bjarnar; ég er ekki ánægður með að fá svona viðvaning í staðinn fyrir reyndan smalamann“!
- Kominn langleiðina / Kominn langt/nokkuð á leið** (orðtök) A. Kominn meginpartinn af leiðinni. „Ég var kominn langleiðina þegar þetta skeði“. B. Nærri búinn að ljúka við. „Ég er kominn langt á leið með skítmoksturinn“. C. Um meðgöngu. „Veistu hvað kýrin er komin langt á leið“?
- Kominn til ára sinna** (orðtak) Orðinn gamall/aldraður. „Hesthúsið er komið til ára sinna. Að öllum líkum hefur það verið byggt um 1650, sem þýðir að það er elsta skepnuhús landsins“.
- Kominn til byggða/manna / Kominn til skila** (orðtak) Kominn heim að byggðu bóli úr ferð/óbyggð; heimtur.
- Kominn til með að segja (gera)** (orðtak) Ætlar að /mun gera (segja). „Það er alveg óvíst hvað næsta ríkisstjórn kemur til með að gera í þessum málum“. „Það er enginn kominn til með að segja að þetta hafi gerst“.
- Kominn til vits og ára** (orðtak) Uppkominn; búinn að ná fullum þroska. „Þú skilur þetta kannski þegar þú kemst til vits og ára, stubbur minn“.
- Kominn tími til** (orðtak) Orðið *tímabært*; þarf að fara að gera. „Það er bráðum kominn tími til að hafa uppi og fara í land, ef við ætlum ekki að lenda í vandræðum á fjörunni“.
- Kominn undir** (orðtak) Um veiðiskap; fiskur kominn undir bátinn þegar fiskað er. „Mikilvægt er að hafa minnst eitt færi í sjó eftir að fiskur er kominn undir til að *missa* hann ekki *undan*. Ekki er gott að allir dragi samstundis.

Kominn undir græna torfu (orðtak) Búið að jarðsetja; látinn; búinn að vera. Vísar upphaflega til þess að einhver sé sálaður/látinn, en í seinni tíð notað um hvaðeina sem runnið hefur sitt skeið.

Kominn úr ábyrgð (orðtak) Um hertan fisk; farinn að þola flest veður og þurfa því ekki eins mikið eftirlit. „...en er steinbíturinn var hálfþurr orðinn var honum hrýgjað á hrýgjugarðana. Var hann þá að mestu kominn úr ábyrgð sem svo var nefnt“ (PJ; Barðstrendingabók). (Sjá *hrýgjugarðar*).

Komma (n, kvk) A. Greinarmerki í ritmáli, til að tákna skil/þagnir í setningum. B. Merki yfir breiðum sérhljóðum. C. Einn tíundi úr gráðu; einkum notað við mælingu líkamshita. „Ég er ekki með mikinn hita; bara örfáar kommur“. D. Komma mun einnig hafa merkt matarskál, en af því leifði í seinni tíð einungis orðið *spilkomma* (sjá þar).

Kommagrýla (n, kvk) Ógn sem hægrisinnuðu fólki finnst sér stafa af þeim eru vinstrisinnaðir; andúð á kommúistum. „Enn er Moggasnepillinn að magna upp kommagrýluna“.

Kommahyski / Kommalýður (n, hk/kk) Niðrandi heiti á fólki sem aðhyllist hugsjónir kommúnista og /eða vill efla réttindi þeirra sem minnst mega sín með félagslegri samstöðu. Oftast er heitið notað af þeim sem aðhyllast einstaklingsframtak og láta sig jöfn kjör litlu skipta. „Þegar Láganúps húsið var í byggingu mun vel hafa verið fylgst með því af íhaldsklíkum syðra og leyniþjónustu Bandaríkjanna; enda hafði Gunnar Össurarason fengið til liðs við sig marga helstu vini sína, sem í þeirra augum töldust kjarni íslenska kommúnistahýskisins. Voru orrustuþotur af Keflavíkurvelli tíðir gestir yfir Kollsvík um þann tíma“.

Kommóða (n, kvk) Dragkista; hirsla með mörgum skúffum.

Kommóðuskúffa (n, kvk) Skúffa í *kommóðu*.

Kommúnisti (n, kk) Sá sem aðhyllist kenningar um að þeir sem verst eru settir í samfélaginu geti náð auknum jöfnuði með því að bindast samtökum og beita því valdi gegn kúgurum og forréttindastétt. Mjög bar á notkun orðsins á síðari helmingi 20. aldar, enda urðu hópar kommúnista þá fjölmennir. Eftir fall Sovétríkjanna hefur orðið sjaldnar heyrst. Til voru þeir í Rauðadsandshreppi sem kalla mátti kommúnista, og mest varð veldi þeirra þar þegar Gunnar Össurarson bjó vestra á síðustu æviárum sínum.

Kompa (n, kvk) A. Kames; lítið rými t.d. til greymslu. „Bárujárnsklæddur hjallur stóð lengi á Láganúpi, rétt heimanvið Gilið, og í honum var einkum þurrkaður þvottur. Í enda hans var lítil geymsla sem kölluð var Kompa og þar var m.a. lítil Onan-ljósavél sem um tíma var notuð til ljósa“.

Kompaní (n, hk) Félag; félgaðskapur. „Þetta er kostulegt kompaní: Heimalningurinn heldur að hundurinn sé móðir sín, og gæsin má af hvorugu þeirra líta“!

Kompás (n, kk) Áttaviti. Kompásar voru töluvert notaðir í bátum í Kollsvíkurvegi, a.m.k. undir lok verstöðu þar. Annars notuðu menn ýmis ták til að átta sig þegar ekki sást til lands, s.s. sólarátt, sjólag, sjávarföll og fuglalíf, auk þess sem menn settu á sig vindáttir og siglingartíma.

Kompásnorður (n, hk) Segulnorður; norðurátt samkvæmt vísun kompáss. Leiðrétt þarf kompásnorður fyrir segulskekkju til að finna norðurátt samkvæmt korti/ rétt norður.

Kompásstefna (n, kvk) Stefna samkvæmt kompás. Leiðrétt þarf fyrir segulskekkju til að hún samræmist stefnu samkvæmt korti.

Kompásstokkur (n, kk) Kassi sem kompás báts er hafður í. Kompásinn er í ramböldum, þannig að hann getur verið nokkuð láréttur í veltungi, og er ysta hringnum fest í stokkinn innanverðan. Stokkurinn er hafður í barka bátsins, þar sem minnst hætta er á hnjaski í veiðiferð.

Komplíment (n, hk) Hrósi; viðurkenning; gullhamrar. Sletta. „Ég fékk ágætis komplíment hjá honum fyrir frammistöðuna“.

Kompressa (n, kvk) Hluti sáraumbúða; böggull af samanbrotnum dúk/umbúðum sem lagður er á sár áður en það er vafið umbúðum/plástri; oftast til að stöðva blæðingu og/eða hemja bólgumyndun.

Komst (þá) upp um strákinn Tuma / Kemst nú upp um strákinn Tuma (orðatiltæki) Viðhaft þegar vitnast um eitthvað það í gerðum/fari manni sem hann vildi ekki flíka/ láta spyrjast út. „Komst þá upp um strákinn Tuma; þú segist ekki geta sungið eina rétta nótu en fírst svo á kostum á Þorrablótinu“! Ekki er vitað hvort þarna er vísað í sérnafn og þá e.t.v. söguna af Tuma þumli, eða hvort tumi merkir hrekkjótann strák almennt.

Komumaður (n, kk) Aðkomumaður; gestur; sá sem kominn er. „Nú er liðið nærri miðjum degi./ Borð af gnægtum bíða enn/ búin fyrir komumenn“ (JR; Rósarímur).

Kontórstingur (n, kk) Sérstök tegund útsaums. „Stelpur voru látar æfa sig í að sauma út, strax og þær gátu haldið á nál (ca 7-9 ára), og þá byrja að sauma kontórsting og gjarnan í svæfilver.. Svo var mikið saumað í punthandklæði oftast með kontórsting en ég á enn slitur af þannig handklæði sem mamma saumaði með feneyjarsaum og poka undir óhrein barnaföt í sama lit“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Konudagur (n, kk) Fyrsti dagur Góu. Sagt var að húsfreyjur ættu að fagna Góu þann dag, og að bændur hafi átt að gera húsfreyjum gott til.

Konugrey / Konuhró / Konukind (n, hk) Gæluorð um konu. „Konugreyið vissi ekki betur en þetta“.

Konungakyn / Konungaætt (n, hk/kvk) Ætt sem rakin er til konunga. Kollsvíkurætt hefur m. a. verið rakin til nokkurra Noregskonunga. Meðal annars má sjá í Kollsvíkurætt Trausta Ólafssonar að Einar Jónsson ættfaðir Kollsvíkurættarinnar var kominn af Haraldi gullskegg; konungi í Sogni; Hjör Jösurarsyni, Jösuri Ógvaldssyni og Ógvaldi konungum á Rogalandi; Þrándi Jarli í Þrándheimi og Haraldi Hávarðssyni tygil faðir hans; Hersir jarl Möndulssyni hinum gamla, jarl af Þrándheimi forföður þeirra. Auk þess standa að Kollsvíkurætt ýmis nafnkunn stórmenni s.s. Sæmundur fróði Sigfússon og hans ættmenni; Þorgeir ljósvetningagoði Þorkelsson; Guðmundur ríki Arason sem átti Saurbæjareignir og þar með Láganúp; Björn hirðstjóri Þorleifsson og Ólöf ríka; Ingólfur Arnarson, landnámsmaður Reykjavíkur; Galdra-Keli, prestur á Grenjaðarstað; Ari fróði Þorgilsson; Sturla Þórðarson, sagnaritari og lögsögumaður og ýmsir aðrir.

Konungsnef (n, hk) *Hækilkúlan* aftan á fæti búfjár. „Óbrigðult ráð er að grípa um konungsnefið til að fá kú til að hætta að sparka við mjaltir“.

Konur eru karla yndi (orðtatiltæki) Konur eru hamingjan í lífi karla; *víf er vers yndi*.

Konuríki (n, hk) Yfirráð konu á heimili; stjórnsemi eiginkonu. „Hann bjó alla tíð við mikið konuríki, og hefðu ekki allir látið það yfir sig ganga“.

Kopa (s) Há; vanta; draga úr. „Það kopaði honum við veiðiskapinn að báturinn var lítill“.

Kopareyra (n, hk) Eyra/hanki úr kopar á potti. „Konurnar ... komu töltandi til þabba ef gat kom á pott hjá þeim eða bilaði halda, og hann sauð í þetta. Smíðaði kannske ný kopareyru á þá“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Koparsmiði (n, kvk) Sumir þjóðhagasmíðir voru lagnari en aðrir að vinna úr kopar. Meðal þeirra var Guðbjartur Egilsson á Lambavatni, en eftir hann liggja ýmisr meistaralega gerðir gripir, s.s. lampar sem hanga í stofu á Láganúpi.

Koppagrundir (n, kvk, fto) Víðáttur; eingöngu notað í orðtakinu „út um allar koppagrundir“ sem var mikið notað vestra um það sem fór víða. Orðið er ekki að finna í orðabókum.

Koppalogn (n, hk) Algert logn á sjó. Líklega dregið af lygnu í hlandkoppi. „Það er blíða og koppalogn í dag“.

Korgleitur (l) Óhreinn/skáladaður í andliti/framan/útliti. „Skelfing ertu eitthvað korgleitur stubburinn minn; farðu nú og þvoðu þér í framan“!

Korgur (n, kk) A. Kaffikorgur; leifar malaðra kaffibauna sem búið er að laga kaffi úr. B. Sandur; skítur; efja.

Korkaflá / Korkateinn / Korkaþinur (n, kvk) Flotþinur; flotteinn efri þinurinn á neti; sem korkarnir (flotin) voru festir við; nú flotlína. „Hér hefur farið út flækja á korkaflánni“.

Korkaflækja / Kubbaflækja (n, kvk) Flækja í neti sem orðið hefur við það að komið hefur lykka á korkatein/kubbatein í lagningu og einn eða fleiri korkar/kubbar slegist inn í netið við *innislátt*.

Korkbauja / Korkplata (n, kvk) Korkur var áðurfyrr nýttur í baujur sem hafðar voru á línun, netum o.fl. Baujurnar voru samsettar af mörgum ferhyrnum korkplötum sem lagðar voru saman í búnt; stórar í miðju, en minni ofan- og neðaná. Tréstöng í miðju hélt þeim saman; í efri enda hennar var flagg en sakka í þeim neðri. Baujur, eða plötur úr þeim, ráku oft á fjörur í Kollsvík.

Korkkubbur (n, kk) Netakubbur/flotkubbur úr korki. Korkkubbar á net voru fyrrum kringlóttir með gati í miðju fyrir þininn, en síðar ílangir með rás eftir hliðum þar sem felldur var í taumur til festingar á þininn.

Korkur (n, kk) A. Ysta lagið á trjábol; létt og frauðkennt viðarlag. Korkur var notaður til margra hluta, m.a. sem flot á veiðarfæri og sem einangrun húsa. B. *Korkkubbur*; kubbur úr korki sem notaður er til að halda á floti veiðarfæri, t.d. flotþin nets. Orðið var stundum notað í hvorugkyni; talað um „korkið“, en mun sjaldnar.

Korn í nefið (orðtak) Dálítið af neftóbaki í nefið. „Komdu nú og fáðu korn í nefið“. „Viltu ekki korn í nefið“?

Kornabarn (n, hk) Smábarn; reifabarn; nýfætt barn.

Kornið sem fyllir mælinn/mælirinn (orðtak) Það sem að lokum verður til að óánægja/grenja/illindi fá útrás; eitt atriði af mörgum slæmum. „Hann var orðinn pirraður af þessari sífelldu stríðni, en þessi hrekkur var kornið sem fyllti mælirinn og strákarnir áttu fótum fjör að launa“.

Kornmylla (n, kvk) Kvörn/mylla til að mala korn. Korn hafa menn malað frá upphafi akuryrkju; fyrst með hnalli á steini, en síðar með því að snúa kringlóttum, láréttum steini ofaná öðrum, með kornið á milli. Síðar komust menn uppá lag með að nýta vatnsafl, vindafll og jafnvel sjávarföll til að knýja myllur þessar. Nokkrar vatnskúnar myllur voru í Kollsvík á 19. öld; ein var í Myllulæknum í Kollsvík og tvær í Ánni. Þær munu hafa lagst af öðruhvorumegin við aldamótin 1900, og þeirra sjást nú engin merki.

- Kornsúra** (n, kvk) Bistorta vivipara; lágvaxin jurt sem algeng er á landinu; bæði á láglendi og til fjalla. Vex helst á þurrum melum og kann t.d. vel við sig á uppgrónum söndum í Kollsvík. Jurtin myndar smá stakstæð blóm á toppnum; blöð eru fremur fá og neðst á stilk, oft lensulaga; oftast hvít en stundum bleikleit; aldin eru áberandi undir blómi, þríhyrnd hnet. Á rótinni eru næringarríkir hnúðar, sem m.a. gæsir sækja í. Seyði kornsúru var talið blóðstillandi og geta læknað niðurgang. Var hún því stundum nefnd „kveisugras“. Æxliskornin voru sumstaðar höfð til matar; nefnd „vallarkorn“.
- Korr** (n, hk) Niðurbælt urr; hrygla; snörl. „Hann gerði sér upp korr og ræskingar og þóttist ekki ná andanum þegar skatan var borin á orð“.
- Korra** (s) Gefa frá sér korr. „Hann svaraði engu, en örlítið korraði í honum“.
- Kort** (n, hk) A. Uppdráttur/teikning af svæði. B. Spil til að spila á. „Eigum við nú ekki að *taka í kort*; við erum nógu margir í vist sýnist mér.“
- Kort** (l) Lítið; þrotinn; á þrotum. „Ég er að verða ansi kort með kaffi og sykur“. Notað af sumum í Rauðasandshreppi framyfir 1970, t.d. GJH. Sjá einnig *heykort*.
- Korta** (s) Vanta; skorta. „Hér er nóg af fiski, það kortir ekkert uppá það. Þessi árans tppingur gæti þó dregið úr veiðinni“.
- Kortateiknari** (n, kk) Sá sem teiknar landakort. Einn færasti kortateiknari landsins bjó um tíma á Grund í Kollsvík; Samúel Eggertsson, en hann var bróðursonur Matthíasat Jochumssonar þjóðskálds.
- Kortslútta** (s) Um raflögn; skammhleypa; slá saman pólum/leiðurum. „Ég stakk strenginn í sundur með skóflunni, og kortslúttaði auðvitað í leiðinni, þannig að öryggið *brann yfir*“.
- Kosningabær** (l) Sem hefur rétt til þess að greiða atkvæði í kosningum.
- Kosningar** (n, kvk, fto) Lýðræðislegt val, t.d. á fulltrúum í hreppsnefnd, á Alþingi o.fl.
- Koss** „Að loknum lestri var þakkað fyrir hann og óskað gleðilegra jóla með kossi“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Kossaf lens** (n, hk) Niðrandi heiti á blíðuhótum/kossum. Eldra fólki hefur líklega á öllum tímum þótt yngri elskendur bera tilfinningar sínar helsti mikið á torg. „Ekkert skil ég í þessu kossaf lensi siknt og heilag!“
- Kosta** (s) A. Vera að verðmæti; vera virði. „Hveitipokinn kostar tíu krónur“. B. Bera kostnað af; greiða. „Hreppurinn kostaði ofaníburð og ljét ljúka við veginn“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi). „Ívar Ívarsson bauðst til þess að kosta kjördeildina á Rauðasandi, fremur en hún yrði lögd niður“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Kosta kapps um** (orðtak) Leggja áherslu á; sækja fast. „Við þurfum að kosta kapps um að koma því heyi í hlöu sem orðið er vel þurrt. Hitt setjum við í galta ef tími vinnst til“.
- Kosta til / Kosta uppá** (orðtak) Verja til; eyða í. „Þú verður að kosta allnokkru til, ef þú ætlar að lagfæra þetta“. „Ætli maður verði ekki að kosta uppá einhver ný net fyrir næstu vertíð“.
- Kostabeit** (n, kvk) Mjög góður bithagi; *kjarnabeit*. „Kostabeit er þarna á hlíðinni, en hætt við hrap“.
- Kostaboð** (n, hk) Mjög gott/freistandi tilboð. „Ég var ekki seinn á mér að taka þessu kostaboði“.
- Kostafæða** (n, kvk) Mjög góður/hollur matur. „Nýorpin múkkaegg eru einhver mesta kostafæða sem til er“.
- Kostagripur** (n, kk) A. *Kjörgripur*; mjög góður/*eigulegur* hlutur. „Þessi bátur er mikill kostagripur“. B. *Öndvegisskepna*; *efnisskepna*. „Þessi lambhrútur virðist vera mesti kostagripur“.
- Kostajörð** (n, kvk) Góð bújörð; landkostajörð. „Hér hefur hver kostajörðin af annarri farið í eyði undanfarið“.
- Kostakjör** (n, hk, fto) Úrval góðra kosta; um margt að velja. „Mun nú tafin mjög þín för“./ mælir pilsa-gerður;/ „bjóðast engi kostakjör/ kjósa samt þú verður“ (JR; Rósarímur).
- Kostakona** (n, kvk) Kona sem búin er miklum kostum; góður kvenkostur; gæðakona.
- Kostaskepna** (n, kvk) Góð/nytsöm skepna; frjósöm ær; vel byggður hrútur; nythá kýr; góður fjárhundur o.s.frv. „Það er eftirsjá að slíkri kostaskepnu sem Búkolla var“.
- Kostgangari** (n, kk) Manneskja sem er í fæði (kosti) hjá öðrum. „Þau eru komin með annan kostgangara“.
- Kostgóður** (l) Kostamikill; hefur góða kosti; gefur mikið af sér. „Í Smérteigum var talið kostgott fyrir rollurnar“ (Sigurbjörn Guðjónsson; Örn.Lýsing Geitagils).
- Kostgæfni** (n, kvk) Alúð; vandvirkni; iðni. „Bréfið skreytti hún af mikilli kostgæfni“.
- Kostnaðarsamt** (l) Dýrt; *útlátamikið*. „Þeim fannst flutningurinn nokkuð kostnaðarsamur“.
- Kostulega** (ao) Einstaklega vel/einkennilega; með eftirtektarverðum hætti. „Honum tókst þetta alveg kostulega“. „Hann gat hermt alveg kostulega eftir öllum sveitungunum á þorrablótinu“.

Kostulegur (l) Furðulegur; hlægilegur. „Útgangurinn á þér er nú alveg kostulegur“.

Kostur (n, kk) A. Gæði; það sem betra er en annað. „Það er kostur við *sandtúnin* að þau blotna ekki upp, og á þeim þornar heyið fljótt“. B. Nesti; fæði. Einkum notað um nesti á stærri skipum. C. Styttning á valkostur; leið; úrræði. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi...“ (PG; Veðmálið).

Kot (n, hk) A. Lítið býli; kotbýli; landlítill jörð; lítið hús; hreysi. Kot nefndist lítið býli innan við Hvalsker, og virðist ætíð hafa borið nafn með rentu. Um 1700 var það útjörð frá Skápadal, en er nú meðal Skerseigna. B. Skyr tubolur úr ull, bómull eða lérefti, sem hnepptur er aftan en með tölum neðst til að halda uppi teygjusokkaböndum. Algengt barnanærfat frameftir 20.öld.

Kotbóndi (n, kk) Bóndi á lítilli jörð /koti; bóndi með lítinn búskap.

Kotbragur / Kotbændabragur / Kotbændaháttur / Kotungsbragur (n, kk) Yfirbragð fátæktar/smábónða; fátækt; sparsemi. „Hann sýndi með þessu að enginn kotbændabragur var á þeim bæ“. „Það er enginn kotungsbragur á því býlinu“.

Kotbær / Kotjörð (n, kk) Kot; lítið býli; lítill bújörð.

Kotkarl (n, kk) Bóndi á litlu búi/ koti. „Þarna voru engir kotkarlar á ferð“. „Margur kotakarlinn rak upp kætihlátur/ þegar sá hann sínar skjátur“ (JR; Rósarimur).

Kotra (s) A. Smeygja; mjaka/þröngva inná milli. „Aldrei var svo þröngt af gestum í gamla bænum að ekki mætti kotra einum niður til viðbótar í flatsæng á gólfíð“. B. Setja saman púsluspil. „Eigum við að kotra“?

Kotra (n, kvk) A. Kotruspil; sérstakt borðspil/teningaspil; e. „backgammon“. Kotruspil var ekki spilað í Kollsvík í seinni tíð, þó svo kunni að hafa verið fyrrum. Orðið var því alfarið notað um myndakotru. B. *Púsluspil; myndakotra. Sjá púsluspil.*

Kotroskinn (l) Hress; góður með sig; brattur. „Strákurinn er heldur betur kotroskinn“.

Kóð (n, hk) Smáfiskur; tittur; *örnæli*; síli; seyði. „Það var ekkert að hafa á grunninu nema bölvæð kóð, svo ég sigldi dýpra í von um einhvern stórfisk“.

Kóf (n, hk) A. Mikill reykjarmökkur/gufumökkur. „Illa sást til í reykkofanum fyrir kófinu“. B. Skýjabakki; þoka; skýjakóf; þokukóf. „Öðruhvoru sást til lands gegnum kófið“. C. Svitakóf; svitabað. „Ég var í kófi við að moka á vagninn“.

Kófbylur / Kófhrið / Kófkafald (n, kk) Þéttur skafmoldarbylur. „Lagði ég á Hálfán í kófbyl...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Var þá kominn norðaustan strekkingsvindur með kófbyl“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Kófdrukkinn (l) Mjög ölvaður/drukkinn; *sauðdrukkinn; á skallanum/eyrunum.*

Kófhiti (n, kk) Svo heitt að maður er mjög sveittur/ kófsveittur; *baðhiti; molluhiti.*

Kófsalli / Kófsnjór (n, kk) Mjög finkornaður snjór, sem rýkur auðveldlega í minnsta vindi. „Stöðugt skóf kófsalla framaf brúninni“. „Þessi kófsnjór fer allur af stað ef eitthvað hreyfir vind“.

Kófsveittur (l) Mjög sveittur; í svitabaði. „Allir voru kófsveittir eftir að mokað hafði verið af heyvagninum“.

Kófsvitna (s) Svitna mjög mikið; *pungsvitna.* „Við kófsvitnuðum við eggjatínsluna, enda *steikjandi sól*“.

Kófpoka (n, kvk) Þykk þoka; *svartaþoka.* „Hann er að velta inn einhverri bölvæðri kófpoku; það er víst útséð með þurrk það sem eftir er dagsins“.

Kólfur (n, kk) A. Dymbill/dingull í klukku, t.d. kirkjuklukku. B. Kastspjót, ör. „*Eins og kólfi væri skotið*“. C. Vaxtarsproti jurtar; sver leggur/rót á jurtt. D. Eistalykkja. E. Getnaðarlimur hests. F. Krassi; stöng til að þjappa púðri og forhlaði í framhlaðna byssu; byssukólfur. Orðið merkir það sem er sívalt eða kylfulaga.

Kólga (n, kk) A. Um sjólag; töluvert sver sjór; *kólgu sjór.* „Það var nú kominn norðankaldi og allnokkur kólga“. B. Um veður; þungbúið veður; illviðri í aðsigi.

Kólgubakki (n, kk) Þoku- eða skýjabakki; talinn vita á illviðri. „Kólgubakkann klýfur geislinn“ (ÖG; úr afmæliskvæði til ÁE 1979).

Kólguloft (n, hk) Þungbúið veðurútlit; óveðursský á lofti. „Ekki veit ég hvað hann gerir í þetta kólguloft í vestrinu“.

Kólgu sjór (n, kk) Sver sjór; allmikill sjór; *kólga.* „Hann er farinn að leggja upp vestan kólgu sjó“.

Kólna (s) Verða kaldari. „Fjári er hann farinn að kólna þessa dagana“.

Kólna í tíðinni (orðtak) Verða kaldara tímabil. „Við þyrftum að ná þessu fé áður en kólnar meira í tíðinni“.

Kólumbusarmessa (n, kvk) 9. júní; messa í kaþólskum sið, til minningar um heilagan Kólumba (Kólumkilla), sem er einn þjóðardýrdlinga Íra og var kristniboði og klausturstofnandi á 6. öld. Líklegt er að þessi messa

hafi verið einn mesti hátíðisdagurinn í Kollsvík fyrst eftir landnám. Allar líkur benda til þess að föstbræðurnir Kollur og Örlygur hafi numið við Kólumbusarklaustrið á Iona á Suðureyjum kringum aldamótin 900. Klaustrið var mesta menningarstofnun vestanverðrar Evrópu; stofnað af heilögum Kólumba sem kom kristni á í Skotlandi og skosku eyjunum. Patrekur biskup, sem var þeirra helsti kennari, hvatti þá til að fara í trúboðsleiðangur til Íslands og lét þá hafa kirkjuvið, kirkjuklukku og fleira til helgihalds. Þeir hróktust hinsvegar vesturum land, þar sem Kollur braut knörr sinn í Kollsvík og ákvað að setjast þar um kyrrt, en Örlygur sigldi suður eftir vetursetu hjá honum. Allar líkur benda til þess að í Kollsvík hafi þeir byggt fyrstu kirkjuna á Íslandi og helgað hana heilögum Kólumbusi. Kollur hafi síðan þjónað þeirri kirkju sem fyrsti prestur landsins. Örlygur byggði aðra kirkju að Esjubergi syðra og hafði þar járnklukku Patreks. Það að kirkju Kolls er ekki getið í Landnámu skýrist sennilega af því að afkomendur Örlygs voru fjölmennir syðra og frá þeim hafði Ari fróði líklega sína vitneskju um kirkjurnar. Á ritunartímanum, um 1120, var afkomendum Örlygs trúlega mikið í mun að gera sem mest úr frumkvöðlahlutverki forföður síns, en enginn gætti hagsmuna Kolls. Kólumbusarkirkja hans komst því ekki á bókfell, en líkurnar á tilvist hennar eru yfirgnæfandi. Eflaust hefur þá hefur einnig verið þar tilstand á messudegi Kólumbusar.

Kómískur (l) Skrýtinn; skemmtilegur; fyndinn. „Svipuinn á honum varð dálítið kómísku þegar hann smakkaði matinn fyrst“. „Alveg er það kómískt hvað kötturinn hefur gaman af að ergja hundinn“.

Kómu (s, ft, fortíð) Komu. Eitt mikilvægt framburðareinkenni Kollsvíkinga var það að kringja o-hljóð í þátíðarmyndum sumra sagna. Segja t.d. „þeir kómu seint að“, eða „þeir *vóru* ekki lengi að finna féð“.

Kóngafæða (n, kvk) Kræsingar; mjög góður matur. „Ekki spillti fyrir að við fengum steiktan fugl með rúsínum og sveskjum. Þetta var kóngafæða og við langsoltir tókum hressilega til matarins“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Kóngakaffi (n, hk) Kaffi með vinsopa úti. Sumir áttu það til að bjóða góðum gestum uppá kóngakaffi. Þá var hellt í kaffið dálitlum sjúss af víni; líkleg oftast rommi, brennivíni eða koniaki. Ekki var þetta þó í boði á öllum bæjum.

Kóngalíf (n, hk) Sældarlíf; líf í allsnægtum/þægindum. „Ekki sagðist hann lifa neinu kóngalífi af þessum launum, en þetta dygði fyrir nauðpurftum“.

Kónganef (n, hk) Stórt nef með háum *krung*/boga; *klumbunef*. „Það komast firn af tóbaki í þetta kónganef“. Einnig var sagt um þann sem var með kónganef að hann væri *söðulnefjaður*.

Kóngaveisla (n, kvk) Veglegar veitingar; mikil veisla. „Hún sagðist ekki eiga mikið til; en innan stundar sátum við samt að þessari *dýrindis* kóngaveislu“.

Kóngsbænadagur (n, kk) 4. föstudagur eftir páska. Hann var áður almennur bænadagur; fyrst skipaður af Danakóngi árið 1686; lögtekin hérlendis 1702, en afdómurinn sem helgidagur 1893. Enn er dagurinn haldinn hátíðlegur í Danmörku (store bededag) og Færeyjum (dýri biðidagur). Yfirleitt kunnu Íslendinga illa að meta þessa kóngsdýrkun, eins og kemur fram í húsganginum: „Innan sleiki ég askinn minn./ ekki er saddur maginn./ Kannast ég við kreistinginn/ kóns- á bænadaginn“. Sú var trú manna að ef gróður færi vel af stað í maí mætti vænta góðs af sumri; ekki síst ef þokusamt var. Þó gat þar orðið bakslag ef hret gerði á kóngsbænadaginn; kóngsbænadagshret. Það heiti var þó ekki mikið notað vestra í seinni tíð. „Laugardaginn fyrir kóngsbænadag reru allir bátar í sémilegu veðri og fiskuðu vel“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látramanna).

Kóngshæð (n, kvk) Hæsta hæðin af þeim sem saman sjást. Kóngshæð nefnist hábunga fjallsins milli Kollsvíkur og Örlygshafnar; sunnan Tunguheiðarvegar. Nafnið hefur valdið mönnum heilabrotum, en beinast liggur við að álykta að nafnið sé dregið af hæð bungunnar. Frá Láganúpi séð ber hún hátt yfir aðrar nálægar.

Kónsins befallingsmaður (orðtak) Sá sem hefur umboð kónsins; æðsti valdsmaður. „Hann er bara akkúrat enginn kónsins befallingsmaður í þessum málum“!

Kónsins lausamaður (orðtak) A. Fyrr á tíð voru vinnumenn jafnan bundnir vistaböndum hjá einum vinnuveitanda milli *farðaga*. Þó var hægt að fá konungsleyfi fyrir lausamennsku; þ.e. að mega vinna að ákveðnum verkefnum um skamman tíma á hverjum stað. Slíkir farandverkamenn voru kónsins lausamenn. B. Notað nú á tímum um hverskonar tímabundna launavinnu; sá sem ekki er ráðinn til langframa; sá sem ekki er háður einum vinnuveitanda.

Kónsstóll (n, kk) Leikur barna fyrr á tíð. „Við lékum okkur mikið úti í góðu veðri eftir að fór að skyggja. Einn leikurinn hét Kónsstóll. Þá var öllum ráðað upp til að kjósa kónsinn og einn benti á hópinn og fór þá með þessa þulu: „arka, barka, búninga, darka, ella, mella, milli, monn, sjonn, thonn, tjútle, bonn, issa, bisssa, topp“. Sá síðasti var kónsurinn; þegar hann fór að grúfa sig fór hann með þessa þulu: „Fyrirbýð ér öllum, konum sem köllum, ungum sem gömlum, utanlands og innan, í minn konungsstól að koma og sá verður að ábyrgjast sig sem ekki er búinn að fela sig, og nú fer ég af stað“. Á meðan fóru allir að fela, og svo var

keppikeflið að komast í kóngsstólinn án þess að kóngurinn sæi; og varð þá sá næsti kóngur“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Kónguló (n, kvk) *Könguló*. Framburðurinn var yfirleitt með ó-hljóði áður fyrr, en nú oftast með ö-hljóði.

Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða (orðatiltæki) Menn eru tilneyddir að haga sér eftir aðstæðum, þó þeir vilji eitthvað annað.

Kóni (n, kk) Niðrandi heiti á manni; rusti; þrjótur; skálkur. „Ég ber nú litla virðingu fyrir þessháttar kónum“!

Kópaskinn (n, hk) Skinn/húð af selkóp. „Kópaskinn og tófuskinn voru í háu verði í kringum aldamótin 1900“.

Kór (n, kk) A. Innsti hluti kirkju, næst altari. B. Rúm fyrir miðjum gaffli í verbúð. Ekki er þó víst hvort þetta heiti var notað í Útvíkum. En notað var það við Djúp, og þar hvíldi oft hálfdrættingur. C. Skúti/hellir í bergi. Kórar nefnist svæði utanvið Breiðavíkurveg, þar sem nokkuð er um slíka skúta. D. Sönghópur, t.d. kirkjukór. E. Tónstokkur á harmóníku.

Kóróna (s) A. Setja kórónu á höfuð; krýna. B. Í líkingamáli; ganga eins langt og unnt er, oftast í neikvæðum athöfnum/verknaði; *bita höfðuðið af skömminni*. „Eftir að hafa *slugsað* við moksturinn allan daginn, kórónaði hann svo *alltsaman* með því að þrjóta skófluna“! „Þetta kórónar nú alla vitleysu“!

Kórrétt (l) Alveg rétt; eftir bókstafnum. „Ég veit ekki hvort ég fer alveg kórrétt með, en þetta var það sem hann sagði!. Líklega sletta úr danska orðinu „korrekt“.

Kórsöngur (n, kk) Fjöldasöngur; samhæfður söngur margra. „Kórsöngur var mjög stundaður í Kollsvík, ekki síst á tímum ungmennafélaganna. Enda voru þá miklar söngelskar ættir í víkinni, t.d. Grundafólk út af Kristjáni Ásbjörssyni og Traðarfólk út af Helga Árnasyni.

Kórvilla (n, kvk) Meinloka; fáránleiki. „Svona staðhæfingar eru því lík kórvilla að það er með endemum“!

Kósi / Kós (n, kk/kvk) Fóðring (oft úr málm) um auga í efni eða lykkju í tóg. „Kósar eru í jaðri seglsins“.

Kós (n, kk) Stefna; kúrs. „Ég nennti ekki að halda áfram í þessum *tittaslítingi* og tók kósinn til hafs“.

Krabb / Krafl (n, hk) Slæm/illlæsileg skrift; klór. „Ég skil nú ekki allt þetta krabb; því skyldi hann aldrei geta vandað sig karlhólkurinn“?! „Hver á að skilja þett krafl“!

Krabba (s) Krafsa; klóra; skrifa. „Ætli ég verði ekki að krabba stafina mína á þessa kvittun“.

Krabbaþjandi / Krabbaþverri / Krabbaskratti / Krabbi (n, kk) Krabbamein. „Hann er vís orðinn alveg heltekinn af þessum krabbaþjanda, og ógæfulegt með útlitið“. „Þessi krabbaþverri spyr víst ekki að aldri“.

Krabbagangur (n, kk) A. Orðrétt skýring; gangur krabba er oft út á hlið eða óreglulegur. B. Óreglulegur gangur manneskju eða málefni. „Málið hefur þokast áleiðis en með óttalegum krabbagangi“.

Krabbi (n, kk) Þrjár tegundir krabba hafa einkum lifað við Ísland til þessa; trjónukrabbi, bogkrabbi og kuðungakrabbi/einbúakrabbi, en fleiri tegundir berast nú hingað með hlýnandi sjó og kjölvatni skipa. **Trjónukrabbi** (*Hyas araneus*) er algengastur á grunnsjó við sunnanverða Vestfirði. Hann er auðþekktur á því að krabbaskelin á baki hans er dregin fram í trjónu. Skelin getur orðið 8cm löng á karldýri. Augun standa á stuttum stilkum, sitt hvors vegar við trjónuna. Stuttir þreifarar koma útúr skelinni rétt við augun og ná framfyrir trjónuna. Undan skelinni að aftan kemur flatur hali sem liggur þétt frammeð kviðnum. Hann er hringlaga hjá kvendýri en hliðarlínur eru bogadregnar á karldýri. Trjónukrabbinn hefur fjögu pör af gangfótum sem eru lengri en skelin. Framan við ganglimina eru tvær sterkar gripklær. **Bogkrabbinn** (*Carcinus menas*) er sjaldgæfari á þessum slóðum, enda lifir hann jafnan á meira dýpi. Hann þekktist á bogadegnum skildi sem er breiðastur að framan. Þriðji krabbinn er **kuðungakrabbi, eða einbúakrabbi**. Hann er með mjúkan bol, og velur því að búa í kuðungum sem sniglar hafa yfirgefið. Fullorðnir sniglar nota kuðunga beitukóns, en þeir minni nota minni kuðunga, eins og af þangdoppu. Allir eru þessir krabbar rándýr og hræætur. **Gaddakrabbi** hefur fundist við landið á síðustu árum, en ekki í miklu magni. Hann er líkur trjónukrabba í útliti, en alsettur göddum og getur skel hans orðið allt að 14 cm að stærð. **Grjótkrabbi** hefur fundist hér við land á síðustu árum, t.d. í Faxaflóa og Breiðafirði. Hann er líkur bogkrabba í útliti en verður stærri, eða allt að 14 cm yfir skelina. **Kóngakrabbi** hefur enn ekki numið land við Íslandsstrendur, en hann er kominn við Noreg og talið líklegt að hann berist hingað bráðlega. Hann ber nafn með rentu, því þessi kvikindi geta orðið allt að 10 kg að þyngd og 25 cm yfir skelina. Líkur er hann gaddakrabba í útliti. Upprunaleg heimkynni eru í norðanverðu Kyrrahafi, og er hann mikið veiddur til matar. **Tröllakrabbi** hefur veiðst við Ísland SA-vert. Hann er líkur bogkrabba í útliti, en verður mikið stærri, eða 3,2 kg og allt að 18cm yfir skelina.

Kraðak (n, hk) *Stappa*; þröng; óreiða; öngþveiti. „Það er komið kraðak af fé inn á túnið“.

Krafa (n, kvk) Áskilnaður; heimting; réttur. „Ég gerði kröfu um að fá það sem mér bar, samkvæmt samningi“.

Krafla (s) A. Klóra; grípa í. „Ég náði naumlega að krafla mig upp á brúnina“. B. Skrifa illa; krabba; krotta. „Ég kraflaði þetta niður á blað í fljótheitum, til að gleyma því ekki“.

- Krafla í** (orðtak) Hræra í; krafsa í. „Vertu nú ekki að krafla í matnum með skítugum puttunum drengur“.
- Krafla sig** (orðtak) Klórast; komast. „Ég gat kraflað mig upp á brúnina“. „Hann kraflar sig í gegnum námið“.
- Krafs** (n, hk) A. Rót; gröftur. „Skelfingar krafs er þetta í Vegagerðinni út um allar trissur“! B. Leit sauðfjár eftir beit undir snjó. „Féð hefur ekki mikið uppúr þessu krafsi, svo það þarf töluverða gjöf“. C. Slæm skrift; slæm teikning; krabb. „Ég sé ekkert út úr þessu krafsi hjá listamanninum“.
- Krafsa með öfugum klónum** (orðtak) Um *handarbakavinnubrögð*; slæman frágang; vonda vinnu. „Kallarðu þessar *ærhornarispur* slátt? Það er eins og sjálfur skrattinn hafi krafsað þetta með öfugum klónum“!
- Krafsa sér til beitar** (orðtak) Um sauðfé; krafsa með fótum til að geta bitið, á jörð sem er hulin snjó“.
- Krafsblað** (n, hk) Blað sem nýtist til að rissa á/ teikna á/ krafsa á. „Er ekki eitthvað krafsblað við hendina, svo ég geti teiknað þetta upp fyrir þig“?
- Krafshagi** (n, kk) *Krafsjörð*; bithagi þar sem fé þarf að krafsa til beitar gegnum snjó.
- Krafsjörð** (n, kvk) Mjög var treyst á vetrarþétt fyrir sauðfé í Kollsvík og öðrum Útvíkum. Var því haldið til beitar daglega ef þess var nokkur kostur og þá oftast staðið yfir. Iðulega þurfti það að krafsa snjóinn ofan af til að komast að beitinni og þá var krafsjörð. „Ef féð fyllti sig vel á krafsjörð og fékk eitthvað í fjöru var ekkert hey gefið“. (ÖG; Niðjatal HM/GG).
- Krafta** (s) Drífa; hafa sig; orka. „Ég reyndi að velta trénu uppfyrir flæðarmál, en ég hreinlega kraftaði því ekki“. Orðið var stöku sinnum notað í Kollsvík áður fyrr en heyrir nú vart.
- Kraftalega vaxinn** (orðtak) Vöðvamikill; samanrekin. „Hann var ekki hár, en mjög kraftalega vaxinn“.
- Kraftalegur** (l) Sterklegur; kraftalega vaxinn; vöðvamikill.
- Kraftajötunn / Kraftakarll / Kraftamaður / Kraftamenni** (n, kk) Mjög sterkur maður. „Ég er ekki sá kraftajötunn að ég valdi þessu stórgrýti“. „Fáa hef ég vitað álika kraftakarla og hann“.
- Kraftaskáld** (n, hk) *Ákvæðaskáld*; sá sem getur ort kvæði sem virka/breyta. „Hann var talinn kraftaskáld, og þótti formanninum því fengur að fá af honum þessa vísu um veiðiskapinn“.
- Kraftaverk** (n, hk) Verk/framkvæmd sem ekki er unnt að skýra með eðlilegu móti. Oft notað í líkingum um það sem gerist á ótrúlegan hátt. „Það var talið kraftaverk að hann skyldi sleppa lifandi frá þessu slysi“.
- Kraftaverkamaður** (n, kk) Sá sem framkvæmir yfirskilvitlegan verknað. „Ekki er ég neinn kraftaverkamaður, en ég skal reyna hvað ég get með þetta“.
- Kraftblökk / Kraftalía** (n, kvk) Blökk/trissa sem notuð er til að auka átak, oft með mörgum hjólum (margskorin) og þá tvær samverkandi. „Kraftblökk var í þaki gömlu votheysgryfjunnar á Láganúpi“.
- Kraftfóður** (n, hk) Kjarnfóður; fóðurbætur fyrir búfé. „... var í því sambandi talið líklegt að ríkisstjórnin myndi styrkja bændur til kaupa á kraftfóðri og heyi...“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).
- Kraftgott** (l) Kjarngott; kraftmikið. Oftast notað um fóður/gras/hey. „Ég gef þeim vel af fóðurbæti með, því þetta er ekki mjög kraftgott hey“.
- Kraftlaus / Kraftlitill** (l) Ekki aflmikill/orkumikill. „Þó Farmallinn þætti afkastamikil vinnuvél á sínum tíma, þá var hann heldur kraftlaus með sín 16 hestöfl til að snúa nýrri vinnutækjum, s.s. blásara og sláttuþyrlu“.
- Kraftmikill** (l) Aflmikill; öflugur. Notað jafnt um traktora, bíla og manneskjur. „Ekki þótti mér hann mjög kraftmikill ræðumaður“.
- Kraftsperra** (n, kvk) Síðari tíma heiti á sperru sem er með áföstum þverbíta. Eru sperrur og biti bundin saman með löskum á ákveðinn hátt, þannig að álag á sperrurnar dreifist jafnt og burðargeta er veruleg.
- Kraftsúpa** (n, kvk) Súpa sem elduð er af kjötkrafti, súputeningum eða öðrum kjarna.
- Krafttöng** (n, kvk) Stillanleg töng af sérstakri gerð, sem unnt er að læsa saman og gefur mikið átak.
- Kraftverk** (n, hk) Heiti íbúa Rauðasandshrepps yfir virkjun/rafstöð; virðist ekki hafa verið notað annarsstaðar á landinu. „Á nokkrum bæjum í Rauðasandshreppi var komið upp litlum heimilisrafstöðvum löngu fyrir samveiturfarmagn, þær fyrstu fyrir 1930. Rafmagn frá þeim nægði fyrir ljós og eldavélar og sums staðar til upphitunar. „Ekki þjakaði minnimáttarkennd þá sem komu sér upp þessum örstöðvum því þeir kölluðu þetta „kraftverk“. Þó var til enn minna „kraftverk“ á Rauðasandi, það var pabbi minn sem kom sér því upp, það dugði fyrir útvarpsraflöður en ekki var það fyrirhafnarlaust. Pabbi tengdi dínamó við rennibekkinn sinn og svo var hægt að stíga bekkinn og hlaða batteriinn en það tók langan tíma. Þarna voru hlaðnar útvarpsraflöður á Lambavatsnbæjunum og stundum fleiri. Annars fóru menn með rafhlöður í „kraftverkin“ bæði að Brekku og í stærri vatnsvirkjanir en þá var yfir fjöll að fara“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms).
- Kraga** (s) Um ullarvöxt sauðfjár; ull farin að flaka frá í hálsinum.

Kragi (n, kk) A. Hvaðeina sem umkringir. „Skerin mynda kraga um Lægið, svo þar er oft kyrrara en úti fyrir“. B. Efsti hluti fatnaðar s.s. skyrtu, peysu o.fl. C. Rykktur hringur sem prestur hefur um háls við athöfn.

Kraka (n, kvk) *Dreki; krípur; stjóri*; áhald til *botnfestingar* á báti/neti/fiskilínu eða öðru. Stundum notuð til að slæða upp net eða línu þegar dufl hefur tapast. Kraka er oftast minni en akkeri og án *stokks*.

Kraka (s) Krækja; krækja/ná/grípa til/i. „Til allrar hamingju tókst mér að kraka árinni til mín með hinni“.

Kraka niður sólina (orðtak) Um róðrarlag; sveifla árinni óþarflega hátt uppúr sjó í róðri. Þykir hvorki fallett né skynsamlegt róðrarlag.

Kraki (n, kk) Akkeri að fornri gerð. Hann var þannig gerður að plankar voru negldir í kross og mynduðu flaugar. Af miðjum hverjum armi kom hallandi planki og mættust þeir í toppinn, þar sem í var fest stjórffærið. Inn á milli þeirra var grjótfarg. Einnig nefnt krossflaugastjóri. Ekki er vitað hvort slíkur kraki var notaður í Útvíkum, þó það sé líklegt; eða hvaða nöfn tengdust honum.

Krakkaangi / Krakkgrey / Krakakind / Krakkakvikindi / Krakkalóra / Krakkaormur / Krakkarófa / Krakkaræfill (n, hk) Gæluheiti um krakka. „Það er ekki hægt að ætlast til þess að krakkakvikindin hangi svona lengi í skólabílum“. „Krakkalórurnar eru loksins komnar í háttinn“. „Hvað skyldu krakkarófurnar hafa gert af stungurekinni“?

Krakkaskari / Krakkastóð (n, kk/hk) Barnahópur. „Ég ætla að klára að steikja kleinurnar áður en krakkaskarinn kemur inn“. „Þessir leikir voru leiknir í frímínútum í skólanum, en einnig kom krakkastóðið oft saman á sunnudögum til leikja“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Krakkaskömm (n, kvk) Skammarheiti á barni/unglingi. „Hvert fór krakkaskömmin með hamarinn“?!

Kramarhús (n, hk) Keiluform, t.d. úr pappír, sem rúllað er upp svo oddmjótt verði í annan enda en svert op í hinn. Úr þessu verður ílát sem t.d. var áður fest með hanka á jólatré og í það sett sælgæti .

Kramarmaður (n, kk) Sjúklingur; sá sem býr við kröm/veikindi. „Ég er nú ekki sá kramarmaður að ég geti ekki kastað í féð, þó maður sé með einhvern *pestarfjanda*“.

Krambúð (n, kvk) Verslun með fjölbreyttu vöruvali. Sumir álíta að kram tengist vefnaði fremur en öðrum söluvarningi, en fyrir því er enginn fótur.

Krambúlera (s) Skemma; aflaga; meiða. „Þú mátt skoða þetta ef þú passar að krambúlera það ekki neitt“.

Krambúleraður (l) Brákaður; brotinn; slasaður. „Karlinn er töluvert krambúleraður eftir slysið“.

Kraminn (l) Klesstur; marinn. „Ég sat þarna í klemmu á kirkjubekknunum; kraminn á milli tveggja boldangskerlinga og gat mig hvergi hreyft“.

Kramma og kreista (orðtak) Um blíðuhót; knúsa; faðma ákaft að sér.

Krampahrollur (n, kk) Skjálfti; hrollur. „Það setti að mér hálfgerðan krampahroll þegar ég kom inn úr kuldanum“.

Krampakippur / Krampateygja (n, kk/kvk) Ósjálfráður kippur. „Ég fæ stundum þessa krampakippi í hendina“. „Gættu þín á löppunum á nautinu; það geta enn komið krampateygjur í skrokkinn“.

Krampi (n, kk) Ósjálfráður samdráttur vöðva. „Syndið ekki langt út á vatnið strákar; það er ógaman að fá kannski krampa þegar komið er út á mikið dýpi“.

Kranakrans (n, kk) Handfang ofaná krana, til að skrúfa frá og fyrir vatn eða annað sem úr honum rennur.

Kranavatn (n, hk) Vatn sem kemur úr krana. „Það var ekki furða þó vélin þylði ekki frostið; þeir höfðu sett á hana blátært kranavatn án þess að setja í það frostlög“!

Krangalegur (l) Renglulega vaxinn; renglulegur; tággrannur; horaður. „Skelfing ertu alltaf krangalegur; færðu ekkert að éta“?

Krangfi (n, kk) A. Mjór háls á manni. Hafðu nú trefil um krangann ef þú ferð út“. B. Háls á fugli; hálsbiti. „Ketið af máfsunga er sælkeramatur; ekki síst af kranganum“.

Krani (n, kk) A. Lokubúnaður fyrir rennandi vökva. B. Hegri með vélbúnaði til að lyfta þungum hlutum.

Krankgjarn (l) Hætt við veikindum; sóttisækinn. „Hann sagðist vera orðinn svo krankgjarn í seinni tíð“.

Krankheit / Krankleiki (n, kk) Veila; veiki; bilun. „Einhver krankheit hafa hrjád hann að undanförmu“. „Ekki veit ég hvaða krankleiki er nú kominn upp í jeppanum“.

Krankur (l) Veikur; heilsulaus. „Mikið lítur hann illa út upp á síðkastið; skyldi hann vera eitthvað krankur“?

Krans (n, kk) Hringur; sveigur. „Afi gekk á eftir sláttuvélinni og sló toppa sem hún skildi stundum eftir; manirnar á skurðbökkunum og kransa kringum símastaurana sem greiðan náði ekki til. Honum ofbauð alveg að láta allar þessar slægjur fara til spillis“.

Kransæðakítta (n, hk) Nýyrði/slanguryrði um mat sem mikið er í af óhollum efnasamböndum sem valdið geta kransæðastíflu. „Það má víst ekki éta egginn lengur; nú eru þau sögð versta kransæðakítta sem fyrirfinnst“!

Krap (n, hk) *Krapi*. Orðið var ýmist notað í hvorugkyni eða karlkyni, en þó einkum kk áðurfyrr.

Krapa (s) Um vatn/sjór; verða krapkenndur; frjósa að hluta á yfirborði; *hlaupa í krap*. „Sjórinn krapaði í þessu beinfrosti, og móður myndaðist við fjörur svo af tók alla fjörubeit“.

Krapableyta (n, kvk) Blautt krap; mikil bleyta í snjó. „Gættu þín í lautinni; þar gæti verið krapableyta“.

Krapabólginn (l) Uppbólgin/stíflaður af krapa. „Gilið getur orðið krapabólgið í miklum leysingum, og jafnvel stíflast, svo það hlaupi heim yfir alla Flötina“.

Krapaelgur (n, kk) Vatnssósa krap, jafnvel með vatnsrennsli. „Gilið er nær ófær krapaelgur“.

Krapaflóð / Krapahlaup / Krapasull (n, hk) Agi/flaumur af krapa og vatni. „Það hljóp ansi mikið krapaflóð niður Árnateiginn“. „Það er árans krapasull á jörð, en féð kannski nær einhverju á þúfnakollunum“.

Krapahrið / Krapaslydda (n, kvk) *Slydduél*. „Bölvuð krapahrið er þetta; maður verður *innúr* að fara rétt á milli húsa“!

Krapalækur (n, kk) Lækur sem rennur um *krapaelg*. „Á leiðinni vfang ég skyndilega að ég stóð upp í mitti í krapalæk, og varð strax ísköld og blaut“ (Ólöf Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).

Krapaslabb / Krapasull / Krapavaðall (n, hk) Krapaelgur.

Krapastífla (n, kvk) Stífla af krapa. „Ég ætla að reyna að stinga gegnum krapastífluna í vatnsrásinni“.

Krapkenndur / Krapakenndur (l) Um snjó; svo frostlítill/blautur að nánast er krap; fremur blautur/linur. Sjá *hnoðsnjór/troðslusnjór*.

Krapi (n, kk) Krap. „Það er töluverður krapi á jörð“.

Krapphyrnd (l) Um hornalag á kind; með krappri sveigju. „Kreppa var áberandi krapphyrnd“.

Krappi (n, kk) Hluti í skipi; Vinkill úr öflugum tré sem annarsvegjar er hafður til styrkingar þar sem mætast kjölur og stefni, og hinsvegjar þar sem borðstokkar mætast við stefni. Krappi var gjarnan hafður úr völdum víði, helst úr rótarhnyðju, þar sem lega æðanna fylgir átaksstefnunni. Einnig var fremsta rúm í bát stundum nefnt krappi eða krapparúm, en oftast þó barki.

Krappur (l) Með þröngri sveigju / þröngu horni. „Fjarðarbáran getur orðið ansi k röpp og leiðinleg“.

Krappur sjór (orðtak) Mikill sjór/sjógangur með bröttum bárum og lítilli öldulengd. „Við lentum í *ansi hreint* kröppum sjó í röstinni“. „Úmsir krappan sækja sjá;/ sumir happi fagna./ Margur slappur þykir þá/ þegar kappann reynir á“ (JR; Rósarímur).

Krapsnjór (n, kk) Blautur snjór á jörð; krap.

Krassi (n, kk) A. Teinn/*kólfur* til að hlaða framhlaðning. B. Teinn til að hreinsa byssuhlaup. C. Teinn til að skjóta af *rófubysu*.

Kratabjálfi / Kratakvikindi (n, kk/hk) Niðrandi heiti á stuðningsmanni Alþýðuflokksins. Á síðari hluta 20. aldar, og e.t.v. lengur, voru bændur í Rauðasandshreppi *upp til hópa* framsóknarmenn; enda beitti sá flokkur sér mjög í þeirra hagsmunamálum. Undantekningar voru þó á þessu, og á sumum bæjum naut t.d. sjálfstæðisflokkurinn stuðnings. Fáir, ef nokkrir, studdu Alþýðuflokkinn í Rauðasandshreppi, en vitað var af einstaka manni í næstu byggðarlögum sem það gerði. Það töldu framsóknarmenn hina örgustu villutrú og *fundu* þeim flokki allt *til foráttu*; töldu jafnvel *ihaldsdindla* og *komma skömminni skárri*.

Kratasnepill (n, kk) Niðrandi heiti á Alþýðublaðinu, en það var oft efnislítið. Sjá *kratabjálfi* um viðhorfin.

Kratíska (n, kvk) Viðhorf sem framsóknarmenn, og e.t.v. fleiri, töldu túlka stefnu Alþýðuflokksins. Sú stefna var af framsóknarmönnum talin mjög fjandsamleg bændum, og lýsa litlum skilningi á búskap. „Vertu nú ekki að koma með einhverja bölvada kratísku“!

Krati (n, kk) Styttling á demókrati; maður sem styður hugsjónir jafnaðarmanna/demókrata/Alþýðuflokksins.

Krauma (s) Sjóða. „Ég lét ketið krauma dágóða stund í pottinum“.

Kraumgott (l) Mjög kjarnmikið/bragðsterkt. „Hún verður æði kraumgóð þessi ketsúpa“ Orðið heyrðist alloft í máli Kollsvíkinga. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Jón forni var furðu forvitinn á kveðskap sem hann kallaði kraumgóðar vísur, en það lýsingarorð kvaðst hann hafa lært af Vestfirðingunum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Krákuskel (n, kvk) *Kræklingsskel; kræklingur; bláskel*. „Það voru miklar hrannir af krákuskel í fjörunni“.

Krákustigar (n, kk, fto) Hlykkjótta leiðir. „Ég komst upp klettinn eftir miklum krákustígum“.

Krás (n, kvk) Veislumatur; mjög góður matur. „Svo settumst við að krásunum“.

- Kredda** (n, kvk) Kennisetning; umdeild kenning; trúarsetning. Stofnskyld „credo“ sem er latneskt heiti á trúarjátningunni.
- Kreddufastur / Kreddufullur** (l) Fastheldinn á sína trú; trúaður á kennisetningu/staðhæfingu. „Ég nenni ekki að rökræða við svona kreddufastan þverhaus; það er hreint ekki hægt“!
- Kreddukóngur / Kreddupostuli** (n, kk) Sá sem er mjög fastheldinn á sínar trúarsetningar/skoðanir, sem þykja kreddufullar. „Það er ekki *lifsins leið* að ræða nokkuð af viti við þann kreddupostula“!
- Krefja / Krefjast** (s) Heimta; biðja ákveðið. „Ég krafði hann um svör en fátt var um þau“. „Ólafur krafðist þess að jafnframt yrði skoðað féð á Stökkum, og var svo gert“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).
- Kreik** (n, hk) Hægur/rólegur gangur; róleg hreyfing. Nú eingöngu í orðtökum; *á kreiki; fara/komast á kreik*.
- Kreista** (s) Kremja; þrýsta þétt saman t.d. í hnefa/neip/fangi sér.
- Kreista** (n, kvk) Aumingi; lítið og vesælt. „Óttalegar kreistur eru þessi lömb; úr svona stórrí tvævetlu“.
- Kreista kjúkur** (orðtak) A. Nudda saman höndunum, annaðhvort í óróleika eða til að fá í þær hita. B. Kreppa hnefana í reiði. „Hann sagði ekki orð, en *hleypti brúnum* og kreisti kjúkur“.
- Kreistingur** (n, kk) Lítið/lélegt lamb; vesalingur; aumingi; aftanúrkreistingur. „Óttalegur kreistingur er þessi *hrútkægill*; en hann virðist ætla að *spjara sig furðanlega*“.
- Kremja** (s) Merja; þvinga saman. „Ég kramdi puttann á milli steina af tónum klaufaskap“.
- Krepja** (n, kvk) Krap; blautur snjór. „Billinn flýtur betur á snjónum eftir að komin er í hann dálítil krepja“.
- Krepja** (s) Um snjó; hlýna/þiðna svo að klessist. „Það var ólíkt betra göngufæri eftir að snjóinn krepjaði aðeins“.
- Krepja** (s) Lina frost í snjó; þiðna. „Færðin er mikið betri eftir að fór að krepja í þessu“.
- Krepjuél / Krepjuhríð / Krepjukafald** (n, hk/kvk) „Það var farið að hlýna í lofti, en þá skall yfir okkur ákaft krepjukafald, svo við urðum hundblautir inn að skinni á stuttum tíma“.
- Krepjusnjór** (n, kk) Krepja; fremur þýður snjór sem klessist. „Það er ágætt að aka í krepjusnjó; svo lengi sem hann verður ekki of þýður og hættir að halda bílnum á floti“.
- Kreppa** (n, kvk) A. Aðhald; þrenging. „Ég er kominn í hálfgerða kreppu með þetta verk“. B. Slæmt efnahagsástand. „Eftir bankahrunið spáðu margir langvarandi kreppu, sem þó ekki varð“.
- Kreppa að** (orðtak) Þrengja að. „Hann var ekki á því að gefast upp þó nokkuð kreppti að“.
- Kriki** (n, kk) Vik; skot; lokaður dalur. „Þarna í krikanum er haglendi með besta móti“. T.d. *handarkriki*.
- Krikkja** (n, kvk) A. Trjárót; sveigður rótarhluti. B. Hælkrappi; stykki sem festir og styrkir samskeyti kjalar og stefnis á báti. Oft smíðað úr sveigðri trjárót til að fá góðan styrk.
- Krimta** (s) Hlægja lágt og niðri sig; umla. „Það krimti dálítið í karlinum þegar hann sagði frá þessu“.
- Kringilfættur** (l) Hjólbeinóttur. „Það háði honum nokkuð til gangs hvð hann var kringilfættur“.
- Kringla** (n, kvk) Það sem kringlótt er, og tiltölulega flatt. B. *Haldabrauð*; sérstök brauðtegund, í laginu annaðhvort sem hringur eða lík gleraugum. Nafnið er dregið af erlendum stofni.
- Kringluhaus** (n, kk) Algengasta verkunaraðferð þorskhausa var að herða þá sem kringluhausa (sjá *þorskhaus*).
- Kringluleitur** (l) Með nær kringlótt andlit.
- Kringlumjólk / Kringlusúpa** (n, kvk) Súpa sem gerð er með því að sjóða krinlur uppúr mjólk. Nokkuð algengur matur í Barnaskólanum í Örlýgshöfn á fyrstu árum hans í Fagrahvammi.
- Kringum** (fs) Umhverfis. „Hnísurar léku sér allt í kringum bátinn“. B. Um það bil; hérumbil. „Þetta eru eitthvað í kringum hundrað kíló“.
- Kringumstæður** (n, kvk, fto) Aðstæður; ástand; staða mála. „Það var lítið annað að gera við þessar kringumstæður en biða eftir að veðrið lagaðist“.
- Kristalgljáandi** (l) Mjög gljáandi/skinandi. „Sum jakabrotin sem rak á fjöruna voru gegnsæ og kristalgljáandi“.
- Kristaltær** (l) Alveg tær/hreinn/glær. „Viða sprettur kristaltært vatn úr jörð í Kollsvíkinni, t.d. í Kaldabrunni á Láganúpi og Gvendarbrunni í Kollsvík“.
- Kristfjárjörð** (n, kvk) Jörð sem gefin er Jesú Kristi, í þeim tilgangi að arður hennar renni til framfærslu fátækra og sjúkra. Nokkuð var um slíkar gjafir á kaþólskum tímum, en umboðsmenn Jesú hérlendis; prestar, klaustur og biskupar, fóru með ráðstöfun og umsjón jarðanna. Fljótlega fóru gjafirnar að miða við framfærslu

gefandans. Kóngur sölsaði undir sig þessar eignir um siðaskiptin, en lét margar þeirra aftur til kirkjunnar. Til skamms tíma voru nokkrar kristfjárjarðir til á Íslandi; allar undir stjórn sveitarfélaga.

Kristilega (ao) Rétt; eðlilega; tilhlýðilega. „Það var hlutverk formanns að gæta þess að sjóferðibænin væri kristilega beðin áður en lagt var frá landi“.

Kristilegur (l) Eðlilegur; tilhlýðilegur. „Ég var að koma úr moldarvinnunni og er kannski ekki alveg kristilegur til að setjast við veisluborð“. „Ekki var það kristilegur munnsöfnuður sem þá heyrðist“.

Kristilegt athæfi (orðtak) Siðlegt/ við hæfi að gera. Oftast notað með neitun, um vafasamar tiltektir/aðferðir. „Það er kannski ekki kristilegt athæfi að setja afolíu á vélina, en hún verðu nú bara að þola það þangað til ég sæki nýja á Gjöggra á morgun“.

Kristilegur tími / ókristilegur tími (orðtök) Viðeigandi/háttvís tími. „Ég kann nú betur við að vera á kristilegum tíma þegar ég fer í heimsókn á aðra bæi“. „Hann ræsti alla á bænnum á ókristilegum tíma“.

Kristindómur (n, kk) Kristin trú; kristinn siður; kristnihald. „Kristindómurinn hefur kannski alltaf verið mismunandi alvarlega tekinn eftir landshlutum, en fullyrða má að honum hefur hrakað mjög í senni tíð“.

Kristinn kjammi / Heiðinn kjammi Nöfn sem Útvíknamenn notuðu á hlutum flyðruhauss eftir að hann hafði verið klofinn upp. „Eftir að flyðruhausinn hafði verið klofinn upp voru höfuðkinnar nefndir *kjammur* eða *vangar*. Í Vestmannaeyjum var svarta kinnin nefnd *dráttarkinn* en sú hvíta *ífarukinn*. Í verstöðvum í nánd við Látrabjarg kallaðist hvíta kinnin heiðinn kjammi en sú svarta kristinn kjammi. Mikill matur var í höfuðkinnum af stórum flyðrum og þær voru því taldar afbragðs *beinfeiti*. Oftast voru þær soðnar nýjar; einnig *visaðar* eða *saltaðar*“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: Guðbj.Guðbjartsson Lágnúpi).

Kristna (s) A. Snúa til kristni. B. Ferma. C. Sannfæra; fá einhvern á ákveðna skoðun. „Ekki verit ég hvort þessum allaböllum tókst að kristna hann“. Heyrðist mest notað þannig í seinni tíð.

Kristniboð / Kristniboði (n, hk/kk) Það að boða þeim kristna trú sem ekki höfðu hana áður, og sá sem það gerir. Fyrstu kristniboðarnir sem sendir eru til Íslands eru óumdeilanlega Örlygur Hrapppsson og Kollur fóstbróðir hans, sem stunduðu nám við Kólumbusarklaustrið á Iona í Suðureyjum. Segir í Landnámu að þá hafi langað til Íslands en Patrekur lærifaðir þeirra sagði þeim til vegar; að þeir skyldu reisa kirkju á Kjalarnesi, sem þá var eflaust orðið nokkuð fjölmennt. Biskup hafi síðan látið þeim í té kirjuvið og messugögn. Hrakningar við Íslandsstrendur ollu því að Örlygur hafði vetursetu í Örlygshöfn áður en hann hélt suður og byggði fyrirhugaða kirkju að Esjubergi; en Kollur braut skip sitt í Kollsvík. Þó þess sé ekki getið beint í heimildum er líklegt að hann hafi byggt hina fyrstu kirkju á landnámsjörð sinni, Kollsvík. Til þess bendir m.a. heitið Kirkjuból (sjá *kirjuból* og *kirka*). Þeirri sögufölsun hefur verið haldið að skólabörnum og öðrum að fyrstu kristniboðarnir hafi verið aðrir, og eru þar nefndir m.a. Þorvaldur víðförli, Stefnir Þorgilsson, Þangbrandur og fleiri. Ekki er ljós tilgangurinn með slíkum þvættingi. Landnáma er *óljúgfróð* í þessum efnun.

Kristnihald (n, hk) Ástundun kristinna helgisiða og kristinnar trúar. Ekki er annað að sjá af heimildum en kristnihald í Kollsvík og öðrum Útvíkum hafi verið stundað með svipuðum hætti og annarsstaðar gerðist í gegnum tíðina. Enda gekk kirkjuvaldið mjög ríkt eftir því á meðan það hafði tögl og hagldir í landinu og gat notað refsivöndinn. Fram 20. öld paufuðust menn til kirkju um langan veg í misjöfnum veðrum; héldu hvíldardag heilagan þó annir væru miklar; lásu húslestra og bænir hvert kvöld og bænuðu sig fyrir sjóferðir, bjargferðir og önnur ferðalög. Eldra fólk, ekki sist kvenfólk, á síðari hluta 20. aldar var mjög trúað. Að hinu má leiða líkum, að vermannalífið hafi ekki alltaf verið mjög hliðhollt kristindómnum. Enda bera sögur þess tíðum vitni. Þar var líklega meira notað af ókristilegum munnsöfnuði, og ekki greinir frá húslestrum í verum. Það má því e.t.v. að jafnaði telja að útgerðarstaðir fyrri tíðar hafi verið fjarlægari kristindómnum en landluktur byggðir; ekki sist staðir sem voru jafn fjarri biskupsstólum og Kollsvík. Víst er um það að enn lifir þar dagóður orðaforði kenndur við hinn svarta sjálfan, eins og víða má sjá í þessari skrá.

Kristnitaka (n, kvk) Almennur snúningur fólks frá heiðni til kristinnar trúar. Ekki er núna vitað með vissu hvernig kristnitakan árið 1000 var innleidd í Kollsvík, fremur en annarsstaðar. Áhugavert er þó að velja því fyrir sér hvort Kollsvíkingar urðu ekki fyrri til en meirihluti landsmanna í þessari trúarbyltingu. Landnáma greinir frá því að fóstbræðurnir Kollur og Örlygur komu til landsins að ráði Suðureyjabiskups til trúboðs, og höfðu með sér kirkjuvið. Örlygur byggði fyrstu kirkjuna að Esjubergi. Kollur lenti í skipbroti í Kollsvík, og kann einnig að hafa byggt kirkju þar; af þeim viðum sem í hans skipi voru. Hann hefur eflaust haft kristna trú í heiðri; svo og hans afkomendur þar. Því kann að vera að aldrei hafi verið stundaður heiðinn siður í Kollsvík, heldur hafi þar rekið á land kristna trú með skipbrotsmanninum og trúboðanum Kollu. Gegn þessu má tefla því að munnmæli telja Koll heygðan á Blakknesnibbu; en þá skal í huga haft að kristnir menn héldu í heiðri marga fyrri siði. Af Blakknesnibbu sést ekki einungis til Biskupsþúfu, þar sem vopn hans og gersemar eiga að vera fölgna; heldur einnig til kirkjustæðisins í Kollsvík, þar sem hann kann að hafa reist fyrstu kirkju landsins.

Kría (n, kvk) A. *Sterna paradisaea*. Fugl af þernuætt; fremur lítil eða um 38 cm að lengd og 100g að þyngd; hvít á kviði og stéli og undir væng; grá á baki og ofaná vængjum; með svartan koll og svarta vængbrodda; rauða fætur og rautt nef á sumrin (svart nef á veturna). Stélið er mjög klofið og vængir langir og hvassyddir, enda er krían rennileg og snör á flugi. Hún er síkvik og situr ekki lengi á sama stað; er af því dregið líkingin; „*eins og kría sest á stein*“. Krían er algengur varpfugl víða við sjó á Íslandi og verpir þá í þéttum vörpum, sem hún ver af miklu harðfylgi. Bæði ránfuglar sem skepnur og menn fá þá að kenna á oddhvössum goggi hennar, og njóta aðrir varpfuglar í grenndinni góðs af vörnum kríunnar. Egginn eru 1-2 í hreiðri, stundum 3, og útungunartíminn er um 16 dagar. Ungar verða fleygir á 3-4 vikum, en meðan þeir vaxa halda þeir sig gjarna nærri hreiðrinu og foreldrarir færa þeim síli að éta. Fæða kríunnar er mestmegnis síli; einkum sandsíli, og sveiflast varp hennar og viðkoma nokkuð með aðgengi að því. Krían er farfugl, og talin langfleygasti fugl veraldar. Vetursetustöðvar hennar eru á suðurhluta Afríku og S-Ameríku, og á farfluginu flýgur hún um 300 km á dag.

Krían hefur verið fastur varpfugl í Kollsvík, eins og víðar við sjó í Rauðasandshreppi. Oft hafa verið tvær varpstöðvar í Kollsvík; sú stærri á Fitinni ofan Grunda og uppeftir Ytra-Gili og Þórarinsmógröfum, en sú minni á Náttmálaholtinu í Kollsvík. Á síðari áratugum hefur varpið átt erfitt uppráttar, og í sumum árum mistekist alveg. Veldur því annarsvegar að göngur sandsíla við landið hafa brugðist, og hafa aðrir sjófuglar líðið fyrir það, s.s. lundinn. Hinsvegar hefur uppgangur minks og tófu orðið skefjalaus í seinni tíð; með minni áherslu á veiði þeirra og minnkandi búsetu á svæðinu. Greinilegt er að krían sækir nokkuð í að hafa varp sitt nærri mannabyggð; engu líkara en hún sjái í því vernd manna og hunda gegn ásókn minks og tófu. Meðan kríuvarp var með mestum blóma var eitthvað tint af kríueggjum til matar, en þó meira til gamans og tilbreytni en þarfa; enda eru kríuegg matarlítill miðað við tiltæk egg múkka og svartfugls. Helst fóru krakkar í kríueggjaleit; oft búnir prikum og hjálmum til varnar og með litlar kríueggjafötur. Sumir átu þá egginn með skurninni, og þótti ekki taka því að *leggja verk uppá að afskurma*. Kríuvarp getur þó verið til ama þegar það er í túnum, þar sem sláttur drepur eða slasar unga og brýtur egg. Er því hyllost til að slá þau tún síðar, til að spilla ekki fyrir fuglinum.

B. Stuttur *blindur*; lúr. „Hann fékk sér stundum kríu eftir hádegið og hresstist mikið við það“.

Kría út (orðtak) Fá með fortölum; *særa út*. „Nauðsynjar úr búð voru keyptar fyrir veturinn, en sumir höfðu ekki efni á því og urðu að kría út lán þegar komið var fram á vetur“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Krili (n, hk) A. Smábarn. „Litla krilið svaf vært í vöggú sinni“. B. Hvaðeina sem er mjög lítið; „Þú rærð ekki djúpt á þessu krili“! C. Rauðáta; smávaxin sviflæg krabbadýr sem eru mikilvæg undirstöðufæða margra fiska og hvala.

Krímóttur / Krímugur (l) A. Með klakabrynju framan í sér eða í skeggi. B. Krímótt er litur á fê; dökkdílótt í framan, en það gat einnig orðið krímótt í framan af snjó og klaka ef það var úti í hriðarbyl og frosti.

Krímugur (l) Skítugur í framan; *skáldaður* af skít. „Þeir voru krímugir í framan og moldugir uppfyrir haus þegar þeir komu heim úr *pælunni*“.

Krípur (n, kk) *Krossflaugadreki*; algengur stjóri á bátum í Kollsvík þar til patentakkeri komu til.

Krípurnhakk (n, kk) Aftari/neðri endi á kríp. Á krípurnhakkann var stundum bundið færi, og við það fest flot/dufl. Var hægara að losa krípurninn úr botni með því að draga það færi samhliða festinni.

Krít (n, kvk) A. Hvítt kalkstykki sem notað er til að skrifa/merkja með. Einnig notað um rauða millibergið sem víða finnst, t.d. í Kollsvík, enda má vel kríta með því. B. Skuld. Orðið er leitt af því að kaupmaður merkti stundum við hjá sér með krít þegar einhver tók út vörur í skuld. Sjá *uppá krít*. C. Tímabil í lífssögu jarðar; krítartímabilið sem tók við af júrátímabilinu.

Kríta (s) Merkja með krít/lit/túss; *litamerkja*. Einkum átt við að merkja *líflömb* til ásetnings eða *gamalær/afsláttarkindur* til slátrunar.

Kríta liðugt (ortak) Ljúga; skreyta frásögn með hálsannleika. „Honum hættir dálítið til að kríta liðugt“.

Krítarpípa (n, kvk) Reykjarpípa gerð úr krítarsteini/ mjúkum tálgesteini. Brot úr krítarpípu fannst við fornleifauppgröft í Grundabökkum árið 2012 (Ragnar Edvardsson fornfræðingur); talin frá 16. öld.

Krítisera (s) Gagnrýna; setja útá. „Ekki hef ég nein efni á að krítisera þetta hjá þér“. Úr t.d. ensku; criticize.

Kríublundur (n, kk) Örstuttur svefn. Vísar til þess að krían er talin sofa mjög stutt í einu og er síkvik. „Ég fékk mér smá kríublund eftir matinn“.

Kríuger (n, hk) Mikill fjöldi af kríum á litlu svæði. „Mér sýnist á kríugerinu að þarna gæti tófa verið á ferð“.

Kríulöpp (n, kvk) A. Fótur á kríu. B. Í líkingamáli; *bremisufar*; gæluorð um það þegar einhver *gerir* lítilliga í *buxurnar/ skítur á sig*. Stundum notað í stríðnistón þegar einhver hefur rekið hraustlega við; tekið hraustlega á eða orðið mjög hræddur. „Nú gæti ég trúað að hafi komið kríulöpp“!

Kríuvarp hefur verið í Kollsvík frá öndverðu, þó misjafnlega hafi það gengið. Tvö varpsvæði eru oft; annað í Kollsvíkurlandi, oftast á Náttmálaholtinu; hitt Láganúpsmegin var mjög breytilegt. Stundum er það á Grundatúni; stundum á Fitinni; Brunnsbrekku; Ytragili eða Gróumel.

Krjúfa til mergjar (orðtak) Rökræða; ræða til hlítar; komast að niðurstöðu. „Svo var á þessum málfundum pólitíkin krufin til mergjar“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Krjúpa (s) A. Leggjast niður á hnjé. „Ég kraup niður og reimaði skóinn“. B. Sýna lotningu með því að leggjast á hné. „Þau krupu við grátturnar og meðtöku *sakramentið*“. Sjá einnig *knékrjúpa*.

Krof (n, hk) Afturhluti af ketskrokk; lærin samhangandi ásamt hrygg og 2-4 öftustu rifjunum. „Tekið var í reyk helst geldfé; gjarnan valið vænt fé. Tekin voru krof af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftan við bógana og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Krofré (n, hk) Spýta sem rekin er í gegnum og milli hæklna á *krofi*, sem síðan er hengt upp á rá til reykingar, og liggur þá krofréð á ránni.

Kropp (n, hk) A. Nart (í mat/fæði/fóður/gras). „Það eru víða jarðbönn, en ég gæti trúað að féð fengi helst eitthvað kropp hér frammi á Foldunum“. „Vertu nú ekki að þessu kroppi í hryggjarliðinn; fáðu þér annan bita“. B. Lítil afli/fengur. „Hann var asskoti tregur í dag; við fengum smávegis kropp hér suðurundir Röstinni“. „Hann nurlaði í kýrfóðrið með þessu kroppi“.

Kroppa (s) A. Narta. „Hrafninn hafði kroppað úr henni augað þegar að var komið“. B. Slá. „Afi var furðu *naskur* að kroppa þarna í Urðunum, og ekki man ég til þess að egg hafi nokkurntíma *numið við stein*“. C. Veiða. „Eitthvað hafa þeir verið að kroppa hér á víkinn síðustu dagana“.

Kroppa til þrifa (orðtak) *Vinna vel að beinum*; nýta mat sinn vel, einkum með því að kroppa hverja einustu tutlu af beinum t.d. með vasahníf. „Skömm er að sjá hvernig þú *gengur að matnum* drengur! Hana; láttu mig sjá beinið; ég skal sýna þér hvernig á að kroppa það til þrifa“! Sjá *éta til þrifa*.

Kroppbeit / Kroppjörð (n, kvk) Kropp; lítilsháttar bithagi. „Víða er kroppbeit uppi á heiðunum, þó þar sé bert yfir að líta“. „Vísaðu fénu hér fram á Foldin; þar gæti helst verið einhver kroppjörð í þessum klamma“.

Kroppur (n, kk) Líkami. „Asskoti gerir það gott í kroppinn að fá ný múkkaegg“!

Kross (n, kk) A. Kristið tákn, sem sagt er byggja á því að Kristur hafi verið deyddur á krossi; lóðrétt slá/strik með styttri slá/striki þversum ofan miðju. B. X. Merki með tveimur strikum sem mynda um 90° horn hvort við annað. Kross með skástriku er notaður til ýmiskonar merkinga, t.d. við nafn/framboðslista í kosningum. C. Þyngsli; byrði. Vísar e.t.v. til hins þunga kross Krists, en sagt er að hann hafi þurft að bera hann sjálfur til krossfestingarinnar. Af því er dregið heitið *húskross*. „Þetta varð honum þungur kross“.

Krossa (s) A. Gera krossmark; signa „Síðan gengu viðstaddir hjá kistunni og krossuðu yfir hana“. Hjátrúin segir að það geti veitt töluverða vörn gegn draugum og árum að krossa dyr eftir að þeim hefur verið lokað. B. Veita fálkaorðu eða annað heiðursmerki með krossmarki. Síðari tíma tal.

Krossa sig (orðtak) Signa sig; gera krossmark fyrir sér með hægri hönd. Signing byrjar með því að enni er snert með fingurgómum og sagt „Í nafni guðs föður“; síðan brjóst og sagt „sonar“ og síðan er hönd hreyfð frá vinstri til hægri þvert á þessa ímynduðu línu, og sagt „og heilags anda“. Oftast fylgir „amen“ á eftir. Menn krossuðu/signdu sig við ýmis tækifæri meðan trúarhiti var meiri í landinu en nú er; t.d. áður en haldið var á sjó eða í langferð eða bjargsig. Einnig að morgni; fyrir máltíðir og fyrir svefn.

Krossa sig í bak og fyrir (orðtak) Sverja af sér; sverja og sárt við leggja; verða mikið um atvik/frétt. „Hún krossaði sig í bak og fyrir og sagðist ekkert hafa heyrt af þessu“.

Krossband (n, hk) A. Band sem bundið er utanum hlut þannig að liggur í kross á einum eða tveimur stöðum. Krossband tíðkaðist mjög sem frágangur á póstsendingum áður fyrr. B. Sinar í liðamótum, t.d. í hné.

Krossberi (n, kk) A. Annað heiti á Jesú Kristi; sá sem ber krossinn. B. Sá sem á bágt, og hefur því mikla erfiðleika að kljást við. „Það er nú ekki meira leggjandi á hann; þennan vesalings krossbera“.

Krossbinda (s) Binda þannig utanum hlut að böndin liggi í kross á tveimur gagnstæðum stöðum. Þannig var t.d. oft bundið á akkerissteina, netasteina o.fl.

Krossbit (l) Steinhissa; brugðið. Ég er nú alveg krossbit yfir þessari uppákomu“!

Krossbundinn (l) Það sem búið er að *krossbinda*. „Þessir steinar voru krossbundnir í endann á landtóginu...“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67).

Krossbölva (s) Blóta samvinnuð/ljótt og af krafti. „Gunnssi krossbölvaði þegar hann sá steypuna í hjólbörunum og lét svo grjóttinu rigna yfir þá sem stóðu við hrærivélina“.

Krossfiskur (n, kk) Asteroidea. Stjörmulaga sjávardýr af fylkingu skrápdyra. Rándýr sem nærast að mestu á botnföstum hryggleysingjum, þ.e. skelfiski. Þeir finnast í mörgum tegundum sem eru með mismunandi

marga arma, þó oftast fimm; oftast rauðleitir eða gulleitir. Fjölgun getur bæði verið með kynæxlun og kynlausri æxlun. Í heiminum eru þekktar um 2000 tegundir krossfiska; allt frá grunnsævi niður að 6 km dýpi. Helstu líffæri eru í miðparti líkamans, en í hverjum armi er hol sem inniheldur meltingarkyrtla og kynkirtla. Ljósæmur augnblettur er á enda hvers arms. Krossfiskar geta hreyft sig hægt með örmunum, en í þeim eru hólf sem fiskurinn fyllir eða tæmir til að stýra hreyfingum. Á örmunum eru sogskálar. Krossfiskar hafa einstaka hæfileika til að endurnýja líkama sinn. Ef armur er skorinn af getur annar vaxið í staðinn, auk þess sem sá afskorni getur orðið að öðrum krossfiski. Þeir geta hvolfst út hluta magans þegar þeir nærast. Þeir eru snillingar í að opna skeljar með því að soga armana fasta við hvorn skelhelming og þvinga skelfiskinn til að opna þegar vöðvi hans þreytist.

Krossfiskur er algengur við Ísland. Engar nýttjar hafa veirið af honum, en hann kemur oft upp t.d. í netum; einkum þar sem hræ hafa byrjað að rotna.

Krossflaugadreki (n, kk) *Krípur*; dreki/stjóri með fjórum flaugum. Notaður á bátum í Kollsvík og víðar. Orðabækur gefa upp „krossflaugastjóra“ o.fl. en þetta heiti var algengast í Kollsvík.

Krossfletta (s) Um sögun bolviðar; fletta trénu fyrst eftir miðju og svo aftur þvert á fyrri flettinguna; þannig að úr fáiast fjórir svipaðir flettingar, þríhyrindir í þverskurð.

Krossflettingur (n, kk) Flettingur úr trjábol sem *krossflett* hefur verið.

Krossgötur (n, kvk, fto) Þar sem vegir/götur skerast. „Þar komum við á krossgötur sem koma þvert á okkar leið“ (IG; Sagt til vegar II).

Krosskönguló (n, kvk) Araneidae; ætt algengra köngulóa á Íslandi en hérlendis finnast af henni 5 tegundir; hin eiginlega krosskönguló, skartkönguló, sveipkönguló og maurkönguló. Krossköngulóin (*Araneus diadematus*) er með ljósbrúnan frambol, oftast með þremur dökkum langrákum og ljósbrúnan afturbol með hvíta bletti sem mynda kross. Hún er vefkönguló og spinnur gjarnan hjóllaga vef í klettasprungur, holur og víðar, og situr vanalega einhversstaðar í honum og hefur auga með veiðiskapnum. Ógæfumerki þykir að skemma vefinn og var börnum í Kollsvík ætíð kennt að bera virðingu fyrir köngulónni og vef hennar. Á skjólsælum stöðum, t.d. á Hnífaflögu og Grófum, má að sumarlagi sjá stórfelldan veiðiskap krossköngulóa; vef í nánast hverri glufu. Krosskönguló getur bitið í gegnum húð á manni, en það er óalgengt.

Krossleggja barkann (orðtak) Leggja árar og/eða mastur í kross yfir barka báts. „Í Útvikum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. Árar voru *lagðar til lags*; blöð *andófsára* lágu fram á *söx* en blöð *miðskips-* og *austurúmsára* aftur. *Mastur* og *segl* lágu þannig að *masturstoppur* nam við *hnýfil*, en *masturshæll* við *kollharð* á *miðskipsþóftu bakborðsmegin*. Aldrei mátti krossleggja barkann, sem kallað var; láta árar og mastur liggja í kross hvað ofan á öðru fram í barka“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Krossmark (n, hk) Kross; teikning/eftirmynd af krossi. Skrásetjari þessa orðasafns fann, um árið 1969, lítinn stein úr sandsteini, við kartöflupptöku stutt framanvið gamla bæjarhólinn á Láganúpi; uppi undir litlum hól sem þar er. Steinninn er greinilega brotinn, en á honum er kross á annarri hliðinni, en kringla með krossmarki á hinni; líklega keltnesku. Steinninn gaf ÖG til Þjóðminjasafnsins, og þar er hann skráður sem steypumót. Ekkert verður þó sagt með vissu um notkun hans eða aldur. Sé um keltneskan kross að ræða gæti steinninn verið mjög gamall. Upp í hugann koma hugleiðingar um papa, sem að sögn Landnámu voru hér þegar landnámsmenn bar að garði. Einnig má hafa hugfast að Kollur og Örlygur voru á trúboðsskóla á Suðureyjum, og voru líklega í trúboðsleiðangri þegar þeir hróktust á þessar slóðir. Papar og Kollur höfðu keltneska krossa um hönd. Hafi Kollur byggt fyrstu kirkju landsins í Kollsvík, sem ekki er óhugsandi, má ætla að þangað hafi komið skipverjar hans, sem sumir námu land í Rauðasandshreppi og Tálknafirði. Menn kunna að hafa tálgað sér krossa með hinu helga krossmarki.

Annað má hafa íhuga: Hafi Kollur reist sér kirkju í Kollsvík, má ætla að þar hafi hann einnig reist kross; þá líklega keltneskan. Ekki er ólíklegt að sá kross hafi staðið beint vestur af kirkjudyrum; á steini þar í túninu, 60m frá kirkjuhólum, sem Biskupsþúfa nefnist. Á steininum var nokkur bannhelgi, og segja munnmæli að við hann hafi Kollur grafið vopn sín og fjársjóði. Munnmælin segja einnig að steinninn beri nafn af því að þar hafi Guðmundur biskup góði áð (messað) á leið sinni til vígslu Gvendarbrunnisins stuttu norðar. En hlaut steinninn e.t.v. nafn sitt mun fyrir? Gæti hann ekki hafa heitið í höfuð Patreki Suðureyjabiskupi, sem gerði Koll og Örlyg út með kirkjuvið og vegvísa til að kristna landið? Hafi þar staðið krossmark, sér þess engan stað í dag; ekki fremur en annars sem á Koll minnir, að frátöldu lágrestu Kollsleiðinu fremst á Blakknesnibbu. Víst er um það að Kollsvíkurbærinn nefndist um langan aldur Kirkjuból, og að þar var lengi hálfkirkja í kaþólskum sið, þar sem leyfð var greftrun.

Karl Sigurbjörnsson biskup segir í Mbl í jan 1998: „Keltneski krossinn hefur frá fornu fari verið notaður sem verndartákn á Írlandi og Skotlandi. Hann var reistur á stöðum þar sem óhöpp hafa orðið og/eða við inngang að bæjum og þorpum. Þá hefur hann upphaflega verið yfirlýsing um að þarna búi kristið fólk“. Krossmark Kolls á Biskupsþúfu hefði blasað vel við frá sjó; reist í þakkarskyni við Patrek biskup og fyrir giftusamlega björgun Kolls úr fyrsta sjóslysinu við Íslandsstrendur; skipbrotinu á Arnarboða.

Krossmessa (n, kvk) Krossmessur voru tvær árlega í pápískunni. Hin fyrri er 3.mái; í minningu þess er kross Krists var fundinn árið 326. Sú krossmessa var einn af mestu átrúnaðardögum varðandi veðurfar. „Ætli hann breyti nú ekki um Krossmessuna“. Hin var „krossmessa á hausti“ 14. september, í minningu þess að Heraklús keisari vann Jerúsalem og *paufaðist* með krossinn upp á Golgata.

Krosssaumsmynd (n, kvk) Mynd, saumuð út með krosssaumi. „Hinsvegar er til smáklútur sem amma mín saumaði í stafi og kynjadýr með krosssaum en hún var orðin fullorðin þegar hún var að æfa sig í þessu. ... Mér finnst bera meira á krosssaumsmyndum en áður var, og ég held að þar spili nokkuð inn í að húsmæðraskólar hafa verið lagðir niður“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Krosssprunginn (l) Sprunginn í kross. „Í frosthörkunum voru víða krosssprungnir klakabólstrar á Mýrunum“.

Krosstré (n, hk) Líklega er hér átt við trékross eða við úr krossi. Orðið er ekki notað í seinni tíð nema í orðatiltækinu *svo bregðast krosstré sem önnur tré*. Orðið kann þó að tákna hið sama og krosssperra, sem er sperra á toppmynduðu þaki, s.s. á kirkju; enda voru krosssperrur mjög notaðar í kirkjuturnum og hvelfingar. Ellegar hvað annað tré sem mislagt er til styrkingar.

Krossviður (n, kk) Viðarplata sem er samsett úr mörgum þunnum samlímdum viðarplötum, þar sem æðar liggja á víxl þversum og langsum. Krossviður er því mjög sterkur miðað við þykktina og annan við.

Kró (n, kvk) Tvenn merking. A. Stía í fjárhúsi, t.d. hrútakró; lambakró. B. Fiskistía í veri, en í þær var fiskurinn saltaður. „Við Syðrilækinn sunnanverðan voru ruðningar þar sem gert var að fiski og fiskkrær stóðu sem fiskurinn var saltaður í... Meðfram Búðarlæknum áttu allt að 14 skipshafnir ruðninga sína og nokkrar þær efstu áttu yfirbyggðar söltunarkrær; voru það einkum heimamenn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Lækur rann við endann á ruðningnum. Hann var stíflaður með hellu og flatti fiskurinn látinn detta af borðinu í stífluna. Þar taka strákar til við að þvo hann og koma inn í kró sem stóð hinumegin við lækinn. Þar er hann saltaður í stæður sem er umstaflað eftir 3-4 daga. Í þeim stóð fiskurinn þar til hann var vaskaður og þurrkaður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Króa af / Króa inni (orðtök) Loka af; mynda aðhald/hindrun/vegg utanum; ná í aðhald. Orðið króa heyrir líklega eingöngu í þessum orðtökum nú, en var notað sérstætt áður, m.a. þegar gerðar voru stíur um fénað í fjárhúsum. „Ég náði að króa lambið af uppi við klettinn og marka það“. „Tófan var þarna króuð inni og komst hvergi“.

Krógi (n, kk) Krakki; barn (niðrandi merking). „...Öðrum krógum gaf hann grút / gæi hann þeim að éta“ (GÖ; Hlekkir hugarfarsins).

Krókagötur / Krókavegur (n, kvk, fto/kk) Krákustígur; hlykkjött gata; vegur sem liggur í mörgum sniðum í brekku. „Vegurinn liggur í krókagötum upp Vörðubrekku“.

Krókaleið (n, kvk) Krókagata; hlykkjött leið. Nær eingöngu í orðtakinu „fara krókaleiðir að“.

Krókalítill (l) Um leið; tiltölulega bein; án verulegra króka. „Á þessum kafla er vegurinn nánast *brekkulaus* og krókalítill“.

Krókapar (n, hk) Tveir krókar á gagnstæðum stykkjum, t.d. klæðnaðar, til að krækja saman. Krókapör voru notuð áður en tölur og rennilásar leystu þau af hólmi. Sjást enn, einkum í upphlut þjóðbúninga.

Krókbekkur (n, kk) Bekkur fremst í kirkju, við kirkjudyr. Í hinum litlu torfkirkjum hefur hann líklega stundum verið lítið annað en fjöl sem felld var í hornið. Þar sat flökkufólk og aðrir sem minnstrar virðingar nutu.

Krókboginn (l) Boginn í sveig/krók. „Krókboginn stafinn notaði hann til að ná lömbunum“.

Krókfaldur (n, kk) Höfuðbúnaður kvenna, sem einkum var notaður við faldbúninginn, frá shl 17.aldar fram á þá 18. Vafinn úr nokkrum tröfum þannig að hann mjókkaði upp og beygðist fram. Síðar var hann tekinn upp í nokkuð breyttri mynd og notaður við skautbúning Sigurðar Guðmundssonar.

Krókhaki (n, kk) Haki; stöng með járnkrók á enda. Notuð til sjós til að ná fiski sem laus er á línu eða dottið hefur af; og til að krækja í dufl og fleira. Stöngin oft úr bambus áðurfyrr, en nú oft úr áli.

Krókhyrnd (l) Um hornalag á sauðfé; með horn sem hafa áberandi krappa beygju í endann.

Krókloppinn (l) Loppinn; með fingur herpta úr kulda. „Ég varð að snúa myndavélinni við; krókloppinn á fingrunum varð ég að reyna að hitta á tippið“ (Óskar Gíslason kvikm.gerðarmaður um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg). „... enda var hann krókloppinn og skjálfandi eins og fleiri“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Krókna úr kulda (orðtak) Í bókstaflegri merkingu þýðir það að frjósa í hel, en var hinsvegar mest notað í líkingamáli: „Ég er alveg að krókna úr kulda“.

Krókóttur (l) Sem liggur í hlykkjum/beygjum/krókum; sem ekki er nokkuð beinn. „Vegur um Fjörurnar er nokkuð krókóttur, og þykir sumum óvönnum hann glæfralegur“.

- Krókstafur** (n, kk) Göngustafur sem boginn er í enda, þannig að þar myndast þægilegt handfang. „Á seinni árum sínum gekk afi við tvo krókstafi úr tré. Til spari hafði hann svartan staf, silfurbúinn og áletraðan“.
- Krókstjaki** (n, kk) Löng stöng, oft úr bambus, með krók/krókum á enda, sem notuð er til að krækja í eitthvað. Notuð m.a. til að ná baujum af sjó í bát. Krókstjakar tapast tíðum af bátum og reka iðulega á fjörur.
- Krókur** (n, kk) A. Það sem er krókbogið. B. Öngull. „Ég held bara að það sé fiskur á hverjum krók núna“! C. Stuttur og hallalítill lækur eða afkimi af vatni. Orðið var ekki notað þannig í Útvíkum í seinni tíð, en algengt á Rauðasandi, enda þar mikið um slík vötn. „Svo er annar krókur ofan undan Byttulæk er heitir Litlikrókur; svo er annar krókur nafnlaus; hann og Litlikrókur mynduðu sín á milli þríhyrnu... Þess skal geta að krókur er hér kallaður lækur með háum bökkum; lænur grafnar í leir og sand“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar). D. Vik/vík/vogur við strönd. „Innanvið Vatneyri nefndist Krókur þar sem eyrin var kröppust, og sama nafn var lengi á húsahverfinu þar ofanvið. Ytri endi Vatnsins á Vatneyri nefndist Vatnskrókur, og heitir svo enn, þó vatnið hafi breyst í höfn fyrir löngu síðan“. E. Leið sem ekki er bein/ liggur í boga/krók. „Ég fór frekar krókinn; það er auðveldari leið, þó lenri sé“. F. Leikur/keppni tveggja sem felst í því að krókbeygður er fingur annarrar handar, hinn sami hjá báðum, menn krækja saman og togast á uns annar vinnur. Stundum var farið í krumlu, en þá voru fjórir krókbeygðir fingur notaðir saman í stað eins.
- Krókur á móti bragði** (orðtak) Um það að beita úrræði gegn andstæðingi sem vegur að, sem hann átti ekki von á. „Ef hann er með leiðindi og bannar okkur eggjatöku, þá læt ég koma krók á móti bragði og sæki aftur heytætluna sem hann fékk lánaða hjá mér“. Orðtakið vísar líklega til glímubragða, þar sem sá neytir lags og beitir hælkrók sem beittur er klofbragði“.
- Krubba** (n, kvk) Stía eða hólfi. „Lítill krubba var stúkuð af í húsinu og nefnd vinnustofa“.
- Krubbulegur** (l) Sóðalegur; óhrein. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Kruð** (n, hk) Kryddvörur. „Ætli við þurfum ekki að eiga eitthvað meira af kruði hér í kaupfélaginu fyrir frúnar; þær eru alltaf að prófa nýjar uppskriftir“.
- Kruðerí** (n, hk) Sætar kökur; fint meðlæti með kaffi. „Óþarfi að bera svona fint kruðerí á borð fyrir mig“.
- Kruður** (n, kvk, fto) Tvíbökur. „Það er alveg ídial að nota kruður úti rauðgrautinn“.
- Krukka** (n, hk) A. Kropp; nart; lítill skurður. B. Slæm skrift. „Ég veit ekki hvort þú skilur þetta krukka“.
- Krukka í** (orðtak) Eiga við; meðhöndla; skera/kroppa í. „Ég var ekkert að krukka í þetta hræ; ég urðaði það bara með öllu saman“.
- Krukksþá** (n, kvk) Spádómar frá 16. öld, sem eignaðir eru Jóni krukka sem sumir hafa talið vera Jón Guðmundsson lærði. Fræðimenn draga það þó mjög í efa. Hafa sumir talið sig sjá ýmislegt í spánni ganga eftir, en til þess þarf oftast mikinn velvilja í túlkunum, líkt og er t.d. um spár Nostradamusar og annarra. Aðrir telja spárnar kerlingabækur eintómar. Krukksþá kom út á prenti árið 1884.
- Krull** (n, hk, með hörðum framb) Rugl; hræringur; sull. „Nú er þetta allt komið í krull aftur sem ég var búinn að sortera með mikilli fyrirhöfn“!
- Krulla** (s, með hörðum framb) Rugla/hræra saman. „Nú er búið að krulla þessu öllu saman aftur“.
- Krullur** (n, kvk, fto, með linum famb) Krullað/hrokkið hár; lokkar; hárlokkar sem undnir eru upp í hringi/vöndla. „Krullurnar voru fljótar að hverfa eftir þetta“.
- Krullóttur** (l, með linum framb) Hrokkinhærður; krullhærður; með áberandi hringaða liði/lokka í hári. „Fáir trúa því núna að ég hafi verið ljóshærður og afskaplega krullóttur sem barn; enda fá líkindi með því og sléttum skalla og gráum hákraga sem prýðir minn haus í dag“.
- Krumla** (n, kvk) A. Gæluorð um hönd/greip á manni. „Lofðu mér að koma krumlunum á helvítið; ég skal lækka aðeins í honum rostann“! B. Nafn á leik/afraun tveggja, sem felst í því að menn krókbeygja alla fingur annarrar handar nema þumals; krækja þeim svo saman og togast á, uns annar réttir upp fingurna eða gefst upp.
- Krummabein** (n, hk) Beinkamburinn efst og aftast á þorskhausnum; einnig nefnt krummi og krummakambur.
- Krummafiskur** (n, kk) Hnakkafiskur; hnakkakúla; fiskholdið í hnakka fisksins, beggja megin við kambinn á krummanum/krummabeininu. „Ríkt var gengið eftir að krummafiskurinn fylgdi bolnum þegar hausað var, ef kviðfletja átti fiskinn og herða eða salta“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Krummafótur** (n, kk) Víxlun skóa; hægri og vinstri; skór uppá öfugan fót. „Nú ertu með krummafót drengur“!
- Krummakvikindið / Krummaskeppan / Krummatetrið** Gæluorð um hrafninn. Heimilishrafnar voru álitnir heimilisvinir, og yfirleitt litið til þeirra með velþóknun þó útaf því gæti brugðið ef þeir lögðust á fé. Talið var gæfumerki að víkja einhverju æti að hrafninum: „Guð launar fyrir hrafninn“.

- Krummi** (n, kk) A. Annað nafn á hrafni. B. Stærsta hausbeinið í fiskhaus; krummabein. C. Hálf *kast* í aflaskiptum (sjá *skipti*).
- Krumpassi** (n, kk) Mælitæki til að mæla þykkt og sverleika efnis; einskonar stillanleg töng. Nokkuð notaður í rennismíði og járnsmíði áður fyrr. Arftaki krumpassans er rennimálið/skiðmálið.
- Krumtöng** (n, kvk) Töng með kjaftinn í aðra stefnu en handföngin; vatnspumputöng.
- Krungtappi / Krumtappi** (n, kk) Sveifarás í sprengivél. Orðið er komið úr dönsku og vísar til þess að ásinn er með miklum hlykkjum. Í máli manna vestra þótti „krungtappi“ rökréttara og varð alfarið notað; enda merkir orðið „krungur“ það sem er bogið.
- Krungur** (n, kk) Kryppa; mishæð. „Skelfing er þetta lamb með mikinn krung á bakinu“.
- Krunka sig saman** (orðtak) Um tvær eða fleiri manneskjur; ná saman; ná sambandi hvor/hver við annan; ræða saman. „Menn eru eitthvað að krunka sig saman um sérframboð“. Dregið af hröfnum sem krunkast á.
- Krunka utan í** (orðtak) Tala við; eiga orðastað við. „Þú verður að krunka utaní eigandann um þetta“.
- Krunkast á** (orðtak) Tala saman; ræðast við. „Gömlu karlarnir krunkuðust á og fengu sér í nefið“.
- Krus / Kruss** (n, hk) Um siglingu skips; leggur; slagur; sigling beitivinds.
- Krusa** (s) Slaga; sigla upp í beitivind með því að sigla á snið, sitt á hvað, upp í vindinn.
- Krúkk** (l) Blankur; peningalaus. „Ég var alveg að verða krúkk um mánaðarmótin“.
- Krúna** (n, kvk) A. Kóróna; konungdómur. B. Hvirfill; hæsti hluti höfuðs; hornstæði.
- Krúnk** (n, hk) Hljóð hrafnsins. Hljóðlíking.
- Krúnka** (s) Gefa frá sér *krúnk*.
- Krúnótt** (l) Litur á sauðfé. Dökkt, með hvítri blesu á kinn.
- Krúnuraka** (s) Raka koll/hvirfil á manni. Sá siður hefur löngum tíðkast meðal munka að krúnuraka á sér kollinn, til merkis um undirgefni við Guð og yfirboðara. Við uppgroft í Skriðuklaustri hefur fundist mikið af litlum hnífum til þessara nota. Talið er að írskir munkar hafi haft þann hátt á, og af því hafi þeir verið nefndir „kollar“. Spurning er hvort Kollur landnámsmaður Kollsvíkur hafi verið í þeirra hópi en hann, ásamt Örlygi föstbróður sínum, hafði verið í trúboðsskóla Patreks biskups á Suðureyjum.
- Krús** (n, kvk) A. Ílát. Oftast er átt við ílát undir drykk eða til að drekka úr; drykkjarkrús. „Nú værigott að fá sér kaffisopa; er þetta ekki krúsín mín“? B. Efnisgryfja; malgryfja; staður þar sem jarðefni er numið. C. Fremsta rúm í teinæringi, sem myndast við það að í barka hans er sett lausabófta fyrir skiphaldsmenn. Í krúsinni voru oft þrír menn við drátt; sá fremsti nefndist krúsarmaður eða krúsarhlunkur (heim: Ísl. Sjávarhættir II; Lúðvík Kristjánsson)
- Krúsidúlla** (n, kvk) Flókin skreyting; útlúr. „Bollana skreytti hún með *allrahandanna* krúsidúllum“.
- Krydda** (s) A. Setja krydd á mat til bragðbættis. B. Kríta liðugt; skálda; búa til fyllingu í frásögn til að hún verði áheyrilegri. „Eitthvað gæti ég trúað að þessi frétt sé dálítið krydduð“.
- Kryfja (málin) til mergjar** (orðtak) Skoða mál ofan í kjölinn; kafa djúpt ofan í mál. „Ég las þetta í fljótheitum en krufði það ekki til mergjar“. Líking við að *brjóta bein til mergjar*.
- Krykkja** (n, kvk) Rótarhnyðja; krappi. „Hér fann ég ansi myndarlega krykkju“.
- Kryppa** (n, kvk) A. Krungur; hóll; mishæð. Kryppa nefnist aflöng hæð í landi Hnjóts. B. Aflögun/vansköpun í hrygg manns sem veldur hnúð á baki og yfirleitt mikilli fötlun. C. Sveigja á baki kattar. Kettir setja/skjóta oft upp burst/kryppu þegar skyndileg hætta steðjar að, til að sýnast stórir og ógnvænlegir.
- Kryppla / Krypplast** (s) Krumpa; krumpast. „Passaðu að kryppla ekki teikninguna“! „Settu blaðið aftur inn í bókina svo það krypplist ekki“.
- Krypplingur** (n, kk) A. Maður með *kryppu* í baki. B. Fatlaður maður; örkuhlamaður. „Hann fótbrotnaði illa, og var hálfgerður krypplingur uppfrá því“. C. Hvaðeina sem er rytjulegt/vanskapað/ófullburða. „Óttalegur krypplingur ætlar að verða úr öðrum tvílembingnum hjá henni“.
- Krytja sér** (orðtak) Afla sér; hygla sér; nappa. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Krytjur** (n, kvk, fto) Litlir afgangar; molar; lítið magn. „Gáðu hvort einhverjar krytjur eru eftir af salti“.
- Krytur** (n, kk) Stagl; rifrildi; erjur. „Einhver krytur varð úr þessu á milli þeirra, en hann *settlaðist* fljótt“. Sérkennilegt er að orðið var notað nær jöfun höndum í kk og í kvk, ft (sjá hér næst).
- Krytur** (n, kvk, fto) Erjur; meiningamunur; rifrildi. „Nágrannakrytur voru ekki til milli Lambavatnsbæjanna en samvinna og aðstoð hvers við annan far óskráð regla sem höfð var í heiðri“. (ÓG; Úr verbúðum í viking). „Þessi lýsing á við um alla bæi í hinum ýmsu hlutum Rauðasandshrepps; yfirleitt því meir sem nábylið var

meira. Hljómar hún eins og eldra fólk lýsti nábylinu þegar þéttbýlast var í Kollsvík. Hinsvegar má e.t.v. finna fleiri dæmi um ríg innan hreppsins eftir að fækka tók mjög íbúum“ (VÖ).

Kræða (n, kvk) A. Almennt um jurt sem er lítil og kyrkingsleg. B. Fjallagrös sem ekki eru blaðmynduð, heldur einungis kræklur; voru ekki tínd til matar. C. Með bættri flokkun fléttna hefur kræða orðið heiti á flokki fléttutegunda, en innan hans eru t.d. klettakræða, skollakræða, flókakræða og surtarkræða.

Kræfur (l) Djarfur; frekur.; *aðgangsharður* „Mörgum þótti hann kræfur í viðskiptum, en þó aldrei ósvífinn“.

Krækiber (n, hk) Ber krækilings, sem mikið eru tínd og nýtt til matar. Einkum er gerð úr þeim krækiberjasaft.

Krækiberjalýng / Krækilyng (n, hk) Empetrum nigrum. Ein algengasta jurt landsins, einkum ofan mesta láglendisins. Harðgerð jurt sem kann betur við sig á berangri en skjólsælum stöðum, en er þó nær hvarvetna sem rótfestu er að fá. Tvær deilitegundir þekkjast á Íslandi, en mjög líkar þó önnur sé tvíkyntja en hin einkýntja. Blómin eru örsní; þrideild; umkringd nokkrum rauðum háblöðum. Krónublöð dökkrauð yfir mólelitum bikarblöðum. Þrír fræflar eru í hverju blómi; dökkblárauðir og standa langt útúr blóminu. Ein fræva sem verður að beri með 6-9 litlum steinum/fræjum. Berið er í fyrstu grænt, og nefnist þá grænjaxl; síðan rautt, og að lokum svart þegar þa er þroskað; 5-8 mm í þvermál. Blöð lyngsins eru striklaga, snuppþótt; 4-6 mm á lengd; þykk og hol innan.

Krækiberjalýng vaxa allt í kringum Kollsvík, en þó ekki á láglendi í víkinni; neðan holta. Ekki heldur í klettum eða urðum þar sem jarðveg skortir. Mjög hefur tíðkast að fara til berja frá Kollsvík upp í Húsadal og Keldeyradal, eða fram með lynggiljum og Grænubrekku. Frá Láganúpi er farið upp á Axlarhalla; upp að Sandslág; fram með Fellum; út í Vatnadal; í Smávatnabrekkur, Stórvatnsbrekkur eða Gálgasteinabrekkur; eða út að Litlavatni eða útundir Breiðsholt.

Í eina tíð hefur krækiberjalýng efalítið þakið allt svæðið neðantil í Vatnadal, niður á Strympur, Hnífa, Flatir og Hjalla; og niður alla Brunnsbrekku niðrurdir sjó. Sömuleiðis niður alla Vík; niður Nautholt, Mýrar og Svarðarholt. Það hefur svo fyrr á öldum verið vægðarlaust nýtt til eldiviðar og í tróð; svo mikið að nefnd svæði hafa í seinni tíð verið nánast lynglaus. Hér hefur miklu ráðið að vermenn máttu rífa lyng sem þeim lysti án endurgjalds, og hefur það ósparlega verið nýtt til eldiviðar, ásamt öðru, t.d. þöngli og mori úr fjörunni. Umfang lyngrifsins má enn sjá og nota sem mælikvarða á þunga útgerðar í Útvíkum; mest virðist það hafa verið í Kollsvík. Á síðari árum; um og eftir aldamótin 2000 má sjá að lyng er aftur að vaxa á þessum stöðum; sönnun þess sem hér hefur verið sagt um ofnýtingu á fyrri tíð.

Krækiberjasaft (n, kvk) Saft, gerð út safi krækiberja. Berin eru marin og síað frá þeim hratið. Síðan er saftin blönduð með vatni, sykri og vínsýru. Krækiberjasaft má drekka sem svaladrykk eða hafa hana sem útalát á búðinga, hrísgrjónagrat, skyr og annað. Jafn sjálfsagt þótti að gera berjasaft; safta, á hverju heimili eins og að gera sultu úr rabbabara; að sulta, á hverju síðsumri.

Krækja (n, kvk) Krókur; krókhaki; krókstjaki.

Krækja af / Krækja úr (orðtak) Ná öngli/króki úr fiskkjafti. „Óskapa tíma tekur þetta hjá þer; þú þarft að vera fljótur að krækja úr og renna aftur“.

Krækja fyrir (orðtak) Taka á sig krók til að komast fyrir hindrun. „Gættu þess að krækja vel framfyrir Boðann þegar þú ferð fyrir Blakkinn“.

Krækja í (orðtak) Ná í; klófesta. „Hann er víst búinn að krækja í heimasætuna á stórbýlinu“.

Krækla (n, kvk) Það sem krókótt/hlykkjótt er. „Það er nú varla hægt að kalla þessar kræklur borðvið“!

Kræklingsfjara (n, kvk) Fjara þar sem tína má krækling til nytja. „Við fórum á kræklingsfjöru“.

Kræklingsnot (n, hk, fto) Nytjar kræklings til matar. „Ég heyrði ekki mikið um skelfisksneyslu áður fyrr, en þegar ég var að alast upp voru nokkur kræklingsnot á einum bæ í sveitinni; Hvalskeri“ (SG; Sjávar- og fjörunytjar; Þjhd.Þjms). Kræklingur var nokkuð nýttur í Kollsvík, þegar hann rak á fjörur í hausum hrossaþara.

Kræklingsskel (n, kvk) Skel af kræklingi. Kræklingskeljar notuðu krakkar í leikjum áður fyrr. Í kubbabúum var öðuskel hestur; kræklingsskel folald; kúskel kýr; hörpudiskur kálfur; beitukóngur hrútur; nákuðungur kind; meyjapöppur lömb; olnbogaskeljar hænsemi o.s.frv.

Kræklingur (n, kvk/kk) Mytilus edulis; krákuskel; bláskel. Samloka sem algeng er á grunnsævi niður á um 40 m dýpi; ilöng samhverf skel og lágvaxin; bogamynduð í annan endann en trjónumynduð í hinn. Hann festir sig við fast undirlag eða annað með svonefndum byssuþráðum eða skeggi, og notar við það fót sem er undir möttlinum. Getur skelin hreyft sig með því að festa nýja þræði en sleppa öðrum. Fæðan er ýmis smádyr sem kræklingurinn sjar úr sjónum. Lirfurnar eru svíflægar í nokkrar vikur, áður en fótur og spunapræðir myndast og hún sest á botninn. Helstu ógnanir kræklings eru krabbar, krossfiskar, kuðungar, fiskar og æðarfugl. Kræklingur er algengur á grunnsævi allt í kringum landið, nema við suðurströndina. Mikið er af honum í Kollsvík og í stórbrimi rekur oft upp mikið af þöngli með áföstum kræklingi. Var hann nokkuð tíndur til matar og þykir herramannsmatur. Kræklingur var þó ekki borðaður í þeim mánuðum sem ekki höfðu r í

nafni sínu; þá getur hann verið eitraður. (Sjá *skelfiskeitrun*). Kræklingur verður að vera lifandi og með lokaða skel þegar hann er settur í pottinn. Gott er að setja hann í sjó fyrir suðu, svo hann fylli sig af sjó. Ekki er þörf á suðuvatni, heldur sýður skelin í eigin vökva, og er nægilega soðið þegar skelin hefur opnað sig. Sjá einnig *aða*; *öðuskel*.

Kræklóttur (l) Ekki beinn; hlykkjóttur; margvíslega boginn. „Renglan er helst til kræklótt fyrir staur“.

Kræla á (orðtak) Örla á; móta fyrir; sýna lífsmerki. „Við stóðum á klettinum í góða stund og mændum út á sjóinn, en beinhákarlinn lét ekki á sér kræla aftur“. Enn er ekkert farið að kræla á honum“.

Kræsilegur (l) Girnilegur; álitlegur. „Ekki voru veiðimenn kræsilegir á að líta er þeir komu upp úr bjarginu eftir dvölinna þar“ (MG; Látrabjarg).

Kræsingar (n, kvk, fto) Veislukostur; góður matur; ljúfmeti. „Þar voru girnilegar kræsingar á borðum“.

Kræsinn (l) Gefinn fyrir munað; vandlátur; *erfitt að gera til hæfis*. „Ég er nú ekki svo kræsinn að geta ekki étið það sem á borðum er“.

Kræsni (n, kvk) Það að vera kræsinn; sérvíska; fyrirtektir. „Hér gildir engin kræsni; nú étum við bara það sem á borð er borið“!

Kröftuglega (ao) Af krafti; hávært. „Ég mótmælti þessari svívirðu kröftuglega“.

Kröftuglegur / Kröftugur (l) Kraftalegur; öflugur; hávær; aflmikill. „Eftir kröftugleg mótmæli fundarmanna var fallið frá þessu“. „Ég veit ekki hvort vélin er nógu kröftug í þetta“.

Kröfubréf (n, hk) Bréfleg krafa; reikningur; póstkrafa. „Landpóstur hafði yfirleitt tvennt í sínum farangri: annað var vandaðan finofinn strigapoki með fánarönd, en í honum voru flutt dagblöð og pinklar. Hitt var sjálf póstattaskan, sem í voru sendibréf, kröfubréf, frímerki, peningar og annað dýrmæti. Hvorttveggja passaði hann *eins og sjáaldur auga síns*; miklu fremur þó töskuna en pokann“.

Kröfuharður (l) Gerir miklar kröfur; gengur hart eftir réttindum/kröfum.

Kröggur (n, kvk, fto) Vandræði; klípa; erfiðleikar. „Hann var í hálfgerðum kröggum, svo ég lánaði honum fyrir þessu um tíma“.

Krökkur af (orðtak) Með miklum fjölda; þröng á þingi. „Maður tollir helst ekki í landi þegar sjórin er krökkur af fiski og blankandi logn“. „Það er krökkt af berjum á Hústóftarbökkunum“.

Kröm (n, kvk) Alvarlegur lasleiki; mikil og langvarandi veikindi/bágindi. „Hann þurfti að búa við þessa kröm uppfra því“.

Kröpp bára (orðtak) Há bára miðað við lengd. „En til marks um það hvað báran í Röstinni var kröpp, skal þess getið að þrjár bárar; hver eftir aðra, brutu á Ingvari við stýrið og hálfylltu bátinn“ (ÖG; Þokuróður).

Kröpp kjör (orðtak) Lítil efni; fátækt. „Heiður eiga þau skilinn, foreldrar okkar, fyrir að ala upp allan sinn stóra barnahóp og koma honum til manns; þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og kröpp kjör“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Ku (s) Kvað. Notað þegar vísað er til sögusagna: „Það ku vera þorrablót framundan“. „Svo ku vera sagt“.

Kubba (s) A. Sníða í kubba/búta. „Ég kubbaði sprekið niður, svo það passaði í eldstæðið“. B. Byggja úr kubbum. Einkum notað á seinni tímum.

Kubbast í sundur (orðtak) Brotna/slitna algerlega/skyndilega. „Dráttartaugin kubbaðist í sundur þegar átakið kom á hana“.

Kubbabú (n, hk) Leikur barna í Kollsvík að kuðungum og skeljum úr fjöru. Sett voru upp bú á völdum stað nærri bæ, t.d. í Ytragili á Láganúpi. Í þeim voru nákuðungar hafðir fyrir kindur og beitukóngar fyrir hrúta; kúfskeljar fyrir kýr og öðuskeljar fyrir hesta. *Meyjapöppur* voru lömbin; gimburskeljar kálfar; smyrslingskeljar folöld og olnbogaskeljar hænsni. Hús voru af ýmsu tagi; hola í barð; beygðar járnplötur eða vandaðri smíði. Slíkur búskapur var nokkuð annarrar gerðar en *hornabú*, en gat verið rekinn samtímis.

Kubbateinn / Kubbapinur (n, kk) Flotteinn/flotþinur/ efri þinur á neti. Fyrir daga gerviefna voru bútar úr viði eða korki festir á teininn til að halda honum frá botni og netinu opnu, og er nafnið af því dregið. „Hér hefur árans kubbapinurinn slegist langt inni netið“!

Kubbi / Kubbur (n, kk) A. Bútur; afsag t.d. af tré/planka. Stuttur rekaviðarbútur „Hér er kubbi úr einhverjum eðalvíði“. B. Flá/korkur/flot á netapin/netateini/*kubbateini*. „Hér hefur brotnað kubbur í lagningunni“. C. Kuðungur. „Við söfnuðum saman kubbum sem tjaldurinn hafði borið upp úr fjörunni, til að nota í *kubbabú*“. „Svo að vetrinum að fara í fjárhúsin niðri við sjó, og þá í leiðinni að ná í nokkra kubba...“ (IG; Æskuminningar).

Kubbslegur (l) Stuttur og sver; klunnalegur.

- Kuðla** (s) Hnoða; krumpa; vöðla. „Hann kuðlaði blaðinu saman og hentipví út í horn“.
- Kuðungur** (n, kk) Kubbur. „Inni var leikið með kuðunga og skeljar sem sótt var í fjöruna, en það var einnig mjög eftirsótt að *ganga á reka*“ (IG; Æskuminningar).
- Kufl** (n, kk) Kápa; sloppur; síð yfirhöfn sem m.a. er borin af kirkjunnar þjónum, s.s. munkum.
- Kuðungur** (n, kk) A. Skel snigils; snigill með skel. Fjölmargar tegundir kuðunga lifa við Ísland, en þær sem eru mest áberandi við Kollsvík eru beitukóngur, nákuðungur og meyjapappa. B. Líffæri í innra eyra. C. Líkamsstaða sem minnir á kuðung af snigli; samkrepptur líkami. „Ég hrökk í kuðung við hávaðann“. Ekki tíðkaðist í Kollsvík síðari tíma að hafa f í stað ð í heitinu, eins og stundum var gert annarsstaðar.
- Kuggur** (n, kk) Skip. Stundum notað almennt um skip, en oftast um stór erlend farmskip frá síðmiðöldum.
- Kukl** (n, hk) Galdrar; særingar; fjölkyngi; spádómar. „Ekki er ég trúaður á svona kukl“!
- Kukla** (s) Stunda galdra/spádóma/særingar/fjölkyngi; hafa í frammi loddarabrogð; stunda sérhæfð verk án nægrar þekkingar. „Eitthvað hafði hann verið að kukla við lækningar, en með misjöfnum árangri“.
- Kuklari** (n, kk) Galdramaður; loddari; sá sem stundar sérhæfð verk án þekkingar. „Ég vil ekki sjá einhverja bölvada kuklara í þessu; þá vil ég heldur borga fyrir almennilega vinnu“!
- Kul** (n, hk) A. Stífur goluvindur. „Er hann eitthvað að auka þetta kul, heldurðu“! B. Kaldur vindur. „Komdu innfyrr í staðinn fyrir að *norpa* svona úti í kulinu“!
- Kula** (s) A. Vinda lítillaga. „Eitthvað er hann að byrja að kula núna“. „Um tvöleytið kulaði og þá fór fiskur að gefa sig.“ (Minning HB um AK, Mbl maí 1980). „Það var byrjað að kula af suðaustan og þá er hann fljótur að ná upp báru þarna við bjargið“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Kulband** (n, hk) Um seglabúnað; band sem liggur af seglra, bakvið (hlemegin við) seglið og haldið við; til að hleypa vindi úr segli ef byr varð helsti mikill. „Seglið var *alrifað* og aukið við kulbandi; kallaður *vaðburður*“ (JE; Trýnaveður; Því gleymi ég aldrei).
- Kulborð / Kulborði** (n, hk/kk) Sú hlið (kinnungur) báts sem veit upp í vindátt. „Ef þú þarft að æla; reyndu þá að gera það á hléborðið fremur en kulborðið“.
- Kuldaboli** (n, kk) Ímynduð vera; persónugervingur kuldans í tali við börn. Kann að eiga dýpri rætur í heiðni. Þessi þjóðvísa er alþekkt, og á að minna á kuldabola: „Boli boli bankar á dyr/ með bandinu sínu langa./ Láttu ekki hann Hólsbola/ heyra til þín Manga“.
- Kuldabólga** (n, kvk) Bólgin húð vegna kulda/ofkælingar; undanfari kalskemmda. „Gamla fólkið kunni að segja frá kuldabólgu í útlimum í frostavetrum fyrri tíma, þegar hús og fatnaður var einfaldara en nú er“.
- Kuldabólgin** (l) Bólgin af kulda. „Farðu nú og reyndu að hlýja þér; þú ert allur kuldabólgin í framan“!
- Kuldadofi** (n, kk) Dofi vegna kulda, t.d. í höndum/fötum. „Ég sat í eldhúsinu meðan kuldadofinn fór úr“.
- Kuldadofinn** (l) Tilfinningalaus/dofinn vegna kulda. „Fingurnir voru að verða kuldadofnir“.
- Kuldafýla** (n, kvk) Kalt veður; nepja. „Bölvuð kuldafýla er í honum; maður hefði átt að búa sig betur“.
- Kuldagarri / Kuldagjóra / Kuldagjóstur / Kuldagustur / Kuldaneðingur / Kuldaskítur / Kuldasseljandi** (n, kk) Napur vindkaldi, einkum eftir hlýrri tíð. „Það er líkast til best að klæða sig almennilega. Það er kominn árans kuldagjóstur“.
- Kuldaherkjur** (n, kvk, fto) Kipringur/herkjur í andliti; einkum í kringum munn, vegna kulda. „Hann var skjálfandi og blár af kulda og gat varla talað fyrir kuldaherkjum“.
- Kuldahrollur** (n, kk) Kuldatilfinning; skjálfti vegna kælingar. Það er einhver árans kuldahrollur í mér“.
- „Votir voru þeir, og talsverður kuldahrollur í þeim“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Kuldahryssingur** (n, kk) Kalt í veðri með allnokkrum vindi. „Bölvuður kuldahryssingur er þetta; eins og útlitið var nú gott í gær“.
- Kuldakafli / Kuldakast** (n, hk) Kalt tímabil, gjarnan óvænt eða á óheppilegum tíma. „Komi kuldakast eftir að fuglinn er kominn að, fer hann frá bjarginu þar til aftur hlýnar í veðri“ (ES; Barðstrendingabók).
- Kuldahryssingur** (n, kk) Kaldur næðingur; nepja. „Búðu þig vel; það er bölvuður kuldahryssingur“.
- Kuldahúfa** (n, kvk) Húfa sem ver gegn miklum kulda; loðhúfa; *dembúll*. „Hvar lét ég kuldahúfuna“?
- Kuldakast** (n, hk) Kalt tímabil; köld veðráttu um tíma. „Sprettu seinkaði verulega í kuldakastinu í vor“.
- Kuldakreista** (n, kvk) Manneskja sem heldur illa á sér hita/veður kalt. „Ég er svoddan kuldakreista“.
- Kuldalega** (ao) A. Án tilfinninga; kaldranalega; reiðilega. B. Eins og kalt sé. „Voða ertu kuldalega klæddur; ertu eitthvað veikur“?

- Kuldalegur** (l) Lítur út fyrir kulda. „Sú (búð) sem sneri dyrum til norðausturs hét Norðurpóllinn en hin...hét Napi, hvortvegja heldur kuldaleg nöfn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Kuldaneþja** (n, kvk) Kalt/napurt í veðri. Fyrri hluti orðsins í raun óþarfur en gefur þó aukinn þunga.
- Kuldaneðingur / Kuldaskítur / Kuldaskítsnæðingur** (n, kk) *Nepja; skítakuldi*; bitur kuldi. „Það er enn sami kuldaskíturinn og í gær“. „Ég hefði haft hina húfuna hefði ég áttað mig á þessum kuldaskítsnæðingi“.
- Kuldapollur** (n, kk) A. Frostsár á húð; drep; kal. B. Síðari tíma merking; svæði þar sem er mun kaldara en í nágrenni þess, af veðurfræðilegum eða landfræðilegum ástæðum.
- Kuldaskítur** (n, kk) Kalt í veðri; hrollkalt; kaldara en vænta mátti. „Bölvaður kuldaskítur er þetta“! Einnig oft notað *skítakuldi*.
- Kuldaskjálfti** (n, kk) Skjálfti í líkamanum vegna kulda; kuldahrollur.
- Kuldaskræfa** (n, kvk) Niðrandi heiti á þeim sem þolir illa kulda. „Þú ert nú meiri kuldaskræfa“!
- Kuldastrá** (n, hk) Eingöngu notað í líkingamáli; kulvís. „Þú ert nú meira kuldastráð greyið mitt“.
- Kuldásúgur / Kuldatrekkur** (n, kk) Kaldur súgur/gegnumtrekkur t.d. í húsi. „Hvaðan kemur þessi kuldatrekkur; er opin útihurðin“?
- Kuldasseljandi / Kuldapræsingur** (n, kk) Kaldur og hvass vindur, oft um langani tíma; *þræsingskuldi; þræsingssseljandi*. „Það er sami kuldasseljandinn áfram“. „Skelfingar kuldapræsingur er þetta“!
- Kuldatíð / Kuldatíðarfar** (n, kvk/hk) Tímabil kaldrar veðráttu. „Það er vonandi að nú sé að verða breyting á þessu kuldatíðarfar sem verið hefur“.
- Kuldaveður** (n, hk) Kalt veður; kalt í veðri. „Ég er ekkert að sleppa lambánnum út í þetta kuldaveður“.
- Kuldaþoka** (n, kvk) Köld þoka. „Mikið var gott að koma úr þessari kuldaþoku í firðinum, í sólskinið í Kollsvíkinni“
- Kuldi** (n, kk) A. Lágt hitastig. „Ég er að drepast úr kulda“! B. Kalt veður; kaldur vindur. „Hann er frekar að lina þennan kulda, finnst mér“. C. Tilfinningalítið viðmót; andúð. „Það var kuldi í röddinni“.
- Kulmegin** (ao) Þeim megin báts/húss/fjalls sem vindur stendur uppá; á *kulborða/kulborð; kulborðsmegin*.
- Kulna** (s) Kólna; draga úr hita. „Heldur er farið að kulna í tíðinni“. „Glóðin var farin að kulna“.
- Kulnar eldur nema kyntur sé** (orðatiltæki) *Allir eldar brenna út um síðir*, nema þeim sé við haldið og á þá bætt eldmat. Á jafnt við í bókstaflegri merkingu sem t.d. í deilumálum.
- Kulsækinn** (l) A. Um mannesku; *kulvís*; viðkvæmur fyrir kulda. „Maður er að verða svo skratti kulvís með árunum“. B. Um húsnæði; heldur illa hita. „Fjósið þarna er orðið nokkuð gamalt og líklega kulsækið. C. Ranglega notað í líffræði um þær lífverur sem lifa í köldu umhverfi. Réttara að segja þær „kuldakærar“.
- Kulsæll** (l) Um stað; kaldari en umhverfið. „Þetta var þrýðileg kartöflugeymsla; kulsæl en þó vel frostfrí“.
- Kulvís** (l) Viðkvæmur fyrir kulda. „Hún er svo kulvís að hún fer ekki úlpalaus úr húsi“.
- Kumbaldi** (n, kk) Klunnalegur hlutur; oft notað um ólagleg hús. „Skelfilega finnst mér þetta nýja tónlistarhús vera ljótur kumbaldi“! Stofnskyld orðunum kumbl og kuml.
- Kumbari** (n, kk) Orðið hefur venjulega verið talið merkja skip, og þá helst kugg, kaupskip eða knörr. Nokkuð ljóst má vera að það er stofnskyld orðunum kumbur, sem merkir kubbur/viðarbútur/rekaviður, og kumbaldi sem er upphaflega svipaðrar merkingar. Mörg örnefni á landinu byrja á „Kumbara“- og er þar nærtækastur Kumbari/Kumbaravík í Breiðavík. Hefur þetta verið talið merki um að þar hafi knerrir eða kaupskip athafnað sig, en gæti allteins merkt að þar hafi stórvið rekið á land, eða að þar sé rekasælt.
- Kumbl / Kuml** (n, hk) Haugur yfir látinn mann; dys; legstaður heiðingja. Þó í fornsögum sé talað um að „verpa haug“ að látnum mönnum, var þó ekki alltaf um sýnilegan haug að ræða eftir greftrun. Yfirleitt var grafin um 50 cm djúp gröf og hinn látni látinn liggja með höfuð móti vestri eða suðri. Í gröfina voru gjarnan látnir munir hins látna sem hann gæti hugsanlega notað í framhaldslífi sínu, og stundum hundur hans og/eða hestur. Fundist hafa kuml á yfir 160 stöðum á landinu. Eitt merkilegt kuml úr heiðni fannst í Rauðasandshreppi, en það var bátskumlið í Vatnsdal. „Kollsleiði er sagt vera kumbl landnámsmannsins“.
- Kumpánalega** (ao) Eins og í samræðum kumpána/kunningja; hressilega. „Hann heildaði mér kumpánalega“.
- Kumpánalegur** (l) Glæðlegur/hressilegur í viðmóti; vingjarnlegur.
- Kumpáni** (n, kk) A. Kunningi; vinur. B. Seinni tíðar merking er þrjúótur; vafasamur náungi. „Ég skal tala við þessa kumpána með tveimur hrútshornum“!
- Kunna að koma ull í fat og mjólk í mat** (orðatiltæki) Kunna undirstöðuatriði bústarfa (kvenna) fyrr á tíð. Engin stúlka þótti vænlegur kvenkostur fyrr en hún kunni vel til tóvinnu, vefnaðar og matargerðar.

- Kunna deili á** (orðtak) Þekkja til; kannast við; *kunna skil á*. „Ég kunni engin deili á þessum manni“.
- Kunna ekki að meta** (orðtak) Vera vanþakklátur fyrir; *lita ekki réttu auga*; meta lítils. „Seinni kynslóðir kunnu ekki að meta það sem fólst í verkum hinna eldri“ (EG; Vakandi æska).
- Kunna/sjá fótum sínum forráð** (orðtak) Hafa vit á að fara varlega. „Það er vissara að kunna fótum sínum forráð; jafnt þegar fetaður er tæpur gangur í bjargi sem í fjárfestingum“. „Þau voru, sakir hæðarinnar, stórhættuleg ef hlass var komið á þau, og erfitt var að sjá „fötum sínum forráð“ þegar þurfti að horfa gegnum hlasið ef háfermi var sett í skúffuna“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Kunna gott að meta** (orðtak) Vera þakklátur. „Borðarðu ekki signa grásleppu? Þú kannt ekki gott að meta“.
- Kunna (einhverju) illa/vel / Kunna illa/vel við** (orðtök) Vera illa/vel við; hafa andúð/velþóknun á.
- Kunna sér ekki læti** (orðtak) Ráða ekki við sig af gleði/kæti/ánægju. „Hundurinn kunni sér ekki læti yfir að vera búinn að fá húsbóndann heim aftur“.
- Kunna sér hóf** (orðtak) Vita sín takmörk; vera lítillátur/stilltur t.d. í að matast. „Vissulega langar mig í meira af þessum kræsingum, en maður verður nú líka að kunna sér hóf“.
- Kunna sér magamál/hóf** (orðtak) Kunna sér hóf í mat/neyslu; borða hæfilega. „Svona fretur er afleiðing þess að kunna sér ekki magamál“.
- Kunna skil á** (orðtak) Þekkja til; hafa þekking á; kunna á; *kunna deili á*. „Það þarf að kunna einhver skil á rafmagnsfræði til að geta gert við þetta“.
- Kunna til verka / Kunna tökin á** (orðtak) Kunna aðferð/lag við; kunna að meðhöndla.
- Kunna/vita/þekkja uppá (sína) tíu fingur** (orðtök) Kunna/vita/þekkja mjög vel/ til hlítar. „Hann er farinn að kunna margföldunartöfluna uppá sína tíu fingur“.
- Kunna við** (orðtak) A. Líka við. „Ég kann vel við þessa nýbreytni. B. Þykja viðeigandi. „Ég kunni ekki við að spyrja hann meira út í þessi viðkvæmu málefni“.
- Kunna (vel) við sig** (orðtak) Líka vel í vist/veru. „Ég kann ágætlega við mig þarna, þó ekkert jafnist á við heimahagana“.
- Kunna (einhverjum) þakkir** (orðtak) Vera þakklátur einhverjum. „Kann ég hinum mínar bestu þakkir fyrir“.
- Kunningi** (n, kk) Sá sem maður þekkir; vinur; náungi. „Þegar féð var komið í rétt og búð að ræða við kunningjana, var tekið til nestis; stundum undir réttarvegg, en oftast inni á bæjum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Kumbaldi** (n, kk) Það sem er luralegt/gróft/ofvaxið/ljótt. „Skelfilega er þetta hús ljótur kumbaldi“.
- Kumbari** (n, kk) Skip. Orðið er fallið úr notkun, en lifir í örnefnum; t.d. er Kumbravogur í Breiðuvíkurveri.
- Kumr** (n, hk) Sérstakt hljóð sem ær gefa frá sér við nýfædd lömb, og hrútur þegar hann leitar á kind; bælt kjöltur. Einnig notað um ræskingar.
- Kumra** (s) Gefa frá sér kumr; kjöltra; ræskja sig; muldra. „Það kumraði eitthvað í karlinum, en hann svaraði engu“.
- Kunna að meta** (orðtak) Þykja gott; líka við. „Svona mat kann ég vel að meta“! „Ég kann ekki almennilega að meta það að svona sé farið með gróðurinn“!
- Kunna ekki góðri lukku að stýra** (orðtak) *Vita ekki á gott*; vera/leiða ekki til góðs. „Það kann aldrei góðri lukku að stýra að huga ekki að veðurútliti áður en farið er í róður“.
- Kunna fótum sínum forráð** (orðtak) Vera varfærinn í gerðum/bjargferðum/viðskiptum o.fl. „Það þýðir ekkert fyrir menn að fara í kletta sem ekki kunna fótum sínum forráð“!
- Kunna sér hóf** (orðtak) Geta stillt sig, t.d. í neyslu, innkaupum o.fl. „Þú verður að kunna þér hóf, þó þér þyki gaman að úthúða þessum frambjóðendum“!
- Kunna sér ekki læti** (orðtak) Geta ekki hamið sig; sleppa sér. „Hann var svo kátur yfir þessum tíðindum að hann kunni sér hreint ekki læti“.
- Kunna sér magamál** (orðtak) Gæta hófs í áti; vita hvenær rétt sé að hætta að borða. „Maður kann sér bara ekki magamál þegar svona kræsingar eru á borðum“.
- Kunna/vita/þekkja skil á (einhverju)** (orðtök) Vita glögg um eitthvað; hafa góða þekkingu á einhverju.
- Kunna utanað / Kunna utanbókar** (orðtök) Geta þulið upp/ lesið uppúr sér án þess að lesa af bók/bláði. „Hún kunni ógrynni af söngljóðum og sálmum utanað og var *sísyngjandi*“ „Ég lagði nokkuð á mig til að kunna ræðuna utanbókar“. Sjá *læra utanað*.

Kunna (ekki/vel/illa) við (orðtök) Líka ekki/vel/illa; falla ekki/vel/illa í geð. „Ég kann afskaplega illa við svona framkomu“! „Ég kann bara ágætlega við þennan nýja háseta“.

Kunnátta (n, kvk) Þekking; hæfni. „Ég hef litla kunnátta í þessum efnum, en maður reynir að bjarga sér“.

Kunnáttulaus (l) Hefur ekki þekkingu. „Ég er fremur kunnáttulaus í þessum fræðum“.

Kunnáttuleysi (n, hk) Þekkingarleysi; vankunnátta. „Slysið má að hluta kenna kunnáttuleysi skipstjórans“.

Kunnáttulítil (l) Af lítilli þekkingu; þekkir lítið til. „Sumir eru að kulkla kunnáttulítið í þessu“.

Kunnáttumaður (n, kk) Maður með þekkingu; sá sem kann. „Auðséð var að hér var kunnáttumaður á ferð“.

Kunnáttusamlega (ao) Af þekkingu/kunnátta. „Hann gekk kunnáttusamlega frá öllum smáatriðum“.

Kunngera / Kunngjöra (s) Kynna; gera kunnugt. „Hann hefur ekkert kunnngert sínar fyrirætlanir“.

Kunningi (n, kk) Sá sem maður þekkir vel, en ekki jafn náinn og vinur; félagi; náungi. „Við höfum verið kunningjar um allmörg ár“.

Kunningjafólk (n, hk) Hópur/fjölskylda kunningja. „Kunningjafólk okkar leit við í heimsókn“.

Kunningjahópur (n, kk) Þeir sem eru kunningjar; ópur/safn kunningja. „Enginn í mínum kunningjahópi hafði nokkrusinni heyrt af þessu“.

Kunningjakona (n, kvk) *Kunningi* af kvenkyni; kona sem vel er þekkt til.

Kunningjaspjall (n, hk) Tal/samræður þeirra sem vel þekkjast. „Við áttum ágætt kunningjaspjall um þessi mál, en ekki var þetta formlegur fundur“.

Kunningskapur (n, kk) Vinfengi; gott samband; kynni. „Milli okkar var ágætur kunningskapur“.

Kunnuglega (ao) Eins og þekkest/ sé kunnugt. „Þessi vasahnifur kemur mér *kunnuglega* fyrir sjónir“.

Kunnuglegur (l) Sem kannast er við; sem þekkest að einhverju marki. „Þarna sá ég strax nokkrar kunnuglegar kindur í hópnum“.

Kunnugur (l) Þekkir vel til. „...en hann var kunnugur í Keflavík“ (ÖG; Þokuróður).

Kunnur (l) Þekktur. „Þarna var ég kominn á vel kunnar slóðir“.

Kunnusta (n, kvk) Þekking. „Við þetta kom kunnusta hans að góðu gagni“.

Kunnustusamlega (ao) Af kunnátta/þekkingu. „Þetta *leysti* hann kunnustusamlega *af hendi*“.

Kurfsháttur (n, kk) Fautaháttur; ruddaskapur; leiðinleg framkoma. „Mér fannst þetta hálfgerður kurfsháttur í karlinum, gagnvart þeim sem hafa reynst honum vel“.

Kurfslegur (l) Kauðalegur; ruddalegur; óheflaður í framkomu. „Mér fannst þetta bara kurfslegt af honum“.

Kurfur (n, kk) Karlskarfur; leiðinlegur maður. „Og svo var þessi kurfur með *leiðindaderring* í ofanálág“.

Kurl (n, hk) Smælki; viður sem bútaður hefur verið niður áður en hann er sviðinn til *viðarkola*. Oftast notað *núorðið* í orðtökunum „þegar öll kurl koma til grafar“ eða „ekki eru öll kurl komin til grafar enn“.

Kurla (s) Höggva niður; höggva í smátt; búa til *kurl*. „Kirkjan fauk og kurlaðist í smátt“.

Kurr (n, hk) A. Murr; lágt og korrandi hljóð; hljóð sumra fugla s.s. dúfna og rjúpa. B. Líkingamál um óánægjuraddir; nöldur; mótmæli. „Það var kominn nokkur kurr í mannskapinn“.

Kurra (s) Gefa frá sér kurr; viðhafa mótmæli/nöldur.

Kurt (n, kvk) Kurteisi; siðaðra manna háttur. Heyrist sjaldan núorðið nema í orðtakinu *kurt og pí*.

Kurt og pí (orðtak) Glæsibragur. „Hann lauk verkinu með kurt og pí, svo sómi var að“. Vafist hefur fyrir mönnum að skýra síðari lið orðtaksins.

Kurteis (l) Sýna kurt; háttsamur; siðaður; fer að góðum siðum. „Mundu svo að vera kurteis í veislunni“!

Kurteisi (n, kvk) Háttsemi; siðleg/öguð framkoma; hófsemi í umgengni.

Kurteisishjal (n, hk) Tilgangslitlar/ómarkvissar samræður í góðsemi/kurteisi. „Mér þykir alltaf betra að koma beint að hlutunum, heldur en vera með eitthvað óþarfa kurteisishjal“.

Kurteisisvenja (n, kvk) Mannasiður; hefðbundin tillitssemi. „Það hefur alltaf þótt kurteisisvenja Útvíknamanna að heilsa hverjum gesti fyrir sig“.

Kurteisisvottur (n, kk) Sönnun fyrir kurteisi/mannasiðum. „Það er nú bara sjálfsagður kurteisisvottur að fylgja ykkur úr að hliðinu“.

Kurteislega (ao) Af kurteisi/háttvísi. „Ég reyndi að svara þessu eins kurteislega og ég gat“.

Kusa (n, kvk) Gæluorð um kú.

Kusi (n, kk) Gæluorð um kálf/nautkálf.

Kusk (n, hk) A. Ryk; óhreinindi. „Það er eitthvað kusk aftaná frakkanum þínum“. B. Lítill, laus og nýfallinn snjór. „Þetta er enginn snjór að ráði; bara eitthvað kusk“.

Kuskugur (l) Rykugur; ataður ryki; óhreinn. „Ári er nú hatturinn minn orðinn kuskugur“.

Kutta / Kúttu (s) Skera sundur; höggva á. „Hér hefur lent ofaní hjá okkur; við verðum bara að kutta þetta og hnýta saman undir“. Kutta er eldra í málinu.

Kutti (n, kk) Lítill hnífur, stundum búinn til úr skeftum stúf af ljáblaði. Orðið virðist annarsstaðar hafa verið borið fram og ritað linara; „kuti“, en var alltaf framborið hart í Kollsvík. (Sjá einnig *útbrotakutti*).

Kúabeit / Kúahagi (n, kvk) Beithaglendi fyrir kýr. „Ágæt kúabeit er á Nautholtinu og í Holtunum“.

Kúagata (n, kvk) Stígur sem myndast af endurtekum umgangi stórgripa. „Eftir sumarið hafði greinilegt vegakerfi af kúagötum myndast í kúahögum í Kollsvík, en þeir náðu yfir Mýrarnar og Holtin. Aðalgatan lá frá Túnshalanum í Láganúpi norður Umvarp; ofan Hestkeldu og Nautholts. Þetta var sú leið sem Láganúpskýrnar fóru norður undir Tröðina, en þar töldu þær best til beitar. Þetta var því nokkur vegur fyrir kúarektora; strákana sem höfðu það embætti að nudda þeim heim aftur. Þær ferðir gátu orðið úr hófi tafsamur, þar sem á leiðinni er girmilegir veiðistaðir bröndu og annað til að glepja.

Kúahagi (n, kk) Hagabeit fyrir kýr. Talað er um að kominn sé kúahagi þegar gróður er svo sprottinn að vori að beita megi kúm á hann.

Kúahey / Kúafóður (n, hk) Hey sem ætlað er mjólkurkúm. Jafnan besta heyið í hlöðunni; vel verkað og af góðum tünnum.

Kúahland (n, hk) Hland úr kúm. „Hvaða sull er nú á pelanum hjá þér? Þetta líkist helst kúahlandi“!

Kúahlass / Kúalella / Kúaskítshlass / Kúaskán / Kúadella (n, kvk) Skítur úr nautgrip. Kúalella var oft notað fremur um linan kúaskít. „Það má oft finna maðk í beitu undir kúaskítshlassi“. „Kúaskán var notuð sem eldiviður“. „Steigstu í kúadellu“?

Kúakambur / Kúaklóra (n, kvk) Kambur/áhalð til að kemma kúm / snyrta kýr.

Kúalabbi / Kúalubbi (n, kk) Uppnefni í niðrandi skyni. „Þú ert nú meiri árans kúalubbinn“!

Kúamykja / Kúaskítur (n, kvk/kk) Skítur úr kúm. „Það þyrfti að setja kúamykju í rabbabaraðarinn“.

Kúarekstur (n, kk) Rekstur kúa á beit eða úr haga til mjalta.

Kúarektor (n, kk) Sá sem rekur/sækir kýrnar. Stöðugildi yngri kynslóðanna að sumarlagi.

Kúastampur (n, kk) *Drykkjarstampur* hjá kúm; ílát sem haft er undir vatni hjá kúm. „Passaðu uppá að yfirfylla ekki kúastampinn“.

Kúbein (n, hk) Stangarlaga verkfæri úr stáli með klauf á öðrum enda og spiss á hinum. Notað til að draga nagla; rífa byggingaahluta o.fl. og sem vogastöng.

Kúbikalin / Kúbikmetri / Kúbikfet / Kúbikfaðmur Mælieiningar rúmmáls. Algengt áður fyrr, en nú á dögum nota menn fremur forskeytið rúm-; t.d. rúmmetri.

Kúðalegur (l) A. Lítill; ræfilslegur; aumingjalegur. „Skelfing er kálfurinn kúðalegur; það er eins og hann nærast illa“. B. Niðrandi lýsing á manni; kauðslegur; lúalegur; ómerkilegur; sviksamur. Heyrist þó sjaldan.

Kúði (n, kk) A. Um það sem er smávaxið. „Hrútlambið er hálfgerður kúði“. Mun hafa verið notað um lítinn ask fyrrum. B. Stundum í niðrandi merkingunni auli; kauði. C. Skip; einkum heiti á skinnbátum sem írar notuðu mikið áður fyrr, og talið er að papar hafi siglt á til Íslands. Sbr örnefnið Kúðafljót.

Kúfa (s) Kýfa; setja kúf/hrúgu á eitthvað. „Það þýðir ekki að kúfa fötuna svona; steypa lekur bara niður“!

Kúfaður / Kúffullur (l) Með kúf/hrúgu á. „Mér finnst hæfilegt að setja eina kúfaða sykurskeið í kaffið“. „Hafðu hjólbörurnar ekki svona kúffullar“!

Kúffylla (s) Fylla og setja kúf/hrúgu ofaná. „Þetta nægir til að kúffylla stampinn“.

Kúfiskbeita (n, kvk) *Kúfiskur* sem beita sjá þar.

Kúfiskfjara (n, kvk) Fjara þar sem tíndur er kúfiskur, t.d. til beitu. „Í kúfiskfjörunni var sullast fram á miðjan daginn eftir“ (HO; *Ævisaga*; róid úr *Láturdal*).

Kúfiskhnífur (n, kk) *Beituhnífur*; *beitukutti*; hnífur með stuttu oddlausu blaði, hentugur til að skera kúfirk úr skel til beitningar.

Kúfisklega (n, kvk) Mið þar sem kúfiskur er plægður upp. „Kúfisklegan undan Breiðavíkurrifi norðarlega. Þar var plægður upp kúfiskur þegar ég man fyrst eftir, en þótti erfið og ófengsæl beitutekja og lagðist þá niður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Kúfiskplógur (n, kk) Tæki til veiða á *kúskel*, sjá þar.

Kúfiskpoki (n, kk) Poki sem kúfiskur er tindur/geymdur í. Sjá *kúfiskur*.

Kúfiskur / Kúskel *Arctica islandica*; lindýr/skeldýr/samloka sem algeng er á grunnsævi á sand- og leirbotni við Ísland; mestmegnis á 5-10 m dýpi, en finnst niður á 2 km dýpi. Vöxtur kúskeljar er hægur, en hún getur náð hæstum aldri allra lífvera sem um er vitað; yfir 400 árum. Mesta lengd kúskeljar er um 11 cm. Hún hrygnir í október-nóvember. Skelin liggur yfirleitt niðurgrafin á sandbotni, þannig að aðeins rönd stendur uppúr, með inn og útstreymisopum. Fæðan er svifþörungur. Þorskur og fleiri fiskar lifa á ungrri skel, en steinbítur getur brotið og étið stórar skeljar. Mikið af skeljasandi á þessu svæði er talið stafa af kúfiskáti steinbítsins. Rannsóknir á vaxtarhringjum kúskeljar geta gefið mikilvægar vísbendingar um ástand sjávar á hverju ári. Kúskel er m.a. að finna fyrir öllum Útvíkum og í Patreksfirði. Hún er ekki í miklu magni á Kollsvík, en hinsvegar var hann helsta beitan á lóðir í Kollsvíkurveri á síðustu tímum útgerðar þaðan. Hann var einkum sóttur inn í Skersbug í Patreksfirði og er þeirri beituöflun lýst í ritgerð Kristjáns Júlíusar Krisjánssonar um Kollsvíkurver:

„Þegar byrjað var að leggja línuna þurfti beituöflun að hafa átt sér stað. Beita sú er nær einvörðungu var notuð var kúfiskur. Skeljarinnar var aflað með tvennu móti; annaðhvort var hún grafin upp með höndunum um stórstraumsfjöru inni í Skersbug, innan við Sandodda, eða hún var plægð upp á meira dýpi. Það var kallað að *fara í Bug* eða *fara í beituöflun*, þegar grafið var eftir skelinni með berum höndum. Aðeins var hægt að taka skelina um stórstraumsfjörur, og gátu þær þó verið misjafnlega stórar. Best var að grafa ef lyngt var og sólfar. Birta og hlýja höfðu sitt að segja þegar grafa þurfti úr sjó er tók á miðjan upphandlegg, bæði þegar byrjað var og áður en hætt var; jafnvel þótt fjaran væri góð, en annars allan tímann í lakari fjörum. Eins varð það *til бага* ef vindur stóð á land; þá varð fjaran lakari. Það þótti dágóð *eftirtekja* ef einn maður gróf upp skel í tvo poka. Oft var það minna, en í bestu fjörum nokkru meira. Eins voru afköstin allmisjöfn hjá hverjum einstökum. Meðan bátar skriðu áfram aðeins með árum og segli var þarna um alllangan veg að sækja, eða um þrjár vikur sjávar. Fara varð af stað að morgninum, og lá þá oft lá þá oft *landsynningskaldi* út fjörðinn, eða logn þegar best var. Af áliðnum degi var svo komin innlögn í fjörðinn. Öll ferðin var því farin *undir árum* og róðurinn all erfiður á köflum. Eftir að vélbáturinn Fönix kom til sögunnar var hann notaður til þessara ferða. Fóru þá margar skipshafnir á honum inn í Bug. Grafið var eins lengi og fjara framast leyfði. Oft var meiri skel tekin en báturinn bar. Var þá hæfileg hleðsla skilin eftir í Bugnum, en farið með það sem umfram var út á Patreksfjörð/Eyrrar; pokarnir látnir í sjó á útfiri og látnir geymast þar uns ferð var gerð eftir þeim. Síðan var farið aftur inn í Bug og báturinn hlaðinn með því sem eftir var skilið og þaðan haldið út í Kollsvíkurver....

Þegar skelin var plægð upp *lögðu* ávallt tvær skipshafnir *saman* til þeirrar beituöflunar. Það var allvíða sem kúfiskamið voru skammt undan landi, en aldrei féll útaf. Voru hin helstu þau sem hér verða nefnd; Kúfisklegan undan Breiðavíkurri norðarlega. Þar var plægður upp kúfiskur þegar ég man fyst eftir, en þótti erfið og ófengsæl beituökja og lagðist þá niður. Þá var lengst af plægð upp skel undan Tungurifi í Örlygshöfn. Einnig framundan Vatnsdal og Kvígindisdal, einkum af heimabændum. Plægt var einnig undan Hvalskerri, svo og undan Tálknahlíðum; innanvið Hlíðardal. Tæki til þessarar beituökju voru allfrumstæð í fystu. Talið er að kúfiskplógurinn hafi verið fundinn upp og smíðaður af Einari Bogasyni í Hringsdal í Arnarfirði. Urðu síðar á honum nokkrar lagfæringar, enda gátu þeir verið misjafnir að gerð og gæðum. Við plóginn var festur netpoki, 1 ½ -2m á lengd. Þegar tveir bátar voru við plægingu var annar báturinn nefndur *spilbátur* en hinn *plógbátur*. Spilið (eða fyrst *framanaf* dráttarvindan) stóð á tveim þóftum bátsins og var rammlega *njörfað* fast við þær. Bátinum var síðan lagt við öruggan stjóra; nærri svæði því er vænlegt þótti til *fengsellar* skeltekju. Hæfilega langur strengur (virstrengur) var undinn upp á spilið, en enda hans síðan fest með lás í *trjónuna*; framenda plógsins. Nú tók hinn báturinn plóginn, og með hann var síðan róid út uns strengurinn var kominn á enda. Þá var plógnum hleypt til botns á bandi, sem kallað var *hnakkaband*. Í enda þess var flotholt eða belgur, er þá var fleygt fyrir borð. Þá byrjuðu *spilmenn* að snúa spilinu og vinda strenginn upp á það. Það voru fjórir menn sem það gerðu. Stóðu tveir og tveir hvor andspænis öðrum við hvorn enda spilsins og höfðu aðra hönd hvor á spilsveifunum. Skipt var um, svo erfiðið kæmi á báðar hendurnar. Þegar plógurinn kom til botns og farið var að draga hann, gróf hann sig strax *því sem næst* á kaf í sand; losnaði um skelina í plógarinu og bærust þær síðan aftur í pokann. Skelinni fylgdi oftast sandur, steinar og sitthvað annað *ógagnlegt*. Þegar búið var að draga plóginn nokkuð áleiðis heim að spilbátinum; allt að á miðja leið, þó nokkuð misjafnt; *hrökk* hann upp sem kallað var; þ.e. missti festu í sandinum. Var ásaðan ýmist sú að því nær sem dró bátinum lyftist plógnefið meira upp, eða að komið væri talsvert í pokann; eða í þriðja lagi að plógurinn hefði lent á steini. Það gat skeð að hann fengi festu aftur um stund. Annars fóru plógbátsmenn strax að hnakkabandinu og drógu plóginn upp. Stundum var það gert með handafli einu saman, en á síðari árum var það gert með vindu eða spili. Þegar plógurinn kom uppundir borð var honum snúið svo að tennurnar vissu frá súð bátsins. Þá var hann hækkaður svo að nefið kom allt uppúr sjó; þá tekið í það og plógurinn veginn inn yfir borðstokkinn. Síðan var tekið í tvö bönd er lágu sitthvorumegin úr plógnum niður í horn pokans. Á þessum böndum var pokanum þvælt sitt á hvað í sjónum til þess að skola burtu leir og sand. Að því búnu var pokanum lyft og steipt úr honum skelinni inn í bátinn. Þá var plógurinn

róinn út á ný nálægt, en þó ekki í sama plógar. Þeir sem í plógbátum voru létu nú skelina í poka en fleygðu ýmsu rusli eða úrgangi í sjóinn. Svona gekk þetta æ ogfan í æ; að draga plóginn og tæma pokana, uns sæmileg *skeltekja* var fengin og þreyta og svefnleysi fór að sækja á mannskapinn. Stundum þurfti að færa sig úr stað áður en nægjanleg kúfisktekja var fengin.

Enn var og sú aðferð við þessa beituöflun viðhöfð að spili; ýmist handsnúnu eða *gangspili*, var fest á landi og plógur fluttur út. Komist varð af með einn bát, plógbátinn, en ef til vill nokkru lengri lengri *plógstreng*. Þessi aðferð var einkum notuð í Vatnsdal og Kvígindisdal, og þá helst af heimabændum....

Línan var beitt í landi að kvöldi hvers dags sem róðið var og fyrir fyrsta róður. Var einn skipverja sem beitti, tók fiskinn úr skelinni og skar beituna. Hinir fóru í aðgerðina; þ.e. hausa, fletja, þvo og salta fiskinn....

Meðan *legið* var yfir línu var *skorið úr skel* og beita brytjuð... (KJK; Kollsvíkurver).

„Ekki virðist farið að nota kúfisk til beitu að neinu ráði fyrr en seint á 19. öld, og í því efni höfðu Vestfirðingar forystu. Í fyrstu var hann allur úr rekaskel... Í Patreksfirði var kúfiski fyrst beitt 1898.. Hvergi var kúfiskur vaðinn upp að neinu ráði nema í Skersbug við Patreksfjörð.. Þegar vaðið hafði verið svo langt að sást á kúfiskinn varð að fara með handlegginn upp að öxl niður í sjóinn, svo náð yrði til hans. Varð að gæta þess að bora fingrunum beggja megin við skelina og kippa henni snögg upp, en varast að hitta á munninn, þar sem af slíku biti gat hlotist vont meiðsl. Eins og gefur að skilja rann ofan í brækurnar og yfir bakið þegar menn réttu sig upp eftir hverja seilingu svona langt niður. Flestir notuðu því hvorki brækur né sjóstígvél. Svipað er að segja um skinnstakkinn; í honum var sjaldan verið í logni og sólskini, en þegar hvasst var og kalt fóru menn í hann til að verjast næðingi, og má nærri geta hversu notaleg hlíf hann hefur verið; *hildablauttur* í kalsaveðri. Stöku sinnum bar það við að menn fengu lungnabólgu uppúr þessum ferðum. Sjaldan var meiri skel en svo að hver maður næði í 1-2 poka í ferðinni. *Beitutollur* var 2 kr fyrir hvern mann yfir fjöruna“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir GG; KJK o.fl.)

„Minna var gert af því að plægja kúfisk eftir að síld varð almenn beita... Sumir geymdu kúskelina í pokunum þar sem féll yfir hana um hverja flæði. Skelin var tekin úr pokunum og *skorið úr* jafnóðum og beitt var. Hnífurinn/kúfiskhnífurinn var löngum heimasmíði; stuttblaða og oddlaus... Tvær til fjórar beitur fengust úr skelinni eftir stærð hennar“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

„Til forna var kúfiskneysla á þessum slóðum og þótti gott að fá hann til matar til tilbreytingar. Kúfiskurinn var etinn steiktur og súrsaður, eða bara soðinn og etinn með feitmeti. en hvernig hann var verkaður fyrir neysluna er mér ekki kunnugt. Skeldyngjurnar við flest byggð ból í Rauðasandshreppi sannar neysluna (og notkun til beitu). Vitað er að Sauðlauksdalskirkja verður mjög snemma eigandi að Hvalskeri og Skersbugnum og að þarna var mikið um að menn kæmu seinni hluta vetrar og að haustinu að afla sér þessarar bjargar. Skelfisksát var þá almennt um þessar slóðir. Til dæmis var sett bænhús í kaþólskum sið vegna þess fólks er þarna safnaðist saman vor og haust“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

„Til beitu á lóðirnar voru fyrst notuð hrognkelsi, ásamt ljósabeitu. Fljótlega var þó farið að nota kúfisk, og var hann tekinn inni í Bug, hjá Hvalskeri. Sá fyrsti sem notaði kúfisk til beitu mun hafa verið Þórarinn Thorlasius, á Sveinseyri í Tálknafirði. Og þar sem þessi beita var miklu betri. Ekki er glögtt vitað hvenær byrjað var að nota kúfiskplóg, en Ólafur Magnússon minnst þess að Torfi Jónsson bóndi í Kollsvík hafi smíðað kúfiskplóg úr skeifnajárni. Með honum var m.a. reynt að plægja undir Breiðavíkurrifi, en sú skel sem þar fékkst var mjög smá; aðallega rauðbarði (GG; Lóðir í Kollsvíkurveri; skrá EÓ)

„Það var oft erfitt fyrir viðvaninga; sjóveika í byrjun, og kvalræði að fara með kúfiskinn. Fyrst var farið í beitufjöru í Bugnum á Hvalskeri, og krafsað þar upp með höndunum kúfiskskeljarnar uppúr sandinum. Bugsferðir voru ávallt farnar um stórstrauminn. Skelin var svo geymd í pokum þar sem sjór féll á hana, en þegar þetta fór að eldast drapst skelin og þetta varð úldið og blátt. Varð þetta ekta sjóveikiefni, þegar lyktin af þessu blandaðist saman við þefinn af brókunum, sem voru verkaðar með lýsi eða grút“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Kúfisktekja (n, kvk) Veiði/aflí/fengur af kúfisk. „Stundum þurfti að færa sig úr stað áður en nægjanleg kúfisktekja var fengin“ (KJK; Kollsvíkurver). Kúfiskveiði er yngra orð og var ekki notað.

Kúfurinn af (orðtak) Mest af; mestmegnis. „Kúfurinn af þjóðarskuldunum er vegna *óspilunarsemi*“.

Kúga (s) A. Neyða eða þvinga einhvern til einhvers. B. Tæma; teygja. „Hann kúgaði hvern dropa úr flöskunni án þess að *depla auga*“.

Kúga til síðasta dropa (orðtak) Um lög í íláti; klára algerlega; þurrka.

Kúgast (s) Æla; spúa; fá ælukrampa án þess að neitt komi upp. „Ég reyndi að plokka ýlduna úr netunum, milli þess að ég lagðist útyfir borðstokkinn og kúgaðist“.

Kúgi (n, kk) Dropi; smásopi. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Einhver kúgi er enn eftir í glásinu“.

Kúgildi / Kvígildi (n, hk) Verðgildiseining fyrri tíma. Kúgildi var verð einnar kýr og jafngilt einu hundraði á landsvísu eða 6 kindum, loðnum og lembdum. Kúgildi var einnig fylgífé leigujarðar, sem hver ábúandi varð að standa skil á til þess sem tók við af honum; eða greiða af þeim leigu til landsdrottins. Verðmæti kúgildis var dálítið misjafnt eftir tíma og landsvæðum. Um 1200 var kúgildi 3 *vættir* osts eða smjör. Á 13. Öld var

eitt kúgildi metið á hundrað *álnir vaðmáls*; þ.e. *stórt hundrað* = 120. Og á 15. öld 120 *gildir fiskar*; þ.e. 40 á 4 *merkur* og 80 á 5 *merkur*. Góður vinnumaður er talinn hafa haft sem svaraði einu kúgildi í laun á ári. Laun vinnukonu voru iðulega þriðjungur af þeim. „Leigukúgildi með Hólum 2 (1 kyr; 6 ær). Hjá Ólafi (á Hólum) eru nú lifandi, fyrir utan kvígildin, 3 *gemlingar*. ... Leigukúgildi (á Grundum) 3... Kúna uppþyngir landsdrottinn. Ærnar hefur leiguliði uppþyngt, þó er það ei áskilið“ (ÁM/PV; Jarðabókin 1703).

Kúgun (n, kvk) Undirokun; áþján. „Um aldaðir mátti Útvíknafolk búa við kúgun og arðrán af hendi höfðingjaveldisins; einkum landsdrottina í Saurbæ“.

Kúguppgefinn / Kúgpreyttur (l) Örpreyttur; alveg búinn. „Ég er alveg kúguppgefinn eftir að elta við þessar skjátur“.

Kújón (n, kk) Skáلكur; ómenni. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Kúka (s) Skíta; hafa hægðir; ganga örna sinna; flytja lögmann; gera þarfir sínar; gera að buxum; gera stórt“.

Kúkur (n, kk) Þrekkur; skítur; hægðir.

Kúla (s) Stykkja; skera í fisk (einkum steinbít) sem hengdur er upp, til að hann þorni fljótar og verði þægilegri til átu. „Steinbítur sem hengdur var upp til herslu í Kollsvík var kúlaður en aldrei var til síðs að kúla grásleppu sem *látin* var *síga*. Slíkt þótti valda óbragði og þráa“. „Steinbíturinn var einnig hausaður, fluttur og kúlaður; þ.e. skornir þverskurðir yfir báða helminga“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hann kom með þá tillögu að hver útgerðarmaður borgaði okkur einn steinbít; fullhertan, góðan, vel verkaðan harðsteinbít; kúlaðan“ (GJH; Hálfdrætingur í Kollsvíkurveri).

Kúlða (s) Hafa í kúld/þröng/kuðung; kreppla/hnoða saman. „Það er óþarfi að kúlða féð lengur inni ef veðrið er að lagast“. Sögnin, líkt og samhljóða nafnorð, er eflaust stofnskyld orðinu kúla.

Kúlða / Steinbítskúlða (n, kvk) *Kinnfiskur*. „Kinnfiskurinn/ kúldan/steinbítskúldan var víða rifin til átu úr hörðum hausnum. Dálítið var á reiki með kúlduheitið. Það gat átt við kinnbeinið ásamt fiskinum og einnig allan hausinn.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

Kúlðaður (l) Krepptur inni í þrengslum. „Féð verður mikið frískara ef það fær sína útibeit, heldur en ef það er kúldað inni allan veturinn“.

Kúlðra / Kúlðrast (s) Híma; hafast við. „Ég er ekkert að kúlðra féð lengur inni; fyrst veðrið er farið að lagast“. „Heldur var það nóturleg vist að kúlðrast í þessum húshjalli“.

Kúlduleitur (l) *Búlduleitur*; með bústnar kinnar; *fullur að vöngum*.

Kúldur (n, hk) Innivera; það að hýrast inni í húsi. „Ég kann betur við að bjástra eitthvað útvið en endalaust kúldur inni í húsum“.

Kúlubysa (n, kvk) Byssa til að skjóta einni kúlu; ríffill eða fjárbyssa/skammbysa. Til aðgreiningar frá haglabysu og *rotbyssu*. „Yfirleitt var notuð rotbyssa á fé í sláturhúsinu, en þó kúlubysa á fullorðna hrúta“.

Kúlun (n, kvk) Aðferð við fiskverkun; þegar fiskurinn (steinbítur, grásleppa eða annar) hefur verið flakaður eru skornir þverskurðir í fiskholdið til að flýta fyrir þurrkun og gera fiskinn aðgengilegri til átu. Hnífnun er þá hallað að aðgerðarmanni, þannig að kúlan verði bein þegar fiskurinn er siginn. Yfirleitt tíðkaðist ekki að kúla fisk í Kollsvíkurveri fyrr á tímum, að því best er vitað. Grásleppa var hvorki flökuð né kúluð í Kollsvík, heldur kviðskorin og látin síga heil. Feitum fiski hættir meira til að þrána sé hann kúlaður.

Kúluvembdur (l) Með ístru; feitlaginn; með áberandi maga. „Kindur eru kvikar vel og kúluvembdar;/ flestar eða allar lembdar“ (JR; Rósarímur).

Kúluvömb (n, kvk) Áberandi magi; sá/sú sem er feitlaginn; ístrubelgur.

Kúmenkaffi (n, hk) Kaffi sem bragðbætt er með kúmenfræjum.

Kúmente (n, hk) Te sem lagað er úr kúmenfræjum eða bragðbætt með þeim. Kúmen (Carum carvi) vex ekki villt í Kollsvík, en þar eru hinsvegar breiður af *vallhumal* (Achillea millefolium), sem tilskyndar er áþekk planta. Hann var stundum notaður í te, sem ýmist var nefnt *vallhumalste* eða kúmente.

Kúnst (n, kvk) List; vandaverk. „Það er töluverð kúnst að fá svona stein til að falla vel í hleðslu“.

Kúnstugheit (n, hk, fto) Skrípalæti; bellibrögð; listgerningur. „Ég er ekki nógu menningarlega þenkjandi til að botna í svona kúnstugheitum“.

Kúnstugur (l) Sniðugur; sérstakur. „Hann gat stundum verið dálítið kúnstugur í tilsvörum“. „Það er alveg kúnstugt að sjá aðfarnar hjá honum“.

Kúnstverk (n, hk) Listaverk. „Svona kúnstverk sér maður ekki á hverjum degi“.

Kúphyrnd (l) Hornalag á sauðkind; hornin fremur stutt, vaxin uppávið og í krappan hring. Sjá *hringhyrnd*; *bjúghyrnd*.

Kúpull (n, kk) Kúlulaga skermur utanum lampa/ljós.

Kúr (n, kk) A. Tímabil sem lyf er tekið eða fæði innbyrt eftir sérstakri tilskipun/forskrift. „Ég þurfti að fara á tíu daga pensillínkúr“. B. Lúr; blundur; stuttur svefn. „Hann fékk sér dálitinn kúr eftir matinn“.

Kúra (s) Lúra; blunda; sofa; *halla sér*. „Alltaf er nú best að kúra í sínu eigin rúmi“.

Kúrant (n, kk) Mynt; gjaldmiðill. Sletta af ensku; „current; currency“. Heyrist ekki í nútímamáli.

Kúreki (n, kk) A. Sá sem rekur kúr. Notað á síðari tímum í Kollsvík yfir þá sem ráku kúr til beitar og sóttu þær aftur til mjalta. B. Þýðing á ameríska heitinu „cowboy“, sem í upphafi merkti þá sem gæta mikilla nautahjarða og oftast ferðast á hestum, en hefur verið afskræmt í Hollywoodmyndum, eins og fleira.

Kúrs (n, kk) Stefna; átt sem farið er í. „Hafðu kúrsinn *ljóst fyrir* Háanesið til að byrja með“.

Kúska (s) Kúga; þvinga; fara illa með. „Þú verður að standa fast á þínu og ekki láta kúska þig“.

Kúska til (orðtak) Lumbra á; lemja. „Þeir króðu hann af á þorablótinu og ætluðu að kúska hann til“.

Kúskeljabingur / Kúskeljahaugur (n, kk) Haugur/hrúga/hóll af kúskeljum. „Lengi eftir að útgerð lauk úr Kollsvíkurveri mátti enn sjá kúskeljahauga, þar sem skorið hafði verið út til beitu. Einkum ofan Norðaríkletta. Mikið af þessu hefur horfið við umferð ferðafólks“.

Kústa (s) Sópa með kústi. Talað var að „kústa gólfín“ eða „kústa yfir gólfín“; „kústa grindurnar/jötuna“ o.fl..

Kústaskápur (n, kk) Skápur til geymslu á sópum/kústum, gólfskrúbbum o.fl.

Kústur / Kústhaus / Kústskaft (n, kk/hk) Sópur og hlutar hans. Kústur var einnig notað um málningarpensil og þá talað um málningarkúst, eða kalkkúst ef hann var til að kalka vegg.

Kútaburður (n, kk) Burður eggjakúta frá eggjatökustað áleiðis heim. „Gott er að hafa léttu yfir axlir til að auðvelda kútaburðinn þegar um langa leið er að fara, eins og af Breiðsbrún eða upp Geldingsskorardal“.

Kútaréttingar (n, kvk, fto) Handlöngun eggjakúta, t.d. á milli ganga í klettum eða af hlein í bát. „Það var munur að hafa svona öflugan mann í kútaréttingar, þó ekki væri hann mjög fær í klettum“.

Kútfylli (n, kvk) Fullur kútur. „Ég hafði kútfylli af höfðanum, og slatta í fötu í viðbót“.

Kúthald (n, hk) Hald/handfang á kút/eggjakút. „Árans kúthaldið gaf sig á leiðinni, svo þar fóru mörg egg“.

Kútmagi (n, kk) Maginn úr þorski. Hann var nýttur til matar, en að slíta hann og lifur og kýtu úr slógi nefndist að slíta slóg. Þar af málshátturinn; „sá þarf ekki að slíta slóg sem hefur nóg“. Kútmagi var skafinnog þveginn vandlega; himnudreginn, þveginn og þurrkaður á grjótgörðum. Harður var hann dreginn upp á band með fjaðra- eða beinnál. Eftir þurrkun var hleypt upp á honum og hann látinn í súr. Sá síður hefur tíðkast lengi í Kollsvík og víðar að eta kútmaga nýja og þá fyllta með lifur. Eftir að kútmaginn hefur verið þrifinn vandlega og himnudreginn er hann fylltur með lifur, sem stundum var drýgð með rúgmjöli; í garnaropið tekin tvö togþráðarspor eða dregið saman með bauluprjóni en reyrt að munnamaganum með seglgarni. Þannig matreiddur er kútmaginn herramannsmatur. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Kúttu (s) Skera á/sundur; *kutta*. B. Taka innanúr fiski; skera fyrir og fjarlægja ræksni.

Kúttaður (l) Um fisk; búið að *kúttu*. „Fyrir á öldum mun ætíð hafa verið komið með fiskinn óslægæðan að landi, enda var ýmislegt af ræksnunum hirt til matar, s.s. kútmagi og lifur, en annað nýtt til áburðar á tún. Á fyrrihluta vélbátáutgerðar fór að tíðkast að kúttu afla á sjó; sem varð múkkanum mikil búbot. Á síðustu árum eru skakbátar skyldaðir til að koma með allan afla ókúttaðan að landi, en vel ísaðan“.

Kúttur (n, kk) Skúta; fremur lítið, þiljað seglskip (þó yfirleitt ekki notað um þau sem nota þversegl, og ekki um skonnortur). „Um skipsheitið kúttur er það að segja að upphafleg merking þess mun vera skip með beinu framstefni; gagnstætt hinu trjónumyndaða skonnortulagi“ (GiG; Skútuöldin).

Kútur (n, kk) A. Ílát. Fyrrum var oftast átt við litla tunnu, t.d. áttung. Nú er oftast átt við ílát út gleri, blikki eða plasti; sbr brennivínskútur; eggjakútur. B. Hnipur; krepptur líkami. „Ég hrökk í kút við hvellinn“. C. Gæluorð um smástrák. „Komdu hérna kúturinn minn“. D. Vettlingur sem svo mikið er róinn/þæfður að hann er stífur og lagaður að hendinni. E. Mælieining fyrrum; 8 *pottar*.

Kútveltast (s) Velta stjórnlaust niður bratta. „Honum *skrikaði fótur* og svo kútveltist hann niður hliðina“.

Kúvenda (s) A. Aðferð við að venda skipi. „Tvær voru aðferðir við að venda skipi. Mátti bæði *stagvenda* og hálsa, þ.e. *kúvenda*. Stagvending var miklu hentugri í alla staði og einatt viðhöfð þegar hægt var. En gangtreg skip *neituðu* stundum *vendingu*; fengust ekki til að falla yfir til annarrar hliðar þótt þeim væri beitt upp í vindinn. Þá neyddust menn til að beita hinni aðferðinni, að slá skipinu undan vindinum og sigla nær því í hring. Tafði það siglinguna og þótti verra í alla staði“ (GiG; Skútuöldin). B. Afleidd merking; skipta alveg um skoðun í afstöðu til máls. „Mér sýnist að flokkurinn sé búinn að kúvenda í þessu máli“.

Kúvending (n, kvk) Mikið breytt stefna, *sjá kúvenda*. Nú eingöngu notað í líkingum um málefni/skoðanir.

Kvabb (n, hk) Nöldur; bón; nudd. „Þú fyrirgefur þetta kvabb“ (Bréf AK til VÖe í júní 1941).

Kvabba á (orðtak) Biðja um greiða; ómaka. „Mætti ég nokkuð kvabba á þér með þetta einu sinni enn“?

Kvaðalaust (l) Án kvaða/skuldbindinga; skilyrðislaust. „Hann mátt eiga þetta kvaðalaust frá minni hendi“.

Kvaðir (n, kvk, fto) Vinnuskylda og framlög leiguliða í þágu laundeiganda fyrir á tíð, sem venjulega var tiltekið í leigumála jarðar. Kvaðir gátu t.d. verið dagsláttur; skipsáróður; hestlán og föðrun fjár. Í jarðabókinni má sjá ýmsar kvaðir leiguliða á jörðum Saurbæjarhöfðingja, og höfðu þær verið áhvílandi á leigujörðunum um nokkrar aldir. Mikið er t.d. um að bændur á jörðum í Örlygshöfn, Patreksfirði og á Rauðasandi séu skyldaðir til áróðurs á skipum Saurbæjar í Láturdal, Kollsvík, Keflavík og Lambavatni

Kvaðning (n, kvk) Beiðni sem inniber skyldu til mætingar/verknaðar. „Ég fékk kvaðningu um að mæta á fundinn fyrir þeirra hönd“.

Kvaðrantur (n, kk) Áhald til að mæla sólarhæð, var notað áður en sexkantur kom fram. Til er lýsing á kvaðranti til þeirra nota í íslensku fræðiriti frá 13. öld. Nafnið er dregið af því að á tækinu er gráðubogi sem nær yfir fjórðung úr hring.

Kvaðrat (n, hk) A. Tala í öðru veldi; tala margfölduð með sjálfri sér. B. Flatarmál jafnhliða fernings með öll horn rétt. Stundum notað um ferninginn sjálfan. Kvaðrat er oft táknað með forskeytinu „fer-“ á undan mælieiningunni, sbr fermetri. (Áður var stundum talað um kvaðratmetra).

Kvaðratrót (n, kvk) Sú tala sem margfölduð með sjálfri sér gefur *kvaðrat*.

Kvak (n, hk) A. Hljóð fugla, oftast notað um hljóð anda, æðarfugla og svana. B. Kvabb; bón; beiðni. Sbr sálminn „Ástarfaðir himinhæða/ heyr þú barna þinna kvak“ (Steingrímur Thorsteinsson).

Kvaka um (orðtak) *Hafa orð á*; færa í tal. „Þú verður bara að kvaka um það ef þig vantar eitthvað“.

Kvalafullur (l) Sem kostar kvalir/þjáningar. „Í samfélagi bænda og veiðimanna hefur alltaf verið forðast að láta búsmala eða veiðidýr biða kvalafullan dauðdaga“.

Kvalalaus / Kvalalíttill (l) Laus við þjáningar; þjáningalíttill. „Ég er mikið betri en í gær, en samt ekki alveg kvalalaus“.

Kvalastaður (n, kk) Annað nafn á Helvíti. Orðið er lítið notað nú á tímum, enda aflagður sá plagsiður kirkjuveldisins að halda trúgjörnu fólki í endalausum ótta við eilífðarkvalir í Helvíti eftir dauðann. Þó eru ekki mörg ár síðan prestur hótaði vítiskvölum úr ræðustól í Breiðavíkurkirkju; þeim sem ekki mættu í messu.

Kvalastillandi (l) Sem linar kvalir/þjáningar/verki. „Töflurnar verkuðu kvalastillandi í nokkurn tíma“.

Kvalinn (l) Þjáður. „Ertu mjög kvalinn“?

Kvalræðalaust / Kvalræðalítið (l) Án kvalræða; þjáningalítið. „Það er svosem kvalræðalaust að minni hálfu þó þessi háttur verði hafður á“. „Ætli það væri ekki kvalræðalítið fyrir rikissjóð að láta heflla þennan vegspotta einusinni eða tvisvar á ári“?!

Kvalræði (n, hk) Kvöl; mjög átakanlegt. „Það var oft erfitt fyrir viðvaninga; sjóveikir í byrjun og kvalræði að fara með kúfiskinn“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Kvalræði/ kvöl/ skelfing er að heyra þetta! (orðtak) Upphrópun gagnvart ótíðindum.

Kvalræðisgrey / Kvalræðiskvikindi (n, hk) Vorkunnarorð um dýr eða vesælan mann. „Vertu nú ekki að skamma tíkina; hún gat ekki betur gert; kvalræðiskvikindi“!

Kvalræðislegt (l) Neyðarlegt; skammarlegt; átakanlegt. „Manni finnst það dálítið kvalræðislegt að horfa uppá þessa ráðherra kaupa bíl fyrir tugmilljónir undir rassinn á sér, en svo fær fatlað fólk enga ferðapjónustu“!

Kvap / Kvapi (n, hk/kk) Spik. „Óttalegt kvap er nú sest framan á þig maður“.

Kvapaður / Kvapholda (l) Spikaður; feitur.

Kvarði (n, kk) A. Mælikvarði; stighækkandi einingalína til mælinga, t.d. tommustokkur eða hitamælir. B. Sérstök stika til mælinga á álnavöru.

Kvarnarhús (n, hk) Mylluhús; hús sem kornmylla er í. „Í Ánni voru tvö kvarnarhús“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur).

Kvarnarlækur (n, kk) Lækur sem í er mylla/kvörn. „Kvarnarlækur er í Kollsvík, sem öðru nafni nefndist Myllulækur og einnig Brúarlækur, þar sem yfir hann lá þykk steinhella; og síðast Bæjarnlækur eftir að byggt var núverandi íbúðarhús“.

Kvarnarsteinn (n, kk) Myllusteinn; kringlóttur steinn sem notaður var á móti öðrum slíkum til að mala korn. Ómalað kornið var sett niður í gat í miðjum efri steininum, sem síðan var snúið meðan neðri steinninn sat kyrr. Malað korn skilaði sér út við jaðrana, eftir rásun í steinum.

Kvarnarstokkur (n, kk) Kassi utanum kornkvörn/kornmyllu, sem malað kornið safnast í.

Kvarnast úr (orðtak) Molna úr.

Kvart (n, hk) Fjórðungur; einn fjórði úr mælieiningu. „Hinir bátarnir voru frá einu og kvart til eins og hálf tons“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Kvarta (s) *Bera sig upp*; bera sig illa við einhvern, undan tilteknu vandamáli/ástandi.

Kvarta og kveina (orðtak) Bera sig illa/aumlega; vera *sikvartandi*. „Það þýðir lítið að kvarta og kveina; ástandið lagast lítið fyrir því“!

Kvarta sáran (orðtak) Kvarta mikið; kveinka sér illilega. „Útflytjendur kvarta sáran yfir gengi krónunnar“.

Kvartar hver þá kennir / Kvartar sá er kennir (orðartilteki) Sá kvartar sem kennir til/ finnur til/ verður fyrir óréttlæti.

Kvartel / Kvartil (n, hk) A. Lítil tunna sem tekur $\frac{1}{4}$ löglegur tunnu eða 30 lítra; 2 áttungar. B. Fylling tungls. Tungl er á 1. kvarteli þegar það er ljóst að $\frac{1}{4}$; á öðru þegar það er $\frac{1}{2}$, og á síðasta kvarteli er það ljóst að $\frac{3}{4}$.

Kvartilaskipti tungls (orðtak) Tungl var mjög haft til viðmiðunar um tíma, meðan klukkan og dagatöl voru ekki til komin. Ferð tungls um himinhvolfið er mjög regluleg og áreiðanlegur tímamælir. Sól skín á tunglið og lýsir það upp, en vegna afstöðu þess við sól og jörð virðist ljósi hluti þess taka breytingum yfir fjögurra vikna tímabil; þá hefst aftur nákvæmlega eins skerðingarferill. Hinn upplýsti hluti tunglsins er því mælikvarði tíma, og er hlutfallið talið í fjórðungum ferilsins; jafnan nefnt „kvartil“. Tungl er vaxandi á fyrri tveimur kvartilum en minnkandi á hinum tveimur. Á fyrsta kvarteli er hægri helmingur tunglsins að lýsast upp; á hálfu tungli er síðari helmingur þess að lýsast upp, og eftir það er fullt tungl. Á þriðja kvarteli er hægri helmingur tunglsins að dökkna; á fjórða kvarteli dökknar einnig sá vinstri og á nýju tungli er tunglið án lýsingar sólar og virðist dökkt á himni. Síðan hefst sami fjögurra vikna ferill aftur.

Kvartilsbútur (n, kk) Bútur af einhverju, t.d. rjóli, sem er fjórðungur úr hring. „Árni seildist aftur niður með rúmbríkinni; tók upp rjólbitann; dró úr honum tvo toppa; rakti utanaf honum kvartilsbút sem hann skar af og stakk í vasann“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Kvartsár (l) Gjarn á að kvarta; kvartar af litlu tilefni. „Vertu ekki svona kvartsár; hann gerði þetta óviljandi“.

Kvarttunna (n, kvk) Tunna sem full er að einum fjórða. „Það var lítið í netunum eftir bræluna, enda voru þau *kökkuð* af skít; ætli þetta hafi ekki verið kvarttunna af hrognum“.

Kveða (s) A. Kveða rímur; fara með rímur með sérstökum hætti af söng. „Alltaf (á kvöldvökum) var einn að lesa eða kveða rímur. Það voru lesnar Þjóðsögur Jóns Árnasonar, Íslendingasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda, skáldsögur o.fl. Kveðnar voru rímur af Þorsteini uxafæti, Hálfadáni Brönufóstra, Sörlarímur eftir Össur Össurason á Látrum, rímur af Reimari og Fal. Það var einkum Össur Guðbjartsson (eldri) sem las; hann átti skrifaða bók af Maroni sterka“ (H.M; Í Kollsvíkurverri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964). B. *Ku* (sjá þar).

Kveða (n, kvk) Atkvæði í kvæði/ljóði. Ákveðin hrynjandi/kveðandi er í hverju ljóði, þannig að ýmist eru atkvæði/kveður með áherslu eða án áherslu. Kveða með áherslu er hákveða, en hin lágkveða. Ljóðstafir (stuðlar og höfuðstafir) þurfa að vera í hákveðu, til að ljóðið sé áheyrilegt.

Kveða að (orðtak) A. Bera fram orð; oftast þá notað um það þegar barn er að byrja að læra lestur og getur lesið heil atkvæði. Orðið „atkvæði“ vísar til þessarar merkingar. Einnig er sagt að sá sem talar af þunga; skammast, kveði fast að orði. B. Vera áberandi/mikilvirkur í samfélaginu; vera „atkvæðamaður“. „Þótti mikið kveða að Einari bónda og hreppstjóra í Kollsvík“.

Kveða drundrímur (orðtak) Freta; reka við, oft og lengi. „Hættu nú að kveða þínar drundrímur; það er aðverða *ólíft* hér inni“!

Kveða fast að orði (orðtak) Leggja áherslu á það sem sagt er; taka sterkt til orða; nota sterkar lýsingar. „Honum lá stundum hátt rómur ef honum þótti, og kvað þá fast að orði“.

Kveða í kútinn (orðtak) A. Ljóða þannig á mann að hann geti ekki svarað fyrir sig þegar kveðist er á. B. Síðari notkun var líking af þeirri fyrri; sagt var að sá hefði kveðið annan í kútinn sem sagði eitthvað svo kröftugt eða rökfast að hinum varð svara vant. „Mér tókst að kveða hann í kútinn varðandi þessa vitleysu“.

Kveða dyra (orðtak) Knýja dyra; banka á hurð. „Klukkan sex um morguninn var harkalega kvatt dyra á Láganúpi“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Kveða sér hljóðs (orðtak) Fá aðra til að hlusta á sig; hækka röddina yfir klið annarra; byrja að tjá sig/ tala. „Hann kvaddi sér hljóðs eftir umræðurnar og sagði sig úr félaginu“.

Kveða sig fylgjandi (orðtak) Lýsa yfir stuðningi við; segjast vera sammála. „Kr. Júlíus Kristjánsson kvað sig málinu fylgjandi, enda þótt misjöfn reynsla hefði af því orðið áður“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Kveða uppúr með (orðtak) Leggja dóm á; segja sitt álit; úrskurða um. „Hann kvað uppúr með að þetta væri mark heimamanna, en það væri hroðvirknislega markað“.

Kveða við (orðtak) Heyrast í; taka undir í. „Ætlarðu ekki að hafa þig í að kveikja á þrímusnum drengur; það er naumast að þú hefur sofnað“! kvað aftur við í formanninum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Kveða við raust (orðtak) Syngja/kveða upphátt/hátt. „Vel heyrðist til karlsins í logninu, þar sem hann kvað við raust á dráttarvélinni“.

Kveðandi (n, kvk) Hrynjandi í kveðskap; rím, kveður og annað sem gerir ljóð áheyrilegt.

Kveðast (s) Segjast; segja; halda fram. „Magðalena Össurardóttir var 3 vor í Verinu og kveðst heldur vilja gera það en vinna bæjarverkin“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Kveðast á (orðtak) Tólmstundagaman/íþrótt sem felst í því að tveir eða fleiri kveða vísur (oft stökur) til skiptis; á þann veg að næsti maður verður að byrja sína vísu á því orði sem síðasta vísa endar á. Reglur geta verið með ýmsu móti; stundum er einungis síðasti stafur síðustu vísu upptaktur að þeirri næstu; stundum eru vísurnar fyrri skáldverk en stundum frumsamdar, og reynir þá á skáldagáfuna. Menn gerðu mikið af því áður fyrr að kveðast á, sér til dægurstyttingar. Á þann hátt þjálfuðust menn í kveðskap og urðu margir ágætlega skáldmæltir. Bæði var kveðist á með þekktum vísu og einnig frumsömdum, ef vel voru gerðar. Var íþrótt þessi mikið iðkuð á Kollsvíkurbæjum. Kunn var hagrýðingafjölskyldan í Vatnsdal, og þar mun þessi íþrótt einna síðust hafa verið stunduð að ráði í Rauðasandshreppi. Sjá *botna; kasta fram vísu*.

Kveðja (s) A Mæla kveðjuorð að skilnaði. B. Andast; skilja við; deyjja. „Hún var þá að kveðja í gær blessuð gamla konan“. C. Kalla eftir.

Kveðja með virktum / Kveðja innvirðuglega (orðaök) Kveðja alúðlega/ á innilegan hátt.

Kveðja til (orðtak) Kalla til; kalla eftir liðsinni; fá til verks. „Almennur hreppsfundur samþykkir að fela hreppsnefndinni að kveðja einn mann til þess að fara um og líta eftir hvernig fjallskil eru framkvæmd á hverjum stað í sveitinni“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 24.03.1962; ritari ÖG).

Kveðjustund (n, kvk) Tími fyrir kveðju; þegar kvatt er.

Kveðskapur (n, kk) Kvæði; ljóð; vísa; hvaðeina sem til ljóðlistar telst. „Ekki þótti honum mikið til kveðskaparins koma“.

Kveðskaparlist / Kvæðalist (n, kvk) Listin að kveða ljóð svo vel fari og áheyrilegt sé; hvort heldur er frumsamið eða eftir aðra. Sú list er ekki öllum gefin, og fellur ekki endilega saman við *skáldskapargáfur*.

Kveður við annan tón (orðtak) Öðruvísi viðbrögð; *annað hljóð í strokknum*. „Nú kveður við annan tón hjá honum, eftir að hann komst í hreppsnefndina“!

Kvefdrulla / Kveffjandi / Kvefskítur (n, kvk/kk) Óvirðulegt heiti á kvefi. „Ég held að ég gæti verið að fá einhvern bölvadan kvefskít“. „Hún er þræsín í manni þessi kvefdrulla“.

Kvefpest (n, kvk) Kvef. „Ætli maður sé bara ekki kominn með þessa kvefpest sem er að ganga núna“.

Kvefsækinn (l) Gjarn á að fá kvef/kvefpest. „Maður er svo ansi kvefsækinn“.

Kveifaraskapur (n, kk) Aumingjadómur; viðkvæmni. „Það þýðir ekkert að vera með kveifaraskap í þessu“.

Kveif (n, kvk) Aumingi; vesalingur; heigull. „Baðvatnið er nú ekki svona kalt; vertu ekki þessi kveif“!

Kveifarháttur / kveifaraskapur (n, kk) Heigulsháttur; aumingjadómur. „Skelfingar kveifarháttur er þetta; að þora ekki að taka kvikindið upp og fleygja því út“!

Kveifarlegur (ao) Aumingjalegur; ræfilslegur. „Mér fannst hann óttalega kveifarlegur þegar á reyndi“.

Kveiking (n, kvk) A. Kvíknun tungls; byrjun á nýju tungli í tunglmánuði. Einnig stundum notað um það þegar straumur byrjar að stækka. B. Suða málms. C. Uppkveikja elds. „Nú er ég hræddur um að kveikingin hafi mistekist hjá mér í reykkofanum“.

Kveikja báru (orðtak) Byrja að auka sjógang. „Aðeins er hann byrjaður að kveikja báru. Ég er hræddur um að það verði ekki mikill friður þegar líður á daginn“.

Kveikja fall (orðtak) Byrja norður- eða suðurfall. „Hann er aðeins farinn að kveikja fallið, ég ætla að *leggja út* og snúa bátinum svo *standi rétt á færin*“.

Kveikja saman (orðtak) Lóða saman; bræða málma til að festa samskeyti. „Svo smíðaði hann pabbi olíulampa úr kopar, og ég á enn tvo af þeim. hann keypti á þá kransana sem glösin stóðu í, en kveikti saman olíuhaldarann og grind til að hengja hann upp“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Kveikja straum (orðtak) Straumur byrjar að vaxa eftir smástreymi. „Hann er að byrja að kveikja nýjan straum“.

Kveikja tungl (orðtak) Tungl byrjar að lýsast eftir nýtt tungl. Tunglkviknun hafði verulega þýðingu í gamalli rímfræði.

Kveikja undir / Kveikja upp (orðtak) Kveikja eld í reykkofa og ganga frá honum. Mokað er ösku úr fyrri *uppkveikju*; nýju hæfilega kurluðu og þurru brenni *grindað* í eldstæðið; e.t.v. hellt örliðu af steinolíu yfir til að örva eld í byrjun; þykku og hæfilega þurru torfi hagrætt yfir þegar vel logar, þannig að eldurinn kafni hæfilega mikið til að lifa en logi samt ekki uppúr. Takist uppkveikjan vel og ef brennið er gott, þá endist glóðin lengi og mikil og jöfn reykmýndun í verður í marga klukkutíma; jafnvel þar til kveikt er upp aftur“.

Kveina (s) A. Veina; æpa; reka upp sársaukaóp. B. Bera sig illa; kvarta. *Kvarta og kveina*.

Kveinka sér (orðtak) Bera sig illa; kvarta. „Þa þýðir ekkert að kveinka sér þó gefi á bátinn öðru hvoru“.

Keinstafir (n, kk, fto) Miklar kvartanir; bölmóður; vol; væl. „Vertu nú ekki með þessa kveinstafi yfir svona smámunum“.

Kveisa (n, kvk) A. Nokkuð langvarandi iðraverkir/magaverkir. „Ég hef haft bölvæða kveisu í maganum í allan dag“. B. Sníkjudýrið *illa/tálknormur* sem trúað var að gæti valdið kveisu (sjá þar). C. Stundum haft yfir hverskonar verkja-/veikindakast.

Kveisublað (n, hk) Blað/bók með galdrarúnum sem ætluð eru m.a. til að valda kveisu/veikindum annarra; galdrastafir á blaði sem laumað er í bæli manns til að valda honum veikindum/kveisu.

Kveisugras (n, hk) Jurt sem lækna kveisu/iðraverki/niðurgang. Ýmsar jurtategundir hafa á síðari tímum verið nefndar þessu nafni. Má þar nefna þrjústagras, horblöðku og mariuvönd. Má líklega rökstyðja virkni allra.

Kveisukast / Kveisustingur (n, hk) Magaverkur; niðurgangur; innantökur. „Ég fékk eitthvað árans kveisukast í gær, og enn er ég ekki laus við kveisustingi“.

Kveld (n, hk) Kvöld. Sjaldnar notað e í framburði nema í orðasambandinu *dagur að kveldi kominn* = framorðið.

Kvelda (s) Kvöld; verða kvöldsett. „Við förum að hætta þessu í dag; það fer senn að kvelda“.

Kvelja (s) Þína; valda sársauka/vanlíðan. „Það er ástæðulaust að kvelja sig á þessu lengur; nú fer ég og geri eitthvað í málunum“!

Kveljast (s) Líða mjög illa. „Maður kvaldist af sjóveikinni fyrstu dagana, en svo vandist það nú af“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).

Kvellisjúkur (l) Skyndilega og oft veikur. „Hann er nú ekki vanur að verða kvellisjúkur“.

Kven- Forskeyti sem kennir orð við konur eða kvenlegt. T.d. kvenfatnaður, kvendýr, kvenfélag, kvenfólk o.fl.

Kvennabósi (n, kk) Sá sem er kvensamur; sá sem *gerir sér dælt við* konur. „Skelfilegur kvennabósi er maðurinn! Getur hann ekki einusinni *séð* giftar konur í friði“?

Kvennakær (l) Kvensamur. „Gísli Konráðsson segir að Guðrún kona Einars bónda (Jónssonar ættföður Kollsvíkurættar), hafi þótt stórlynd, en mikilhæf í mörgu, og Einari hafi farist vel við hana, þótt jafnan héldi hann framhjá henni, eins og Gísli orðar það. Verður því sjálfsagt ekki neitað með rökum að Einar gamli hafi verið nokkuð kvennakær, því að hann á barn framhjá þegar hann er orðinn 65 ára gamall; með tvítugri stúlku“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Kvensamur (l) Sækir í kvenfólk; áhugamaður um konur. „Hann varð jafnvel enn kvensamari með víni“.

Kvenskur (l) Vinnur verk sem vanalega er unnið af kvenfólki. „Pabbi var í því sem öðru á undan sinni samtíð. Þá var fátítt að karlmenn ynnu kvenmannsverk, en það vafðist ekki fyrir honum eða Gunnlaugi bróður hans. Um þá bræður notaði Ella gamla í Neðribænum orð sem ég hef ekki heyrt annarsstaðar. Hún sagði að þeir væru kvenskir. Ekkert átti þetta skylt við kvensemni eða vera kvenlegir, heldur að geta unnið kvenmannsverk“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Kver (n, hk) A. Lítil bók. B. Bókarhluti. Þegar skinn voru notuð í handrit voru þau fyrst verkuð eftir sérstöku reglum, og síðan brotin í arkir. Arkirnar voru síðan bundnar nokkrar saman í kver, sem síðan vor bundin saman, svo úr varð bók/handrit. Skipting bóka í kver hélst lengi eftir það. C. Guðsorðabók sem ungmennti lærðu fyrir fermingu áður fyrr.

Kverk (n, kvk) A. Háls. Einkum er þá átt við framanveran hálsinn, þar sem hakan byrjar. B. Innhorn hlutar. T.d. innhorn þar sem mætist gólf og veggur í húsi. „Málaðu vel í kverkarnar“. C. Kriki/skot/vik í landslagi, þar sem nokkurskonar aðhald myndast vegna hækkunar lands.

Kverkaskítur (n, kk) Hálsbólga; kvef. „Einhver árans kverkaskítur fylgir þessari *pest*“.

Kverkatak (n, hk) A. Grip eins aðila utanum kverk annars aðila, einskonar hótun um kyrkingu eða krafa um undirgefni. B. Líkingamálm um aðstöðu sem einn aðili skapar sér til kúgunar/yfirgangs gagnvart öðrum. „Með kvótasetningu alls sjávarafla hertu stjórnvöld kverkatak sitt á viðkvæmstu byggðum landsins“.

- Kverkband / Kverkól** (n, hk/kvk) Band/ól undir kverk á skepnu, sem fest er í múl og gegnir því hlutverki að hann smokkist síður uppaf hnakka skepunnar.
- Kverkmæli** (n, hk) Mál þeirra sem eru kverkmæltir. „Þess eru mörg dæmi að kverkmæli barna *eldist af*“.
- Kverkmæltur** (l) Skrollandi í tali, einkum á stafnum r. Kverkmæltum gengur illa að bera þann staf fram með tannrótarljóði eins og vanalega er gert, en leysa það oft með skrolli í ofanveðri kverkinni.
- Kverksigi** (n, kk) Gella; mjúkur, ætur hluti neðan fiskhaus. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Kviða** (n, kvk) Ljóðabálkur. Oft notað um söguljóð, sbr Hómerskviður.
- Kviðaður / Kviðsettur** (l) Kviðmikill. „Skelfing er maður að verða kviðaður með aldrinum“.
- Kviðbeita** (n, kvk) A. *Ljósabeita* sem skorin er af kviði fiskjar. Kvifiskur þótti girnilegasta ljósabeitan sem skorin var af þorski, og var best að hún væri sem hvítust og af glænýjum fiski. B. *Kviðfletta*; *kviðhákarl*.
- Kviðblautur / Kviðvotur** (l) Um sauðfé og aðrar skepnur; blautt undir kvið en þurrara efra. „Það er tveggjað að beita fénu í fjöru í þessu beinfrosti. Lausaparinn er gaddfreðinn og hætt við að það verði kviðblautt ef það fer framá hleinar“. „Tíkin var kviðvot af áfallinu, þegar hún kom inn í morgun“.
- Kviðreginn** (l) Horaður; með innfallinn kvið. „Ærin var orðin æði kviðregin þegar hún náðist úr sveltinu“.
- Kviðflak** (n, hk) Einn hluta á flakaðri stórlúðu. „Af sexflöku voru tekin tvö kviðflök; tvö bakflök og tveir hnakkabútar“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Kviðflattur** (l) Um fiskverkun; fiskur flattur frá kviði. Gagnstætt því er hnakkaflattur fiskur. Allur stór þorskur var kviðflattur á síðari tímum útgerðar í Kollsvík; saltaður í kró og síðan þurrkaður á reitum.
- Kviðfletja** (s) Fletja fisk frá kviði.
- Kviðfletta / Kviðhákarl / Kviðlykkja** (n, kvk/kk) Kviðbeita; *glerhákarl*; kæst stykki/beita úr kviði hákarlsins. Kviðhákarl er annars eðlis en búkhákarl/skyrhákarl. Hann er yfirleitt brúnn eða hálf-glær áferðar og fremur þurr eða stökkur.
- Kviðfullur** (l) Með fullan kvið. „Ég held að kindurnar hafi náð því að verða kviðfullar af hagabeitinni í dag, svo það þarf ekki að *hára* þeim mikið í viðbót“.
- Kviðfylli** (n, kvk) Mettun; saðning; *vambarfylli*. „Féð fær sæmilega kviðfylli af þessu heyi, en það er svo lélegt að ég gef töluvert af kjarnfóðri með“.
- Kviðhákarl** (n, kk) *Glerhákarl*; hákarlsstykki sem tekið er af kvið hákarlsins; ekki *búkhákarl*; *skyrhákarl*. Fremur var talað um *glerhákarl* í Kollsvík.
- Kviðlaus / Kviðlítill** (l) Með lítinn/innfallinn kvið. „Skolli finnst mér þetta lamb veiklulegt og kviðlitið; skyldi það ekki ná að sjúga“?
- Kviðlingur** (n, kk) Stutt kvæði; vísa. „Nú voru karlarnir komnir í formið og farnir að *láta fjúka í kviðlingum*“.
- Kviðmikill** (l) Með stóran/útstæðan maga. „Gamla *rytjan* er orðin stirð og kviðmikil með aldrinum“.
- Kviðrúm** (n, hk) Magapláss; pláss fyrir mat. „Gjarnan vildi ég borða meira, en nú skortir mig kviðrúm“.
- Kviðsíður** (l) Um skepnu; *vambsíður*; með mikinn kvið/ lágt undir kvið. „Búkolla er sein á fæti; orðin bæði gömul, kviðsíð og *síðjúgra*“.
- Kviðskorinn** (l) Skorinn á kvið. „Grásleppan var kviðskorin og hrognin tekin innanúr“.
- Kviðslit** (n, hk) Rof í kviðvöðvum, stundum svo mikið að innfyli fara útámilli, svo sýnileg bunga verður á kviði og veldur ýmiskonar erfiðleikum. „Árans kviðslitið hefur verið að taka sig upp aftur í seinni tíð“.
- Kviðstofn** (n, kk) Kviðhluti lúðu sem búið er að *stofna*.
- Kviðuggi** (n, kk) Uggi á kvið fisks, oftast tveir samstæðir, neðan eyrugganna; *raufaruggi*.
- Kviðull** (n, kvk) Ull á kviði sauðfjár. „Í seinni tíð lögðu menn ekki mikla áherslu á að hirða kviðull við aftekt“.
- Kvika** (n, kvk) A. Allmikill sjór; undiralda. „Það var komin töluverð kvika þegar við ákváðum að *hafa uppi* og halda í land“. „... fjörugrjót er þarna stórt og hált, en kvika var í sjóinn“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra). B. Lifandi hold. Oftast átt við holdið undir nögnum eða hófum/klaufum/klóm. „Mér sýndist að hún hefði brotið á sér klaufina, alveg upp í kviku“. C. Fljótandi hraun. D. Stuttyrði um sandkviku/sandbleytu.
- Kvika** (s) A. Hreyfast; iða. B. Hörfa. „Ég stó kyrr og kvikaði hvergi þó boli setti undir sig hausinn“.
- Kvika við landið** (orðtak) Nokkur sjór við ströndina, þó hans verði ekki mikið vart utar. „Við ættum nú að fara að hafa okkur í áttina; mér sýnist að hann sé að auka dálítið kvikuna við landið“.
- Kvikfé / Kvikfénaður / Kvikpeningur** (n, hk) Búfé; sauðfé, nautgripir, svín og önnur dýr sem búið er með.

Kvikindi (n, hk) A. Dýr. Á vanalega við allar lifandi verur. „Hvaða kvikindi er þetta í kjaftinum á þorskinum“? B. Niðrandi heiti á manneskju; ótugt; niðingur; ódó. „Vertu ekki svona mikið kvikindi við hann bróður þinn“! C. Gæluheiti á hundi. „Hversvegna er kvikindið að gelta“? Algengast þannig.

Kvikindisafmán / Kvikindisforsmán / Kvikindisgrei / Kvikindisræfill / Kvikindisskarn (n, hk) *Greykvikikindi*; gæluorð um dýr. „Alltaf ertu jafn dugleg, kvikindisafmánn mín“. „Ekki vantar trygðina í kvikindisgreiði“. „Hér kemur biti fyrir þig, kvikindisræfillinn“. „Það má ekki skamma hana, kvikindisskarnið; hún vildi nú bara hjálpa til“.

Kvikindisháttur / Kvikindisskapur (n, kk) Skepnuskapur; *rótarháttur*; grófir hrekkir. „Vermenn í Kollsvíkurveri stunduðu ýmsan kvikindisskap til dægrastyttingar ásamt öðrum íþróttum. Voru sumir orðlagðari í þessu en aðrir. Einn hrekkurinn var sá að binda stóran hlemm á færi lóðar, þannig að mjög tafsamnt var að draga upp færið. Öðru sinni sneru þeir báti öfugt sem stóð í skorðum sínum, en slíkt þótti óvirðing við eigandann. Þá gerði einn það sér til dægrastyttingar, þegar félagi í næsta rúmi lá sofandi í rúmi sínu, að míga á prik og láta afurðina renna undir sængina. (Hlerað í samtölum þeirra sem til þekktu – VÖ).

Kvikindislega (ao) Lúalega; óþverralega; af hrekkjum. „Þetta fannst mér kvikindislega gert“!

Kvikindislegur (l) Meinstríðinn; óþverralegur. „Skelfing geturðu verið kvikindislegur við systur þína“.

Kviklyndur (l) Ístöðulítill; óákveðinn; áhrifagjarn. „Það er valt að treysta á svo kviklyndan mann“.

Kviklæst (l) Um hurð; illa læst/lokuð; getur hrokkið úr lás. „Hurðin hafði verið kviklæst og opnaðist“.

Kvikna (s) Vakna; byrja. A. Um eld/ljós. „Viðurinn var rakur og því vildi ekki kvikna í honum“. B. Um tungl; byrja fyrsta *kvartel* úr nýju tungli. „Nú fer að kvikna Góutunglið“. C. Um straum. „Ég hef trú á að fiskirífið lagis um leið og kviknar nýr stórstraumur“. D. Um sjávarfall. „Það kipti undan um leið og kviknaði norðurfallið“. E. Um sjólag; auka (sjó). „Það er ekki að marka þó ládaútt sé við hleinina núna á fjörinni; það er hætt við að kvikni bára eitthvað í aðtakinu“. D. Um hugarfar. „Líklega hefur á þessu balli kviknað fyrsta ástin milli þeirra“.

Kviksaga (n, kvk) Slúðursaga; lygasaga; flugufregn. „Það eru ýmsar kviksögur á lofti um þessi mál“.

Kviksandur (n, kk) Sandkvika; sandbleyta. Kviksandur var mun sjaldnar notað í Kollsvík.

Kviksyndi (n, hk) Jarðvegur sem lætur auðveldlega undan þeim sem á honum ganga og sekkir þeim; botnlaust dý; sandkvika. „Gættu þess að féð fari ekki út í kviksyndið í Hestkeldunni“. Sjá *foraðskvikisyndi*.

Kviksyndisdý (n, hk) Djúp dý; hættuleg fen. „Framan við Heimrimýrar eru kviksyndisdý sem heita Fljót, nánast í suður frá bæ“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).

Kviksyndisflói (n, kk) Stórt og hættulegt mýrarfen. „Sökkur er blautur kviksyndisflói“ (ÍH; Örn.skrá Melaness).

Kviktré (n, hk) Sjá *drögur*.

Kvikur (l) A. Sem hreyfist; iðandi. „Eitthvað kvikt er komið í málstampinn“. „Mér fannst eitthvað kvikt koma við krókinn“. „Hér er allt kvikt af fiski“. B. Duglegur; iðinn; fljóttur. „Strákurinn er ári kvikur við smalamennskurnar“. C. Lifandi; á lífi. Sbr. kvikfé. „Ég sá ekkert kvikt þarna frammi í dalnum“. „Skapt í kross og kvikt að sjá;/ klæðir belgur þunnur;/ finnast líka augu á;/ eyru nef og munnur“ (JR; Rósarímur).

Kvikur/léttur á fæti (orðtak) Hraðgengur; liðugur að hlaupa/ganga; liðugur í hreyfingum; á sífelldu iði. „Gummi var lægri og grennri maður en Liði, en kvikur á fæti, ákafa- og dugnaðarmaður, fljóthuga og gat átt það til að vera dálítið fljótfær“ (PG; Veðmálið).

Kvikusláttur (n, kk) Um sjólag; veltungur; ylgja. „Við fórum í land þegar jók kvikusláttinn“.

Kvikuvottur (n, kk) Um sjólag; nokkur kvika/undiralda. „Hann var lognhægur, en dálítill kvikuvottur sem jókst heldur þegar leið á daginn“.

Kvillalaus (l) Laus við sjúkdóma/veikindi. „Maður má þakka fyrir að vera þokkalega hraustur og kvillalaus“.

Kvilli (n, kk) Veikindi; sjúkdómur; lasleiki. „Þrátt fyrir langvinna innistöðu bar mjög lítið á kvillum í sauðfénaði. Munu hin ágætu hey eiga mikinn og góðan þátt í því“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Kvint (n, hk) A. Þyngdareining forn; 5 grömm; 1/100 pund. Hvert kvint skiptist svo í 10 ort. B. Verðmæti, með vísun í þyngd silfurs í kvintum. „Hann ætti ekki að fá kvint fyrir svona þjónustu“. C. Forliður með vísun í „quintus“ = fimm í latínu, t.d. kvintett = kór fimm manna.

Kvis (n, hk) Orðrómur; sögusagnir. „Eitthvað kvis heyrði ég um þetta“. *Komast á kvis*.

Kvisast (s) Fréttast; spyrjast út. „Eitthvað var farið að kvisast úr um þessar ófarir“.

Kvista (s) Höggva/saga greinar af tré/trjábol. „Ef þessi hnyðja er kvistuð mætti nota hana í hornstaur“.

Kvistalaust / Kvistalítið (l) Um efni/við; með engum/fáum kvistum.

Kvistaffjöl / Kvistaspýta / Kvistaviður / Kvistatimbur (n, kvk/kk) Fjöl/viður/smíðaefni með mörgum kvistum. „Óttaleg kvistaspýta er þetta!“ „Það er ekki hægt að kaupa svona kvistavið fullu verði“.

Kvistgat (n, kvk) Gat þar sem kvistur hefur farið úr efni/fjöl.

Kvistur (n, kk) A. Grein á tré; harður eitill í viði, þar sem grein hefur vaxið í trénu. Erfitt er að vinna mjög kvistótt timbur, auk þess sem kvistir veikja viðinn og geta dottið úr við þornn. B. Kjarr; hrís. „Féð kann vel við sig í kvistinum“. C. Ættkvísl garðjurta af rósaætt. D. Útskot/upphækkun í þaki húss, til að koma þar fyrir kvistglugga og/eða auka rými.

Kvittur (l) Skuldlaus; á sléttu; laus allra mála. „Ég tel þá að við séum kvittir eftir þessi býtti“.

Kvitta / Kvittera (s) A. Greiða/jafna skuld; kvitta fyrir. „Með þessu kvittaði ég skuldina við kaupfélagið“. B. Skrifa nafn sitt í staðfestingarskyni; skrifa/kvitta uppá. „Ég er búinn að kvitta í gestabókina“.

Kvittun/Kvittering / Kvittanaeyðublað / Kvittanahefti (n, kvk/hk) Kvittun/kvittering er skrifleg staðfesting á greiðslu; kvittanaeyðublað er sérstakt form kvittunar, og kvittanahefti er samaneft safn kvittana/kvittanaeyðublaða.

Kvittur (l) Laus við skuld; búinn að skuldajafna/greiða. „Með þessu erum við orðnir kvittir“.

Kvittur (n) Orðrómur; slúður. „Sögusmettur sveitarinnar voru fljótur að koma af stað rætnum kvitti um þetta“.

Kví (n, kvk) A. Kró; stía; hólf; rétt. Oftast er átt við hólf útivið, sem kindur eru reknar í til rögunar/aftektar/mjalta eða annars. B. Afmarkað hólf í landslagi eða öðru, sem minnir á kví fyrir kindur. T.d. Klettakví og skipakví.

Kvía (s) Loka inni í kví; reka í kví. „Ærnar voru kvíaðar á stekknunum“. Sjá *innidráp*.

Kvía af (orðtak) Um fé/fugl; króa inni í kví. „Við skulum reyna að kvía kindurnar af þarna í krikunum og ná þeim“. „Kvíarhillur draga nafn af því að þar var fuglinn kvíaður, sem kallað var“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Kvíarhilla (n, kvk) Hilla í bjargi, þar sem fugl var áður *kvíaður*/ rekinn í kvíar til *innidráps*. „Neðarlega í Bjarginu (upp og útaf Stóruvíð) eru *Kvíarhillur*... Þær draga nafn af því að þar var fuglinn kvíaður, sem kallað var. Hlaðið var fyrir hillurnar og fuglinn tekinn fyrir innan“ (DE; Örefnaskrá Hvallátra).

Kvíarveggur (n, kk) Veggur kvíar/réttar. „Karlarnir *stungu saman nefjum* á kvíarveggnum; spáðu í veður og heimtur og þráttuðu um þyngd hrútlamba“.

Kvíær (n, kvk) Kind sem lömb hafa verið færð frá, og mjólkuð er á stekki, meðan fráfærur voru stundaðar. „Hérna sat ég stundum yfir kvíaánum. Fært var frá einu sinni eftir að ég man eftir. Það var árið 1934. Lömbin voru rekin inn í Sauðlauksdal til sumargöngu“ (IG; Sagt til vegar I).

Kvíða / Kvíða fyrir (s/orðtak) Vera uggandi fyrirfram vegna einhvers. „Ég kvíði því ekki að ná heyjum í hús fyrir haustið“. „Þegar jólin voru að ganga í garð; allt öðruvísi en þau höfðu áður verið, þá kveið hún jafnvel fyrir þeim“ (Bragi Ó Thoroddsen; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).

Kvíðafullur / Kvíðinn (l) Uggandi; hræddur; vex í augum. „Ég er dálítið kvíðinn vegna prófsins“.

Kvíðabeygur / Kvíðahrollur / Kvíði (n, kk) Uggur; beygur; angst.

Kvíðalaus (l) Laus við kvíða/ugg. „Ég er alveg kvíðalaus fyrir þessum niðurstöðum“.

Kvíðandi / Kvíðinn (l) Uggandi. „Ég er dálítið kvíðandi fyrir smálaveðrinu á morgun, eins og spáin er núna“.

Kvíðavænlegur / Kvíðvænlegur (l) *Fyrirkvíðanlegur*; ískyggilegur. „Þetta er heldur kvíðavænlegt útlit“.

Kvíga / Kvígukálfur (n, kvk) Kýr á kálfsaldri; kvenkyns afkvæmi nautgrips. Venja var að nefna kýr kvígu fram yfir það að hún eignast sinn fyrsta kálf. Um það leyti nefnist hún *fyrstakálfskvíga*.

Kvígildi (n, hk) *Kúgildi*. Eldra heiti og ekki notað í dag.

Kvígukvikindi (n, hk) Gæluorð um kvígu. „Hann kemur að máli við mig eitt kvöld; hvort ég sé nú ekki fánlegur til þess að fara út í sveit og grennslast eftir því hvort einhver væri nú ekki fánlegur til að kaupa kvígukvikindi“ (MG; Úr Vesturbýggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Kvísl (n, kvk) A. Amboð til að moka heyi, taði eða öðru. Sbr heykvísl, taðkvísl o.fl. B. Grein af meiði/stofni, t.d. lækur sem rennur úr stærra vatnsfalli. Einnig ættkvísl.

Kvíslarálma (n, kvk) Tindur/gaddur á heykvísl. „Kvíslarálman gekk á kaf í ökkland, og má enn sjá lítið ör eftir þá skeinu“.

Kvíslarskaft (n, hk) Skaft á heykvísl. „Þú mátt ekki taka svo vitlaust á kvíslarskaftinu að þú brjótir það“.

Kvíslarfótur / Kvíslarhnakkur (n, kk) Hlutar brókarkvíslar, sjá *skinnklæði*. „Flestir munu þó hafa átt og notað brókarkvíslar. Þær voru í fjórum pörtum; *kvíslarfótur* rekinn ofan í jörðina; *kvíslarhnakkur* með hringlaga

gati í miðjunni en *tappi* á fætinum gekk upp um. Önnur tvö göt voru á kvíslarhnakknum; sinn í hvorn enda frá *hliðarfleti*. Í þessi göt var *skálmsprekum* stungið og brókin færð á kvíslarnar. Ávallt snerust skálmarnar undan vindi og blés þá inn í brókina svo hún þornaði *næsta fljótt*, en mátti ekki *ofharðna*“ (KJK; Kollsvíkurver).

Kvoðna niður (orðtak) Hjaðna; minnka; draga úr. „Skaflinn í Kinninni er alveg að kvoðna niður og verða að engu hlýindunum“.

Kvonbæmir (n, kvk, fto) Bónorð karls til konu. „Ekki fór hann langt til kvonbæna“.

Kvonfang (n, hk) Kvenfang; kvenkostur; kona til að eiga/giftast. „Kvonfangið fann hann á næsta bæ“.

Kvongast (s) Giftast. Heyrist sjaldan í seinni tíð, líkt og önnur orð með sama forskeyti.

Kvos (n, kvk) Laut; dæld; lægð/gróf í landslagi, með hækkun á allar hliðar. „Vatn er í miðri kvosinni“.

Kvótakerfi (n, hk) Fyrirkomulag við nýtingu verðmæta sem takmarkað magn er af, en mikil sókn er í. Á síðari hluta 20. aldar komu stjórnvöld á kvótakerfi fiskveiða við Ísland, enda sóknin þá orðin meiri en fiskstofnarnir þoldu með tilkomu öflugra togara. Svo óhönduglega tókst til við beitingu þessa stjórnkerfis að margar sjávarbyggðir misstu sín atvinnutækifæri og lögðust nánast í auðn. Sjávarjarðir voru sviptar rétti til að sækja björg á sín grunnmið. Upp risu útgerðarmenn sem urðu vellauðugir á hinu rangláta fyrirkomulagi; kvótakóngar. Pólitísk spilling hefur vaxið og dafnað í skjóli hinnar rangláta skiptingar. Engu máli virðist skipta þó stjórnarskrá landsins segi að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar; þær eru nú formleg eign fárra auðmanna vegna misheppnaðra aðgerða stjórnmalamanna. Kvótakerfi hefur einnig verið komið á í landbúnaði, þó frábrugðið sé. Misheppnuð framkvæmd þess, ásamt öðru, hefur leitt til þess að margar sveitir hafa hrunið og nánast lagst í auðn, og er Rauðasandshreppur dæmi þessa stjórnleysis. Kvótakerfið hefur reynst hreppnum meiri plága en þær sem fyrr á öldum lögðu sveitir í auðn, s.s. Móðuharðindi, Svartidaudi, Stórabóla og slík óáran. Eyðilegging Rauðasandshepps er að öllu leyti verk óhæfra stjórnvalda á síðari tímum.

Kvæðabálkur (n, kk) Langt ljóð sem samanstendur af mörgum kvæðum/erindum; stundum með ólíkum bragarháttum.

Kvæðalestur (n, kk) Lestur kvæða/ljóða. Fátítt er nú að heyra kvæði lesin upphátt, að frátöldum menningarsnobbsamkomum. Áðurfyrr þótti það hin besta skemmtun að hlusta á heimilismann lesa eða fara með kvæði; einkum þá sem vel fluttu og af innlifun. Sumir voru hafsjór kveðskapar, og kunnu ógrynni af kvæðum sem þeir þoldu af munni fram.

Kvæðamaður / Kvæðapular (n, kk) Sá sem kann mikið af kvæðum og flytur þau svo eftir sé tekið. Kvæðamaður er ekki alltaf sjálfur skáld, en oft fer það saman.

Kvæðasafn (n, hk) Safn kvæða/ljóða; ljóðasafn.

Kvæðavertíð (n, kvk) Vertíð þar sem mikið er kveðið af rímum í landlegum, einkum eftir Sigurð Breiðfjörð og Úlfarsrímur (sjá *vermannaleikir*).

Kvæði (n, hk) Ljóð sem fylgir reglum hrynjandi, ríms og ljóðstafa. Órímuð ljóð sem nú tíðkast geta því ekki kallast kvæði. Kvæði getur verið eitt ljóð/ ein vísa eða safn margra.

Kvæðiskorn (n, hk) Gæluorð um kvæði. „Mér dettur nú í hug kvæðiskorn af þessu tilefni...“.

Kvænast (s) Giftast; ganga í hjónaband.

Kvöð (n, kvk) Skylda; skuldbinding. „Það er engin kvöð á þér að mæta í þetta hverju sinni“. Sjá *kvaðir*.

Kvöl (n, kvk) Þína; sársauki; angist. „Það er manni bara kvöl að horfa uppá svona fáránleika“!

Kvöldblíða (n, kvk) Kyrrt og bjart veður að *kvöldlagi*. „Ég rölti niður að sjó í kvöldblíðunni“.

Kvöldblær / Kvöldgola / Kvöldgustur / Kvöldkul / Kvölkæla / Kvöldsvali (n, kk) Vindgola um kvöld.

Kvöldbæn (n, kvk) Bæn sem beðin er um kvöld. Alsíða var að börnum væri kennt að biðja bænir sínar til Guðs; fara með Faðirvorið og signa sig áður en lagst vr til svefns á kvöldin. Þeim barnsvana héldu margir alla ævina. Þessi siður virðist nú orðinn fátíður, þó enn sé vitað af slíku.

Kvölddroll / Kvöldgauf / Kvöldgöltur (n, hk) Gauf/droll/hangs þeirra sem nú eru nefndir „b-fólk“, langt framyfir venjulegan háttatíma annarra; seinlæti við að ganga til náða.

Kvölddrungi (n, kk) Illviðráðanleg svefnþörf á kvöldin; þungt yfir höfði að kvöldlagi.

Kvöldfegurð (n, kvk) Fegurð náttúrunnar að kvöldlagi, þegar sól er lágt á lofti, himininn logar í kvöldroða, oft stafalogn til sjóar og lands, fuglakliður í lofti o.þ.h. Hvergi verður kvöldfegurð meiri en í Kollsvík.

Kvöldflæði (n, kvk) Síðdegisflæði; flóð/aðfall sem verður seinnipart dags eða um kvöld. Sjá *morgunflæði*.

Kvöldgalsi (n, kk) Ærsl/grín/glettni sem höfð er uppi þegar kvöldsett er orðið og komið að háttatíma. „Nú er kominn kvöldgalsi í krakkana“.

Kvöldgestur (n, kk) Gestur sem kemur að kvöldlagi.

Kvöldgjöf (n, kvk) Fóðurgjöf búfjár síðdegis eða um kvöld. Kúm er gefið reglulega kvölds og morgna, fyrir mjaltir, enda eru þær mjög kröfuharðar um reglusemi og gjalda óreglu gjarnan með lágrí nyt. Kindur eru ekki eins kræsna á tímann, enda er oftast einmælt hjá þeim um vetrartímann.

Kvöldhiminn / Kvöldloft (n, kk) Himinn að kvöldlagi. Oft er þá vísað til mikils/fallegs kvöldroða.

Kvöldkyrrð (n, kvk) Sá tími að sumarkvöldi þegar fuglar, dýr og menn þagna um lágnaettið.

Kvöldlag (n, hk) Kvöld; dagslok. „Ég nenni varla að fara til eggja að kvöldlagi *níuorðið*“.

Kvöldlæða / Kvöldþoka (n, kvk) Lágþoka sem oft myndast að kvöldlagi, þegar kólnar við sólsetur.

Kvöldmatartími / Kvöldmatur / Kvöldverður (n, kk) Tími þegar snæddur er matur að kvöldi; matur sem snæddur er að kvöldlagi. „Heldurðu að við klárum þetta ekki fyrir kvöldmat“?

Kvöldmiga (n, kvk) Sú athöfn að kasta af sér vatni/ miga að kvöldlagi/ fyrir svefn. „Ég athuga hvernig kýrin hefur það um leið og ég fer út í kvöldmiguna“.

Kvöldmjaltatími / Kvöldmjaltir (n, kk/kvk) Tími þegar kýr eru mjólkaðar að kvöldlagi. Kýr eru mjólkaðar tvisvar á dag; að morgni og kvöldi. Morgunmjaltir eru oft kringum kl 8, en kvöldmjaltir um 7.

Kvöldhúm / Kvöldmyrkur / Kvöldrökkur (n, hk) Dimma að kvöldi.

Kvöldroði (n, kk) Sóloði á himni undir sólsetur. Því var trúað að hann boðaði þurrk: „Kvöldroðminn bætir en morgunroðminn vætir“ (BH; Grasnytjar).

Kvöldroðinn bætir (en) morgunroðinn vætir (orðatiltæki) Sú trú að kvöldroði boði þurrk næsta dag en morgunroðinn boði dög/vætu.

Kvöldróður (n, kk) Róður sem lagt er í að kvöldlagi.

Kvöldsett (l) Komið að kvöldi; áliðið dags. „Nú er orðið kvöldsett; ætli við förum ekki að hætta í dag“?

Kvöldskattur (n, kk) Máltíð að kvöldlagi fyrr á tímum, þegar venja var að heimilismönnum var skammtað.

Kvöldskuggi (n, kk) Skuggi af hlutum að kvöldlagi. Þá lengjast skuggar, þar sem sól er lægra á lofti.

Kvöldsól (n, kvk) Sól að kvöldlagi. „Vikin var böðuð mildri kvöldsól. Það voru að byrja að koma skuggar undir veggjunum sem enn standa, þar sem áður stóð bærinn Grundir“ (ÞB; Lesbók Þjóðv.) Um bjartar miðsumarnætur gengur sólin ekki undir sjóndeildarhring í Kollsvík. Frá Láganúpi séð hverfur hún aðeins í þá smástund sem hún lyftist bakvið Blakknibbuna í dagrenningu.

Kvöldstund / Kvöldtími (n, kvk) Tími að kvöldlagi. „Þeir sátu þarna kvöldstund með okkur“ (Anna Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

Kvöldsvalur (l) Um það þegar kólnar á kvöldin með hafgolu eftir hlýjan sumardag. „Hann er að verða dálítið kvöldsvalur“. Einnig var notað nafnorðið *kvöldsvali*.

Kvöldsvæfur (l) Sofnar að jafnaði snemma á kvöldin. Venja var að tala um kvöldsvæfar og *morgunsvæfar* manneskjur í Kollsvík, en viðtekin kjafítiska víða í dag er „A-manneskjur“ og B-manneskjur“.

Kvöldúlfur (n, kk) Stírt skap og stutt þolinmæði á kvöldin. „Nú er kominn kvöldúlfur í litla kútinn“.

Kvöldvaka (n, kvk) Daglegar samkomur heimilisfólks á vetrarkvöldum í fyrri tíð; fyrir daga nútíma afþreyingar. „Fyrst á haustin var setið í rökkrinu og þrjónað. Þegar kom fram á skammdegið lagði eldra fólkið sig í rökkrinu. Kvöldvökur byrjuðu að lokinni sláurtíð, eða um veturnætur. Það var kveikt kl 6-7 (síðdegis); þá var miðdagsmatur. Hafði þá ekkert verið borðað frá því kl 10 árdegis, en kl 12 á hádegi var kaffi fyrir fullorðna en grasate fyrir börn og unglina. Þegar lokið var við að borða og drekka var sest að ullarvinnu. Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu eða fléttuðu reipi og brugðu gjarðir. Mamma brá líka gjarðir, svo það voru karlmenn ekki einir um. Alltaf var einn að lesa eða kveða rímur. Það voru lesnar Þjóðsögur Jóns Árnasonar, Íslendingasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda, skáldsögur o.fl. Kveðnar voru rímur af Þorsteini uxafæti, Hálfðáni Brönufóstra, Sörlarímur eftir Össur Össurason á Látrum, rímur af Reimari og Fal. Það var einkum Össur Guðbjartsson (eldri) sem las; hann átti skrifaða bók af Maroni sterka. Vakan var til kvöldmatar, klukkan 9. Það var oftast flautir og bygggrautur með fjallagrösum. Síðan var alltaf lesinn húslestur; sunginn sálmur og lesin bæn úr bænakveri Péturs biskups. Lesið var til um kl 10 og eftir það var farið að sofa. Þá máttu hjúin vinna eftirvinnu; þá máttu þau þrjóna fyrir sjálf sig. En þau urðu að gera það í myrkrinu, því ljósmeti var ekkert eftir kl 10 á kvöldin. Hjú fengu einnig að vinna fyrir sig vikuna fyrir jólin“ (H.M; Í Kollsvíkurveri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).

„Eitt sem dró okkur systkinin niður í Neðribæ (á Lambavatni) á vetrarkvöldum var að þar tíðkuðust

kvöldvökur í því formi sem þær voru iðkaðar gegnum aldir á sveitabæjum; en voru, að ég held, víðast horfnar. Ekki voru þó kveðnar rímur, en stálpaðri börnin voru sett í að lesa fyrir heimilisfólkið, sem sat við sína handavinnu; að tæja ull, kemma, spinna, þrjóna, sauma, fléttareipi og fleira sem til féll. Sumir fönndruðu með vasahnífum við útskurð, sem mikið var gert á báðum bæjunum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Kvöldverk (n, hk) Verk sem vinna þarf á kvöldin, s.s. *kvöldmjaltir*.

Kvölds og morgna (orðtak) Reglulega á hverju kvöldi og hverju kvöldi. „Það þurfti að hirða féð er því var sleppt og reka frá múrunum kvölds og morgna“ (IG; Æskuminningar).

Kvörn (n, kvk) A. Mylla. Þrenns konar myllur voru algengar til sveita áður fyrr: Kornkvarnir voru nokkrar í Kollsvík, bæði handknúnar og knúnar af vatnshjóli. Kaffikvörn var notuð til að mala brenndar kaffibaunir í kaffiduft, svo unnt væri að laga úr því kaffi. Taðkvörn var notuð til að mylja tað, svo það væri betri áburður á tún. B. Hart lítið bein í höfði fiska.

Kylja (n, kvk) Kæla; vindgola; kaldi. Fremur var notað *kæla* í Kollsvík, a.m.k. í seinni tíð.

Kylliflatur (n, kk) Alveg flatur; marflatur. „Ég hnaut um nibbu og datt kylliflatur“.

Kyllir (n, kk) A. Pungur. „Það þýðir ekki að setja þetta hrútlamb á; það er andskotann enginn kyllir á honum“. B. tóbakspungur; peningabudda; *ráptuðra*. „Réttu mér kyllirinn“.

Kyllra (s) Um fluglag fugla; þegar þeir hægja á sér í miklum vindi eða uppstreymi; reygja haus aftur og setja niður fætur og annaðhvort standa kyrrir í loftinu eða láta sig síga niður á við meðan þeir skoða eitthvað af forvitni, s.s. skotmenn í byrgi. „Máfurinn kyllraði sig rétt ofan við hausamótin á okkur og lá því vel við skoti“.

Kyn (n, hk) A. Tegund. Bæði um að ræða mismun innan tegundar, s.s. kvenkyn/karlkyn, og mismunandi stofna tegundar; t.d. mannkyn, kúakyn. B. Ættstofn. Kollsvíkurrætt er kyn Einarssonar í Kollsvík. „Honum kippir í kynið; listamaður eins og móðir hans“. C Undur; undrunarefni. „Ekki er kyn þó að keraldið leki, ef botninn er suður í Borgarfirði“.

Kynbótahrútur / Kynbótanaut / Kynbótaskepna (n, kk/kvk) „Grettir var einhver besti kynbótahrúturinn á sinni tíð“.

Kynbæta (s) Bæta eiginleika bústofns með kynbótum. Bændur í Rauðasandshreppi gerðu nokkuð mikið af því að fá valda hrúta hver hjá öðrum til að kynbæta sinn fjárstofn, og til að forðast ókosti einræktunar. Var val á lambhrútumí þessu skyni nokkuð líflegur þáttur í réttum, t.d. á Breiðavíkurrétt.

Kynbætur / Kynbótastarf (n, kvk, fto/ hk) Ræktun eftirsóknarverðra eiginleika í skepnu með því vali einstaklinga til þörunar. Kynbætur voru mjög stundaðar í Kollsvík, ekki síður en meðal annarra bænda. Áherslumunur getur verið meðal bænda um markmið kynbóta, eftir því hvað talið er æskilegt. T.d. lagði fjárræktarmaðurinn Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi áherslu á fá fram sterkt, háfætt, hyrnt og stórvaxið fé; hann var hrifnari af einlembingum en tvílembingum, og þótti ekki verra að fé væri gult í andliti og fótum eða mislitt. Þetta fór nokkuð gegn skoðunum ráðunauta á efri árum hans, sem vildu að lögð væri áhersla á frjósemi fjár; lága fætur; kollótt fé og snjakahvíta ull.

Kynda (s) Hita hús með kyndingu. *Kynda undir*; notað í óeiginlegri merkingu um það að auka deilur.

Kyndill (n, kk) Prik með eldi á efri enda, til að lýsa í myrkri. „Stundum á áramótum bjuggu menn sig í grímubúninga, og gengu um með kyndla. Það var aðeins fullorðið fólk; unglingar máttu ekki taka þátt í því“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Nokkuð var um það á áramótum í seinni tíð að á áramótum væru kyndlar útbúnir með því að festa tóma niðursuðudós á prik; setja í hana dálítið af olíu og kveikja í.

Kyndilmessa er 2. febrúar; hreinsunardagur Maríu meyjar 40 dögum eftir fæðingu Krists, og er nafnið dregið af vígðum kertum sem borin voru í skrúðgöngu þennan dag. Kyndilmessa var mikill veðurspárdagur samkvæmt þjóðtrúnni. Framundir lok 20. aldar vitnuðu gamlir Rauðasandshreppsþúar í þessa vísu: „Ef í heiði sólin sést/ á sjálfa Kyndilmessu;/ vænta snjóá máttu mest/ maður upp frá þessu“.

Kynding (n, kvk) Kveiking; hitun. Oftast var átt við upphitun húss, eftir að miðstöðvarkerfi komu til sögunnar. „Ég jók aðeins við kyndinguna, því það hefur kólnað töluvert í veðri“.

Kyndugt (l) Furðulegt; skrytið. „Það væri nú dálítið kyndugt ef hann byði sig aftur fram í vor“. „Mér fannst hann alltaf dálítið kyndugur karl“.

Kynfaðir / Kynmóðir / Kynforeldrar (n, kk/kvk) Eiginlegir foreldrar afkvæmis. Oftast notað þegar rætt er um kjörbörn/fósturbörn eða stjúpborn.

Kynfylgja (n, kvk) Ættarfylgja; eiginleiki/sérkenni sem gengur í ættir. Oftast er átt við tilhneygingar, s.s. veikleiki fyrir áfengi, sálsýki eða annað. En einnig stundum erfðasjúkdóma eða önnur erfðaeinkenni.

- Kyngja** (n, kvk) Snjódyngja; stór skafl. „Það vorru þvílíkar kyngjur á veginum að hann var kolófær“. Kyngjulönd er örnefni; svæði milli Djúpadals og Geldingskorardals; nær Látradal en bjargbrún.
- Kyngja niður snjó** (orðtak) *Hlaða niður snjó: fenna* drjúgt. Mest notað um þetta logndrífu. „Hann hefur kyngt niður snjó í logninu; látlaust í allan dag“.
- Kynging** (n, kvk) Það að renna niður/ kyngja fæðu eða vökva. „Votheysveikisrollan á erfitt með kyngingu“.
- Kynja** (s) Undra; furðast; koma á óvart. „Það er ekki að kynja þó fatan sé tóm; hér sé ég ryðgat á henni“. „Mig skal ekki kynja þó þú sért þreyttur; eins og þú ert búinn að hamast í dag“!
- Kynjakvikindi / Kynjaskepna** (n, hk/kvk) Furðudýr; einkennileg skepna. „Ég skal hengja mig uppá það að einhvert kynjakvikindi var að flækjast þarna á Rifinu í þokunni, þó þú hafir ekki séð það“!
- Kynjamynd** (n, kvk) Sérkennilegt útlit; torkennileg ímynd. „Sigríður á Láganúpi er líklega eini listamaðurinn á Íslandi sem málar á gróthellur. Hún er sérlega glúrin við að sjá út trölla- og kynjamyndir í landslagi og náttúru og nýta sköpulagið á þeim hellum sem málað er á“.
- Kynjavera** (n, kvk) Furðuskepna; furðudýr; *kynjakvikindi*. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að þarna var einhver kynjavera á ferð sem ekki finnst í þeirri dýrafræði sem ég þekki“.
- Kynjaveröld** (n, kvk) Furðuheimur; framandi landslag. „Hnífaflagan og Grófirnar eru einstök kynjaveröld“.
- Kynlega** (ao) Undarlega; furðulega; sérkennilega. „Mér kemur þetta kynlega fyrir sjónir“.
- Kynlegur kvistur** (orðtak) Sérkennilegur maður; manneskja sem er öðruvísi en fólk er flest. Líking við sérkennilega grein á tré.
- Kynngi / Kynngikraftur** (n, kvk/kk) Töframáttur; töfrar; galdrar.
- Kynngimagnaður** (l) Stórfenglegur; yfiringilegur. „Það var kynngimagnað að fylgjast með honum“.
- Kynni** (n, hk, fto) Kunningsskapur; vinátta; nánd.
- Kynntur** (l) Þekktur; umtalaður. „Hann var alltaf vel kynntur í sinni sveit“.
- Kynstur** (n, hk, fto) Ósköp; býsn; fæla; aragrúi; mjög mikið magn; mjög mikill fjöldi. „Ég hef sjaldan séð slík kynstur af eggjum á svo litlum palli“.
- Kynsæll** (l) Sem eignast marga afkomendur; sem margir eru komnir útaf.
- Kynvillingur** (n, kk) Sá/sú sem laðast að sama kyni til ásta, fremur eða til jafns við eigið kyn. Kynvilla hefur ávallt fylgt mannum sem öðrum dýrategundum, og verið misjafnlega umborin í samfélögum. Það er hinsvegar kolrangt sem kynvillingar samtímans vilja halda gjarnan á lofti, að þeir hafi alltaf sætt ofsóknum og fyrirlitningu hérlendis. Samfélagið lét sér slíkt að jafnaði í réttu rúmi liggja, svo fremi sem menn voru ekki að flíka sínu kynlífi um of; og gildi það jafnt um sam- sem gagnkynhneigða.
- Kyrfilega** (ao) Tryggilega; vel. „Þú þarft að passa að kyrfilega sé bundið á kútinn áður en við hífum hann“. Orðstofninn kann að vera sá sami og orðið „kurfur“ er komið af; þ.e. eitthvað sem er hnytt/þvingað saman.
- Kyrja** (s) Kveða; þylja; fara með. „Ég nennti ekki að hlusta á karlinn kyrja rímuna til enda“.
- Kyrking** (n, kvk) Kæfing; það sem veldur köfnunardauða.
- Kyrkingslegur** (l) Oftast um gróður en stundum um skepnur; óræktarlegur; visinn. „... heimantil í Núpnem er nokkurt graslendi, en gróður kyrkingslegur“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Kyrkingur** (n, kk) Vannæring, ofþornun eða annar skortur sem veldur uppdrætti/órækt/óðöngun í lífveru; krankleiki. „Það er einhver árans kyrkingur í kálfinum. Mér hefur þó sýnst hann nærast alveg eðlilega“.
- Kyrkingslegur** (l) Sem kyrkingur er í; ræfilslegur; *rytjulegur*; horaður. „Ansi eru lömbin hennar kyrkingsleg; skyldi hún ekki mjólka þeim nóg“?
- Kyrna** (n, kvk) Ílát. Oftast er átt við fötu eða skál af einhverju tagi. „Ertu búinn að hirða allar kyrnur undir egg? „Hann sótti alla nærtæka koppa og kyrnur til að setja undir lekann“.
- Kyrrsetumaður** (n, kk) Sá sem hefur hægt um sig; skrifstofumaður o.þ.h. „Hann var ekki kyrrsetumaður að elisfari; heldur þurfti sífellt að vera eitthvað að úðra“.
- Kyrra** (s) Stilla; hægja; lægja. „Óskandi væri að hann fari nú eitthvað að kyrra þennan belging“.
- Kyrrð** (n, kvk) Ró; friður; stilla; hæglæti. „Við grynnguðum á okkur í þeirri von að meiri kyrr væri uppi á víkinni“.
- Kyrrlátur** (l) Hæglátur; hljóðlátur; æsingalaus. „Hann sat kyrrlátur og hljóður undir ræðunni“.
- Kyrrseta** (n, kvk) Það að hafa hægt um sig/ sitja aðgerðarlaus. „Kyrrsetan hefur aldrei átt vel við mig“.

Kyrrsetumaður (n, kk) Sá sem hefur hægt um sig/ situr löngum aðgerðarlaus. Kyrrsetur hafa líklega aldrei verið vandamál Kollsvíkinga, a.m.k. ekki fyrr á tímum.

Kyrrstaða (n, kvk) Hreyfingarleysi; aðgerðarleysi; engin hreyfing. „Í þessu máli ríkir núna kyrrstaða“.

Kyrrt veður / Kyrrviðri (orðtak/ n, hk) Hægvíðri; rólegheita tíðarfar. „Það hefur verið kyrrviðri og ágætar gæftir það sem af er“.

Kyrrur (n, kvk, fto) *Stillur*; logn í veðri og sjólagi. Fremur var þó talað um stillur í Kollsvík.

Kyrrviðrisdagur (n, kk) Logndagur; dagur með kyrru veðri. „Við nýttum þessa kyrrviðrisdaga til að koma járninu á húsið“.

Kyrtill (n, kk) A. Síður fatnaður; hempa. T.d. fermingarkyrtill. B. Líffæri sem framleiðir tiltekið efni fyrir líkamsstarfsemi. T.d. svitakyrtill.

Kyssa á bágtið/meiddið (orðtök) Hughreystingarorð við barn; kyssa á stað sem það hefur meitt sig. „Hættu nú að vola yfir þessu smáræði ljúfur; mamma skal kyssa á meiddið“. „Hann rétti mér hendina svo ég gæti kysst á bágtið“.

Kyssa á vöndinn (orðtak) Láta gott koma á móti illu; sætta sig við ranglæti/ slæma framkomu. „Ég hef aldrei verið tiltakanlega mikið fyrir það að kyssa á vöndinn“.

Kytra (n, kvk) Lítið/þröngt rými/hús/herbergi. „Ég leigði þarna herbergiskytru um tíma“.

Kýfa (s) Setja kúf á. „Við þurfum að kýfa heyið nægilega til að ekki dropi í þegar það sígur“. „Það verður að kýfa sléttuna, þannig að vatn renni af henni í skurðina beggja vegna“.

Kýfður (l) Með kúf/hækkun í miðju. „Hann rogaðist heim með kýfða berjafötu“.

Kýla vömbina (orðtak) Borða sig fullsaddan og jafnvel meir en það. „Það þýðir nú lítið að sitja bara og kýla vömbina þegar komið er glampandi sjóveður og vaðandi fiskur uppi á grunn“.

Kýlapest (n, kvk) Smitandi veiki sem veldur miklum útbrotum/kýlum.

Kýldur (l) A. Kúlulaga. „Mér þykir báturinn helst til mikið kýldur á bóginn“. B. Um hrút/karl/naut; með stóran pung. „Hrúturinn er ágætlega byggður, en ekki þykir mér hann vel kýldur“.

Kýli (n, hk) Bólga í holdi, sem gröftur/vessi safnast í. „Er ekki rétt að stinga á þessu kýli?“

Kýll (n, kk) A. Fatnaður sem hylur kynfæri karla. B. Pungur.

Kýma (s) Brosa; glotta; vera hýr á svip. „Hann svaraði engu, en kýmdu kankvíslega“.

Kýmilegt (l) Skoplegt; brosllegt; hlægilegt. „Það er dálítið kýmilegt hvernig þetta endaði“.

Kýmileitur (l) Brosleitur; hýr á brá. „Hann var dálítið kýmileitur þegar hann rétti mér pakkann“.

Kýmínn (l) Brosleitur; brosandí; glaðhlakkalegur.

Kýmni (n, kvk) Gamansemi; grín. „Aldrei var kýmni lagt undan þegar við hann var rætt“.

Kýmnisvipur (n, kk) Brosleitur svipur; glettnissvipur. „Hann sagði þetta af mikilli alvöru, en ég þóttist sjá af kýmnisvipnum að honum þætti ekki eins leitt og hann lét“.

Kýmnikvæði / Kýmnikveðskapur / Kýmnivísa (n, kvk) Gamanvísa. „Mikið var um kýmnikveðskap í verinu, þar sem menn ljóðuðu hver á annan“.

Kýr (n, kvk) Kvenkyns nautgripur. Oft er kýr þó samheiti yfir bæði kynin; t.d. er talað um kúabú, þó þar séu bæði naut og kýr. Fallbeygist í eintölu; kýr; um kú; frá kú; til kýr. Kýr hafa sennilega verið hluti bústofns í Kollsvík frá landnámsöld, þó ekki sé vitað hvort þær hafi synt til lands úr strandi Kolls landnámsmanns. Aldrei voru þó margar kýr á hverju býli; líklega 1-2 mjólkurkýr og þá sameiginlegt þarfanaut fyrir Kollsvíkina eða jafnvel stærra svæði. Það er fyrst á 8. áratug 20. aldar sem vikið er frá þessu. Þá hóf Össur Guðbjartsson á Láganúpi mjólkursölu til Patreksfjarðar. Urðu mjólkurkýr þar flestar 13 að tölu. Hilmar sonur hans tók við kúabúskapnum eftir veikindi og fráfall Össurar, en hætti mjólkurframleiðslu fyrir aldamótin 2000. Góðir kúahagar eru í Kollsvík að sumarlagi; norður um Umvarp, Holt og Mýrar. Að loknum slætti var kúm beitt á túnin. Að sumarlagi voru kýr mjólkaðar útivið á stöðli, en hafðar í fjósum heima við bæi á vetrum. Munnmæli herma að fjós hafi verið byggt á kirkjuhólnum í Kollsvík eftir siðaskiptin. Þá hafi hálfkirkju sem þar stóð verið breytt í fjós til að óvirða hinn gamla sið. Það kunna að vera ýkjur, en víst er að þar stóð Kollsvíkurfjósíð frameftir 20. öld, hlaðið úr grjóti og með torfþaki. Sama byggingarefni er í elsta fjósi Íslands sem enn stendur; Hesthúsinu á Hólum, sem byggt var í kringum 1650. Mestan hluta sinnar löngu atvinnusögu gegndi það hlutverki fjóss á sumrin en hesthúss á veturna. Sú var notkunin árið 1703, þegar Árni Magnússon ritaði Jarðabók sína, og henni var fyrst hætt þegar Láganúpsbændur tóku í notkun steinsteyppt fjós, fjárhús og hlöðu árið 1945. Stöðull til mjálta á Kollsvíkurbænum var framan (sunnan) við túngarð/túngirðingu þar. Á Stekkjarmel var stöðull ofan

girðingar. Á Láganúpi var mjólkað í Túnshalanum allt framá 7. áratug 20. aldar. Einnig var mjólkað á Hólum, neðan Hesthússins, meðan það var sumarfjós.

Kýrauga (n, hk) Kringlóttur gluggi. Oftast er átt við glugga á skipi.

Kýrefni (n, hk) Um kvígu; efni í mjólkurkú. „Hann átti kvígu sem var mikið kýrefni, sem hann tímdi helst ekki að lóga...“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Kýrfóður (n, hk) Það sem ein kýr þarf til vetrarfóðurs. Heyforði var ýmist mældur í kýrfóðrum, hestum eða álnum. Eitt kýrfóður var talið vera 35-45 hestar/hestburðir af heyi. 3-6 álnir voru af heyi í kýrfóðri, eftir gæðum þess. Vetrungum, þ.e. veturgömlum kálfum, var ætlað hálfu kýrfóður. Kúahey/kúafóður er það hey sem ætlað er kúm, og er jafnan besta heyið. „Það er gagnlegast hverjum manni að láta sér nægja það sem nóg er og viljir þú svo þá skal eg segja þér mína meining. Það er gamalt búmannalag hér á landi að hálfur annar eyrisvöllur gefi af sér kýrfóður. Er hann þá vel ræktaður og þó ekki í besta lagi. Nú er eyrisvöllur 30 faðmar á hvern jaðar af fjórum...“ (Björn Halldórsson; Atli).

Kýrfóðurstún / Kýrfóðursvöllur (n, hk/kk) Tún/völlur sem, sæmilega áborinn, er talinn gefa af sér eitt kýrfóður í slægu. Mjög er misjöfn eftirtekjan, en oft var miðað við „fjörutíu málfaðma“, eða ½ hektara; um 5.000 m². Kýrfóðursvöllur var 1 ½ eyrisvöllur.

Kýrmjaltir (n, kvk, fto) Mjaltir kúa; til aðgreiningar frá mjóltum fjár, meðan fráfarur voru stundaðar.

Kýrverð (n, hk) Verðgildi; verð á einni kú. „Kýrverð samsvaraði að fornu sex ám; loðnum og lembdum um fardaga“. Verðmætir gripir voru fyrrum metnir í kýrverðum, s.s. bátar og handrit.

Kýta (n, kvk) Vestfirskt heiti á *þorskhrognum* og *steinbítshrognum*. „Gott er að hafa nýja lifur við kýtunni“. Sjá *hrognabrækur/hrognabuxur/skál*.

Kýta (s) A. Deila; jagast; munnhöggvast. „Æ, fyrir alla muni hættið nú að kýta um þessa smámuni strákar“! (Orðasafn Ingvars Guðbj.). B. Sveigja eitthvað í kút/saman. „Það þarf að fá stærra rúm fyrir strákin. hann er farinn að sofa dálítið kýttur milli gaflanna“. Talað var um að fiskur væri kýttur þegar hann var kasaður (sjá *skreið*).

Kýtingur (n, kk) Jag; deilur; þræta. „Hættið nú þessum leiðinda kýtingi strákar“!

Kýttur (l) Hnipraður/hnoðaður saman; í kút/hnipri; mjög boginn í baki. „Hann var farinn að *gangast* mjög fyrir síðustu æviárin; orðinn kýttur og farlama“.

Kæfa (s) A. Skafa snjó í miklu magni. „Það kæfði mjög fljótt í rásina sem mokuð hafði verið“. Það kæfir drjúgt hér ofan af húspökunum“. Eða þegar feykir kafaldskófi. „Það kæfir niður af þökum í vindhviðunum“. B. Drepa með því að hindra loftaðstreymi. „Sandinum frá ströndinni feykir langt á land upp, jafnvel kæfir gróður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Kæfa (s) Um veðurlag; skafa finum snjó framaf hengju, þaki eða öðru; fenna ákaft. „Það er meira hvað hann getur kæft í logninu“!

Kæfa/kyngja/setja/ryðja/hlaða niður snjó (orðtak) Snjóa mjög mikið og ákaft. „Hann er enn að hlaða niður“. Það verður fljótt ófært ef hann kæfir áfram niður“. „Enn hleður hann niður snjónum; ég veit ekki við hvað þetta ætlar eiginlega að lenda“! „Það verður ljótt þegar það fer af stað sem hann hefur kyngt niður“!

Kæfa (n, kvk) Mauksoðið kjöt, oft af gamalám; tekið af beinum og hrært saman við krydd; látið kólna og oftast borðað sem álegg. „Þegar faðir minn fór í Verið hafði hann með sér nesti í kistli. Hann hafði með sér kæfu; mjög feita, og var henni drepið í kassa. Inn á milli laga var drepið soðnum kjötbitum; feitum, og þótti það mjög gott. Kæfa var sett í skinnbelgi og hengd upp í reyk. Ég þekki einnig að setja kæfu í langa til geymslu“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Einnig var að hausti gerð kæfa; sett í skinnbelg og pressuð. Oft var hún reykt eins og hangið kjöt og geymd þar til farið var í Verið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Mat höfðu menn með sér heimanað í kofforti. Þá var kæfa brædd í annan endann á skrinunni og smjóri stungið í hinn endann“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Kæfandi (l) Um óloft; illþolandi; þungt. „Opnaðu nú gluggann; það er kæfandi hitasvækja hér inni“!

Kæfingur (n, kk) Mikill og þéttur skafrenningur. „Það er stöðugur kæfingur í Hyrnunni og verður líklega fljótt ófært“.

Kæfubelgur (n, kk) Skinnbelgur til að geyma kæfu í. Erfitt var að geyma kæfu án þess að hún skemmdist. Henni var áðurfyrr drepið í skinnbelgi; sett á hana farg og geymt á köldum stað. Dilkskrokkar voru flegnir á sérstakan hátt þegar skinnið var nýtt til slíkra belgja, og nefndist það að *flá í belg* (sjá þar).

Kæfubiti / Kæfusneið (n, kk/kvk) Biti/sneið af kæfu. Kæfa var áðurfyrr verkuð í belgjum eða öðrum stórum ílátum og síðan skorin niður í bita til að bera hana fram. Bitarnir voru skornir í sneiðar, ef nota átti þá sem álegg á brauð. Nú eru lítil plastílat orðin allsráðandi; sem kæfan er kroppuð uppúr; linari og mörminni en áður var.

- Kæfubrauð** (n, hk) Brauðsneið með kæfu sem álegg. „Ég setti fýlsegg og kæfubrauð í nestisboxið“.
- Kæfukind / Kæfurolla** (n, kvk) Kind sem ákveðið hefur verið að nýta til kæfugerðar eftir slátrun. Helst voru það gamlar kindur sem ekki þóttu nýtilegar á annan hátt. Þyrfti að slátra ungu og vænu fé var það nýtt fremur í hangiket.
- Kægill** (n, kk) A. Drykkjarkútur; gæluorð yfir lamb eða dreng. „Drykkjarilátið hafði ýmis nöfn...blöndukútur; kægill...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II). B. Notað til þessa dags í Kollsvík í afleiddri merkingu: „Þetta hrútlamb er nú óttalegur kægill; óvíst að hann lifi til hausts“. „Skelfing er þessi *lambkægill* lengi að ná sér á strik“.
- Kækur** (n, kk) Ávani; ósjálfráð hreyfing, t.d. vegna tourette-sjúkdóms. „Það var kækur hans að banda hendinni framan í viðmælanda með glennta fingur þegar honum var mikið niðri fyrir“.
- Kæla** (n, kvk) Stífur goluvindur. „Hver kæla var notuð til að létta undir við róðurinn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hann er að *leggja upp* einhverja kælu“.
- Kæla** (s) A. Gera kaldara; draga úr hita. „Það er mikið atriði að kæla mjólkina sem fyrst eftir mjaltir“. B. Auka vind úr hæglati upp í *kælu*/golu/kalda. „Hann er farinn að kæla dálítið upp á Víkina“.
- Kælir** (n, kk) Staður til að kæla matvöru. „Fyrir daga mjólkurtanka var gjarna útbúinn kælir fyrir mjólkurbrúsa í einhverju af hinum mörgu kaldavermslum í Kollsvík; t.d. í Brunnhússlæknum eða Kaldabrunni“.
- Kælugutlandi** (n, kk) Vindbára; fremur lág, stutt og ör bára sem ýfð er upp af vindi. Getur komið úr annarri átt en kvikan sem undir liggur. „Er hann eitthvað að auka þennan kælugutlanda“?
- Kælukast** (n, hk) Aukinn vindur um tíma; einkanlega á sjó. „Hann lagði eitthvað bölvad kælukast upp á víkina um tíma, en lægði það fljótlega aftur“.
- Kæluskratti** (n, kk) Stíf kæla sem orðin er til leiðinda við veiðar/róður eða annað verk; kaldi. „Mér sýnist að þessi kæluskratti sé að rífa upp bölvadan gutlanda. Maður fer ekki að nenna að hanga á þessu lengur“.
- Kælusláttur** (n, kk) Vindur sem slær niður staðbundið/tímabundið, jafnvel úr fleiri en einni átt á víxl.
- Kæluvottur** (n, kk) Dálítill gola/kæla. „Ein hver kæluvottur virðist vera hér suðurá“.
- Kæna** (n, kvk) Lítill bátur; bátshorn; smáfleyta. Sumsstaðar á landinu var orðið notað um austurstrog, en ekki er vitað um slíka orðnotkun í Kollsvík.
- Kænlega** (ao) Lævislega; sniðuglega. „Honum tókst að koma orðum kænlega að þessu“.
- Kænn** (l) Sniðugur; lævis; undirföru; ráðagóður. „Hann er ótrúlega kænn í viðskiptum“.
- Kænska** (n, kvk) Sniðugheit; lymaska; snjallræði. „Með kænsku og útsjónarsemi lánaðist honum að *koma ár sinni* vel fyrir borð“.
- Kænskuþragð** (n, hk) Sniðugheit; grikkur. „Ég þurfti að beita ýmsum kænskuþragðum til að fá hann með“.
- Kæpa** (n, kvk) A. Kvenkyns selur. B. Húfa. „Hvar er nú húfukæpan mín“?
- Kæpa** (s) Um sel; fæða kóp. „Alltaf er töluvert af sel á Vatnadalshöfðum og við Sveinaflögur. Einkum er það útselur, en hann kæpir á Landamerkjahlein“ (HÖ; Fjaran).
- Kæra sig kollóttan** (orðtak) Vera sama/*ffandanssama*; *gefa skit í*; *leiða hjá sér*. „Ég kæri mig alveg kollóttan þó hann sé eitthvað að *belgja sig*“. „Gummi kærði sig kollóttan og lét þetta ekkert á sér festa“ (PG; Veðmálið).
- Kæra sig um** (orðtak) Vilja hafa með að gera; vilja eiga; þykja vænt um. „Ég kæri mig lítið um að hundurinn sé að *galsast* í fénu“! „Liði kærði sig að minnsta kosti ekki um að taka lamsskrokkinn með sér heim að Látrum og varð að samkomulagi að Gummi nýtti hann“ (PG; Veðmálið).
- Kæring** (n, kvk) Sinna; umhirða; skeyting. „Hann hefur litla kæringu fyrir útlitinu“.
- Kæringarlaus / Kærulaus** (l) Hirðulaus; skeytingarlaus. „Skelfing ertu kæringarlaus um heimanámið“.
- Kæring** (l) Hirðusamur; umhyggjusamur. „Þú ert ekki nógu kæring með bækurnar; að láta þær liggja svona“!
- Kærkominn** (l) Vel þeginn; velkominn. „Alltaf er kaffisopinn jafn kærkominn eftir svona puð“. „Þetta hlé var kærkomið til mannglegra samskipta“ (PG; Veðmálið). „Var slíkt okkur krökkunum kærkomið tilefni til að hitta jafnaldra okkar á næstu bæjum“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).
- Kærlega** (ao) Innilega; fagnandi; mjög vel. „Ég þakka kærlega fyrir mig“.
- Kærleikur** (n, kk) Vinátta; væntumþykja; innileiki. „Það hafa löngum verið litlir kærleikar á milli þeirra“.
- Kært með** (orðtak) Ást/vinátta milli. „Með þeim systurum var alla tíð mjög kært, og mikill samgangur á milli heimila þeirra“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Kærulaus** (l) Hirðulaus; hugsunarlaus; ógætinn. „Mér þykir hann fremur kærulaus í þessum efnunum“.

Kæruleysi (n, hk) Hirðuleysi; hugsunarleysi; ógætni. „Skelfingar kæruleysi er þetta“!

Kæruleysislega (l) Af kæruleysi/léttúð; *óvarkærnislega*. „Það var kæruleysislega að þessu staðið“.

Kæsa (s) Verka mat, einkum hákarl og skötu, á þann hátt að láta hann liggja í hrúgu/kös (sjá *hákarl* og *skata*).

Kæsing (n, kvk) *Kösun*; sú geymsluaðferð að kæsa mat. Kæsing er enn talsvert stunduð, þó vól sé öðrum úrræðum, sem sýnir hve hi sérstaka kæsingarbragð á djúpar rætur í þjóðmenningunni.

Kæstur (l) Búið að kæsa. „Fátt er betra en vel kæstur hákarl“.

Kæta (s) Gleðja; koma í gott skap. „Svona góðviðristið kætir hvern mann“.

Kæti (n, kvk) Kátína; gott skap; gleði. „Gjörðu svo vel að ganga í bæinn; fáðu þér sæti og sýndu af þér kæti“!

Köflóttur (l) Með köflum; með mislitum reitum. „Ég á þessa köflóttu húfu“.

Köggglader (n, hk) Derhúfuder sem orðið er lúð og aflaga, þar sem styrking inni í því er sundurbrotin. Orðið gæti hafa orðið til í seinni tíð og gæti upprunans verið að leita hjá Jóni Hákonarsyni á Hnjóti sem var næmur og fundvís á hnitmiðaða orðasamsetningu. Orðið var þó almennt notað í utanverðum Rauðasndshreppi á síðustu áratugum 20. aldar. „Ekki lagaðist kögggladerið hans Kitta við þessa samalamennsku“.

Kögglast við (orðtak) Bauka/myndast við að gera/vinna með höndum. „Ég er enginn snillingur í þessu, en ætli maður verði ekki að kögglast eitthvað við það, fyrst enginn annar er tiltækur“.

Köggulkvikur (l) Orðið hefur ekki verið í notkun í seinni tíð. Merkir líklega handfljótur. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Kögur (n, hk) Kragi; faldur; traf á klæðisfaldi.

Kökkur (n, kk) Hnaus; köggull. „Árans kekki eru í áburðinum“.

Kökubleðill (n, kk) Þunn kaka, oftast átt við sneið af hveitiköku/rúgköku. „Réttu mér einn kökubleðil í viðbót“.

Kökubox (n, hk) Bods/dós sem kökur eru geymdar í.

Köld eru kvenna ráð (orðatiltæki) Ekki er líklegt að spekin lýsi kvenfyrirlitningu; líklega vísar hún fremur til þess að konur geti verið körlum klókari í ráðabruggi og skipulagi.

Kölkun (n, kvk) A. Heilahrönnun; elliglöp; alzheimer-veiki. „Það er farið að bera dálítið á kölkun hja honum“.

Kölski (n, kk) Satan; sá vondi; óvinurinn. Þjóðsögur af kölska hafa verið þjóðinni afþreying í gegnum aldirnar; ekki síður en sagnir og rímur af fornköppum.

Könguló (n, kvk) Einnig skrifað og framborið kónguló, einkum áður fyrr. (Araneae). Liðdýr af flokki áttfætla; með tvískiptan bol. Fætur eru átta, auk sérstakra munnlima. Augun eru oftast átta. Þau eru með einni linsu en ekki fjöllinsa, eins og í skordýrum. Köngulóm er oft skiptast eftir lifnaðarháttum í vefköngulær og förüköngulær. Vefköngulær spinna vef úr skilkiþræði til veiða, en förüköngulær elta bráðina uppi. Þær hafa þó einnig spunakirtla, og spinna m.a. hjúp um egg sín. Bolurinn er ýmist óskiptur eða tvískiptur. Þráðurinn kemur úr kirtlum í afturbolnum, og er margþættur. Silkið er fljótandi, en harðnar um leið og það kemur úr bolnum, og verður að þræði sem er margfalt sterkari en stál. Köngulær eru rándýr, og drepa bráðina með eitri sem kemur úr kirtlum í höfðinu og er sprautað úr oddi klóskæranna. Bráðin er ýmist drepin strax, eða pökkuð lifandi í þráð og étin síðar. Köngulóin er algeng hérlendis, og finnst hér af henni 84 tegundir. Í haga og klungri finnst oft **hagaköngulær** (gnaphosidae) af tveimur tegundum; hagakönguló og hrafnakönguló. Þær eru einlitar sprettharðar förüköngulær, sem elta bráðina uppi. Hagakönguló er oft mjög dökk; algeng á láglendi. Hrafnakönguló er með brúnleitan frambol og svarta skjaldarrönd; algeng.

Hnoðaköngulær finnst í 5 tegundum. Hin eiginlega hnoðakönguló (*Pardosa palustris*) er líklega algengasta könguló landsins. Hún er förükönguló með brúnan, langröndóttan frambol; algeng bæði á láglendi og hálendi. Henni skyld og lík er mýrakönguló, sem finnst gjarnan í hrísmóum og mýrum. Einnig heiðakönguló, sem helst finnst á hálendinu og laugakönguló sem heldur sig oft á jarðhitasvæðum.

Húsaköngulær finnst hér sem ein tegund (*Tegenaria domestica*); með grábrúnan frambol og ljósari afturbol. Hún er algengari á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum og finnst eingöngu í húsum. Hún spinnur trektlaga voð í hornum, og situr í mjórri enda hennar meðan beðið er eftir bráð. **Kambköngulær** finnst einkum á Mývatnssvæðinu. Hinsvegar er **krabbakönguló** algeng um allt land. Hún er með tvö áberandi löng fremstu fótapör; brúnleitan frambol með hvítu v-laga mynstri. Hún veiðir ekki í vef, heldur situr í blómum og veiðir flugur. Spunakirtillinn notar karlinn m.a. til að binda kerlinguna meðan á mökun stendur, til að hann hafi tíma til að forða sér að henni lokinni. **Krosskönguló** (*Araneidae*) finnst hérlendis í 5 tegundum. Þær eru stórar þybbnar og spinna hjóllaga vefi í trjám, klettum og húsum. Þær geta bitið í gegnum húð, þó ekki sé það algengt. Eiginleg krosskönguló (*Aranus diadematus*) er ljósbrún á bol, með hvíta bletti á afturbol sem mynda kross. Finnst um allt land á láglendi, en er algengust á suður- og suðvesturlandi. Fremur hitakær, og algeng utaná húsveggjum og klettum sem vita í suðurátt. Skartkönguló er litfagurri, en sjaldgæf hérlendis. Sveipkönguló er algeng, einkum norðanlands; með brúnleitan bol og er

afturbolur mjög munstraður. Heldur til í háu grasi og runnum og spinnur oft eggjabú í snarrótarpunti. Maurkönguló finnst einkum við Mývatn og annarsstaðar á norðurlandi. Ylkönguló hefur helst fundist í gróðurhúsum. **Leggjaköngulær** hafa áberandi langar lappir; sjaldgæfar hérlendis, og aðeins innanhúss. **Randaköngulær** eru staðbundnar. Hin eiginlega randakönguló finnst einkum í Þingeyjasýslum og kjarrkönguló einungis í Skaftafelli. **Slútköngulær** eru sömuleiðis mjög staðbundnar. Er þá komið að þeirri ætt köngulóa sem langsamlega er algengust hérlendis, en það eru **voðköngulær** (Linyphidae). Af þeim eru hér 61 tegund. Voðköngulær eru mun smávaxnari en þær tegundir sem nefndar hafa verið, og yfirleitt ver lítið á þeim. Á haustin skríða þær upp í strá eða greinar og spinna langan þráð, sem vindurinn grípur. Þannig svifur köngulóin oft langar leiðir. Þegar mikil brögd eru að þessu leggjast svifþræðirnir yfir gróid land eins og teppi sem vel er greinilegt. Er þetta nefnt *vetrarkviði*, og þótti áðurfyrr boða harðan vetur. Hér skulu nefndar nokkrar algengar tegundir voðköngulóa: Hnyðjukönguló er fremur algeng víða um land, og sama má segja um brekkuló, roðaló, snoppuló, holtaló, móaló, sortuló, blökkuló, auðnuló, freraló, snæló, kompuló, randaló, ranaló, burstaló og finuló.

Ýmis þjóðtrú tengist köngulóm, og var hér fyrr getið um vetrarkviðann. Talið var að könguló gæti vísað á berjamó. Þá var talið að köngulær vissu á sig veður. Sæjust þær með egg á baki væri von á jafnmörgum sólskinsdögum og egginn væru mörg. Ógæfu boðaði að spilla köngulóarvef viljandi.

Köngulóarvefur er algengur að sumarlagi, jafnt inni í húsum, þar sem ekki er oft þrifið, sem úti í urðum og klettum. Ólánsmerki var talið að rífa köngulóarvef eða hrekka könguló á annan hátt.

Könnuábrystir (n, kvk) Ábrystir sem hitaðar eru í íláti sem sökk er í sjóðandi vatn, þannig að þær hlaupi án þess að sjóða. Könnuábrystir eru með finni og jafnari áferð en *draflaábrystir*.

Körfustrá (n, hk) Tág úr tágakörfu, eins og notuð var almennt til burðar á fiski og heyi áður fyrr. Börn gerðu það af fíkti að skera bít af körfustrái og reykja eins og sígarettu, en reykurinn var býsna beiskur.

Köpuryrði (n, hk, fto) Illmælg; stóryrði. „Hann hreytti í þá köpuryrðum og bað þá illa að þrífast“.

Kör (n, kvk) Sjúkrabeður aldraðrar manneskju.

Körun (n, kvk) Athöfnin að *karal* sleikja slor af afkvæmi. „Alltaf er körunin dálítið flautursleg hjá henni Surtlu; hún má ekkert vera að því að sinna svoleiðis smáatriðum“.

Körrur (n, kvk, fto) Ullarkambar. „Körrur voru nauðsynlegar á hverjum bæ áður fyrri“.

Kös (n, kvk) Hrúga. Upphaflega var einkum átt við verkunaraðferð fískis, s.s. fisk sem staflað var á sérstakan hátt í hringlaga stafla áður en hann var þurrkaður í *skreið* (sjá þar). Einnig um skötu sem látin er ryðja sig/verkast í kös. „Meðan heitast er að sumrinu var skatan látin liggja vikur í kös.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Af orðinu kös er dregin sögnin að *kæsa*.

Köstur (n, kk) Hlaði; haugur; hrúga; það sem kastað er saman. Sbr. bálköstur.

Kösun (n, kvk) *Kæsing*.

Köttfær / Köttliðugur (l) Mjög lipur í bjargi; vel bjargfær. „Ég hef sjaldan séð jafn köttliðugan mann í klettum“. Yfirleitt orðað þannig í Kollsvík þó sumir þættust leiðréttá það með *köttliðugur*. „Heyrt hefi ég þó að einn maður hafi klifið Skarfastapa... Hann var það sem kallað var köttfær (þ.e. fær sem köttur). Þykir það glæstast frægðarorð um klifurfærni vjargmanna“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Köttát (n, hk) Straumstillir fyrir rafal (*dýnamó* eða alternator) í bíl/traktor/báti. Úr ensku; „cut-out“. „Það getur stundum dugað að banka í köttáti til að koma hleðslunni aftur í gang“.

Köttur (n, kk) Algengt heimilisdýr. Köttur var af sumum talinn geta sagt til um veður, og tjáði það með sinni hegðun. Þannig spáir kötturinn hláku ef hann þvær sér upp fyrir eyrað á vetrardag. Endranær merkir það gestakomu, og því tignari eiga gestirnir að vera sem hann þvær sér hærra uppá hausinn. Ef hann teygir sig og hleypir klónum fram er sagt að hann hvesi klærnar eða taki í klærnar, og boði það storm. Sama getur þýtt ef hann leikur sér. Veður kemur úr þeirri átt sem kötturinn klórar sér í. Ef kettir rífa tré með klónum boðar það hrakviðri á sumrum, en stórhrið á vetrum. Kettir eru sagðir forðast þá sem eru feigir, og því er orðatiltækið *sjaldan er köttur í feigs manns fleti*. B. Spil sem víða var spilað fyrrum; líklega einnig í Kollsvík þó ekki verði um það fullyrt. „Köttur (lú; lúfa; lúfur) var líklega algengasta spilið. Væru sex sem spiluðu voru sex spil gefin hverjum. Sá sem gaf sló upp aukaspili. Það varð tromplitur og hlaut hann það sem eitt af sínum spilum. Þá var forhandarmanni heimilt að taka köttinn sem kallað var, en það voru sex næstu spilín í stokknum og varðhann neyddur til að spila á þau. Næði hann ekki slaf, þá var sagt“ hann á ekki bit á köttinn“. Væri spilað upp á peninga átti sá sem bit varð á köttinn að borga 3, 5 eða 6 aura. Spilið var þess vegna kallað þriggja, fimm eða sex aura köttur. Sjá *vermannaleikir*.

Köttur í bóli bjarnar (orðtak) Um mannaskipti til hins verra; þegar minni maður kemur í stað hins meiri. Sjá *kominn köttur í ból bjarnar*.

Laban (n, kk) Aumingi; ónytjungur; bjálfi. „Ég held að sá laban ætti að girða sig í brók og biðjast afsökunar“.

Labb (n, hk) Ganga; gönguferð. „Mikið verður gott að hvíla sig eftir labbið“.

Labba (s) Ganga; stika; dóla. „Það tekur því ekki að setja bílinn í gang; við löbbum bara þennan smáspotta“.
„Daginn eftir tók Pétur mjólkurpóstur okkur við Klettinn og flutti okkur út að Nesi, en þaðan löbbum við heim um kvöldið“ (IG; Æskuminningar). „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað./ því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Púdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hæsæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Labbakútur (n, kk) A. Gæluorð um lítinn strák sem farinn er að ganga. „Ég var bara lítill labbakútur sem hefði gefið aleiguna fyrir að vera kominn heim“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Niðrandi líking.

Labbítur (n, kk) Stutt gönguferð; *spässerstúr*. „Það er bara stuttur labbitúr hérna norður á Mel“.

Labbrabbtæki / Labbrabbstöð (n, hk/kvk) Fyrstu handheldu talstöðvar til almenningsnota nefndust walkie-talkie á ensku, sem þýtt var sem labbrabb á íslensku, þó ekki festi það heiti lengi rætur. Einnig voru þær nefndar cb-stöðvar (citizen-band). Ólafur Sveinsson á Sellátranesi mun fyrstur hafa notað slíkar talstövar í Kollsvík, þegar hann var við mávaskyrtteri við Garðana kringum 1967. Lét hann stráka (þ.á.m. VÖ) fara út á Undirhlíðarnef með talstöð til að segja sér hvenær mávahópar leggðu þaðan af stað.

Labri (n, kk) Labradorfiskur; Ward-fiskur; fiskur sem flattur er á sérstakan hátt til útflutnings (sjá *flatning*). „Skömmu eftir síðustu aldamót byrjaði Englendingurinn Pike Ward að kaupa saltfisk sem mátti ekki vera stærri en 16-17 umlungar, en svo smár sem menn kusu. Fiskurinn átti að vera mænuflattur að aftari kviðugga, en þó ekki eins djúpt og venja var. Hann var ekki vaskaður eins vandlega og annar fiskur; ekki himnudreginn og ekki hreinsað hnakkablöð. Hann var álíka mikið þurrkaður og svokallaður Barcelonafiskur, þ.e. linþurrkaður“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Laða (s) Lokka; heilla; draga að. „Ég held að þessi tálbeita ætti að geta laðað að sér hvaða lúðu sem er“.

Lafa (s) Hanga. „Rakaðu utanúr vagninum stærstu tuggurnar sem lafa lausar“.

Lafhræddur (l) Mjög hræddur; *skíthræddur*. „Hundurinn er lafhræddur við lambána“.

Lafir/hangir (saman) á lyginni (orðtak) Tollir saman á óskiljanlegan hátt. „Gáðu að þér á steininum þarna í brúninni; mér sýnist hann lafa á lyginni“. „Stagið er alveg að fara í sundur; það rétt hangir saman á lyginni“.

Lafhræddur (l) Mjög hræddur/smeykur. „Við laumuðumst lafhræddir í gegnum nautagirdinguna“.

Lafhægt (l) A. Löturhægt; mjög rólega. B. Auðvelt; létt. „Þetta væri lafhægt með réttum áhöldum“.

Laflaust (l) Mjög laust. „Þú verður að herða betur; þetta er laflaust ennþá“.

Lafmóður / Lafuppgefinn / Lafpreyttur (l) Mjög móður; uppgefinn. „Ég var lafmóður eftir sprettinn“. Vísun til lafandi tungu hunds.

Lafrast (s) Hengslast; gaufa. „Ætlarðu að vera að lafrast við þetta í allan dag“.

Lafuppgefinn / Lafpreyttur (l) Örpreyttur. „Ég var lafuppgefinn eftir hlaupin“.

Lag (n, hk) A. Hlé milli ólaga; tækifæri til að *ýta úr vör* eða *taka land*. „Komið gat það fyrir að bátur var settur til sjávar og *beðið lags* með að ýta á flot; lags sem þó aldrei kom nægilega öruggt...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Á sumum stöðum er langt á milli *ólaga* og þá um *lagabrim* að ræða. Þótti betra að reyna lendingu á síðustu báru þess en öftustu *ólagsöldu* í *óðbærum* sjó. Þessi var reynsla víða um Vestfirði“ (ÖETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). „Gísli gamli kom æpandi á móti syni sínum og sagði: „Ja þetta áttir þú ekki að gera. Þú áttir að *sigla*; *halda á* að sigla. Þá hefðir þú *haft lagið* upp““ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). B. Tækifæri. „Nú er lag til að skjótast í húsin, áður en næsta skúr skellur á“. C. Tónverk; söngur. „Nú kemur síðasta lagið á dansleiknum“. D. Aðferð. „Það er ekki sama hvaða lag er notað við þetta“. E. Lárétt innskot/umferð í stafla. „Í Bökkunum eru að koma í ljós mörg lög mannvistarleifa frá útgerð í Láganúpsveri“. F. Ástand. „Bíllinn er kominn í gott lag“.

Laga (s) A. Gera betra; lagfæra. „Ég er búinn að laga stólinn“. B. Hella uppá, t.d. kaffi; gera, t.d. te. „Hún sagðist ætla að laga kaffi fyrir okkur“. C. Renna. „Blóðið lagaði úr sárinu“.

Laga að (orðtak) Aðlaga; fella að. „Það þarf að laga fjárhúsin að því fé sem þar er hverju sinni“.

Laga til (orðtak) Stilla/raða betur upp; hagræða; gera fínt. „Lagið nú aðeins til hjá ykkur strákar“!

Lagaboð (n, hk, fto) Lög; fyrirmæli laga. „Ég tel þetta ekki rétt, þó ekki séu neín lagaboð gegn því“.

Lagaður (l) Í laginu; mótaður; tilhafður. „Skórin þarf að vera vel lagaður að fætinum“.

Lagabókstafur (n, kk) Strangur lagaskilningur. „Menn hafa nú talið sig vita mun á réttu og röngu í þessu efni; hvað sem líður einhverjum lagabókstaf“.

Lagabrim (n, hk) Viss reglusemi aldna í brimi, þannig að á eftir nokkrum stórum bárum; *ólögum*, koma nokkrar aðrar minni; *lög*. „Á sumum stöðum er langt á milli *ólaga* og þá um *lagabrim* að ræða. Þótti betra að reyna

lendingu á síðustu báru þess en öftustu *ólagsöldu í óðbærum sjó*. Þessi var reynsla víða um Vestfirði“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Lagaflækjur / Lagakrókar (n, kvk/kk, fto) Ítrasti lagaskilningur, og stundum ímyndaður. „Við þetta ranglæti beittu þeir einhverjum lagakrókum og lagaflækjum sem útilokað er fyrir venjulegt fólk að skilja“.

Lagagildi (n, hk) Ígildi laga; gild lög. „Þetta er góð venja, þó hún hafi ekkert lagagildi“.

Lagaheimild (n, kvk) Heimild laga til aðgerðar. „Mér er það mjög *til efs* að stjórnvöld hafi haft nokkra lagaheimild til að sölsa útgerðarrétt sjávarjarða undir einhverja fjarlæga kvótakónga og góðvini sína“.

Lagalda (n, kvk) Um sjólag; alda sem síður brotnar en aðrar nærri henni. Því er sóst eftir að nýta lagið til landtöku. „Í heimild frá öndverðri 19. öld eru ólagsöldurnar þrjár, en lagöldurnar sex“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Lagboði (n, kk) Lag sem annar texti er sunginn við en sá upprunalegi/þekkti; lag sem fellur að texta.

Lagðmerkja (s) Lagða; merkja/auðkenna kind með ullarlagði af öðrum lit en hún sjálf ber. Gripið var til þess að lagðmerkja tímabundið, t.d. ómörkuð lömb í réttum sem mörkuð ær *helgaði sér* með réttu. Sé t.d. um hvítt lamb að ræða er skorinn lítill ullarlagður af *mislitri* kind og hann hnýttur í ull lambins efst á herðakambi.

Lagðmerkt (l) Lagðað. Sauðfé sem þurft hefur að *lagðmerkja*. **Lagður út** (orðtak) Um lag á báti; hvernig breiddin heldur sér í átt að stöfnum. „Bátum er misjafnlega mikið lagt út til stafnanna, en það ræður miklu bæði um gang þeirra, sjóhæfni og burðargetu. Sumir eru ílagagóðir/ílagamiklir/viðtakamiklir, þ.e. þeim er mikið lagt út, og eru þá burðarmiklir og verja sig vel í báru, en ekki gangmiklir. Sé það á skutinn eru þeir stundum sagðir með drotningarskut/drotningarrass. Sé bátum lítið lagt út, þ.e. þeir eru viðtakalítillir, geta þeir verið gangmiklir en síðri í sjóhæfni og burði“.

Lagðprúður (l) Um sauðkind; falleg á lagðinn/ullina; með fallega ull. „þ..og sumir huguðu að afrakstri sumarsins sem birtist í föngulegum og lagðprúðum haustlömbum“ (PG; Veðmálið).

Lagður (n, kk) Ull; tjása af ull. Sbr. ullarlagður.

Laggarskurður (n, kk) V-laga skurður/skora sem rist er í tré. „Frá hendi Jóns Íslendinga var um aldri yfir bæjardyrum í Sauðlauksdal planki; ca 3 álnir á lengd, 5,5, tommur á breidd, 1,5 tomma á þykkt; útskorinn með rósaverki á endum og milli orða. En á milli skrautsins stóð skorið með sléttum laggarskurði og með latínuletri: „Allir góðir menn velkomnir“. Þessi fjöl var tekin ofan er séra Magnús Gíslason endurbyggði bæinn ca 1860 og var eftir það við skemmudyr framyfir 1890, en hverf þá, án þess menn viti hver olli hvarfinu. En böndin bárust að eldamennskukonum staðarins, en þeim var um það bil uppkeikjufátt, eins og gengur“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Lagfæra (s) Færa/koma í lag; laga; gera við. „Ég lagfærði jötufjölinu eftir hrútinn“.

Lagfæring (n, kvk) Viðgerð; úrbót. „Þetta þarf einhverrar lagfæringar við“.

Laghentur (l) Handlaginn; fimur í höndum við verk. „Það eru ekki allir svona laghentir“.

Laginn (l) Laghentur; útsjónarsamur; slyngur. „Ég held að þú sért lagnari við þetta en ég“.

Lagklaufir (n, kvk, fto) Litlar klaufir/hornvörtur aftan á fótum klaufdýra. „Lagklaufir draga úr hættu á að dýrið sökki í votlendi“.

Laglaus (l) Gengur illa að halda réttum tóni í lagi/finna réttan tón. „Hann segist vera laglaus, en ég veit betur“.

Laglega (ao) Fallega; vel; snyrtilega; með góðu lagi. „Mikið er þetta laglega gert“.

Laglegur (l) Fallegur; snyrtilegur; vel gerður/lagaður. „Laglegri fleyta fyrirfinnst varla“. „Heyrðu herna lagsi, lýst þér ekki á mig?! Lagleg er ég, sérstaklega í myrkri./ Ég fylgi þér í rúmið, þá fer svo vel um þig,/ og faðma þig með jómfúrhendi styrkri“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Laglegheita- (n, hk, fto) Falleg; lagleg. „Þetta er bara laglegheita fleyta, þó ekki sé hún stór“.

Lagleysa (n, kvk) Óáheyrilegt lag; mislukkuð tónsmíð. „Skelfing fara svona lagleysur í taugarnar á mér“!

Lagnaðaris (n, kk) Ís sem myndast á vatni eða sjó sem *leggur* (frýs).

Lagnet (n, hk, fto) Net sem lögð eru í sjó eða vötn. Önnur netanotkun er dragnet, sem notuð eru til að *draga á*.

Lagni (n, kvk) Færni/snilld/fimi í framkvæmd tiltekins verks. „Þetta útheimtir verulega lagni“. „Hann fór að öllu með ítrustu lagni“.

Lagning (n, kvk) Það að leggja. „Margs er að gæta við lagningu neta á Kollsvíkinni. Ekki er ráðlegt að leggja of utarlega, þá er hætt við að fyllist af skít í hörðu falli. Sama gerist ef lagt er á sandbletti“.

Lagningarflækja (n, kvk) Flækja nets í lagningu; hnútur/*innisláttur* sem kemur þegar net *forhalast* í lagningu. Meiri hætta var á lagningarflækjum meðan enn voru notaðir *netasteinar* eða *netablý*, og meðan net voru *róin út*. Sjá *netalagning*.

Lagsi / Lagsmaður (n, kk) Rúmfélag; sá sem deilir rúmi „Einn bátur var um hverja búð; þrjú eða fjögur rúm gátu verið í hverri. Tveir voru saman í hverju rúmi. Voru þeir kallaðir lagsmenn“ (PJ; Barðstrendingabók). „Heyrðu hérna lagsi, lýst þér ekki á mig?/ Lagleg er ég, sérstaklega í myrkri./ Ég fylgi þér í rúmið, þá fer svo vel um þig./ og faðma þig með jómfúrhendri styrkri“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Lagtækur (l) Laginn; góður/snjall verkmaður; fingrafimur. „Hann er *býsna* lagtækur við þetta“.

Lagvaður (n, kk) Veifarferi til *hákarlaveiða*. Var hann allmikið útbreiddur í þeim þrem landshlutum sem einkum stunduðu hákarlaveiðar á 18. öld; Vestfjörðum, Skagafirði og Austfjörðum. Í stórum dráttum er lagvaðurinn þannig; tvær *sóknir* eru í *öngultaumum* úr keðju sín á hvorum enda á sterku tré; lagvaðsás. Hann situr þversum á *stjórafæri*; 11-12 fetum ofanvið *stjóran* sem lagt er á botn á allt að 60 faðma dýpi. Flot/*uppihöld* voru á *yfirvarpinu*, sem var 60-80 faðma langt. Dufl Vestfirðinga nefndust byður og voru mjög til beggja en skotin mjög út um miðju. Lagvaður var mikið notaður um skeið en sjaldan stundaður eingöngu. Vitjuðu menn hans að jafnaði einu sinni á dag, um leið og þeir fóru til *fiskilóða* eða renndu *færum*. Lagvaðir vildu ónýttast og tynast, auk þess sem veiddur hákarl var iðulega étinn af öðrum. Hann vék því mjög þegar kom framá 19. öld, einkum fyrir *handvað*. (Byggt á GG; Skútuöldin).

Lagviss (l) Heldur vel lagi; fer ekki út af laginu. „Hún er furðu lagviss stelpan, þó ekki sé hún eldri“.

Lak (n, hk) Þunn ábreiða sem höfð er á rúmi/dýnu, undir sofandi manni. Lök má núna fá tilniðin í verslun, en voru áður seld af lérefstörngum úr verslunum. Um og eftir miðja 20. Öld var algengt í Rauðasandshreppi að húsmæður nýttu hvítt lérefi úr stórum hveitisekkjum. Sekkjunum var sprett í sundur og saumaðir aftur saman í lök. Svartir stafir voru þvegnir af með sterkri sápu.

Lakari (l) Verri; síðri. Eins var það til бага ef vindur stóð á land; þá varð fjaran lakari“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ég hef verið lakari til heilsunnar upp á síðkastið“.

Laki (n, kk) Einn af fjórum mögum jörturdýra. Hinir eru vömb, keppur og vinstur.

Lakkera (s) Lakka. Eldri mynd, og heyrir ekki nú til dags.

Lakkrís (n, kk) Sælgætið lakkrís barst fyrst til Kollsvíkur á 7.áratug 20.aldar, með börnum semm komu í sumardvöl. Hann kom í rörungum og rúllum, og stundum stórir sekkir; afskurður úr verksmiðju. Eldra fólk kundi ekki að meta þetta, og fékk það stundum heitið *skiturinn úr skrattanum*.

Laklega (ao) Fremur illa; ekki vel. „Mér þykir laklega horfa með þurrk á morgun, eins og hann er að *ljókka*“.
„Það horfir laklega með heimtur“.

Laklegur / Lakur (l) Lélegur; slæmur; slakur. „Mér finnst sprettan vera laklegri en í fyrra“. „Þetta þykir mér fremur lakur afli“. Hjá *allflestum* munu hey vera lakari en í meðallagi, því sumarið var óþurrkasamt...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Lall (n, hk) Rölt; hægur gangur; dól. „Við *höldum* ekki í við hina með svona lalli; *drifðu þig* nú“!

Lalla (s, harður frb) Ganga í rólegheitum; dóla; rölt. „Ég ætla að lalla hérna niður að sjó aðeins“.

Lalli (n, kk) A. Steinbitsbudda; kýta; magi úr steinbit. „Buddan var oft hirt; troðin út með þorskalifur og soðin; þótti matur góður og matarmeiri en kútmagi, enda þykkari, einkum í botninn. Efri hlutinn var nefndur gormur. Víða var steinbitsmaginn soðinn og látinn í súr“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Styttling úr fjörlalli. „Mórar, slæðingar og lallar eru fyrirbæri sem sumir verða meira varir við en aðrir“. C. Niðrandi heiti um mann sem þykir latur/slóðalegur.

Lama (s) Gera óvirkt/óstarfhæft; eyðileggja hreyfigetu. „Sameining hreppanna reyndist það rothögg sem að lokum lamaði Rauðasandshrepp nær algerlega, þó ýmislegt hafi stjórnvöldum áður tekist að eyðileggja“.

Lamaður (l) A. Um mann eða skepnu; багаður vegna lömunar. B. Um hurð/glugga/kistulok o.fl; hjararbrottinn; með brotna aðra eða báðar lamir. C. Um vél/hlut/stól o.fl; bilaður. „Gættu þín þegar þú sest í stólinn; hann er hálf lamaður“.

Lamamaður (n, kk) Sá sem er lamaður. „Hann hefur verið lamamaður eftir þetta slys“

Lamb (n, hk) Afkvæmi sauðkindar. Nefndust lömb frá burði og framá haust, en síðan gemlingar. Þó voru gemlingar stundum einnig nefndir lömb, frameftir vetri. „Tvílembum fjölgar og kjötpungi lambanna hefur aukist“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Lambablóðsött (n, kvk) Sjúkdómur af völdum bakteríunnar *Clostridium perfringens*. Smituð lömb veikjast stuttu eftir fæðingu. Þau fá blóðlitan niðurgang og deyja fljótlega eftir miklar kvalir. Lömb voru um fjölda ára sprautuð gegn lambablóðsött, en nú er farið að sprauta ærnar við henni fyrir burð.

Lambadauði / Lambalát (n, kk/hk) Lambadauði er það þegar lamb drepst í eða eftir fæðingu, en talað er um lambalát þegar kind lætur lambi/ missir fóstur á meðgöngu.

Lambadrottning (n, kvk) Fyrsta gimbrarlamb um sauðburðinn.

Lambagarði / Lambakarmur (n, kk) Garði/karmur í fjárhúsi sem líflömb voru sett í að hausti, þegar hýst var. Einnig nefndur *gemlingagarður/gemlingakarmur*, einkum þegar líða tók frá hausti og lömbin stálpuðust. Talað var um lambastíu eða gemlingastíu, ef þeim nægði hluti af garða/karmi.

Lambagras (n, hk) *Silene aculis*. Lítil jurtt af hjartagrasaætt sem algeng er á melum, holtum og öðrum þurrum og sendnum jarðvegi. Myndar kúlulaga þúfur með þéttum löngum stönglum, sem bera 3-5 lauf á endanum og leifar eldri blaða neðar á stöngli. Þúfan er með eina stólparót, sem nefnist holtarót. Blómin eru lítil bleik eða hvít. Algengt á melum, holtum og aurum í Kollsvík og nágrenni. Í fljótu bragði er hægt að villast á lambagras og vetrarblómi (sem stundum er nefnt lambablóm), en munurinn sést vel ef grannnt er skoðað.

Lambajarm (n, hk) *Jarm*/hljóð í lömbum. Var oftast notað í hvorugkyni í Kollsvík, en ekki „lambajarmur“ eins og víðast virðist hafa tíðkast annarsstaðar.

Lambakefli (n, hk) Sívalningur úr tré með hnúð á hvorum enda og gaddi; settur þversum í munn lamba og fest með þræði aftur fyrir hnakka; ætlað til að þau gætu ekki sogið ærnar svo unnt væri að nýta mjólk úr þeim. „Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi skar út lambakefli af þessari gerð“. (Sjá *kefli*)

Lambaket (n, hk) Lambakjöt; ket af lambi; dilkaket. Dilkaket var fremur notað um þannig ket.

Lambakofi (n, kk) Kofi/hús sem lömb/gemlingar eru höfð í. „Tótt var í Ytragili af lambakofa. Hana hlóð ég upp; refti yfir með járnþaki og torfi og notaði sem reykkofa“.

Lambakóngur (n, kk) Fyrsta hrútlamb um sauðburðinn.

Lambakró (n, kvk) A. Lítil dilkur við hliðina á *stekk*. Sjá þar. B. Stía í fjárhúsi; *lambagarði*; *lambakarmur*.

Lambalát (n, hk) Dauði lamba á meðgöngu. Getur stafað af smitsjúkdómi eða alvarlegum næringarskorti.

Lambamerki (n, hk) Merki sem sett er í eyra lambs til að auðkenna það með bókfærðu númeri. Farið var að nota merki á 20. öld. Fyrst voru þau gerð úr áli; lítil lykkja sem smeygt var í gat í eyranu sem gert var með sérstakri *gatatöng*. Síðar komu til plastmerki sem þrykkt var í eyrað með öðruvísi töng.

Lambarekstur (n, kk) Rekestur lamba, t.d. rekestur stálpaðra lamba/gemlinga í haga. „Skömmu fyrir síðustu aldamót, seint á góu, fóru Breiðvíkingar með lambarekstur út á Lambahlíð í Látrabjargi“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Lambasprautu (n, kvk) Sprautu sem notuð er til bólusetningar nýfæddra lamba gegn lambablóðsött, eftir að slík bólusetning var hafin. Í fyrstu voru sprautur úr málm og gleri, en síðar varð sprautuhús og bulla úr plasti. „Settu lambasprautuna í *merkjatöskuna* þegar þú ert búin að hreinsa hana“.

Lambaspörð (n, hk, fto) Kindaskítur, en hann er oft reglulega köggláður ef melting og fóður er í lagi“.

Lambfé (n, hk) Hópur kinda með lömbum. „Við þyrftum að sortera lambféð sem enn er inná; koma einlembunum útaf ef tvílembunum niður á Grundatún“.

Lambgota (n, kvk) Ær sem látið hefur lambi/borið dauðu lambi. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Lambhagi (n, kk) Beitiland fyrir lömb. Lambhagi er nafn á tveimur stöðum í Hnífum. Heimari Lambhagi er rétt utanvið Smérhelli. Hann er grösugur brekkubali stutt neðanvið brún, og vel gengt í hann. Líklegt er að í hann hafi lömb verið rekin þegar fært var frá á stekkunum ofanvið brúnina; Þúfustekk, Katrínarstekk og Eyvararstekk. Ytri Lambhagi er grösug kvos neðan brúnar rétt heimanvið Grófarnef, og er sömuleiðis vel gengt í hann í báða enda. Hleðslur eru í heimari endanum. Þar hafa líkleg verið setin þau lömb sem færd voru frá í Grófarstekk.

Lambhrútur (n, kk) Hrútlamb. Orðið lambhrútur var mun oftast notað í Kollsvík; bæði um nýfædd lömb sem veturgamla hrúta.

Lambhús (n, hk) Hús/kofi sem lömb/gemlingar eru hýst í að vetrinum. „Lömbin voru alin inni allan veturinn. Þau voru höfð í lambhúsi sem stóð uppi á Hólum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Lambið mitt / Lambið gott (orðtök) Gæluorð við barn. „Kondu hérna lambið mitt og leyfðu mér að þurrka þér aðeins um gogginn“.

Lambkettlingur (n, kk) *Lambkægill*; lítið/ræfilslegt lamb. „Mér sýnist lítið lífsmark vera í þessum lambkettlingi“.

Lambkvikindi / Lambkægill (n, kk) *Lambkettlingur*; lítið/ræfilslegt lamb. „Ætli maður setji ekki þetta lambkvikindi á í vetur, fyrst það heimtist eftir slátrun“. „Hann er ekki *dengilegur* þessi lambkægill“.

Lambmóðir (n, kvk) Móðir lambs. Oftast notað í Kollsvík en *lambsmóðir*. Sjá *undirvaningur*.

Lambsfóður (n, hk) A. Fóður sem þarf til eldis hverju lambi yfir vetur. Talið var að lamb þyrfti 2,5 hestburði af heyi, meðan kind voru ætlaðir 3,9 og kúnni 30. B. Skattur sem lagður var á sóknarborn til framfærslu prests. Skyldi hvert heimili taka lamb af presti til eldis yfir veturinn eða gjalda 24 skildinga að öðrum kosti.

Lambskinn (n, hk) Skinn/gæra/bjór af lambi. Notað m.a. í stakka *skinnklæða*. „Í skinnstakinn fóru þrjú skinn, venjulega lamskinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lambskrokkur (n, kk) Skrokkur af dilk/lambi; dilkskrokkur. „Liði kærði sig að minnsta kosti ekki um að taka lambskrokkinn með sér heim að Látrum og varð að samkomulagi að Gummi nýtti hann“ (PG; Veðmálið).

Lambsmóðir (n, kvk) Móðir lambs. „Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin sér í dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð).

Lambsogin (l) Um kind; sem lamb hefur nýlega sögið. „Það fer ekki á milli mála að útigangskindin er lambsogin. Spurning hvort hún hefur *drepið undan sér* eða hvort það er einhversstaðar að flækjast“.

Lambsverð (n, hk) Verð á lambi. Oftast er þá átt við verð á vænni lífgimbur að hausti. Í sjóðbók Rauðasandshrepps árið 1946 má sjá að Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi hefur greitt 50 krónur í lambsverð til hreppsjóðs; væntanlega fyrir óskilalamb.

Lambær (n, kvk) Ær/kind sem lamb gengur undir. „Við þurfum að fara að setja fyrstu lambærnar útfyrir“.

Lami (n, kk) Lélegur hlutur; leifar af einhverju. „Það liggur laminn af rollu hér frammi á Umvarpi; hún hefur trúlega farið afvelta“. „Lami af henni (jarðýtu Rauðasandshrepps) mun vera til á býli undir Akrafjalli“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Stofnskyll sögnunum að lemja og lama.

Laminerað (l) Lagskipt; með millilagi. „Það var til mikilla bóta uppá öryggið, þegar farið var að nota laminerað *perlugler* í framrúður bíla“.

Lamma (s) Ganga í rólegheitum. „Ég lammaði norður fjöruna í góða veðrinu“. Stofnskyll sögninni að lemja.

Lamma sig (orðtak) Fara/koma í rólegheitum/með hægd. „Kýrnar eru að lamma sig hér *heim á leið*“.

Lampaglas (n, hk) Gler á olíulampa. „Lampaglös voru í nokkrum stærðum; 6, 8, 10 línu og jafnvel sverari“.

Lampahalda (n, kvk) Grind sem olíulampi er hengdur í upp á vegg.

Lampakrans (n, kk) Krans á olíulampa, sem kveikurinn gengur upp í gegnum. Á kransinum er vanalega hnappur sem snúid er til að hækka eða lækka kveikinn, og stilla með því birtuna.

Lampataeki / Lampautvarp (n, hk) Glóðarlampaútvarp; útvarpsviðtæki frá fyrstu dögum útvarpsútsendinga, en þau notuðu glóðarlampa í stað transistora sem síðar urðu algengir. „Elsta lampautvarpið í Kollsvík er gamalt Blaupunkt-tæki sem enn er til á Láganúpi. Við það þurfti bæði votabatteri og þurrabatteri“.

Landa (s) *Bera af*; koma af/úr báti upp á land. „Haltu í festina meðan ég landa aflandum“.

Landabréf (n, hk) Landakort. Eldra heiti sem hefur að mestu horfið úr málinu, en var algengt frameftir 20.öld.

Landabrygg / Landi (n, hk/kk) Framleiðsla sterks áfengs vins til sölu, í trássi við lög. Í byrjun 20. aldar hafði vinnesla aukist verulega hérlendis, með ört vaxandi þéttbýli, og varð það þjóðfélagslega vandamál sem hún hefur síðan verið. Þá spratt upp mikil andstaða við vinsölu; ekki síst með tilkomu og fyrir þrýsting bindindisfélaga og ungmennafélaga. Leiddi þetta til þess að sett voru svokölluð bannlög, þ.e. bann við innflutningi og framleiðslu áfengis. Það leiddi aftur á móti til þess að útsjónarsamir menn sáu sér hagnaðarvon í því að koma sér upp búnaði til að brugga vín og selja. Slíkt þurfti auðvitað að fara leynt fyrir yfirvöldum, og því voru fundin upp ýmis dulnefni, auk þess sem framleiðslunni var haldið vel leyndri. Eimað vín hlaut þannig nafnið landi, og framleiðsla þess landabrygg. Á endanum gáfust stjórnvöld þó upp á innflutningsbanninu og landabryggarar *misstu spón úr sínum aski* þegar frá leið. Ekki fer sögum af miklu landabryggi í Rauðasandshreppi, ef frá eru taldir tveir grannar sem þá bjuggu í innanverðum Patreksfirði, norðantil: Helgi Fjeldsted í Raknadal og Magnús Jónsson á Hlaðseyri. Báðir voru bændur góðir, og útsjónarsamir við öflun aukatekna. Helgi mun hafa orðið allra bruggara frægastur um Vestfirði. Þeir félagar fengu oft en einusinni heimsókn af sérstökum eftirlitsmönnum stjórnvalda með áfengisbanninu, og þrátt fyrir að þeir væru sniðugir að dyljast var stundum einhverju hellt niður hjá þeim. Þó almenningsálitið væri misjafnt á þessum iðnaði voru þeir margir sem glottu í kampinn og kunnu vel að meta sjálfsbjargarviðleitnina og pirring stjórnvalda. Af bruggurum spunnust ýmsar kjarngóðar sögur sem sumar lifa enn. (Stuðst við MG; Úr vesturbyggðum Barð.sýslu).

Landafjandi (n, kk) Um þann sem er mjög víðföllum; flækist víða; ferðast mikið að óþörfu. „Það er ekki von að mikið gangi við heyskapinn ef hann er eins og landafjandi útum allar sveitir á góðviðrisdögum“! Sjá *eins og landafjandi*.

Landakaup (n, hk, fto) Jarðakaup; kaup á landskíka.

Landamerki (n, hk) Auðkenni sem haft er til merkis um skil tveggja eða fleiri jarða í landamerkjalyðingu. „Landamerki Kollsvíkur- og Láganúpsjarða er Áin. Þegar henni sleppir efra eru merkin um gamla hestavegin sem liggur fram Skarð; Vatnadal og inn Víknafjall. Í fjöru eru merkin um Langatanga. Víða eru kennileiti sem hafa landamerki í forskeyti nafna sinna. „Landamót“, „landamæti“, landamörk“, „landaskil“, „jarðaskil“ og „jarðamæti“ eru stundum höfð um landamerki, en „landamæri“ einungis um mæti ríkja.

Landamerkjalyásing / Landamerkjavitnisburður (n, kvk/kk) Lýsing, oftast forn, á landamerkjum. Fyrr á öldum var ekki óalgengt að eigendur jarða létu gera landamerkjavitnisburð um landamerki sinna jarða, og hann væri vottaður af mörgum trúverðugum mönnum sem til þekktu. Einkum voru það höfðingjar og stóreignamenn sem höfðu þennan hátt á. Til er t.d. landamerkjavitnisburður nokkurra manna frá árinu 1660, þar sem þeir árétta helstu landamerki jarða sem þá voru í eigu Saurbæjar. Hefst hann svo: „Öllum þeim mönnum sem þessi orð vor og eigin handskrift sjá eður heyra, sendum vér undirskrifaðir kveðju guðs og vora; hér með einum og sérhverjum auglýsandi þá sá heiðarlegi mann Eggert Björnsson hefur þess óskað þar um ljósa grein á gjöra með vorum sanninda vitnisburði hvað sannast vér vissum eður heyrt hefðum oss eldri mönnum, hvar landamerki væru og haldin hefðu verið að fornu og nýju á milli þessara eftirskrifaðra jarða, semm eru á milli Skorar og Sjöundár; Sjöundár og Melaness; Kirkjuhvamms og Bæjar og Stakka; og svo milli Stakka og Lambavatns og Keflavíkur...“ (Allt er þetta í einni setningu, og meira til). Um Láganúp segir: „Láganúps landamerki höfum vér heyrt og vitað haldin hafa verið úr því skeri sem liggur nær undan miðjum Breiðnum, og Landamerkjasker er kallað, og í Ána sem rennur milli Kollsvíkur og Láganúps“. Í lokaorðum segir: „... og vottum vér allir áður skrifaðir menn að vér höfum um allar áðurgreindar eignar- og umboðsjarðir Eggerts Björnssonar þessi undirskrifuð landamerki bæði til lands og sjávar sögð og haldin hafa verið átöluðust væði fyrr og síðar; hvað vér með góðri samvisku megum meiri skýrslu og sannindi á gjöra ef þörf krefði og til fullkomlegrar staðfestu og sanninda við þennan vorn vitnisburð, þá skrifum vér vor skírnarnöfn með eigin höndum undir þetta vort vitnisburðarbréf; hvert skrifað var að Bæ á Rauðasandi árum eftir frelsarans fæðing 1660, 2. febrúará“.

Landareign / Landeign (n, kvk) Jarðeign; eignarjörð. „Einar gamli hefur vafalaust ekki gert það viljandi að draga hvalinn á land skammt frá Kollsvíkurveri, sem var í hans landareign“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Landauðn (n, kvk) Landsvæði sem eyðst hefur/ sem fólk hefur flúið af. „Svo afgerandi voru þær breytingar sem gengu yfir þjóðina á 19. öld, og svo misheppnuð var byggðastefna stjórnvalda, að nærri lá að landauðn væri í Rauðasandshreppi um aldamótin 2000“.

Landauki (n, kk) Viðbót við þurrlendi. Sandur á fjörum í Kollsvík er mjög breytilegur, eftir samspili og styrk strauma og vindáttu. Stundum berast slíkar dyngjur upp; jafnvel á einu sjávarfalli, að verulegur landauki er að sem staðið getur jafnvel um mörg misseri eða ár. Ná sá skeljasandur að þorna getur sandfok úr honum valdið gríðarlegum spjöllum.

Landaurar (n, kk, fto) A. Upphaflega persónuskattur á útflytjendur frá Noregi til Íslands á landnámsöld. Hver frjál og fullréttu karlmaður skyldi gjalda kóngi fimm aura silfurs. Skatturinn þróaðist út í það að vera nokkurskonar komugjald til Noregs, Eftir samkomulag við Ólaf kóng helga varð gjaldið sex vararfeldir og sex álnir vaðmáls eða fjórir aurar silfurs á hvert skip, sem samsvaraði einu kúgildi. B. Sú vara sem gjaldgeng var í viðskiptum, meðan vöruskiptaverslun var viðhöfð. Þar gat verið um að ræða smjör, vaðmál, harðfiskur o.fl. Landaurar urðu þannig gjaldmiðill héraendis þar til peningar urðu algengari á 16.öld, en þeir voru ekki lögleiddir fyrr en 1776. „Ábúandi á Láganúpi er Halldór Jónsson. Landskuld hans er 6 vættir. Betalast í kaupmannsreikning so mikið sem verður, hitt í gildum landaurum“ (ÁM/PV Jarðabók).

Landapræta (n, kvk) A. Jarðadeila. Deila jarðeigenda um landamerki og/eða tilkall til jarðar eða jarðarluta. B. Deila ríkja um yfirráð landsvæða.

Landátt / Landgola / Landkul (n, kvk) Vindur af landi til hafs. „Ísspöngin þokaðist fjær í landáttinni“. „Okkur hefur rekið þónokkuð dýpra í landkulinu“. Sjá *hafátt*.

Landbára (n, kvk) Bára við strönd. Alda/bára getur borist langar leiðir um opið haf. Í henni er hringhreyfing massans, en þó á þann hátt að efni flyst ekki mikið til, heldur færast hreyfingin til hliðar. Þegar aldan kemur á grunn, rekst „neðri endi hringsins“ niður í botninn, þannig að efri lögin fá meiri hraða en þau neðri. Afleiðingin er sú að hringhreyfingin verður sífellt meira sporöskjulaga og hallandi til lands; báran mjókkar og rís og myndar foss (brot) landmegin í toppinn. Að lokum fellur/brotnar hún í átt til lands. Ef sjólítið er; þ.e. ölduhæð lítil, þá gerist þetta mjög nálægt landi. Sé ölduhæðin mikil í stórsjó, þá ná öldurnar stundum til botns langt undan landi. Því er það að í mesta stórsjó getur verið *grunnbrot* á allri Kollsvíkinni, en í ládaðu *örlar varla á steini*.

Landborð / Landborði (n, hk/kk) Það borð báts sem snýr að landi. Ekki eru heimildir fyrir því að orðið hafi verið notað í Kollsvík, þó það sé mjög líklegt eins og það var almennt um landið. Það heyrðist ekki í seinni tíð. Um bát sem sigldi nær landi var sagt á öðrum bát að hann sigldi landmeginn, en ekki á landborða.

Landbrot (n, hk) A. Eyðing/niðurbrot lands vegna t.d. sjávarágangs eða uppblásturs. Mikið landbrot hefur einatt verið sunnantil í Kollsvík vegna uppblásturs. Á síðustu árum hefur sjór tekið að brjóta úr sjávarbökkunum, þar sem miklar mijar eru um Láganúpsverstöð. B. Lækur sem rennur um land, svo meiri gróðursæld verður meðfram honum en í umhverfinu. C. Nýrækt; túnagerð.

Landbrú (n, kvk) Þurrlendi milli landa. Dæmi um landbrú er t.d. eyðið milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar, sem tengir afganginn af Íslandi við Vestfirði. En sumar landbrýr eru horfnar. Á síðustu árum hafa jarðfræðingar talið sig finna sífellt fleiri líkur/sannanir fyrir því að fyrir meira en 6-7 milljón árum hafi Ísland verið tengt Grænlandi og líklega einnig Færeyjum og Skotlandi með landbrúm. Ísland þess tíma var allt öðruvísi útlits en síðar varð. Síðan hefur það rekið mjög í báðar áttir og nýrra berg byggt upp miðhlutann, auk þess sem jökull mótaði mjög eldri jarðlög á yfirborði. Þó er sennilegt að neðstu sýnilegu jarðlög bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum séu frá þessum tíma landbrúar. Hafi lífverur borist um hana, er ekki útilokað að ummerki þeirra eigi eftir að finnast; e.t.v. í Kollsvík eða nágrenni.

Landburður af fiski (orðtak) Mjög gott fiskirí; afburðagóð veiði. „Þar ku hafa verið landburður af fiski“.

Landbúnaður / Landbúskapur (n, kk) Búskapur með búfé og aðra ræktun á landi, til aðgreiningar frá útgerð/útvegsbúskap. Undirstöðuáttvinnuvegur Kollsvíkinga frá upphafi, þó sjávarútvegur hafi einnig skipað stóran sess. „Heimamenn í Kollsvík notuðu hverja stund til sjóferða, þrátt fyrir það að þeir hefðu landbúskap, enda var meiri mannaflí þá en nú“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Landdraugur / Sjódraugur (n, kk) Tveir mismunandi stofnar drauga. Landdraugar eru afturgöngur manna sem sálast hafa á landi, en sjódraugar þeirra sem druknað hafa í sjó. „Í Bjarnanesmýrinni eru tveir stórir steinar, nefndir Draugasteinar. Þeir eru yst í mýrinni. Þarna bjuggu til forna landdraugur og sjódraugur. Nú er gatan milli þeirra“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms). „Sagt var að ekki mætti fara á mili þeirra, því draugarnir ættust þar ill við“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Landeigandi (n, kk) Sá sem hefur eignarrétt á landi.

Landeyða (n, kvk) Letihaugur; letingi; vinnufælinn maður. „Skelfingar landeyða geturr hann verið“!

Landeyðuháttur (n, kk) Leti; *ómennska; drullusokksháttur*. „Skelfing er að heyra af svona landeyðuhætti“!

Landeyðulegt (l) Líkt landeyðu; letilegt. „Fjórir bæir bættust við á árinu með *sjónvarpsgláp* nú rétt fyrir jólin, með ærnum tilkostnaði umfram tækjakaupin. Fólk telur fénu ekki illa varið. En skelfing er það þó landeyðulegt að sjá sveitafólk *sitja auðum höndum* öll kvöld. En þetta kannske venst“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).

Landfarsótt (n, kvk) Farsótt/smitsjúkdómur sem gengur yfir landið eða mikinn hluta þess. Í seinni tíð mest notað í líkingum. „Þessi fésbókarárátta er eins og einhver dæskotans landfarsótt“!

Landfastur (l) Kominn að landi. „Árni sendi Guðjón strax og við vorum landfastir, inn að Kvígindisdal til að láta vita að við værum í Kollsvík“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Ekki er víst að hvalurinn hafi verið landfastur...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Landferð (n, kvk) Landsigling; landróður; sigling í land úr róðri. „Fiskur var sæmilega ör, svo að ekki var hugsað til landferðar“ (ÖG; Þokuróður).

Landfesti (n, kvk) Hnýfilband; kolluband; festi á hnyfli báts sem notuð var m.a. til að halda í við sjósetningu. „Hann náði í taugina, landfestina, og þá var dregið í land. Þeir sem í landi voru drógu Guðbjart og hann dró Korkanesið. Við húktum bara þarna í hálffullum bátinum“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Landgrunn (n, hk) Grunnssævi út frá landi. Í daglegu tali nú til dags merkir orðið þann berggrunn sem er allt í kringum Ísland og skilinn er frá úthafsbotninum með skörpum halla; landgrunnshalla.

Landgræðsla (n, kvk) Uppgræðsla lands. Oftast er þá átt við endurheimt gróðurlendis sem blásið hefur upp. Landgræðsla hefur verið viðvarandi verkefni bænda í Útvíkum svo lengi sem séð verður.

Landgæði / Landkostir (n, hk, fto) Jarðargæði; það sem jörð gefur af sér og gerir hana byggilega. „Um landgæði í Kollsvík verður ekki deilt; fáar jarðir eru kostameiri á öllum sviðum“. „Engin byggð hefur til langframa verið í Láturdal, enda landkostir afar rýrir“.

Landhalli (n, kk) Halli í landslagi; halli svæðis. „Túnið er þurrara ofantil; þar sem landhalli er meiri“.

Landhelgi (n, kvk) A. *Nethelgi/netlög* jarðar. Hverri jörð sem liggur að sjó fylgir umráð hafsvæðis innan línu sem dregin er 60 fæðma frá stórstraumsfjöruborði. Þar má enginn veiða án leyfis landeiganda. Þó þetta séu hin lagalegu mörk á landhelgi jarðar þá má segja að hverri jörð hafi einnig tilheyrt þau fiskimið sem næst henni lágu; voru aðgengileg á árabátum og nýtt um aldaradir. Þann hefðarétt hafa stjórnvöld á síðustu áratugum lítilsvirt með því að gefa vildarvinnum annarsstaðar á landinu einkaleyfi til veiða. Slíkt er í raun ekki annað en veiðiþjófnaður. B. Fiskveiðilögsaga ríkis. Á síðari tímum hefur orðið einungis verið notað í þessari merkingu. Landhelgismörk voru færð utar nokkrum sinnum á 20. öld og eru nú við línu sem dregin er 200 sjómílar frá ystu nesjum.

Landhlaup (n, hk) Afbriðileg hegðun sjávardýra, þannig að þau leita upp á þurrt land og drepast iðulega unnvörpum. Orsakir geta verið margar, og ekki alltaf þekktar. Landhlaup þekktist meðal hvala, en einnig hjá fiskum. Síld hefur t.d. hlaupið á land í stórum stíl, og einnig þorskur. Sjá einnig *hlýrærek*.

Landhreinsun (n, kvk) A. Upphaflega nafn á þeim hluta fjörbaugsgarðs að hinn seki þurfti að dveljast þrjú ár erlendis. B. Á síðari tímum táknað heitið það sem talið er til bóta fyrir landið/þjóðina. „Það væri mikil landhreinsun ef unnt væri að selja alla boltabjálfa til útlanda; ekki síst ef það væri með einhverjum hagnaði“!

Landi (n, kk) Gælunafn á heimabrugguðu brennivíni. Varð til á bannárunum, þegar búin voru til leyniorð um það sem yfirvöld máttu ekki vita af. Þó ekki væri bruggað í Kollsvík, svo sögur fari af, var vitað um slíka starfsemi annarsstaðar í hreppnum. „Gjörð er veisla gildum hal í góðu standi./ Dansað er og drukinn landi“ (JR; Rósarímur).

Landkenning (n, kvk) Það að verða var við land; sjá til lands. „...var það ætlunin að sigla upp undir Bjargtanga og hafa þar landkenningu“ (ÖG; Þokuróður).

Landkostir (n, kk, fto) Kostir jarðar/svæðis til búsetu. „Kollur hefur verið fljótur að koma auga á landkosti víkurinnar, þó ekkert væri hafskipið lengur. Enda lét hann sér nægja minnsta landnám á Íslandi“.

Landkrabbi (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem ekki hafa mikið stundað sjó; notað af þeim sem telja sig sjóaðri. „Ekki veit ég hvað þessir landkrabbar eru að rífa sig, sem aldrei hafa mikið í saltan sjó“.

Landlega (n, kvk) Þegar ekki gefur á sjó vegna veðurs eða sjólags. *Landlegudagar*. „Hreinsun túna og garðvinna voru að mestu störf barna og kvenna; karlmenn gripu í það í landlegum“ (ÖG; Niðjatal HM/GG). „Þegar landlegu lauk svo að helgarhvíld var í nánd voru oft teknir þrír eða fleiri róðrar í lotu til uppbotar á þeim tíma sem týndur var“ (KJK; Kollsvíkurver). Landlegur nefndust að fornu uppihöld. Vermenn voru ekki skyldugir til vinnu í landlegum, umfram það sem þurfti að sinna afla og útgerð. Þó þurftu þeir að afla eldiviðar, s.s. rífa lyng og safna þönglum. Nokkuð mun hafa verið um að þeir fengu rekavið og ynnu úr honum fyrir sig, rekaeigendur og aðra m.a. ílát og amboð. Vermenn á Brunnum, og e.t.v. víðar í Útvíkum, fengu leyfi til að fara í eggjatekju í björgum einusinni á hverri vertíð, venjulega í 6. viku sumars. Vermenn í Láganúpsverstöð munu hafa hlaðið hina miklu Garða sem enn standa á Grundarbökkum, og unnið að því í landlegum. Hefur það verið allmikil vinna og vel vandað til verka. Garðarnir hafa nýst sem túngarðar og skjól Grundatúns, en e.t.v. hafa þeir einnig verið nýttir sem steinbíts- og hrygjugarðar fyrir vermennina sjálfa. Vermenn fengust einnig við spil og leiki í landlegum (sjá *vermannaleikir*). (VÖ; m.a. skv munnlegum sögnum heimamanna og LK; Ísl sjávarhættir). „Hreinsun túna og garðvinna voru að mestu störf kvenna og barna; karlmenn gripu í það í landlegum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Þann tíma fluttu allir vinnufærir karlmenn í Verið, og komu ekki aftur heim nema á sunnudögum og ef landlegur voru“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Á bæjum í Kollsvík var margt gert fyrir vermenn, m.a. bakaðar kökur og brauð. Þessi störf greiddu þeir með því að taka upp mó í landlegum fyrir heimabændur“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; GG). „Sauðfé smöluðu menn til rúnings í landlegum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

„Í landlegum vegna hvassviðris eða brims lá það fyrst fyrir að sofa út, væru menn þreyttir. Búðirnar urðu að geyma allan fjöldann ef vont var veður. Heimamenn fóru heim á bæina, og þá stundum til annarra starfa. Það var fátt um skemmtanir hjá aðkomumönnum. Hásetar hjá heimamönnum fóru oft heim með þeim á landlegudögum og unnu að móskurði. Oft gengu menn milli búða og þáðu kaffi hvor hjá öðrum. Oft kom það fyrir, þótt ekki væri err í mánuðinum, að menn tóku upp spil sér til dægurstyttingar. Aftur fóru ungu mennirnir út á slétta bala (þar af komið nafnið „Strákamelur“) og reyndu með sér, t.d. í glímu, eða fóru í handbolta og fótbolta. Það voru margir leiknir í handbolta; þeir þóttu bestir í hvoru liði sem voru leiknir að grípa. Það voru litlir boltar. Fótbolti var ekki nema seinustu árin. Einstöku menn kváðu rímur. Oft var sungið í búðunum. Dálítið hrafl höfðu menn með sér af bókum. Mörg vísan varð til í Verinu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Landlegudagur (n, kk) Dagur sem verið er í landi vegna veðurs/sjólags. „Landlegudagarnir urðu mörgum langir og leiðir; ekki síst aðkomumönnum, sem svo langt áttu heim að sækja...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hásetar hjá heimamönnum fóru oft heim með þeim á landlegudögum og unnu að móskurði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Landlegustund (n, kvk) Stund meðan landlega er. „Hver landlegustund var notuð við heimilisstörf. Stundum var karlmaður allt sumarið við heyvinnu og stundum var slegið niður róðri ef þurfti að þurrka mikið hey“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Landleið / Landstím (n, kvk) Leiðin til lands úr róðri. „Þó var bót í máli að það var að fara norður en okkar landleið var suður á við“ (VÖ eldri; Einn á bát 1955). „Við slægjum þetta á landleiðinni“.

Landlítill (l) Um jörð; sem lítið eignarland/nýtingarland tilheyrir. „Sellátraness er fremur landlítill jörð“.

Landlægur (l) Sem *liggur í landi*; sem tíðkast um allt land. „Þetta hvítlauksát er orðið landlægur fjandi“!

Landmegin (ao) Á þá hlið/síðu sem veit að landi. „Þeir sigldu framhjá; landmegin við okkar bát“.

Landmikill (l) Um jörð; sem mikið eignarland/nýtingaraland tilheyrir. „Melanes og Vesturbotn eru líklega einar landmestu jarðirnar í Rauðasandshreppi“.

Landmælingar (n, kvk) Mælingar landsvæðis, oftast í tengslum við kortagerð. Einn frumherja í landmælingum og kortagerð hérlendis var Samúel Eggertsson, sem fæddist á Melanesi á Rauðasandi 1864, sonur Eggerts Jochumssonar (bróður Matthíasar Þjóðskálds) og Guðbjargar Ólafsdóttur. Hann lærði á bændaskólanum í Ólafdal, bæði búnaðarfræði og landmælingar. Árið 1903 stofnaði Samúel, ásamt Mörtnu Stefánsdóttur kou sinni, kotbýlið Grund á Torfamel og bjó þar til 1908. Samúel var listaskrifari og -teiknari. Á búskaparárum sínum í Kollsvík vann hann mjög að kortagerð. Fór hann í þeim tilgangi víða um land og gerði mælingar. Til er merkur uppdráttur sem Samúel gerði af Rauðasandshreppi. Þar koma m.a. fram Þjóðleiðir og siglingaleiðir; m.a. leiðir inn á Lægið í Kollsvíkurvei. Kortagerð sinni hélt Samúel áfram eftir að hann fluttist til Reykjavíkur, en stundaði auk þess kennslu, líkt og hann hafði gert í Kollsvík. Hann lést árið 1949. Um það leyti sem Samúel vann sitt frumherjastarf fór fram mikil landmælingavinna á vegum danska herforingjaráðsins, hún stóð yfir milli 1900 og 1940. Menjar um þá vinnu eru hinar miklu landmælingavörður sem enn má víða sjá á hæstu fjallsbungum; t.d. á Blakk; Kóngshæð og Brunnahæð. Afurðir þessa verks voru hin Atlaskortin svonefndu, einnig nefnd herforingjaráðskort. Næsta átakið í landmælingum hófst 1955, og var á vegum Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO). Nú á dögum fara landmælingar einkum fram með gervitunglamyndum og GPS-mælingum, en einnig loftljósmyndun úr flugvél. Örnefni í Kollsvík voru kortsett árið 1915 af VÖ í samvinnu við Landmælingar Íslands og Loftmyndir hf.

Landnám (n, hk) Helgun manns á landi til eignar sér. Landnámi Kollsvíkur er lýst í frásögn Hellismannasögu. Í byrjun er þar sagt frá Örlygi Hrappssyni, fóstursyni Patreks biskups helga í Suðureyjum, sem vildi fara til Íslands. Hann fékk kirkjuvið, góð ráð og spásagnir hjá föstra sínum. Síðan segir... „Örlygur lét í haf og með honum sá maður á öðru skipi er Kollur hét, fóstbróðir hans. Þeir höfðu samflot. Á skipi með Örlygi var ... Þorbjörn Spörr..., Þorbjörn tálkni... og Þorbjörn skúma. En er þeir komu að landinu gerði að þeim storm mikinn, og rak þá vestur um landið. Þá hét Örlygur á Patrek biskup, föstra sinn, til landtöku og hann skyldi af hans nafni gefa örnefi þar sem hann tæki land, og voru þá komnir vestur um landið. Hann kom skipi sínu í Örlygshöfn, og þar inn kallaði hann Patreksfjörð. En Kollur hét á Þór. Þá skildi í storminum og kom hann þar er Kollsvík heitir og braut hann þar skip sitt. Þeir voru um veturinn og segir eigi meir af þeim í þessari sögu“

Landnámabók er fámáli, en þar segir m.a.... „Ármóður hinn rauði nam Rauðasand.... Þórólfrur Spörr kom út með Örlygi og nam hann Patreksfjörð fyrir vestan og Víkur fyrir vestan Barð, nema Kollsvík. Þar bjó Kollur fóstbróðir Örlygs. Þórólfrur nam og Keflavík fyrir sunnan Barð og bjó að Hvallátrum. Þorbjörn tálkni og Þorbjörn skúma... námu Patreksfjörð hálfan og Tálknafjörð allan til Kópaness“.

Þetta eru elstu ritaðar heimildir um Kollsvík; um eignarhald jarða þar og í nágrenninu; um fyrstu nafngiftir á svæðinu; um trúarbrögð, veðurlýsingar, búæld og hafnarskilyrði. Fjölmargt í þessum fáu orðum gefur tilefni til hugleiðinga. En hér þarf einnig að hafa í huga munnlega geymd í arfsögnum sem gengið hafa kynslóð fram af kynslóð, varðandi þennan fyrsta landnámsmann. Tvær arfsagnir hafa varðveist til þessa dags. Önnur er um skipbrot Kolls, og er því nánari útlistun á frásögn Hellismannasögu. Hún segir að Kollur hafi brotið skip sitt á Arnarboða, og að við stjórnvölinn hafi verið stýrimaður Kolls, sem Örn nefndist. Eftir honum var boðinn nefndur Arnarboði. Arnarboði er stutt undan Grundagrjótum; handantil í Kollsvík. Hann kemur uppúr um fjöru en verður þó aldrei landfastur. Aðstæður eru þannig að vel er mögulegt að skipi Kolls hafi verið siglt grunnt með landi til að skoða aðstæður eða leita vars. Einnig er vel hugsanlegt að menn geti bjargast í land á hundasundi eða hangandi á braki, eftir skipbrot á Arnarboða. Hér er um að ræða fyrsta skipbrot við Ísland sem skráð heimild er fyrir; og fyrstu björgun úr strandi við Ísland. Orðalag heimilda bendir til að á skipi Kolls hafi verið landnámsmenn allrar V-Barðastrandasýslu nema Barðastrandar og Rauðasands. Þó ekki sé það sagt berum orðum, má ætla að á þeim knerri hafi einnig verið bústofn til að hefja búskap og ræktun; eftirbátur og veiðarfæri sem dugðu til fyrstu veiðanna; og svo má ætla að á skipi Kolls hafi verið hluti kirkjuviðarins sem þeir fóstbræður voru beðnir fyrir af Patreki Suðureyjabiskupi. Kollur hefur án efa verið kristinn eins og Örlygur fóstbróðir hans; hvað sem líður heiðnum áheitum hans eða blótsyrðum í röstinni. Örlygur fór suður með kirkjuvið og byggði kirkju undir Esjubergi. Ekki er ólíklegt að Kollur hafi orðið fyrri til og byggt hina fyrstu kirkju landsins í Kollsvík, úr sínum hluta kirkjuviðarins. Bær hans hefur líklega staðið í skjólinu undir Núpnunum, þar sem Kollsvíkurbær hefur staðið æ síðan. Kirkjan hefur þá líklega staðið á hólum þar stutt frá; þar sem hálfkirkja stóð lengi síðar í kaþólskum sið. Kollsvík bar forðum heitið Kirkjuból, en það nafn bendir til kirkju frá fyrstu dögum byggðar (sjá *kirkjuból*). Ekki er ólíklegt að beint í vestur af kirkjudyrum hafi Kollur reist keltneskan kross á áberandi þífu sem þar er, en hún ber örnefnið Biskupsþífa. Krossinn hefði hann reist til guðspakkar fyrir björgun sína úr strandinu, og helgað kirkju og kross Patreki biskupi, föstra sínum. Kross Patreks biskups hafi síðar horfið en eftir stendur

Biskupsþúfa. Mörgum öldum síðar settist annar biskup; Guðmundur hinn góði, á þessa sömu þúfu á leið sinni til vígslu Gvendarbrunnis, og hefur þá líklega haldið tölu yfir liði sínu og heimamönnum; minnst Kolls og Patreks.

Hin arfsögnin er af dauða og útför Kolls. Hún segir að þegar Kollur fann dauðann nálgast hafi hann mælt svo fyrir að hann yrði heygður fremst uppi á Straumnesi (nú Blakknesi), þar sem útsýni er hvað best yfir hans landnám. Mælti hann einnig svo fyrir að vopn sín og fjársjóður skyldu grafin undir Biskupsþúfu, en hún er í Kollsvíkurtúni, stutt neðan gamla bæjarstæðisins. Viðurlög voru ef við þúfunni var hreyft; annaðhvort sýndust bæirnir brenna eða gott sjóveður gerði, og því slepptu menn ekki. Víst er víðsýnt af Blakknesnibbu, og þar sér yfir mestallt landnám Kolls. Þar var sögð sjást þúfa sem vera myndi leiði Kolls og þar er örnefnið Kollsleiði. Hinsvegar sér hvergi til hennar nú; grjótrúst sem þar er núna er leifar landmælingarvörðu. Gjalda veður þó fullan varhug við sannleiksgildi sögunnar um Kollsleiði. Annarsvegar eru allar líkur á að Kollur hafi verið vel kristinn og því frábitinn haugsetningu; auk þess sem hann kann sjálfur að hafa komið sér upp kirkju og greftrunarreit, eins og áður segir. Hinsvegar verður að telja slíka haugsetningu mikla sérvisku í Kollu ef satt væri, þar sem öll kuml sem nú hafa komið í ljós á landinu eru staðsett ýmist nær bærum eða við fjölfarnar leiðir. En Kollur var um margt einstakur landnámsmaður, svo sem stærð landnámsins ber vitni um, og Kollsvíkingar hafa löngum farið sínar eigin leiðir í mörgu. Sögnin um fjársjóð Kolls gæti staðist fyrir þær sakir að þaðan er sjónhending upp á Blakknesnibbu. Hinsvegar virðist Biskupsþúfan vera grasi vaxið bjarg sem hrúnið hefur úr Núpnum, og því ólíklegt að nokkur hafi komið munum þar undir. Auk þess er ólíklegt að allir hafi verið svo frómir gegnum tíðina að þeir hafi látið kerlingabækur og forboð stöðva sig í að ná í gull með lítilli fyrirhöfn. En sagan sjálf er gulls ígildi, og svo mikla virðingu báru menn fyrir henni að þúfan hefur verið látin í friði, þó allt í kringum hana sé nú véltækt tún.

Gegnum tíðina hafa Kollsvíkingar borið meiri virðingu fyrir frásögnum Landnámu og annarra Íslendingasagna en nokkrum öðrum heimildum, jafnvel að meðtöldum Bifliunni sjálfri og Kollsvíkurætt. Hinsvegar hafa þessar sagnir orðið tilefni mikilla vangaveltna, ekki síst á síðari tímum. Undirritaður tók þessa rökræðu inn með móðurmjólkinni og hefur einkum staðnæmst við tvennt. Annarsvegar virðist frásögn Landnámu vera trúverðug að stofni til; margt í aðstæðum styður hana, sem ekki verður orðlengt hér.

Hinsvegar virðist sem skrásetjari sagnanna hafi liðið fyrir það annarsvegar að nokkur hundruð ár voru frá atburðum til skrásetningar og hinsvegar að hann virðist hafa gengið mjög langt til að sanna uppruna og eignarrétt á landi fyrir þeim sem bókin var ætluð. Um þetta hafa fræðimenn skrifað og vísa ég til þeirra. Því er það niðurstaða undirritaðs að í grunninn sé frásögnin rétt (a.m.k. þar til sannara reynist) en nöfn og hjátrú ekki. Engum sem ihugar örnefni getur dulist að staðir fá nöfn af því sem helst einkennir þá, en ekki af fólki. Svæði við ströndina fá einkum nöfn af því sem er greinilegast úr hafi, sem er skiljanlegt þegar haft er í huga að samgöngur milli landshluta voru í fyrstu einkum á sjó. Helsta einkenni Kollsvíkur af hafi er Núpurinn; með sínum ljósbjarta sandi; eins og sérkennilegur kollur í laginu og ólíkur nærliggjandi núpum. Ég tel því líklegast að Kollsvíkin dragi nafn af þessu sérkenni, en líklega hafi þá landnámsmaðurinn borið annað nafn. Arnarboði gæti heitið eftir manni, en einnig er hugsanlegt að meðan ernir voru algengari en nú er, hafi örn setið þar löngum á fjörunni og skimað eftir æti á grynningunum. Rauðisandur er svo augljóst heiti að það þarf verulegt hugmyndaflug til að kenna þann stað við mann. Hænis var sagður landnámsmaður Hænuvíkur, en ég tel líklegt að víkin dragi nafn af Hnjótunum inni í víkinni sem er áberandi mið af sjó, eða af Hænuvíkurnúpnum. Telja má næsta víst að Örlygshöfn dragi nafn af hinni einstaklega góðu höfn sem áður var fyrir grunnskreið skip, þar sem heitir Neteyri. Nafið gæti verið myndbreyting af „Örleikshöfn“, en örleikur var algengt orð; merkir sama og örlæti; eða af „Örlogshöfn“, en forskeyti „ör-“, gat merkt mikill. Tálkninn ber augljós einkenni fisktálkns, hvað sem líður Landnámu og Þorbirni Tálkna. Fleiri dæmi mætti til færa, en augljóslega er Landnáma ekki góð skýring á uppruna örnefna. Þar er nærtækast að leita skýringa í náttúrunni sjálfri og sérkennum hvers staðar (VÖ).

Landnámabók / Landnáma (n, kvk) Fornrit sem talið elsta heimildin um landnám Íslands. Þar er upptalning á landnámsmönnum; uppruna sumra þeirra; stærðir og mörk landnáma og hvernig landnám fór fram. Þar koma fyrir um 3.000 eiginnöfn manna og 1.400 örnefni, sem langflest eru þekkt enn í dag. Elsta gerð Landnámu er glötuð; þ.e. sú sem Styrmir fróði Kárason ritaði á 13.öld, en af þeim afritum sem varðveist hafa er Sturlubók elst; kennd við Sturlu Þórðarson sagnaritara. Varðveitt er eintak hennar afritað á 17.öld af séra Jóni Erlendssyni í Villingaholti. Önnur gerð er Hauksbók; enn önnur Melabók, sem talin er rituð um 1270 af Snorra lögmanni Magnússyni á Melum. Hún geymir hluta úr elstu gerð Landnámabókar. Tvær endurritanir eru enn; Skarðsárbók eftir Björn Jónsson á 17.öld, og Þórðarbók eftir Þórð Jónsson í Hitardal frá sama tíma. Landnáma hefur löngum verið talin óumdeilt grundvallarrit. Það er ekki fyrr en á síðustu tímum að ýmsir hafa haft uppi efasemdir um suma þætti, eftir því sem fornleifauppgreifri, aldursgreiningu og erfðafræði vindur fram og menn fá skýrari mynd af samfélögum og stjórnarháttum á Landnámstíma. Bent hefur verið á tilhneygingu Landnámu til að draga fram eignarhald og göfugar ættir, og jafnvel talið að það gæti tengst þörf einhverra á ritunartíma til að sanna tilkall til eigna eða skjóta stöðum undir uppruna sinn. Hafa verður í huga að Landnáma er rituð meira en 300 árum eftir að atburðir áttu sér stað sem þar er lýst. Þá er auðséð á

Landnámu að heimildir eru mjög misjafnlega tiltækar höfundum/höfundum. Það sést t.d. glögg af því hve lítið er þar fjallað um merkismanninn Koll í Kollsvík. Ekki er ólíklegt að það sem þar er sagt um hann sé haft eftir afkomendum Örlygs á Esjubergi, sem voru Landnámuhöfundum nærtækari en Kollsvíkíngar. Afkomendur Örlygs hafa efalaust viljað halda heiðri síns forföður á lofti og því gert t.d. mikið úr því að Kolli varð á að nefna nafn Þórs í nauðum, en hann hefur að sjálfstöðu verið sannkristinn trúboði líkt og Örlygur föstbróðir hans. Líkur benda einnig til að Kollur hafi byggt kirkju í Kollsvík og það jafnvel á undan föstbróður sínum (sjá *kirkjuból*), en líklega myndu Örlygsafkomendur þegja yfir því við sagnaritara, heldur eigna sínni ætt þann heiður. Hugsanlega hafa þeir einnig gert minna úr landnámi Kolls en efni stóðu til; um það verður ekki fullyrt héðanaf.

Landnámsjörð (n, kvk) Jörð sem heimildir segja að landnámsmaður hafi búið á. Kollsvík er augljóslega landnámsjörð, samkvæmt frásögn Landnámu og annarra fornheimilda. Hinsvegar er forvitnilegt að velta fyrir sér samspili Kollsvíkurjarðarinnar og Láganúpsjarðarinnar. Hvenær varð Láganúpur sérstakt býli? Svo langt sem heimildir eygir hefur Láganúpur verið lögbýli, þó vissulega hafi jörðin verið í eigu höfðingjavaldis um aldaðir, sem gróðavænleg verstöð. Sé frásögn Landnámu tekin góð og gild, mætti ímynda sér að Kollur hafi fljótlega veitt öðrum yfirráð yfir suðurhluta víkurinnar. En hér er rétt að staldra við bæjarnöfnin. Hvort sem vikin var nefnd utaní landnámsmanninn eða tók sitt nafn af náttúrulegum auðkennum, þá má ætla að ef tveir bæir hefðu verið í vikinni frá upphafi, þá hefði hvor þeirra fengið sitt sérstaka nafn sem ekki yrði ruglað saman við nafn víkurinnar. Svo var ekki: Allar líkur benda til þess að norðari jörðin hafi alla tíð borið sama nafn og vikin (burtséð frá Kirkjubólsmanninu um tíma). Líkur eru því á að aðeins hafi verið ein jörð í vikinni um nokkuð langan tíma; e.t.v. tvær til þrjár kynslóðir, áður en Láganúpur varð jörð. Því hafi ekki þótt þörf á sérstöku nafni til að greina bæinn frá vikinni. Þegar Láganúpur byggðist höfðu örnefni þegar mótast, og sá bær var einfaldlega nefndur utaní hinn lága núp, en Hnífarnir og landið uppaf þeim hefur nefnst Láganúpur, í stíl við núpánöfnin allt í kring. Það nafn færirist svo alfarið yfir á bæinn. Kollsvík hélt velli sem heiti á bæði vikinni og landnámsjörðinni. Þetta er þó aðeins kenning til hugleiðingar; annað kann að koma á daginn síðar.

Landnámslagið (n, hk, m.gr) Gjóskulag frá eldgosí nálægt Torfajökli. Nákvæmar aldursgreiningar sýna að það féll árið 871, eða þremur árum áður en Ingólfur Arnarson nam land, að sögn Landnámabókar. Þar sem öskulagið finnst í jörð er því unnt að nota það til aldursgreiningar á fornleifum. Útbreiðsla þess er hinsvegar mest kringum sunnanvert miðhálandið; frá Helliheiði og Borgarfirði í vestri til ofanverðs Fljótsdalshéraðs og Hornafjarðar í austri. Fingert ryk hefur þó líklega borist með háloftavindum og fallið víða um land og jafnvel erlendis. Því kann að vera að landnámslagið eigi eftir að nýtast víðar um land með nákvæmari mælitækjum en nú eru tiltæk.

Landnámsmaður (n, kk) Fyrsta kynslóð innflytjenda hingað til lands eftir að landnám hófst með komu Ingólfs Arnarsonar árið 874 (samkvæmt Landnámu). Landnámsmönnum er oft skipt í nokkra flokka eftir eðli landnámsins. Í fyrsta flokknum eru svonefndir „frumlandnámsmenn“; þ.e. þeir sem fyrstir komu að ónumdu landi og eignuðu sér það fyrstir með einum eða öðrum hætti. Þau landnám eru oftast mjög víðfeðm og aðeins eitt sker sig þar úr; landnám Kolls í Kollsvík, en hann lét sér nægja eina vík og beitarlönd hennar. Sú vík er að vísu mjög kostarík og fullkomlega sjálfbær litlu samfélagi fólks sem kann að lifa af landsins gæðum. Velta má fyrir sér ástæðum þessa litla landnáms Kolls. Ein ástæðan kann að vera trúarlegs eðlis, en Kollur nam þau kristnu fræði í Kólumbusarklaustrinu á Iona að menn ættu að vera nægjusamir og tigna sinn guð. Önnur ástæða kann að vera að hann hafi slasast í skipbroti sínu á Arnarboða og ekki treyst sér til að annast stærra land. Þriðja hugsanlega ástæðan er að skipsnautar hans; Þórólfur spörr og Þorbjörnir tveir, hafi átt verulegan hlut í hinum dýra knerri sem eyðilagðist á Arnarboða, og það orðið að samkomulagi við Koll að þeir fengju stór landnám kringum Kollsvík sem bætur. Kunna allar ástæður þessar að fléttast saman; og e.t.v. fleiri.

Í öðrum flokki landnámsmanna eru þeir sem námu land að ráði eða með leyfi frumlandnámsmanna. Í þennan flokk gætu fallið hásetar Kolls; þeir Þórólfur Spörr; Þorbjörn tálkni og Þorbjörn Skúma, samkvæmt framansögðu. Í þriðja flokknum eru svo þeir landnámsmenn sem þáðu land að gjöf sem áður var numið af öðrum, eða fengu það með bardögum.

Landnámabók greinir frá 430 landnámsmönnum; þar af 317 sem komu á eigin skipum og námu land í öndverðu; þ.e. þeir sem féllu í tvo fyrri flokkana hér að framan. Engar tölur eru vísar um heildarfjölda lánsmanna eftir að landnámi taldist lokið kringum 1030, en giskað hefur verið á að þeir hafi verið um 20.000. Fáar, ef nokkrar, þjóðir eiga jafn góðar ritheimildir um uppruna sinn. Flestir landnámsmenn eru taldir hafa komið frá suðurhluta Vestur-Noregs; þ.e. frá Hörðalandi, Sogni og Fjörðum, en einnig margir frá Þrándheimi. Margir komu einnig frá Bretlandseyjum; einkum frá Írlandi og skosku eyjunum. Erfðafræðirannsóknir hafa staðfest upprunann að miklu leyti, en þó með því frávikum að meirihluti kvenna á landnámsöld virðist eiga sama uppruna og konur á Bretlandseyjum. Þykir þetta benda til þess að landnámsmenn hafi annaðhvort verið um tíma búsettir þar eða komið þar við og tekið með sér kvonfang og ambáttir.

Landnorðan (ao) Norðaustan.

Landnorður (n, hk) Norðaustur.

Landnot (n, hk, fto) Nýttjar af landi í annarra eigu. „Um aldir tíðkaðist það að Kollsvíkingar, einkum Láganúpsbændur, hefðu landnot af Breiðavíkinni norðanverðri til beitar. Snemma á 20. öld hafði Guðbjartur Guðbjartsson fé þar á vorin, og var gengið daglega yfir Breiðinn til að fylgjast með burði. Svo kann að hafa verið um langa tíð“.

Landnyrðingur (n, kk) „Landnyrðingur (sunnanátt); útsynningur (suðvestanátt); hafnyrðingur (norðanátt); austnorðan (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og norðaustan (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og OM).

Landnytjar (n, kvk, fto) Not/gagn af landi til lífsframsferis/tekjuöflunar. „Hjáleigur höfðu vanalega sitt afmarkaða tún, en aðrar landnytjar, s.s. bithagi og bitfjara, voru óskipt frá eignarjörðinni“.

Landpósttaska (n, kvk) Taska landpóststans. Landpóstur hafði vanalega tvo hluti í sínum farangri. Annað var vandaður stór strigapoki, þar sem í voru dagblöð, pinklar og annar fyrirferðarmikill flutningur. Hitt var sjálf landpósttaskan, en í henni voru sendibréf, kröfubréf, frímerki, peningar og annað fémæti. Þeirrar tösku gætti hann eins og sjáaldurs auga síns.

Landpóstur (n, kk) A. Embættismaður hins opinbera sem hafði það hlutverk að koma pósti milli manna og halda uppi póstferðum. Upphaf þeirra má rekja til tilskipunar frá 1776, en þá skyldu landpóstar fara þrisvar á ári milli Suðvesturlands, S-Múlasýslu, Þingeyjarsýslu og Ísafjarðarsýslu. Síðar var landpóstum og ferðum þeirra fjölgað. Hinir eiginlegu landpóstar luku ferðum sínum uppúr 1900, enda voru samgöngur þó breyttar. B. Nafnið var síðar notað á þá opinberu embættismenn sem sáu um að koma pósti til notenda frá póstmíðstöðvum/bréfhirðingum. Þetta var hlutastarf, en mjög krefjandi; einkum meðan samgöngur voru erfiðar. Kristinn Ólafsson (15.02.1913-19.01.2010) bóndi í Hænuvík var landpóstur í ytri hluta Rauðasandshrepps frá 1945 til 1985. Lengst af fór hann ferðirnar á hestum; síðar um tíma á traktor, en síðustu árin á bíl. Á undan honum var Dagbjartur Björgvin Gíslason frá Kollsvík landpóstur, en á eftir Kristni gegndu Guðni Jónasson frá Breiðavík og Egill Össurarson frá Láganúpi löngum þessu hlutverki.

Landráð (n, hk, fto) Föðurlandssvik. „Það væru nú engin landráð þó þú kæmir inn og fengir þér kaffisopa áður en þú skondrar á næsta bæ“!

Landrek (n, hk) Rek og afstöðubreytingar landa vegna hreyfinga jarðskorpufleka af völdum innri afla jarðar. Landrek hefur fylgt sögu jarðar um milljarða ára, eins og nú er þekkt og viðurkennt. Það er þó ekki nema öld síðan vísindaheimurinn tók því sem fjarstæðu. Alfred Wegener (1880-1930) setti fyrstur fram heilsteypa tilgátu um landrek, m.a. eftir rannsóknir sínar á Íslandi og Grænlandi. Hann taldi að núverandi meginlönd væru öll brot af einu meginlandi sem hann nefndi Pangaea. Síðar hefur þetta verið skýrt betur og rannsakað. Jarðskorpan skiptist upp í misstóra jarðskorpufleka, sem reka ýmist að eða frá hvor öðrum, ásamt löndum á flekunum vegna iðuhreyfinga í seigfljótandi möttlinum undir þeim. Eld- og/eða jarðskjálftavirkni er mikil á flekaskilunum. Flekaskil eru eftir Atlantshafinu, milli norður- og suðurhvels, og þar færast hraun jafnt og þétt upp á yfirborðið um leið og Ameríku og Evrópu/Afríku rekur í sundur. Á Íslandi koma skilin uppúr hafi. Ísland er líklega virkasti staður flekaskilanna í Atlantshafi, og jafnvel upphafsstaður þeirra. Sömu tegund gosbergs er að finna á Íslandi og Færeyjum og á stað á austurströnd Grænlands og stöðum í Skotlandi. Á milli þessara staða liggur hryggur í hafinu; þvert á flekaskilin, sem nefnist Færeyjahryggur. Sýnir hann hina miklu uppkomu efnis um leið og löndin rak í sundur. Landbrú var um hrygginn, milli Vestfjarða og Grænlands, þar til fyrir 6-7 milljónum ára, að því er jarðfræðingar telja nú. Flekaskilin liggja yfir Ísland í svonefndu gosbelti. Það nær frá Reykjanesi í suðri; austur um Heklu, Bárðarbungu og norður fyrir land um Öskju. Rekhraðinn er ekki mikill; Austurland fjarlægist Vesturland um 19 mm á ári; rekur í ASA. Hin forna Pangaea var alls ekki fyrsta landið sem brotnaði upp; meginlönd hafa rekið sundur og saman eins langt og unnt er að rekja jarðsöguna.

Landris (n,hk) Hækkun landsvæðis. Ýmis náttúruöfl geta valdið því að land ýmist rís eða sígur. Hið stöðuga landrek er þar einn orsakavaldurinn; kvikuinnskot undir yfirborði er annar og farg á yfirborði af völdum t.d. jökla er hinn þriðji. Á síðustu árum hefur orðið ört vaxandi rof við vestur- og norðurströnd Íslands. Má merkja það t.d. af því að á þessum svæðum eru nú að hverfa í sjó flestar hinna fornu verstöðva, en þær stóðu eðlilega á sjávarbökkum. Orsakir sjávarstöðubreytinganna virðast einkum vera tvær: Annarsvegar hin ógnvænlega hækkun sjávaryfirborðs vegna hlýnunar jarðar og bráðnunar jökla. Hin þáttinn má einnig rekja til bráðnunar jökla, en vegna þess að meginjökla á Íslandi bráðna og léttast, rís landið þar. Það landris veldur því að landið „sporðreisist“, svo fjarlægustu svæðin sökkva. Þriðji orsakavaldurinn er líklega hið eðlilega ferli í kringum flekaskil, en land sekkur í vissri fjarlægð frá skilunum vegna fergingar nær þeim.

Landróður (n, kk) Róður til lands. Enn er talað um landróður, þó vélar séu komnar í báta. Fremur er þó notað orðið *landleið* eða *landstím* nú til dags.

Landrými (n, hk) Pláss/rými til athafna á landareign. „Jörðina skorti landrými til aukinnar ræktunar“.

Landrækur (l) Sem rekinn er úr landi; sem ætti að reka úr landi. „Ætli maður verði ekki gerður landrækur einhvern daginn, fyrir kjafthátt í garð pótintátanna“?

Landsbyggð (n, kvk) Byggð í landi/ríki; dreifbýli. Orðið hefur á síðustu áratugum mótast svo í munni þéttbýlinga á höfuðborgarsvæðinu að það merki þann hluta þjóðarinnar sem ekki býr þar. Fjölmíðlar láta ekki sitt eftir liggja í þessum áróðri, og klifa sífellt á orðalaginu „höfuðborg og landsbyggð“. Staðreyndin er þó sú að Reykjavík var ekki nema ein af fjöldamörgum landnámsjörðum á Íslandi, og á engan hátt rétthærri en aðrar. Þannig gekk það til framá 20. öld, en í byrjun hennar var jafnvel meiri kotungsbragur á Reykjavík en mörgum öðrum uppgangsstöðum landsins. Þá tók Reykjavík að soga til sín aukin réttindi af öðrum byggðarlögum, um leið og þar varð fólksfjölgun og þangað fluttust allar valdastofnanir landsins. Afleiðing þessarar arfavitlausu byggðastefnu varð sú að meirihluti þjóðarinnar hefur safnast á einn *hlandkollublett*, í samfélag sem þó er ekki fjölmennara en gata í raunverulegri stórborg, með gríðarlegum samfélagslegum vandamálum og fíringu. Eftir sitja mannlausar byggðir sem þó búa yfir ríkulegum auðlindum og eru ekki síður byggilegar í dag en fyrrum. Þeim er markvisst haldið niðri og sveltur um nauðsynleg gæði úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Samgöngur eru þar í lamasessi, og sömuleiðis öll félagsleg þjónusta; en alvarlegast er þó að hinn ævaforni réttur byggðarlaga og jarða til nýtingar sinna fiskimiða var gerður upptækur og hann færður örfáum borgarbúum að gjöf, svo þeir gætu braskað með arðinn af auðlindunum í eigin þágu. Byggðastefna stjórnvalda hefur þannig í reynd verið landeyðingarstefna.

Landselur (n, kk) Phoca vitulina. Algeng selategund við Ísland og víða um heim. Landselur er algengari en hin selategundin sem hér lifir einkum; *útselurinn*. Landselur er steingrár á lit, með brúnleitum blæ; dökkur á baki en ljósari á kvið; með svartar doppur. Litur er annars nokkuð árstíðabundinn. Hreifur eru fremur litlir og höfuðið stórt og hnöttótt, meðað við aðrar selategundir. Brimlar verða um 1,5-2m að lengd og vega um 100-150 kg; urturnar eru nokkuð minni. Landselur getur orðið allt að 35 ára. Landselur er mjög algengur við strendur í Kollsvík og nágrenni. Hann liggur gjarnan uppi á hleinum á útfiri, en sést oft synda með landi. Hann er forvitinn og kemur oft mjög nærri landi til að skoða ferðalanga eða annað á ströndinni. Líklega kæpir landselur oft á Landamerkjahlein, og slíkum stöðum þar sem hann telur sig öruggan nærri sjó. Selur var nokkuð nytjaður áður fyrr, og þótti selkjöt og selspik gott búsílag. Þá þóttu hreyfarnir herramannsmatur, sviðnir, soðnir og súrsaðir. Skinnið var eftirsótt, og löngum verðmæt sölubúnaði. Í Útvíkum var selur stundum skotinn, en í Ósnum á Rauðasandi var hann veiddur í net. Ýmis þjóðtrú tengdist selum. Þeir voru taldir vera þeir hermenn Faraós sem eltu Móse yfir Rauðahafið en lentu í sjónum þegar leiðin lokaðist, eins og lesa má í Biblíunni. Hundar þeirra urðu þá að steinbítum. Sagt var að selurinn hafi mannsaugu, og það styðji þessa tilgátu. Talið var að selir köstuðu hömum sínum og kæmu á land sem fólk um nýársnótt, til að dansa og skemmta sér. Þekkt er sagan af því þegar Kölski breytti sér í selslíki og bauð Sæmundi fróða far til Íslands. Sæmundur gerðist hinsvegar fyrsti „flugdólgur“ sem sögur fara af er hann sló fararstjórnann í höfuðið og greiddi ekki fargjaldið. Talið var ólánsmerki ef selur synti þvert í veg fyrir bát sem var á leið í róður.

Landseti (n, kk) Sá sem dvelur/býr á annars manns landi/jörð.

Landsfaðir (n, kk) Þjóðhöfðingi. Var fyrrum notað um kónginn, en er í seinni tíð oftast notað í fleirtölu, og gjarnan háði, um „ráðamenn þjóðarinnar“, þ.e. þingmenn, ráðherra og aðra sem fara með stjórn landsins.

Landsfjórðungur (n, kk) A. Stjórnsýsluumdæmi sem Íslandi var skipt í árið 965 vegna þinghalds (fjórðungsþing) og dóma (fjórðungsþingdómar). Þannig náði Vestfirðingafjórðungur úr Hvalfirði í Hrútfjörð; Norðlendingafjórðungur þaðan og í Langanes; Austfirðingafjórðungur í Mýrdalsjökul og Sunnlendingafjórðungur í Hvalfjörð. Þrjú goðorð voru í hverjum landsfjórðungi. Eftir 1271 voru lögmenn settir yfir hvern fjórðung; yfirleitt einn norðan og vestan og annar sunnan og austan, þó stundum færi sinn með hvern fjórðung. Þegar Hólbiskupsdæmi var stofnað 1106, náði það yfir Norðlendingafjórðung, en Skálholtsbiskupsdæmi yfir hina fjórðungana þrjá. B. Í dag hafa fjórðungarnir minna vægi sem stjórnsýslueiningar, en enn eimir þó eftir af þeim þó mörkin séu breytt. Þannig nær Vestfirðingafjórðungur nú aðeins að línu milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar, en innan hans hafa t.d. sveitarfélögin með sér samstarf.

Landshluti (n, kk) Hluti lands; landsvæði. „Fólksfækkun varð meiri á Vestfirðum en í öðrum landshlutum“.

Landshorn (n, hk) Útskagi; ysti staður lands. „Reykjavíkursvæðið hefur sogað að sér fólk af öllum landshornum, eftir því sem þar hefur fjölgað miðlægrri stjórnun og stofnunum“.

Landshornaflakkari (n, kk) Sá sem fer/flækist víða um land. „Baldvin Kristjánsson sagðist vera orðinn hálfgerður landshornaflakkari eftir að hann gerðist erindreki tryggingafélagsins, en alltaf héldi hann mest upp á ættarstöðvarnar í Kollsvíkinni“.

Landshornaflandur (n, hk) Flæklingur/flakk/ferðalög víða um land. „Ég skil nú ekkert í bændum sem liggja í einhverju bévítans landshornaflandri um hábjargræðistímann“!

Landshlutur (n, kk) Skiptahlutur sem landeigandi fær af feng sem fæst í hans landi. Landeigandi fær t.d. fullan hlut á við hvern bjargmann í eggjaferðum. Landshlutur úr bjargi má skilja eftir á brún. Einn maður í bjargferð

þarf ekki að standa skil á landshlut. Landshlut átti einnig að skila þegar hvalur var skorinn í fjöru: „Samkvæmt annarri frásögn átti eigandi Hænuvíkur, en þeirri jörð tilheyrir Láturdalur, að hafa gert kröfu til landshlutar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Landsigling (n, kvk) Sigling til lands; *landstím*.

Landsins gagn og nauðsynjar (orðtak) Um umræðuefni; allt sem nöfnum tjáir að nefna/ allt milli himins og jarðar sem snertir; einkanlega viðfangsefni daglegs lífs, afkomu og kringumstæður. „Hinir sátu gjarnan góða stund við kaffiborðið og ræddu landsins gagn og nauðsynjar“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Landsímastöð (n, kvk) Símtöð á fyrstu árum símans, þar sem sinnt var afgreiðslu símtala frá öðrum bæjum. Sími var lagður að Kollsvík árið 1934, og var þá landsímastöð á Stekkjarmel; í umsjón Karls Kristjánssonar bónda þar. Í byrjun komu menn þangað af öðrum bæjum í Kollsvík til að komast í símasamband, en síðar komu línur að Láganúpi og Kollsvík. Símtöðvar í sveitunum voru lagðar niður, og um mörg ár var símtöð á Patreksfirði; eða þar til unnt var að velja símanúmer heima á bæjum, hvert á land sem var.

Landskiki / Landskækill / Landspilda / Landsvæði (n, kk) Jarðarpartur; lítið svæði af landi.

Landskuld / Landskyld (n, kvk) Leiga jarðar. Samkvæmt ákvæðum Grágásar og síðar Jónsbókar mátti leiga ekki fara yfir 10% af matsvirði eignarinnar. Á 14.öld var hlutfallið lækkað í 5-8%, og enn meira á 19.öld. Hinsvegar hækkuðu aðrar álögur; *kvaðir*. „Ábúandi á Láganúpi er Halldór Jónsson. Landskuld hans er 6 vættir. Betalast í kaupmannsreikning so mikið sem verður, hitt í gildum landaurum“ (AM/PV Jarðabók).

Landslýður (n, kk) Þjóð; landsbúar.

Landslög (n, hk, fto) Lög sem gilda í landinu. „Við skulum bara hafa þetta eins og landslög mæla fyrir um“.

Landsmál (n, hk, fto) Málefni sem í umræðunni eru, víða um land. „Á réttarveggnum ræddu menn jafnt heyskap, veðráttu og heimtur sem fallþyngd; sveitaslúðrið jafnt sem landsmálin og heimsmálin“.

Landspróf (n, hk) Skólastig sem um tíma var við lýði. Eftir barnaskóla (grunnskóla) bauðst börnum að velja á milli þess að taka gagnfræðapróf með tveggja ára námi eða landspróf með eins árs námi, til undirbúnings menntaskóla eða annarri framhaldsmenntun. Var landspróf talið nokkuð strembnara.

Landsteinar (n, kk, fto) *Harðaland*; ystu fjöromörk. „Það er ekki alltaf hægt að búast við kolvitlausum rígaþorski *uppi í landsteinum*“.

Landstím / Landleið (orðtak) Sigling báts/skips í land úr róðri. „Við gerum að aflanum á landstíminu“.

Landsuður (n, hk) Suðausturátt.

Landsunnan (ao) Suðaustan vindátt. „Magnús sútari reri þetta vor í Breiðavík. Var það einn morgun að stormur var landsunnan og vildi Magnús róa; kom svo að hann reri tvívegis en sneri aftur hvert sinn“ (TÓ, frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Landsynningur/ Landsynningskaldi (n, kk) Suðaustanátt. Þá gat verið ótryggur þurrkur í Kollsvík. „Farið var af stað síðari hluta dagsins þegar *innlögn* lá í fjörðinn, en komið út að nóttinni þegar lygnt hafði eða jafnvel var kominn *landsynningskaldi*“ (KJK; Kollsvíkurver).

Landsýn (n, kvk) Sýn til lands; landkenning. „Þið ættuð nú ekki að fara lengra frá en svo að þið hafið landsýn; mér sýnist að hann gæti lagt þokuna upp þegar líður á daginn“.

Landtaka (n, kvk) Aðkoma að landi; lending. „Mér sýnist að landtaka verði best þarna innan við hleinina“. „Aftur á móti var ósætt á sjó þegar grunnbrot féll á Giljaboða og Þembu; að minnsta kosti með landtöku í Kollsvíkurveri í huga“ (KJK Kollsvíkurver). „Ég held það sé öruggara að þú verðir við vélina Siggí, þegar til landtökunnar kemur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Landvar (n, hk) Hlé við land í aflandsvindi. „Þeir báru í seglfestu, reru í landvari frá Bjargtöngum að Brunnum og lentu þar heilu og höldnu“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Landvegur (n, kk) Leið/ferðalag/vegur á landi; landleið. „Þyrfti að sækja lækni á vetrum varð að fara landveg; þramma yfir fjöllin...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Landverk (n, hk) Vinna við afla í landi. „Það verða drjúg hjá okkur landverkin, eftir svona góða veiði“. Samkvæmt dæmi orðabókar virðist orðið hafa annarsstaðar merkt venjuleg sveitastörf.

Landvinna / Sjóvinna (n, kvk) Vinna sem unnin er í landi/ á eða við sjó. „Hvort er skemtilegra; sjóvinna eða landvinna“? (Umræðuefni á 2. starfsári Umf Vöku, stofnað 1916).

Landvon (n, kvk) Von um að finna land/ná landi. „Þá tóku þeir það ráð að sigla og ætluðu að reyna að hitta á Kópinn. Það var eina landvonin hjá þeim. En þegar þeir höfðu litla stund siglt þá sjá þeir enskan togara...“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978; um sjóhrakninga Valdimars bróður hans og þriggja annarra).

Landvættur (n, kk) Yfirnáttúruleg vera sem býr í landinu og verndar það. Af lýsingum frá landnámi Íslands má sjá að þá þegar hafa landnámsmenn trúað því að í hinu nýja landi byggu hulin verndaröfl, sem þeir

kölluðu landvætti. Til að egna ekki þessi goðmöggn á móti sér settu þeir þá reglu að ekki mætti sigla að landinu með gínandi trjónu; þ.e. með drekahöfuð eða aðra ógn í stafni. Voru þetta hin fyrstu lög sem sett voru varðandi Ísland, eins og segir í Þórðarþók Landnámu: „Það var upphaf hinna heiðnu laga að menn skyldu eigi hafa höfðuð skip í haf, en ef þeir hefðu þá skyldu þeir af taka höfuðið áður en þeir kæmu í landsýn, og sigla eigi að landi með gapandi höfðum né gínandi trjónu, svo landvættir fældust við“. Landvættir Íslands eru einkum taldir fjórir nú til dags, og tróna á skjaldarmerki ríkisins: Naut (gríðungur) er fyrir Vestfirðingafjórðung; gammur fyrir Norðlendingafjórðung; dreki fyrir Austfirðingafjórðung og berggrisi fyrir Sunnlendingafjórðung. Vísa þeir til sagnar í Heimskringlu, þegar Ólafur konungur Tryggvason sendi spæjara til Íslands í hvalslíki til að kanna þar aðstæður. Sá sagði farir sínar ekki sléttar eftir að hafa séð þessa vætti, en ekki fór þó sögum af að þeir hefðu gert honum mein.

Landþerna (n, kvk) Litað ljós á hlið/borði skips til að unnt sé að átta sig á stöðu/stefnu þess í myrkri; hluti af siglingaljósum skips. Á stjórnborðshlið er landþernan með grænu ljósi, en bakborðsmegin er hún rauð. Landþerna skal lýsa með 135° ljósgeira sem nær 22,5° afturfyrir þvert. Sjá *þerna*; *siglingaljós*; *sigluljós* og *skutljós*.

Landþrengsli (n, hk, fto) Lítið jarðnæði/ræktarland. „Það há honum ekki landþrengslin á nýja staðnum“.

Lang- Forskeyti sem notað var á mörg lýsingarorð til að búa til stig sem var efra en efstastig, t.d. langbestur, langstærstur, langfljótastur o.fl. Þess í stað var stundum notað orðið *langsamlega* framanvið lýsingarorðið.

Langa (s) Þrá; vilja; dreyma um. „Mikið langar mig nú í feitan hangiketsbita og flotið með“!

Langa (n, kvk) Molva molva. Fiskur af þorskaætt; líkist þorski nokkuð í útliti, að öðru leyti en því að hún er með langan bol; getur orðið rúmíur tveir metrar að lengd. Kjafturinn er einnig stærrí en á þorski. Skeggþráður á höku; greinileg rák; augu fremur smá; bakuggar eru tveir, og er sá fremri mun styttri. Kviðuggar langir. Sporðblaðka bogadregin í enda. Langan er botnlægur ránfiskur; heldur sig oftast á 40-1000m dýpi, en ungfiskar veiðast stundum grynna. Við Ísland hrygnir langan á Selvogsbanka. Hún veiðist stundum á grunnmiðum, t.d. á Útvíkum. Er ágætur matfiskur, en var ekki söluvara á tímum verstöðu heldur taldist tros.

Langabak (n, hk) Bak; eingöngu notað í orðtakinu að *bera á langabaki*.

Langafasta (n, kvk) Sjöviknafasta; páskafasta að fornu tímatali, byrjar sjö vikum fyrir páska og stóð í 40 virka daga; allt til páska. Strangt föstuhald byrjaði þó ekki fyrr en með öskudegi; í lönguföstunni og að loknum föstuinngangi. Ef sólskin var þrjá fyrstu daga hennar var talið að oft yrði sólskin á föstunni.

Langafi / Langamma (n, kk) Forfaðir/formóðir í þriðja lið. Langalangafi er forfaðir í fjórða lið, og þannig koll af kalli.

Langalengi (ao) Mjög lengi; heil eilífð. „Ég var búinn að biða þarna langalengi eftir þeim“.

Langatöng (n, kvk) Miðfingur handarinnar; sá lengsti.

Langavitleysa (n, kvk) Spil sem spilað er með spilum. „Eitt spil er dregið úr stokknum og er það tromp. Því er stungið aftur í bunkann og honum síðan skipt jafnt milli spilaranna....Spilarar hafa sinn hvorn bunkann fyrir framan sig, á hvolfi.... Ekki má heldur stokka bunkann. Sá sem ekki gaf byrjar og leggur efsta spilið úr bunkanum sínum á borðið milli spilaranna, upp í loft. Leggur hinn spilarinn nú sitt efsta spil ofan á hitt og þannig koll af kalli þar til tromp kemur upp. Sá sem ekki átti trompið setur þá út fimm spil ef trompið var ás, fjórum ef það var kóngur, þremur ef það var drottning, tveimur ef það var gosi og einu ef það var lægra spil. Sá sem lagði út trompið í upphafi tekur nú öll spilin í kastbunkanum og stingur þeim á grúfu undir sinn eigin bunka. Svona gengur spilið þar til annar spilarinn er búinn með öll spilin sín og hefur hann þá tapað spilinu“ (spilareglur.is) „Afi spilaði gjarnan við okkur strákana; marías, manna og kasínu, en síður lönguvitleysu“.

Langband (n, hk) A. Hluti þakviða húss; fjöl sem liggur langsum etir húsi ofan á sperrunum og þvert á þær. Þekja (járn/hellur) klæðist á langböndin. „Í þakinu voru sperrur, og á þeim langbönd og ofan á þau skarað hellum og tyrft yfir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Langýsa. Listi sem liggur langsum innan á síðu báts, innan á böndunum, bæði til styrktar og til að halda uppi þóftum (sbr. LK; Ísl. sjávarhættir II).

Langborð (n, hk) Langt matarborð/hlaðborð; mörgum borðum raðað enda í enda.

Langdrægur (l) Sem dregur/kemst/nær/kastast langt. „Byssan er furðu langdræg með þessum nýju skotum; hún *fer* líka svo *þétt með*“.

Langdvöl (n, kvk) Löng vera/viðstaða/dvöl; þaulseta. „Ég held að við höfum ekki langdvöl á þessum miðum ef hann ætlar ekkert að fara að *gefa sig til*“.

Langeltur (n, kvk, fto) Langar eltur; löng eftirför; langur eltingarleikur. „Ég lenti í fjandans langeltum við mórâuðu tvævetluna; hún *setti sig* fram allan Dalinn þegar kom niðurúr Vörðubrekkan“.

Langeygur (l) Að vera orðinn langeygur eftir einhverju þýðir að vera farið að *lengja eftir* því; að vera farinn að sakna þess. „Ég fer nú að verða langeygur eftir þeim með reksturinn“.

Langfeðgatal (n, hk) Framættir; ætt sem rakin er í karlegg til ákveðins manns. Sjá *að langfeðgatali*.

Langferðugur / Langförull (l) Sem fer/ferðast langt. „Það er naumast að hrútakvikindin hafa verið langferðugir; ef þeir eru komnir út í Breiðavíkurver“! „Hann varð nokkuð langförull á efri árum“.
Langferðugur var jafnvel meira notað meðal Útvíknanna.

Langfiskur (n, kk) Bógfiskur; bjöllufiskur; næst-matarmesti fiskvöðvinn í þorskhaus (sjá þar)

Langflaka (n, kvk) Um stærð á lúðu og skiptingu hennar í stykki. „Aftara flakið var látið halda fullri lengd á þeirri lúðustærð sem nefndar voru langflökur. Á stærri lúðum var þverbiti tekinn, jafnt *vaðhornsskurði* og þá voru þær kallaðar *sexflakandi*“ (KJK; Kollsvíkurver). (Sjá *vaðhorn*).

Langflestir (orðtak) *Vel flestir*; nær allir. „Langflestir staurarnir eru heilir“.

Langfreta (s) Leysa vind mjög langdregið; freta/prumpa lengi samfellt. „Það er ósiður að langfreta svona við matarborðið“!

Langfretur (n, kk) Óvenju langur fretur/viðrekstur; prump sem varir lengi. „Ekki var það nú langfreturinn!
Hvern fjárann varstu að éta“?

Langhefill (n, kk) Langur hefill, sem notaður er til að rétta viðinn af í sléttan og beinan flöt.

Langhelst (ao) Helst af öllu. „Langhelst hefði ég viljað klára þetta í dag“.

Langhlið (n, kvk) Hlið hlutar sem er lengri en einhverjar aðrar.

Langhryggja (s) Um siglingu báts; sigla þvert á stefnu öldunnar. „Það var árans veltingur; einkum þegar við þurftum að langhryggja þennan tpping fyrir Blakkinn“.

Langhundur (n, kk) Langt samtal. „Við tókum þarna töluverðan langhund og gleymdum hvað tímanum leið“.
Var áður nafn á spili (e.t.v. sama og langavitleysa)

Langi (n, kk) Aftasti hluti meltingarfæranna. Langar voru mikilvægur hluti innmatar úr sauðfé og voru hirtir framundir lok 20. aldar. Þeir voru skafnir upp og hreisaðir vel, en síðan fylltir af hakki, mör og fleiru til að búa til bjúgur sem síðan voru reyktar.

Langintes (n, kk) Mjög hár maður. „Þetta er heljarinnar langintes, en óvíst hvað hann gagnast sem smali“.
Stundum notað *longintes* í sömu merkingu, sem er líklega skylt latneska; „longinquitus“ sem merkir lengd.

Langisjór (n, kk) Langt og mjótt stöðuvatn. „Langisjór er stöðuvatn á Strympunum; heiman Vatnadal“.

Langqualinn / Langþjáður (l) Búinn að kveljast/þjást lengi. „Ég hef verið langqualinn af þessum árans tannverk“.

Langleginn (l) *Forleginn*; búinn að liggja yfir langan tíma. „Strengirnir á Breiðavíkinni eru orðin langlegnir“.

Langleið (n, kvk, m.gr.) Mestan part leiðar; nærri því alla leið. „Ég þekki þessa kind á *langleið*“.
„Þegar hann er kominn langleiðina heim til sín að Geitagili mætir hann bróður sínum...“ (MG; Látrabjarg).
Er hann var kominn langleiðina inn undir Hafnarmúla ... kom flugeldur svífandi á móti honum“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Langleiður (l) Leiður/pirraður/argur í langan tíma. „Ég fer nú að verða langleiður á þessu aðgerðarleysi“!

Langleitur (l) A. Eiginleg merking; með ilangan andlitssvip. B. Hissa; gapandi af undrun. „Hann varð dálítið langleitur þegar hann sá hvað gerst hafði“.

Langlífur (l) Sem lifir mjög lengi. „Kúskelin ku vera langlífasta skepnan á jarðriki“.

Langlína (n, kvk) Símalína sem tengdi saman tvær eða fleiri símstöðvar, meðan notendur voru tengdir handvirkir á símstöðvum.

Langlínusímtal (n, hk) Símtal um langlínu. Á fyrstu áratugum símans þurfti að panta langlínusímtal hjá símastúlku á símstöð, og stundum bíða nokkuð þar til lína losnaði. Mikill verðmunur var á svonefndum innansveitarsímtölum/innanbæjarsímtölum og langlínusímtölum.

Langloka (n, kvk) Langt mál; langdregin ræða; langt og leiðinlegt ritmál/kvæði. „Ég nennti ekki að hlusta á þessa langloku hjá honum; hún var ekki svo merkileg“.

Langlokukjafæði / Langlokubvæla (n, hk/kvk) Niðrandi heiti á langloku. „Skelfingar langlokukjafæði er alltaf í þessum akademíupostulum“!
„Þetta var bara innantóm langlokubvæla, sem ekkert var á að græða!“

Langlundargeð (n, hk) Þolinmæði; þrautseigja. „Nú fer óðara að styttast í mínu langlundargeði“.

Langlundargóður (l) Þolinmóður; geðgóður. „Mér þykir þú langlundargóður; að vera ekkert farinn að kvarta“!

Langlúinn (l) Hvíldarlaus í mikilli vinnu/á langri göngu. „Þú hlýtur að vera æði langlúinn eftir þetta ferðalag“.

Langlærður (l) Langskólagenginn; búinn að læra mikið/lengi. „Ég er ekki langlærður í þessum efnunum“.

Langmið (n, hk) Nákvæmt mið á stað þarf að vera í tvær, nær þverstæðar áttir; langmið og þvemið. „Langmið fram af Blakknum nefnist Hyrnur, en þvermið á það eru dalir norðanvið Flóann“.

Langminnugur (l) Sem man langt aftur /lengi. „Furðulegt er hvað hún er langminnug“.

Langmæddur (l) Mæddur/þreyttur/vonsvikinn í langan tíma. „Ósköp er maður orðinn langmæddur á þessu aðgerðaleysi Vegagerðarinnar“.

Langorður (l) Hefur mörg orð um; segir í löngu máli. „Ég ætla ekki að vera langorður um þetta“.

Langreisa (n, kvk) Langferð; langt ferðalag. „Eg fór í heilmikla langreisu í fyrra“.

Langreyndur (l) Með mikla reynslu; hefur lengi sýslað. „Hann er langreyndur í svonalöguðu“.

Langróið (l) Lengi verið að róa; sem tekur langan tíma að róa. „Yfirleitt er ekki langróið á góð fiskimið á Kollsvíkinni. Því er ekki að undra að þar risi upp mikil verstöð“.

Langræði (n, hk) Langur róður; langt að róa. „Lending er góð í Örlygshöfn, en langræði á góð mið“.

Langrækinn (l) Hefnigjarn; minnugur á misgjörðir í sinn garð.

Langs (ao) Meðfram; *langseftir*. „Ég hljóp langs með vatninu og náði að komast fyrir kindurnar“. „Hann fetaði sig langs eftir húsmæninum“. „Seinlegra er að saga tréð langs en *þvers*“.

Langsamlega (ao) Áhersluorð með lýsingum. „Mér fannst hann standa sig langsamlega best“ Stundum var notað forskeytið *lang-* í stað langsamlega, á undan lýsingarorðinu.

Langseftir (ao) Langsum. „Síðan var sagað langseftir hryggnum á nautsskrokknum“.

Langsetis (ao) Langs eftir; langseftir; langsum eftir/meðfram. „Skurður var grafinn langsetis með holtarótunum til að þurrka svæðið þar neðanvið“.

Langsig (n, hk) Langt sig niður í bjarg. „Við þurfum lengri vað í svona langsig“.

Langsigling (n, kvk) Löng sigling. „Við tókum langan dag í hverri vitjun norðurundir Krossadal, til að þurfa ekki að leggja í slíka langsiglingu *dag eftir dag*“.

Langskeri / Langviðarsög (n,kk/ kvk) Sög til að saga tré langsum; *flettisög*; stór með mjög fram hallandi tönnum, sem var lagt eins lítið til hliðar og unnt var; mun minna en á þverskerasög, og skerptar aðeins öðru megin. „Guðbjartur á Láganúpi átti forlata langviðarsög og vann við það fram á gamalsaldur að fletta trjáviði“.

Langskólagenginn (orðtak) Búinn að eyða miklu af sinni ævi í skólagöngu; með háar menntagráður. „Ekki ætla ég að *kasta rýrð á gildi menntunar*; hún er nauðsynleg að vissu marki í nútímasamfélagi. Hinsvegar er sú *menntadýrkun* komin út í öfgar sem ávallt *upphéfur* hinn langskólagengna umfram hinn *sjálfmenntaða*; *burtséð frá* raunverulegri hæfni. *Menntadýrkandanum* hættir einnig til að gleyma því að með sérhæfingunni afsala menn sér þeirri viðtæku *þekkingarleit* sem sá getur stundað sem eyðir minni tíma í skólagöngu“.

Langsoltinn / Langhungraður (l) Búinn að vera svangur lengi; banhungraður. „Þetta var kóngafæða og við langsoltir tókum hressilega til matarins“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Langsótt (l) A. Það sem sækja þarf um langa vegu. B. Nær einungis notað í líkingum, um staðhæfingu/skýringu sem ekki hefur augljósan rökstuðning, heldur þarf langra útskýringa við. „Manni finnst það býsna langsótt nafnskýring hjá Landnámuhöfund, að Rauðisandur dragi nafn af viðurnefni landnámsmanns. Ekki þarf annað en líta yfir sandinn til að sjá nærtækari nafngjafa“.

Langsplæs (n, hk) Sérstakur frágangur á splæsi; samsetningu á taug/vað/vír.

Langstykkjaður (l) Um fiskimið; þvermið í fjallgarði, eftir því sem hann birtist fyrir annað fjall; t.d. lóðamið í Kollsvík; Kópur fyrir Blakk: „Djúpmið; Krossinn. Þvermið; Þórðarklettur í gamla bæinn í Kollsvík. Þar byrjaði sandurinn og hægt að leggja 45 lóðir suður á Grjótholt í Fjarðarhorni; þá langstykkjaður Kópurinn“ (Blöð IG, Kollsvík).

Langsveltur (l) Búið að svelta lengi; ekki fengið mat/fóður lengi. „Það gengur ekki lengur að hafa féð langsvelt og vatnslaust í réttinni“!

Langsætinn (l) Um þann sem er lengi að veiðum á sjó þó aðrir séu farnir í land. „Andrés Karlsson þótti stundum hinn mesti sjóhundur og var yfirleitt langsættnari en aðrir, þó aldrei yrði það að slysum“. Orðið virðist ekki þekkt utan svæðisins.

Langt að kominn (orðtak) Kominn um langa leið; kominn úr fjarlægum stað. „Þeir sem voru lengra að komnir höfðu með sér nesti og þjuggu við skrinukost...“ (PG; Veðmálið).

Langt á milli bæja (orðtak) Löng leið á milli bæja/íbúðarhúsa. „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað./ því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Þúdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hælsæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Langt er seilst (til loku) (orðtak) Menn teygja sig langt. „Honum þótti langt vera seilst þegar hann væri bendlaður við það sem forfeður hans kunni einhverntíma að hafa gert“. Síðasti liðurinn heyrðist nær aldrei í máli Kollsvíkinga á síðari tímum, en þannig mun orðtakið upphaflega hafa verið. Sjá einnig *seilast um hurðarás til lokunar*.

Langt finnst þeim sem vinar væntir (orðatiltæki) Sá er óþreyjufullur sem bíður góðs vinar/ástvinar eða er á leið til hans.

Langt frá því / Langt í frá (orðtak) Fjarlæggt; fjarri því. „Aðeins hafa heimturnar skánað, en þær eru langtífrá viðunandi“. „... en það er langt frá því að íþróttirnar séu orðnar almennar, eins og þær þurfa að verða í framtíðinni“ (Guðmundur Hákonarson; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Langt kominn með (orðtak) Að verða búinn með; nærri búinn. „Ég er langt kominn með heyskapinn“.

Langt í land með (orðtak) Mikið eftir; hvergi nærri búíð/lokið. „Ég átti nokkuð langt í land með að klára að slá stykkið þegar sláttuvélin bilaði“.

Langt leiddur (orðtak) *Aðframkominn; í andarslitrunum*; að dauða kominn. „Ég væri þá orðinn langt leiddur ef það færi eitthvað að *hvarfla* að mér að kjósa þann flokk“!

Langt liðið á dag (orðtak) Komið langt framá dag; orðið áliðið dags. „Skoðun fór engin fram hjá Ólafi Olafssyni í Krókshúsum. Hann vissi að skoðunarmaður væri á leið frá Naustabrekku en vildi ekki halda fé inni vegna þess að langt væri liðið á dag, en klukkan var 10 f.h. er þeir skildu. Ekki vildi Ólafur heldur ná í féð, sem ekki var langt í burtu. Hafði hann heldur ósæmileg orð um skoðunarmann“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).

Langt niðri (orðtak) Þunglyndur; mjög dapur; óþungt í skapi.

Langt seilast latir tveir (þó er sá latari sem lengra seilist) (orðatiltæki) Notað um þann sem ekki nennir að standa upp til að sækja sér það sem hann þarf; einnig almennt um merki leti. Gjarnan viðhaft um eigin leti. Oft var einungis fyrri hluti orðatiltækisins notaður.

Langt seilst (orðtak) *Langt gengið*. „Langt er seilst ef þeir ætla að fara að skattleggja ellistyrkinn“.

Langt til (orðtak) *Mikis til; allt að; fast að; hátt í; nærfellt*. „Klukkan er langt til gengin í tólf“. „Við ættum nú að vera langt til komnir að baujunni, en ég sé hana ekki ennþá“.

Langt tiljafnað (orðtak) Langt gengið í samanburði; *langt seilst*. „Lúðan var örugglega lengri en veiðimaðurinn, og er þá langt tiljafnað“!

Langt þykir þeim sem búinn bíður (orðatiltæki) Þeim þykir biðin löng sem er ferðbúinn/tilbúinn.

Langtgengin í (orðtak) Um klukku; nærri orðin. „Klukkan var langtgengin í átta þegar ég vaknaði“.

Langtímum saman (orðtak) Mjög lengi. „Sumir létu sér renna í brjóst meðan færið var að fara í botninn og þóttust ekki þurfa annan svefn langtímum saman“ (GG; Skútuöldin).

Langtré / Langviður (n, hk) A. Viður á langveginn; eftir æðum viðs. „Þú þarft að tálga sem mest eftir langtrénu; það er mikið erfðara að tálga þvertréð“. B. Langbiti; biti/stokkur sem liggur langsum, t.d. í húsi/húspaki.

Langttil (ao) Mikiðstil; nærri alveg. „Fóðurbætirinn er langttil búinn“. „Klukkan er langttil gengin í miðnættið“. „Við vorum langttil komnir alla leið þegar þetta skeði“.

Langtum (l) Miklu; miklum mun. „Þetta er langtum meiri afli en síðast“.

Langur/Stuttur til klofsins (orðtök) Um áberandi leggjalangt eða fótstutt fólk, en einnig var sagt um börn að þau væru „ennþá dálítið stutt til klofsins“ t.d. í umræðu um gönguferðir.

Langur vegur frá (orðtak) Fjarstæðukennt; fráleitt; alls ekki nálægt. „Það er langur vegur frá að þetta sé sami afli og náðist í fyrra“.

Langvarandi / Langær (l) Sem varir/er lengi. „Jörðin þolir illa langvarandi þurrka á þessum árstíma“. „Þessi velvilji þingmanna verður ekki langær; en kannski endist hann framyfir kosningar“.

Langvegur (n, kk) Langur vegur; löng leið. „Ég ætla ekki að fara um langveg til að hlusta á þessa fugla“!

Langveggur (n, kk) Langhlið í húsi. „Það voru kistur meðfram langveggnum, sem ég stóð upp á“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Langvinnur (l) Sem stendur lengi; langvarandi. „Þrátt fyrir langvinna innistöðu bar mjög lítið á kvillum í sauðfénaði. Munu hin ágætu hey eiga mikinn og góðan þátt í því“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Langvía (n, kvk) Uria aalge. Einn svonefndra svartfugla/bjargfugla, sem byggja helstu fuglabjörg landsins. Meðalstór fugl; kringum 40 cma langur og kíló að þyngd, með fætur aftarlega, og situr því í reistri stöðu.

Nef er svart, mjótt og oddhasst; svartbrún á baki og haus, en hvít að neðan. Hvítir vangar að vetrarlagi. Tvö litarbrigði; annað er með hvítan hring um augun og nefnist hringvía. Langvía er mjög lík nefskera (stuttnefju), en stuttnefja er með hvíta rák í goggvíki. Langvían verpir á berar syllur í bjargi, og getur varpið verið mjög þétt; allt að 70 fuglar á m². Fuglinn kemur í bjargið; „sest upp“, í febrúar-mars og yfirgefur það í ágúst. Varp er nokkuð dreift og háð veðráttu, en stendur yfir frá síðari hluta maí framfeiti júní. Eggid er eitt hjá hverjum fugli, og nokkuð stórt miðað við hann; svart-brúndröfnótt á gráum eða grænum grunni. Það er oddhasst í mjórri endann, svo það veltur fremur í hring en framaf syllunni. Ungarnir eru um þriggja vikna þegar þeir fara á sjóinn, og karlfuglinn hjálpar unganum við veiðar í byrjun. Langvían er þung á sér til flugs og notar hröð vængjatök. Hún er hinsvegr ágætur sundfugl og kafari, en fæðan er smár fiskur, síli, smokkfiskur, ljósáta og burstaormar.

Langvían hefur verið nýtt frá fornu fari; bæði með snörun fullorðins fugls og eggjatöku. Framyfir 1920 var farið í fygling í helstu fuglabjörg Rauðasandshrepps; Látrabjarg, Breiðavíkurbjarg; Bæjarbjarg og Keflavíkurbjarg. Einnig verpur svartfugl í Bjarnarnúpi. Mesta tekjan var í Látrabjargi, en einnig mikil í Bæjarbjargi. Sigið var í festum, mislangt niður í bjargið, en lengst var farið á Miðlandahillu, sem er í miðju bjargi. Einnig var fugl tekinn sumstaðar með *innidrápi á kvíarhillum*. Eggjaferðir voru farnar fyrr á vorin; einnig með sigum. Sjá *bjargsig* o.fl.

Langvíi (n, kk) Heitið langvía var oftast í kvenkyni á 20. öld, en stundum þó í karlkyni, og virðist það eldra. „Er langvíinn sestur upp“? Einnig var oft einfaldlega talað um „fugl“ í eintölu, og vissu heimamenn að þá var átt við langvíu fremur en aðra fugla, enda var hún algengasti svartfuglinn og helsti nytjafuglinn.

Langvíuegg (n, hk) Egg úr langvíu. „Langvíuegg er helst að finna í samfelldum breiðum á berum stöllum“.

Langvíugarg (n, hk) Hljóð langvíu, en það er gargandi/ropandi aaaa.

Langvíuhópur (n, kk) Hópur af langvíu. „Mér finnst óvanalega mikið af langvíuhópum á sjónum; það virðist vera mikið af síli á ferðinni núna“.

Langvíukvikindi (n, hk) Gæluorð um langvíu. Þó engin langvía verpi í Kollsvíkurlöndum, þá berast þær iðulega þar upp á fjörur, t.d. eftir að hafa lent í fitu-/olíubræk eða örmagna eftir brim. Stundum var þá reynt að hlúa að þeim og koma þeim aftur á sjó. Langvía var heimilisdýr á Laganúpi um nokkuð langan tíma um 1970. Hún var alin á fiski sem skorinn var í lengjur, og undi sér vel meðal hunds og kattar og heimilisfólks, ýmist úti eða inni.

Langvíuflesja / Langvíupallur / Langvíustallur / Langvíuhilla (n, kvk) Stallur í bjargi með miklu af langvíu og langvíueggjum. „...sagt er að 70 egg séu á fermetra í langvíuflesjum“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Langýsa (n, kvk) Lárétt, mjótt borð innan á böndum báts; undir þóttum. „Stingtu gognum bakvið langýsuna“.

Langþjakaður / Langþjáður (l) Sem lengi hefur þjáðst/liðið. „Fólk á þessum svæðum er langþjakað af sinnuleysi stjórnvalda í flestum efnunum“.

Langþráður (l) Sem búið var að vonast lengi eftir. „Eftir þetta mikla hret kom langþráður góðviðriskafli“.

Langþreyttur (l) Mjög þreyttur; uppgefinn. „Maður fer nú að verða langþreyttur á þessum eilífa hávaða“.

Langþurfandi (l) Með langvarandi þörf fyrir. „Ég fer nú að verða langþurfandi fyrir þrifabað“.

Langþyrstur (l) Sem þyrst hefur lengi. „Ég var orðinn langþyrstur á göngunni, og þambaði stórum þegar ég kom að læknum“.

Lap / Lapi (n, hk/kk) Þunnur lögur/grautur/súpa; lélegt kaffi; lepja. „Grauturinn verður bara lap ef þú setur of mikla mjólk útá“. Stundum haft í karlkyni: „Þetta er fremur ólystugur lapi“.

Lappa sig (orðtak) *Fóta sig*; koma undir sig fótum. „Það er merkilegt hvað tófan nær að lappa sig í klettum“.

Lappa uppá/við (orðtak) Tjasla við; lagfæra. „Ég veit ekki hvort hægt er að lappa uppá þessar buxur lengur“.

Lappalangur (l) Með langa fætur; *kloflangur*. „Þú ert svo lappalangur; þú hlýtur að vera fljótur að hlaupa“.

Lappalaus (l) A. Án fóta. „Reyndu nú að hlaupa fyrir kindurnar drengur; ertu lappalaus eða hvað“? B. Mjög þreyttur/lúinn. „Ég er bara alveg orðinn lappalaus eftir þessa gönguferð“!

Lapparbotinn (l) Fótbrotinn. „Það er best að hafa þá lapparbotnu inni fyrsta kastið“.

Lapparbotna (s) Brotna á fæti. „Kindum hættir til að festa sig í grindunum og lapparbotna þegar spelirnir fara að slitna“.

Lapparskarn / Lapparskratti (n, hk/kk) Gæluheiti á fæti. „Tíkinni er eitthvað illt í lapparskarninu, sýnist mér“. „Þú verður fljótur að gefa fulla ferð strákur, þegar ég segi þér; og hafðu lapparskrattann á stillinum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Lappastór (l) Með stóra fætur/ stórar lappir. „Ég passa ekki í þín stígvél; ég er svo lappastór“. Vanalega er talað um fætur á fólki en lappir á skepnum. Þó er stundum útaf því brugðið í umræðu um sjálfan sig.

- Lappi** (n, kk) A. Bót; viðbót; stykki sem notað er til viðgerðar. „Ég setti lappa á þakið til bráðabirgða“. B. Gæluorð um bréf/blað/segil. C. Sami; einstaklingur af þjóðflokki sem byggir norðurhluta Skandinavíu.
- Lappunnur** (l) Mjög þunnur; rennandi *lepja*. „Mér var nú bara boðið upp á lappunna velling þarna“.
- Larfalega** (ao) Druslulega; ótótlega. „Skelfing ertu larfalega klæddur; farðu nú í eitthvað skár“.
- Larfalegur** (l) Druslulegur; ótótlegur í fatnaði. „Maður er nú kannski helsti larfalegur til að fara á mannámót“.
- Larfar** (n, kk, fto) Garmar; slitin föt. „Hann var í óttalegum lörfum“.
- Larfur** (n, kk) A. Óvandaður maður; ræfill. „Óttalegur larfur getur maðurinn verið“. B. Umkomilíttill maður; aumingi. Oft notað í vorkunartón. „Hann er nú orðinn hálfgerður larfur, gamli maðurinn“. C. Léleg föt. „Þessi jakki fer nú að verða hálfgerður larfur“. „Það er best að fara að tína utan á sig larfana“.
- Larmur** (n, kk) Hávaði; ólæti; óhljóð. „Skelfilegur larmur er þetta; það *heyrir ekki mannsins mál*“!
- Lasarus** (n, kk) Veiklulegur einstaklingur; sjúklingur. „Æ hann er orðinn óttalegur lasarus í seinni tíð“.
- Lasburða** (l) Vesæll; ræfilslegur; aumur. „Hann er orðinn ansi lasburða, gamli maðurinn“. „Traktorinn var orðinn svo lasburða að honum var ekki treyst í þetta ferðalag“.
- Lasinn** (l) Veikur; veiklulegur; sloj. „Mér finnst eins og ég sé að verða eitthvað lasinn“.
- Laskaður** (l) Brotinn; skemmdur; bilaður. „Er báturinn eitthvað laskaður“?
- Laski** (n, kk) A. Efsti hluti vettlings. Sú aðferð tíðakðist við skiptingu á afla að leggja vettling milli hlutanna eftir skitpingu og spyrja einn, sem ekki sá til, hvort hann vildi „lófa eða laska“. B. Hluti af ermi skinnstakks sem sniðinn var með sérstakri aðferð; laskaskinnstakkur. C. Efnisbútur sem settur er yfir samskeyti, t.d. á loftbita eða jötubandi, til styrkingar; eða bætt við smíðisgrip til frágangs/skrauts. C. Fleygur úr appelsínu; *bátur*.
- Laslegur** (l) Veiklulegur; lasinn. „Hliðgrindin er að verða dálítið lasleg og á líklega stutt eftir“.
- Lasleiki** (n, kk) Væg veikindi; veiklun; hiti. „Einhver lasleiki er í manni ennþá“.
- Lasna** (s) Verða lasinn; veikjast; veiklast. „Ári er þessi hurð farin að lasna“.
- Last / Lastmæli** (n, hk) Rógur; níð; hallmæli; niðrandi ummæli. „Ég ætla ekki að segja neitt honum til lasts“.
- Lasta / Lastyrða** (s) Hallmæla; bera út níð/óhróður; niðra. „Það er óþarfi að lasta þetta á nokkurn hátt“.
- Lastabæli** (n, hk) Spillingarstaður; staður ómenningar og stjórnleysis.
- Latína** (n, kvk) A. Tungumál sem upphaflega var talað í héraðinu Latinum, í kringum Róm. Með uppgangi Rómaveldis varð latína ríkismál og breiddist mjög út. Öll rómönsk tungumál eiga rætur í latínu, en hinsvegar er latína ekki lengur töluð á því formi sem hún var forðum. Latína var mál stjórn mála, vísinda og trúar um langan tíma. Hún var mál lærðra manna hérlendis, og messur fóru lengi vel fram á latínu. B. Líkingamál um hvaðeina sem er óskiljanlegt. „Þetta hljómar eins og einhver latína í mínum eyrum“. Bergmál af óánægju almúgans með hina snobbuðu yfirstétt sem talaði óskiljanlegt mál. Talað er um að eitthvað *þyki góð latína* (eða ekki) ef það er til fyrirmyndar.
- Latínuletur / Latneskt letur** (n, hk/ orðtak) Það letur sem t.d. þessi texti er skrifaður með; letur flesttra vestrænna þjóða nú á tímum, til aðgreiningar frá t.d. arabísku lettri; kínversku; japönsku, rúnalettri, myndlettri og öðru. Íslendingar fóru líklega að nota latínuletur á 11. eða 12. öld, og á því lettri eru langflestar okkar bókmenntir og önnur skrif.
- Latlega** (ao) *Með hangandi hendi*; á letilegan hátt. „Ósköp finnst mér latlega að þessu staðið“!
- Latmælgj / Latmæli** (n, kvk/hk) Óskýrmæli; það að segja orðin ekki öll heldur stytta þau og afbaka. „Ég kem á mikudag eða fösdag“. „Etta voru ala Reykingar og Keblingar“. „Skelfing leiðist mér þetta latmæli í unglungum nútildags; þetta nennir varla að opna kjaftinn til að tala“!
- Latmæltur** (l) Sem slengir saman og sleppir atkvæðum í tali; sem talar óskýrt. „Það væri nú *sök sér* ef hann væri bara latmæltur, en verra hvað hann er *drumbsíður* við alla vinnu“!
- Latur** (l) Óduglegur; seinn til vinnu; vill helst ekki vinna. „Við vorum oftast hundlaus því Urta sem pabbi átti var bæði löt og svikótt“ (IG; Æskuminningar).
- Latur er sá sem lognið lastar** (orðatiltæki) Það eru merki um mikla leti að nota ekki gott veður til útiverka eða róðra.
- Latur til gangs** (orðtak) Fótlatur; nennir ekki að ganga/fara. „Hann þykir latur til gangs en iðinn í höndum“.
- Laufabrauð** (n, hk) Þunn kaka sem oft er skorin með listilegu mynstri og síðan steikt í olíu og notuð sem hátíðamat. „Fyrir jólin voru bakaðar lummur, laufabrauð, kleinur og stór kaka“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Lauf (n, hk) A. Laufblað/lauflöð trés. B. Litur í spilum. Í samsetningum ýmist með eða án „a“: „Er þetta laufþía hjá þér? Þá er minn laufagosi betri“!

Laufa (n, kvk) Lauf í spilum. „Nú spilum við laufu“. Oftast í hk en stundum svona; einnig stundum í kk; *laufi*.

Laufi (n, kk) Lauf í spilum. Stundum haft í karlkyni þó oftast væri í hvorugkyni. „Er ekki laufi tromp núna“?

Lauflettur (l) Mjög léttur; fisléttur. „Ég þarf enga aðstoð; þetta er svo lauflett“.

Laufsög (n, kvk) Útsögunarsög; bogasög með mjóu blaði, ætluð til sögunar óreglulegra forma úr þunnum viði. „Við krakkarnir ... vorum ekki gömul þegar við fórum að saga út ýms muni. Laufsgir voru til 2-3 á bænum... Mynstur fengum við úr Familie Journalen og nokkur voru pöntuð beint frá Danmörku eins og útskurðarmynstrin. Svo söguðum við út dýr sem við fegnum t.d. úr Dýrafræðinni“ (SG; Handverk og smíði; Þjhd.Þjms).

Laugardagur til lukku (orðtak) Löngum hefur verið talið heppilegast að hefja árstíðabundnar vinnulotur, búsetu og fleira á laugardegi. Sá siður lifir enn góðu lífi. Enn flytur fólk t.d. inn á nýjan bústað á laugardegi. „Heyannir hófust oftast í 12. viku sumars emð því að „borið var út“, en svo var kallað þegar byrjað var að slá. Var það alltaf gert á laugardegi“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Þjóðtrúin eignar öllum vikudögum vissa eiginleika. Þannig var sunnudagur til sigurs/sælu; mánudagur til mæðu; þriðjudagur til þrautar; miðvikudagur til moldar; fimmtudagur til fjár; föstudagur til frægðar og laugardagur til lukku. Mest og lengst var tekið mark á lukku laugardagsins, og gera það sumir enn.

Laugardagshreingerning (n, kvk) Hreingerning á laugardegi. „Þeim forna sið var haldið í Kollsvík sem víðar að gera hverskonar hreingerningar allajafna á laugardegi; hvort heldur var húsprið, böðun á fólki eða önnur tiltekt. Á sunnudögum skyldi sem flest vera hreint og í reiðu, enda var þá frídagur, öðrum dögum fremur“.

Laugardagsróður (n, kk) Róður á laugardegi. Í Kollsvíkurvegi var sú regla, a.m.k. á síðustu árum verstöðu, að hásetar áttu sjálfir allan sinn afla úr laugardagsróðrum. „Svo tíðkaðist það á þessu vori að ýmsir unglingar fóru í laugardagsróður. Máttu þeir hirða það sem þeir drógu sjálfir, og leggja það inn á eigin reikning“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi). „Borið hefur við að fjelagar nokkrir hafa farið laugardagsróður fyrir fjelagið (Vestra)...“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Laukur (n, kk) A. Rótarávöxtur sem notaður er til bragðbætis. B. Kjarni; besti hluti. „Hann hefur nú alltaf verið talinn laukur ættarinnar“. C. Fita á fuglsskrokk, sem notuð er til ljósmetis. „Í 16.-17. viku sumars var farið í fýlunga og veiddist oft mikið... Svo var fyllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fitan undir bumbnum) var bræddur til ljósmetis á kolum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Pura var húð fuglsins undir fiðrinu kölluð, stundum líka *laukur*, og þótti lostæti“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Laukrétt (l) Hárrétt; alveg rétt. „Þetta er laukrétt hjá honum; svona vildi þetta til“.

Laukur (n, kk) A. Flokkur rótarjurta, sem margar eru nýttar til matar. B. Fitulag á fugli. Líkur benda til að orðið hafi upprunalega merkt „það sem lykur/hjúpar“, og hafi fljótlega farið að merkja fitulag á skepnum. Þannig hafi orðið „*sauðlaukur*“ orðið til sem fita á sauðum og af því dregið t.d. heitið Sauðlauksdalur. Sjá *sauðlaukur*.

Laukur ættarinnar (orðtak) Stundum notað um þann sem þykir vera ætt sinni til sóma, eða sem er í miklu uppahaldi hjá öðrum í ættinni/fjölskyldunni. Sjá *einn er laukur í ætt hverri*.

Lauma (n, hk) Spil sem margir geta spilað í einu, og markmiðið er aðverða fyrstur til að safna fimm spilum í sama lit. Í upphafi er öllum gefin fimm spil á hendi. Síðan ákveður hver hvaða lit hannætlað að safna og samtímis laumar hver spilari einu spili til spilarans á vinstri hönd; oft sagt um leið „lauma“. Sá hefur unnið sem fyrstur verður til að fá öll spil sín í sama lit.

Lauma (s) Læða; setja hljóðlega/svo lítið beri á. „Hann laumaði súkkulaðsstykki í vasa minn“.

Lauma að (orðtak) Afhenda svo lítið beri á. „Amma laumaði að okkur brjóstsykri að skilnaði“.

Laumast (s) Fara leynilega/hljóðlega/huldu höfði. „Mér tókst að laumast út án þess að nokkur vaknaði“. „Hann laumaðist í konfektíð, svo lítið bar á“.

Laumulega (ao) Í laumi; á laumulegan/leynilegan hátt. „Við fórum laumulega að þessu, enda var búið að *margbanna* okkur að stelast í klettana“.

Laumulegur (l) Um svip; leyndardómsfullur; undirfurdulegur. „Því ertu svona laumulegur á svipinn“?

Laumupúki (n, kk) Sá sem laumast/ fer leynt. „Hvaða laumupúkar eru þarna á ferð í myrkrinu“?

Laumupúkast (s) Læðupokast; stelast; laumast; fara huldu höfði. „Eitthvað voru strákarnir að laumupúkast þegar þeir komu heim úr Hryggjunum“.

Laumuspil (n, hk) Leynd; feluleikur; verknaður sem leynt er. „Hvaða laumuspil er nú í gangi“. Vísun til spilsins *lauma*.

- Launa í sömu mynt** (orðtak) *Gjalda líku líkt*; gera öðrum það sama og manni er sjálfum gert.
- Launa lambið gráa** (orðtak) Hefna sín; endurgjalda hrekk/misgjörðir. „Hann hugsaði sér að launa þeim lambið gráa fyrir þennan hrekk, þó síðar yrði. Þetta var *geymt en ekki gleymt*“.
- Launbarn / Launsonur / Laundóttir** (n, hk/kk/kvk) Barn sem þannig er fætt að réttu faðerni er leynt.
- Launboði** (n, kk) Boði/hlein sem er á kafi í sjó. Launboðar geta verið hættulegir, og jafnvel helst í annars sléttum sjó þegar brot taka sig upp á þeim öðru hvoru. „Launboði er boði sem ekki örlar á um fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Laundrjúgur** (l) A. Drýgri/meiri en sýnist í fyrstu; leynir á sér. „Kaffibrúsinn er laundrjúgur þó hann sýnist lítill“. B. Montinn án þess að mikið beri á: „Strákurinn er ekki beint montinn, en laundrjúgur með sig“.
- Laundrýldinn** (l) Drjúgur með sig; montinn án þess að sýna það mikið. „Karlinn var laundrýldinn yfir sínum sniðugheitum“.
- Laundrýldni** (n, kvk) Mont sem þó er ekki mjög augljóst. „Ósköp þoli ég illa þessa laundrýldni í honum“!a
- Launfyndinn** (l) Fyndinn án þess að mikið beri á/ án þess að slá um sig. „Hann á það til að vera launfyndinn“.
- Laungetinn** (l) Um barn; sem réttu faðerni er leynt. „Hann var sagður laungetinn sonur prestsins“.
- Launháðskur** (l) *Meinstríðinn*; kaldhæðinn/stríðinn undir niðri. „Varaðu þig á að taka karlinn of alvarlega; hann er stundum launháðskur“.
- Launhált** (l) Um göngu-/ökufæri; sleipara/hálla en sýnist vera. „Ég varaði mig ekki á þessari launháltu“.
- Launráð** (n, hk, fto) Ráðabrug sem haldið er leyndu. „Hvaða launráð skyldu þeir nú vera að brugga“?
- Launsátur** (n, hk) Felustaður; felur; fyrrsát. „Kötturinn lá í launsátri og einblíndi á fuglinn“.
- Launsonur** (n, kk) Sveinbarn sem getið er í framhjáaldi og farið leynt með faðernið. „...Jón bóndi á Skálanesi, launsonur Einars yngri Sveinbjarnarsonar...“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Launung / Launungarmál** (n, kvk) Leyndarmál; feimnismál. „Mér er engin launung á mínum skoðunum í þessu efni“. „Það er ekkert launungarmál að honum þótti sopinn góður“.
- Launverslun** (n, kvk) Verslun sem ekki er vel liðin af stjórnvöldum og þarf því að fara leynt. Englendingar áttu mikil viðskipti við landsmenn meðan þeir veiddu sem mest á Íslandsmiðum á *ensku öldinni*. Þeir hafa þá eflaust átt launverslun við Kollsvíkinga og aðra Víknamenn, enda fjölmennir á miðum þar útifyrir og þá stóð Láganúpsver í miklum blóma“.
- Launþungt** (l) Þyngra en gæti sýnst í fljótu bragði. „Ég skal halda undir með þér; þetta er launþungt“.
- Laupur** (n, kk) A. Fótur. „Ætli maður reyni ekki að staulast þetta, meðan lauparnir eru í lagi“. „Reyndu nú að hreyfa á þér árans laupana og hlauptu fyrir kindurnar“! Þessi notkun orðsins heyrðist notuð í Kollsvík og nágrenni, en hennar sér ekki stað annarsstaðar hérlendis og orðabækur kannast ekki við þetta. Hinsvegar er nokkur sönnun þessa t.d. í orðtakinu að *leggja upp laupana*. Líklegt er að orðið í þessari merkingu sé af sömu rót og sagnirnar að „hlaupa“ og „labba“; einnig orðið „labbakútur“, sem erfitt er að skýra á annan betri hátt. B. Ílát; meis; grindakassi; kláfur. Laupur er kassi, gerður þannig að tréspelir eru festir á hornstoðir og tappaðar í þær í endum. Helsta notkun hans var að bera *heygjöf* til kúnna. C. Hrafnshreiður. „Hrafninn er glúrinn að velja stað fyrir laupinn sem erfitt er að komast að“. D. Óáreiðanlegur maður; lygalaupur. E. Hrúga. „Væri von á rigningu voru *kringluhausarnir* settir upp í smáa laupa...“ (LK; Ísl sjávarhættir).
- Laus** (l) A. Ekki fastur. B. Um bjargferðir; án þess að bera bundinn í vað, en e.t.v. með stuðningi eða í lás. „Farið er niður í Mela af Geldingssskorardal, venjulega í lás þó komast megi það laus“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Laus á** (orðtak) Um fisk; situr ekki vel fastur á króknum þegar hann er dreginn; naumt krækt í. „Vertu klár með gogginn; sá stóri er fremur laus á, sýnist mér“.
- Laus á kostunum** (orðtak) Laus í rásinni. Yfirleitt notað um manneskju sem *ekki er við eina fjölinna felld* í ástamálum; *heldur jafnvel framhjá*.
- Laus höndin** (orðtak) Áflogagjarn; illskeyttur. „Honum var stundum laus höndin þegar hann var kenndur“.
- Laus í bandinu** (orðtak) Um bók; farin að lasna og losna í sundur.
- Laus í rásinni / Laus í skaftinu** (orðtak) Ekki fastheldinn á stefnu; *hleypur útundan sér*. „Hann gæti verið liðtækur í hvaða vinnu sem er, ef hann væri ekki svona ári laus í rásinni“. Önnur líkingin vísar til hests sem heldur illa sama gangi, en hin til hnífblaðs eða kústhauss sem er að losna af skaftinu. Sjá *laust í reipunum*.
- Laus í sér** (orðtak) A. Um fisk; lausholda; *groppulegur*. „Hentu eldri fiskinum; hann er orðinn laus í sér“. B. Um jarðveg o.fl; ekki þéttur. „Þurr sandurinn var laus í sér, svo traktorinn spólaði“.

- Laus í skaftinu** (orðtak) A. Um áhald, t.d. hamar eða öxi; farið að skrölta á skaftinu vegna t.d. rýrnunar í viðnum. B. Líkingamál um manneskju; *laus á kostunum*; flöktandi/óviss í skoðunum/viðhorfum. „Hann hefur alltaf verið framsóknarmaður, en sagt er að hann sé orðinn fremur laus í skaftinu í *seinni tíð*“.
- Laus mála** (orðtak) Laus saka; laus við skyldur/málarekstur/þras. „Ég var *guðslifandi feginn* að vera loksins laus allra mála í þessu kompaní“.
- Laus og liðugur** (orðtak) Ekki bundinn af neinu; á lausu; ekki í föstu verki; ekki klyfjaður; ekki bundinn í vað. „Það er ástæðulaust að ég sé laus og liðugur en þú berir allar klyfjarnar“!
- Laus saka** (orðtak) Saklaus; laus við íþyngjandi skyldur. „Hann sagðist vera laus allra saka; hann ætti ekki að leggja til mann í smalamennskur á þessari jörð“.
- Laust við** (orðtak) Rétt hjá. „Laust við hlöðuna er steinsteypt votheysgryfja“.
- Lausafé** (n, hk) A. Lausir munir sem verðmæti er í. Oft notað til aðgreininga frá fasteign. „Hann seldi allt í einu lagi; bæði húseignir og lausafé“. Stundum er samtímis átt við búfé, en yfirleitt er það sérgreint. B. Handbærir peningar. Orðið heyrir mestmegnis notað í þessari merkingu í dag.
- Lausafregn / Lausafrétt** (n, kvk) Óstaðfest frétt/sögn; gróusaga. „Ég veit ekkert hvað er til í þessu en mér var sagt þetta sem hver önnur lausafrétt; og var ekki beðinn neitt sérstaklega fyrir það“.
- Lausaganga** (n, kvk) Frjáls ganga búfjár, án þess að kýr séu bundnar á bása eða fé haft í þröngum hólfulum. „Garðeigendur í kaupstaðnum voru óhressir með lausagöngu kinda“.
- Lausagrjót** (n, hk) Lausir steinar á jörð eða í klettum. Lausagrjótið hefur verið útvíknámönnum bæði hlunnindi og skaðvaldur. Það hefur verið þeim hið þarfasta byggingarefni í hinar margvíslegustu hleðslur og þekjur; nýst sem sökkur á færi og net; dragsteinar á hurðir; til kornmölunar; fiskbarnings; sem hestasteinar og til að smala fé í hlíðum. Hinsvegar hefur það verið til óþurftar í slægjum; hrúnið á hús; banað mönnum og fénaði í klettum; tafið menn á göngu og komið út mörgum svitadropum við hreinsun vega gegnum aldirnar. „Þú gætir þess í niðurleiðinni að hreinsa vel allt lausagrjót undan vaðnum“. „... helstu lagfæringar á þeim voru þær að lausagrjót var tínt úr götunni, en sjaldan var nokkuð borið ofan í hana“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Lausakaup** (n, hk, fto) Lítið notað í dag, en var fyrrum haft yfir verslun sem ekki fór fram í gegnum viðskiptareikninga hjá kaupmönnum eða kaupfélögum.
- Lausakaupmaður** (n, kk) Kaupmaður, oftast íslenskur, sem veitti dönsku selstöðukaupmönnum samkeppni eftir að verslun var gefin frjáls árið 1855. Selstöðukaupmenn voru þeir dönsku kaupmenn nefndir sem ráku verslun hérlendis eftir að einokunarversluninni lauk 1787, en þeir bjuggu jafnan í Danmörku og höfðu hér faktora til að sjá um verslunina fyrir sig. Með auknu verlunarfrelsi hófu íslenskir lausakaupmenn að veita þeim samkeppni. Meðal þeirra fyrstu var Ólafur Thorlacius á Bíldudal, en síðar Bjarni Sívertsen í Hafnarfirði og Guðmundur Scheving í Flatey. Guðmundur og frændi hans, Einar Jónsson í Kollsvík, áttu margvísleg samskipti, og ráku í félagi útgerð skútunnar Delphin, sem var eitt fyrsta þilskip Íslendinga.
- Lausaleiksbarn** (n, hk) Óskilgetið barn; barn sem getið er utan hjónabands. Orðið er lítið notað nútildags.
- Lausamaður** (n, kk) Sá sem vinnur tímabundið að verkefnum, en er ekki fastráðinn. Sjá *kóngsins lausamaður*.
- Lausamennska** (n, kvk) Vinna/vinumennska án fastráðningar. „Hverjir eru kostir og ókostir lausamennsku“? (Umraðuefni á fundi Umf Vestra 1918).
- Lausamjöll** (n, kvk) Laus snjór; léttur og rokgjarn snjór. „Það verður blint þegar þessi lausamjöll fer af stað“.
- Lausamunir** (n, kk, fto) Hverskonar lausir munir; *lausafé*. Oft notað til aðgreiningar frá fasteign, bústofni o.fl.
- Lausamöl** (n, kvk) Möl sem er laus í sér. Oftast notað um laust/óbundið yfirborð vegar.
- Lausarúm** (n, hk) Rúm/flet sem slegið er upp til bráðabirgða. Fjánhús í Útvikum stóðu oftast við sjóinn. Tilgangur með því var tvíþættur. Annarsvegar til að nýta sem best fjörubeit fyrir féð og hinsvegar til að unnt væri að nota húsin sem verbúðir yfir vertíðina. Í þeim tilgangi var slegið upp lausarúmum í garðana/krærnar. „Lausarúmum var slegið upp í krónum, en í garðanum (jötunni) geymdu menn verskrínurnar og annað lauslegt, sem þeir höfðu með sér“ (LK; Ísl.sjávarhættir II, um fjánhús á Látranesi).
- Lausasandur** (n, kk) Sandur sem er þurr og því laus í sér. Erfiðara er að ganga og aka í lausasandi, þar sem hann lætur undan.
- Lausasnjór** (n, kk) *Lausamjöll* (sjá þar).
- Lausatök** (n, hk, fto) A. Lausleg tók; lélegt tak/hald. „Það þýðir ekki að taka þetta neinum lausatökum; þetta er þrælþungt“. B. Í átökum/glímu; þegar tveir takast á, þannig að þeir taka hvor í upphandlegg eða axlir hins, og reyna þannig að fella andstæðinginn.

Lausavísa (n, kvk) Staka; einstakt kvæði en ekki hluti af ljóðabálki. „Það var íþrótt margra í Kollsvík að kasta fram lausavísu af ýmsu tilefni. Tilefnin voru mörg og kveðskapurinn misjafn“.

Lausapang / Lausapari (n, hk/kk) *Rekþari*; þari sem slitnað hefur upp og rekið upp í fjöru. Getur verið góð fjörubeit fyrir fé ef hann er nýr, en annars þótti best ef það komst í *bitfjöru*.

Lausapófta (n, kvk) Laus þófta/fjöl sem unnt er að setja í bát eða fjarlægja eftir þörfum. Einkum var það í stærri bátum; sexæringum og áttæringum, og þá oftast í barka; stundum nefnd barkapófta eða hálsþófta.

Lausapýkkni (n, hk) Skýjabólstur á fjallabrunum, sem ekki hefur tengingu við önnur ský. Myndast einkum við brúnir áveðurs; þegar vindur stendur uppyfir brúnina. „Þegar ský setti á loft í Gilsfirði, en á Látrabjargi mynduðust hnoðrar eða lausapýkkni, var slíkt veður nefnt *rá*, eða hann væri að búa til *rá*“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). Þetta er haft eftir breifirskum sjómönnum. Líkur eru á að orðið hafi verið notað í Útvíkum, þar sem þeir sóttu mikið þangað til útróðra.

Lausbeislaður (l) Um það/þann sem ekki er undir mikilli/tryggri stjórn; hömlulaus. Líking við hest sem er með tauminn lausan um hálsinn. „Stjórnunin á þessu félagi hefur verið helst til lausbeisluð“.

Lausbeltaður / Lausgirtur (l) A. Um hest; með illa herta gjörð, þannig að hnakkur/reiðingur er laus. B. Um mann; án beltis eða það illa hert, þannig að brækur hólkast niðurá mjaðmirnar. C. Um manneskju; lauslát.

Lausgopalegt (l) Laust í reipunum; illa frágengið. „Mér finnst þetta dálítið lausgopalegt hjá honum; það má mikið vera ef þetta fer ekki allt í veðrið“.

Lausgreiddur (l) Illa greiddur; ekki vandlega greiddur. „Mér finnst þú heldur lausgreiddur stubbur minn; lofðu mér að sjá lubbann á þér“.

Lausgrýtisskriða (n, kvk) Skriða með/úr lausu grjóti. „Gættu þín í lausgrýtisskriðunni þarna; hún er fjandi brött og getur öll farið af stað ef ekki er varlega farið“.

Lausheft (l) Um kú; ekki vel heft; laus í haftinu. „Kýrin var helst til lausheft, og náði að stíga í fótuna“.

Laushentur (l) Eyðslusamur; helst ekki vel á verðmætum. „Ég hef verið dálítið laushentur á bjargfuglseggin; ég á varla í soðið fyrir sjálfan mig“.

Lausholda (l) Um fisk; laus í sér; morkinn; sundurdrafaður. „Fjári er stórfiskurinn lausholda“.

Lausholt (n, hk) *Vegglægja*; *sylla*; biti sem liggur ofan á hlöðnum vegg og sperrufætur sitja á. „Verbúðir og aðrir kofar í Útvíkum voru oftast án lausholta; heldur sátu sperruendar á grjóthleðslunni sjálfri“.

Lauslega (ao) Ekki í föstum skorðum; óvandað. „Ég þýddi þetta lauslega fyrir hann“. „Hliðið var lauslega bundið“.

Lauslegur (l) Ekki í föstum skorðum; óvandaður; losaralegur. „Þetta var lauslegt yfirlit hjá mér“.

Lauslæti (n, hk) Frjálslyndi; lítil tryggð; losarabragur. Til skamms tíma var orðið einkum notað um manneskju sem ekki þótti sýna festu í ástamálum samkvæmt þeim púritönsku stöðlum sem áður giltu; einkum að hálfu kirkjunnar manna. Nú er það m.a. notað um þá sem halda illa tryggð við stjórn málaflökka eða aðrar fyrri skoðanir sínar.

Lausmálgur / Lausmáll (l) Sem gengur illa að þegja yfir leyndarmálum; er sögusmetta/slúðurberi.

Lausmilk / Lausmjólka (l) Um kýr sem gott er að mjólka; gagnstætt við *fastmjólka/fastmilk*. Sjá *handmjólka*.

Lausmælgj (n, kvk) Tilhneyging til að *tala af sér/* kjafta frá því sem leynt á að fara.

Lausnarorð (n, hk) Orð sem er samnefni/tákn viðfangsefnis/umræðuefnis; orð sem passar í orðagátu/krossgátu.

Lausnarsteinn (n, kk) Steinn sem, samkvæmt þjóðrúnni, á að létta konum fæðingu sé hann lagður undir tunguræturnar. Talið er að það sem áður var talinn lausnarsteinn sé fræ hinnar suðrænu mímósu, sem stundum berst upp á fjörur hérlendis.

Lausnarstund (n, kvk) Tíminn þegar tiltekna lausn ber að höndum. „Það þýðir víst lítið að bíða eftir þeirri lausnarstund að Vegagerðinni þóknist að ryðja veginn. Ætli maður verði ekki að *kasta úr* skaflinum sjálfur“.

Lausríðandi (l) Sem er einhesta/ ekki með annan hest til reiðar eða undir trússi.

Laust eftir/fyrir (orðtök) Rétt fyrir/eftir. „Þetta mun hafa skeð laust fyrir aldamótin síðustu“. „Ég var kominn heim laust eftir miðnætti“.

Laust í (orðtak) A. Um heystabba í hlöðu; þægilegt að leysa. B. Um göngufæri í klettum/brattlendi; hættulega laust grjót eða jarðvegur. „Varaðu þig þegar þú ferð yfir skriðuna; mér sýnist dálítið laust í henni“.

Laust í hendi (orðtak) Ekki erfitt að fá til láns/kaups. „Ég fékk þetta sjálfur fyrir lítið, svo mér er það fremur laust í hendi“. Sjá *fast í hendi*.

Laust í reipunum (orðtak) Ekki/illa frágengið/ákveðið. „Öll lagasetning er laus í reipunum að þessu leyti, svo menn geta nánast haft þetta eins og þeir vilja“. Vísar til bindingu bagga uppá hest. Sjá *laus í rásinni*.

Laust mál (orðtak) Allt það mál sem ekki er bundið í ljóðform/ bundið mál.

Laust við (orðtak) Um siglingu; stefna rétt utanvið miðið. „Þegar þá er snúið við, er stefnan í fjörðinn; vel laust við Þyrsklingahrygginn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lausung (n, kvk) Losarabragur; upplausn; léttúð; óhreinskilni. „Mér finnst vera helst til mikil lausung í stjórn þessara mála“. Sjá; *gjalda lausung við lygi*.

Lauta (s) *Draga til lautar*; dældast. „Það þarf að dæla í dekkið á traktornum; það er aðeins farið að lauta“.

Lautarbolli (n, kk) Fremur lítil og djúp laut, sem hallar inn á alla vegu. „Utanvið Grófarnef er djúpur lautarbolli; Grófarstekkur“.

Lautardrag (n, hk) Grunn laut; aðdragandi lautar. „Fé gæti leynst í lautardrögum uppi í hæðinni“.

Lautóttur (l) Með mörgum lautum. „Dalverpið er lautótt og getur Ódyggðahóll dregið nafn af því að fé hafi leynst þarna fyrir mönnum“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Laxera (s) Vera með mikinn niðurgang.

Laxveiði (n, kvk) Lax hefur ekki mikið verið veiddur í Kollsvík, en þó kemur fyrir að hann ánetjast í hrognkelsanet.

Lá (n, kvk) A. Brák á vatni/sjó, t.d. er oft marglit lá; járnla, á járnriku mýrarvatni. Oftar þó nefnt brák í seinni tíð. B. Sjór sem fellur að strönd; allnokkur bára við land. „Brimið er að mestu dottið niður, en það er enn töluverð lá við sandinn“. Stundum þó notað um brim: „Yggldur breki, úfin lá/ ógna leku fari./ Guma hrekur geyst um sjá:/ gefa tekur bátinn á“ (JR; Rósarímur).

Lá (s) Álasa; ásaka. „Ég láí þér það ekki þó þú sért sár yfir þessu“. „Honum er ekki láandi þó hann hætti“. Uppruni orðsins er sagður óviss. Ekki er ólíklegt að hann tengist orðinu „lág“ í merkingunni laut..

Lá (einhverjum) ekki (orðtak) Ásaka einhvern ekki vegna þess sem gerst hefur eða vegna ástands/stöðu. „Ég láí honum það ekki þó hann sé orðinn þreyttur á ruglinu í kerlingunni!“ „Það er ekki nokkrum manni láandi þó hann leggi ekki í ferðalög eins og veðurútlitið er núna“.

Láandi (l) Töluvert notað meðal Kollsvíkinga í orðtakinu *ekki láandi* (sjá þar).

Lábarinn (l) Um fjörustein; rúnnaður eftir brimrót við ströndina. „Í Görðunum er eingöngu lábarið grjót“.

Lábarið grjót (orðtak) *Fjörugrjót*; grjót sem sjór hefur núið og velt, svo það er oft nær hnöttótt eða egglega. Lábarið grjót var mikið notað til hleðslu við sjó. T.d. eru Garðarnir á Grunabökkum úr fjörugrjóti.

Ládaður sjór (orðtak) Sléttur sjór; sjóleysa. „Í norðanátt getur verið ládaður sjór víða uppi við Bjargið, þó útifyrir sé öskrandi norðanbrim, og *gæruhvítur sjór* niðurúr dölunum“.

Ládautt (l) Sjólaust. „Sjaldan var svo ládautt við Nesið að ekki þyrfti að sæta lagi til að koma manni þar í land“ (PJ; Barðstrendingabók). „Þegar ládautt var, eða lítil ylgja, var um flóð roið suður með landi; fast með landsteinum og ofan skerja“ (KJK; Kollsvíkurver).

Ládeyða (n, kvk) Sjóleysa. „Má nærri geta að þar hafi brimasamt verið, jafnvel stundum skammt verið milli ládeyðu og tvísýnnar landtöku“ (KJK; Kollsvíkurver). „Einnig hafði sunnangoluna lægt og alveg var ládeyðu sjóleysa...“ (ÖG; Þokuróður).

Láð (n, hk) Land; þurrlendi. Einkum notað nútildags í skáldskap. „Vikur hrollur, vænkast ráð./ vættir hollar duga./ Bláum kalli lyftir láð/ leiðar yfir sollíð gráð“ (JR; Rósarímur).

Lág (n, kvk) Laut; lægð. „Laut eða lág þar á brún, upp af Vallargjá, er nefnd Grimssonalág...“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Utan við Strengbergið er...Eyvararstekkur... Þar utar eftir heita Kálfalágar“ (Örnefnaskrá Láganúps). Margir hafa talið að nafn Láganúps sé dregið af lautum þeim sem þar eru í kring, t.d. í Hnífunum. Má svo vera. Hinsvegar mætti velja fyrir sér orðalagi í Sýslulýsingum frá 1746, en þar skrifar Ólafur Árnason sýslumaður; „Udi Strömnæset ere de mærkværdige Klipper, Sandnupur og Lágur, derefter Kollsvig med en liden Aae udi, hvor ere de 2de Baier, Kirkebol og Lagenup...“ Með „Lágur“ er líklega átt við Traðarhæðina, en það heiti hefur hvorki heyrst né sést annarsstaðar. Hinsvegar gætu Hnífarnir (og e.t.v. Hjallarnir einnig) einhverntíma hafa borið það nafn sem bærinn hefur nú. Ekkert verður um það fullyrt. Einnig má hafa það í huga að víða í Láganúpslandi eru örnefni sem enda á „-lág“, s.s. Sandslág, Lögmanslág og Búðalág. Staðurinn kann því að draga nafn af mörgum lautum, lægðum og melaskörðum.

Láganúpsland (n, hk) Sú landareign sem tilheryrir Láganúpsjörðinni. „Láganúpsland nær *frameftir* Vatnadal, þar til kemur að veginum sem liggur frá Kollsvík inn Víknafjall“.

Láganúpsmegin (ao) Þeim megin landamerkja/Ár/Breiðs sem Lágínúpur er/ á land. „Þar sem Landamerkjahlein er nokkru norðanvið þann stað sem Kjölurinn gengur framá Breiðsbrún, þá er var alltaf

dálítið óljóst hvar landamerki lægju í klettum; þar sem er mesta eggjasvæðið í Breiðnum. Líkast til liggja þau þó stystu skálínu á milli; þannig að eggjasvæðið er *að megninu til* Láganúpsmegin“.

Lágarenningur (n, kk) Skafrenningur sem fer lágt með jörðu. Getur þó orsakað mikla skafla og ófærð ef hann stendur lengi.

Lágdrifskeyrsla / Lággírakeyrsla / Litlustangarakstur (n, kvk) Akstur ökutækis í lægra drifhlutfalli. Þegar jeppar urðu fyrst algengir á Íslandi voru þeir með milligir, þar sem velja mátti tvær hraðastillingar með sérstakri gírstöng, sem var mun minni en gírstöng aðalgírsins. Var keyrt í *lága drifinu* þegar þungt var fyrir; t.d. í ófærð, en venjulega í *háa drifinu* annars. „Það var bara lágdrifskeyrsla upp alla Skarðsbrekkuna“. „Nú sýnist mér að sé litlustangarakstur framundan“. „Þetta var lággírakeyrsla nánast alla leið“.

Lágfóta (n, kvk) Tófa; refur. „Hér hefur lágfóta verið á ferð“.

Lággír (n, kk) Lægri girar á farartæki; lágt drifhlutfall; hægt ferð. „Það verður bara að fara þetta í lággírum“.

Lággíraður (l) Um farartæki; með lágt drifhlutfall; getur farið hægt.

Lággróður (n, kk) Gróður sem ekki vex hátt upp frá yfirborði.

Láγκúra / Láγκúruháttur (n, kvk) Það sem er skammarlegt/lítillækkandi/niðrandi. „Svona láγκúra er auðvitað ekki svaraverð“!

Láγκúrulegt (l) Til skammar/minnkunar; niðrandi; á lágu plani. „Skelfing finnst mér þetta láγκúrulegt af honum“!

Láγκveða (n, kvk) Um kveðskap/vísnagerð; atkvæði sem ekki er áhersla á. „Þetta er árans *bragleysa*; hér er höfuðstafur í láγκveðu“!

Láglendi (n, hk) Land sem liggur lágt. „Gróður er áberandi mestur niðri á láglendinu“.

Láγκmark (n, hk) A. Neðri mörk; lægstu mörk. „Hitinn var í láγκmarki snemma morguns“. B. Nokkuð notað sjálfstætt, og þá vísað til þess að áheyrendur viti viðfangið. „Það er láγκmarkið að sýna almenna kurteisi“!

Láγκmæltur / Láγκróma (l) Liggur lágt rómur; talar ekki hátt. „Hann var svo láγκmæltur að ég heyrði þetta ekki“.

Láγκna (s) Um matvöru; *slá í*; úldna; skemmast; *breyta bragði*. „Mér fannst *ekki frítt við* að ketið sé farið að láγκna aðeins“.

Láγκnætti (n, hk) Miðnætti; sá tími sólarhrings sem sól er lægst á lofti. „Aðlögnin verður gengin niður fyrir láγκnættið“. „Mig minnir að við værum komnir niður í þriðja gang um láγκnættið þegar tími var kominn til þess að fara upp“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Þegar við loks fórum að fara niður af heiðinni (af Tunguheiði niður í Kollsvík) var komið fast að láγκnætti og sólin að því komin að setjast í hafið og slá gullnum bjarna á hlíðar og háu klettana sem eru þar. Það kvöld sá ég með þeim fegurstu og mun seint því gleyma“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Láγκnættisbil (n, hk) Miðnætturleyti; kringum miðnætti.

Láγκnættiskyrrð (n, kvk) Kyrrð sem jafnan kemur á náttúruna um miðnættið, þegar fuglar og aðrar skepnur kyrrast og sofna, og iðulega lægir vind.

Láγκreistur (l) Með lágu risi; stendur lágt yfir jörðu. „Brunnhúsið var láγκreist en vel manngengt“.

Láγκróma (l) Liggur lágt rómur; ekki hávær.

Láγκsjávað (l) Lág sjávarstaða; útfall. „Ekki er komist fyrir Forvaða nema um láγκsjávað“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Um láγκsjávað var lent upp í svonefnda Klauf í Kollsvíkurveru“. „Ennþá sést rudd vör í fjörugrjótinu á Láganúpsbótinni í láγκsjávuðu“ (HÖ; Fjaran).

Láγκskór (n, kk, fto) Lágir skór, s.s. lægri gerðin af strigaskóm; gúmmískór og blankskór. „Mér finnst ómögulegt að vera á láγκskóm í klettum; þeir þurfa helst að ná vel upp fyrir ökkla“.

Láγκský (n, hk) Ský sem er lægra á lofti en önnur.

Láγκskýjað (l) Ský lágt á lofti; dumbungur. „Ansi er hann að verða láγκskýjaður; það er ekki langt í rigninguna“.

Láγκspil (n, hk) Hundur; spil sem ekki hefur mikið gildi í spilum, t.d. það sem er neðan við 7 eða 10.

Láγκstígvél (n, hk, fto) Venjuleg stígvél (ekki klofstígvél). „Það er ómögulegt fyrir þig að vera í láγκstígvélum við að bera aflann af bátnum í fjörunni“.

Lágt á lofti (orðtak) Um sól eða önnur himintungl; sýnist lágt á himninum. „Sól er lágt á lofti á þessum árstíma“.

Lágt risið á (einhverjum) (orðtak) Einhver er lúpulegur/skömmustulegur/orðfár. „Það var heldur lágt á okkur risið þegar við *drögnuðumst* heim; forblautir upp fyrir haus“. Líking við lágreistan húskofa.

Lágt undir sól (orðtak) Sól lágt á lofti; framorðið. „Við förum nú að halda heim á leið; það er orðið fremur lágt undir sól og ég er fjári kaffiþyrstur“.

Lágur á legginn / Lágur til hnésins (orðtak) Stuttfattur; hné stutt frá jörð. „Ég held að þú komist ekki með í svona langa göngu stubbur minn; ekki meðan þú ert enn svona lágur á legginn“. Hið síðara minna notað.

Lágvaxinn (l) Lágur vexti. „Hann var fremur lágvaxinn, en þéttur á velli“.

Lágvær (l) Heyrist ekki hátt í. „Þeir eru ekki alltaf lágværir Kollsvíkurbæður þegar þeir koma saman“!

Lágpoka (n, kvk) Þokuhula; þokuslæða; sjólæða; þoka sem liggur niðri við yfirborð jarðar eða sjávar, en nær ekki uppfyrir fjöll og hæðir.

Lágbokubakki (n, kk) Bakki/veggur af lágpoku. „Hann leggur þennan lágbokubakka upp með kvöldinu“.

Lágbokublettur (n, kk) Staðbundin lágpoka. „Það er að sjá lágbokubletti hér norðurum Flóann“.

Lái (einhverjum) það hver sem vill (orðtak) Það má ásaka einhvern um það að vild; einhver er sekur um það ef menn vilja. *Alloft* notað þegar menn útskýra það sem þurft hefur að gera til að bjargast úr aðstæðum; útskýra skapbrigði o.þ.h. „Þeir höguðu sér eins og glannar; með handónýtan og grautfúinn spottafjanda í þessu eggjasnagi. Lái mér það hver sem vill að ég fleygði spottanum *framaf* og lét þá alveg heyra mína meiningu“!

Lán (n, hk) A. Heppni; gæfa. „Það var lán að ég fann hnífinn aftur“. „Ég er svo lánsamur að hafa aldrei veikst alvarlega“. B. Peningar eða hlutur sem einhver fær léð af öðrum. „Ég er með þetta í láni“.

Lán í óláni (orðtak) Heppni að ekki fór verr; heppilegt að atriði fór ekki eins illa og annað. „Það var slæmt að missa lúðuna en þó lán í óláni að hún fór ekki með slóðann“.

Lánast (s) Heppnast; *lukkast*. „Hún var ljósa margra sem fæddust í Kollsvíkinni á hennar tíð, og lánaðist vel“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Hvort tveggja getur þó með Guðs hjálp á einhvern veginn lánast“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Lánið er valt (og lukkan hál) (orðatiltæki) Vel þekkt sannindi. Einnig; *misskipt er mannanna láni*.

Lánlaus (l) Ógæfusamur; óheppinn. „Karlinn var fremur lánlaus síðustu árin; missti bæði konu og heilsu“.

Lánlega / Lánsamlega (ao) Heppilega; gæfusamlega „Þetta tókst ekki beint lánlega hjá honum“. „Ég er nú svo lánsamlega laus við áhuga á íþróttum“.

Lánlegur (l) Heppilegur; giftusamlegur. „Ekki fannst mér hann mjög lánlegur sem smali“.

Lánleysi (n, hk) Óheppni; ógæfa. „Ekki *ríður það við einteyming*, lánleysið hjá þeim“!

Lánleysingi (n, kk) Ógæfumaður. „Ætli maður reyni ekki að aðstoða þennan blessaðan lánleysingja“.

Lánleysisbragur (n, kk) Yfirbragð óheppni/ógæfu. „Það hefur verið óttalegur lánleysisbragur á þeirra útgerð alveg frá byrjun, en þessi óheppni kórónar allt saman“.

Lánsamur (l) Heppinn; gæfusamur. „Ég var svo lánsamur að eignast þessa ágætu fjölskyldu“.

Lánsbátur (n, kk) Bátur sem fenginn er að láni hjá öðrum. „Ég gerði út á lánsbát þetta vor“.

Lánsmaður / Lánskona / Lánsmanneskja (n, kk/kvk) Sá/sú sem er heppin/lánsöm/gæfursöm.

Lápur (n, kk) A. Gæluheiti um hákarl eða annan fisk af háfakyni. B. Stór og horaður þorskur; *slápur*. C. Uppnefni á manni sem þykir luralegur.

Lár (n, kk) Rimlakassi sem *lopi* var lagður í eftir að búið var að *lyppa* hann. Sjá *tóvinna*.

Lás (n, kk) A. *Handvaður*. Sú aðferð til bjargferða að binda vað fastan uppi á brún og handstyrkja sig niður og upp klettana er nefnd „*að fara í lás*“. Vaðurinn (festin) nefnist þá *lásband* og *lesa* menn sig eftir honum. fyrir *festu* eru gjarnan notaðir stórir steinar eða klettanibbur, en sé ekki völ á þeim þá er vaðnum stundum brugðið utan um smærri, ílangan stein sem síðan er *fergður* með grjóti. Heppilegur *festarhnitur* er *pelastikk*. Hreinsa þarf vel *lausagrjót* undan vaðnum um leið og fyrst er *farið niður* og gæta þess að vaðurinn fari ekki á *bendu*, þ.e. að hann leggist ekki í vinkil fyrir nef sem hann getur síðan skroppið af. Í flesta eggjastaði í Blakk, Hnífum og Breið er farið í lás, en þó þarf að *síga* í suma, en þá er *sigmaður* látinn síga í *sigvað*. „Lás var sú sigleið kölluð er ekki var erfiðari en svo að sigmaður setti annan enda vaðsins fastan á brún og renndi sér svo eftir honum niður, þangað sem ferðinni var heitið“ (DE; Örn.skrá Hvallátra). Nafnorðið lás er af sama stofni og sögnin að „lesa“, sjá orðtökin að *lesa sig/ handleða sig*. B. Læsing á rými, t.d. húsi, herbergi, kistu o.fl. C. Afhleypibúnaður á byssu.

Lása sig (orðtak) Fara í lás. „Með því að fara fyrst niður Nafargjána í lás; fara síðan gang heimúr henni og setja þar fastan annan spotta, tókst mér að lása mig niður í Sighvatsstöðin; líklega fyrstum manna sem heimildir fara af“ (VÖ).

Lásagras (n, hk) Botrychium lunaria. *Tungljurt*; þjófagras. Fjögurra laufa smári sem, samkvæmt þjóðtrúnni, átti að geta lokið upp öllum læsingum. Öruggst þótti að varðveita grasið innanum hár af líki. Sjá *tungljurt*.

Lásasnag / Lásasnatt / Lásferð (n, hk) Bjargferð með notkun lása. „Þarna má ná allmiklu af eggjum með lásasnagi“. Þarna er ekki mikið samfelld eggland, en hægt að ná dálitlu með lásasnatti“. „Við töldum okkur ekki hafa mannskap í sig, og ákváðum að fara heldur lásferð í Brimnesgjótuna“.

Lásband / Lásspotti / Lásvaður (n, hk/kk) Band/vaður sem notað er til að fara í *lás* í klettum. „Mikið helvíti er þetta flott lásband“. „Ég skal bera lásspottann ef þú heldur á háfunum“. „Hreinsaðu vel undan lásvaðnum“.

Lásfesta (n, kvk) Festa fyrir lásband. Misjafnt er hvað notað er fyrir festu, og fór eftir því hvað tiltækt var þar sem leggja þurfti lásbandið. Stundum var brugðið um stórt grettistak á brúninni, eins og á Steinanefninu á Breiðnum. Stundum utanum stórt grasigróið klettanef, eins og ofanvið Gylfaganginn á Stígnum. Stundum á lítið nef niðri í klettum, eins og við neðri lásinn í Stóðunum. Stundum var brugðið utanum langan stein eða hellublað, og það svo rústað vel uppi á brúninni. Þannig var t.d. á öðrum Árnastaðnum. Stundum var rekinn niður hæll á brúninni og brugðið á, eins og við Gorgánsstallinn. Og stundum voru aðstæður þannig að ekki var völ á lásfestu, en þá þurfti *undirsetumaður* að *halda við* uppi á brúninni.

Lásganga (n, kvk) Leið í klettum/bjargi sem unnt er að komast með *lás*. „Niður úr Saxagjá liggja lásgöngur á Ytri Lundavelli; þar má *síga* í fjöru. Þarna er talin best *aðlega* undir Bjarginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur- og Saurbæjarbjargs).

Lásnæla (n, kvk) Öryggisnæla; *sikringsnæla*. Læst næla; notuð til að festa saman fataefni eða flíkur.

Láspinni (n, kk) Pinni í afhleypingarbúnaði byssu, sem skýst í hvellettuna þegar hleypt er af, sem sprengir skotið. „Nú *skammfeilaði* hjá mér; ég held að láspinninn hafi eitthvað staðið á sér“.

Lát (n, hk) A. Linun; stöðvun; bilbugur. „Það ætlar ekki að verða neitt lát á rigningunni“! B. Andlát; dauði. „Ég frétti ekki af láti hans fyrr en nokkru síðar“. „Dálítið varþar um lambalát“.

Láta (s) Setja; gera; stjórna; sleppa; henta; þykjast. Sjá orðtök.

Láta (vel/illa) að (orðtak) A. Hegða sér; stjórnast. „Traktorinn var orðinn svo léttur að framan að hann lét illa að í beygjum“. B. Gera sér dælt við. „Hundurinn lætur vel að stráknum í von um að fá harðfiskbita“.

Láta að líkum (orðtak) Fara sem horfir; fara að vonum. „Ef að líkum lætur kem ég til baka á morgun“.

Láta að stjórn (orðtak) Gera það sem stjórnandi ætlast til; láta stýrast. „Báturinn lætur illa að stjórn, svona framhlaðinn“. „Strákurinn var ódæll og lét ekki vel að stjórn“.

Láta að vilja (einhvers) (orðtak) Gera það sem einhver vill.

Láta af (orðtak) *Leggja af; leggja til hliðar*; hætta einhverju (t.d. ósið) sem viðgengist hefur; gefa eftir; hætta við. „Þú verður að fara að láta af þessari árattu; að gera hundinn kolvitlausan þegar hann sér hrafn“!

Láta (vel/illa) af (orðtak) A. Gera mikið úr; segja miklar sögur af. „Hann lét af því að þarna væri landmikið og kjarnabeit“. „Þeir láta vel af veiðinni norðanmegin í firðinum núna“. „Hann smakkaði þetta og lét fremur illa af“. B. Hætta; láta lokið. „Afi lét ekki af þeim sið að röla til sjávar fyrr en hann flutti á sjúkrahús“.

Láta af hendi (rakna) (orðtak) Afhenda; *láta laust*. „Vasahnífinn læt ég ekki af hendi við hvern sem er“! Sjá *reiða af hendi*.

Láta afskiptalaus (orðtak) Skipta sér ekki af; sinna ekki; *láta kjurrt*. „Ég læt þessa deilu þeirra algerlega afskiptalaus; svo lengi sem hún beinist ekki að mér“.

Láta aftur (orðtak) *Loka / halla aftur*. Var notað jöfnum höndum um dyr, kistla, lofthlera o.fl. „Einu sinni var ég sendur með *kolluna*, sem þá var nefnd, að hella úr henni, en gleymst hafði að láta aftur um kvöldið“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Láttu nú aftur gluggann; það er farið að *standa uppá* hann“.

Láta auðnu ráða (sigri) (orðtak) Láta reyna á heppnina; treysta á heppni þegar lagt er í viðureign. „Það er *ekki annað að gera* en hella sér í röstina og láta auðnu ráða“!

Láta á (orðtak) Setja uppá; t.d. setja hey uppá heyvagn eða sláturlömb á bíl. „Ég skal láta á ef þú rakar“.

Láta á móti sér (orðtak) Gera sjálfum sér mótlæti; gera það sem maður vill síður. „Ég ætla nú ekki að láta það á móti mér núna að kjósa aftur þennan ósóma aftur“!

Láta (ekki/lítið) á sér kræla (orðtak) Láta (ekki/lítið) fara fyrir sér; hreyfa sig (ekki/lítið). „Eitthvað hefur flensan látið á sér kræla þarna fyrir sunnan“. „Ég lagðist niður bakvið steininn og lét ekki á mér kræla meðan tófan nálgaðist“.

Láta á sér skiljast (orðtak) Tala/láta þannig að áheyrendur skilji hvað við er átt, þó ekki sé sagt beinum orðum; *gefa í skyn; láta í veðri vaka*. „Hann lét á sér skiljast að þetta væri honum ekki á móti skapi“.

- Láta á sig fá** (orðtak) Verða uppnuminn yfir; hræðast; fyrstast; reiðast yfir. „Hann fékk hverja ágjöfina eftir aðra framan í sig, en lét það ekkert á sig fá“.
- Láta á sinn stað** (orðtak) Setja þar sem á að vera. „Mundu að láta bókina aftur á sinn stað“.
- Láta á sjá** (orðtak) Sýna skemmdir/slit; vera snjád/lúíð. „Bókarskræðan var gömul og marglesin, og farin að láta verulega á sjá“.
- Láta boð út ganga** (orðtak) Tilkynna öllum viðkomandi; senda út tikynningu. „Hann lét þau boð út ganga að hann tæki ekki endurkjöri“. Vísar til þess tíma að boð voru send *réttu boðleið* með *þingboðsöxi*.
- Láta bugast** (orðtak) Um sálarþrek manns; falla saman; örvænta; *missa móðinn*. „Þú þarft að *herða þig upp* og ekki láta bugast; það er enginn bættari að drekkja sér í sorg og víli“.
- Láta burðarlega** (s) Haga sér eins og hún ætli að fara að *bera*; vera *komin að burði*. „Nú er Srauta farin að láta burðarlega; hún ráfaði út í Gil og var þar að snúast í hringi“.
- Láta damma** (orðtak) Láta ráðast; láta eiga sig; hafa óbreytt. „Ekki gengur að láta þetta damma svona; einhverja stjórn verður að hafa á því“.
- Láta danka** (orðtak) Trassa að vinna verk; *láta reka á reiðanum*; *láta sitja á hakanum*. „Húsin eru fljót að eyðileggjast af viðhaldsleysi ef það er bara bara látið danka sem aflaga fer“.
- Láta deigan síga** (orðtak) Láta undan; gefa eftir; hörfa; hætta við. „Við megum ekki láta deigan síga ef við ætlum að ná heynu inn áður en fer að rigna“.
- Láta (ekki) dragast undan** (orðtak) Gleyma; trassa; *láta danka*. „Það má ekki láta undan dragast að koma fiskinum í salt“.
- Láta drjúgt/mikið yfir** (orðtak) Segja ýkjusögur; bera sig vel; *láta vel af*. „Hann lét drjúgt yfir aflabrögðum“.
- Láta dæluna ganga** (orðtak) Tala í belg og biðu; tala stanslaust. „Hann lét dæluna ganga alveg látlaust; ég gat varla skotið inn orði“!
- Láta eftir** (orðtak) Láta undan þrábeiðni; gefa eftir; gera eins og um er beðið. „Hann var að *nudda í* mér með þetta, svo ég lét honum það eftir að lokum“. „Vertu nú ekki að láta eftir bölvaðri frekjunni í honum“!
- Láta eftir sér** (orðtak) Láta eftir eigin löngunum/tilfinningum. „Ég lét það eftir mér að setjast smástund“.
- Láta eftir sig** (orðtak) Skilja eftir við dauða/fráfall. „Hann lætur eftir sig mikið og óeigingjarnt starf“.
- Láta eiga sig** (orðtak) Sinna ekki; láta kyrrt liggja; skipta sér ekki af. „Við skulum láta þessi egg eiga sig“.
- Láta eins og bavían** (orðtak) Haga sér illa/ófriðlega. „Það er nú óþarfi að haga sér eins og bavían“!
- Láta eins og bestía** (orðtak) Ólmast; *láta öllum illum látum*; *sýna óhemjuskap*. „Kvíguskattinn lét eins og bestía; við þurftum að vera bæði við að mjólka hana“.
- Láta eins og himinn og jörð séu að farast** (orðtak) Fárast útaf smámunum; æsa sig útaf engu. „Láttu nú ekki eins og himinn og jörð séu að farast, þó ég klári úr kaffibollanum áður en ég fer í þetta“!
- Láta (eitthvað) eins og /sem vind um eyrun þjóta** (orðtak) Látast ekki heyra; *skella skollaeyrum við*. „Hann lét þessi varnaðarorð eins og vind um eyrun þjóta“.
- Láta einskis ófreistað** (orðtak) Reyna alla möguleika; leita allra leiða. „Ég læt einskis ófreistað til að ná fénu úr sveltinu“.
- Láta ekkert á sér festa** (orðtak) Kippa sér ekki upp við; láta ekki íþyngja sér; vera alveg sama. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skroknum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu. Gummi kærði sig kollóttan og lét þetta ekkert á sér festa“ (PG; Veðmálið).
- Láta ekki að sér hæða** (orðtak) *Standa fyrir sínu*; vera sannur/raunverulegur/mikilfenglegur; standast gagnrýni. „Hann lætur ekki að sér hæða í þessum fræðum“. „Hún Nótt lætur ekki að sér hæða: Hún er lángsamlega nythæsta kýrin á samlagssvæðinu“!
- Láta ekki á neinu/því bera** (orðtak) Sýna ekki; láta ekki í ljósi. „Mér þótti þetta nokkuð *surt í brotið*, en lét samt ekki á neinu bera“.
- Láta ekki deigan síga** (orðtak) Láta ekki hugfallast; gefa ekki eftir. „Hann lét aldrei deigan síga í baráttunni við þessa byggðaeýðingu“. Orðtakið hefur líklega áður verið lengra; t.d. „láta ekki deigan hug á sig síga“, og vísar þá til þess að sýna djörfung í bardaga, sjósókn eða öðru.
- Láta ekki fara lengra** (orðtak) Hafa fyrir leyndarmál; gæta þagmælsku. „Ég heyrði þetta *á skotspónum*, en þú lætur það ekki fara lengra“.
- Láta ekki happ úr hendi sleppa** (orðtak) Missa ekki af góðu tækifæri. „Er nú ekki hnísukvíkindi þarna í netinu! Það er þá best að hirða úr henni mötuna; óþarfi að láta svona happ úr hendi sleppa“.

- Láta ekki sitja við orðin tóm** (orðtak) Gera það sem maður hefur sagst ætla að gera; standa við orð sín. „Hann lét ekki sitja við orðin tóm, heldur byrjaði strax á verkinu“.
- Láta ekki sitt eftir liggja / Láta ekki standa á sér / Láta ekki standa uppá sig** (orðtak) Hafa roð við öðrum í vinnu; svíkjust ekki um. „Ég var staðráðinn í að láta ekki mitt eftir liggja við snjómoksturinn“. Hið fyrstnefnda vísar e.t.v. til þess að hey er rakað af velli.
- Láta ekki slá sig útaf laginu** (orðtak) *Halda sínu striki*; láta aðra ekki hafa áhrif á sína fyrirætlun. „Þeir reyndu að *leiða* honum fyrir sjónir að þetta væri óraunhæft, en hann lét ekki slá sig útaf laginu“.
- Láta ekki standa í sér** (orðtak) Verða ekki *svara vant*; hafa svör á reiðum höndum; svara hiklaust fyrir sig. „Þeir helltu sér yfir hann margir í einu, með óbótaskömmum; en hann lét nú ekki standa í sér“.
- Láta ekki vaða yfir sig** (orðtak) *Bráast/brjóskast/móast við; standa fast á sínu; þumbast/bráast/þverskast/við*. „Þú verður að hafa bein í nefinu og láta ekki vaða svona yfir þig“!
- Láta (einhvern) éta ofaní sig** (orðtak) Fá einhvern til að taka orð sín aftur; reka ofaní einhvern. „Ég skal sko láta þennan kjaftask éta þetta allt ofan í sig“!
- Láta falla** (orðtak) Láta líka/semja við. „Hættið nú að rífast greyin mín, og látið ykkur falla“.
- Láta fallast** (orðtak) Láta sig falla. „Við klifruðum uppá heyvagninn og létum fallast í heyið“.
- Láta fallast á árar** (orðtak) Taka til við róður. Notað í líkingamáli um það að hefja átak/vinnu. „Fleiri létu fallast á árar þegar þeir sáu að þetta var mögulegt“.
- Láta fara** (orðtak) A. Sleppa; láta detta. T.d. kallað þegar bjargbrún er hreinsuð af lausagrjóti fyrir bjargferð, eftir að búið er að fullvissa sig um að enginn sé undir. B. Skjóta úr byssu. „Máfurinn var kominn í dauðafæri, og ég ákvað að láta fara“.
- Láta fara í ergelsið á sér** (orðtak) Vera pirraður/ergilegur yfir; láta fara í taugarnar á sér. „Það þýðir víst ekkert að láta þetta fara í ergelsið á sér; ætli aumingjarnir verði ekki bara að taka kjafshöggunum eins og vant er“!
- Láta fara sem/ eins og verkast vill** (orðtak) Reyna ekki að breyta/ hafa áhrif á. „Hann reyndi ekkert að greiða netið í sjóinn þegar það var *róið út*, heldur lét það fara sem verkast vildi“.
- Láta fá/sjá** (orðtak) Afhenda; rétta. „Láttu hann fá þetta bréf frá mér“. „Láttu mig sjá blaðið aftur; ég átti eftir að lesa eina grein“. Orðtakið „láta sjá“ var meira notað áður í þessari merkingu, en heyrir vart nú.
- Láta fá/hafa það óþvegið** (orðtak) *Láta heyra það*; hella úr sér skömmum; skammast. „Ég lét hann fá það óþvegið fyrir þennan endemis bjánagang“!
- Láta fjandann róa með sér** (orðtak) Um róðrarlag á bát; hafa þau tök á árinni að endi árahlummans stendur verulega útaf. Mátti þá segja að maður ætlaði það pláss fjandanum og hefði hann þá sér til aðstoðar. Þótti ósiður og hefur eflaust þótt jaðra við kukl á fyrri tíð.
- Láta fjara undan** (orðtak) Um bát; sigla uppí fjöru, þannig að sitji á þurru þegar fjarar út. „Látið var fjara undan bátum og kassanum, sem var aðalflutningurinn, var síðan rennt út á fjörusandinn“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Láta fjúka** (orðtak) A. Hreyta útúr sér. „Hún á það til að láta ýmislegt fjúka blessunin“. B. Kasta; fleygja. Nú held ég að ég láti gömlu stígvélin bara fjúka; þau eru orðin *handónýr*“.
- Láta fjúka í kviðlingum** (orðtak) Kveðast á; flytja/yrkja kvæði á staðnum. „Karlarnir vour orðnir góðglaðir og farnir að láta fjúka í kviðlingum, þó ekki væru allir dýrt kveðnir“.
- Láta flakka** (orðtak) Sleppa lausu; *láta róa/sigla sin sjó*; kasta frá sér; segja/gera án þess að skeyta um afleiðingar. „Hann var vanur að láta allt flakka sem honum bjó í brjósti; við litla hrifningu sumra“. „Dróstu marhnútsfjanda; blessaður láttu hann flakka sem fyrst aftur“!
- Láta fljóta** (orðtak) Aka ökutæki þannig í snjó að það sökkvi ekki niður í snjóinn heldur troði hann undir sig og komist þannig áfram þó djúpur snjór sé undir. „Menn eru misjafnlega lagnir við að láta fljóta“.
- Láta fokka** (orðtak) Láta falla; fleygja. „Það var enginn niðri í klettum svo ég lét steininn *fokka* úr brúninni“.
- Láta frá sér / Láta í burtu** (orðtak) Gefa/selja burt; afhenda til eignar. „Enginn ætti að láta frá sér vasahnífinn eða klútinn“. „Síðan ásetning lauk hefir sorðið sú breyting á að í Saurbæ hefir verið fargað og látið í burtu 3 kúr og 6 geldneyti, og hefir þetta bætt ásetninginn um 80m³“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).
- Láta fyrir** (orðtak) Loka. „Ég lét fyrir töðugötin á hlöðunni; hann gæti farið að rigna í dag“.
- Láta fyrirberast** (orðtak) Dvelja; vera um kyrrt. „Ég lét fyrirberast þar um nóttina, meðan veðrið gekk niður“.
- Láta gamminn geysa** (orðtak) A. Ríða hratt á hesti. B. *Láta móðan mása*; bulla; tala mikið og tilgangslaust.
- Láta glepjast** (orðtak) Láta ginnast/plata sig/villa um fyrir sér. „Ég lét glepjast af þessu gylliboði eins og aðrir“.

- Láta gossa / Láta fara / Láta vaða** (orðtak) Láta eitthvað laust/detta; hleypa af skoti. „Við erum komnir á rétt mið; láttu niðristöðuna gossa“.
- Láta gott af sér leiða** (orðtak) Gera góðverk; gera það sem leiðir til góðs. „Einkennandi fyrir samfélag gömlu hreppanna var það að allir reyndu að hjálpast að og láta gott af sér leiða. Nokkuð sem minna fer fyrir í nútímasamfélagi“.
- Láta gott heita** (orðtak) Hætta; *segja gott*. „Ætli við látum þetta ekki gott heita í dag og förum að keyra í land“.
- Láta greipar sópa** (orðtak) Grípa allt sem hendi er nærri; stela öllu sem hönd á festir. „Harðfiskþjófarnir höfðu látið greipar sópa um hjallinn“. Greipar eru hendur. Sjá *spenna greipar; ganga (einhverjum) úr greipum*.
- Láta grön sía** (orðtak) Drekkja te eða annað í gegnum yfirskegg sitt, þannig að fus og korn sem flýtur á vökvanum verði eftir í skegginu. „Þetta te er í góðu lagi; ég læt bara grön sía“. Kemur fyrir í Völsungasögu.
- Láta hafa sig að fifli** (orðtak) Láta plata sig; láta snúa á sig. „Ég fer nú ekki að láta hafa mig að fifli með því að mæta á svona bjánasamkomu“!
- Láta hafa sig í / Láta kjafta sig í/til / Láta tilleiðast / Láta þvæla sér til** (orðtak) Láta sig inni; gera/ taka þátt í fyrir orðastað annars manns. „Það þarf vist að gera eitthvað í málunum, fyrst maður lét hafa sig í þetta skítverk“. „Hann var svo ári ýtinn að á endanum lét ég tilleiðast að fara í þennan róður“.
- Láta hafa sinn gang** (orðtak) Láta afskiptalaust. „Áin var að byrja að rífa sig í gegnum Rifid á nýjum stað. Ég ákvað að láta það bara hafa sinn gang; hún finnur sinn fyrri farveg fljótlega aftur“.
- Láta hafa það óþvegið / Láta heyra það** (orðtak) Skamma óbótaskömmum. „Ég lét hann alveg hafa það óþvegið fyrir tiltækið“. „Ég skal *svei mér* láta hann heyra það, næst þegar ég hitti hann“!
- Láta hart mæta hörðu** (orðtak) Bregðast hart við þegar að er sótt; verjast af hörku. „Ef hann ætlar að *knýja fast á um* þetta þá er ekkert annað að gera en láta hart mæta hörðu“!
- Láta hátt í** (orðtak) Hafa hátt; vera með mikinn hávaða. „Ansi lætur hátt í traktorum, svona hljóðkútslausum“.
- Láta hendingu/tilviljun ráða** (orðtak) *Láta kylfu ráða kasti*.
- Láta hendur skipta** (orðtak) Slást; efna til *handalögmála*. „Við strákarnir létum stundum hendur skipta“.
- Láta hjá líða** (orðtak) Aðhafast ekki; *láta undir höfuð leggjast*; vanrækja. „Það má ekki láta hjá líða að hafa auga með árans túnrollunum“.
- Láta horfa** (orðtak) Láta bát stefna. „Þegar komið er siglandi vestan af fjörðum, eftir venjulegri skipaleið eða grynna, og Skor kemur fram, er óhætt að beygja fyrir Bjargtanga og láta horfa inn á Breiðafjörð“ (Ólafur Þórarinnss; Örn.skrá Sjöundár). „Lét ég þá horfa beint í vind og báru, og þá stefnu standa þar til við vorum komnir út á Núpa,, (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Láta hugfallast** (orðtak) Gefast upp; renna af hólmi. „Ég var staðráðinn í að láta ekki hugfallast þó þetta hefði komið uppá“.
- Láta hverjum degi nægja sína þjáningu** (orðtak) Kvíða ekki fyrir framtíðinni/ löngu erfiðleikatímabili. „Það þýðir ekkert að *mála skrattann á vegginn* með framtíðina. Maður lætur bara hverjum degi nægja sína þjáningu“.
- Láta illa** (orðtak) Vera mjög órólegur; sýna slæma hegðun. „Ef þið ætlið að láta svona illa strákar, þá verðið bara að fara útfyrir“!
- Láta illa/bölvanalega að stjórn** (orðtak) Taka illa/ekki þeim stjórnbrögðum sem beitt er. „Báturinn lætur bölvanalega að stjórn, svona framhlaðinn. Kastaðu nokkrum góðum fiskum í aftara rúmið“.
- Láta illa af sér** (orðtak) Bera sig illa; kvarta; vera óánægður. „Hann lét fremur illa af sér í vistinni“.
- Láta illa/vel í eyrum** (orðtök) Hljóma vel/illa. „Þetta tilboð lætur betur í eyrum en það fyrra“.
- Láta illa í svefni** (orðtak) Vera órór í svefni; hafa martröð.
- Láta illa/vel við** (orðtök) Taka vel/illa; fúlfa við/ gráðugt í. „Féð lætur illa við forna heyinu“.
- Láta inn/út** (orðtak) Setja fé inn í hús/ út úr húsi. „Hann er að herða élið; ég fer bara að láta inn“.
- Láta/fara innum annað eyrað og útum hitt** (orðtak) Þykjast ekki heyra.
- Láta í** (orðtak) A. Setja eitthvað í ílát. „Ég lét mislitu ullina í minni balla“. „Varstu búinn að láta votheyið í“?
B. Loka hurð/hliði. „Gleymduð þið að láta í Hólahlíði“? „Láttu hurðina vel í á reykkofanum, svo ekki gasi út“. C. Líka við; þykja gott; sækjast eftir. „Ég læt nú ekkert í þetta hveitisull sem þeir kalla núðlur“.
- Láta í friði; láta vera; láta kjurrt** (orðtak) *Sjá í friði*; taka ekki. „Láttu hnífinn minn bara í friði“! „Ég kann að mjólka belju, ég kann að elda mat;/ konur þekkjá enga mannasiði./ Ég kæri mig sko ekki um kvenmannsapparat,/ kom því brott og láttu mig í friði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

- Láta í haf** (orðtak) Sigla til hafs; leggja í langferð. „Faið ykkur nú vel að borða áður en við látum í haf“.
- Láta (eitthvað) í hendurnar/höndurnar á (einhverjum)** (orðtak) Afhenda einhverjum eitthvað; láta einhvern hafa eitthvað. „Það er varla hægt að láta hnif í hendurnar á þér drengur; þú ert alltaf að *skursla* þig“!
- Láta/setja í hliðið / Láta fyrir** (orðtak) Loka hliðinu. „Nú hefur þessi nýi póstur aftur gleymt að láta í hliðið og *túnrollufansinn* allur kominn inná“! „Gleymdu ekki að láta fyrir uppi á Hjöllunum“.
- Láta í ljós / Láta í ljósi** (orðtak) Segja opinskátt; viðra skoðanir. „Hann lét í ljósi sitt álit á þessum *uppskafningshætti*“. „Þegar í land kom var ég hinn rognasti og lét í ljós við jafnaldra mína að þetta hefði verið hin mesta glæfrafir“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). Báðar myndir orðtaksins eru notaðar og réttar.
- Láta í minni pokann** (orðtak) Láta undan; gefast upp fyrir ofurefli. „Honum þótti *hábolvað* að þurfa að láta í minni pokann fyrir þessum stráklingi; nýskriðnum útúr barnaskóla“.
- Láta í té** (orðtak) Afhenda; láta hafa. „Hann er ekki tilbúinn að láta þetta öllum í té“. Sjá *té*.
- Láta í veðri vaka / Láta í það skína** (orðtak) *Gefa í skyn; gefa undir fótinn; láta á sér skiljast*. „Hann lætur í veðri vaka að þetta væri hugsanlegt“. „Hann lét í það skína að hann væri þessu samþykkur“. Upphaflega hafa menn látið t.d. fána í veðri vaka; þ.e. haft fána uppi, þannig að hann blaktir í vindinum.
- Láta kjafta sig uppi** (orðtak) Gleyma sér í samtali, þannig að lítið verði úr verki. „Maður klárar líklega ekki að moka út úr garðanum í dag. Það er svona; að láta kjafta sig uppi“!
- Láta kjurrt/kjurr / Láta liggja** (orðtök) *Láta vera; taka/snerta ekki; hreyfa ekki við*. „Láttu þetta nú kjurrt drengur; skelfing ertu handóður“! „Við látum bara heyið liggja yfir nóttina; ég held hann ætli að hanga þurr framá morgundaginn“. „Láttu þetta kjurrt; ég á það“! Sjá einnig *láta kyrrt liggja*.
- Láta kjurrt liggja** (orðtak) Ekki vekja máls á; ekki ræða frekar. „Ég lét þetta kjurrt liggja til að halda friðinn“.
- Láta kné fylgja kviði** (orðtak) Fylgja eftir ávinningi/sigri. „*Það var mikið* að þær gáfu sig loksins þessar *bykkjur*! Nú þurfum við að láta kné fylgja kviði og *drifa* þær inn í réttina“. Visar til þess að halda andstæðingi niðri og gera hann óvígán þegar hann fellur.
- Láta koll fylgja kili** (orðtak) Vinna mjög ótullega; taka hressilega á. Áðurfyrr notað um að róa bát svo ákaft að höfuð kom nærri kilinum í framslaginu, og er líkingin af því dregin.
- Láta krók koma á móti bragði** (orðtak) Vera jafn klókur í viðureign/viðskiptum og andstæðingurinn. „Hann fór að heimta landshlut, en ég lét krók koma á móti bragði og sagði að hann hefði verið skilinn eftir á brún, *eins og lög gera ráð fyrir*“. Visar til glímubragða.
- Láta kylfu ráða kasti** (orðtak) *Láta hendingu/tilviljun ráða; láta ráðast; taka því sem að höndum ber*. „Ég vísaði fénu niður í fjöruna, og lét kylfu ráða kasti hvort það fór í bitþara eða snapaði í þarabunkunum“.
- Láta kyrrt liggja** (orðtak) Gera ekki málarekstur/vesen/rekistefnu vegna; *láta viðgangast*. „Sýslumaður vissi örugglega af þessu, en lét það kyrrt liggja; enda fór lítið af landanum í sölu“.
- Láta lambi/kálfi** (orðtak) Um skepnu; missa fóstur. „Það er ekki einleikið hve margar hafa látið lömbum“.
- Láta laust** (orðtak) Sleppa; *láta afhendi*. „Ég ætlaði að taka sokkinn af hundinum en hann vildi ekki láta laust“.
- Láta liggja að / Láta að liggja** (orðtak) „Hann lét að því liggja að hann gæti aðstoðað okkur við þetta á morgun“.
- Láta (eitthvað) liggja á milli hluta / Láta (eitthvað) liggja í láginni** (orðtak) Um umræðuefni/álitamál; *láta kjurrt liggja*; láta órátt. „Við skulum alveg láta það liggja á milli hluta hver átti sök á þessu“. Líking við hlutaskipti á afla; á líklega við um fisk sem ekki var skipt strax, eða átti að verða sameign hlutaeigenda. „Svona óréttlæti má auðvitað ekki liggja í láginni án þess að vera rétt til hlítar“. Lág merkir þarna laut.
- Láta liggja boð fyrir (einhverjum)** (orðtak) Senda einhverjum skilaboð/orðsendingu; gera einhverjum boð/orð. „Ég lét liggja boð fyrir honum í versluninni; að kaupa einn hveitisekk“. Orðtakið vísar til þess tíma að boð voru send með þingboðsöxi. Væri viðtakandi ekki heima var öxinni stundið á áberandi stað eftir ákveðnum reglum, og þar lágu boð fyrir honum. Sjá *þingboð*.
- Láta lit** (orðtak) Um hlut sem farinn er að missa sterkasta litinn. Einkum um fatnað sem missir lit við þvott og litar jafnvel annað sem er með í þvotti.
- Láta líða úr sér** (orðtak) Hvíla sig; slappa af. „Þarna er upplagt að fá sér bita og láta líða úr sér“ (IG; Sagt til vegar II).
- Láta líðast/viðgangast** (orðtak) Vita af án þess að hindra; *horfa* aðgerðalaus *uppá*. „Það er nú ekki hægt að láta svona hegðun líðast öllu lengur“. „Hvað ætla yfirvöld að láta svona skepnuskap viðgangast lengi“?
- Láta lífið** (orðtak) Deyja; andast; sálast. Oftast notað þegar menn deyja í stríði eða af slysförum.

- Láta líkindalega/líklega yfir** (orðtak) Vera jákvæður um; vera *tilleiðanlegur* með. „Ég spurði hvort hann ætlaði að koma á morgun og hann lét líklega yfir því“.
- Láta lítið fyrir sér fara** ((orðtak) Leynast; hafa hægt um sig. „Ég *sat fyrir* við enda gangsins, en lét lítið fyrir mér fara, svo féð fældist ekki“.
- Láta lítið yfir sér** (orðtak) Sýnast ekki mikilfenglegt; vera ekki áberandi.
- Láta ljós sitt skína** (orðtak) Sýna snilld/visku sína; þykjast fróður. „Hann lét ljós sitt skína á fundinum“.
„Heldurðu að þú hafir lausn á þessu? Láttu þá ljós þitt skína“!
- Láta (ekki) ljúga sig fullan** (orðtak) Vera (ekki) trúgjarn; taka (ekki) allt bókstaflega/trúanlegt sem manni er sagt. „Hann lét þá ljúga sig fullan af einhverju bulli, sem hann hefur svo verið að *bera út*“.
- Láta lönd og leið / Láta róa / Láta gossa / Láta fara** (orðtök) Gefa upp á bátinn; kasta frá sér; hirða ekki um; *leggja/kasta fyrir róða; láta af; láta sigla sinn sjó*.
- Láta með** (orðtak) Dekra við; *dáðera*; hafa í hávegum. „Það er hæpið að láta mikið með þessa yrðlinga. Þeir verða seinna að villidýrum þó þeir séu bangasalegir núna“.
- Láta mikið** (orðtak) Láta illa; vera á iði; hafa hátt. „Látið nú ekki svona mikið strákar; þið vekkið barnið“!
- Láta mikið/lítið/fátt yfir** (orðtak) Gera mikið/lítið úr. „Hann lét fremur lítið yfir aflanum“. „Þeir láta mikið yfir því hvað varpið sé betra nú en í fyrra“.
- Láta minna** (orðtak) Vera með minni læti. „Fékkstu skrámu; þér var nær! Þið hefðir átt að láta aðeins minna“!
- Láta móðan mása** (orðtak) Blaðra um lítilsverð málefni; hafa uppi málæði; bulla; *láta gamminn geysa*. „Hann sagði lítið af viti, heldur lét móðan mása um allt og ekki neitt“.
- Láta mæta afgangi** (orðtak) *Láta sitja á hakanum*; geyma þar til síðast; gera á eftir öðru.
- Láta mætast** (orðtak) Skuldajafna; láta eina inneign/skuld mæta annarri. „Vertu ekkert að borga mér fyrir þetta; þú gerðir mér mikinn greiða með þinni aðstoð um daginn. Við skulum bara láta það mætast“.
- Láta nótt sem nemur** (orðtak) *Láta skeika að sköpuðu; það fer sem fara vill*; láta staðar numið sem komið er. „Ég er búinn að leita að þessum rollurössum alveg fram í myrku, en nú læt ég nótt sem nemur; þær dóla kannski heim á morgun. Tilvitnun í sálm Hallgríms Péturssonar „Um dauðans óvissa tíma“: „Hvenær sem kallið kemur/ kaupir sig enginn frí./ Þar læt ég nótt sem nemur;/ neitt skal ei kvíða því“.
- Láta nærri / Láta ekki fjarri** (orðtak) *Stappa nærri*; vera nálægt/ í nánd við. „Það lætur nærri að þetta sé sami afli og í fyrra“. „Þessi fjöldi lætur sennilega ekki fjarri því að vera réttur“. „Mun láta nærri að hey nægi í *inniþöður*; kúm í 35 vikur, hrossum og saufé í 20 vikur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Láta/setja ofaní sig / Láta innfyrir sínar varir** (orðtök) Borða; fá sig til að borða/smakka. „Þetta er nú það besta sem ég hef ofaní mig látið“! „Þennan *gúrkuþjanda* ætla ég aldrei að láta innfyrir mínar varir“!
- Láta óátalið** (orðtak) Gera ekki athugasemdir við; segja ekkert við. „Ég lét það óátalið þó þeir tækju þetta“.
- Láta ófriðlega** (orðtak) Vera með ólæti; fara með ófriði. „Tuddinn lét ófriðlega þegar ég nálgadist“.
- Láta ógert** (orðtak) Gera/vinna/framkvæma ekki. „Þeir geta alveg eins látið það ógert að smala þarna ef þeir skilja alltaf haminginn af fénu eftir“! „Láttu það ógert að hrekkja hrafninn; það getur hefnt sín“.
- Láta ógetið** (orðtak) Nefna ekki; orða ekki. „Hann lét þess ógetið við mig að hann væri hættur við“.
- Láta ónýtt** (orðtak) Nota/nýta ekki; láta framhjá sér fara. „Það má ekki láta svona tækifæri ónýtt“.
- Láta ósagt** (orðtak) Segja ekki eins mikið og maður veit. „Sumt er betur látið ósagt“. Ég læt það alveg ósagt“.
- Láta ráðast** (orðtak) *Láta hendingu/tilviljun ráða; taka því sem að höndum ber*. „Við verðum bara að láta það ráðast hvort þetta dugir; meira getum við ekki gert“.
- Láta reka** (orðtak) Leyfa báti að berast með straumi/sjávarfalli/vindum án þess að andæfa. „Við látum reka hérna yfir boðann og sjáum hvort hann gefur sig til“. „Er komið var að Látrabjargi segir formaður að nú sé ... best að leggja upp árar og láta reka út með Bjarginu“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandsshreppi). „Nafnið á miðinu er þannig til komið að menn létu reka þarna á skaki og fengu sæmilegt kennslu á þessum bletti“ (IG; Sagt til vegar I). „Vildin á fiskinum hélst og var því látið reka frá og suður, en suðurfall var á“ (ÖG; Þokuróður).
- Láta reka á reiðanum** (orðtak) A. Um siglingu skips; hafa siglutré og reiða uppi en engin segl, t.d. ef veður var orðið mjög slæmt. Oftast er þá átt við stjórnlaust skip, en sé það undir stjórn er það nefnt að *sigla á reiðanum*. B. Afleidd merking: Láta ráðast; reyna ekki að skipuleggja/hafa áhrif. „Það dugir lítið að láta reka á reiðanum með námið ef þú ætlar að ná prófinu í vor“.
- Láta rigna flatt** (orðtak) Um hey/ slegið gras. *Fá ofaní*; ná ekki að *raka upp* áður en fer að rigna.

- Láta róa / Láta sigla sinn sjó** (orðatiltæki) Líkingamál; láta eitthvað eiga sig; gefast upp á einhverju; *láta flakka*. „Ég gafst upp á að eltast við lömbin og ákvað að láta þau sigla sinn sjó í bili“. „Láttu þetta bara róa“.
- Láta sem** (orðtak) Haga sér eins og. „Ég lét sem ég sæi þetta ekki“.
- Láta sem ekkert sé / Láta sér ekki bregða** (orðtak) Þykjast ekki taka eftir; halda sínu striki. „Hann lét sem ekkert væri þó þeir létu skammirnar dynja á honum. Hann lét sér hvergi bregða við það“.
- Láta sem/ eins og maður sjái ekki** (orðtak) Þykjast ekki sjá; *leiða hjá sér*. „Hann var eitthvað að geifla sig, en ég lét sem ég sæi hann ekki“.
- Láta sem sér komi ekki við** (orðtak) Þykjast/vilja ekki vera aðili að máli/atviki; *láta sér fátt um finnast*; sýna fálæti.
- Láta sem svo** (orðtak) Láta þannig /á þann veg; virðast. „Hann lét sem svo að sér væri þetta ekki á móti skapi“
- Láta (eitthvað) sem vind um eyru þjóta** (orðtak) Um það sem sagt er, t.d. viðvaranir og athugasemdir; hlusta ekki á; taka ekki mark á; *skella skollaeyrum við*. „Ég skammirnar sem vind um eyrun þjóta, og *hélt* mínu striki“.
- Láta sér að kenningu verða** (orðtak) Læra af; gera ekki eins aftur. „Hundurinn lét sér þetta að kenningu verða og reyndi ekki aftur að hjálpa nokkurri kind að kara lambið sitt“.
- Láta sér annt um** (orðtak) Þykja vænt um; *hafja taugar til*; sýna kærleika. „Hún lét sér mjög annt um þennan gamla ættargrip“.
- Láta sér ekki (allt) fyrir brjósti brenna** (orðtak) Vera óhræddur/óragur; hræðast ekki. „Þórarinn Bjarnason, gamall og þekktur sjósóknari úr Kollsvík sem ekki lét sér allt fyrir brjósti brenna...“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Orðtakið vísar líklega til þess að fá ekki hraðan hjartslátt vegna ótta. Sjá *brjóst*.
- Láta sér ekki verk úr hendi falla** (orðtak) Vera aldrei iðjulaus; vera sístarfandi/iðinn. „Hann var alltaf *úðrandi*, og lét sér aldrei verk úr hendi falla“.
- Láta sér fátt/ekkert fyrir brjósti brenna** (orðtak) Vera óhræddur við flest/allt; vera óragur/áræðinn.
- Láta sér fátt um finnast** (orðtak) Þykja lítið til koma; vera ekki uppnæmur/hrifinn. „Ég sýndi honum þetta, en hann lét sér fátt um finnast; þetta gæti verið betra“.
- Láta sér falla** (orðtak) Reyna að vera saman í friði; *sitja á sáttis höfði*. „Greyin mín hættið nú að rífast og látið ykkur falla krakkar“!
- Láta sér í léttu rúmi liggja** (orðtak) Vera ekki *uppnæmur* fyrir; kippa sér ekki upp við. „Ég hef nú alltaf látið mér það í léttu rúmi liggja hvaða álit aðrir hafa á mínum gerðum“. Vísar líklega til þess rúms í báti sem afli er jafnaðarlega ekki settur í, en e.t.v. kastað þangað ýmsu lauslegu sem menn láta sér í léttu rúmi liggja.
- Láta sér líða í brjóst** (orðtak) Sofna lítilliga/létt/stutt; fá sér blund/dúr/kríu. „Mikið væri nú gott að fleygja sér eftir matinn og láta sér aðeins líða í brjóst“! Sjá *brjóst*; *líða í brjóst*.
- Láta sér lynda** (orðtak) Sætta sig við; láta sér nægja; *gera sér að góðu*. „Ég varð að láta mér þetta svar lynda“.
- Láta (sér) nægja** (orðtak) Telja nægilegt (fyrir sig). „Ætli ég láti ekki þetta nægja að þessu sinni“.
- Láta sér nægja/duga** (orðtak) „Ætli maður verði ekki að láta sér nægja þetta í dag“.
- Láta sér segjast** (orðtak) *Taka sönsum*; láta að beiðnum/skipunum. „Hann lætur sér kannski segjast við þetta“.
- Láta sér til hugar koma** (orðtak) Hugleiða; íhuga; *setta í hug*; *falla til hugar*; *koma í hug*. „Láttu þér ekki til hugar koma að þú sjáir þessa gemlingafjanda aftur í dag; þeir eru komnir lengst inná fjöll“!
- Láta sér til skaða** (orðtak) Gefa/selja/láta svo mikið af því sem maður hefur að maður skaðist sjálfur. Ég myndi þiggja fáeinar grásleppur hjá þér; en *fyrir alla muni* ekki láta þér til skaða“!
- Láta sér (víti) til varnaðar verða / Láta sér (eitthvað) verða víti til varnaðar** (orðtak) *Taka mark á*; gæta sín betur eftirleiðis. „Ég vona nú að þeir láti sér þetta til varnaðar verða, og æði ekki aftur á fjöll í tvísýnu veðurútliti“!
- Láta sér um munn fara** (orðtak) Segja; orða; *láta flakka*. „Hvernig dettur honum í hug að láta slíka vitleysu sér um munn fara“!?
- Láta sér vaxa í (eitthvað) augum** (orðtak) Mikla eitthvað fyrir sér; þykja eitthvað óviðráðanlegt; vera smeykur við. „Það tekur því ekki að láta sér vaxa svona lítillræði í augum; við verðum fljótir að þessu“.
- Láta sér vel líka / Láta sér vel tillíka** (orðtak) Láta yfir sig ganga; láta sér standa á sama; láta sér í létu rúmi liggja. „Menn brugðust misjafnlega við þessari ræðu; sumir ruku á dyr en aðrir létu sér hún vel líka“. Oftar var notað orðtakið „láta sér vel tillíka“ í Kollsvík, en ekki sjást dæmi þess annarsstaðar.

- Láta sér (eitthvað) verða víti til varnaðar** (orðtak) Draga lærdóm af einhverju; hafa slæma reynslu í huga svo sömu mistök verði ekki aftur gerð. „Þú lætur þetta kannski verða þér víti til varnaðar; að erta ekki að tuddann meðan þú ert inni í girðingunni“!
- Láta sig** (orðtak) Gefa eftir; *gefa sig*; láta undan. „Hann lét sig ekki með þetta“. „Hurðin er farin að láta sig“.
- Láta sig dreyma um** (orðtak) Hafa mjög í huga; hugsa verulega um; *láta sér til hugar koma*. „Láttu þig ekki dreyma um að þú sjáir þessar kindur aftur á næstunni“!
- Láta sig ekki fyrir en í fulla hnefana / Láta sig ekki fyrir en í síðustu lög** (orðtök) Gefa ekki eftir fyrir en fullreynt er; viðurkenna ekki ósigur að óreyndu. Líklega er í báðum tilvikum vísað til hnefaleika. Hið síðara vísar e.t.v. til þess að lesa þarf keppnisreglur nokkrum sinnum yfir hinum sigraða til að hann játi tapið.
- Láta sig hafa það** (orðtak) Láta skeika að sköpuðu; láta það yfir sig ganga. „Einu sinni áður hef ég mótmælt gerðum stjórnvalda. Það var þegar stjórnvöld létu sig hafa það að brjóta stjórnarskrána með því að setja ekki EES-samninginn til þjóðaratkvæðagreiðslu“ (SG; Bankahrúnið - búsáhaldabyltingin; Þjhd.Þjms).
- Láta sig inni** (orðtak) Taka þátt í; *láta hafa sig í*. „Mér var boðið að taka þátt í þessu, en ég hafði ekki tíma til að láta mig inni það“.
- Láta sig langa í/til** (orðtak) Langa til; láta eftir sér að dreyma um. „Maður er að láta sig langa í nýjan bíl, en það verður víst að bíða að sinni“.
- Láta sig (ekki) muna um** (orðtak) Finnast (ekki) íþyngjandi. „Í bakaleið bar ég einhvern varning; sitt lítið af hverju. Ekki tiltakanlega þunga byrði en Drési, sem var um þessar mundir að dytta að bát sínum fyrir vorið, lét sig ekki muna um að leggja á bakið nokkur borð af bátavið, sem hann bar í fötlum frá Gjögurum og út í Kollsvíkurveg“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Láta sig rigna niður** (orðtak) Verða votur í rigningu; standa úti í votviðri. „Komdu innfyrr; láttu þig ekki rigna niður hér utandyra“.
- Láta sigla sinn sjó** (orðtak) Láta fara; reyna ekki að elta; sinna ekki um. „Tvævetlan *stakk af* úr rekstrinum, en af því að hún var lamblaus ákvað ég að láta hana bara sigla sinn sjó“.
- Láta sitja á hakanum** (orðtak) Láta bíða fram yfir annað viðfangsefni; *láta danka*; geyma sér að framkvæma. „Það gengur ekki endalaust að láta viðhaldið sitja á hakanum“. Sjá *situr á hakanum*.
- Láta síga** (orðtak) *Hengja upp*; *hengja grásleppu til signingar* (sjá þar).
- Láta sjá / Láta sjá til** (orðtak) Sjá til; bíða dálitinn tíma; bíða eftir að ástand lagast. „Við skulum láta sjá með að hleypa fénu út strax; leyfum elínu að ganga yfir fyrst“. „Látum okkur nú sjá“.
- Láta sjá sig** (orðtak) A. Sjást. „Nú fer að nálgast *snúninginn*; þá ætti nú *stórþorskurinn* að fara að láta sjá sig“. B. Koma í heimsókn. „Þú ættir nú að láta sjá þig einhverntíma við tækifæri“.
- Láta skeika að sköpuðu** (orðatiltæki) Leggja í eitthvað verk eða ferð án þess að sjá endalokin fyrir. „Við ákváðum nú að róa upp og láta skeika að sköpuðu um landtöku“. Vísar líklega til þeirrar heimspeki að mönnum séu sköpuð örlög fyrirfram.
- Láta skína í** (orðtak) Gefa í skyn; láta liggja að. „Hann lét skína í að hann myndi gefa kost á sér í starfið“.
- Láta skína í tennur** (orðtak) Um dýr; yggla sig; fitja upp a trýnið til ógnunar.
- Láta skömm skella** (orðtak) *Láta skeika að sköpuðu*; leggja í verk/ferð án þess að lokin séu fyrirséð; gera eitthvað vafasamt. „Við skulum þá bara láta skömm skella og hella okkur í þetta“. Meiningin er sú að taka afleiðingum, þó þær verði slæmar.
- Láta slag standa** (orðatiltæki) Sigla langa leið án þess að hagræða seglum. „Nú létum við slag standa alla leið upp undir lendingu“ (KÓ). Oftast notað nú í óeiginlegri merkingu: „Ætli ég láti ekki slag standa með þetta“. Merkir að sigla sama legginn á skipi án þess að venda.
- Láta slæða / Láta skola** (orðtak) Láta reka meðan skakað er með færi. „Það er komið drjúgt suðurfall; ætli við látum ekki slæða hér suður á Sandblettina meðan hann er ennþá við“. „Ég lét skola norður á Flóann“.
- Láta (ekki) snúa á sig** (orðtak) Láta (ekki) plata sig/ hafa sig að fifli. „Ég er ekkert fyrir það að láta snúa á mig í viðskiptum“.
- Láta snúa vör í vind** (orðtak) Um róður á bát; láta baki/hrygginn/vörina á árinna snúa í framstefnu bátsins þegar róið er. Árablaðið er slétt í afturstefnuna; þ.e. þeim megin sem ýtt er móti sjónum, en bak þess er með burst sem á Vestfjörðum nefnist straumvör; stýtt í vör. (heimild; ÓETH/Ísl.sjavarhættir).
- Láta staðar numið** (orðtak) Staðnæmast; hætta ferðalagi/lestri/tali. „Ég hefði getað haldið áfram að þylja þetta upp, en ákvað að láta hér staðar numið að sinni“.
- Láta stillt** (orðtak) Haga sér stillilega; vera til friðs. „Látiði nú stillt strákar; ég er að hlusta á fréttirnar“!

- Láta sverfa til stáls** (orðtak) Fullreyna; gera atlögu/árás/átak/skorpu þangað til sigrast eða tapast; láta reyna á. „Við verðum bara að setja fram okkar sjónarmið í málnu og láta sverfa til stáls um þær“. Orðtakið vísar upprunalega til smíða á sverðum/öxum. Mikla vinnu þarf að leggja í slípun/svörfun á blaðinu í lokin. Orðtakið hefur svo að öllum líkindum orðið að líkingamáli í orrustum áður en það komst í almenna notkun.
- Láta svo lítið** (orðtak) Gera að lágmarki; brjóta odd af oflæti. „Hann lét ekki svo lítið að þakka fyrir sig!“
- Láta svo um mælt** (orðtak) Viðhafa þau ummæli; segja svo; *láta þess getið*. „Hann lét svo ummælt að sér litist ekkert á útbúnaðinn hjá þeim“.
- Láta svo vera** (orðtak) Hafa með því móti; láta kyrrt liggja. „Ekki var hann ánægður, en lét þó svo vera“.
- Láta synjandi frá sér fara** (orðtak) Láta *fara bönleiðan til búðar*; láta þann fara tómhentan sem komið hefur til að biðja um aðstoð. „Ég er bara *svo af guði skaptur* að ég læt helst engan synjandi frá mér fara“.
- Láta til** (orðtak) Láta undan; gefa eftir. „Hann sótti þetta mjög fast, og á endanum lét ég það til“.
- Láta til skarar skriða** (orðtak) Hrinda í framkvæmd; ráðast í; láta verða af. „Nú læt ég til skarar skriða og segi mína meiningu við þessa vegagerðarfósa. Vegurinn er að verða gersamlega ófær vegna viðhaldsleysis“. Líkast til komið úr sjómannamáli um það að renna upp að borðstokk/*skör* annars skips í sjóorrustu. Þó getur skör þarna merkt land. Það má sjá í öðru orðtaki sem sjaldnar heyrðist í Kollsvík; að „skriða með skörum“. Kenningar eru þó misvísandi um þetta (t.d. HH; Ísl. orðtakasafn)
- Láta tilleiðast** (orðtak) Fallast á; samþykkja með semingi. „Fyrir þrábeiðni lét ég tilleiðast að koma með“.
- Láta turnast** (orðtak) Taka sinnaskiptum í trú sinni eða grundvallarskoðunum. „Hann var sanntúradur framsóknarmaður, en ég er hræddur um að hann hafi látið turnast og sé orðinn *allaballi*“.
- Láta undan (siga)** (orðtak) Gefa eftir; *láta í minni pokann; leggja á flóttu; hopa/flýja/renna af hólmi*. „Ég ætla ekki að láta undan þessari frekju í honum“. „Fjárhópurinn stefndi allur á okkur og við létum dálítið undan síga, til að missa hann ekki“.
- Láta undir höfuð leggjast** (orðtak) Vanrækja; *láta hjá líða*. „Það má alls ekki láta þetta undir höfuð leggjast!“ Vísar til þess að menn geymdu oft eitt og annað undir kodda sínum áður fyrr, meðan skápar voru fáir í húsum. Sumt af því vildi þá gleymast, líkt og gerist í skápum fólks í dag.
- Láta upp** (orðtak) Opna. „Láttu aðeins upp gluggann. Það er í lagi að hafa hann opinn í svona góðu veðri“.
- Láta uppi /uppskált** (orðtak) Segja frá; gera uppskált; *láta í ljósi*. „Þeir létu ekkert uppi hvert ferðinni væri heitið“. Lýsingarorðið „uppskált“ er með sömu endingu og „opinskált“ og „herskált“, sem er af orðstofninum skora; skora á.
- Láta út** (orðtak) A. Um búfé; hleypa út; opna fyrir; hleypa á beit. „Þegar dúrar aðeins í élið þá þurfum við að láta féð aðeins út, þó það sé ekki nema til að vatna því“. „Heimakæri frændinn, hann rekur blómlegt bú;/ blessaður hann var að láta út kýrnar./ Ég flýtti mér þá til hans og sagði „sælinú/ ég sest hér að“; hann hvessti á mig brýrnar“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Í spilum; setja út; láta spil af hendi í borðið. C. Greiða; borga. „Ég varð að láta út fyrir viðgerðinni“. Sbr útlát.
- Láta/leggja út fyrir** (orðtak) Greiða; borga úr eigin vasa. „Ég lagði út fyrir þessu, en hann endurgreiddi það“.
- Láta úti með** (orðtak) Greiða; láta af hendi. „Hann tapaði málinu og varð að láta úti með háar fjárhæðir“.
- Láta útúr sér** (orðtak) Segja; fullyrða; greina frá. „af hverju léstu það ekki útúr þér fyrir að þú hefðir séð kindurnar þarna“? „Ég ætla ekki að láta útúr mér það sem ég er að hugsa núna“.
- Láta vaða** (orðtak) Framkvæma/gera þó ekki sé fyllilega undirbúið eða árangur tryggður. „Það þýðir ekkert að hugsa þetta *til eilífðarnóns*, þú verður bara að láta vaða“.
- Láta vaða á súðum** (orðtak) Um frásögn/framkomu; vera frakkur; sjást lítið fyrir; vanda lítið. „Þú þarft að vanda þig betur við þetta; það dugir ekki að láta bara vaða á súðum og gera það bara einhvernvegin!“ „Hann fór mikinn í frásögninni, og lét þá bara vaða á súðum og bætti í skörðin þegar minnið brást“. Líkingin vísar til þess að báti sé siglt óvarlega; þannig að hann hallast og sjór veður á efstu borðum/súðum. Sjá *súð*.
- Láta vel að** (orðtak) A. Vera góður/blíður við manneskju/skepnu. B. Um smíði; falla vel; ganga vel að seyma.
- Láta vel af** (orðtak) *Bera vel söguna*; lýsa á jákvæðan hátt. „Hann lét vel af skemmtuninni“.
- Láta vel af sér** (orðtak) Líka vel; vera ánægður. „Mér heyrðist að hann léti vel af sér á nýja staðnum“.
- Láta vel í eyrum** (orðtak) Hljóma vel; vera gott að heyra. „Þessi áætlun lætur nokkuð vel í mínum eyrum“.
- Láta vel í munni** (orðtak) Um orð/málfar; hljóma vel; vera þægilegt í framburði. „Jeppinn var kallaður“ Sigga dýra“. Það nafn kom með honum og átti sér nokkra forsögu, en lét svo vel í munni að það hélst áfram“.
- Láta vel af/yfir sér** (orðtak) Vera ánægður á tilteknum stað/ í vist. „Hann lætur bara vel af sér þarna í heimavistinni“. „Ég reyndi að láta vel yfir mér, en var þó með allmikla heimþrá“.

Láta vera (orðtak) Hreyfa ekki við; ekki snerta; *láta liggja; láta kjurrt/kyrrt.*

Láta (það) vera (orðtak) Láta liggja milli hluta; tjá sig ekki. Í seinni tíð oftast notað þegar gengur fram af einhverjum; „Ætlarðu berhöfðaður út í þetta veður? Ég læt það aldeilis vera“! Eða þegar gert er lítið úr einhverju; „Þú spyrð um uppskeruna. Ég læt það nú allt vera hvað hún er mikil þetta árið“. Oftast þung áhersla annaðhvort á „læt“ eða „það“.

Láta verða af (orðtak) *Koma í verk/framkvæmd; láta til skarar skriða.* „Aldrei lét ég verða af því að heimsækja þau þetta sumarið þó ég hafi lofað því“.

Láta viðgangast (orðtak) Leyfa tiltekinni athöfn/verknaði/broti að halda áfram; stöðva ekki; *láta kyrrt liggja.* „Hann sagðist ekki geta látið svona *skussahátt* viðgangast á sínu búi“.

Láta vita af sér (orðtak) *Gera vart við sig*; segja af sínum ferðum. „Hann lofaði að hringja og láta vita af sér þegar hann væri kominn á leiðarenda“.

Láta vorkennast / Leyfa að vorkennast (orðtak) Láta þann afskiptalausán sem er í slæmu skapi/ fúll/ harmar sitt hlutskipti. „Þetta var honum sjálfum að kenna, svo við látum hann bara vorkennast; hann verður sjálfur að bæta sín mistök.“

Láta (vel/illa/fátt/mikið) yfir (orðtak) Bera vel/illa söguna. „Hann lét vel yfir aflabrögðum núna“.

Láta (lítið/mikið/vel/illa) yfir sér (orðtak) Vera áberandi. „Þetta er öndvegisnáungi, þó hann láti lítið yfir sér“. „Hann lætur bara vel yfir sér þarna á heimavistinni“.

Láta yfir sig ganga (orðtak) Leyfa átroðning/áníðslu annarra möglunarlaust; sýna ekki mótþróa. „Ætli maður verði ekki að láta þessa skattþingingu yfir sig ganga eins og annað hjá þessari ríkisstjórn“!

Láta ýmsu (orðtak) Vera með margvíslegu móti/ fjölbreytt/slæm. „Veðráttan hefur látið ýmsu *undanfarið*“.

Láta þar við sitja / Láta sitja við það (orðtak) *Láta gott heita; gera sig ánægðan með*; ganga ekki frekar eftir. „Við vorum komnir með nóg fyrir okkur og létum þar við sitja“.

Láta þess getið/tilgetið (orðtak) Geta þess; minnst á. „Hann afhenti gjöfina og lét þess tilgetið að hún væri frá öllum hreppsþúum“. „Þá vil ég láta þess getið að þeir Gísli Ó Thorlacius og Jón Pétursson hafa gefið ám, lömbum og hrossum nýja mjólkursýru með ágætum árangri“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Láta þung orð falla (orðtak) Vera harðorður. „Hann lét ýmis þung orð falla í garð forðagæslumanna“.

Láta öllum illum látum (orðtak) Haga sér framúr hófi illa; vera með djöfulgang/ mikil læti. „Vélarfjandinn hóstaði og sprengdi og lét öllum illum látum“! Visar til hegðunar drauga og þeirra sem haldnir eru illum öndum. Sjá *það kostar klof að ríða röftum*.

Látalæti (n, hk, fto) Sýndarmennska; uppgerð. „Vertu nú ekki með þessi látalæti; þú ert með bullandi hita og átt að koma þér í bælið en ekki vera að vinna“!

Látbragð / Látæði (n, hk) Fas; hegðun; framganga. „Mér sá það strax á látbragði hans að eitthvað var að“.

Látinn (l) A. Líðinn; álitinn. „Hann er vel látinn í sinni vinnu“. B. Settur. „Það er mikilvægt að neglan sé alltaf látinn á sinn stað“. C. Dáinn; sálaður; andaður. „Hann er látinn fyrir nokkrum árum“. Sjá einnig *vant við látinn*.

Látlaust (l) A. Hóflegt; án íburðar; venjulegt. „Hún var í ósköp látlausum klæðnaði“. B. Linnulaust; án afláts; sífellt. „„Uppstigningardagsmessa“ byrjaði á uppstigningardag (fimmtudag) og var rólið látlaust fram á laugardag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Látramannabúnaður (n, kk) Notað (e.t.v. mjög tímabundið) um þann hátt að girða buxaskálmar niður í ullarleista áður en haldið er í gönguferð, s.s. smalamennskur. Ekki notað í niðrandi merkingu, enda skynsamleg aðferð sem vafalítið hefur tíðkast víðar áður fyrr. En orðið var notað af Kollsvíkingum á síðari hluta 20.aldar, þar sem þeim fannst smalabúningur Látramanna sérstakur að þessu leyti.

Láttu mig vita það (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver er viss í sinni sök; oft til að fylgja eftir fullyrðingu.

Láttu (bara) sjá (orðtak) *Vittu til; það máttu reyna.* Áherslusetning, notuð til að fylgja eftir álitni/spádómum. „Hann verður kominn á vestan í fyrramálið; láttu bara sjá“!

Látum okkur sjá (orðatiltæki) Bíðum við; sjáðu til. Hiksetning, oftast í byrjun lengra máls t.d. meðan rifjað er upp í huga eða á bók. „Látum okkur nú sjá; hér held ég að þetta sé einhversstaðar skrifað“.

Látún (n, hk) Messing; brass; málmblanda kopars og sinks. Blanda kopars og tins nefnist brons. Látún er hart og verðmætt efni til margskonar framleiðslu. Hlutfall málmanna er breytilegt, eftir því til hvers látúnið er ætlað. Alfa látún er með minna en 38% sink, og það má hamra til kalt. Beta látún hefur herra sinkmagn og verður einungis hamrað heitt. Hvítt látún er með meira en 45% sink, og er brothættara.

Ledda (n, kvk) Sakka á færi. Eflaust dregið af enska heiti blýs; „led“.

- Leðja** (n, kvk) For; aur; vatnsblandað og seigfljótandi jarðefni. Orðstofninn sami og leður og liðugur.
- Leðurhúfa** (n, kvk) Dembúll; leðurklædd loðhúfa með eyrnaspeldum. „Hvar lagði ég leðurhúfuna“?
- Lefsa** (n, kvk) Lufsa; tjása; klessa. „Hér fann ég lefsu úr gamalli bók“. „Einhverjar *skúralefsur* eru að slæðast hér frammi á vikinni, sýnist mér“.
- Leg** (n, hk) A. Staði þar sem legið er; oftast er átt við gröf í kirkjugarði. „Hann hlaut leg í norðurenda kirkjugarðsins“. B. Líffæri í flestum spendýrategundum kvenkyns, sem ungvíði byrjar þroska sinn í.
- Legga** (n, kvk) A. Lægi báta/skipa. „Legan er ekki orðin örugg, svo þeir halda áfram í sandinn. ... Okkur vantaði örstutt í boðann, þegar á honum reis stórbrot sem æddi hrynjandi yfir sunðið og upp leguna“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). B. Hákarlalega. „Sigurður kvað þetta vera í fyrsta sinn sem óhapp hefði hent sig í hákarlalegu, og væri þetta fyrirboði þess að ekki færi hann fleiri legur á þessu skipi, og reyndist það svo“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Leggáti** (n, kk) A. Sendimaður páfa/konungs; legatus á latínu. Segja má að fyrsti leggáti sem áhrif hafði hérlendis hafi verið Ansgar sá franski sem Grígoríus páfi IV vígði þritugan árið 831 og sendi til Hamborgar í þeim tilgangi að kristna Norðurlönd. Hann var síðar nefndur „postuli Norðurlanda“. Áhrif þeirrar krisnunarbylgju urðu til þess að Íslendingar tóku upp kristinn sið árið 1000. B. Niðrandi uppnefni á manni. „Ég held að þessir leggátar að sunnan ættu þá sjálfir að koma og sýna okkur réttu handtökin, ef þeir þykjast kunna betur til verka“!
- Legg í lófa karls karls** (orðtak) Orðaleikur sem vísar til getleiks. Hann felst í því að einn lokar augunum; réttir fram opin lófann uppíloft og segir: „Legg í lófa karls karls, karl má ekki sjá“. Annar setur þá eitthvað í lófann og á hinn að giska á hvað það er án þess að gá, eða fjölda þess. Var þetta í mínu minni bæði notað sem dægurstytting en einnig til að koma litlum og óvæntum gjöfum/matarbitum/sælgæti til skila. Áður munu hafa verið notaðar kvarnir í þessum getleik. Öll mun vísan vera svona; „Legg í lófa karls karls/ karl má ekki sjá./ Kæra mamma kökubita/ kýs ég mér að fá“ (VÖ).
- Legging** (n, kvk) Kögur; brydding; borðalagning. T.d. á flik eða klæði.
- Leggja** (s) A. Frjósa á yfirborði. „Það er svo kalt að sjóinn leggur“. „Vatnið hefur lagt í nótt“. *Lagnaðaris*. B. Um veður; ganga í garð. „Fóðurbirgðir eru *viðast hvar* sæmilegar. Þó *mun* mörgum *ekki veita af* fóri ef leggðir harðan vetur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).
- Leggja að** (orðtak) A. Um það þegar gerir *aðlögn* eftir sólríkan dag. „Hann er farinn að leggja að“. B. Leggja upp að á báti; t.d. bryggju eða hlein. „Við lögðum upp að hleininni undir Vellinum“. C. *Bvinga um*; þrýsta á einhvern að gera eitthvað. „Ég lagði fast að honum að fara ekki í svona tvísýnu veðurútliti“.
- Leggja að bryggju** (orðtak) Um bát/skip; koma með síðuna upp að bryggju.
- Leggja að jöfnu/líku** (orðtak) Meta jafn mikils; virða jafnt. „Ég legg það ekki að jöfnu hvað þessi lamhrútur er mikið meiri skepna en hinn“.
- Leggja (hart) að sér** (orðtak) Reyna mikið á sig við verk/vinnu; rembast; puða. „Hann úðraði í þessu, en ekki gat ég merkt að hann leggði mikið að sér“.
- Leggja að veði** (orðtak) Setja sem veð. „Ég skal leggja hausinn að veði fyrir því að nú er hann að ljúga“!
- Leggja að velli** (orðtak) Sigrast á; sigra; deyða; drepa; yfirbuga. „Þú leggur þennan risa ekki svo auðveldlega að velli“. Líking við að fella þannig að liggi á t.d. vígvelli.
- Leggja af** (orðtak) A. Horast; grennast. „Lömbin höfðu lagt töluvert af þegar þau náðust loks til byggða“. „Heybirgðir eru ekki eins miklar og hefði þurft að vera í jafnköldum vetri og nú er; enda er fé sumsstaðar að leggja af og kvillar í sauðfé að aukast með vorinu“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932). B. Hætta einhverju vanalegu; leggja niður notkun; *láta af*; *leggja/kasta fyrir róða*. „Þá var svo margt sem þurfti að gera, sem nú er löngu lagt af“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Leggja af sér** (orðtak) A. Leggja frá sér yfirhöfn. „Komdu innfyrr; þú getur lagt af þér þarna á bekkinn“. B. Slægja fisk og farga slóginu. „Formennirnir á bátum þeim er legulóðir áttu úti í Patreksfirði, fyrir utan Tálkna, höfðu bundist samtökum um að *slægja* aldrei *niður* á lóðunum; heldur fara í land og leggja af sér“ (HO; Ævisaga; róíð úr Láturdal).
- Leggja af stað / Leggja á stað / Leggja á leið** (orðtak) Hefja ferð; *halda af stað*; *halda í áttina*. „Oft er rigningasamt á haustin, og stundum fengu menn hin mestu hrakviðri; auk þess að ekki var hægt að leggja af stað fyrr en slátrun var lokið og því alltaf komið biksvart haustmyrkur áður en lagt var af stað“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). Líklega er er upprunalegra að segja „leggja á stað“ eða „leggja á leið“, og var það fremur notað af eldra fólki í Kollsvík á síðari hluta 20. aldar. Notkun „á“ er þá hin sama og t.d. „leggja á fjall“ eða „leggja á haf“.

- Leggja aftur** (orðtak) Loka; halla aftur. „Leggðu aftur hurðina; það er hálfkalt hér inni“. „Ég sofnaði um leið og ég lagði aftur augun“.
- Leggja á** (orðtak) A. Leggja reiðtygi á hest. „Hjálpíði nú póstinum að leggja á, strákar“. B. Brýna eggjárn á hverfisteini. „Sæktu nú vatn á hverfisteininn; það þarf að leggja ljáinn á“. C. Leggja símtól á eftir símtal. „Það er ekki furða þó síminn hafi þagað í dag; tólið hefur ekki verið lagt vel á“. D. Auka erfíði. „Ég held að strákarnir eigi skilið að fá frí það sem eftir er dagsins; það er ekki hægt að leggja endalaust á þá af vinnu“. E. Um það þegar eykur vind. „Það var mjög tregt, og illt í sjóinn. Það lagði á norðanspænu með hálfgerðum brimhroða“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). F. Setja stýri á bát/bíl/traktor yfir í annað borðið; *leggja í borð*. „Leggðu á í bakborðið svo ég nái baujunni“. F. Binda í álög; mæla svo um. „Kollur er sagður hafa falið vopn sín og verðmæti undir Biskupsþúfu, en lagt það á hana að illa færi ef við þessu yrði hreyft“. „Þig að lokum legg ég á/ lostin ástarbruna;/ meyju engri máttu hjá/ mennskri framara“ (JR; Rósarímur). G. Hækka verð vöru. „Það verður að leggja á fyrir sláturkostnaðinum“.
- Leggja á borð** (orðtak) Setja borðbúnað á borð fyrir máltíð. „Ég lagði á borð fyrir fjóra en einn kom ekki“.
- Leggja á borð með sér** (orðtak) Leggja til í sameiginlegt; taka þátt í kostnaði/matföngum við matarboð eða annað sem manni er boðið í; koma með veisluföng með sér. „Ég bauð honum í mat og hann lagði rauðvínsflösku á borð með sér“.
- Leggja á flótta** (orðtak) Flýja; *láta undan síga; hopa/renna/flýja af hólmi*. „Hann lagði á flótta þegar tuddi kom bölvandi í áttina að okkur“.
- Leggja á glæ** (orðtak) Um veiðiskap; róa lóð svo hægt út að hún leggist í lykkjur og fljóti í stað þess að standa afturaf bátnum. Sjá *standa á glæ*.
- Leggja á helming** (orðtak) Um verkun fisks; para; leggja í bylming; leggja fiskhelmingana saman eftir að flatt hefur verið, og síðan annan samanlagðan fisk á móti í gagnstæða stefnu. Þannig er unnt að raða fiskinum reglulega meðan hann bíður frekari verkunar. “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Leggja á hilluna** (orðtak) Hætta við áform/verknað; fresta/ leggja af vinnu/sið o.s.l. „Ég lagði þessi áform á hilluna í bili“.
- Leggja á laupana** (orðtak) Leggja af stað í göngu. „Ætli við þurfum ekki að fara að leggja á laupana ef við eigum að ná heim aftur fyrir myrkur“. Sjá *leggja upp laupana*.
- Leggja á minnið** (orðtak) Einbeita sér að reyna að muna; festa sér í minni. „Ég sé eftir að hafa ekki lagt á minnið það sem gömlu mennirnir sögðu um fiskimiðin á víkinni“.
- Leggja á mis/misvíxl** (orðtak) Leggja eitthvað niður þannig að (endar) víxlist sitt á hvað, eða gangi hvað meðfram öðru. „Virendarnir eru lagðir á mis á minnst spannarlöngu bili, til að unnt sé að snúa þá tryggilega saman“.
- Leggja á ráðin** (orðtak) Ráðgera; skipuleggja; hugsu ráð til. „Nú þurftum við að leggja á ráðin um hefndir“.
- Leggja á sig** (orðtak) Erfíða; puða; takast á hendur. „Það hey þurfti að bera á bakinu um snarbratta hryggi, með hengiflug fyrir ofan og neðan. Þetta var mjög harðsótt og hættuleg heyöflun, en menn lögðu ýmislegt á sig til að eiga nóg fóður fyrir skepnur sínar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Leggja áherslu á** (orðtak) Segja/gera af miklum þunga; segja vera aðalatriði; draga sérstaklega fram. „...væri því fremur ástæða til þess að leggja á þetta sérstaka áherslu þar sem von væri um aukna aðstoð hins opinbera að ræða“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Leggja árar í bát** (orðtak) A. Hætta að róa; *leggja upp árar*. B. Líkingamál; gefast upp. „Hann leggur nú ekki árar í bát þó sýslumaður helli brugginu niður“.
- Leggja (blátt) bann við (einhverju)** (orðtak) Banna eitthvað algerlega; *harðbanna*. „Ég lagði blátt bann við því að þeir færu á sjó á þessu *lekahripi*“.
- Leggja báru** (orðtak) Gera/auka báru/öldu. „Samt lagði oft þá báru, að seila þurfti fiskinn á floti og láta seilarnar útbyrðis; jafnvel setja þær á streng, til þess að vera laus við þær meðan bátnum var brýnt úr sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Leggja bót með böli** (orðtak) Láta eitthvað jákvætt/bætandi fylgja hinu neikvæða/skemmandi. Sjá *leggja líkn með/við þraut*.
- Leggja dóm á** (orðtak) Dæma um; *kveða uppúr með*. „Ég ætla engan dóm að leggja á þetta“.
- Leggja drög að** (orðtak) Undirbúa; skipuleggja; áætla; *gera ráðstafanir til*. „Hann er farinn að leggja drög að næstu bók“. Vísar líklega til þess að byrja smíði báts, en drög hafa líklega verið slár sem síðar nefndust stökktré. Vera kann einnig að drag hafi merkt hlunnur, sem einnig er auðskilið.
- Leggja eið að** (orðtak) Sverja. „Ég skal leggja eið að því að þú fair að koma með á sjóinn á morgun“!

- Leggja fram** (orðtak) *Reiða fram; sýna; koma með; inna af hendi.* „Hann lagði fram dágóða upphæð í söfnunina“.
- Leggja fram hneifar** (orðtak) Fara með haukalóð á sjó og leggja hana.
- Leggja fyrir** (orðtak) A. Leggja hlunna fyrir bát. „Ef þú ert orðinn nógu stór til að leggja fyrir, þá hlýturðu að geta komið með á sjóinn“. „Tveir settu bátinn niður en einn lagði fyrir“. B. Spara fé; koma sér upp varasjóði. „Það getur verið skynsamlegt að leggja fyrir, þegar maður hefur rúman fjárhag“. C. Leggja til við; skipa fyrir. „Þessi tillaga var lögð fyrir fundinn“. „Þeim var lagt fyrir að smala sitt land undanbragðalaust“. Sjá *fyrirlagt*.
- Leggja fyrir róða** (orðtak) Leggja af; hætta því sem tíðkast hefur; hætta notkun; láta lönd og leið. „Svona byggingarlag hefur, *sem betur fer*, verið lagt fyrir róða“.
- Leggja fæð á (einhvern)** (orðtak) Vera illa við einhvern; *bera kala/pela/ þungan hug til einhvers; vera í nöp við einhvern*; hata einhvern. Bókstafleg merking er að tala ekki við einhvern vegna misklíðar/ósættis. „Ég veit ekkert hversvegna hann hefur lagt þessa fæð á mig uppá síðkastið“.
- Leggja (einhverjum) gott til** (orðtak) Tala vel um; mæla með; skjalla; hæla. „Hún lagði honum gott til“.
- Leggja hald á** (orðtak) Taka í sína vörslu; *gera upptækt*; hirða; *sölsa undir sig*.
- Leggja hart að sér** (orðtak) Strita; reyna á sig. „Lífsbaráttan var ávallt hörð og menn urðu að leggja hart að sér til þess að sjá sér og sínum farborða“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þær voru alla tíð erfiðar, bjargferðirnar, þótt ekki væri lagt jafnhart að sér og í þessari ferð“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Eins og aðrir sveitungar mínir á þessum tíma voru þeir Gummi og Liði ágætir vinir og lögðu gjarnan hart að sér til að gera öðrum greiða“ (PG; Veðmálið).
- Leggja hausinn að veði** (orðtak) Í svardögum/heitingum; leggja mikið undir. „Ég skal leggja hausinn að veði fyrir því að þessi kind verður komin inná Hlíðar strax á morgun, með bæði lömbin“!
- Leggja hendur á** (orðtak) Taka með valdi; beita valdi; taka höndum. „Ég legg ekki hendur á minnimáttar“!
- Leggja höfuð að kodd** (orðtak) Hvíla sig; sofa; ná hvíld; fá lúr. „Það hefur verið svo mikið að gera yfir sauðburðinn að ég hef varla lagt höfuð að kodd síðustu vikuna“.
- Leggja höfuðið/heilann í bleyti** (orðtak) Íhuga vandlega. „Ég þarf að leggja höfuðið í bleyti og reyna að rifja þetta upp“. Uppruni orðtaksins virðist byggja á misskildu dönsku orðtaki; „lægge sit hoved i blød“, sem er notað í svipaðri merkingu en merkir að leggja höfuð á kodd; þ.e. sofa á vandamálinu.
- Leggja hönd á plóg** (orðtak) Veita aðstoð; leggja lið; leggja fram vinnu. „Þá vildi ég fórna þér afli og önd/ og aldregi horfa til baka./ En leggja á starfsplóginn haldgóða hönd/ og hugsu eki um annað en vaka./ Því miðnætorsólin hún sefur ei blund/ þó svolítið noðni hún ægis við fund“ (VÖe; Ísland).
- Leggja í** (orðtak) A. Um saltfisk; leggja í bleyti; útvatna. „Farðu nú upp í brunnhús og leggðu í“. B. Áræða; þora. „Ég lagði bara ekki í að byrja einn á þessu verki“. „Eigum við að leggja í þetta“?
- Leggja í borð** (orðtak) Beita stýri báts/ökutækis til fulls á annan veginn. „Leggðu hart í stjórnborðið svo við fáum ekki færið í skrófuna“!
- Leggja í einelti** (orðtak) Hafa útundan; niðast á umfram aðra. „Ég fann það vel á eigin skinni hvernig unnt er að brjóta börn niður með því að leggja þau í einelti í skóla. Sá glæpur varð þó ekki viðurkenndur fyrr en á síðari tímum; en jafnvel í dag virðast eineltisáætlanir og sálfræðiaðstoð ekki ná utanum vandann“.
- Leggja í hann** (orðtak) Leggja af stað; fara af stað í ferðalag. „Eigum við þá ekki bara að leggja í hann“?
- Leggja í púkk** (orðtak) Setja saman/ í sameiginlegan sjóð. „Mat var komið með af heimilunum og svo lagt í púkk; helst í trogum sem voru þá víðast til“ (SG; Þorrablót; Þjhd.Þjms). „Sjóðurinn verður auðvitað því stærri sem fleiri leggja í púkkið“.
- Leggja í rúst** (orðtak) Eyðileggja; brjóta niður; *rústa*. „Rokið hafði lagt þetta hrófatildur í rúst“.
- Leggja í sölurnar** (orðtak) *Hætta til*; leggja undir; stofna í hættu. „Ég ætla nú ekki að leggja lífið í sölurnar við að ná þessari fjallageit. Hún skilar sér sjálf heim ganginn ef við látum hana vera“.
- Leggja í vana sinn** (orðtak) Gera að vana sínum; *hafa fyrir vana*. „Ég legg það helst ekki í vana minn að munnhöggvast við svona þverhaua“!
- Leggja/stofna/tefla í tvísýnu** (orðtök) *Tefla á tvær hættur*; leggja í hættu. „Við erum ekkert að leggja í neina tvísýnu fyrir þessar skjátur. Þær verða þarna þegar veðrið lagast“.
- Leggja kapal** (orðtak) Spila einn á spil, þannig að þau eru lögð niður og færð eftir ákveðnum reglum.
- Leggja kapp á** (orðtak) Leggja áherslu á; einbeita sér að. „Við lögðum kapp á að ná öllu heyinu í galta“.

- Leggja kisu** (orðtak) Um veður; gera vindkviður. „Til hafsins er kominn norðan mökkur; og jafnsnemma leggur norðan kisu heim úr Blaknum og eykur norðan báru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Leggja kollhúfur** (orðtak) A. Um hegðun dýra; leggja eyrun aftur, til að sýna t.d. geðshræringu. B. Líkingamál um manneskju; þegja í stað þess að svara; sýna óánægju.
- Leggja lag sitt við** (orðtak) Vera í vinfengi við. „Ég hef sjaldan lagt mitt lag við þannig pótintáta“.
- Leggja land undir fót** (orðtak) Leggja af stað í ferðalag/langferð. „Ætli maður þurfi ekki að leggja land undir fót og leita að þessum rolluskjátum“. „Ég var nú svona í huganum hnuggin bæði og reið./ Hnjótsheiði ég lagði undir fótinn./ Ég vildi ekki gefast upp, þó grýtt væri mín leið/ því gatan stefndi beint á Örlygshnjótinn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Leggja leið sína** (orðtak) Fara; ganga. „Hvert skyldu kýrnar vera að leggja leið sína núna“?
- Leggja lið** (orðtak) Veita aðstoð/liðsinni; hjálpa; *leggja ekki á liði sínu*. „Ég vildi leggja honum lið í þessu, enda mjög þarft málefni“.
- Leggja líf sitt við / Leggja lífið að veði fyrir** (orðtök) Í heitingum/svardögum; setja lífið að veði oftast fyrir því að eitthvað standist/ sér rétt. „Ég skal leggja líf mitt við að þetta er dagsatt“!
- Leggja (einhverjum) lífsreglurnar** (orðtak) Skipa fyrir; segja fyrir um tilhögun; skipuleggja. „Ég er búinn að leggja honum lífsreglurnar um það sem *til hans friðar heyrir*“. „Vert þú bara ekkest að leggja mér lífsreglurnar á þessu sviði; ég var farinn að kunna á þessu tökin meðan þú varst enn í vögg“!
- Leggja líkn með/við þraut** (orðtak) Lina þjáningar. „Skaparinn lagði þá líkn við þraut þeirra sem þyrstir flækjast um Stíginn í sólarbreyskju; að í Sniðunum er lindin Merarhola, með nægu og góðu drykkjarvatni“. Sjá *leggja bót með böli*.
- Leggja lokahönd á** (orðtak) Ljúka við verk/framkvæmd; gera síðustu handarvikin.
- Leggja lóðir** (orðtak) A. Bókstafleg merking; leggja lóðir í sjó til veiða; *leggja snæri*. B. Háðsyrði um sjóveiki; leggjast á borðstokkinn til að æla; *kalla í Eyjólf; skila nestinu*. „Hann var nú mestan part í að leggja lóðir í fyrsta róðrinum, strákgreyið“.
- Leggja lykkju á leið sína** (orðtak) Fara lengri leið en ætlað var. „Ég lagði lykkju á leið mína og leit við hjá gömlu hjónunum, fyrst ég var þarna í nágrenninu“.
- Leggja mat á** (orðtak) Meta; virða. „Það er ekki mitt að leggja mat á þetta“.
- Leggja meiningu/merkingu í** (orðtak) Skilja á ákveðinn veg. „Ég lagði nokkuð aðra meiningu í þessi orð en hann gerði“.
- Leggja merki til** (orðtak) Taka eftir; veita athygli. „Ekki gat ég lagt nein merki til þess að hann væri byrjaður á verkinu“. Úr dönsku: „lægge märke til“.
- Leggja niður** (orðtak) A. *Steina niður* net í bát. Einnig var talað um að *greiða niður* í sömu merkingu. B. Hringa línu niður í bala eða á bjóð. C. Hætta. „Sú útgerð var lögð niður árið eftir“.
- Leggja niður fyrir** (orðtak) Skipuleggja; hugsa fram í tímann. „Ég hef nú ekki alveg lagt niður fyrir mér hvernig best sé að haga þessu verki“.
- Leggja niður rófunu/skottið** (orðtak) Gefast upp; hætta við; guggna á. Líking við hund sem sýnir auðmýkt.
- Leggja nótt við dag** (orðtak) Vinna samfellt, daga og nætur. „Hún lagði nótt við dag til að anna öllum sínum verkum...“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Leggja ofaní** (orðtak) Um veiðiskap; *leggja yfir*; leggja línu/net yfir veiðarfæri annars. „Það er á mörkunum að hér sé hægt að leggja án þess að leggja ofaní. Það er allavega eins gott að vera viss á falli og stefnu“.
- Leggja ofurkapp á** (orðtak) Leggja mikla áherslu á; einbeita sér að. „Hann lagði ofurkapp á að ná upp netunum á Kollvíkinni fyrir norðangarðinn“.
- Leggja orð í belg / Leggja orð að/til / Leggja gott til** (orðtök) Leggja til málanna; segja. „Ég vildi nú líka leggja eitthvað orð í belg í þessu máli“. „Þeir tóku tal saman; hvað gera skyldi, og fleiri lögðu orð til“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Vísar e.t.v. til sögunnar af Ullarvindli í Þjóðsögum, en hann skyldi fá kóngsdóttur ef hann gæti fylgt belg af orðum. Sjá einnig; *tala í belg og biðu*.
- Leggja (einhverjum) orð í munn** (orðtak) Hafa eitthvað það eftir öðrum sem vafasamt er hvort réttthermt er; hafa rangt eftir öðrum. „Ég er ekkert hrifinn af því að hann sé að leggja mér orð í munn“!
- Leggja ríkt á við** (orðtak) Leggja mikla áherslu á; *biðja lengstra orða*. „Ég lagði ríkt á við hann að þetta þyrfti að komast í lag á morgun“.
- Leggja rækt við** (orðtak) Stunda af alúð/kostgæfni; vera natinn við. „Þú þarft að leggja meiri rækt við námið“.

- Leggja saman** (orðtak) A. Í stærðfræði; sameina tvær eða fleri tölur í eina. B. Hjálpast að; samstillta krafta sína. „Þegar skelin var plægð upp lögðu ávallt tvær skipshafnir saman til þeirrar beituöflunar“ (KJK; Kollsvíkurveir; sjá *kúfiskur*). C. Brjóta niður/saman. „Skríðan rann yfir kofann og lagði hann saman“.
- Leggja sér til** (orðtak) Koma með í sameiginlegt búshald/borðhald o.fl. „Égþurfti sjálfur að leggja mér til hlífðarföt og stígvél“.
- Leggja sér til munns** (orðtak) Borða/láta ofaní sig. „Hvítlaukur er nokkuð sem ég legg mér aldrei til munns. Enda er þetta innfluttur ósómi; ku vera notaður erlendis til að halda blóðsugum og öðrum þúkum í skefjum“.
- Leggja sig** (orðtak) Leggjast niður; hvíla sig; sofa; *halla sér; fleygja sér; fá sér blund/lúr/kríu*. „Ég lagði mig aðeins eftir matinn“. Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum: „Heyrðu Gummi! Komdu og líttu á þennan: Heldurðu ekki að hann leggi sig bærilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? (PG; Veðmálið).
- Leggja sig á** (orðtak) Vera virtur á; vera að verðlagi; kosta. „Hver dilkur leggur sig á nokkur þúsund krónur“.
- Leggja sig eftir / Leggja sig í framkróka við / Leggja sig fram um** (orðtak) Reyna sérstaklega / reyna eins mikið og hægt er; leggja mikið á sig fyrir. „Ég iðra þess núna að hafa ekki lagt mig betur eftir að meðtaka þann fróðleik sem hraut af vörum gömlu karlanna, þegar þeir hittust“. „Ég lagði mig í framkróka við að gera þeim til hæfis, en það var ekki mikils metið“.
- Láta sig inni** (orðtak) Blanda sér í; taka þátt í. „Ég hef ekkert verið að láta mig inni þennan félagsskap“.
- Leggja sig fram** (orðtak) Reyna mikið; taka á; vinna að. „Ég man vel að sjá roska bændur ríghalda um „rattið“ og leggja sig fram um að ná árangri við stjórnina“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Leggja sig í framkróka** (orðtak) Leggja sig fram: reyna mikið. „Ég lagði mig í framkróka við að sannfæra hann, en án árangurs“.
- Leggja sig í líma við** (orðtak) Leggja sig í framkróka; reyna mikið. „Hann lagði sig í líma við að fylgja öllum reglum“. Lími er sama og lim/trjágrein/vöndur. Orðtakið táknar þrautseigju, og líklega vísar það til þess að menn leggist í leyni í runna og bíði af þrautseigju eftir bráð eða óvinum. Um það skal þó ekki fullyrt.
- Leggja sig niður við** (orðtak) Láta svo lítið að; eyða tíma í; vanda sig við. „Ég hef ekkert verið að leggja mig sérstaklega niður við að læra þetta“.
- Leggja sitt að mörkum** (orðtak) Standa við sinn hlut; leggja sitt fram. „Hún lagði sitt að mörkum til verksins“. Upprunaleg merking er líklega sú regla sem haldist hefur frá grárrí fornaskju, að báðir jarðeigendur skulu girða á landamerkjum (mörkum jarða) þar sem þess er þörf. Þ.e. hvor þeirra skal „leggja sitt að mörkum“.
- Leggja sitt lóð á vogaskálarnar** (orðtak) *Leggja sitt að mörkum*. Dregið af því að auka vægi þegar hlutur er vigtaður.
- Leggja snæri** (orðtak) Leggja lóðir; leggja fiskilínu til veiða. *Snæri* var gælunafn á lóð, einkum lúðulóð/haukalóð.
- Leggja snöru fyrir** (orðtak) A. Veiða í snöru, t.d. fugl eða aðra bráð. B. Líkingamál; beita brögðum.
- Leggja spilin á borðið** (orðtak) Líkingamál um það að vera hreinskilin/ *gera hreint fyrir sínum dyrum*.
- Leggja stein í götu (einhvers)** (orðtak) Gera einhverjum erfitt fyrir; spilla fyrir einhverjum. „Ef þú ert ákveðinn í þessu þá ætla ég ekki að leggja stein í götu þína með það; en ekki er ég samt sáttur við það“.
- Leggja stund á** (orðtak) Læra; einbeita sér að; læra sem sérgrein. „Forfeður okkar; forn-Íslendingar, lögðu mikla stund á íþróttir“ (Guðmundur Hákonarson; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Leggja til** (orðtak) A. Skaffa; færa í búið; gefa. „Ég skal lofa þér fallegustu lífgimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið). B. Koma með tillögu; stinga uppá. „Ég legg til að við kjósum um þetta mál“. C. Sameina svæði. „Rauðasandshreppur var lagður til Vesturbyggðar eftir kosningu“. D. Hagræða í liggjandi stöðu. „Hann fékk aðsvif, svo við studdum hann að dívaninum og lögðum hann til“. E. Segja um; hafa uppi; fullyrða um. „Aldrei lagði hún nokkrum manni til eitt einasta styggðarorð“.
- Leggja til hafs** (orðtak) Sigla/synda frá landi á haf út. „Lambið var orðið snarvitlaust; stökk í sjóinn og lagði til hafs. Kristján snaraði sér úr fötunum; skelli sér í sjóinn; tókst að synda það uppi og koma því til lands“.
- Leggja til hliðar** (orðtak) A. Leggja frá sér; hætta að gera/ vinna við. „Leggðu þetta til hliðar meðan þú stjórnar traktornum“. B. Trúa ekki því sem sagt er. „Ég heyrði þessa frétt, en ég legg nú svona slúður alveg til hliðar“. C. Spara; safna fé. „Það er óráð að eyða svo miklu að ekkert sé lagt til hliðar“.
- Leggja til í göngur / Senda í göngur** (orðtak) Hver landeigandi og hver fjáreigandi þarf að leggja til mann/menn í sameiginlegar göngur/leitir á haustin, samkvæmt fjallskilareglugerð. Hreppsnefndfjallskilaneftnd ákvað fjölda hvers og eins áður en göngur hófust og gaf það út á fjallskilaseðli,

ásamt fleiru um göngurnar, s.s. réttardaga. „Gangnaseðillinn sem barst bæ frá bæ, kom að Láganúpi um hálfum mánuði fyrir göngur og þaðan varð pabbi að senda með hann út að Breiðavík. Í honum var ákveðið hvað pabbi ætti að senda marga í göngur á Breiðavíkurrétt, og hvort hann ætti að sækja fé á Skógarrétt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Leggja til lags (orðtak) *Leggja upp* árar; hagræða árum í bát að loknum róðri. „Í Útvíkum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. Árar voru *lagðar til lags*; blöð *andófsára* lágu fram á söx en blöð *miðskips- og austurúmsára* aftur. (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Leggja (einhverjum) til lasta (orðtak) Sjá það sem ókost við einhvern; leggja einkenni einhvers út á verri veg. „Sumir vildu leggja honum það til lasta að hann væri kjöftugur, en mér fannst hann bara hreinskilinn“.

Leggja til málanna (orðtak) Koma með tillögu/athugasemd; *leggja til*. „Hefur þú eitthvað til málanna að leggja“?

Leggja/leggjast til sunds (orðtak) Hefja sund; fara á sund. „Hrollkalt hefur það verið að leggja til sunds í köldu lóninu“.

Leggja trúnað á (orðtak) Trúa; *taka fyrir satt*; líta á sem sannleika. „Ég legg nú lítinn trúnað á það sem sá *kjaftaskur* segir“!

Leggja undir/við (orðtak) Um róðrarlag; hamla; andæfa; róa gegn reki. Í Kollsvík var oftast notað að *stinga við*.

Leggja undir sig (orðtak) Sölsa undir sig; taka undir sín yfirráð. „Melurinn er búinn að leggja allt brystið undir sig“.

Leggja upp (orðtak) A. Um róðrarlag: Leggja árar upp í bát eftir róður; *leggja árar í bát*. Einnig sagt „leggja upp árar“. „Leggið upp drengir; ég set í gang vélina“. Eftir að vélar komu í báta sem róid var úr Útvíkum var venja að róa á árum fram úr lendingunni, þar til komið var nægilega djúpt til að skrúfu væri óhætt. B. Um veðurfar: Þegar herðir álandsvind. „Hann er að leggja þennan kalda upp á vikina núna, sem var hér útifyrir í morgun“. C. Fara af stað; hefja ferðalag. „Við lögðum upp frá Láganúpi snemma um morguninn“. D. Um málefni; reifa; hefja máls á; forma. „Mér leist ekkert á málið, eins og það var lagt upp fyrir mér“.

Leggja upp laupana (orðtak) Deyja; sálast; hætta. „Verslun í dreifbýlinu lagði víðast upp laupana þegar fólk gat með góðu móti farið að versla við lágverðsverslanir í höfuðborginni“. Sumir málfræðingar vilja skýra orðtakið með því að hér sé átt við ílátið laup, en það er fráleitt. Kollsvíkingar notuðu orðið „laupar“ yfir fætur (sjá *laupur*) og með því verður orðtakið auðskilið.

Leggja uppúr (orðtak) Meta mikils; leggja áherslu á. „Hann lagði mikið uppúr því að mæta stundvíslega“. „Ég legg ekki mikið uppúr þessu bulli fyrir kosningarnar. Það vill nú gleymast þegar á hólminn er komið“!

Leggja upp (orðtak) A. Taka upp/ herða álandsvind; *ryðja upp* þoku: „Þegar þoka var við hafsbrún var hann að leggja upp og boðaði það sterka innlögn; væga norðanátt sem þá hét *stillt átt*“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). „Hann er að leggja upp *þokufýlu*“. B. Hætta að róa og leggja árar í bát: „Er komið var að Látrabjargi segir formaður að nú sé kominn *útstraumur* og best að leggja upp árar og *láta reka* út með Bjarginu“ (EO; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). C. Landa afla að staðaldri. „Ég gerði út frá Gjögurum en lagði upp á Patró“. D. Skipuleggja; áætla. „Smölunin var þannig lögð upp að Breiðvíkingar og aðrir yrðu jafnsnemma komnir með féð framan úr Breiðvík og Kollsvíkingar kæmu með reksturinn niður Hjallagötur og úr Fjarðarhorni“.

Leggja upp árar (orðtak) Hætta að róa; leggja upp. „Það var ekkert annað en fara að ausa uppá karft; leggja upp árar og tréreisa sem kallað var...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Leggja upp í langferð (orðtak) Fara af stað í langa ferð. „Það er nú óþarfi að nesta sig eins og maður sé að leggja upp í langferð, þó maður rölti hér yfir hálsinn“!

Leggja upp laupana (orðtak) Deyja; gefast upp; ónýttast. „Ég er ansi hræddur um að nú hafi þessar hjólbörur endanlega lagt upp laupana“. Laupar merkir líklega fætur í þessu tilliti þó síðustu aldir hafi orðið merkt ílát af vissri gerð eða hrafshreiður. Til fyrri merkingar bendir einnig orðtakið að „*leggja á laupana*“ sem stundum heyrðist í Kollsvík og merkir að leggja af stað í gönguferð“.

Leggja uppí (orðtak) Hagræða netum í bát á landi, áður en haldið er á sjó til að leggja þau; *steina niður*. Oftast voru tveir að verki, og sinn dró hvorn þinninn í sitt rúm aftarlega í bátnum, líkt og gert var þegar þau voru dregin á sjó.

Leggja uppúr (orðtak) Sjá ávinning í; þykja varið í; leggja áherslu á. „Þrátt fyrir verri aðstæður á þeim tíma var alltaf lagt mikið uppúr hreinlætinu“. „Ég legg nú ekki mikið uppúr þessu sveitaslúðri“.

Leggja út / Leggja upp (orðtak) A. Um það annarsvegar að leggja árar út; koma þeim á tollurnar og gera sig kláran í að róa og hinsvegar að hætta að róa; kippa árum uppaf tollum og leggja þær til í bátnum. „,Það var

- ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvei; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). „Bátum er stjakað frá landi með ár og lagðar út árar meðan vélin er sett í gang“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG). B. Greiða; *punga út*. „Ég legg út fyrir þessu“. Sjá *útlagður kostnaður*.
- Leggja útaf** (orðtak) A. Leggja niður; fella. „Nautið réðist á staurinn og lagði hann útaf“. B. Nota sem útgangspunktur í ræðu. „Presturinn lagði útaf dæmisögunni um týnda soninn“.
- Leggja vangann við** (orðtak) Hundsa það sem viðmælandi segir; vera ekki sammála viðmælanda; sýna þversku eða mótpróa. Vísar til þess að snúa ásjónu ekki að viðmælanda.
- Leggja verk upp á** (orðtak) Hafa fyrir; nenna að gera. „Stígvélin voru orðin svo slitin að ég lagði ekki verk uppá að bæta þau lengur, heldur fékk mér ný“.
- Leggja við** (orðtak) A. Leggja eitthvað við bólgu eða sár, t.d. kaldan bakstur. B. Beisla hest. C. Leggja báti/bíl uppað. „Það var sléttur sjór og hægt að leggja við hleinina“. D. Leggja hlunn fyrir bát; *leggja fyrir*.
- Leggja við drengskap sinn** (orðtak) Sverja við sinn heiður. Drengskaparloforð.
- Leggja við hlustir** (orðtak) Hlusta; reyna að hlusta eftir. „Ég lagði við hlustir, þegar ég þóttist þekkja rödd hans“.
- Leggja við stjóra** (orðtak) Um bát; leggja við akkeri; varpa akkeri. „Þegar Fönix er fullfermdur, er hann færður fram á Lægið og lagt við stjóra“ (KJK; Kollsvíkurvei).
- Leggja vindhviður/strokur** (orðtak) Um það þegar einstökum vindhviðum slær niður á sjávarflötinn. „...er við fórum að huga að sáum við að við vorum komnir suður á Látraröst, og er farið að leggja snarpar vindhviður á sjóinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Leggja yfir** (orðtak) A. Um veiðiskap; *leggja ofaní*; leggja net/línu yfir annað sem fyrir er; oftast af gáleysi eða slysi. Nokkuð var um þetta t.d. þegar mest grásleppuútgærd var á árunum 1970-1995, en þá var þétt raðað strengjum frá Gjögurum út að Þyrsklingahrygg; á Kollsvík og í Breiðuvík. Menn voru misjafnlega lagnir og hugsunarsamir með að leggja. Þetta dró úr veiði hjá báðum og tafði drátt hjá þeim sem fyrir varð. Venja var að hann skæri í sundur aðkomustrenginn og hnýtti hann aftur saman með þverhnút undir sínum streng. Sumir hefndu sín þó með því að láta það ógert, þannig að netið flaksaðist sundurskorið fyrir straumnum“. B. Um siglingu skips; *stagvenda*; hagræða seglum til að sigla aðra stefnu. „Á Pálmásunnudagskvöld var skipinu lagt yfir, og lá þá frá landi; með vind á stjórnbörðssíðu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).
- Leggja það til hliðar** (orðtak) Sjá *ég legg það (nú) (alveg) til hliðar*.
- Leggjalangur** (l) Með langa fætur. „Þessi leggjalangi hlýtur að geta hlaupið uppi hvaða kind sem er“.
- Leggjarbragð** (n, hk) Bragð í glímu. Sækjandi bregður hægra fæti innanverðum fast og snögglega utan á vinstra jarka keppinautarins; lyftir honum lítið eitt og hnykkir af handafli til hliðar, um leið og hann kippir vinstra fæti hans til vinstri. Öfugt leggjarbragð er lagt með vinstra færi á hægri fót.
- Leggjast** (s) A. Um mann/dýr; leggja sig niður. B. Um hávaxið gras; leggjast flatt undan eigin þunga; spretta úr sér. „Túnið er farið að leggjast sumstaðar; það þyrfti nauðsynlega að fara að slá það“. C. Um veiðiskap; stöðva bát og hagræða honum 'vert á straum áður en veiðar eru hafnar. D. Um siglingu báts; varpa akkeri/stjóra. „...þeir hljóti að vera á rangri leið þar sem þeir séu ekki komnir að landi; best sé að leggjast“ (ÖG; Þokuróður).
- Leggjast á árar/árina með (einhverjum)** (orðtak) Aðstoða einhvern; hjálpa einhverjum við einhverja framkvæmd; taka undir málstað einhvers; *hallast á sveif með* einhverjum. Merkir upphaflega að *stinga á*; þ.e. að maður sem stendur framan við ræðara báts hjálpi honum við róðurinn með því að ýta á árina.
- Leggjast á eitt** (orðtak) Vinna samtaka; beita sameiginlegu átaki. „Nú verða allir að leggjast á eitt ef þetta á að hafast“! Sjá *allir leggjast á eitt*.
- Leggjast á lista** (orðtak) Um bát; vera siglt þannig að sjór vaði uppundir skvettlista á borðstokk.
- Leggjast/hallast á sveif með** (orðtak) Hjálpa; *léttu undir með*; aðstoða; styðja skoðun/álit. „Við verðum að allir að leggjast á sveifina ef þetta á að hafast“. „Ég hallast nú heldur á sveif með þessari kenningu“. Líklega vísar orðtakið til stýrissveifar á stórskipi sem stýrt er með ár, s.s. vikingaskipi; þegar hjálpa þarf til að stýra í slæmu veðri eða þegar hart þarf að beygja.
- Leggjast á sæng** (orðtak) Búast til að fæða barn. Sjá hinsvegar *leggja á sóttarsæng*.
- Leggjast fyrir** (orðtak) Leggjast í rúmið; leggjast til hvíldar; halla sér. „Ég ætla að leggjast fyrir í smástund“.
- Leggjast gegn** (orðtak) Vera á móti; sýna andstöðu; greiða mótaskvæði; *þverskast/móast/þráast við*.

- Leggjast í** (orðtak) A. Um veður; ganga í til nokkurrar frambúðar. „Ég er hræddur um að hann sé að leggjast í langvarandi óþurrk“. B. Um tilfinningu manns fyrir einhverju; finnast; þykja. „Þetta ferðalag leggst illa í mig; ég held að við ættum að fresta því til morguns“. „Breytingarar lögðust illa í hann“.
- Leggjast í eynd og volæði** (orðtak) Verða sinnulaus og vonlaus; leggjast í vil og vonleysi. „Hann lagðist alveg í eynd og volæði eftir að hún fór“.
- Leggjast í kör** (orðtak) Verða rúmliggjandi vegna elli. „Ég hef ekki hugsað mér að leggjast í kör alveg strax, þó ég hætti að vinna eins mikið“.
- Leggjast í (vaðinn)** (orðtak) Um það þegar sigari í bjargsigi hallar sér af fullum þunga afturávið, þannig að fullt átak verður á vaðnum. Vani er að leggjast í áður en sigari fer niðurfyrir brúnina, til að taka af allan slaka á vaðnum og tryggja hnúta. Einnig er það merki um að sigari vilji láta draga sig upp, þegar hann leggst í niðri í bjargi. Þá er það brúnamannsins að greina það merki frá öðrum athöfnum og merkjum sigmanns.
- Leggjast lágt** (orðtak) Gera lítið úr sér; sýna lítlmótlega hegðun; gera eitthvað skammarlegt/níðingslegt. „Ég myndi aldrei leggjast svo lágt að *taka þetta ófrjálsri hendi*“.
- Leggjast til hvíldar/svefns** (orðtak) Kasta sér; fá sér hvíld/lúr/kríu. „Þegar búíð er að ganga frá aflanum er hitað kaffi og lagst til hvíldar, enda langur vinnudagur að baki“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Að loknum málsverði er lagst til svefns en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).
- Leggjast út** (orðtak) Gerast *útilegumaður*; fara í *útilegu*.
- Leggjahross** (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; stórgripaleggir notaðir fyrir hesta. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé*, *kjálkakýr*, leggjahross og *völuháensn*.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Leggjalangur** (l) Með langa fætur. „Af því þú ert svo lappalangur; skjóstu nú eftir mjólk í tankinn fyrir mig“.
- Leggjast** (s) A. Um bát; leggja fyrir akkeri. „Kallar Guðbjartur til Erlendar að ekki þýði að sigla lengur því að þeir hljóti að vera á rangri leið...;best sé að leggjast. Féllst hann á það en spyr um leið við hvað hann eigi að leggjast þar sem engin legufæri séu meðferðis“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum). „Svo þegar það var búíð var lagst við stjóra, síðan dregið aftur og beitt út á sama hátt“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurverri; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004). „Kom hann að þegar Árni var að leysa upp, og lagðist í sama pláss“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Um bát; leggjast flatur fyrir vindi/straumi. „Bíddu með að renna meðan báturinn er að leggjast“. C. Um grassprettu. Þegar gras er orðið svo sprottið; jafnvel *úr sér sprottið*, að það leggst í *beðju*. „Það er farið að leggjast á sléttunni *handanverðri* og nauðsynlegt að fara að slá hana“.
- Leggjast að** (orðtak) A. Um veðurfar; koma; bresta á. „Við þurfum að klára þetta áður en frost leggst að“. B. Um skip; koma uppáð bryggju/ öðru skipi. „Leggist þið nú að okkur smástund og segið eitthvað slúður meðan við fáum okkur nestið“.
- Leggjast af** (orðtak) Um það sem hefur verið regla/venja; hætta; *leggjast niður*. „Þegar vélar urðu algengar í bátum urðu þeir þungir í setningu. Þá lagðist útræði af þar sem hafnlaust var; s.s. í Kollsvíkurverri“.
- Leggjast á árar með** (orðtak) Hjálpa til með; aðstoða. „Ég lagðist á árarar með honum í þessu máli“. Líkingin er dregin af því að þegar mikið liggur við hjá ræðara í báti; t.d. þegar róa þarf frá broti, hleypur oft annar til og ýtir á árarar um leið og ræðari togar. Sá sem aðstoðar stendur og hallar sér á árahlummana í stefnu bátsins, með hverju áratogi. Þessi aðferð var notuð í Kollsvíkurverri framyfir 1970.
- Leggjast á eitt** (orðtak) Vinna að sama máli/verkefni. „Það er vandalaust að klára málið, ef allir leggjast á eitt“. Líkingin er dregin af sameiginlegu átaki margra, t.d. þegar margir toga í reipi í reiptogi; margir leggjast á vað í bjargsigi, eða margir taka á við að *setja* bát. Líklega hefur týnst aftan af orðtakinu; e.t.v. „átak“ eða „band“.
- Leggjast á lista** (orðtak) Um siglingu báts; hallast svo undan vindi í segl að sjór gutli uppundir lista hlémegin.
- Leggjast eitthvað til** (orðtak) Verða eitthvað til bjargar; verða fyrir happi. „Þetta lítur ekki vel út, en ég hef séð það svartara; ég er sannfærður um að mér leggst eitthvað til“.
- Leggjast flatur** (orðtak) Leggjast niður, þannig að allur líkami nemi við jörð. „Ég neyddist til að leggjast flatur í verstu kviðunum, til að fjúka ekki“.
- Leggjast frá** (orðtak) Um fiskigöngur; fara frá landinu. „Ansi er ég hræddur um að fiskur leggist frá í þessu óskapa brimi sem verið hefur undanfarið“.
- Leggjast fyrir** (orðtak) A. Um mann; halla sér; leggja sig; leggjast útaf. „Hann lagðist fyrir í sófann og sagðist ætla að láta líða úr sér“. B. Um skip; leggjast við legufæri. „Stjórakerinu var brugðið um strengjabitann er lagst var fyrir í hákarlalegum og var það kallað að liggja fyrir klofa“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). C. Verða um; verða örlög. „Fannst mörgum lítið leggjast fyrir kappann, að þurfa að lúta í lægra haldi fyrir nautkálfinum“.

- Leggjast gegn** (orðtak) Beita sér gegn; vera á móti. „Ég leggst alfarið gegn þessari arfavitlausu tillögu“!
- Leggjast í** (orðtak) A. Um veðurlag; ganga í; verða. „Ansi er ég hræddur um að nú sé hann að leggjast í rigningar“. „Það hefur lítið gefið á sjó eftir að hann lagðist í norðanátt“. „Hann er lagstur í þokurudda“. B. Um bjargsig; gera átak á vaðinn. „Þegar sigari var kominn fram á brúnina var gefin fyrirskipunin „Leggist í“, sem merkti að sigari átti að halla sér afturábak í vaðarlykkjuna og um leið hölluðu þeir sem voru á vaðnum sér í hina áttina til að halda við. Eins var það, að þegar sigari hafði bundið sig í vað niðri í bjarginu átti hann að leggjast í; þ.e. gera átak á vaðnum, sem vaðarmennirnir tóku sem merki um að draga hann upp“.
- Leggjast í flakk/flandur** (orðtök) Fara á flakk; þvælast langt í burtu. „Ég ætla að hafa Gránu inná svolítið lengur; ég er hræddur um að hún leggist strax í flakk ef henni er hleypt útaf svona snemma“.
- Leggjast í sorg og sút** (orðtak) Leggjast í hugarvél/ mikla sorg; syrgja lengi. „Hann tók frá fráfall hennar mjög nærri sér og lagðist í sorg og sút um tíma“.
- Leggjast lágt** (orðtak) Vera lágkúrulegur/skammarlegur; neyta óþverrabragðs; viðhafa svik; ráðast á þá sem minna mega sín. „Ekki hélt ég að þeir leggðust svo lágt að svíkja fatlaða manneskju um hennar rétt“!
- Leggjast niður** (orðtak) A. Leggja sig útaf; kúra niður. „Tófan lagðist niður bakvið steininn, en ég sá eyrun vakandi uppaf honum öðruhvora“. B. *Leggjast af*; hætta. „Þessi siður hefur alveg lagst niður“.
- Leggjast sjúkur** (orðtak) Verða veikur. „Það höfðu menn fyrir satt að draugurinn hafi losað sig skömmu síðar og farið heim til Benedikts og áreitt hann, því svo brá við að hann lagðist sjúkur og lá lengi“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Leggjast til** (orðtak) Fá; öðlast. „Alltaf leggst honum eitthvað til, þó allt stefni í þrot *aðra stundina*“.
- Leggjast uppá** (orðtak) Verða byrði á. „Ég ætla ekki að leggjast uppá ykkur til langframa, en það væri ágætt að fá gistingu eina nótt“.
- Leggjast út** (orðtak) Verða útlagi; flýja til fjalla undan refsingu. „Engar sögur fara af því að neinn hafi lagst út í Rauðasandshreppi“.
- Leggjast við stjóra** (orðtak) Um siglingu báts; varpa akkeri/stjóra. „Svo þegar það var búíð, var lagst við stjóra“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).
- Leggjastoðir** (n, kvk, fto) Gæluorð um fætur. „Hann sagðist ætla að staulast úteftir og standa fyrir, ef leggjastoðirnar svíkja hann ekki“.
- Leggjatöng** (n, kvk) Annað nafn á klembur (sjá þar) til skinnklæðagerðar. Jafnan var notað heitið klembur í Kollsvík, þó hitt væri þekkt. Leggijatangir eru gerðar úr tveimur afturfótaleggjum kindar, sem súrðir eru saman með þveng á liðunum.
- Leggsaumur** (n, kk) Saumur á buxum/brók, upp leggin. „Var þá haldið áfram með leggsaum upp að klittnaspori“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæði*.
- Leggst lítið fyrir kappann** (orðtak) Sjá *lítið leggst fyrir kappann*.
- Leginn** (l) A. Um fisk; búinn að vera lengi á sömu slóð. „Þetta var mestmegnis legin grásleppa, en þó voru nokkrar bjartar og nýgengnar“. „Þessi steinbítur er hálfgerð drasl; langleginn og grindhóradur slápur“. B. Um net/línu; búin að liggja lengi í sjó. „Strengirmir á Breiðuvíkinni eru orðnir nokkuð legnir hjá okkur“. C. Um hey; búíð að liggja lengi flatt. „Flekkurinn var orðinn nokkuð leginn og heyið ýmist hvítt eða *lýskrótt*“.
- Legión** (n, hk) Óskaplegur fjöldi; urmull. „Ég fékk ansi myndarlegan lax í netin, en þau voru orðin svo legin að þegar ég ætlaði að fara að gera að honum þá var ekki í honum fiskur heldur legión af marfló“!
- Legkaup / Legtollur** (n, hk, fto/kk) Gjald sem áður fyrr þurfti að greiða til að einhver fengist jarðaður í kirkjugarði. Með lögum um sóknargjöld árið 1909 urðu legkaup hluti af þeim, ásamt ljóstolli, lausamannagjaldi o.fl.
- Legorð / Legorðssök** (n, hk/kvk) Ólögleg mök manns og konu; framhjáhald. Framhjáhald þeirra sem giftir voru og lauslæti annarra var lítið mjög alvarlegum augum af hinu strangtrúaða samfélagi fyrri tíma.
- Legstaður** (n, kk) Staður þar sem manneskja er jörðuð. „Hann kaus sér legstað í Breiðavíkurkirkjugarði“.
- Legsteinn** (n, kk) Bautasteinn; steinn sem settur á leiði manneskju í kirkjugarði til að merkja legstaðinn og til minningar um hana.
- Legta** (n, kvk) Láréttur burðarbiti, t.d. í húsi. „Ég valdi nokkra góða *battinga* til að nota í legturnar“.
- Legubekkur** (n, kk) Flet sem unnt er að liggja/sofa á. Til aðgreiningar frá setbekk, sem er mjór og einungis ætlaður til ásetu. Yfirleitt var orðið notað um óvandað flet; hin vandaðri voru rúm.
- Leguferð** (n, kvk) Sjóferð til hákarlalegu. „Nokkrir Kollsvíkingar höfðu fengið skiprúm í þá leguferð“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Legufesti / Legustrengur** (n, kvk) Akkeristaug; hluti legufæra; festi úr akkeri í bát/ból. „Þegar kemur upp á Lægið er talið vissara að seila út, sem kallað er; það er að kasta ólunum út og binda þær í endann á legustrengnum; láta hann svo rekjast út um leið og lent er“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Legufæri** (n, hk, fto) Ból; múrning. Búnaður til að leggja bát við akkeri; samanstendur oftast af akkeri og *forhlaupara* á botni; legufesti; bóli og tókubauju/stangarbauju.
- Legulóð** (n, kvk) Fiskilína/lóð sem liggur lengur í sjó en svo að beðið sé á báti yfir henni, t.d. yfir nótt. „Þá var mikill afli á legulóðir þegar á sjó gaf“ (HO; Ævisaga; röið úr Láturdal).
- Legusár** (n, hk) Sár sem myndast gjarnan á manneskju sem þarf að vera lengi rúmliggjandi, af núningi húðarinnar við rúmið/rúmfötin. Geta verið þrálát og erfið viðureignar.
- Leguskip** (n, hk) Hákarlaskip; skip notað í hákarlalegum. „... fékk lánað leguskip Látramanna sem Sigga hét...“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Í febrúar 1876 lentu tvö leguskip heilu og höldnu í Fjarðarhorni; annað úr Kollsvík en hitt úr Tálknafirði“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Legustrengur** (n, kk) Stjórafesti; akkerisfesti. „Þegar þeir fóru yfir Blakknesröstina, kastaðist legustrengurinn á Búa útbýrðis, og fór í skrufuna“ (ÖG; Þokuróður).
- Legutími** (n, kk) Tími sem legið er. Notað í ýmskonar samböndum. En oftast er talað um legutíma lóðar eða neta í sjó, milli þess að lagt er og dregið aftur.
- Leið** (n, kvk) A. Á landi; vegur; það sem farið er. B. Á sjó; siglingaleið; það sem siglt er; innsigling. „Aðallega er um tvær leiðir að ræða upp í Verið; Miðleið og Syðstuleið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). C. Afleidd merking; möguleiki. „Það var engin leið að sjá afleiðingarnar fyrir“.
- Leiða** (s) A. Halda í höndina á öðrum á göngu. „Viltu ekki að ég leiði þig stúfurinn minn“? B. Draga sigara viðstöðulaust og samfellt á brún, með því að undirsetufólk gengur í röð með tógið í stað þess að sitja og draga með rykkjöttum hreyfingum. Oft gert þegar nógur mannskapur er á brún og um mjög bratt sig eða loftsig að ræða. Þegar einn hefur leitt nokkra vegalengd sleppir hann og hleypur aftanvið þann síðasta í röðinni, og þannig koll af kalli. C. Setja bát viðstöðulaust en ekki með rykkjum. Er gert þegar nógu margir eru við setninguna.
- Leiða að því líkum** (orðtak) Rökstyðja; telja líklegt. Sjá *leiða líkum að*.
- Leiða (eitthvað) auga** (orðtak) Skoða eitthvað; virða fyrir sér; líta lauslega á eitthvað. „Mig langar dálítið að leiða auga þennan nýja bát sem hann var að fá“.
- Leiða eins og lamb til slátrunar** (orðtak) Líkingamál um það þegar einhver er leiddur áfram mótþróaust eða án þess að fá rönd við reist.
- Leiða fyrir hugskotssjónir / Leiða fyrir sjónir / Leiða í ljós** (orðtak) Sýna fram á; draga upp mynd af; gera grein fyrir; *opna augu fyrir*. „Það þyrfti að leiða þingmönnum fyrir hugskotssjónir hvernig þessum málum er í raun og veru háttáð“. „Þetta leiddi mönnum fyrir sjónir hvaða hætta gæti skapast“. „Rannsóknin leiddi ekkert nýtt í ljós“.
- Leiða getum að** (orðtak) Giska á; *renna grun í*. „Ekkert vissu þeir félagar af hverju högg þetta mundi hafa stafað, og reyndu engum getum að því að leiða“ (ÖG; Þokuróður).
- Leiða hjá** (orðtak) Um rigningarskúrir/él; fara með framhjá. „Skyldi hann leiða hjá þessar skúrir norður í Víkinni? Við þyrftum að ná að galta heyið af þessum bletti“. Sjá *leiða skúrir; skúraleiðingar*.
- Leiða hjá sér** (orðtak) *Láta sér fátt um finnast; láta sem maður sjái ekki*; þykjast/vilja ekki heyra. „Ég ætla nú alveg að leiða hjá mér þeirra heilræði; þau hafa ekki verið svo heilladrjúg hingað til“!
- Leiða hugann að** (orðtak) Hugsa um; láta sér detta í hug; hugleiða. „Ég hef stundum leitt hugann að því hvernig þetta gat skeð“. „Hann sagðist ekki einusinni leitt hugann að því að róa í svona útliti“.
- Leiða í ljós** (orðtak) Sýna; kalla fram. „Það þarf að leiða sannleikann í ljós í þessu máli“.
- Leiða í tal** (orðtak) *Færa í tal*; láta talið berast að; hefja samtál um; fara framá. „Ég leiddi þetta aðeins í tal við hann, en fékk engar undirtektir“.
- Leiða líkum að** (orðtak) Telja líklegt; rökstyðja. „Það má leiða líkum að því að í Kollsvík hafi risið fyrsta kirkjan á Íslandi“.
- Leiða rök að** (orðtak) *Færa rök fyrir*; rökstyðja. „Hann leiddi að þessu nokkuð sannfærandi rök“.
- Leiða saman hesta sína** (orðtak) Keppa; eigast við. „Oft gat orðið líflegt þegar Kollsvíkingar leiddu saman hesta sína í rökræðum“. Líkingin er dregin af hestaati.
- Leiða skúrir** (orðtak) Um veður; koma með staðbundnar skúrir/ *skúraleiðingar*. „Hann er farinn að leiða skúrir heim með Blaknum; best að raka upp“. Sjá *leiða hjá*.

- Leiða til lykta** (orðtak) Fá niðurstöðu í; vinna til enda. „Þessi deila var reyndar aldrei leidd til lykta“.
- Leiða til ófarnaðar** (orðtak) Verða til ógæfu/vandræða. „Ég held að það leiði bara til ófarnaðar ef hann fær þessu framgengt“.
- Leiða út** (orðtak) A. Um sundfugl; fara með unga sína frá hreiðri í vatn/sjó. B. Um raflögn; fá skammhlaup yfir í jörð, lífveru eða leiðara með annarri spennu. „Gáðu að þér á kveikjuþræðinum; hann gæti leitt út“.
- Leiðangur** (n, kk) A. Ferðalag; langferð. „Við gerðum leiðangur úti Breið til að leita að rollukvikindunum, en þar var ekkert að sjá“. B. Hópur sem fer í langferð; ferðalangar. „Þarna er einhver leiðangur að koma *norðanyfir* Melarandir“.
- Leiðarhnoða** (n, kvk) Hnykill sem, samkvæmt þjóðtrúnni, rennur á undan mönnum og vísar rétta leið. Voru galdramenn sagðir nýta sér þannig vegvísa, löngu áður en nútíma gps-tækni hélt innreið sína. Notað í líkingum: „Tíkin rann á undan okkur eins og leiðarhnoða, og virtist handviss um leiðina þó ekki sæist útúr augum í kófinu“.
- Leiðari** (n, kk) A. Forystugrein í dagblaði. B. *Legta*; lárétt fjöl/bití sem heldur öðrum hlutum byggingar/grindar í réttum skorðum. C. Málmur sem notaður er til að leiða rafmagn.
- Leiðarlok** (n, hk, fto) Leiðarendi; endi á ferðalagi. „Stóðst það oft á endum að báðir komu jafnsnemma í Verið; bátsverjar og hinir fótfráu æskumenn, sem ekki víluðu fyrir sér að spretta úr spori undir leiðarlokin“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Leiðarmerki / Leiðarvarða** (n, hk) Varða eða annað kennileiti sem tekið er mið af við siglingu, t.d. um sund eða inn á lendingu. „Snorravörður, nyrst á Leirunum, eru leiðarmerki fyrir Snorrallengingu“.
- Leiðarsteinn** (n, kk) Steinn af steintegund sem rík er af segulmögnum járni, og notaður er fyrir áttavita; magnetít; seguljárnsteinn. Talið er líklegt að á miðöldum og jafnvel fyrr hafi norrænir sæfarar notað steina úr magnetíti til aðstoðar við að rata um úthaf. Grikkir í borginni Magnesíu uppgötvaðu magnetít árið 500 f.Kr. Einnig notuðu fyrri tíðar sæfarar sólarsteina, sem líklega voru kristallar sem skauta ljós, s.s. silfurberg.
- Leiðarstjarna** (n, kvk) A. Stjarna sem notuð er til að halda áttum/ rata leiðar sinnar. Oftast er átt við Pólstjörnuna, enda hefur hún þjónað þessum tilgangi frá því elstu heimildir greina. Pólstjarnan er bjartasta stjarnan í stjörnumerkinu Litlabirni, og er mjög nálægt því að sýnast vera yfir norðurskauti jarðar. Hún er þó í raun fjölstirmi margra sólstjarna. B. Leiðarljós; fyrirmynd; það sem maður hefur sér til viðmiðunar.
- Leiðarþing** (n, hk) Ein grunnstoða íslensks samfélags frá upphafi þjóðveldis, um 930. Leiðarþing skyldi haldið af goðum sem áttu vorþing saman, á leið þeirra frá Alþingi, en einnig gat hver goði haldið sitt leiðarþing. Leiðarþing stóðu í 1-2 daga; hófust á sunnudegi í 15.-19. viku sumars. Þar var skýrt frá störfum Alþingis; birtar tilkynningar og sagt fyrir um tímatal. Þau voru þó ekki sóknarþing (fyrir dóms- eða löggjafarmál). Leiðarþing voru haldin í einni eða annarri mynd fram á 17. og 18. öld. Stjórnmalaflokkar og einstakir alþingismenn tóku nafnið upp á fundi sína á 19. og 20.öld.
- Leiðbeina** (s) Benda/beina á rétta leið; segja til vegar; segja til um framkvæmd verks.
- Leiðast eftir** (orðtak) *Lengja eftir*; vera leiður á að bíða eftir; sakna. „Mig fer nú að lengja eftir honum úr ferðinni; það fer að dimma og líður að gegningum“.
- Leiðast til** (orðtak) Hneygjast til; hallast að; fara úti. „Maður leiðist oft til að velta því fyrir sér hvað hefði skeð ef Arnarboðinn hefði ekki verið að þvælast í siglingaleiðinn hans Kolls“.
- Leiði** (n, hk) Byr. „En oft fékk maður leiði seinni hluta dagsins, alla leið norðan úr Flóa og heim í lendingu“ (VÖ eldri; Einn á bát 1955) „Þeir á Svaninum höfðu gott leiði inn flóann.“ (MG; Látrabjarg). „Ýlir reiði, ymur stoð;/ ólgar heiði laxa./ Alda freyðir undan gnoð;/ óskaleiði fyllir voð“ (JR; Rósarímur)
- Leiði / Leiðindi** (n, kk/ hk, fto) Depurð; ami; sorg. „Það sækir að manni hálfgerður leiði í svona veðri, þegar ekkert er hægt að gera útívið þó nóg liggi fyrir“. „Ég er búinn að fá leiða á þessu selketi; dag eftir dag“.
- Leiðigjarn** (l) Veldur leiða; verður óspennandi. „Nýr rauðmági finnst mér herramannsmatur, en til lengdar getur hann orðið leiðigjarn“.
- Leiðinda-** (l) Sem veldur leiða/ama/pirringi. Notað sérstætt eða sem viðskeyti margra orða.
- Leiðindaaðstæður** (n, kvk, fto) Leiðinlegar kringumstæður; slæm aðstaða. „Þetta voru leiðindaaðstæður; bleyta og dimmt, en frostlaust“ (Anna Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Leiðindabarningur** (n, kk) Leiðinleg sigling á móti veðri/ í veltungi. „Hann hafði aukið norðanáttina töluvert meðan við drógum á Breiðavíkinni, svo við fengum leiðindabarning norður Kollsvíkina“.
- Leiðindaderringur** (n, kk) Hvímleið uppsteit/áreitni; leiður yfirgangur/hroki. „Hann var með leiðindaderring og sýndarmennsku; aðallega til að ganga í augun á stelpunum, held ég“.
- Leiðindafæri** (n, hk) Slæmt göngufæri; slæm færð. „Það er að verða leiðindafæri þar sem mest er skafmoldin“.

Leiðindagangur (n, kk) A. Það sem gengur leiðinlega/ fremur illa. „Það er hálfgerður leiðindagangur í þessum málum“. B. Höktandi/ójafn gangur vélar. „Mér finnst enn vera leiðindagangur í vélinni; það verður að vona að hún kjafi alla leiðina í land“.

Leiðindagaur / Leiðindagepill / Leiðindagripur / Leiðindakurfur / Leiðindapési / Leiðindaseggur /

Leiðindaskarfur (n, kk) Leiðinlegur maður; skítseiði. „Mér hefur alltaf fundist hann hálfgerður leiðindagaur“. „Það er nú meiri leiðindapésinn sem þarna hefur komist á þing“!

Leiðindamál (n, hk) Erfitt/slæmt mál. „Gott að lyktir eru komnar í þetta leiðindamál“.

Leiðindaveður (n, hk) Vont/leiðinlegt veður. „Það er komið hálfgerert leiðindaveður“.

Leiðindatíð / Leiðindatíðarfar (n, kvk/hk) Tíðarfar/veðráttu sem veldur leiðindum/ergelsi, t.d. óþurrkur um heyskapartíð; ógæfdir/veltingur um vertíð eða rigningar þegar smalað er. „Það er sama árans leiðindatíðin“!

Leiðindatuð / Leiðindarell / Leiðindarugl / Leiðindakjafthæði / Leiðindakjaftháttur / Leiðindakjaftavaðall /

Leiðindastagl / Leiðindapras / Leiðindaþvaður / Leiðindavaðall / Leiðindaþvarg / Leiðindaþvæla (n, hk/kk) Niðrandi heiti á tali/ræðu sem þykir leiðinleg/ fer í taugarnar/ veldur ergelsi. „Skelfing leiðist mér þetta leiðindarell alltaf hreint“! „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona leiðindakjafthæði“! „Skelfing er það þreytandi svona leiðindaþvaður í fólki sem hefur ekki hundsvit á þessum málum“! Fleiri samsetningar heyrðust af þessu tagi.

Leiðindaveltingur (n, kk) Töluverður sjóveltingur, þannig að leiðinlegt er að vera að veiðum. „Við förum nú að fara í land ef hann ætlar að halda þessum leiðindaveltingi“.

Leiðinlegheit (n, hk, fto) Leiðindi; ami; pirrandi hegðun. „Vélin var með einhver leiðinlegheit um tíma“.

Leiðinlegur í tíðinni (orðtak) Slæmt tíðarfar; ótíð; óþurrkar; landlegur. Hóflegt orðalag um tíðarfar sem hindrar æskileg verk eða fer í *pirrur*; stundum með áherluskeyti framanvið, s.s. heldur, hundleiðin.egur, *afspyrnuleiðinlegur* o.fl. „Heldur er hann nú leiðinlegur í tíðinni þessa dagana“.

Leiðir af sjálfu sér (orðtak) Er óhjákvæmileg/sjálfsögð afleiðing. „Það leiðir af sjálfu sér að lömbin verða betri eftir því sem betur er vandað til ásetnings á hrútum“.

Leiðitamur (l) Þægilegur í taumi; lætur vel að stjórn; þægur. „Aðrir stjórnarmenn voru leiðitamari“.

Leiðsögn (n, kvk) Tilsögn; upplýsingagjöf; leiðbeiningar. „Ég fékk ágæta leiðsögn hjá honum um leiðina“.

Leiður (l) A. Leiðinlegur; óskemmtilegur. „Það eru mínar leiðustu minningar frá unglingsárunum“ (IG; Æskuminningar). B. Fráhrindandi; til ama; stríðinn. „*Þeir lifa lengs sem lýðum eru leiðastir*“.

Leiður er sá er lengi situr (orðatiltæki) Jafnvel góður gestur getur orðið þreytandi á heimili ef hann dvelur mjög lengi. Ættað úr Hávamálum: „Ganga skal,/ skala gestur vera/ ei í einum stað./ Ljúfur verður leiður/ ef lengi situr/ annars fletum á“.

Leifa eftir (orðtak) Sitja eftir sem leifar þess sem var. „Enn leifði ýmislegt eftir af gömlum búskaparháttum í mínu ungdæmi“.

Leiftra (s) Blossa; glampa í stuttan tíma; glitra. „Heldur leiftraði hann af eldingunum þarna áðan“.

Leiftrandi (l) A. Um augu; glitrandi; glaðleg. B. Um frásögn; lífleg; spennandi; hnyttin.

Leiftur (n, hk) Ljósblóssi; elding. „Mér sýndist ég sjá eitthvað leiftur þarna uppi á Jökkladalshæðinni“.

Leiftursnöggt (l) Eldsnöggt; á augabragði. „Þetta skeði leiftursnöggt; steinninn kom fljúgandi ofan í eggjakútinn; og hann framaf með það sama“. „Æðandi brotsjór kom á móti okkur og reis hátt. Bátum var vikið leiftursnöggt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Leiga (n, kvk) Samningsbundið afgangur fyrir afnot eignar. „Leiga fyrir Láganúpsjarðir var greidd með smjöri“

Leigujörð (n, kvk) Jörð sem eigandi leigir öðrum til ábúðar. „Láganúpur, ásamt Grundum og öðrum hjáleigum, voru leigujarðir í eigu Saurbæjar; líklega frá því á 13. eða 14. öld, til ársins 1930. Þá keyptu þær ábúendur; Láganúp fyrir 1700 kr og Grundir fyrir 1000 kr“.

Leigukúgildi (n, hk) Kvikfé sem fyrr á tímum fylgdi leigujörð og leiguliði var skyldur til að annast. Í raun var þetta viðbótarleiga, því auk jarðaleigunnar gat hann krafist leigu fyrir kúgildin, sem á þjóðveldisöld var um 10% en hækkaði í allt að 20% eftir 1400. Ligan var oftast greidd með tveimur fjórðungum smjörs (10kg eða 12 álnum) fyrir kúgildið. Því hlóðust upp gríðarlegar smjörbirgðir hjá landeigendum. Þrátt fyrir ákvæði Jónsbókar um að leiguliðum væri ekki skylt að endurnýja leigukúgildin, þá kröfðust margir landeigendur þess. Þannig má sjá í Jarðabókinni að Saurbæjareigandi hefur uppbyggt leigukúgildi í nautgripum en leiguliðar í Útvíkum þurftu oft sjálfir að uppbygja kúgildi í sauðfé. Þannig segir um Láganúp: „Leigukúgildi 3. Leigur betalast með fiski á eyri. Kúna (hún er ein) uppbyggt landsdrottinn. Ærnar hefur leiguliði uppbyggt; þó er það ei á skilið“ (ÁM/PV; Jarðabókin). Jarðabókarhöfundar sendu kóngi ábendingu um réttarbætur í þessu efni, og brást hann við með tilskipun um að landsdrottinn bætti gömul eða dauð leigukúgildi.

Leiguliði (n, kk) Leigjandi; sá sem leigir. Oftast er átt við ábúanda leigujarðar. Fyrrum nefndist leiguliði sá sem bjó á jörð í eigu sjálfseignarbónda og greiddi honum landskuld. Leiguliðar urðu mjög fjölmenn stétt manna þegar á þjóðveldisöld, 930-1262, þegar höfðingjavelði, kirkjuveldi og klaustur urðu umfangsmeiri í eignahaldi jarða og ójöfnuður jókst. Þannig komust flestar jarðir í Rauðasandshreppi snemma í eigu höfðingjaveldisins í Saurbæ, líklega bæði ýmsum aðferðum; með valdbeitingu höfðingja á borð við Guðmund ríka; með yfirgangi kirkjuvalds og með óbærilegum álögum. Guðmundur ríki sölsaði t.d. undir sig Láganúp, sem var síðan leigujörð allt framá 20.öld.

Leika af sér (orðtak) Gera það sem kemur manni í koll síðar. Tilvísun í taflmennsku; afleikur leiðir til taps.

Leika á (orðtak) Blekkja; *snúa á*; spila með; *beita brögðum*; *ginna*. „Heldur lék nú sú gráa á karlinn. Fyrst þóttist hún ætla að setja sig framhjá honum um neðri ganginn, en þegar karl hafði brólt þangað niður, þá sá hann á eftir henni beina leið upp skriðuna og uppá brún“!

Leika á als oddi (orðtak) Vera í mjög góu skapi; leika við hvern sinn fingur. „Hann var með hressasta móti og lék á als oddi“. Alur/nafar er oddhvass bor, og líkingin vísar til þess að það sem látið er sitja á oddinum er aldrei kyrrt, heldur getur fallið í hvaða átt sem er.

Leika á reiðiskjálfi (orðtak) Hristast/skjálfa mjög mikið; hrikta í; vera *gjöktandi*/óstöðugt. „Gamla Láganúps húsið var farið að verða feyskið, eikum austurgaflinn. Í miklum veðrum lék hann á reiðiskjálfi og hrikta í. Eftir að flutt var í nýja húsið féll austurgaflinn af, og stuttu síðar var húsið allt rífið og jarðað á sínum grunni“. „Það gerði þvílíka andskotans bylji að húsið lék á reiðiskjálfi“. Talið eiga rætur í heiðni; þegar Þór reið um loftin með þrumugný og jafnvel jarðskjálftum.

Leikur á ýmsu (orðtak) *Gengur á ýmsu*.

Leika (girndar)hugur á (orðtak) Ágirnast; langa í; *hafa hug á*. „Mér leikur mikill girndarhugur á þessari bók“.

Leika eftir (orðtak) Gera eins og sá á undan. „Hann kleif neðanfrá upp í Brimnesgjótuna. Ég held að einginn hafi leikið það eftir honum síðan“.

Leika (einhvern) grátt/illa (orðtak) Fara illa með; vera harðleikinn við; skemma; *bitna á*; *mæða á*. „Garður þessi er úr sandi, sem reyndist þarna svikull eins og oft áður, og hafa vorleysingar leikið garðinn grátt“ (HÖ; Fjaran).

Leika hugur á (orðtak) Langa til; hafa áhuga á. „Mér leikur hugur á að vita hvað er undir Biskupsþúfunni“.

Leika í lyndi (orðtak) Vera í góðu lagi; gott ástand; ganga vel. „Nú virðist allt leika í lyndi hjá þeim“.

Leika lausum hala (orðtak) Vera frjáls/lausbeislaður/ ekki bundinn. „... en Ægir konungur leikur lausum hala fyrir mynna Látravíkur og lætur stundum dólglega“ (PJ; Örn.skrá Hvallátra). Líklega vísar orðtakið til þess að þegar hali er laus/óbundinn á kú meðan á mjöltum stendur, þá getur hún slegið honum um sig, og í andlit mjaltakonu/-manns. Hafi halinn legið í flórnum er slíkt fremur óþværralegt, eins og þeir vita sem reynt hafa. Þegar mjólkað var úti á stöðli voru kýr oftast heftar, og var þá halinn ýmist bundinn í haftendann eða hann dreginn milli jógurs og læris á kúnni.

Leika sér að einhverjum eins og köttur að mús (orðtak) Gegnsætt máltæki og nokkuð notað.

Leika tveimur skjöldum (orðtak) Vera tækifærissinni; styðja þann málstað sem hentar hvoru sinni; *bera kápuna á báðum öxlum*; vera *beggja handa járn*; *leika tveimur skjöldum*; vera *tvöfaldur í roðinu*. „Hann þykir leika tveimur skjöldum í pólitíkinni“. Líking við það þegar herlið eða liðsmaður á tvö skjaldarmerki og berst með þeim stríðsherranum sem honum þykir henta hverju sinni; eða þegar hann gerist liðhlaupi og snýr þar með skildi sínum að fyrri félögum, t.d. þegar hann sér að orrusta er að tapast.

Leika við (orðtak) A. Leika á móti; fara í leiki við. „Viltu koma og leika við mig“? B. Gera við; fara með. „Einar sagði draugnum að ef hann gæti losað sig frá steininum skyldi hann fara til þess sem sendi hann, og leika það sama við hann og hann hefði átt að leika við sig“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Leika við hvern sinn fingur (orðtak) Vera í mjög góðu skapi; *leika á als oddi*. „Nú getur hann leikið við hvern sinn fingur; búinn að alheimta“. Líking við fingraleiki.

Leikandi létt (orðtak) Auðveldlega; án allrar áreynslu; með léttum leik. „Hann lyfti bjarginu leikandi létt upp í hleðsluna, og blés ekki úr nös á eftir“!

Leikar fóru svo/þannig (orðtak) Niðurstaða keppni/viðureignar varð á þá leið. „Leikar fóru svo á endanum að tófuskraftinn slapp í þetta sinn“.

Leikaraskapur (n, kk) Látalæti; *uppperð*. „Þessi veikindi eru bara leikaraskapur til að sleppa við að smala“.

Leikbróðir / Leiksystir / Leiksystkini Börn sem leika sér saman/ alast upp saman.

Leikfang (n, hk) Hlutur sem leikið er að/með. Oftast er átt við brúðu, bíl eða annað sem börn leika sér að. „Leikföngin voru önnur í Kollsvíkinni fyrir á tíð en nú er. Þá var *hornabúið* miðpunktur flestra leikja“.

Leikgleði (orðtak) Ánægja/fjör/innlifun í leik. „Leikgleðin var síst minni í hornabúinu en með nútíma plastleikföngum“.

Leikir barna í Kollsvík hafa verið af fjölbreyttu tagi. Hér verður litið til þess sem höfundur hefur helst reynt af, en margt af því gæti átt við Kollsvíkurbörn á öðrum tímum. Lengst af var mjög fjölmennt í vikinni og því skorti börn ekki félagsskap jafnaldra. Landslagið sjálft býður upp á fjölmörg tækifæri til leikja: Hægt er að fara í fjölbreytilegustu gönguferðir; t.d. er örstutt til berja og fjallagrasa; fjaran er óþrjótandi ævintýri með sínum skeljasandsfjörum, reka, fjörupollum og lónum. Sífellt barst einhver óvæntur reki á land og því gat verið spennandi að *ganga á reka*. Á góðviðrisdögum var farið í lengri gönguferðir, s.s. út í Bót; norðurundir Hryggi eða fram með Fellum og út í Vatnadal; jafnvel innfir Tunguheiði og út í Breiðuvík. Fullorðnir voru með í lengri ferðum og á leiðinni fékkst vanalega mikil fræðsla um náttúruna og staðhætti. Kríuvarp var dálítið nýtt meðan það var, og oft *eggjaðist* vel meðan mest var um kríu. Klettarnir heilluðu suma, og margir vildu reyna sig við *fýlseggjatökur* í *brattlendi* eins og þeir fullorðnu. Ef ekki fékkst leyfi var stundum laumast án þess, en e.t.v. farið enn varlegar *fyrir vikið*. Klifrað var í klettum og stórum steinum, með eða án bands, t.d. í Kryppukarli, Gilsklettinum og víðar. Sérstök upplifun var að fá að fara með í róðra í góðu veðri, ekki síst ef vel aflaðist. Bröndur voru veiddar í lækjunum, oftast með færi á stöng en stundum var útbúið net og sumsstaðar var hægt að grípa veiðina með höndum. Fyrrum þótti það ekki glæpur að börn væru látin vinna og er ekki vitað til að þau hafi skaðast á hóflegu vinnalagi, *nema að síður sé*. Heyskapurinn gat orðið hin besta skemmtun, einkum hirðing á vel þurru heyi. Sama var um sauðburð og smalamennskur. Önnur vinna var óvinsælli, t.d. að reka úr túninu og taka upp kartöflur. Stundum var farið í framkvæmdir, t.d. byggingu á kofum úr torfi, grjóti og því timbri sem fékkst. Þar var síðan útbúin eldunaraðstaða og *mallað*; t.d. *blóðbergste*, *vallhumalste*, *rabbabaraseyði*, *lokasjóskássa*, *geldingahnappagrautur*, *elftingajafningur* eða *súrusúpa*. Jafnvel voru þar reykt *körfustrá* í laumi. Yngri krakkar voru auðvitað sjálfskipuð tilraunadyr. Bátasmiði var í blóma. Smíðaðir voru litlir trébátar, stundum með aðstoð fullorðinna; einnig bátar úr *brúsablikki*, faldaðir í stafna og oft með þóftum og segli. Einnig voru smíðaðir leikfangabílar og –traktorar; kerrur og hús. Mannbærar *hjólaticur* voru gerðar úr barnavögnum og hjólbörum og smíðaðir sleðar. Merk bátagerð þróaðist, sem voru *tunnubátar* og er þeim lýst hér sérstaklega. Eitt sinn var smíðaður *tunnufleki* með mörgum tunnnum undir. Að vetrarlagi var snjórinn nýttur til að renna sér á sleða, t.d. á Hólunum eða Trantalabrekkunni; fara á skauta á Lögmannslá; fara í snjókast, *þrautakóng* eða grafa og byggja snjóhús. Sleðar voru heimasmiðaðir en fleira var notað til að renna sér, t.d. járnplötur og tómir áburðarbokar úr plasti. Rólur voru settar upp í snúrustaurum og sumir reyndu sig við að klifra upp símastaurana. Hér á öðrum stað er minnst á *hornabúin*, en sá þáttur tók mikinn tíma að sumrinu. Ekki má gleyma Gilinu, sunnan við Láganúpsbæinn. Þar var áður stórt ógróið svæði í botninum; með hreinum skeljasandi; vinsæll og risastór sandkassi. Krakkar fóru í hina ýmsu leiki sem nú eru margir fáséðir. Um suma er fjallað hér undir heitinu *vermannaleikir*. Innileikir voru fjölbreytilegir þegar ekki var unnt að vera úti. Sögur voru sagðar, misjafnlega trúverðugar, og mikið var teiknað. Borgarbörn í sumardvöl kunnu að segja frá sínum heimahögum og þannig blandaðist sveita- og borgarmenning í hugum barnanna. Sumir gátu slegið um sig með vísu og jafnvel gátum. Hinir fullorðnu gáfu sér oft tíma til að vera með börnunum; segja sögur og fræða, ekki síst afar og ömmur. Svo gat alltaf hugsast að eitthvað sælgæti leyndist í kistuhandraðanum. Alltaf var til gnægð leikfanga, en nokkur hluti þeirra var heimasmiðaður. Bóklestur var alltaf mikill hjá hinum stálpaðri. Mikill bókakostur var til á Kollsvíkurbæjum, auk þess sem öflug *lestrarfélög* voru starfandi í Breiðavíkursókn og Sauðlauksdalssókn.

Leikmót (n, hk) Íþróttamót; leikjamót. „Leikmót hefir fjelagið (Vestri) haft tvisvar í Kollsvík, í sambandi við sundpróf“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi).

Leikni (n kvk) Lag; fimi; færni. „Hann sýndi mikla leikni í þessu klifri, en þótti fara heldur *gapalega*“.

Leiksoppur (n, kk) Leikfang. Soppur er gamalt heiti á bóli, bauju eða knetti. Soppuleikur þekktist einhversstaðar sem heiti á knattleik.

Leikur einn (orðtak) Auðvelt verk; létt framkvæmd. „Eftir að féð var komið inn í girðinguna var leikur einn að ná því í réttina“.

Leikur orð á (orðtak) Fer sögum af; er sagt; gengur manna á milli. „Það leikur orð á að þau séu að skilja“.

Leikur á tveimur tungum með / Leikur á tvímælum með (orðtök) Er vafi á; ekki einsýnt með; *fer tvennum sögum af*. „Það leikur víst á tveimur tungum með faðernið, hvað sem kirkjubækurnar segja“.

Leikur vafi á um (orðtak) Eitthvað er vafasamt/óvíst. „Mér finnst enginn vafi leika á um þetta“.

Leirar (n, kk, fto) Örnefni í Kollsvík; stórt slétt og ógróið sandflæmi ofanvið Rifið, sem nær norðan frá Syðriklettum að Ánni. Yfirleitt er yfirborðið sandgljá, enda skefur sandinum burt í roki, niður að jarðvatnsborði. Þó er oft ofaná sandinum leirkennd seltuskán, og af henni draga Leirarnir sennilega nfn sitt.

Leirborinn / Leirkenndur (l) Sem inniheldur mikinn leir. Oft notað um jarðveg þar sem jökulaur er áberandi, en einnig t.d. um lélegan kveðskap. „Heldur þótti mér þetta nú leirborið hjá honum“.

- Leirbotn** (n, kk) Um botnlag á fiskimiðum. „Venjulega var farið þegar smástreymt var; keyrt á mið sem heitir Tálkni og Sandhóll; þegar Tálkni sást fyrir Blakkinn og Sandhóllinn í Breiðavík fyrir Breiðinn. Þar var leirbotn, og brást varla að fá skötu“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Leirburður / Leirhnoð** (n, kk/hk) Lélegur skáldskapur; illa gerð vísa; *hnoð*; *bragleysa*. „Þetta er nú meiri andskotans leirburðurinn!“ „Ég var að rembast við þennan fyrripart en úr því varð hálfgerð leirhnoð“.
- Leirrör** (n, hk) Rör steypt úr leir. „Þegar hún ætlar að fara að sofa varð hún þess vör að kviknað var í þakinu á bænum út frá leirrörum sem voru frá eldavélinni“ (IG; Æskuminningar).
- Leirtau** (n, hk) Borðbúnaður úr leir. „Fariði varlega með leirtauði í uppvaskinu“.
- Leirstorka** (n, kvk) Klístur/skorpa sem situr eftir þegar leir þornar, t.d. eftir mikið sandfok. „Leirstorkan sat lengi áveðurs á girðingarstaurum næst Leirunum eftir áhlaupið“.
- Leirtjörn** (n, kvk) Tjörn með leirbotni, sem þornar upp að miklu leyti í þurrkum. Leirtjörn var örnefni slíkrar tjarnar rétt norðan fjóssins á Stekkjarmel, en hún fór undir nýrækt.
- Leisti / Leistur** (n, kk) A. Háleistur; sokkur sem nær rétt uppfyrir ökkla og er oft úr grófu bandi. B. Sá hluti sokks sem er fyrir framan og neðan ökkla. C. Fótlikan sem skósmiður notar við iðn sína.
- Leit** (n, kvk) A. Það að leita/ gá að/ skima eftir. „Ég fann sokkinn eftir nokkra leit“. B. Smalamenska. „Sú leit hefur eflaust verið erfiðust, því að enda þótt lagt væri af stað fyrir allar aldir komu leitarmenn af Bjarginu oftast seinastir til réttar“ (PG; Veðmálið).
- Leita** (s) A. Skyggjast eftir; gá að; forvitnast um. B. Hafa tilhneygingu til að sveigja frá beinni stefnu. „Vatnið leitaði niður Flötina þegar krapastífla kom í Gilið“. „Báturinn leitar töluvert mikið þegar vélinni er gefið inn; það þarf að liggja dálítið í stýrinu“.
- Leita af sér (allan) grun** (orðtak) Ganga úr skugga um með leit; leita til fulls. „Ég leitaði af mér allan grun um að kindin hefði farið ofaní í Mýrnum“.
- Leita atkvæða** (orðtak) Bea undir atkvæði; fá fram skoðun meirihlutans með kosningu. „Ákveðið var að leita atkvæða fundarmanna um tillöguna, og var hún samþykkt samhljóða“.
- Leita á náðir (einhvers)** (orðtak) Biðja einhvern um aðstoð; *leita skjóls* hjá einhverjum. „Mér er illa við að leita á náðir hans í þessu efni“.
- Leita ásjár** (orðtak) Biðja um aðstoð/hjálp/húsaskjól. „Við þurftum að leita ásjár á næsta bæ til að fá lánaðan tjakk“.
- Leita eftir** (orðtak) A. Leita að. „Bað þá Halldóra okkur að leita eftir Magdalenu...“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). B. Falast eftir. „Leitar hann nú eftir við bónda hvort hann vilji ekki greiða sér skotmannshlut af hvalnum. En því neitar Einar með öllu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Leita hófanna um** (orðtak) Þreifa fyrir sér; leita eftir; spyrjast fyrir um; fara þess á leit. „Ég hef verið að leita hófanna um styrki til þessa málefnis“. Uppruni orðtaksins er ekki augljós. Hugsanlegt er að vísað sé til ölmusumanns sem leitar til hirðar konungs (hof=hirð) í von um ásjá. Hugsanlegt er einnig að þarna sé vísað til þess að leita eftir millivegi; hvorki óhóflega lítið né mikið. Til er orðatiltækið „tvö eru hóf í hverju“ um það.
- Leita í hverjum krók og kima** (orðtak) Leita í öllum skúmaskotum/afviknum stöðum. „Þarna liggja þá klippurnar; ég var búinn að leita að þeim í hverjum krók og kima“!
- Leita lags** (orðtak) Reyna að finna tækifæri. Vísar til þess að formaður báts reynir að finna lag (óbrotinn sjó) til að taka landróðurinn.
- Leita langt yfir skammt** (orðtak) Leita að einhverju, eða sækja *ein hvað*, sem er nærtækara en haldið var. „Vertu nú ekki að leita langt yfir skammt að vasahnífnum; þú lánaðir mér hann fyrr í dag“. Sjá *eins og að sækja vatnið yfir lækinn*.
- Leita (allra) leiða** (orðtak) Reyna að finna leiðir/aðferðir. „Ég leitaði allra leiða til að fá hann *ofan af* þessu“.
- Leita (með) logandi ljósi** (orðtak) Leita mjög vel. „Ég leitaði með logandi ljósi að þessum gemlingum“.
- Leita réttar síns** (orðtak) Ná réttlæti fyrir sig með tilvísun í lög, t.d. með kæru til yfirvalds. „Skoðunarmaður hugðist leita réttar síns, en sá það ekki fært vegna galla laganna; sem ekki skylda fjáreigendur að framvísa fé sínu til skoðunarmanns“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).
- Leita sér lúsa** (orðtak) Leita að lúsum á skrokk sínum. Slík iðja var algeng meðan lús var landlæg. Samkvæmt þjóðtrúnni gat lús og lúsaleit komið að gagni á sjó: Til að auka *meðbyr* þótti áhrifaríkt að leita sér lúsa og fleygja þeirri veiði aftur af skipinu. Aðrir létu lúsina á *þóftu* og veittu athygli skriði hennar; átti *byrinn* að koma úr sömu átt. Loks létu sumir lúsina í seglið. Með þessum aðferðum vonuðust menn eftir *lúsabyr*...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimild; ÓETH).

- Leita skjóls/vars** (orðtök) A. Um fólk og fénað; fara í skjól undan slæmu veðri. B. Um bát/skip; fara í *landvar* undan miklum sjógangi/stormi.
- Leitardagur** (n, kk) *Gangnadagur; réttardagur*. Venja var í Kollsvík að tala fremur um gangnadag eða réttardag, sem var oftast það sama. Í fjallskilareglugerð V-Barðastrandasýslu frá 1982 segir; „Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars; síðari leitardagur tveim vikum seinna“. Fyrri leitardagur/réttardagur var því alltaf mánudagur í kringum 20.september. Síðari leitir voru hinsvegar hafðar eftir því sem á stóð, enda slátrun þá í fullum gangi og annir miklar.
- Leitarmaður** (n, kk) Sá sem leitar; sá sem smalar fé. „Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið).
- Leiti** (n, hk) Aflíðandi hæð; bunga. „Þarna bar leiti á milli mín og kindanna“. Kotbýlið Leiti stóð neðanvið Neðri-tungu í Örlygshöfn.
- Leitið og þér munuð finna** (orðatiltæki) Biblíutilvitnun sem oft er viðhöfð, t.d. þegar einhver hefur fundið hlut sem annar hefur leitað hvað ákafast að. „Leitið og þér munuð finna. Hvað viltu gefa fyrir vasahníf?“
- Leitir** (n, kvk, fto) Smölun; göngur. „Að síðustu langar mig að minnast á leitirnar. Þó þær væru hvorki langar eða erfiðar heima, voru þær eitt mesta tilhlökkunarefni bæði barna og fullorðinna. Gangnaseðillinn sem barst bæ frá bæ, kom að Láganúpi um hálfum mánuði fyrir göngur...“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Leitun** (n, kvk) Vandfundinn. „Það er leitun að öðrum eins ágætismanni og hann var“. „Dániel Eggertsson sagði að leitun myndi vera á jafn góðum efnahag og í Rauðasandshreppi og taldi hann að ekki myndi verða sótt gull né grænir skógar með sameiningu við Patrekshrepp“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Leka sig** (orðtak) Um kýr sem er með svo troðin júgur af mjólk að vöðvar í spenaopinu ná ekki að halda og mjólkkin drýpur niður. Sama getur gerst ef kýrin *stígur sig*; þ.e. ef hún stígur á spenann svo vöðvinn meiddist. „Hún Búbót lekur sig dálítið enn; speninn hlýtur að fara að gróa“.
- Lekabytta** (n, kvk) A. Ílát sem haft er undir, til að taka við hverskonar leka, t.d. þakleka. B. Dallur sem hafður var undir krana á vintunnu, til að taka við því sem úr honum draup. Sumir sóttu mjög í að tæma lekabyttuna, og mun orðið „fyllibytta“ vera af því runnið. C. Stundum haft um lekan bát; *lekahrip*.
- Lekahrip** (n, hk) Óþéttur bátur. „Skektan var fremur gamalt lekahrip sem sífellt þurfti að ausa“.
- Leki** (n, kk) A. Það sem lekur um gat/skemmd o.fl. „Það kom allnokkur leki að bátnum við strandið“. B. Lög; lítið eitt af vökva í íláti. „Hann átti einhvern leka eftir í flöskunni“.
- Lekta** (n, kvk) Láréttur burðarbiti, t.d. undir gólfi; í vegg eða undir sperrum.
- Lekur** (l) Sem leki hefur komið að vegna gats, skemmda o.fl. „Stígvélið er lekt í tanni“.
- Lella** (n, kvk) Leðja; for; *effa*. „Grindin brotnaði undan kálfunum svo þeir sátu í lellunni í kjallaranum“. Borið fram með hörðu elli.
- Lellulegur** (l) Líkur leðju/for/efju; seigfljótandi. „Hafragrauturinn verður svo leiðinlega lellulegur ef þú hrærir mjólkina úti“. Hart ell.
- Lellubunnur** (l) Seigfljótandi; þunnur eins og lella/efja. „Settu ekki of mikið af vatni í steypuhræruna; þá verður hún svo lellubunn og ónýt“.
- Lemba** (s) Sú athöfn hrúts að makast með ær. „Ekki veit ég hvað hrúturinn hefur náð að lemba margar þegar hann braut stíuna“.
- Lembd** (l) Um kind/á; með lambi. „Eitt kúgildi er jafngilt sex ám; loðnum og lembdum í fardaga“. „Kindur eru kvikar vel og kúlumbdar;/ flestar eða allar lembdar“ (JR; Rósarímur).
- Lemjandi rigning / Lemjandi slagveður** (orðtak) Mikil rigning í hvössum vindi. Mikið notað til áhersluauka. „Þegar við vorum að draga síðustu mennina upp á brún var komið lemjandi slagveður“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Lempa** (s) Laga til; hagræða; beita fortöllum. „Ríkisstjórnin þarf nú eitthvað að lempa til í rekstrinum“. „Það var hægt að lempa hann þannig til að hann samþykkti að lokum“.
- Lempilega** (ao) Með lagni/gætni; sniðuglega. „Hann samþykkir þetta kannski ef þú ferð lempilega að honum“.
- Lempinn** (l) Fær í að hagræða; natinn við verk. „Hann er stundum lempnari við fêð en mannfólkið“.
- Lempni** (n, kvk) Lagni; sniðugheit. „Með lempni og sannfæringarkrafti tóks mér að fá hann á mína skoðun“.
- Lemstra** (s) Slasa; meiða. „Ég náði lambinu af kindinni áður en hún náði að lemstra það“.
- Lemstraður** (l) Slasaður; marinn. „Eitthvað hefur hann lemstrast við byltuna“. „Ég var líkt og lemstraður eftir átökin“.

Lemstrun (n, kvk) Slysi; meiðsli. „Þetta sýnist kannski ekki hátt, en samt er hverjum þeim dauði eða lemstrun búin sem hrapar á þessum stað“.

Lend (n, kvk) Neðanvert mitti á manneskju; aftari hluti baks á skepnu.

Lenda (s) *Koma að*; koma á báti í fjöru/ að bryggju. „Nú urðum við að halda áfram þennan stutta spotta sem eftir var í Verið, því bátarnir voru um það bil að lenda og ekki máttum við koma of seint með matinn til sjómanna“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Lenda á streng (orðtak) *Seila út*; lenda bát í miklu brimi, á þann hátt að dreki/stjóri er lagður úti á læginu og haldið við taug úr honum í skutnum; til að halda bátnum réttum upp í ólögin. „Brimasamt var í Kollsvík og þurfti iðulega að seila úr allan aflann, og lenda á streng sem kallað var. ... Og urðu allir að seila út á laginu og lenda á streng“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Lenda fyrir flötu (orðtak) Lenda bát á síðu upp í fjöru; láta slá flötu. Yfirleitt forðast menn slíka lendingu vegna þeirrar hættu sem henni fylgir fyrir áhöfn og bát. Þó er þetta stundum gert, t.d. í blíðskaparveðri til að afferma bát. Knörrum landnámsaldar mun hafa verið alsíða að lenda fyrir flötu, til að auðvelt væri að *bera af*. Sjá *mikið í húfi*.

Lenda illa í því (orðtak) Verða fyrir óheppni. „Nú lentum við illa í því; heldurðu ekki að ífærufjandinn hafi orðið eftir í landi“!

Lenda í flæði (orðtak) Lenda þegar flóð er, og sjór því hátt í lendingunni. Slíkt sparaði mikla vinnu við burð á afla og setningu á báti. „Nú var lent í flæði en þá var, eins og áður er sagt, lítið var að klökkunum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lenda í kröppum dansi (orðtak) Komast í hættulegar aðstæður, t.d. sjávarháska. „Við lentum í nokkuð kröppum dansi þegar við förum frá urðinni, en þá bilaði vélin á bátnum“.

Lenda í ógöngum með (orðtak) Lenda í vanræðum með; komast í þrot með. „Nú förum við að lenda í árans ógöngum með saltið, ef pöntunin kemur ekki“.

Lenda í útideyfu (orðtak) Um verk sem verður útundan; tefjast úr hófi; verða að engu. „Það lenti í útideyfu hjá mér að mála þakið fyrir veturinn“. „Fjöldi mála á Alþingi lenti í útideyfu fyrir þinglokin“.

Lenda í villu (orðtak) Villast. „Niðapoka var á, og náttmyrkur, og lentu þeir í villu á fjallinu“ (MG; Látrabjarg).

Lenda saman (orðtak) Takast á; lenda í áflogum. „Þeim lenti saman á þorrablótinu og voru báðir blóðugir eftir“.

Lenda utanhjá (orðtak) Um framkvæmd/verk; verða útundan; gleymast. „Þetta hefur alveg lent utanhjá; ég verð að drífa í því“!

Lenda úti á galeiðunni (orðtak) Lenda á villigötum; lenda í óreglu/rugli/ræsinu; lenda í slæmum félagsskap. „Mér skilst að hann hafi heldur betur lent úti á galeiðunni þarna syðra“. Sjá *setja á galeiðuna*.

Lenda við (orðtak) A. Bókstafleg merking; leggja bát upp að, t.d. hlein. B. Oftast notað í óeiginlegri merkingu; enda; verða málalok. „Enn rignir hann; ekki veit ég við hvað þetta lendir eiginlega“!

Lenda við það sama (orðtak) Koma í einn stað niður; koma út á eitt; gilda einu. „Þó við förum hina leiðina þá lendir alltaf við það sama; við losnum ekki við skafinn“. „Við sama lendir hvernig við förum að þessu“.

Lendandi (l) Hægt að lenda. „Þegar þeir komu útfyrir Hænuvík hafði sjó aukið það mikið að vafasamt var orðið hvort lendandi væri í Kollsvík“ (Niðjatal HM/GG). „... Þó reri hann hið þriðja sinn, því lygndi, en þegar hljóp á útnyrðingur með ylgju mikili og ókyrrðist mjög sjór við það, svo illa lendandi var“ (TÓ, frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Lendast vel/illa (orðtak) Lánast vel/illa í lendingu. Oft má lítið útaf bera við lendingu í tvísýnu. „Honum lentist vel, og öllu var bjargað; bæði bát og afla“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lending (n, kvk) Staður á ströndinni þar sem allajafna er unnt að lenda. „Lending í Láganúpslandi er nærri ótæk sökum brims og grynninga. (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). Þessi lýsing er þó hæpin sé lítið til útgerðarminja í Grundarbökkum, en þar virðist hafa staðið ein mesta verstöð fyrri tíðar.

Lendingabætur (n, kvk, fto) Lagfæringar sem gerðar eru á lendingu til að hún sé aðgengilegri/öruggari. „Guðbjartur á Láganúpi réðst í allmiklar lendingabætur í Láganúpslendinug, ásamt sonum sínum. Var rudd feiknamikil vör stuttu utanvið Langatangann“.

Lendingarleið (n, kvk) Siglingaleið til lendingar. „Það eru sker fyrir utan, dálítið varasöm ef ekki er rétt farið, en lendingarleiðir voru farnar eftir því hvernig stóð á áttum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Lendingarstaður (n, kk) Staður sem lent/lendandi er á. „Nú var búið að athuga allstaðar um lendingarstað og virtist allt ófært“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

- Lendir í sama stað / Lendir við það sama** (orðtök) *Kemur í sama stað niður*; skiptir ekki máli; *kemur út á eitt*.
- Lendur maður** (orðtak) Á oftast við aðalsmann/höfðingja sem náð hefur undir sig miklum landsvæðum/jarðeignum, oftast með tilstuðlan eða vitund konungs eða þess stjórnarfars sem ríkjandi er. Má t.d. telja höfðingja á sturlungaöld lenda menn.
- Lengi býr að fyrstu gerð** (orðatiltæki) Vanalega er átt við að menn búa lengi að góðu uppeldi/atlæti í æsku.
- Lengi er von á einum** (orðatiltæki) Kemur einn enn; enn bætist við. Viðhaft t.d. um veiði.
- Lengi getur fullur étið (og latur legið)** (orðatiltæki) Sumir virðast geta borðað endalaust, þó orðnir séu mettir.
- Lengi getur latur legið** (orðatiltæki) Oft er gripið til þessarar speki þegar manni finnst gott að hvílast áfram, en þarf að sinna verkum. Fyrrum var það talin leti sem í dag er oft nefnt nauðsynleg hvíld.
- Lengi getur vont versnað** (orðatiltæki) Speki sem viðhöfð er um slæmt ástand sem fer enn versnandi. Oft notað í sömu tilefnum og að *fara úr öskunni í eldinn*.
- Lengi getur þreyttur þraukað / Lengi má þreyttur þrauka** (orðatiltæki) Maður getur stundum haldið út furðu lengi þó maður sé orðinn þreyttur, einkum þegar mikið liggur við.
- Lengi lifir í gömlum glæðum** (orðatiltæki) Lengi getur dugað/enst kærleikur/vínátta eða viðfangsefni/málefni/áhugamál/viðhorf o.fl.
- Lengi man hvað ungur nam** (orðatiltæki) Það festist jafnan best í minni sem menn læra á unga aldri.
- Lengi man til lítillar stundar** (orðatiltæki) Maður getur lengi munað viss augnablik úr lífi sínu þó annað gleymist.
- Lengi má deila um keisarans skegg** (orðatiltæki) Um sumt er hægt að deila endalaust án niðurstöðu. „Ég er ekki hrifinn af þessum flokki, en það má svo sem lengi deila um keisarans skegg“. Deilt er um uppruna orðtaksins, en sumir telja það snúast um skegg eða skeggleysi Karls mikla; aðrir að það snústi um það sama hjá rómaverskum keisurum.
- Lengi má gott bæta** (orðatiltæki) Fátt er svo gott að ekki geti enn batnað.
- Lengi má lags bíða** (orðatiltæki) Oft þarf að bíða lengi eftir að lag gefist í brimi, til að taka landróðurinn. Einnig notað í líkingamáli þegar reynir á þolinmæðina.
- Lengi má/skal manninn reyna** (orðatiltæki) Seint koma í ljós allir kostir og ókostir manns; lengi getur maðurinn sýnt á sér nýjar hliðar. „Lengi má manninn reyna! Þessu hefði ég ekki búist við af honum, blessuðum“.
- Lengi tekur sjórinn við** (orðatiltæki) Spekin vísar til þess að eilíflega megi kasta í sjóinn; allt hverfi það. Notað um hvaðeina sem aldrei/seint mettast. Með vaxandi mengun, gerviefnaframléiðslu og umhverfisvitund taka fáir undir þessa gömlu speki nútíldags.
- Lengi væntir vonin** (orðatiltæki) Menn geta lengi haldið í vonina um eitthvað.
- Lengivel / Lengi vel** (ao/orðtak) Löngum; um langan tíma. „Lengivel sást ekkert útúr augum, en svo fór aðeins að rofa til“. „Afi var lengi vel hress og vann mikið“ (S.G: Bréf til mömmu).
- Lengja eftir / Lengjast biðin eftir** (orðtak) Sakna; verða *langeygur* eftir. „Okkur var farið að lengja eftir mömmu, og þeim sem farið höfðu með vistirnar út á Bjarg“ (Anna Hafl.dóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Lengjast um** (orðtak) Lengja eftir; sakna. „Okkur var farið að lengjast um þá úr hákarlalegunni“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Lengst af / Lengstaf** (orðtak/ao) Mest af tímanum; mestallan tímann. „Hálsar geta verið lokaðir lengstaf vetrum í Útvíkum“. „Lengstaf sumrinu hefur verið sémileg heyskapartíð“ „Veðrið var svo gott að þeir voru úlpulausir lengstaf“.
- Lengstum** (ao) Lengstaf; mestan tímann. „Þessir frændur mínir voru lengstum í sveit í Kollsvík öll sumur á sínum uppvaxtarárum og tóku þar þátt í leik og störfum eins og heimilisfólk“. (VÖ).
- Lens / Lensvindur** (n, hk) Meðbyr; undanhald undan vindi, einkum á siglingu. „Við fengum húrrandi lens fyrir vikina“. „*Lensið* þótti einna hættulegust sigling. Þá átti að varast að láta ölduna elta sig heldur til hliðar. Til þess að verja skipið *áföllum* var talið heppilegast að sigla talsvert skáhallt með vindi, einkum í *spildusjó*“ (LK; Ísl. sjávarhættir). „Hann taldi okkur ekki vera í vandræðum að koma skipinu suður í lensvindi. Ég kvaðst vita að það væri lens suður Breiðflóann, en það yrði ekki er kæmi fyrir Öndverðanes“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Lens** (l) Uppiskroppa; búinn; þrotinn. „Ég er að verða lens með píputóbakið bráðum“.
- Lensa** (s) Sigla undan vindi. „Var nú lensað áleiðis til Keflavíkur“ (ÖG; Þokuróður). „Þá var dregið úr ferðinni, og lensað með hægri ferð“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Veðurhæð fór ört vaxandi er komið var

út í Patreksfjarðarflóann, og var nú lensað suður fyrir Víkur; fyrir Bjargtanga og suður Breiðubugt“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Arb.Barð; 1959-67; frás. Árna magnússonar).

Lensa (n, kvk) *Drepur*; tvíeggjað áhald sem notað var til að leggja hákarlinn með. „Drepirnir voru tvíeggjaðir stingir, hin biturlegustu vopn, með hálftrar alinar löngu blaði og fjögurra álna skafti. Á vestfirskum skipum tíðkuðust svipuð áhöld og kölluðust þar lensur. Drepirnir voru til þess notaðir að stinga í sundur mænu hákarlsins þegar hann kom uppúr sjónum“ (GG; Skútuöldin).

Lenska (n, kvk) Síður; hefð; regla; plagsiður. „Lengi var það lenska í Útvíkum að allir heilsuðust og kvöddu með kossi, og enn halda sumir þeim síð að nokkru. Þó ekki sé vafi að þetta hefur styrkt vinabönd og þjappað fólki saman, þá má einnig *gera því skóna* að það hafi hraðað útbreiðslu smitpesta. Legið hefur við fleiri slysum, svo sem þegar tveir Látramenn hittust á tófugöngu. Hafði annar í ógáti spennu byssu sína, sem lenti á milli mannanna og hljóp úr henni skot við kveðjukossinn. Ekkert varð þó að skaða utan *smáskeina* á tá“.

Lepja (s) A. Sleikja upp vökva; drykkjarháttur t.d. hunda og katta. B. Draga línu/færi með stuttum handahreyfingum. „Þú verður að draga dálítið rösklega strákur; það gengur ekkert að lepja færið eins og afgömul kerling“!

Lepja (n, kvk) Mjög þunnur/lapþunnur grauttur eða skyr. „Mú hef ég þynnt skyrið of mikið, þetta er bara lepja“.

Lepja dauðann úr skel (orðtak) Búa við mikla fátækt. „Landsbyggðarfólk hefur löngum mátt lepja dauðann úr skel, meðan velsældin hleðst upp í höfuðborginni“. Vísast líklega til þess að þegar svo naumt var skammtað að komst fyrir í skel, þá var dauðinn á næstu grösum.

Lepja (upp) eftir (orðtak) Hafa/apa eftir; endurtaka; endursegja. „Ég nenni ekki að lepja eftir honum bölváða þvæluna; þetta var svo heimskulegt“!

Lepja í (orðtak) Kjafta frá. „Hver skyldi hafið lapið þessu í hann“?

Lepjulegur (l) Slappur; linur; óhress. „Ég finn að ég er hálf lepjulegur ennþá eftir þessa óþverrapest“.

Leppagarmar / Leppatuskur / Leppar (n, kk/kvk, fto) Gæluorð um föt; fataleppar. „Farið nú að vakna og tína utaná ykkur leppana strákar. Þið þurfið að fá ykkur morgunmat áður en þið farið af stað“. „Áttu ekki einhverjar skárrí leppatuskur til að fara í“?

Leppalítill (l) Fáklaeddur; í fáum flíkum; klæðlítill. „Maður kófsvitnaði í sólarbeyskjunni, jafnvel þó maður væri orðinn leppalítill“.

Leppalúði (n, kk) A. Var upphaflega notað sem niðrandi heiti á tötralegum manni, og heyrir enn sem niðrandi uppnefni. B. Varð síðar heiti á tröllkarli sem um spunnust þjóðsögur. Á endanum mótaðist sagan um að hann væri eiginmaður skessunnar Grýlu; hann væri þriðji maður hennar; óttalegt letiblód og faðir jólasveinanna.

Leppar (n, kk, fto) Styttling á *fataleppar*; gæluheiti á fatnaði.

Leppur (n, kk) A. Bót af efni; efnispjatla. „Peysan væri ágæt ef leppar væru settir á olnbogana“. B. Efnispjatla sem lögð er innan í botn á skó. Leppar í skinnskóm voru stundum listilega útsaumaðir og nefndust þá *rosaleppar*. „Börn lærðu fyrst að þrjóna leppa (hér ekki illeppar) með garðarþjóni. Þá var fyrst þrjónaður miðhlutinn þversum, svo teknir upp á þrjón jaðarnir og þrjónaðar húfur á endana með úrtökum“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). C. Taflmaður sem valdar/ver annan í skák. D. Í seinni tíð; meistari sem ábyrgist verk ófaglarðs manns.

Lera til (orðtak) Laga til; tala til. „Eitthvað er nú hægt að lera þetta bílskrifli til, þannig að þú komist heim“. „Hann var alveg á móti málinu en með lempni tókst að lera hann til svo hann samþykkti að lokum“. Sögnin að *lera* var stundum einnig notuð sjálfstætt, en það var fátíðara. „Það þarf aðeins að lera hurðina svo hún falli að stöfum“.

Lera sig (til) (orðtak) Lagast; aðlagast. „Sumir voru ósáttir við þessa ákvörðun, en það lerar sig með tímanum“. „Netið var örliðið snúið þarna á kafla í lagningunni, en ég held að það leri sig til í sjónum“.

Lerkaður (l) Þreyttur; uppgefninn. „Þeir komu lerkaðir og *forblautir* úr leitinni“. „Magnús langafi minn ... komst nokkuð lerkaður og móður undan fjörulallanum“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Lesa á (orðtak) Sjá hvað stendur skrifað. „Helgi í Tröð og fleiri lásu á hana og staðfestu þar með að Liði hefði unnið veðmálið“ (PG; Veðmálið).

Lesa á hundavaði / Lesa í fljótheitum (orðtak) Lesa ekki orðrétt heldur í flýti, þannig að reynt sé að grípa aðalatriðin. „Ég las þetta plagg á hundavaði og *þótti lítið til þess koma*“.

Lesa á milli línanna (orðtak) Skilja það í texta/máli sem ekki er sagt beinum orðum. „Í bréfinu segist hann vera ánægður í vistinni, en þó mátti lesa á milli línanna að svo var ekki að öllu leyti“.

- Lesi í hljóði / Lesi í lágum hljóðum** (orðtak) Lesa með sjálfum sér, án þess að tala. „Geturðu ekki lesið þetta í hljóði? Ég er að reyna að hlusta á fréttirnar“. „Ég las fyrstu blaðsíðuna upphátt, en hitt las ég í lágum hljóðum, enda var stráksi þá sofnaður“.
- Lesi (einhverjum) pistilinn/faðirvorið** (orðtak) Skamma einhvern. „Ég las honum rækilega pistilinn fyrir þetta uppátæki“.
- Lesi/skoða ofaní kjölinn** (orðtak) Lesa gaumgæfilega; skoða til hlítar. Líking við að bók sé lesin öll, einnig það sem skrifað er innarlega á spássíu.
- Lesi sér til** (orðtak) Kynna sér með lestri; lesa sér til fróðleiks. „Nú þarf ég að lesa mér til í leiðarvísinum“.
- Lesi sig upp** (orðtak) Fara upp vað með því að grípa um hann með höndum til skiptis; *handlesa sig; handstyrkja sig*.
- Lesi spjaldanna á milli** (orðtak) Lesa bók/rit frá upphafi til enda.
- Lesi upp / Lesi upphátt** (orðtak) Lesa fyrir aðra; lesa þannig að heyrist. „Pabbi las líka oft sögur fyrir okkur á kvöldin, þegar við vorum lítil. Hann las svo skemmtilega að það var ekki hægt annað en taka eftir hverju orði. Honum þótti mjög gaman að lesa upphátt“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Lesi til** (orðtak) Lesa; fá skilning í það sem skrifað er. „Mér last svo til í leiðbeiningunum að hér ætti allt að fylgja í pakkanum; verkfæri og annað“.
- Lesi undir próf** (orðtak) Rifja upp námsefni með yfirlestri stuttu áður en lokapróf fara fram.
- Lesi útúr** (orðtak) Ráða í skrift; reyna að lesa það sem skrifað/táknað er. „*Fjandinn eigi það* að ég geti nokkuð lesið útúr þessu hrafnsparki hjá honum“!
- Lesi/tala yfir hausamótunum á** (orðtak) Skamma; lesa pistilinn. „Ég las rækilega yfir hausamótunum á þeim fyrir þetta tiltæki“.
- Lesandi** (n, kk) Sá sem les. „Ég læt lesandanum eftir að meta verkið“.
- Lesbirta** (n, kvk) Birta til að lesa bók/blað. „Á kamrinum var næg lesbirta til að greina helstu fréttir í skeinibréfinu, sem vanalega var bændamálagníð eina og sanna; Tíminn. Sjóngóðir gátu jafnvel rýnt í hitt áróðursritið nærindis; „Fakta om Sovietunionen“, en það var glansrit sem óhæft var til neðanbrúks“.
- Lesbjart** (l) Nægilega bjart til að unnt sé að lesa á bók. „Það er varla orðið lesbjart lengur. Ég ætla að skreppa og setja í gang vélina“.
- Lesefni** (n, hk) Ritmál sem unnt er að lesa. „Mjög mikið var lesið í Kollsvík, en þó varð þar aldrei skortur á lesefni. Taldist til nauðsynja að eiga lesefni við allra hæfi. Mikil bókasöfn voru á hverju heimili; töluvert keypt af blöðum og tímaritum og fjölbreytileikinn var í fyrirrúmi. Börn urðu læs stuttu eftir að þau urðu sæmilega talandi og fæstum féll bók úr hendi eftir það; eftir því sem frítími leyfði. Færi svo að einhver yrði leiður á því úrvali sem bauðst á heimilum var leitað í eitthvert hinna þriggja stöndugu bókasafna í Rauðasandshreppi. Vafasamt er að á nokkru byggðu bóli hafi boðist fjölbreyttara lesefni“ (VÖ).
- Lesfróður** (l) Fróður af lestri rita. „Hann er nokkuð lesfróður um þetta, en vantar sumsstaðar skilninginn“.
- Lesinn** (l) Fróður af bóklestri. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill. Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt. En Gísi Konráðsson segir ennfremur að lítill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Leskingi** (n, kk) Hlutur sem er laskaður; brotinn. Í seinni tíð oftast notað um egg. „Þeim eggjum sem brotin voru var safnað saman í fötur og kölluð leskingjar“ (MG; Látrabjarg).
- Lesning** (n, kvk) A. Texti almennt; einkum sá sem við á hverju sinni: „Lítu nú í lesninguna áður en þú tekur tækið í sundur“. B. Skammir. „Þessi jeppakarl fékk víst lesningu þegar landeigandinn náði á hann“.
- Lest** (n, kvk) A. Röð farartækja, fólks eða skepna; *halarófa*. „Féð rann í einni lest eftir hestaveginum“. T.d. hestalest; járnbrautarlest o.fl. B. Rými neðan þilfars í skipi, þar sem geyma má fisk eða annan flutning. C. Þyngdareining; tonn; 1000 kg. Að fornu var lest talin jafngilda 1200 fiskum (4 mörk hver) eða 30 vættum. Ein lest korns var talin 12 tonn. D. Stærðareining báts/skips.
- Lesta** (s) A. Setja varning í lest á skipi. „Meðan Kollsvíkurver stóð með mestum blóma komu stundum flutningaskip uppundir Lægið, ef gott var í sjó, og lestuðu fisk til útflutnings“. B. Var fyrrum notað um það að skemma/lemstra, en slíkt heyrðist ekki í seinni tíð.
- Lestarfjöl / Lestarplanki** (n, kvk/kk) Þykkar fjalir sem um áratuga skeið rak iðulega á fjörur í Kollsvík og víðar. Notaðar sem skilrúm í lestum og á dekki togara áður en plastkassar og plastkór urðu algeng.

Lestargangur (n, kk) Hægur gangur; sá gönguhraði sem hæfir klyfjuðum hestum í lest. Stundum notað um áætlaða vegalengd milli staða. „Yfir Tunguheiði var um 4 tíma lestargangur“.

Lestrarfélag (n, hk) Félag sem hefur þann tilgang að eiga lesefni við smekk þeirra sem að því standa. Stofnað var Lestrarfélagið Bernskan í Rauðasandshreppi hinn 20.nóv 1921, en undir lög þess skrifa Valdimar Össurarson í Kollvík og Eyjólfur Sveinsson á Lambavatni. Í Rauðasandshreppi voru framá síðari hluta 20.aldar starfandi 3 lestrarfélög með miklum glæsibrag: Lestrarfélag Rauðasands í Ungmennafélagshúsinu þar; Lestrarfélag Sauðlauksdalssóknar í Sauðlauksdal og Lestrarfélag Breiðavíkursóknar sem vistað var á Hvallátrum. Eftir byggingu barnaskólans í Fagrahvammi voru þessi söfn sameinuð þangað, við misjafnar undirtektir. Í söfnunum var fjölbreytt lesefni; sumt fágætt, og töluvert keypt inn árlega.

Lestrartilögn (n, kvk) Tilsögn/leiðbeining fullorðinna við börn varðandi lestur; einkum í byrjun, meðan þau eru að ná tókum á að þekkja stafina; kveða að; stauta; lesa í samfellu og öðlast skilning á því sem lesið er. Einnig orðað að „láta stafa/stauta/eða lesa“. Sjá *prófblað*.

Lestur (n, kk) A. Tal eftir rituðum texta. B. Skammir. „Heldur fékk hann nú lesturinn fyrir að fara svona klaufalega að smöluninni“! C. *Húslestur*. „Allir sátu hljóðir meðan á lestrinum stóð“.

Leti og ómennska (orðtak) Einstakt bjargarleysi; *hámark letinnar*. „Ekki skil ég *búskaparlagið* hjá sumum bændum. Það þýðir nú lítið að liggja í ferðalögum eða í leti og ómennsku yfir heyskapartímann“!

Letin er lastanna móðir (orðatiltæki) Leti var jafnvel talin verri en aðrir lestir á þeim tímum sem vinnuharka var hvað mest.

Letibragur (n, kk) Yfirbragð leti/seinlætis. „Það er ekki letibragurinn á heyskapnum á þeim bæ“!

Letiblóð / Letingi / Letihaugur (n, hk/kk) Dratthali; maður sem ekki nennir að vinna. „Karlinn er bæði stórskrýttinn og ferlegt letiblóð“.

Letibykkja (n, kvk) Mjög löt/seinfær/hæglát skepna/manneskja. „Skelfingar letibykkja er nú þessi kind“!

Letilíf (n, hk) Aðgerðarleysi; dól; værdarháttur. „Ég kunní illa við þetta letilíf þarna fyrir sunnan“.

Letja (s) Draga úr; fá ofanaf. „Ég vil nú ekki letja þig að róa ef þú heldur að sjóveðrið haldist“.

Letja til (orðtak) *Draga/telja úr*; vera ekki hvetjandi. „Ekki ætla ég að letja þig til fararinnar, en viltu ekki bíða þar til birtir betur“?

Levkoj (n, hk) Nafn á skrautblómi því sem nú er nefnt sumarblóm, en var til skamms tíma nefnt uppá dönsku. Levkoj er af krossblómaætt; oft með stórum hvítleitum blómum; eftirsótt garðablóm með miklum ilmi.

Leyfisbréf (n, hk) Leyfi forseta Íslands sem um tíma þurfti; um að maður og kona megi ganga í hjónaband án þess að lýst sé með þeim í kirkju, líkt og löngum var síður.

Leyfir ekki af (orðtak) *Veitir ekki af* (sjá þar).

Leyfist mér að spyrja? (orðtak) Stundum látið fylgja ágengri spurningu, eins og til að auka áherslu hennar.

Leyfist kettinum að líta á kónginn (orðatiltæki) Hinn lægra setti/ óverðug telur sér heimilt að horfa á þann sem herra er settur. Kollsvíkingum hættir þó til að gera meira og lenda stundum í stælum við kóngapakkið ef þurfa þykir.

Leyna (s) Fara leynt með; fela; dylja. „Biður hann menn sína að leyna því að járn hafi verið í hvalnum“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).

Leynardómsfullur (l) Dularfullur; íbygginn; hulinn/sveipaður leynd. „Mér finnst þetta í meira lagi leyndardómsfullt“! „Hversvegna ert þú svona leyndardómsfullur á svipinn“?

Leyni (n, hk) Felur; felustaður. „Í Byrginu lágu skyttarnar í leyni og biðu eftir máfahópunum“.

Leynir á sér (orðtak) Er meiri/stærri/dugmeiri en sést í fljótu bragði. „Sléttan er drjúgt stór; hún leynir á sér þar sem hún er kúpt um miðjuna“. „Ég hélt að þetta væri hálfgerður væskill, en hann leynir á sér drengurinn“.

Leynivaður (n, kk) Vaður/taug sem notaður er í bjargsgigi; *tildráttartaug*: A. Vaður sem liggur niður þar sem verið er að láta mann síga; í þeim tilgangi að hann geti dregið sig upp á höndum og þannig létt dráttinn hjá brúnamönnum. B. Vaður sem bundinn er við sigara (eggjakút eða annað) og liggur niður; í þeim tilgangi að maður sem er fyrir neðan geti haft stjórn á sigaranum, t.d. í loftsgigi. „Þó að við vissum að okkar menn niðri reyndu að stjórna Bretunum með leynivaðnum, þá máttum við ekki draga þá upp af sama krafti og maður dró vanan mann“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg). C. Taug sem notuð er til að ná aftur til sín vað, t.d. út í bát þegar seil hefur verið dregin til lands.

Leysa (s) A. Losa hnúta. „Hnúturinn var svo súrtaður að ég ætlaði aldrei að geta leyst hann“. B. Fría; gera frjálstan. „Skrepptu inn í fjós og leystu kýrnar, ég skal víkja þeim norður fyrir hliðið“. C. Losa hey í hlöðu/gryfju. „Ég er búinn að gefa kvöldgjöfina og leysa fyrir morgungjöfina“.

Leysa/inna af hendi (orðtök) Framkvæma; vinna; koma í verk. „Allt þetta leysti hann *samviskusamlega* af hendi“. „Ég innti af hendi *tilfallandi* störf sem þessu tengdust“.

Leysa af hólmi (orðtak) Koma í saðinn fyrir; taka við af. „Traktorinn leysti ýmis handverkfæri af hólmi“. Vísar til þess að hólmgöngumaður fái annan til að há einvígi í sinn stað.

Leysa brækur/buxur (orðtak) A. *Gera þarfir sínar; kúka; bjarga/bregða brókum; hægja sér; léttu á sér; flytja lögmann; tefla við páfa* o.fl. B. Leysa niður um sig buxurnar. „Leysir hann þá niður brækur sínar og snýr *gumpinum* fram móti þeim Jóni“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Leysa frá skjóðunni (orðtak) Segja frá; rjúfa þagnarheit. „Löngu seinna leystum við frá skjóðunni um þetta“.

Leysa hey (orðtak) Losa hey úr stabba í hlöðu. Eitt af verkum við gegningar/gjafir er að leysa heyið, en það getur sigið mjög saman í hlöðunni. Venja var að taka aðeins lítið svæði undir í hlöðunni, og leysa þann stabba alveg niður í gólf, í stað þess að leysa ofanaf öllu heyinu. Var mikið lagt uppúr því að stálið (lóðrétti hluti stabbans) væri slétt og lóðrétt; annað var sóðaskapur í umgegni við heyið. Oftast var leyst með berum höndum, en stundum notuð heynál/stingur. Á síðari tímum var farið að stinga með stungureku eða heyskera.

Leysa/taka niðurum sig (orðtak) Losa buxur um mittið og draga þær niður lærin, t.d. til að háttu eða hægja sér.

Leysa sig úr (orðtak) Um sigara í bjargsigi; leysa sig úr vaðnum niðri í bjargi til að geta farið um svæðið.

Leysa upp (orðtak) Almenn um að losa frá; losa í sundur. A. Um bát; léttu akkeri; fara úr hákarlalegu. „Kom hann þar að þegar Árni var að leysa upp og lagðist í sama pláss“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi). „Þá var farið að leysa. Var það seinlegt verk og erfitt, jafnvel þótt allir væru á þiljum“ (Um hákarlaskip; GG; Skútuöldin). B. Þýða snjóa/klaka. „Hann þyrfti að halda hlýindunum aðeins lengur, svo að leysi upp klakann af veginum“. C. Leysa upp frímerki; losa þau af pappirnum undir. D. Leysa upp hóp/slagsmál; skilja menn að.

Leysa úr (orðtak) Leysa vandamál; greiða flækju; losa úr bandi.

Leysa úr læðingi (orðtak) Losa/opna fyrir mikinn flaum, kalla fram. Orðtakið vísar til atviks í goðatrúnni; þegar Fenrisúlfr losnaði úr fjötrinum Læðingi, sem æsir lögðu hann í.

Leysa úr viðjum (orðtak) Leysa úr fjötrum/læðingi. Vísar e.t.v. til þess að forum hafi bandingjar/fangar verið fjötraðir með tágum.

Leysa vind (orðtak) Reka við; prumpa; freta. „*Engin er það synd þó búkurinn leysi vind*“. „Hver var að leysa vind með svona ferlegri fýlu“?

Leysingar / Leysingartíð (n, kvk, fto) Bráðnun snjóa; *hláka*.

Leysingavatn (n, hk) Bræðsluvatn úr snjóum og klaka í leysingum. „Áin í Vatnadalsbotninum er yfirleitt þurr, en í vorleysingum getur hún orðið illfær af gríðarmiklu leysingavatni sem kemur af þessu mikla vatnasviði“.

Leyti (n, hk) A. Hluti; tillit. „Að sumu leyti voru þeir nokkuð líkir“. B. Óviss tími. „Ég verð kominn um kvöldmatarleytið“.

Lélegur (l) Bágborinn; slitinn; lítillfjörlegur. „Hún hefur verið hálf léleg til heilsunnar uppá síðkastið“.

Lémagna (l) Máttlaus; lamaður; *örmagna; uppgefinn; sprunginn; alveg búinn*. „Hún sagðist hafa orðið lémagna af hræðslu þegar nautið kom æðandi“. „Hann var lémagna eftir hlaupin“.

Lémagnast (s) Gefast upp; örmagnast. „Ég er hræddur um að gamla rytjan sé alveg að lémagnast í rekstrinum“.

Lén (n, hk) A. Blað í skoskan ljá; *lén; ljáblað*. B. Hvaðeina sem veitt er að láni. C. Kirkjujörð sem var í eigu biskups en hann veitti prest til ábúðar og umsýslu. Slikum jörðum fjölgaði á 12. og 13. öld, með eflingu kirkjuvaldsins. Má nefna jarðirnar Breiðabólstað, Odda, Grenjaðarstað og Hítardal. Jarðirnar urðu kóngseign um síðaskipti, en voru eftir 1907, flestar seldar ábúendum.

Léni (n, hk) Blað í skoskan ljá; *lén*. Líklega hefur verið algengara í Kollsvík að nota „í enda“.

Léreft (n, hk) Dúkur/klæði/vefnaður úr líni eða hör. Forskeyti orða úr því efni.

Létt er þeim sem laus flakkar (orðatiltæki) Sá er léttur á fæti sem hefur ekki mikinn farangur. Vísar líklega til flökkufólks og förumanna sem fóru á milli bæja en voru eignarlausir og því léttklyfjaðir. Oft viðhaft á síðari tímum um þá sem báru litla eða enga byrði.

Létt í sér (orðtak) Um efni; með litla eðlisþyngd. „Er þetta ekki úr alumíni? Mér finnst það of létt í sér til að geta verið úr járn“.

Létt í vasa (orðtak) Lítilfjörlegt; lítills virði; ekki mikil verðmæti. „Ég þakka þér kærlega fyrir aðstoðina, þó það sé kannski létt í vasa“. „Heldur þykja mér létt í vasa þessi loforð ríkisstjórnarinnar“.

Létt um mál (orðtak) Auðvelt að tala. „Honum varð ekki létt um mál við þessar fréttir“.

Létt undir bú (orðtak) Um aðstæður á bújörð; búskapur auðveldur. T.d. vegna vetrararbeitar eða fjörubeitar.

Létt verk og löðurmannlegt (orðtak) Svo auðvelt í framkvæmd að það er niðurlægjandi. Gjarnan viðhaft um verkefni sem þykir vel viðráðanlegt. „Ertu eitthvað að vandræðast með þessar steinvölu? Það er nú bara létt verk og löðurmannlegt að henda þeim á stallinn“! „Það er bara létt verk og löðurmannlegt að sækja þessar rollur fyrir karlinn, en ég *tek það ekki í mál* að hann komi með sjálfur“!

Létta (s) A. Taka þyngsli af. „Við þurfum að létta bílinn til að hann fljóti á hjarninu“. B. Um veður; glaðna til; minnka skýjafar/úrkoma. „Nú vildi svo til að þokunni létti í bili, og sást þá til lands“ (ÖG; Þokuróður). „Ég held að hann sé eitthvað að létta“. C. Um skip; hífa upp akkeri/stjóra. „Vertu klár að keyra svo bátnum slái ekki flötum fyrir þegar við léttum“.

Létta á (orðtak) A. Gera léttara. „Við þurfum líklega að létta aðeins á kerrunni ef traktorskvikindið á að hafa hana upp þennan bratta“. B. Mjólka úr jógri/brjósti. „Ég létti aðeins á nýbærinni núna, til að gefa kálfinum; það þarf svo að mjólka hana betur í fyrramálið“.

Létta/minnka á föðrum (orðtak) Fækka bústofni sem föðraður er. Einnig notað í líkingamáli t.d. um uppsagnir manna hjá fyrirtæki.

Létta á sér (orðtak) (orðtak) A. Minnka byrði. „Á ég nú ekki að bera vaðinn smá stund og létta á þér upp brekkuna“? B. Kúka; skíta; hægja sér; *gera að buxum sínum; flytja lögmann; ganga til sýslu*. „Ég held nú bara að ég verði að setjast útyfir borðstokkinn og létta aðeins á mér“. C. Míga; *kasta af sér vatni*. „Mikið skrambi er gott að létta á sér eftir alla þessa kaffidrykkju“. „Hann gekk fyrir horn til að létta á sér“. D. Um bát; lyftast í sjó. „Ef hægt er að koma upp seglunum léttir báturinn strax á sér þegar hann fær skriðinn“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturðal).

Létta í (orðtak) Um dimmviðri/rigningu/él; *rofa til*; stytta upp. „Skyldi hann ekkert fara að létta í þetta él“?

Létta stjóra (orðtak) Draga upp akkeri/stjóra/dreka. „Það er gefið merki til þeirra á Fönix að koma upp. Þeir eru viðbúnir, því skömmu áður var stjóra létt og teknir tveir eða fleiri hringir á Læginu undir vélarhreyfli“ “ (KJK; Kollsvíkurver). „Þegar veðrið gekk út í vestur léttu þeir stjóra og sigldu og reru í áttina norður fyrir Blakk“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Létta undir með (orðtak) Hjálpa; aðstoða. „Mesta *erfiðid* lendir á honum, en ég reyni að létta undir með honum eins og ég get“.

Létta upp (orðtak) *Létta til*; stytta upp; *glaðna til*. „Ég held að hann létti til um hádegid“.

Létta til (orðtak) Styttir upp; veður lagast. „Ég held að hann sé eitthvað að létta til“. Einnig oft notað stytta: „Hann fer nú líklega að létta bráðum“. „Þegar birtir undan þykkni í norðri, merkir að veður muni þorna. Sama merkir lítill skýjabakki í norðri og austri þegar loft er heiðbjart“ “ (BH; Grasnytjar).

Létta verkum/önnum af (einhverjum) (orðtak) *Létta undir með* einhverjum; aðstoða einhvern með verk.

Létta vetri (orðtak) Enda vetrartími/vetrarharðindi. „Margir voru orðnir fremur *tæpir með hey* þegar loksins létti vetri“.

Léttaband (n, hk) *Létti*.

Léttabátur (n, kk) Bátur sem hafður er á stóru skipi til þess t.d. að fara í land þar sem hafnlaust er, eða á milli skipa. „Líklegt er að Englendingar hafi iðulega siglt upp á Kollsvíkina á skútum sínum fyrr á öldum; komið á land í léttabátum og átt viðskipti við Kollsvíkiga“.

Léttadrengur / Léttapiltur / Léttastúlka (n, kk/kvk) Vikadrengur; snúningastrákur; snúningastúlka; ungur strákur/ unglingsstúlka sem vinnur ýmis verk og snúninga.

Léttavara (n, kvk) Léttur/meðfærligur hlutur. „Hún er nú engin léttavara, þessi ferðataska“.

Léttaverk / Léttavinna (n, hk/kvk) Létt verk; auðveld vinna. „Það verður ekkert léttaverk að ná þessum gemlingum heim saftur“. „Ég skal glaður hafa *verkabýtti* við þig ef þú heldur að þetta sé einhver léttavinna“!

Léttbrýndur / Léttbrýnn (l) Glaðlegur á svip. „Hann var mun léttbrýndari þegar hann sá báða hrútana í réttinni“.

Léttbær (l) Ekki þungbær; sem auðvelt er að afbera. „Þessi skaði var engu léttbærari en hinn fyrri“.

Léttfættur (l) *Léttur á fæti*.

Léttgengur (l) Lipur/léttur á göngu; *hraðstígur*. Guðmundur var léttgengur og vildi alltaf hafa forystuna... “ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Léttþlaðinn (l) Með litla hleðslu/ lítinn farm. „Báturinn lá nokkuð djúpt í sjó þó léttþlaðinn væri“.

Létti (n, kk) A. Bardóna; band/ól yfir rúmi til að auðvelda fólki að hagræða sér. „Rúmið hennar stóð undir súð og var létti festur í súðina... svo hún gat sest upp“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms). B. *Fatli*; fetill; festi sem brugðið er yfir axlirnar og fest í byrðar sem bornar eru í höndum; til að létta burðinn. „Eggjakútar voru oft bornir sinn í hvorri hönd og létti hafður yfir axlir“.

- Léttilega** (ao) Með léttu lagi; á auðveldan hátt; auðveldlega. „Við ættum léttilega að geta klárað þetta í dag“.
- Léttir** (n, kk) Bætt geð/skap; þegar áhyggjum er aflétt. „... og ég man hve það var mikill léttir að heyra röddina hans pabba“ (Ólöf Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Léttir hagar** (orðtak) Lélegir bithagar fyrir sauðfé; *hagalétt*. „Þarna eru yfirleitt léttir hagar, en þó eru góðar lautir inná milli“.
- Léttklyfjaður** (l) Með léttu byrði. „Láttu mig bera spottann; ég er léttklyfjaðri en þú“.
- Léttklæddur** (l) Ekki í miklu af fötum; fáklæddur. „Ég var bara léttklæddur, og mér kólnaði fljótt“.
- Léttlyndi** (n, hk) Léttúð; kæruleysi. „Mér finnst það nokkuð léttlyndi að vera ekki farinn að gá neitt að hrútum á þessum tíma hausts“!
- Léttlyndur** (l) Léttur í lund; glaðlyndur; kærulaus. „Hann var léttlyndur að vanda, og í sólskinsskapi“.
- Léttmeti** (n, hk) A. Matur sem ekki er þungur í maga; skyndimatur; snarl. „Nú væri gott að fá almennilegan mat; maður er orðinn þreyttur á þessu léttmeti“. B. Lítilsvert málefni; lélegar bókmenntir. „Það er ágætt að lesa svona léttmeti inná milli skólabókanna“.
- Léttreyktur / Léttsaltaður** (l) Lítið reyktur/saltaður matur. Þannig verkunaraðferðir fóru fyrst að tíðkast eftir að frysting matvæla varð möguleg.
- Léttsinnaður** (l) Léttúðugur; kærulaus; sinnulaus. „Mér finnst þið nokkuð léttsinnaðir ef þið ætlið að geyma það til morguns að sækja féð sem slapp“.
- Léttskýjað** (l) Lítið af skýjum á himni; nær heiðskírt. „Veður var með besta móti; léttskýjað og hæglati“.
- Léttstígur** (l) Léttur á fæti; góður/frár göngumaður. „Hann var svo léttstígur að ég átti fullt í fangi með að fylgja honum eftir“.
- Léttur á bárunni** (orðtak) *Léttur í lund*; léttlyndur; kærulaus. Sjá *þungur á bárunni*.
- Léttur á brún** (orðtak) Gláður á svipinn.
- Léttur á fæti / Léttur á sér / Léttur í spori** (orðtak) Fótfrár; fljótur að hlaupa; þolinn á göngu; *léttstígur*. „Pabba þótit ekki mikið mál að ganga langar vegalengdir, því hann var annálaður göngugarpur; bæði léttur á fæti og hljóp frekar en gekk. Skemmti hann sér stundum við það að ganga þá af sér sem þyngrir voru til göngu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Léttur á höndum** (orðtak) Létt byrði; léttur í meðförum. „Þó báturinn sé stór er hann furðu léttur á höndum“.
- Léttur í bandi/drætti/spotta/vað** (orðtök) Um sigara; létt fyrir undirsetumenn að draga upp bjargið. „Mjög er misjafnt hvað sigmenn eru *þungir á höndum*, og fer það sjaldnast eftir þyngd þeirra, heldur lipurð og dugnaði. Engan man ég léttari í spotta en Marinó Kristjánsson frá Efri-Tungu. Hann var nokkuð þéttvaxinn, en afburða lipur og færi í brattlendi. Oftar en einusinni sat ég; þá unglingsstrákur, einn undir vað meðan hann seig í kletta, en aldrei þurfti ég að beita verulegum átökum til að draga hann upp“.
- Léttur í lund** (orðtak) Geðgóður; hrókur alls fagnaðar. „Svo verkaði pabbi minn vel á fólk. Hann var alltaf léttur í lund, og kom gömlu konunni til að hlæja þó hún væri nú stundum döpur yfir sínu hlutskipti“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Léttur í máli** (orðtak) *Slær á léttu strengi* í samræðum; glettinn; skrafhreifur.
- Léttur í spori** (orðtak) Gengur greitt/hratt; *léttur á sér* í göngu. „Hann er grannur og léttur í spori“.
- Léttúð** (n kvk) Kæruleysi; hálfkæringur; sinnuleysi. „Það gengur ekki að taka á þessu máli af neinni léttúð“!
- Léttúðlega** (l) Af léttúð; *kæruleysislega*. „Mér finnst þú tala dálítið léttúðlega um svo alvarleg málefni“.
- Léttúðugur** (l) Kærulaus; *sinnulaus*; *óvarkærinn*. „Mér finnst þú of léttúðugur yfir heimaverkunum þínum“.
- Léttvægur** (l) Með lítið vægi/ lítinn þunga; lítilfjörlegur. „Mér finnst þetta heldur léttvæg rök“.
- Lið** (n, hk) Gagn; *döngun*. „Það er nú ósköp lítið lið að mér í smalamenskum; svona fótfunum“.
- Liðaður** (l) A. Um hár; hrokkið; með bylgjur/liði. „Fyrir margt löngu var maður með þykkt og liðað hár, þó nú sé það hálfgerð eyðimörk“. B. Með mikinn mannskap/ marga aðstoðarmenn. „Hann sagðist vera heldur illa liðaður (*fáliðaður*) til að smala þetta upp á sitt eindemi“.
- Liðamótalaus** (l) Um manneskju sem er mjög liðug og getur sett líkamann í hinar ólíklegustu stellingar.
- Liðfár / Liðlaus / Liðlítill** (l) Skortir aðstoðarfólk. „Hann sagðist vera fremur liðlítill í smalamenskunum þetta árið, svo ég lét tilleiðast að aðstoða eftir getu“.
- Liðið lík** (orðtak) Andvana manneskja. „Mjög dró af honum um nóttina og morguninn eftir var hann liðið lík“.

- Liðinn** (l) A. Um tíma; farinn; genginn hjá. B. Um samfélagsstöðu manns; þolaður; fær í umgengni. „Hann var almennt vel liðinn af sínum smstarfsmönnum“. C. Dáinn, látinn. „Hugðu allir þær manneskjur liðnar“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). „...það hefur litla þýðingu að fella harða dóma yfir löngu liðnum feðrum okkar“ (EG; Vakandi æska).
- Liðka (til) fyrir / Liðka til** (orðtak) Greiða fyrir; gera greiðara/aðgengilegra. „*Standiði vel utanað fénu; ég ætla að liðka fyrir því í réttardyrnum*“.
- Liðka um fyrir** (orðtak) Aðstoða; hlaupa undir bagga. „Mig grunar að sá gamli hafi aðeins liðkað um fyrir þeim við íbúðarkaupin“.
- Liðkast um málbeinið** (orðtak) Verða viljugri til að tala; verða kjöftugri/málugri. „Efti fyrsta staupið fór að liðkast um málbeinið á karli“.
- Liðlangur** (l) Áhersluorð; mjög lengi. „Ég skil ekki í fullfrískum mönnum sem geta leikið sér *allan liðlangan daginn* þegar nóg er að gera“! „Ég sat yfir kúnni alla liðlanga nóttina; hún bar ekki fyrr en undir morgun“. Einnig *guðslangur* í sömu merkingu.
- Liðlega** (ao) A. Rúmlega; meira en; rétt yfir. „Ég var rétt liðlega tvítugur þegar þetta skeði“. B. Greiðlega; með léttu lagi; fimlega. „Féð rann liðlega inn í réttina“.
- Liðlegheit** (n, hk, fto) Hjálpssemi; greiðvikni. „Hann hefur sýnt ómetanleg liðlegheit í þessum erfiðleikum“.
- Liðleskja** (n, kvk) Dratthali; sá sem ekkert/lítið gagn er að; ónytjungur; *gauð*; *mannleysa*. „Hvatti hún hann því oft til sjósóknar, og var það talinn óþarfí því maðurinn var engin liðleskja (GiG; Frá ystu nesjum).
- Liðléttingur** (n, kk) Sá sem getu aðstoðað en vinnur ekki fullt verk. „Það er ágætt að haf einhverja liðléttinga með í hópnum; þeir geta verið drjúgir“.
- Liðléttur** (l) Sem lítið lið/gagn er að; kemur að litlu gagni; veitir litla aðstoð. „Ég er ágætur í fyrirristu og hæklu, en ég er ósköp liðléttur við fláningu“.
- Liðónýtur** (l) *Handónýtur*; alveg ónýtur. „Ég var að kaupa þennan penna og hann er alveg *geldur*; þetta er liðónýtt *drasl* sem þeir eru að selja nú til dags“.
- Liðsauki** (n, kk) Viðbót af mannskap; aðstoð. „Okkur barst góður liðsauki þegar hann mætti á staðinn“.
- Liðsinna** (s) Aðstoða; hjálpa. „Nágrannarnir liðsinntu honum með að ná inn síðustu heyrjunum“.
- Liðsinni** (n, hk) Aðstoð; hjálp. „Þegar þessu öllu er lokið, með liðsinni heimamanna, er kvaðst og þökkuð ágæt samskipti“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Liðstyrkur** (n, kk) Stoð; hjálp. „Ég get komið með ykkur, ef þið teljið að sé einhver liðstyrkur að mér“.
- Liðsöfnuður** (n, kk) Samkoma; þétting í hóp. „Mér sýnist að þarna sé einhver liðsöfnuður í fjörunni; ætli þeir séu að fara á sjó“?
- Liðtækur** (l) Sem gagnlegur er til aðstoðar/ við verk. „Hann reyndist vel liðtækur í aðgerðinni“.
- Liðugheit** (n, hk, fto) Hjálpssemi; greiðvikni. „Þau sýndu okkur ýmis liðugheit, meðan við vorum að koma okkur fyrir á nýja staðnum“.
- Liðuglega** (ao) A. Rúmlega; umfram; *liðlega*. „Við fengum liðuglega hálfu tunnu úr þessum strengjum“. Oftar notað „liðlega“. B. Lipurlega; fimlega. „Hann vék sér liðuglega undan þegar steinn hrundi úr brúninni“.
- Liðugt um málbeinið** (orðtak) Málgláður; talar mikið. „Eftir glasið var honum orðið liðugra um málbeinið“.
- Liðugur gangur** (orðtak) Hraður/léttur gangur. „Leiðin yfir fjallið er talin tveggja tíma liðugur gangur“.
- Liðugur vindur** (orðtak) Um siglingu; að sigla liðugan vind er að sigla undan vindi í góðum byr; *undanhald*.
- Liðveisla** (n, kvk) Aðstoð; hjálp. „Ekki veit ég hvað mín liðveisla er mikils virði í þessu efni“.
- Liðþægur** (l) Viljugur/fús að veita aðstoð; *bónþægur*. „Hann hefur oft reynst mér mjög liðþægur“.
- Lifa af** (orðtak) Komast lifandi frá hremmingum/áfalli/slysi. „Ekki verður sagt nákvæmlega hvernig slysið *bar að höndum*, þar sem enginn lifði af til frásagnar“.
- Lifa á bónbjörgum** (orðtak) Lifa með því að betla/sníkja/ biðja um hjálp. „Í hallærum leitaði margt fólk í verin, sem flosað hafði upp af búum sínum og lifði á bónbjörgum, í þeirri von að bjargast af sjávarfangi.“
- Lifa á munnvatninu (og guðs blessun)** (orðtak) Vera matarlaus. „Ég gleymdi nestinu í landi, svo við urðum bara að lifa á munnvatninu og guðs blessun þennan róðurinn“.
- Lifa á snöpum** (orðtak) Lifa á betli; vera sífellt að biðja um aðstoð annarra. „Mér er illa við að lifa á snöpum, svo ég keypti mér þetta tæki sjálfur“.
- Lifa eins og blóm/blómi í eggi** (orðtak) Lifa mjög góðu lífi; hafa það mjög gott. Í Kollsvík var einn gott „blómi“ en víða er einungis sagt „blóm“. Blómi eggs er eggjarauðan, sem vernduð er inni í egginu af

skurninni; líkt og unginn sem tryggur er með sína næringu þar til hann skriður úr egginu. Svipað orðtak er til í Danmörku og er það líklega fyrirmyndin.

Lifa í vellystingum (praktuglega) (orðtak) Lifa sældarlífi; *berast mikið á*; lifa í óhófi.

Lifa í voninni (orðtak) Vonast stöðugt eftir. „Enn lifa bændur í voninni um að áburðarverðið lækki“.

Lifa sig inni (orðtak) Sökkva sér svo niður í hlutverk/viðfangsefni/lesefni/myndefni að manni finnist maður vera á þeim staðnum; vera hugfanginn af.

Lifa spart (orðtak) *Lifa ekki um efni fram*; lifa ekki í óhófi; *fara spart með*; *sýna búhyggindi*.

Lifa um efni fram (orðtak) Láta meira eftir sér í útgjöldum en maður hefur efni á; setja sig á hausinn.

Lifandi kominn (orðtak) Rétt lýst. „Þarna ertu lifandi kominn; þetta hefði engum öðrum dottið í hug“!

Lifandi kvika (orðtak) Vindbára. „sjórinn var farinn að verða ísbyggilega sver og lifandi bára farin að leika á bökkum hinna sveru sjóa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Lifandi kvika er mjó og verður þeim mun óðbærari og krappari sem veðrið færir nær. Hennar verður fyrst vart í logni, en því er hún sögð óðbær að stutt er á milli báranna“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; heim; ÓETH).

Lifandi maður / Hver einasti/heilvita maður / Sérhver maður (orðtak) Hver maður. Stundum notað sem upphrópun eða til áherslu. „Hvernig á nokkur lifandi maður að skilja þetta bölvæð rugl“! „Svonalagað getur ekki gengið; það sér hver heilvita maður“! „Það getur sérhver maður séð þetta í hendi sér“!

Lifandis (ao) Áhersluorð. Uppruni óviss, en vísar til lifandi manna. Notað sem áhersluorð í vissum setningum; *fyrir lifandis löngu*; *ekki nokkur lifandis leið*; *lifandis ósköp*.

Lifandis býsn / ósköp (orðtak) Mikil ósköp; ótrúlegt magn; *fæla*. „Mikil lifandis býsn eru komin af sandi í Grundagrjótin“ „Þarna á hillunni voru heil lifandis ósköp af eggjum“.

Lifandis skelfing (orðtak) Hraðilega; ógnar; hrikalega. „Mikið lifandis skelfing getur svona tíðarfar verið þreytandi til lengdar“!

Lifandislangt (l) Um tíma; mjög langt. „Það er svo lifandislangt síðan að ég er búinn að gleyma þessu“

Lifibrauð (n, hk) Lífsframfæri; starf; tekjur. „Sumir höfðu sitt helsta lifibrauð af grásleppuveiðunum, þegar best lét“.

Lifna yfir (orðtak) A. Um aflabrögð; byrja að fiskast/veiðast; fiskur farinn að ganga. „Heldur lifnaði yfir þessu þegar kom fram í mánuðinn“. B. Um manneskju; verða glaðari í bragði. C. Almenn um að ástand batni.

Lifnaðarháttur / Lifnaður (n, kk) Lífsháttur; lífsstíll. „Ekki er furða þó heilsan láti undan; eins og lifnaðurinn hefur verið á honum“.

Lifrarhlutur (n, kk) Hlutur af hákarlalífur eftir *leguferð*. „Nú voru Kollsvíkingar að sækja lifrarhlut sinn út í Breiðavíkurver“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lifrarmikill (l) Um fisk; með stóra lifur. „Fiskurinn er að jafnaði þeim mun lifrarmeiri sem hann er vænni“.

Lifrauður (l) Dökkrauður; rauðbrunn; líkt og lifur að lit. Orðið heyrir lítið í dag, en var algengt frameftir 20. öld. „Karlarnir voru báðir lifrauðir í framan eftir rifrildið“.

Lifrarpylsa (n, kvk) Réttur sem búinn er til úr innmat sauðfjár; einn fárra innmatarréttar sem enn er búinn til, að mestu í sama formi og fyrr á öldum. Lifrarpylsa er að uppistöðu söxuð/hökkuð lifur; blönduð söxuðum mör; einnig oft blönduð söxuðum nýrum og hjörtum. Þessu er hrært samanvið mjól (rúgmjöl, hveiti, haframjöl), e.t.v. blandað mjólk og salti, og fært upp í iður, sem áðurfyrr voru vambir en nú oft af öðrum efnum.

Lifur (n, kvk) Lifur var dýrmæt matvara áðurfyrr, bæði úr búfé og fiski, en einnig var lýsi úr fisklifur nýtt sem ljósmeti og áburður. „Hausar og hryggir voru einnig fôðurbætir bænda hér. Lifrin var líka oftast hirt á tunnur og látin renna sjálf. Var henni blandað í hey á veturna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Liggja á (orðtak) A. Vera að flýta sér; vera á hraðferð. „Liggur þér svona mikið á“? B. Um hreiðurfugl/varphænu; sitja á eggjum til að unga þeim út. C. Láta ekki frá sér; draga mál sem unnt væri að afgreiða. „Hann liggur á vasahnífnum eins og ormur á gulli“. „Nefndin liggur á málinu“. D. Vera ofarlega í huga; hafa áhyggjur af. „Þetta hefur legið dálítið á mér að undanförmu“. Sjá *liggja þungt á*.

Liggja á bendu (orðtak) Um legu vaðar í klettum; sveigjast um klettanef. „Varaðu þig nú; vaðurinn er farinn að liggja á bendu. Reyndu að sveifla honum fyrir ef þú *stendur vel að*“.

Liggja á borðinu (orðtak) Vera augljóst; *liggja í augum uppi*; *liggja fyrir*; vera *borðleggjandi*. „Það liggur alveg á borðinu að hann mun aldrei ganga að þessum skilyrðum“.

Liggja á (einhverju) eins og ormur á gulli (orðtak) Láta alls ekki frá sér; varðveita mjög vel; vilja ekki lána. „Ég veit að hann á mjög gott tæki í þetta, en hann liggur á því eins og ormur á gulli“.

- Liggja á glámbekk** (orðtak) Vera í hirðuleysi/án eftirlits; liggja *eins og hráviði*. „Ég fann þessi gleraugu liggjandi á glámbekk úti í verkfærahúsi“.
- Liggja/standa á glæ** (orðtak) Um færi/fiskilínu/netastreng; liggja um of skáhallt út frá bátnum vegna mikils reks, en ekki bratt niðurávið; *glæja*. Slíkt þykir ekki veiðilegt; einkum á skakveiðum. „Þetta liggur allt á glæ hjá okkur“.
- Liggja á greni** (orðtak) Bíða við greni eftir að ná tófum og yrðlingum þeirra. „Það getur tekið á þolinmæðina að liggja á greni, og nauðsynlegt að vera vel útbúinn“. Sjá *grenlega*.
- Liggja á grúfu** (orðtak) Liggja með andlitið niður; liggja á hvolfi.
- Liggja á gægjum** (orðtak) Gægjast; kíkja; horfa á í laumi. „Er burtu gekk ég þaðan þá sagði mér hann Sveinn;/ það sögðu líka menn á næstu bæjum:/ Í Hærri-Tungu væru þeir, heldur tveir en einn./ Að hugsa sér, og annar lá á gægjum!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Liggja (einhverjum) á hálsi** (orðtak) Ásaka; *álasa*; *bera sakir uppá*. „Mér var legið það á hálsi að sitja of lengi á *fjallskilaseðlinum*“. „Honum verður seint legið það á hálsi að vera *félagsskitur*“. Vísar líklega til þess að ok var lagt á háls dráttardýra. Maður vill ekki liggja eins og ok á hálsi einhvers.
- Liggja (eitthvað) á hjarta** (orðtak) Þurfa að segja; vera að hugsa um. „Ég skildi þetta betur þegar hann hafði sagt mér það sem honum lá á hjarta“.
- Liggja á hleri** (orðtak) *Hlera* (sjá þar).
- Liggja á lausu** (orðtak) Vera til reiðu/tiltækt; standa til boða. „Eftir svona sumar liggur gott hey ekki á lausu“.
- Liggja (ekki) á liði sínu** (orðtak) Draga ekki af sér við hjálpsemina; veita rösklega/mikla aðstoð. „Sá stutti lá ekki á liði sínu við innreksturinn“.
- Liggja á listum** (orðtak) Um bát; vera hlaðinn/siglt þannig að sjór nemi uppundir skvettlista á borðstokki.
- Liggja á meltunni** (orðtak) Liggja fyrir; hafa hægt um sig; hvílast eftir máltíð. „Það dugir víst ekki að liggja lengi á meltunni“.
- Liggja á milli hluta** (orðtak) Um málefni; vera kyrrt/óhreyft; vera ekki til umræðu. „Við skulum láta það liggja á milli hluta hver á sök á þessu“.
- Liggja á móti** (orðtak) Um stöðu vinds/straums miðað við stefnu báts. „Það *tekur í* að draga netin þegar þau eru kjaftfull af skít og liggur mikið á móti“.
- Liggja á nösnum** (orðtak) Um hleðslu báts; vera mjög framhlaðinn. „Hlaðið ekki svona miklu í fremsta rúmið. Baturinn má ekki liggja mikið á nösunum í þessari ylgju“. Andstæðan er „*sitja á rassgatinu*“ eða „*gana*“.
- Liggja á ská/snið** (orðtak) Vera/liggja skáhallt. „Vegurinn liggur á snið upp brekkuna“.
- Liggja á sóttarsæng / Liggja á sjúkrabeði / Liggja í rúminu / Liggja í pest / Liggja veikur** (orðtak) Vera rúmliggjandi vegna veikinda eða slyss. „Hann liggur bara í pest og kemst ekki með okkur“.
- Liggja á því lúalagi** (orðtak) Hafa þann ósið; leggjast svo lágt. „Hann liggur á því lúalagi að láta sig hverfa þegar mest þarf á honum að halda“. Orðið lúalag er líklega háttalag hins þreytta, sem ekki er alltaf eins samviskusamur í vinnu sinni og aðrir. Er ekki notað í málinu að öðru leyti.
- Liggja á skakk/snið** (orðtök) Um legu vaðar í klettum. „Treystu varlega á endann; hann liggur mjög á skakk“!
- Liggja á sæng** (orðtak) Vera veikur; nálgast barneign.
- Liggja á taði** (s) Um sauðfé; vera í húsum þar sem ekki eru grindur í gólfum.
- Liggja bakk** (orðtak) Liggja óvígur/ósjálfbjarga. Oftast notað um hjálparleysi vegna slyss, veikinda eða offylli. „Hann fékk *heifarlega* lungnabólgu og lá bakk í marga daga“. „Það þýðir ekki troða svo í sig að maður liggja bakk á eftir“!
- Liggja beint við** (orðtak) Vera augljóst; vera eðlilegt næsta skref/aðgerð; *beint á að ganga*. „Fyrst við vorum komnir svona langt niður klettana fannst okkur liggja beint við að fara alla leið niður í hliðina“.
- Liggja eins og lús við saum / með saumi** (orðtak) A. Vera fastheldinn á; þráast við; *liggja á eins og ormur á gulli*. B. Í síðari tíma notað um bíl sem *liggur vel á vegi*; er góður í akstri.
- Liggja eins og mara á** (orðtak) Hvíla/liggja mjög þungt á, þruga. „Mikið er gott að þetta er afstaðið; það hefur legið eins og mara á mér í langan tíma“. Mara var í þjóðtrúnni óvættur sem álitíð var að ásækti fólk í svefni; leggðist ofaná fólk svo það ætti erfitt með andardrátt og/eda ylli martröðum. Líklega er þar komin alþýðuskýring á því sem nú er nefnt kæfisvefn.
- Liggja eins og ormur á gulli** (orðtak) Vilja ekki láta af hendi; vera sárt um. „Hann liggur á þessu eins og ormur á gulli“. Vísar til þjóðsöguvíkindis. Ormar dafna ágætlega séu þeir lagðir á gull, og enda þá jafnvel sem eldspúandi drekar.

- Liggja eins og slytti** (orðtak) Liggja hreyfingarlítill. „Það dugir víst lítið að liggja eins og slytti inni í bæ í svona heyskaparveðri“.
- Liggja ekki á liði sínu** (orðtak) Vera viljugur að hjálpa; *veita liðsinni*. „Öllum lentist vel úr þessum róðri, en eins og endranær lá þar enginn á liði sínu að rétta öðrum hjálparhendur“. (KJK; Kollsvíkurvef). Lið merkir þarna hjálp eða liðsauki.
- Liggja framá lappir sínar** (orðtak) Um dýr; liggja á kviðnum með hausinn ofaná framfótunum. „Þegar ég hafði gengið stuttan spöl á ég hvar tófan lá framá lappir sínar og var að leika sér að mús“ (Grein í Lilju, blaði Umf. Smára; jan 1938).
- Liggja fyrir** (orðtak) A. Vera ljóst; vera á hreinu. „Þetta mál liggur ljóst fyrir í mínum huga“. B. Liggja í hvíld. „Ég ætla að liggja fyrir smástund og sjá hvort verkurinn líður ekki hjá“. C. Liggja í leyni; veita fyrirsát. „Í þessum litlu tófuhúsum lágu menn fyrir tófunni næturlangt; oft í hörkufrosti“. D. Standa til; vera framundan í vinnu/verkum. „Það þarf að forgangsraða verkunum þegar svona mikið liggur fyrir“.
- Liggja fyrir dauðanum** (orðtak) Vera við dauðans dyr/ að dauða kominn; liggja banaleguna; liggja á *banabeði*.
- Liggja fyrir (einhverjum)** (orðtak) A. Vera framundan hjá einhverjum. „Það átti ekki fyrir honum að liggja að verða bóndi á ættaróðalinu“. B. Veitast auðvelt að læra. „Stærðfræðinámið lá vel fyrir honum“.
- Liggja fyrir hunda og manna fótum** (orðtak) *Liggja á glámbekk*; vera í hirðuleysi. „Gakktu betur frá hrífundi drengur; það dugir ekki að láta hana liggja hérna, fyrir hunda og manna fótum“!
- Liggja fyrir klofa** (orðtak) Um skip; liggja við legufæri sem bundið er í *strengjabita*. „Stjórafarinu var brugðið um strengjabitann er lagst var fyrir í hákarlalegum og var það kallað að liggja fyrir klofa“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Liggja fyrir tófu** (orðtak) Biða í tófuhúsi eftir að tófa *gefi færi*, svo unnt sé að skjóta hana. Algengt var að legið væri fyrir tófu á fyrri helmingi 20. aldar, eins og sjá má á fjölda tófuhúsa, t.d. í Kollsvík og grennd. „Magnús langafi minn var skytta, og til er saga af honum þar sem hann lá fyrir tófu og að honum sótti *fförulalli*. Hann *hlammaði* á kvikindið og komst nokkuð *lerkaður* og móður undan honum“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Liggja hátt/lágt rómur** (orðtak) Vera hávær/lágvær í tali. „Honum lá vanalega hátt rómur, einkum þegar honum var mikið niðrifyrir, og kvað þá fast að orði“. „Sagt er að Kollsvíkingum liggi stundum hátt rómur“.
- Liggja inni** (orðtak) Um sauðfé og annan búpening; vera á húsum; vera ekki á beit. „Það er held ég ástæðulaust að láta féð liggja inni lengur; það hefur dregið mikið úr veðrinu“.
- Liggja illa/vel á** (orðtök) Um viðmót/hugarástand; vera þungt/létt í sinni; vera dapur/glaður. „Það lá fremur illa á honum, enda hafði tíðin ekki verið góð“. „Það er naumast að það liggur vel á karlinum í dag“!
- Liggja í** (orðtak) A. Um aurbleytu sem mönnum, dýrum og bílum er hætt við að sökkva í og festast: „Hér þarf að sýna aðgæslu; það gæti legið í þarna í lautinni“. B. Um saltfisk; útvatnast. „Hann þarf að liggja í í tvo til þrjú daga til að vera hæfilegur“. C. Um stefnu æða í viði/tré. „áður en þú ferð að vinna fjölinu þarftu að huga að því hvernig liggur í henni“. D. Vera háttáð; vera raunin. „Svona liggur þá í þessum málum“. E. Nöldra/suða um; ganga eftir. „Ég nenni ekki að liggja lengur í honum með þetta“.
- Liggja í augum uppi** (orðtak) Vera augljóst/*borðleggjandi*; *blasa við*. „Mér finnst það liggja í augum uppi að svona heur þetta gerst, og ekki öðruvísi“.
- Liggja í bleyti** (orðtak) Liggja í vatni. T.d. er skítugur þvottur stundum lagður í bleyti til að losa um óhreinindi.
- Liggja í blóði sínu** (orðtak) Liggja slasaður og blæðandi.
- Liggja í bæjaflakki/bæjaflandri** (orðtak) Eyða miklum tíma í heimsóknir á aðra bæi. „Það vinnst lítið í heyskapnum ef maður þarf að liggja í eilífu bæjaflakki alla daga“!
- Liggja í hlutarins eðli** (orðtak) Vera eðlilegt í ljósi aðstæðna; vera sjálfsagt. „Sagði Þórður að það lægi í hlutarins eðli að hlutverk félagsheimilisins sem samkomustaðar væri nú minna sem slíkt, þar sem það væri nú leigt sem kennslustaður“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Liggja í landi** (orðtak) A. Niðrandi orðalag um að fara ekki á sjó / að nýta ekki sjóveður. „Eigum við virkilega að liggja í landi í þessu dýrindis sjóveðri þegar *vaðandi fiskur* er á öllum miðum“? B. Vera landlægt/algengt. „Það hefur þótt liggja í landi á þeim bæ að *bera* ekki *út* fyrr en gras fer að *skríða*“. „Það lá í landi á báðum bæjunum að stunda smíðar af ýmsu tagi“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Liggja í láginni** (orðtak) Liggja niðri/kyrrt; fara dult. Lág er laut, sbr Láganúpur. Fé dylst oft ef það liggur í láginni, og sama var með hóp vígamanna áður fyrr.
- Liggja í leyni** (orðtak) Veita fyrirsát; dyljast og fylgjast með. „Í tófuhúsinu lá skyttan í leyni og beið lágfötu“.
- Liggja í leti (og ómennsku)** (orðtak) Ástunda leti; nenna ekki að fara/gera það sem þörf er á. „Ætli maður verði ekki að *drífa* þetta *af*. Það gengur lítið að liggja í leti og ómennsku inni í bæ alla daga“!

- Liggja í loftinu** (orðtak) Vera augljóst/greinilegt/ til staðar þó ekki sé opinberað/sagt/sýnt. „Mér fannst það liggja í loftinu að menn vildu fá nýjan formann í hans stað“.
- Liggja í málinu** (orðtak) Þannig í pottinn búið; mál með þeim hætti. „Þegar ég sá hvernig í málinu lá þótti mér ástæðulaust að *fetta fingur út* í þetta.“
- Liggja í salti** (orðtak) Í líkingamáli um málefni; vera óhreyft; vera í geymslu; *liggja á milli hluta*.
- Liggja í sorg og sút** (orðtak) Vera mjög niðurdreginn/beygður um tíma. „Það þýðir lítið að liggja lengi í sorg og sút yfir þessari lúðu, hún kemur víst ekki aftur með því“!
- Liggja í túninu** (orðtak) Um kindur; sækja mjög stíft og ítrekað í tún. „Það þarf að fara reka lengra frá þetta pakk sem liggur alltaf í túnunum“!
- Liggja í þagnargildi** / **Liggja í þagnarrúmi** (orðtak) Láta órátt/óumtalað. „Of lengi hafa þessi mál legið í þagnargildi“. „Ég held að þetta leiðindamál megi í þagnarrúmi liggja; allavegana frá minni hendi“. Þagnargildi er ígildi þagnar. Þagnarrúm er líklega ímyndað rúm í báti þar sem ekkert er talað.
- Liggja í ætt** (orðtak) Um eiginleika/sjúkdóm/fötlun sem erfist. „Þar virðist listfengið liggja í ættinni“.
- Liggja lágt í sjó** (orðtak) Um bát/skip; hafa lítið fríborð; vera þungt/hlaðið. „Báturinn hlýtur að vera klettþungur; mér finnst hann liggja svo lágt í sjónum“.
- Liggja létt á tungu** (orðtak) Eiga auðvelt með að segja/ tala um. „Árans danskan hefur aldrei legið mér létt á tungu; enda geta þessi kokhrygla, óhljóð og hálfyrði varla talist mannlegt tungumál“!
- Liggja lífið á** (orðtak) Liggja mjög mikið á; vera á mikilli hraðferð. „Liggur þér svona lífið á; að þú megir ekki vera að því að fá þér kaffisopa“?
- Liggja með** (orðtak) Um stöðu vinds/straums; liggja í siglingastefnu. „Ef straumur liggur með verðum við fljótir suður að Töngum“.
- Liggja með þoku** (orðtak) Um veðurlag; þoka liggur á tilteknum afmörkuðum stað. „Hann liggur enn með þoku uppundir Blakkinn“. „Hann liggur með þoku fram alla Breiðavík“.
- Liggja milli hluta** (orðtak) Liggja í þagnargildi; vera ekki að ræða það; taka ekki mark á því; þykja ekki til um það. „Það ganga hér ýmsar tröllasögur af þessum manni. Ég læt það nú allt liggja milli hluta“.
- Liggja niðri** (orðtak) A. Um annesjaröst; vera straumlaus/ekki úfin. „Gömlu mennirnir sem stunduðu fiskveiðar á árabátum sínum beggjavegna Rastarinnar sögðu að hún lægi niðri, sem þeir svo kölluðu, einstaka sinnum“ (MG; Látrabjarg). B. Um brim/brot á grynningum; vera lygnt um stund. „Árni virtist ætla mjög nærri boðanum, sem lá niðri augnablik“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). C. Um veður/vind; vera hægur; *dúra*. „Hann liggur niðri eins og er, en ég gæti best trúað að hann hvessti úr hinni áttinni innan stundar“.
- Liggja nærri** (orðtak) A. Liggja við; vera nærri því að ske. „Það lá nærri ég hætti við ferðina þegar ég sá spána, en svo rættist vel úr veðrinu“. B. Um það bil. „Þessi tala gæti látið nærri hinu rétta“.
- Liggja illa/vel orð til (einhvers)** (orðtak) Tala jafnan illa/vel um einhvern; einhver er illa/vel liðinn af viðkomandi. „Mönnum liggur almennt vel orð til hans“. „Af einhverjum ástæðum lá henni einatt illa orð til hans“.
- Liggja óbættur hjá garði** (orðtak) Vera enn óbættur/ógreiddur; hafa ekki fengið viðeigandi sanningu/athygli/viðurkenningu. „Ekki er unnt að láta hina sérstæðu málmenningu Kollsvíkinga liggja óbætta hjá garði um alla eilífð“. Kann að eiga uppruna í því að ekki var hefnt fyrir víg manns, en þó óvíst.
- Liggja /hátt/lágt) rómur** (orðtök) Vera raddmikill/lágróma; tala hátt/lágt. „Honum hætti til að liggja hátt rómur þegar honum var *mikið niðrifyrir*“.
- Liggja til drifts** (orðtak) Um bát/skip; láta reka fyrir vindi. „Það var einhverju sinni í ofsaroki að skúta lá til drifts og var stormkýfir einn uppi“ (GG; Skútuöldin). „Ekki höfðum við lengi legið til drifts er skipið fór að leka all mikið“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).
- Liggja undir** (orðtak) Heyra til; vera undir yfirráðum. „Kirkjan í Kollsvík lá undir Saurbæjarkirkju á síðari öldum kaþólskrar tíðar. Ekki er þó útilokað að hin fyrrnefnda sé eldri“.
- Liggja undir áföllum/ágjöfum** (orðtök) Um bát; fá á sig mikla ágjöf; fá sjó yfir og inni bátinn. „Virðist svo sem báturinn hafi ekki skriðið nóg, því að brátt lá hann undir stórágjöfum“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandsshreppi).
- Liggja undir skemmdum** (orðtak) Vera í hættu með að skemmast. „... miklar lagfæringar gerðar við flugvöllinn, sem lá undir skemmdum frá sjó“ (ÞJ; Árb.Barð 1973).
- Liggja uppi á** (orðtak) Vera baggi á; dvelja í óþökk. „Etili maður fari ekki á morgun; ég er búinn að liggja alltof lengi uppi á ykkur“.

- Liggja uppíloft** (orðtak) Liggja flatur með framhliðina upp. „Þú mátt aldrei láta hrífuna liggja svona uppíloft drengur; það er alveg ávísun á rigningu og óþurrk“!
- Liggja úr sér** (orðtak) Láta sér batna veiki/vesöld/pest/preyту með því að *liggja fyrir*. „Einhver bölvuð *lumbra* er nú í mér; ég ætla að sjá hvort ég næ ekki að liggja þetta úr mér“.
- Liggja úti** (orðtak) A. Vera í útilegu. B. Liggja fyrir tófu að næturlagi. Meðan verð á tófuskinnnum var sem hæst, framanaf 20.öld, lögðu menn ýmislegt á sig í þeim efnum. Sagnir lifa enn um menn sem eltu sömu tófuna um hálfan hreppinn. Í landi Láganúps og Kollsvíkur er mikill fjöldi *tófuhsa* sem ber vitni um elju manna við að liggja úti/ *liggja fyrir tófu*. C. Til forna var það oft þrautalending brotamanna að liggja úti til að sleppa við refsingar; gerast *útilegumenn*.
- Liggja vel á** (orðtak) Vera í góðu skapi; vera glaður/kátur. „Það liggur auðvitað vel á öllum í svona veðurbliðu“.
- Liggja vel á vegi** (orðtak) Um ökutæki; vera góður í akstri. Síðari tíma tilbúningur.
- Liggja vel við höggi** (orðtak) Gefa höggstað / gott færi á sér; sýna óvarkárni.
- Liggja við** (orðtak) A. Leggjast í útilegu meðan unnið er að verkefni; stunda róðra í veri. „Vegavinnumenn lágu flestir við í tjöldum þegar fyrstu vegirnir voru ruddir í Rauðasandshreppi“. B. Stappa nærri; standa tæpt. „Það liggur við að þetta komist allt á einn heyvagn“. „Báturinn reis að aftan og hallaðist mikið í bak, svo við lá að hann tæki sjó um bátsrúmið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Mun upphaflega hafa verið „liggja við sjálft“, en síðasta orðið fallið aftanaf. C. Eiga undir; vera í hættu. „Ég fer stundum og aðstoða þá í heyskapnum þegar mikið liggur við“. D. (Stjórnar þolmynd) „*Mér liggur við að halda* að þetta hafi skeð fyrir aldamótin, fremur en eftir þau“.
- Liggja við bauju/ból** (orðtak) Um bát; vera festur fljótandi við bauju/ból/belg. „Við skulum leggja bátnum hér við djúpbólíð meðan við fáum okkur nesti. Það er stutt í næsta streng“.
- Liggja við borð / Liggja við sjálft** (orðtak) *Liggja við*; stappa/vera nærri; jaðra við. „Ári er hann tregur herna; það liggur við borð að maður keyri töluvert dýpra, fyrst veðurútlitið er svona gott“. „Það liggur við sjálft að maður nenni ekki að standa í þessu lengur“! Sjá *liggur við borð*.
- Liggja við opið** (orðtak) Um sauðfé; hafa frjálstan aðgang að fjárhúsi til skjóls, án þess að vera lokað inni. „Ég læt bara liggja við opið þegar *komið* er svona *framá*“.
- Liggja við stafinn** (orðtak) Um dyr; lokaðar en þó ekki harðlokaðar með læsingu, slagbrandi, spotta, hespu eða snara. „Ég hafði gleymt að *hespa* hurðina á karminum; hún lá bara við stafinn“.
- Liggja yfir** (orðtak) A. Bíða á veiðislóð þar til mál er að draga inn lóð. „Svo var legið yfir eftir að búið var að hleypa niður seinni drekanum, en drekar voru á báðum endum lóðanna. ... Legið var legið yfir fram yfir liggjandann, en það er skammur tími um fallaskiptin“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). B. Sökkva sér niður í viðfangsefni/lesefni. „Ekki gengur það að liggja yfir blaðalestri þegar heyskapurinn bíður“. C. Um veður; vera í lofti; ganga yfireftir. „Það þornar lítið af meðan þetta þokuþykkni liggur yfir öllu“. „Norðanstrengurinn liggur yfir vikina frá Blakknum, og skefur sandmóstunni uppyfir Láganúpstúnin“. D. Ganga/vera yfir. „Vegurinn út í Kollsvík liggur yfir Hænuvíkurháls“.
- Liggja þar til** (orðtak) Vera af þeirri ástæðu; ástæða þess er sú. „Grundir voru í raun tvöföld hjáleiga, og lá þar til að þær töldust hjáleiga Láganúps, en Láganúpur með sínum jörðum var eign Saurbæjar“.
- Liggja þungt á** (orðtak) Valda miklum áhyggjum; vera andleg byrði. „Þessi deila hefur legið þungt á mér“.
- Liggja þungt í** (orðtak) Um veiði á færi/ mann í bjargvað; veita mikið viðnám í drætti. „Fljótlega fór lóðin að þyngjast, því skatan lá þungt í“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Liggjandi** (n, kk) Fallaskipti. „Suðurfallið var að deyja út og í hönd fór besti tíminn til fiskjar; liggjandinn, enda lét sá guli það á sér finna“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Var þá meðstraumur út með hliðunum, liggjandi á Sandflóa og út með Bjarginu og norðurfallsupptaka er kom út að Töngum“ (PJ; Barðstrendingabók). „Niður af Bekk er Vínholubali og hjá honum uppspretta sem heitir Vínhola. Um liggjandann á þrettándakvöld breyttist innihald hennar í vín“ (Ók.höf; Örn.skrá Króks á Rauðasandi). „Formenn miðuðu róðrartíma við það að vera komnir til miða um liggjandann; þ.e. straumaskipti norður- og suðurfalls. Út af vikunum eru þau um 1 til 1 ½ klukkutíma eftir háflæði og háfjöru. Það er besti tími, og fiskur oft vel viljugur“ ... „Þar erum við um niðursláttinn á norðurfalli; liggjandann og upptöku á suðurfalli“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Liggur eins og hráviði** (orðtak) Liggur dreift/ í óreiðu á víðavangi. „Tíniði nú saman leikföngin ykkar krakkar. Þetta liggur eins og hráviði hér um öll gólf“!

- Liggur eins og lús með saum** (orðatiltæki) Notað fyrrum um bát sem fer mjög vel í sjó; eltir bárana án þess að stiga sér í hana eða stökkva á henni. Líkingin er við lús sem leynist í fatnaði með því að læðast meðfram saumum. Síðar var líkingin notuð um bíla sem voru mjög þýðir á ósléttum vegi.
- Liggur ekki lífið á** (orðtak) Er ekki svo áriðandi að *lif liggi við*; *hastar* ekki mjög mikið. „Það liggur ekki svo lífið á að klára þetta í dag; ég held það *liði ekki yfir* það til morguns“.
- Liggur fiskur undir steini** (orðtak) Um dulinn tilgang/ dulda merkingu/ yfirvarp. „Hann sagðist vera með einhverja pest. Míg grunar að þarna liggi fiskur undir steini; að hann ætli að sleppa við kirkjuferðina“. Sjá *þar lá fiskur undir steini!*
- Liggur fyrir hunda og manna fótum** (orðtak) Liggur óvarið; er fyrir öllum. „Það þýðir ekki að skilja egginn eftir í hrúgu úti á túni; liggjandi fyrir hunda og manna fótum“!
- Liggur í augum uppi** (orðtak) Er augljóst; þarfnast ekki skýringa. „Það liggur í augum uppi að sérstæð menning jaðarbyggða mun glatast endanlega, verði ekkert gert til að halda henni til haga þegar byggðirnar leggjast í eyði“.
- Liggur í hlutarins eðli** (orðtak) Er eðlilegt; segir sig sjálft. „Það lá í hlutarins eðli að hann tæki við búinu, sem einkaerfingi þeirra“.
- Liggur niðri** (orðtak) Um straumröst; er slétt. „Gömlu mennirnir sem stunduðu fiskveiðar á árabátum sínum beggja vegna Rastarinnar sögðu að hún lægi niðri, sem þeir svo kölluðu, einstaka sinnum“ (MG; Látrabjarg).
- Liggur nærri / liggur við** (orðtök) Er nálægt; *jaðrar við*; *stappar nærri*. „Það liggur nærri að *rúmið* sé fullt“. „Það liggur við að ég sé búinn að alheimta“.
- Liggur orð á** (orðtak) Er kunnugt; er um rætt. „Það liggur orð á því að þessi bruni hafi verið af mannavöldum“. „Það orð lá á karlinum að hann kynni ýmislegt fyrir sér“.
- Liggur í málinu/málunum / Liggur í því** ; Um málefni; víkja við; sé staðreyndin. „Ég ætla að spyrja hann hvernig í málinu liggur“. „Þannig liggur þá í því“. „Ég geri enga athugasemd, fyrst svona liggur í málinu“.
- Liggur mér við að halda/segja** (orðtak) *Er mér nær/næst að halda/segja*; ég held/segi án þess að fullyrða. „Mér liggur næst að halda að þeir hafi róið norður á Flóa“. „Ekki skal ég fullyrða það, en þetta liggur mér næst að halda“.
- Liggur/stendur undir bát/kjöl** (orðtak) Um veiðarfæri; liggur frá borði og undir borð/kjöl bátsins vegna þess hvernig báturinn liggur við reki af völdum straums og vindstöðu. „Við hefðum frekar átt að fara í grunnendann á strengnum. Það er komið bullandi norðurfall, svo netið liggur allt undir kjöl“.
- Liggur vel á** (orðtak) Um mann; er glaður í sinni; í góðu skapi. „Mikið liggur vel á manni í svona veðri“!
- Liggur við** (orðtak) Stappar nærri; er nálægt; *við liggur*. „Það liggur við að ég hætti við þetta alltsaman“!
- Liggur við að halda** (orðtak) Held næstum því; er nærri því á þeirri skoðun. „Mér liggur við að halda að þarna sé útigengin kind í hópnum“.
- Liggur við borð** (orðtak) *Liggur nærri*; er nálægt; hér um bil; *stappar nærri*; *jaðrar við*. „Það liggur við borð að maður nenni ekki að draga hinn strenginn, fyrst svona lítið var í þennan“. Orðið vísar til þess að fiskur sé kominn uppundir borð á báti; einungis sé eftir að innbyrða hann. Sjá *við borð liggur*.
- Lilla / Lilli** (n, kvk/kk) Gæluheiti á börnum eða mjög smávöxnum manneskjum. „Ætlar þú að líta eftir lilla í smástund“? Gæluorð barna festast stundum við persónur framá fullorðinsár í munnni hinna nánustu, og þannig var ein gæðakona frá Láganúpi nefnd Lilla af sumum sínum skyldmönnum, alla sína ævi.
- Lima í sundur** (orðtak) Skipta í parta; skipta ketskrokki í föll/stykki. „Við lyftum nautsskrokknum upp með gálганum til að hægara væri að lima hann í sundur“. Sjá *sundurlima*.
- Limaburður** (n, kk) Hreyfingar/stellingar útlima; sá háttur sem menn hreyfa hendur og/eða fætur. „Mesta furða er hvað maðurinn er lipur í klettum; eins og hann virkar nú luralegur í limaburði“.
- Limalangur** (l) *Handleggjalangur* og *háfættur*. „Svona limalangur strákur gæti verið ágætur smali“.
- Limlesta** (s) Slasa mjög mikið; valda örkuðum. „Svona steinvala er kannski ekki þung, en hún nægir alveg til að limlesta mann ef hún kemur úr mikilli hæð“.
- Limlestur** (l) Stórslasaður; örkuðla. „Það munaði engu að ég lægi limlestur eftir; bara tilviljun að steinninn lenti utaní nibbu ofanvið mig áður en hann kastaðist framhá mér og niður í sjó“.
- Limpa** (n, kvk) Slappleiki; veiklun; *lumbra*. „Einhver limpa er í Dimmu núna. Skyldi hún vera að fá doða“?
- Limpulegur** (l) Slappur; veiklulegur; með hita. „Ósköp ertu eitthvað fölur og limpulegur. Þú ættir að mæla í þér hitann“.

- Limra** (n, kvk) Ljóðform með sérstökum einkennum. Það á uppruna á Bretlandseyjum á 19. öld; kennt við Limerick á Írlandi, en var fyrst kynnt verulega hérlendis af Þorsteini Valdimarssyni skáldi, sem gaf út samnefnda bók árið 1965. Þorsteinn heimsótti Sigríði og Össur á Láganúpi nokkru síðar og gaf þeim bókina áritaða. Hver limra er 5 braglínur. Í fyrstu línu eru stuðlar og í annarri höfuðstafur samsvarandi þeim. Þriðja og fjórða eiga sama stuðul hvor og sama endarim. Fimmta braglína er tvístuðluð og rimar í enda við fyrstu og aðra braglínu. Limrur eru oft notaðar fyrir gaman- eða kerskniskveðskap.
- Limur** (n, kk) A. Útlimur, s.s. hönd eða fótur. „*Eftir höfðinu dansa limirnir*“. B. Styttlingur á getnaðarlimur. C. Styttlingur á meðlimur; félagi. D. Óþokki; þrjútur; styttlingur á *tukthúslimur*. „Misstu þeir féð framhjá sér árans limirnir; hvar í ósköpunum höfðu þeir augun“?! E. Hluti af flakandi spröku sem skorin hefur verið til skipta.
- Lin/stirð eru vettlingatökin** (orðatiltæki) Vísar til þess að maður nær aldrei jafn góðri stjórni á hlutum er maður er í vettlingum. Viðhaft bæði í bókstaflegri merkingu og í líkingum, þegar verk þykir *farast illa úr hendi*.
- Lina** (s) Minnka; var notað jöfnum höndum um vindstyrk, sjávarföll/straumstyrk og hitastig. „Nú held ég að hann sé að lina þennan norðangarð“. „Hann hefur nú eitthvað linað gaddinn frá því í gær“. „Það var ekkert hægt að aðhafast (úti á miðunum) fyrr en fór að lina í strauminn. ... Það var beitt í landi og línan lögð undan straumi og legið yfir henni þangað til farið var að lina í fallinu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Byrjað var að leggja norður eftir og byrjað að draga þegar fór að lina straum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Linbakað** (l) Um brauð/köku; ekki nægjanlega mikið/vel bakað. „Eitthvað er kakan linbökuð innaní“.
- Lindalóð** (n, kvk) Lóð þar sem lóðapinurinn er spunninn úr togi. „... og þegar kaupmenn létu til lengdar vanta fiskilínur í verslanir sínar eða siglingar tepptust vegna styrjalda... létu vestfirskir bændur spinna lóðapini úr togi, og voru slíkar lóðir nefndar lindalóðir“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Lindarpenni** (n, kk) Penni sem algengur var til skrifta á tímabili, eftir daga *pennastangar* og áður en kúlupennar fóru að tíðkast; og eru að einhverju leiti í notkun enn. Lindarpenni er annaðhvort með skiptanlegu blekhyliki eða blek er dregið upp í hann úr blekbyttu.
- Lindarvatn** (n, hk) Uppspretuvatn; vatn sem kemur úr lind/uppsprettu en ekki af yfirborði.
- Linfínn** (l) Ekki vel til fara; lítur ekki glæsilega út. „Heldur fannst mér hann vera linfínn í tauinu. Það er auðséð að hann er í sjálfsmennsku meðan frúin liggur á sæng“. Sjá *finn í tauinu*.
- Lingeðja** (l) Huglaus; ekki kjarkmikill/áræðinn. „Það dugir ekki að hafa svona lingeðja mann í forystu“.
- Lingerður** (l) Ekki harðgerður; *lingeðja*; *lítill bógur*. „Hann er alltof lingerður til að standa í þessum deilum“.
- Lingreiddur** (l) Með hárið illa greitt/ í flóka. „Ansi sýnist mér þú vera lingreiddur stubburinn minn; svo mættirðu líka þvo mestu móskauna úr andlitinu áður en þú ferð í kirkju“.
- Linhertur** (l) Ekki vel hertur. „Heldur er steinbíturinn linhertur enn“. „Eitthvað hefur boltinn verið linhertur, fyrst þetta losnaði“.
- Linhreinn** (l) Ekki vel hreinn; fremur óhreinn. „Nú þykir mér þú frekar linhreinn í framan stubburinn litli“.
- Linja / Linka** (n, kvk) Slappleiki; máttleysi. „Það er einhver linka í mér í dag, ég held ég verði bara heima“.
- Linjulegur** (l) Slappur; *linkulegur*; ekki hress. „Ég er óttalega linjulegur ennþá eftir pestina“.
- Linjall** (n, kk) Reglustrika; *réttskeið*. „Við skulum bera linjalinn á þetta og fá rétta línu“.
- Linka** (orðtak) *Linmennska*; slappleiki; *slenja*. „Það hefur verið einhver bölvuð linka í mér í dag“.
- Linkind** (n, kvk) Mildileiki; nærgætni; linka. „Það á ekki að sýna þeim neina linkind sem haga sér svona“!
- Linkuháttur** (n, kk) *Linmennska*; *dugleysi*. „Það dugir enginn linkuháttur í viðskiptum við þessar þjóðir“.
- Linkulega** (ao) Af linku. „Mér þótti hann taka heldur linkulega á þessum málum“.
- Linkulegur** (l) Slappur; máttlaus. „Maður er dálítið linkulegur meðan pestin er að ganga yfir“.
- Linlega** (ao) Tæplega; illa; treglega. „Tunnan er linlega full“. „Hann tók fremur linlega í þetta“.
- Linna ekki látum** (orðtak) Gefast ekki upp; *gera ekki endasleppt*. „Hún bauð okkur í bæinn og linnti ekki látum fyrr en við höfðum lofað að stoppa framyfir kvöldmatinn“.
- Linmennska** (n, kvk) *Linkuháttur*; *dugleysi*. „Skelfileg linmennska er það að liggja í landi í svona veðri“.
- Linmæli** (n, hk) Linur framburður á máli. „Vestfirðingar fyrri tíma verða seint sakaðir um linmæli“.
- Linmæltur** (l) Talar með linmæli; notar ógreinilegar áherslur og/eða línan framburð samhljóða. „Hann er svo linmæltur og óskýr í tali að ég næ stundum ekki öllu sem hann segir“.
- Linna ekki látum** (orðtak) Látu ekki af beiðnum/kröfum/aðgerðum. „Hún var nokkuð ágeng með þetta og linnti ekkil átum fyrr en ég féllst á að vera fjórði maður í spílinu“.

- Linnulaus / Linnulítið** (l) Sem ekki endar; eilífur. „Það er enn linnulaus stórhrið“. „Það hefur rignt linnulítið í þrjá daga“.
- Linnulaust** (l) Án afláts; án enda. „Ég man ekki hve marga daga stormurinn blés linnulaust, en loks þegar slota tók var farið að hyggja að farmi og bátum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Linumót / Linunarmót** (n, hk) Um veðurlag; merki um að fari að draga úr (hvas sviðri, frosti, úrkomu, byl, sjógangi o.fl.); vísbending um að sé að lagast/linast. „Það er lítið linunarmót á þessu *bálviðri* ennþá“. Ég sé ekkert linunarmót á þessari úrhellisrigningu“. „Ég sé bara ekkert linnumót á þessum rosa í bráðina!“ „Það er bara ekki að sjá neitt linunarmót á þessum eilífa *strambaffanda*!“ „Það er lítið linunarmót á þessu *bálviðri* ennþá“. „Það er ekkert linunarmót að sjá á þessari eilífu rigningartíð!“
- Linsalta** (s) Léttsalta; salta lítið. Oftar var talað um að léttsalta í Kollsvík.
- Linsaltaður** (l) Léttsaltaður; lítið saltaður. „Það dugir að linsalta fiskinn ef þú ætlar að frysta hann“.
- Linsjóða** (s) Um egg; sjóða þannig að aðeins stífni hvítan en ekki rauðan. „Ég ætla að biðja þig að linsjóða egginn fyrir mig. Þau fara betur í mig linsóðin en harðsoðin“.
- Linsóðinn** (l) Lítið soðinn; um egg; soðin þannig að rauðan sé enn lin. „Mér finnst egginn best linsóðin“.
- Lintroðinn** (l) Illa troðinn. A. Um hey: „Mér finnst frekar lintroðið í hornunum á gryfjunni strákar. Ég er hræddur um að það verkist ekki nægilega vel“. B. Um ullarsekk: „Þessi sekkur er alltof lintroðinn. Það verður að troða þetta mikið betur“.
- Linun** (n, kvk) Minnkun; draga úr. A. Um sjávarfall: Það er engin linun í norðurfallinu“. B. Um veðráttu: „Engin linun varð á frosthörkum yfir páskana“. B. Um heilsu: „Er einhver linun á höfuðverknum?“
- Linur** (l) A. Deigur; mjúkur. „Nú er smjórið hæfilega lint í deigið“. B. Um styrk/heilsu/framgöngu manns; slappur; aumur; vesæll. „Ég er eitthvað skratti linur ennþá eftir pestina“. C. Um framburð máls; ekki harður. D. Um straum/tíðarfar; hægur; rólegur; mildur. „Eitthvað er hann orðinn linari í tíðinni“.
- Linur þurrkur** (orðtak) *Daufur þurrkur*; ekki góður þurrkur. „Heldur finnst mér nú linur þurrkurinn“.
- Linþurr** (l) Illa þurr. „Það þýðir ekki að *hirða* heyið svona linþurrt; það bara *hitnar* í því í hlöðu“.
- Linþveginn** (l) Illa þveginn. „Heldur þykir mér þú vera linþveginn um hendurnar strákur; farðu nú og þvoðu þér betur fyrir matinn“.
- Lipur** (l) A. Liðugur; léttur í snúningum; fær í bjargi. „Hann er ári lipur, drengurinn“. B. Hjálpsamur. „Alltaf er hann lipur að sendast fyrir gömlu konuna“. C. Fær í klettum.
- Lipurð** (n, kvk) A. Greiðvikni; hjálpsemi. „Mikið þakk ég þína lipurð“. B. Fimi; léttleiki. „Ég hef sjaldan séð svona lipurð í klettum“.
- Lipurlega** (ao) Af lipurð; hnyttilega; léttilega. „Þetta þykir mér nokkuð lipurlega kveðið“.
- Lipurmenni** (n, hk) Sá sem er hjálpsamur. „Hann var lipurmenni sem kom sér vel við alla“.
- Listafallegur** (l) Mjög fallegur; aðdáunarverður. „Þetta er listafalleg smíði“.
- Listagóður** (l) A. Um mann; mjög góður/fær. „Hann er listagóður flatningsmaður“. B. Um mat; mjög bragðgóður. „Þetta er listagóður hákarl“!
- Listagripur / Listasmíð** (n, kvk) Mjög góður/fallegur smíðisgripur. „Menn voru á einu máli um að báturinn væri listasmíð“.
- Listamaður** (n, kk) Kollsvík hefur alið fjölmarga listamenn, þó margt fyrri tíðar fólk sé fallið í gleyskunnar dá. Af síðari tíma fólki má t.d. nefna Samúel Eggertsson, kennara, kortateignara og listaskrifara sem bjó um tíma á Grund (Samúelsmel; Júllamel); Sigríði Guðbjartsdóttur listakonu sem t.d. hefur ein Íslendinga málað á grjóthellur og Guðbjart Össurason ljóðskáld, son hennar“.
- Listaskrifari** (n, kk) Sá sem skrifar mjög vel; sá sem hefur góða rithönd; sá sem skrifar skrautskrift. „Össur á Láganúpi var orðlagður listaskrifari, og skrifaði mjög áferðarfallega rithönd. Skrift Sigríðar konu hans var einnig mjög skýr, en einnig var hún eftirsótt til hverskonar skrautskriftar“.
- Listasmiður** (n, kk) Mjög góður smiður; listfengur smiður. „Ólafur í Neðribænum var listasmiður á tré...“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).
- Listavel** (l) Mjög/einstaklega vel. „Svo listavel var túbletturinn sleginn að *skárarnir* minntu á skrautmynstur“.
- Listilega** (ao) Mjög vel; á snjallan/listrænan hátt. „Hann sveiflaði fullum slóðanum svo listilega uppí bátinn að hvorki snerti fiskur né pilkur borðstokkinn“.
- Litast um** (orðtak) Horfa/skoða í kringum sig; leita. „Ég ætla að skreppa fram í Vatnadal og litast um eftir þessum hrútum“.

- Litamerkt** (l) A. Hvaðeina sem merkt er með litum til aðgreininar. B. Um fé; *kritað*; merkt með krítarlit. Oftast var þetta gert í réttum á haustin, t.d. þegar líflömb voru valin eða þegar um ómerking var að ræða. Krítaður var blettur, oftast á ennið en stundum á snoppu eða á horn, með sérstakri *fjárkrít*, sem oftast var rauð en gat verið í öðrum litum. Áðurfyrr tíðkaðist stundum að setja blett af vatnsmálningu.
- Litaraft / Litarfar / Litarhaft / Litbragð** (n, hk) Litur; litblær. Einkum notað um litbragð í andliti manneskju. „Hann hafði áberandi dökkt litaraft“. „Hún (huldufólksstúlkan) er illa búin fötum; andlitið langt, þó nokkuð stórt, en litarfar mórault og roðalaust“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Litbrigði** (n, hk, fto) Skipting frá einum lit til annars; fjölbreyttir litir. „Mikið eru sérkennileg litbrigði í sólarlaginu núna“.
- Litkast** (s) Verða litaður; taka lit. „Tún eru rétt að byrja að litkast“.
- Litlaus** (l) A. Án litar; með daufum lit. B. Um frásögn/sögu/manneskju; ekki spennandi/athyglisverð. „Mér þótti þetta afskaplega litlaus samsetningur“.
- Litlakasína** (n, kvk) Spaðatvistur í spilinu kasínu.
- Litlikall / Litlikútur** (n, kk) Gæluheiti á smástrák.
- Litlir katlar/pottar hafa líka eyru** (orðtak) Líkingamál; áminning um að börn hlusta eftir því sem fullorðnir tala og geta munað það og endurtekið þegar síst skyldi.
- Litlu betur settur / Litlu bættari** (orðtak) Ekki í mikið betri stöðu. í lítið betri stöðu. „Ég er litlu bættari þó ég hafi hundinn; hann gagnast ekki mikið í svona smalamenskum“.
- Litlu/engu/öngvu bættari** (orðtak) Í lítið betri stöðu; bætir lítið úr. „Bændur eru litlu bættari með sífelld loforð, þegar efndirnar fylgja aldrei á eftir“!
- Litlu fyrr** (orðtak) Nokkru fyrr; dálitlu áður. „Bakkar fara í eyði litlu fyrr en Grundir“ (HÖ; Fjaran).
- Litlu munaði sagði músin er hún mé í sjóinn** (orðatiltæki) Viðhaft þegar viðleitni skilar ekki sýnilegum árangri; það sé líkt og viðleitni músar til að hækka í heimshöfunum með því að míga í þau.
- Litlu nær** (orðtak) Skil lítið betur; hef ekki fengið nægar útskýringar. „Hann var að reyna að útskýra fyrir mér hvernig þetta er reiknað út, en ég verð að játa að ég var litlu nær á eftir“.
- Litlu verður vöggur feginn** (orðatiltæki) Ekki þarf mikið til að gleðja lítið barn; *litilþæg eru börnin*. „Þegar sjónvarp náðist fyrst á Láganúpi, fyrir harðfylgi og snilld Óla á Nesi, var það ekki sérlega beysið: Svarthvít myndin var varla greinanleg fyrir „snjókomu“ og iðulega brenglsðist sendingin alveg vegna truflana norkrar stöðvar. En þetta þótti nokkuð framfaraskref, ekki síst fyrir ungviðið, og sannaði máltækið að litlu verður vöggur feginn“.
- Litlustangir** (n, kvk) Litlar gírstangir á flestum gerðum jeppa áðurfyrr. Önnur var til að skipta milli háa og lága drifsins og hin til að tengja eða aftengja framdrifið. „Nú þarftu að setja í litlustangirnar sýnist mér; þetta er að verða árans þæfingur“.
- Litlustangaakstur / Litlustangaferð** (n, kk/kvk) Akstur í þæfingsófærð, í lágdrifi og framdrifi. „Skyldi þetta verða litlustangaakstur alla leiðina“?! „Þetta var bara litlustangaferð inn allar Fjörurnar“.
- Litlustangaferð** (n, kvk) Erfið færð til aksturs; þörf á að aka í lága drifi og framdrifi. „Það var litlustangaferð yfir alla Aurtjörkina“.
- Litmót** (n, hk) *Svipmót*; vottur. „Mér sýnist lítið litmót á því að hann ætli að fara að drífa í þessu“.
- Litunargrös / Litunarjurtir** Ymsar jurtir voru nýttar til litunar á ullarvöru og vefnaði áðurfyrr. Einkum voru það fjallagrös og litunarjafni sem gáfu gulan lit, en hann fékkst einnig úr sóleyjum, muru og gulmöðru. Sortulyng gaf svartan lit, en hann fékkst einnig úr sorta. Grænt fékkst úr brenninetlu, ein einnig úr keitu ef hitað var í eirkatli, og úr geitaskóf. Blátt fékkst fyrrum úr storkablágresi en síðar úr blásteini. Rault fékkst með því að láta efnið liggja í keitu, en einnig úr steinamosa. Fjöldi annarra jurta var nýttur til litunar.
- Litunarjafni** (n, kk) Diphasiastrum alpinum. Lágvaxin jurt af jafnaætt, með langa jarðlæga stöngla, marggreinda. Finnst víða í bollum og snjóðældum, t.d. ofan láglandis í Kollsvík og nágrenni. Litunarjafni hefur verið notaður til litunar vefnaðar og ullar frá landnámstíð, eins og fornar heimildir greina.
- Litunarmosi** (n, kk) Svört flétta sem vex víða, og var notuð til litunar fyrrum.
- Litur á jörð/túnum** (orðtak) Jörð byrjar að grænka á vorin. „Það er kominn litur sumstaðar á jörð“.
- Litverpur** (l) Sem skipt hefur um lit; rauður í andliti. „Karlínn var orðinn litverpur í framan af vonsku“.
- Líða** (s) A. Um tíma; fara hjá; ganga yfir. „Við skulum láta daginn líða áður en við förum að hafa áhyggjur af honum“. B. Svífa áfram/yfir; berast. „Þókan líður þarna upp með hlíðinni“. C. Hafa það; vera; ganga.

- „Hvernig líður þér í fætinum í dag“? D. Þola; umbera. „Ég get með öngvu móti liðið neinum svona ferlegan yfirgang“!
- Líða á** (orðtak) Verða áliðið; ganga framá (um tíma). „Það fer nú að líða á daginn; ég held að við ættum að fara að hafa uppi og koma okkur í land bráðum“. „Veðrið versnaði eftir því sem á nóttina leið“.
- Líða fram (tímar)** (orðtak) Tími líður; áfram heldur. „Mér er illa við að svo líði fram tímar að ekkert gerist í þessu máli“.
- Líða frá** (orðtak) Um slæma líðan/ verk; minnka; hverfa. “gætla að leggja mig aðeins og vita hvort takið líður ekki frá“.
- Líða fyrir** (orðtak) Þjást vegna; vera bagaður af. „... en ljúfmenni var Jón og *góður í sér* og fyrir það mun hann hafa liðið alla ævi“ (JVJ; Nokkrir ævípættir).
- Líða fyrir hugskotssjónum** (orðtak) Ímynda sér atburðarás; hugsa sér eitthvað gerast. „Mér líður það enn fyrir hugskotssjónum hvernig hann brást við“. Sjá *standa fyrir hugskotssjónum*.
- Líða hálfilla / Líða hálfasnalega** (orðtök) Vera ekki vel hress. „Mér hefur liðið hálfasnalega í dag. Það mætti segja mér að ég sé að smitast af þessari pest“.
- Líða hjá** (orðtak) *Ganga um garð*; hverfa. „Við skulum leyfa þessari skúr að líða hjá áður en við förum út“.
- Líða hungur/nauð/skort** (orðtak) Skorta; hafa ónógan mat/viðurgjörning. „Líklegt er að þeir sem sjóinn gátu stundað hafi aldrei þurft að líða skort; jafnvel ekki í mestu hallærum landsins“.
- Líða í brjóst** (orðtak) Sofna; dotta. „Ég lagði mig aðeins og *svei mér þá* ef mér hefur ekki eitthvað liðið í brjóst“. Sjá *brjóst*; *láta sér líða í brjóst*.
- Líða skár** (orðtak) Líða betur. „Mér líður ögn skár eftir að ég *lagðist fyrir*“.
- Líða um** (orðtak) Umbera; ekki ganga eftir (láni, skuld). „Heldurðu að þú getir liðið mig um þessar krónur fram í næstu viku“?
- Líða undir lok** (orðtak) Koma að endalokum; hætta; hverfa. „Útgerð úr Kollsvíkuværi leið undir lok þegar kom framá 20. öldina og vélar fóru að tíðkast í bátum“.
- Líða uppaf** (orðtak) Sálást; andast; gefa upp öndina. „Ég vona bara að það verði liðið uppaf mér áður en menn ráðast í svona heimskuverk“!
- Líða úr minni** (orðtak) Gleymast. „Þessi atburður líður mér seint úr minni“.
- Líða útaf** (orðtak) Sofna; falla í yfirlið. „Ég er svo þreyttur og syfjaður að ég er alveg að líða útaf“.
- Líða yfir** (orðtak) Hníga í ómegin; falla í yfirlið.
- Líða önn fyrir** (orðtak) Líða illa; *taka út*. „Honum gengur sjálfum ágætlega í náminu, en hann líður önn fyrir bróður sinn sem er óttalega *hyskinn*“. Orðtakið virðist óskiljanlegt í dag, en það skýrist þegar uppruninn er skoðaður. Í upphafi var það „þola/líða önd fyrir“. Önd merkir andardráttur, og „þola önd“ merkir að mæðast eða missa öndun vegna einhvers.
- Líðan** (n, kvk) Heilsa; tilfinning. „Hvernig er líðanin hjá þér núna“?
- Líðandi** (l) A. Þolandí; umberanlegt. „Það ætti ekki að vera nokkrum manni líðandi að aka utanvega“. B. Með mildum halla. C. Það sem er að líða. „Það dugir ekki að lifa bara fyrir líðandi stund“!
- Líðast** (s) Þolast; vera umborið. „Svona ruddaskapur á alls ekki að líðast“!
- Líðilegt** (l) Lítilmótlegt; lággúrlegt; fyrirlitlegt. „Ósköp finnst mér líðilegt þegar menn gera *svonalagað*“?
- Líðun** (n, kvk) Umburðarlyndi; gjaldfrestur; bið. „Hann veitti mér líðun með greiðsluna framyfir slátturtíð“.
- Líður ekki á löngu** (orðtak) Líður ekki langur tími. „Ekki leið á löngu áður en fór að hellirigna“.
- Líður ekki yfir** (orðtak) Skeður ekkert slæmt þó bíði; liggur ekki á; hastar ekki. „Það líður ekki yfir þessa tuggu þó við komum henni ekki í hlöðu fyrr en á morgun“.
- Líður og bíður** (orðtak) Dvelst/bíður um langa stund. „Það leið og beið frá því fyrstu kindurnar komu á Hjallabrúnina þangað til smalarnir birtust með reksturinn“.
- Líf í tuskunum** (orðtak) Fjör; stuð; skemmtun. „Það var líf í tuskunum í Breiðavíkurrétt fyrrum“.
- Líf liggur á/við** (orðtak) Mjög áriðandi; lífinu er að skipta. „Það liggur ekki svo lífið á að klára þetta í dag; það má bíða til morguns“. „Ég gæti ekki munað þetta þó lífið lægi við“.
- Lífakkeri** (n, hk) A. Bókstafleg merking; traust akkeri á skipi. Til venjulegra nota voru notuð minni og meðfærilegri akkeri. B. Afleidd merking; kjölfesta; líftaug; það sem treyst er á.
- Lífbein** (n, hk) Bein sem á mönnum gengur framúr mjaðmarbeininu; framfyrir gallblöðruna, neðarlega á kvið.

Lífbelti (n, hk) A. Flotbelti; belti sem um tíma var notað sem öryggisbúnaður sjómanna. Gert úr korkum og jók flotmagn, en hefur nú vikið fyrir björgunarvestum og flotbúningum. B. Svæði í náttúrunni, þar sem ríkir sérstakt og fjölbreytt lífkerfi. C. Staður í himingeimnum þar sem líf getur hugsanlega þróast og þrífist vegna fjarlægðar frá sólstjörnu.

Lífarni (n, hk) Líf; lífsstíll. „Hann lifir ekki beint heilsusamlegu lífarni“.

Lífga uppá (orðtak) Glæða meira lífi; auka fjör/gleði/skemmtun. „Hann lífgaði alltaf uppá mannamótin“.

Lífga við (orðtak) Koma lífi í veikburða manneskju/skepnu. „Henni tókst að lífga lambkvikindið við með því að hafa það við ofninn; hnoða með handklæði og koma í það mjólkurdropa“.

Lífgrimbur (n, kvk) Gimbrarlamb sem ætlað er til *ásetnings* (lífs). „...Ég skal lofa þér fallegustu lífgrimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið).

Lífgjafi (n, kk) Sá sem bjargar; sá sem veitir betra/lengra líf.

Lífgjöf (n, kvk) Björgun frá lífsháska. „Kindur höfðu sloppið inn í kofann við sjóinn. Einn gemlingur hafði fest hornin í neti sem hékk þar niður úr sperru. Hann var hornbrotinn og orðinn veikburða, og vart hugað líf. Mér var heitið því að ég mætti eiga hann ef hann lifði. Það gerði hann, og var nefndur Lífgjöf. Þessa kind átti ég lengi. Hún var fremur smávaxin, en gerði einstaklega góð lömb; iðulega tvílembd. Svo var einnig um dóttur hennar Skrautu, og dótturdóttur Eyglu, sem Egill bróðir átti. Kom útaf þessu fé mikill fjárstofn, frjósamur, vel byggður og mikið um flekkótt“.

Lífgun (n, kvk) Aðgerð til að lífga.

Lífhrútur (n, kk) Hrutlamb til ásetnings (lífs) „*Skrambi* er þessi fallegur. Þetta verður líklega lífhrútur“.

Lífhræddur (l) Hræddur um lóf sitt; sóthræddur. „Karlinn var svo lífhræddur að hann þorði ekki að aka sjálfur í borgarumferðinni“.

Lífð gengur sinn vanangang (orðatiltæki) Speki sem oft er viðhöfð þegar eitthver frávik verða sem einhverjum finnst óskapleg og valda straumhvörfum; einnig þegar lýst er viðburðalitlu daglegu lífi.

Lífkálfur (n, kk) Kálfur sem ætlunin er að láta lifa, a.m.k. yfir vetur.

Líf lamb (n, hk) Lamb sem ætlað er til ásetnings (lífs). „Við drögum líflömbin í þennan dilk og hleypum þeim út þegar síðasti sláturbíllinn er farinn“.

Líflaus / Líflítill / Lífvana (l) Ekki með lífsmarki; varla með lífsmarki. „Annað lambið var komið á spena en hitt var nær líflaust, en þó skrimtandi“.

Líflegur (l) Fjörlegur; skemmtilegur. „Af þessu spunnust oft líflegar umræður“.

Lífending (n, kvk) Lendingarstaður þar sem lenda mátti í nánast öllu sjólagi. „Brunnar eru norðanmegin í Brunnanúp...lending er þar allgóð, einkum í svonefndum Mjóavogi. Þar er talin því nær lífending“ (PJ; Barðstrendingabók).

Lífína (n, kvk) Öryggislína, t.d. fyrir mann sem veður úti sjó til að bjarga öðrum.

Lífoddi (n, kk) Haftið neðan á haus fisks; milli tálknopanna. Skorið er á lífoddann þegar fiskur er blóðgaður, og rist afturúr honum þegar fiskur er kúttaður til kviðflatningar. Lífoddinn var stundum nýttur sem ljósabeita. „Tekið er undir kjálkabarðið eða yfir það með vinstri hendinni, en með þeirri hægri er skorið á lífoddann og blæðæðar í hálsinum; einkum á tálknaslagæðina“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Lífróður (n, kk) Röskur róður í yfirvofandi hættu. „... og svo var lagt af stað og róinn lífróður“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum)

Lífs (ao) Lífandi; heill á húfi. „Vissi enginn á þeim tíma hvort hann var lífs eða liðinn“.

Lífsafkoma (n, kvk) Það sem þarf að lifa af; lífsskilyrði. „Þótt lífsafkoma Kollsvíkinga byggðist að miklu leyti á því að vel aflaðist á vorvertíðum, var þó búskapur stundaður á öllum bæjum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Lífsandi (n, kk) Andardráttur. „Sveitaloftið við sjó er heilnæmast, öllu því sem lífsandann dregur“.

Lífsbarátta / Lífsbjörg (n, kvk) Það sem þarf til að lifa af; einkum átt við mataröflun. „Lífsbaráttan í Útvíkum snerist fyrst og fremst um það að afla matar; *hafa í sig og á*“. „Það hafði verið hefð svo langt aftur sem menn vissu að ekki þætti á það hættandi að fara í bjargið til lífsbjargar sér nema að þurrt væri um“.

Lífsbjörg (n, kvk) Það sem bjargar lífi. „Víst er að í harðindum fyrri alda hefur það orðið mörgum lífsbjörg að geta leitað í verin. Þó ekki væri á vísan að róa þá voru þar tíðum meiri líkur á matföngum en annarsstaðar“.

Lífseigur (l) *Frekur til fjörsins*; erfitt að drepa. „Állinn er líklega lífseigasta hryggdýrið sem finnst hérlendis“.

Lífsförunautur (n, kk) Maki. „Menn leituðu ekki alltaf langt eftir sínum lífsförunaut“.

Lifsgæfa / Lifshamingja / Lifslán (n, kvk/hk) Hamingja/velgengni sem manni hlotnast í lífinu. „Lifshamingjan er oft *svipul*“.

Lifsháski / Lifshætta (n, kk) Bráð hætta. „Sennilega er björgun Kolls og félaga eftir strandið á Arnarboða fyrsta skráða lýsingin á björgun manna úr lifsháska eftir skipbrot við Ísland“. „Það verður varla annað sagt en að þeir allir voru í mikilli lifshættu“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Lifshættir (n, kk, fto) Siðir og venjur fólks við líf og störf; aðferðir til að komast af. „Lifshættir Kollsvíkinga hafa að sjálfsögðu tekið breytingum í tímans rás, en grunnstefið var þó alltaf hið sama og mótaðist af náttúru og auðlindum staðarins. Undirstaða lífsafkomu var landgæði og fiskisæld, auk dugnaðar íbúanna“.

Lifshættuför (n, kvk) Stórhættulegt ferðalag; háskaför. „... en hvorttveggja var að það hefði verið lifshættuför, og auk þess fullyrti bátsmaðurinn að enginn væri eftir á lífi, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Lifshættulegt (l) Mjög hættulegt. „Það er lifshættulegt að koma nálægt bjarginu í svona rigningu“.

Lífsins möguleiki (orðtak) aukin áhersla á orðið möguleiki. „Er ekki nokkur lífsins möguleiki að ég fái að hlusta á fréttirnar fyrir hávaðanum í ykkur strákar“?!

Lífsins ómögulegt (orðtak) Alveg útilokað/ómögulegt; get alls ekki. „Mér er lífsins ómögulegt að muna nafnið á honum“.

Lifskjör (n, hk, fto) Langvarandi gott sjóveður. „Þá var það í þetta sinn að við rerum allir eins og vant var í lifskjörum“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). Ekki finnast dæmi um þessa merkingu orðsins í orðabókum. Síðari tíma merking orðsins (aðstæður til afkomu) var ekki viðhöfð í Kollsvík fyrr en í seinni tíð.

Lífsmark (n, hk) Merki um líf. „Það var varla nokkuð lífsmark með kálfinum í byrjun, en eftir dálítið nudd fór hann að bröla“.

Lífsmáti (n, kk) Lifsháttur; lag við að komast af. „Hætt er við að erfitt yrði fyrir nútímafólk að temja sér lífsmáta fyrir tíðar fólks“.

Lífsnauðsyn (n, kvk) Forsenda þess að komast af; frumskilyrði. „Það er nú engin lífsnauðsyn að kaupa þetta“.

Lífsnauðsynlega (ao) Mjög nauðsynlega. „Ég þarf ekkert lífsnauðsynlega að fara þetta í dag; það má alveg eins bíða til morguns“.

Lífsnauðsynlegt (l) Mjög brýnt/nauðsynlegt. „Hann taldi það ekki svo lífsnauðsynlegt að skvampa í baði alla daga; jafnvel gæti það verið bölvuð óhollusta“.

Líf sneisti (n, kk) Vottur af lífi; lífsmark; kjarni lífs. „Hann sagðist ætla að halda sig við sinn flokk svo lengi sem nokkur lífsneisti væri í sínum æðum“.

Líf sómögulegt (l) Algerlega ómögulegt; útilokað. „Er þér alveg líf sómögulegt að hætta þessum ósið“?!

Líf sreglur (n, kvk, fto) Siðir; venjur; reglur sem lifað er eftir. „Þetta eru ófrávíkjanlegar lífsreglur í mínum huga“.

Líf sreynsla (n, kvk) A. Reynsla sem safnast upp á lífsleiðinni. B. Skelfilegt/hættulegt/óvenjulegt atvik. „Maður er varla enn búinn að jafna sig eftir þessa lífsreynslu“.

Lífsskilyrði / Lífsspursmál (n, hk) Skilyrði til að geta lifað /haft það bærilegt. „Það er algert lífsskilyrði að muna eftir nestinu og tóbakinu“. „Það er nú ekkert lífsspursmál að klára þetta endilega í dag“.

Lífstíð (n, kvk) Ævi; allt lífið. „Ég held að ég sé kominn með saltfisk uppá lífstíð; allavega er ég vel birgur framá næsta sumar“.

Lífsvart / Lífsvottur (l) Vart við líf í sjó; viljugur fiskur. „Við keyrðum hér suður um allt, en hvergi varð lífsvart“. „Fjarakornið að hér er nokkur lífsvottur“!

Lífsviðurværi (n, hk) Það sem haft er sér til matar/*líf sbjargar*. „Bændur í Útvíkum höfðu ekki síður sjósókn sér til lífsviðurværis en búskapinn“.

Lífsvon (n, kvk) Von um að lifa/ geta lifað. „Mennirnir ná í árina; það er komið á samband milli báts og lands. Lífsvonin tendrast á ný“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hestarnir voru taldir hafa verið 3, og fundust 2 dauðir en einn var hjarandi; þó svo aðframkominn að honum var engin lífsvon“ (TÖ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Líf spróttur (n, kk) Kraftur í líkama; fjör. „Á Strákamelnum fengu hinir yngri í hópi vermannanna nokkra útrás fyrir líf sprótt sinn og kapp“.

Líft (ao) Unnt að lifa/vera; vært. „Hættu nú þessum fúlu viðrekstrum; það er varla líft hér í húsum lengur“!

Líftóra (n, kvk) Líf; lífsandi. „Ég sé ekki að nokkur líftóra sé í þessum lambvesalingi lengur“. Sjá *tóra*.

Lífæð (n, kvk) Bjargráð; það sem verður til bjargar/lífs. „Sjórinn fyrir Látrabjargi og Víkunum var lífæð sveitarinnar“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

- Lík** (n, hk) A. Líkami látins manns. T.d. *liðið lík*. B. Innri hlið fiskflaks. C. Jaðar segls á bát, eða ölluheldur borði sem saumaður er á hann til styrktar.
- Lík börn leika best** (orðatiltæki) Samlyndi er oft gott þegar jafnræði er með aðilum, og sömu áhugamál. Notað jafnt um börn sem fullorðna.
- Líkamlega** (ao) Að því er líkamann snertir. „Það er ekki nóg að vera líkamlega sterkur við svona aðstæður, ef menn eru ekki nógu kjarkaðir“.
- Líkamskraftar** (n, kk, fto) Líkamlegt afl; vöðvafl. „Þetta voru einfaldlega verk sem þurftu að vinnast, og menn voru því vanari en nú er orðið, að þurfa að beita líkamskröftum sínum við vinnu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Líkamslýti** (n, hk, fto) Vansköpun eða önnur afbökun líkamans. „Þrátt fyrir sín líkamslýti stóð hann öðrum ekkert á sporði í dugnaði“.
- Líkast til / Líkastil** (orðtak/ao) A. Líklegast; að öllum líkindum. „Líkastil væri enn blómleg byggð í Kollsvík ef ekki væri fyrir vafasama stefnu og afskipti stjórnvalda“. „Mér skaut fljótt upp aftur, en þarna var alveg óstætt vatn; líkast til svona 10-15 faðma dýpi“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans). B. Í upphrópun; ákveðið andsvar: „Það er nú líkast til“!
- Líkfylgd** (n, kvk) Hópur fólks sem fylgir ættingja/vini til grafar.
- Líkindalega** (ao) Kemur til greina/mála. „Hann lét nokkuð líkindalega yfir því að af þessu gæti orðið“.
- Líkindi** (n, hk, fto) Líkur; möguleikar. „Það eru engin líkindi til að veðrið verði neitt betra á morgun“.
- Líkingamál** (n, hk) Nokkuð var um notkun líkingamáls í Kollsvík. Þorskurinn var t.d. oft nefndur „sá guli“ og steinbíturinn stundum „sá blái“; hey var „tugga“ eða „strá“; að fara í róður var „að fara fram“; tær voru „bífur“; diskur var „platur“; hár var „strý“; kindur voru „skjátur“; úlpa var „bura“, o.s.frv.
- Líkir mega líkt kál súpa / Líkum hæfir líkt kál** (orðatiltæki) Þeir sem búa við sömu kjör borða gjarnan fæðu af sama tagi/ sömu gæðum.
- Líkja eftir** (orðtak) Herma eftir; apa: gera eins/svipað. „Það er ekki fallett að vera að líkja eftir fólki“!
- Líkja við** (orðtak) Bera saman við; jafna til við. „Þetta er ágætur afli, þó ég líki hinum ekki við uppgripin í síðustu viku“.
- Líklega** (ao) Sennilega; að öllum líkindum. „Hvíslar þá ekki freistarinn í eyra honum að líklega eigi Gummi bróðir eitthvað ætílegt í skrínu sinni“ (PG; Veðmálið).
- Líklegur** (l) Trúlegur; sennilegur. „Hann er ekki líklegur til að muna eftir þessu“. „Mér finnst ekki líklegt að hann styttaði upp fyrir en á morgun“. „Líklegt tel ég hinsvegar að Liði hafi fengið fallega lífgimbur hjá Gumma um haustið, en um það er mér ekki fullkunnugt“ (PG; Veðmálið).
- Líkmaður** (n, kk) Sá sem ber lík til grafar.
- Líkn** (n, kvk) Miskunnsemi; fróun; léttir. „Ég var alveg að farast úr þorsta þarna á fjallinu, en það var dálítill líkn að því að rekast á *mýrarsitrúna*, þó ekki væri vatnið vel gott“.
- Líkna** (s) Lina þrautir/þjáningar; veita hjálp/lækningu. „Kindin var það illa farin eftir hrapið að henni varð ekki líknað nema á einn veg“.
- Líknari** (n, kk) Sá sem líknar. Stundum notað um Jesú Krist.
- Líknarbelgur** (n, kk) Fósturhimna; þunn, glær en sterk himna sem umlykur fóstur í móðurkviði. Líknarbelgur kinda og kúa var áðurfyrr þurrkaður og notaður í skjái húsa; utanum smjör; bundinn yfir ílát til að innihaldið þornaði ekki, eða til að gera að sárum. Hann var þá tekinn frá hildunum þegar eftir burð; þveginn; blásinn út og hengdur til þerris, oft í baðstofu.
- Líkneski** (n, hk) Myndastytta/skúlpúr af manneskju.
- Líknsamlegur / Líknsamur** (l) Miskunnssamur; hjálplegur. „Heldurðu að þú viljir ekki vera svo líknsamlegur vinur, að færa mér smá vatnsglas“.
- Líkræða** (n, kvk) Ræða prests við jarðarför/ yfir moldum manns. „Mér þótti líkræðan bara ágæt hjá honum“.
- Líkt/jafnt á komið fyrir (einhverjum)** (orðtak) Báðir í sömu stöðu; sömu aðstæður blasa við báðum. „Varstu að meiða þig í hendinni? Það er þá nokkuð jafnt á komið með okkur, því ég sneri mig á fæti í dag“.
- Líkt/ólíkt farið** (orðtök) Eins/mismunandi gjörðir; eru líkir/ólíkir. „Ólíkt er þeim farið bræðrunum; þessi er ekkert nema þolinmæðin, en hinn rýkur upp af minnsta tilefni“.
- Líkt skal líku gjalda** (orðatiltæki) Menn skulu leitast við að gjalda í sama verðmæti það sem keypt er; *greiða í sömu mynt*.

Líkur sækir líkan heim (orðatiltæki) *Sækjast sér um líkir*. Vísar til þess að maður velur sér gjarnan vini sem líkjast manni í einhverju efni.

Líkur til (orðtak) Líklegt; sennilegt. „Tvær ær; önnur á Lambavatni en hin í Gröf, eru ekki góðar og ef til vill að þær lifi ekki; því líkur eru til, að fengnum upplýsingum, að þær séu veikar“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1945).

Líkþorn (n, hk) Dauð og þurr húð/ sigg sem gjarnan safnast í þykkildi á fótum manna; einkanlega við miklar göngur og í óhentugum skóm. Líkþorn geta vaxið inn í fótinn og valdið óþægindum og jafnvel sári.

Líkþrár (l) Holdsveikur; sýktur af holdsveiki.

Límsvikinn (l) Um hlut sem bilar vegna þess að líming gefur sig. „Þessir skór eru nú meira andskotans *ónýtið*; límsviknir og með ónýtar reimar“!

Lína (n, kvk) A. Fiskilína; löng taug með mörgum krókum áföstum. B. Hverskonar taug, t.d. líflína í björgunartækjum eða tildráttarlína við bjargsig. C. Símalína. Lína nefndist samtenging nokkurra bæja með sameiginlega tengingu við símstöð; t.d. voru Kollsvík, Láganúpur, Stekkjarmelur, Breiðavík og Látrabæir á sömu línu. Sjá *hlera*. „Oddviti gat þess sem kunnugt er, að erfiðleikar væru á að ná símasambandi milli línanna“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). D. Lína á blaði, til að skrifa á. Einnig gæluorð um sendibréf. „Endilega sendu mér línu við tækifæri“. E. Lengdarmál fornt. Tíu línur eru í þumlungi/tommu. 1 lína er 2,18 millimetrar. Sverleiki lampaglasa gömlu olíulampanna var einnig mældur í línunum. F. Stefna í málefni, t.d. flokkslína. G. Stef/braglína í ljóði; ljóðlína.

Línólíumdúkur (n, hk) Gólfdukur, gerður úr dúk sem í er borin olía úr hörfræi.

Línuás (n, kk) Línupinur; línan sjálf í fiskilínu; án króka, tauma uppistaðana og annars.

Línubátur (n, kk) Bátur sem einkum veiðir á línu. Aðrir eru t.d. skakbátur og netabátur.

Línubysa (n, kvk) Byssa til að skjóta rakettu sem í er fest lína. Hluti af björgunartækjum til að bjarga skipverjum t.d. af strönduðu skipi.

Línufiskur (n, kk) Fiskur sem veiddur er á fiskilínu.

Línuflækja (n, kvk) Hnútur af flæktri línu; flækt fiskilína. „Línuflækjur rekur oft á fjörur í Kollsvík; líklega af veiðisvæðunum í Víkurál. Þykir sumum hið ágætasta tómstundagaman að greiða þær“.

Línuháls (n, kk) Endi á línuás. Venjulega er splæst á hann lykkja, til að auðvelda tengingu við næstu línu eða við uppistöðu, og er heitið þá notað yfir augað/lykkjuna.

Línulengd (n, kvk) Lengd á fiskilínu. „Venjan var að línulengdin væri ekki nema 10 lóðir, eða 60 faðmar hver lóð. Þá voru 2 álnir milli króka“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Línuspotti (n, kk) Bútur af fiskilínu eða öðru bandi af svipuðum sverleika.

Línusöngur (n, kk) Sónn sem símalínur á staurum framkalla, þegar vindur þýtur um þær. Línusöngur má stundum heyra í grennd við línuna, en háværustur varð hann í húsum sem símalínan liggur í. Símalínan kom inn í Láganúphúsið eldra á miðri efri hlið. Þar sem línan kom utanúr Breiðavík yfir Breið og Strympur, var oft mikið vindgnaud á henni. Það leiddi línan inn í bæinn, þar sem timburþilið magnaði það. Gat söngurinn stundum orðið jafn hávæur og skipsflauta, en heimafólk kundi því yfirleitt ekki verr en öðrum vinalegum umhverfisljóðum.

Línuveiðar (n, kvk, fto) Veiðar á fiskilínu.

Líparít (n, hk) Ljósgrýti; rhyolit; tegund gosbergs með miklu innihaldi kísilsýru (yfir 67%). Oft ljósleit á lit, en getur tekið ýmsum litbrigðum. Líparít finnst yfirleitt ekki í tertíera jarðlagastaflanum sem er allsráðandi t.d. í grennd við Kollsvík. En í kringum 1970 fann höfundur þessa rits mikið af ljósu bergi á nokkurra fermetra bletti Vatnadalsmegin við Hauga; við hestavegin. Var engu líkara en þar hefði komið niður loftsteinn. Sveinn Jakobsson jarðfræðingur rannsakaði sýni, og komst að því að það væri úr líparíti. Þarna virðist því hafa komið stór hnyðlingur upp með basaltkvikunni endur fyrir löngu.

Líri (n, kk) A. Gæluheiti á stórum þorski/ golþorski. „Þarna fékkstu heldur myndarlegan líra“! B. Stór/ruðamikill hlutur/trjabolur/staur/steinn/tuddi o.fl. „Þarna var rekinn heljarmikill líri“. Orðið var nokkuð notað í Kollsvík í þessari merkingu framundir 2000. Orðabækur telja að það hafi verið haft yfir skrofuunga, en svo var ekki í Kollsvík.

Líta að (orðtak) Huga að; athuga með; sinna. „Ætli við þurfum ekki að fara að líta að gegningunum“.

Líta af (orðtak) Hætta að horfa stöðugt á; snúa sér að öðru. „Hann er óskaplega hrifinn af heimasætunni og má helst ekki af henni líta“. „Það má helst ekki líta af honum, þá er hann lagstur í *berjatínslu*“!

Líta alvarlegum augum (orðtak) Vera ekki hrifinn af; vera mjög mótfallinn; *taka hart á*. „Hann sagðist líta það nokkuð alvarlegum augum ef menn færu í sitt land í leyfisleysi“.

- Líta á** (orðtak) Skoða; *leiða auga*; athuga. „Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum: „Heyrðu Gummi! Komdu og líttu á þennan: Heldurðu ekki að hann leggi sig bærilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? (PG; Veðmálið).
- Líta eftir** (orðtak) A. Gæta; passa; hafa eftirlit með. B. Leita að; skima eftir. „Líttu eftir þessum kindum hans Kittu, ef þú ferð eitthvað framí Gálgasteinabrekku“.
- Líta ekki björgulega út** (orðtak) Líta ekki vel út; fremur slæmar horfur. „Það lítur ekki björgulega út með að við náum þessu öllu í hlöðu fyrir rigninguna. Ætli við verðum ekki að *galta* þetta á efstu sléttunni“.
- Líta/horfa framhjá (einhverju)** (orðtak) Þykjast ekki sjá eitthvað; *líta* eitthvað *afskiptalaust*. „Það er ekki hægt að líta framhjá því lengur hvernig topparnir í þjóðfélaginu misnota sína aðstöðu“!
- Líta girndarauga** (orðtak) *Hafa ágirnd á; renna hýru auga til*; ágirnast.
- Líta/sjá (aldrei) glaðan dag** (orðtak) Vera (aldrei) ánægður/sáttur með sína tilveru/ sitt hlutskipti. „Hann segist ekki hafa litið glaðan dag síðan hann missti konuna“.
- Líta eftir** (orðtak) Gæta; passa; fylgjast með. „Ég átti að líta eftir honum, en mér fannst að hann mætti bara éta þetta ef honum finndist það gott“ (IG; Æskuminningar).
- Líta ekki réttu auga** (orðtak) Sjá kostina; vera andúðugur; *kunna ekki að meta*. „Ég get ekki litið hann réttu auga eftir að ég fékk að vita um hans fortíð“.
- Líta/renna/horfa hýru auga til** (orðtök) Ágirnast; hafa áhuga/ágirnd á. „Ég hef verið að líta hýru auga til þessa lambhrúts sem hann nefndi við mig“.
- Líta hornauga / Líta ekki réttu auga / Líta illu/óhýru auga** (orðtök) Vera tortrygginn; gjalda varhug við. „Gamli maðurinn leit þessi nýju tæki miklu hornauga. Honum var svo *nóg boðið* þegar farið var að slá; þá gekk hann á eftir með orfið sitt og sló betur. Tautandi ljót orð um þessa afturför í búskaparháttum“. „Eftir þetta gat ég ekki litið þennan flokk réttu auga; fannst að honum væri ekki treystandi í svona málum“. „Þetta tiltæki okkar var litið fremur óhýru auga af foreldrunum“. „Það var litið fremur illu auga ef menn lögðu í hefðbundin *netapláss* heimamanna“.
- Líta illa/vel út** (orðtak) Vera illa/vel útlítandi; koma illa/vel fyrir. Oft notuð önnur lýsingarorð s.s. bölvanlega, skár, ógæfulega, bærilega o.fl.
- Líta í bók** (orðtak) Lesa. „Þeim þótti báðum gaman að lesa góðar bækur, og ég held að þau hafi sjaldan farið að sofa á kvöldin án þess að líta í bók, þegar þau voru lögst á koddann; þótt langt væri liðið á kvöld, og þau þreytt eftir erfiði og önn dagsins“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Líta í eigin barm** (orðtak) *Líta sér nær*; skoða það sem að sjálfum sér lýtur fremur en gagnrýna aðra. „Ég held honum *væri fjandans nær* að líta í eigin barm áður en hann gagnrýnir aðra fyrir svonalagað“! Sjá *barmur*.
- Líta jákvæðum augum** (orðtak) Vera jákvæður/velviljaður gagnvart. „Ég lít það fremur jákvæðum augum ef menn reyna að bjarga sér; meðan það er ekki á kostnað annarra“.
- Líta niður** (orðtak) Um sauðfé; *beita sér*; lúta höfði og bíta gras. „Ég vísaði þeim upp fyrir Hestkeldu, en þær komu fljótt heim aftur án þess að líta niður. Það þarf að gefa þeim aðeins minna núna“.
- Líta niður á** (orðtak) Telja sér óæðri; fyrirlíta. „Reykvíkingum hættir dálítið til að líta niður á landsbyggðarfólk, en átta sig þá ekki á sínum eigin uppruna“.
- Líta (eitthvað/einhvern) réttu auga** (orðtak) Vera jákvæður gagnvart; lítast vel á. „Ég hef ekki getað litið hann réttu auga frá því að hann sveik mig um þetta“. Sjá *geta (ekki) litið (einhvern) réttu auga*.
- Líta sér nær** (orðtak) Líta í eigin barm; athuga það sem að sjálfum snýr, fremur en gagnrýna aðra. „Hann ætti að líta sér nær; ætli hann sé nokkuð betri sjálfur í þessum efnunum“?!
- Líta stórt á sig** (orðtak) Hafa mikið sjálfsálit; vera montinn/hrokafullur. „Hann lítur alltof stórt á sig til að blanda geði við okkur eymingjana“.
- Líta til** (orðtak) Horfa á; *gá að*. „Hann var að innbyrða fullan slóða af fiski í hvert sinn er ég leit til hans“.
- Líta til lofts/veðurs** (orðtak) Gá til veðurs. „Þegar út úr búðinni kom litu allir til lofts, svo sem venja er til“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Líta til með** (orðtak) Hafa eftirlit með. „Líttu til með barninu meðan ég skrepp aðeins frá“.
- Líta undan** (orðtak) Líta frá; horfa/líta í hina áttina. „Sá var að hreinsa tófuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hveli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli“!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Líta upp** (orðtak) A. Gefa sér tíma til hvíldar; taka frítíma/pásu. „Það gengur ekki að puða svo samféllt að maður líti ekki upp öðruhvoru“. B. Verða betur útlítandi. „Mikið hefur húsið litið upp við málninguna“.

- Líta uppá** (orðtak) Horfast í augu við. „Hann sagðist ekki geta litið uppá nokkurn mann frammar ef hann sækti ekki aftur kindurnar sem hann missti“.
- Líta upp til** (orðtak) Sýna aðdáun; bera virðingu fyrir; telja sér meiri. „Ég leit alltaf mikið upp til eldri bróður míns, þó ég hefði aldrei viðurkennt það“.
- Líta út** (orðtak) A. Horfa út úr húsi. „Ég leit út og sá að það var hætt að rigna“. B. Vera útlítandi. „Ári fannst mér hann líta illa út“.
- Líta út fyrir (að vera)** (orðtak) Sýnast; virðast. „Kindin lítur ekki út fyrir að vera illa haldin eftir vistina í sveltinu“. „Þú ert ekki eins vitlaus og þú lítur út fyrir að vera“. „Það lítur út fyrir rigningu á morgun“.
- Líta við** (orðtak) A. Horfa til baka; horfa í aðra átt. „Tófan var horfin þegar ég leit við aftur“. B. Snerta við; horfa í átt til; hafa áhuga á; borða; éta. „Féð vill ekki líta við vottheyinu þegar það á von á þurrhevi“. C. Koma í stutta heimsókn; koma við; reka nefið í gættina. „Endilega lítiði við þegar þið eruð á ferðinni“.
- Líta yfir farinn veg** (orðtak) Athuga það sem gert/starfað hefur verið; hugsa til baka. „Við þessi tímamót er rétt að staldra við og líta yfir farinn veg“.
- Líta (eitthvað) öfundarauga** (orðtak) Vera öfundsjúkur yfir einhverju: öfunda einhvern af einhverju. „Margir litu þessa miklu veiði öfundarauga, sem sjálfir voru *hysknari* við sjósóknina“.
- Lítast á** (orðtak) Þykja fallett/gott/viðunandi. „Mér list vel á þetta hjá þér“. „Heldur list mér illa á veðurútlitið“. Oft notuð önnur lýsingarorð inná milli, s.s. bölvanlega, skár, ógæfulega, bærilega, dável o.fl.
- Lítast ekki (vel) á blikuna / Lítast illa á blikuna** (orðtak) *Verða ekki um sel*; lítast ekki á ástandið/útlitið. „Mér leist ekkert á blikuna þegar brotskaflarnir tóku sig upp hér frammi á boðanum“. Blika er háský sem getur boðað óveður. „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað./ Því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Þúdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hæsæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). Sjá *blika*; *blikuský*; *blikur á lofti*.
- Lítar** (n, kk) Lagarmál; rúmmálseining vökva. Eitt lítri jafngildir teningi vökva sem er 10cm á kant eða þúsund rúmsentimetrar. Fremur var talað um „lítar“ í Kollsvík en „líttra“. Sjálfskipaðir málhreinsunarmenn akademíunnar halda því fram að „líttri“ sé réttara; hitt sé dönskuletta. Þeir ágætu menn gleyma því þá að „líttri“ er frönskuletta! Orðsifjar eru ókunnar en líklega er upprunans að leita suður eða austur í löndum.
- Lítið er betra en ekkert** (orðatiltæki) Segir sig sjálft; allnokkuð mikið notað.
- Lítið/mikið á munum** (orðtak) Lítill/mikill mismunur. „Það er dálítið meira í þessu íláti, en það er ósköp lítið á munum“. „Hann dró meira en ég; þar var nokkuð mikið á mununum“.
- Lítið eitt** (orðtak) Dálítið; örlítið. „Frostið er lítið eitt minna í dag en í gær“.
- Lítið er betra en ekkert/ ekki neitt** (orðatiltæki) Betra er að fá lítið en ekki neitt; *smátt er betra en ekki neitt*. „Ekki skal það vanþakkað sem aflast; lítið er betra en ekkert“.
- Lítið gagnast göngumanni göfug ætt** (orðatiltæki) Flakkaranum er lítil stoð að því að vera vel ættaður.
- Lítið gagnast/stoða orðin tóm** (orðatiltæki) Það þjónar litlum tilgangi að tala/áætla um hlutina ef ekki fylgja athafnir á eftir. Sjá *láta ekki sitja við orðin tóm*.
- Lítið gefið um** (orðtak) Ekki hrifinn af; þykir lítið varið í. „Mér er lítið gefið um að ókunnugt fólk sé að snuðra hér uppi í húsveggjum“!
- Lítið í sjó** (orðtak) Sjólitíð. „Uppsátrið var einkum í allbreiðum bás milli tveggja kletta; Syðri- og Norðari kletta. Þó voru bátar oft látnir standa undir Norðari-klettum þegar lítið var í sjó eða smástreymt“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Lítið kemur litlu í mót** (orðatiltæki) Sá getur ekki vænst mikils sem lítið lætur af hendi sjálfur.
- Lítið leggst fyrir kappann** (orðtak) Um það sem verður manni til minnkunar; ekki eru afrekin mikil; ekki fær sá kappsami verðug verkefni. „Honum þótti lítið leggjast fyrir kappann, að fá ekki að fara niður í ganginn“.
- Lítið sem ekkert** (orðtak) Nær því ekki neitt. „Það fékkst lítið sem ekkert eftir fallaskiptin“.
- Lítið tilreynt** (orðtak) Ekki mikið verið reynt; lítil reynsla af. „Ég veit svosem ekki hvort fiskur er í vatninu; það hefur lítið verið tilreynt“.
- Lítið var en lokið er** (orðtak) Um það sem ekki er vel útlátið/ mikið, og klárast fljótt. Komið upphaflega úr vísu sem eignuð er Páli Vídalín en var notað í skáldverkinu Maður og kona eftir Jón Thoroddsen; viðkvæði Hjálmars Tudda yfir tómunum askinum.
- Lítill byrði er á löngum vegi þung** (orðatiltæki) Það sem er létt að bera stuttan spöl getur *sigið* hressilega í þegar langt er borið.

Lítill eftirsjón að (orðtak) Lítill skaði þó glatist/skemmist. „Það er lítill eftirsjón að honum úr ráðherrastóli“.

Lítill hjálp í (orðtak) *Enginn akkur að*; lítill stoð. „Mér er lítill hjálp í smala sem liggur bara í berjum“!

Lítillfjörlegur (l) Lítill; ómerkilegur. „Engjar eru með Láganúpi sjálfum lítillfjörlegar. Með Hólum og Grundum engar“ (ÁM/PV Jarðabók). „Maður er orðinn hálf lítillfjörlegur til heilsunnar í seinni tíð“.

Lítill að burðum (orðtak) Aumur; kraftalítill; væskilslegur. „Hann var ekki mikill að burðum, en kvikur í hreyfingum og þolinn“. Sjá *burður* og *mikill að burðum*.

Lítill bógur / Ekki beysinn/mikill bógur (orðtak) Maður sem ekki er kjarkaður; hugleysingi; veiklulegur einstaklingur. „Hann er heldur lítill bógur til að standa í svona stórræðum“.

Lítill fyrir mann að sjá / Lítill fyrir sér / Lítill og pervisinn (orðtak) Um mann; smávaxinn/*rýringslegur*. „Óskóp fannst mér hann vera lítill og *pervisinn*, blessaður karlinn“.

Lítill í sér (orðtak) Ekki hugaður; kjarklaus; smeykur; gráti næst; illa fyrirkallaður. „Litli stubburinn er orðinn þreyttur, og þá verður hann svo lítill í sér“.

Lítilla sanda og lítilla sæva Sjá *maður lítilla sanda og lítilla sæva*.

Lítillátur (l) Sem sættir sig við lítið; hógvær; nægjusamur.

Lítilllega (ao) Dálítið; lítið eitt. „Ég kynntist honum lítilllega“.

Lítillækka (s) Gera lítið úr; lítilsvirða. „Honum fannst að verið væri að lítillækka sig með þesum“.

Lítillækkun (n, kvk) Lítilsvirðing; minnkun. „Það er engin lítillækkun að því að vera háseti hjá þeirri kempu“.

Lítillæti (n, kvk) Hógværð; undirgefni. „Mér hefur aldrei farið vel lítillætin í þessum efnunum“.

Lítilmagni (n, kk) Minnimáttar; sá sem getur minna en aðrir. „Það er enginn sómi að því að níðast á lítilmagnanum“.

Lítilmannlega (ao) Svívirðilega; af virðingarleysi. „Mér finnst þau koma lítilmannlega fram við karlangann“.

Lítilmenni (n, hk) Fyrirlitlegur einstaklingur, *dusilmenni*. „Svona haga sér einungis lítilmenni“!

Lítilmennska (n, kvk) Vesaldómur; heigulsháttur; aumingjadómur. „Svona framkoma er nú bara lítilmennska“!

Lítilmótlega (ao) Fyrirlitlega; smámarlega. „Skelfing finnst mér hann haga sér lítilmótlega“!

Lítilmótlegur (l) Fyrirlitlegur; smámarlegur. „Svona lítilmótlegur auli á ekki upp á mitt pallborð“!

Lítilræði (n, hk) Óvera; lítilsháttar magn/fjöldi. „Mér finnst ekki taka því að rukka fyrir þetta lítilræði“.

Lítils í misst (orðtak) Ekki misst af miklu; ekki mikill skaði; *bættur skaðinn*. „Það var nú lítils í misst þó við næðum ekki hvalnum um borð. Ég held að hann hafi verið farinn að skemmast í netunum“.

Lítilsháttar (l) Smávegis; í litlu magni; dálítið. „Það var komin lítilsháttar gola“.

Lítilsigldur (l) Um mann; ómerkilegur; skortir áráði; metnaðarlítill. „Mér hefur alltaf þótt hann fremur lítilsigldur í sínum viðhorfum“. Vísar til siglingar báts þar sem stjórnandi þorir ekki að hafa uppi þau segl sem báturinn þolir. Síður líklegt að vísi til þess að hafa lítt farið erlendis; siglt.

Lítilsmetandi (l) Sem lítið mark er tekið á. „Ég hlusta ekki á kjaftæðið í þessum lítilsmetandi aulum, sem telja sig sérfræðinga eftir fáein ár á skólabeck“!

Lítilsverður (l) Sem ekki er mikils virði. „Svona óljósar upplýsingar eru harla lítilsverðar“.

Lítilsvirða (s) Virða lítils; bera litla virðingu/respekt fyrir. „Við skulum nú ekki lítilsvirða þá gömlu visku“.

Lítilsvirðandi (l) Meiðandi; niðrandi. „Ég þoli engum að fara lítilsvirðandi orðum um þessa hluti“!

Lítilsvirði (l) Ekki dýr/ mikils virði; lélegur; ómerkilegur. „Það væri ekki lítilsvirði að fá hann með okkur“.

Lítilsvirðing (n, kvk) Fordómar; fyrirlitning; vanmat. „Honum fannst sér lítilsvirðing sýnd með þessu“.

Lítilsvirðingartón (n, kk) Tónn/hreimur lítilsvirðingar/virðingarleysis/fyrirlitningar. „Nokkuð fannst mér votta fyrir lítilsvirðingartóni í garð þingmanna þegar hann var að lýsa byggðaðróuninni“.

Lítilvægt (l) Ekki mikilvægt; léttvægt. „Þetta finnst mér bara lítilvægt atriði og ekki til að hafa áhyggjur af“.

Lítilþægur (l) Nægjusamur; kemst af með lítið. „Ég er fremur lítilþægur í þessum efnunum“.

Lítilþæg/smáþæg eru börnin (orðatiltæki) Ekki þarf mikið til að gleðja barn, og því minna sem það er yngra. Sjá *litlu verður vöggur feginn*, sem var algengara í Kollsvík.

Lítri (n, kk) Sjá *líter*.

Líttreyndur (l) Með litla reynslu. „Hann er líttreyndur í smalamenskum, en ágætis hlaupari“.

Ljá (n, kvk) Nýslegið gras sem ekki er farið að rifja eða raka saman. „Sléttan liggur öll í ljá“.

- Ljá** (s) Lána. „Geturðu léð mér korn af salti framyfir helgina“? „Ljáðu mér aðeins hendi við þetta“.
- Ljá eyra** (orðtak) A. Fá áheyrn/hlustun, stundum í einrúmi. „Ljáðu mér eyra snöggvast; ég þarf að segja þér nokkuð“. Ég segi ykkur þetta, er sitjið hér í kring/ og sjáið mig og ljáið þessu eyra./ Mig sviður enn í hjartað og sáran hef ég sting./ Söguna þið fáið nú að heyra“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Taka í mál; ljá máls á. „Ég ljái því ekki eyra að hróflað sé við þessu“!
- Ljá máls á** (orðtak) *Taka í mál*; leyfa að nefnt/orðað sé. „Hann hefur aldrei láð máls á að selja fyrr en nú“.
- Ljábakki** (n, kk) Sú brún á ljá sem egglaus er, og veit frá sláttumanni. Um tíma voru blöð og bakkar framleidd og seld sitt í hvoru lagi; svonefndir bakkaljái.
- Ljábband** (n, hk) Band/ól sem fyrrum var notað til að festa ljáinn í orfið. Síðar komu orfhólkar til.
- Ljábbera** (s) Bera ljá í (til sláttar). „Eftir að afi fór að stirðna við sláttinn hefur engum komið til hugar að ljábbera Urðirnar. Enda er hætt við að þeim entist bitið ekki eins vel og þeim gamla“.
- Ljáblað** (n, hk) Blað í ljá; *lén*. Oftast er þá átt við blað í skoskan ljá, en það var hnoðað í bakkann og mátti dengja það kalt.
- Ljábrot** (n, hk) Brot af ljá. „Fyrrum voru ljábrot iðulega nýtt til að búa til hnífa“.
- Ljábrýni** (n, hk) Brýni sem hentar til að brýna ljái. „Ljábrýni voru nauðsynjavara í Gjögrabúð“.
- Ljáfar** (n, hk) Skári; slegið far eftir ljá í grasi/jörð.
- Ljáhnoð** (n, hk) Hnoð úr deigu járn. Í seinni tíð var átt við hnoð sem festu ljáblöð á bakka í greiðusláttuvél. Blöðin slitnuðu við notkun, en einnig brotnuðu þau þegar slegið var í malarbornu eða grýttu landi. Var þá greiðan oftast tekin undan og ljárinn úr henni; hnoðin boruð úr blaðbrotinu, og nýtt blað hnoðað á, með tveimur nýjum hnoðum.
- Ljái** (n, kk, fto) Bein í sporði lúðu. „Beinin í sporði voru kallaðir ljái“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms). „Geislarnir í sporðinum voru nefndir blökutindar, nema þeir ystu og gildustu sem kallaðir voru ljái“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Ljámús** (n, kvk) Torfusnepill sem losnar við að slegið er, t.d. í ósléttu túni. „Kastið ljámúsunum úr heyinu“.
- Ljásþík** (n, kvk) Ljár í orfi; iðulega notað um slitinn/lúinn ljá. „Passaðu þig á ljásþíkinni; hún er flugbeitt“.
- Ljóða á** (orðtak) Yrkja til. Það var gömul íþrótt í Kollsvík og nágrenni að *kasta fram kviðlingum* og *kveðast á*. Gjarnan hófst það með því að einn ljóðaði á annan; gerði vísu sem varla var unnt að láta ósvarað.
- Ljóðabréf** (n, hk) Sendiréf í bundnu máli. Ekki var óalengt að þeir sem hagamætir voru skiptust á þannig bréfum, fyrir tíma tölvupósta.
- Ljóðskáld** (n, hk) Skáld sem þykir meiri listamaður í ljóðagerð en hagrýðingar almennt. Oft er átt við þá sem ná betur að tjá tilfinningar af margvíslegu tagi í ljóðum en þeir sem helst fást við að setja saman tækifæriskveðskap.
- Ljóðstafur** (n, kk) Stuðlar og höfuðstafir í ljóði/kveðskap. Flestur kveðskapur lýtur ákveðnum bragreglum, sem tekur til hrynjandi í áherslum; lengd bragliða; ríms og ljóðstafa. Í ferskeytlu eru t.d. tveir stuðlar í fyrstu og þriðju braglínu; helst báðir í hákveðu, og önnur og fjórða lína byrja á höfuðstaf í hákveðu, og hefur hvor þeirra samsvörun við stuðlana í undanfarandi braglínu.
- Ljóður** (n, kk) Lýti; galli, ókostur, óráð. „Þarna þykir mér nokkur ljóður á“.
- Ljóður á ráði** (orðtak) Slæm breytni/gerð; galli á framgöngu/venju/vinnulagi. „Hann þótti duglegur og viðkunnanlegur í flesta staði. Þó var sá ljóður á ráði hans að hann þótti nokkuð *hvinnskur*“.
- Ljókka** (s) Um veðurútlit; versna; dimma yfir. „Hann er að ljókka mikið; við þurfum að fara að raka upp“. „Þegar þykkviðri birtir upp af suðri þá er von á vindi og regni úr þeirri átt. ... Þegar loft er rautt í suðri boðar regn, hvort sem það sést á nótt eða degi“ “ (BH; Grasnytjar).
- Ljóma upp** (orðtak) Lýsa upp; birta. „Það var glampandi tunglskin og norðurljósín ljómuðu upp himininn“.
- Ljómandi gott** (orðtak) Mjög gott; afbragðsgott. „Þetta er ljómandi góður hákar!“.
- Ljómi** (n, kk) Birta; ljós. „Mér sýnist einhver ljómi vera að myndast þarna í norðrinu“.
- Ljón í veginum** (orðtak) Fyrirstaða/hindrun á framgangi málefnis/verkefnis. „Þarna gætu orðið einhver ljón í veginum“.
- Ljónagangur** (n, kk) Ólæti; *óskapagangur*; *brambolt*; áflog. „Hættið nú þessum ljónagangi strákar!“
- Ljónast** (s) Láta ófriðlega; ærslast. „Veriði nú ekki að ljónast svona mikið uppi í sófanum strákar!“
- Ljóngáfaður** (l) Mjög greindur/ vel gefinn. „Hann var ljóngáfaður, en bagaður af skapgerðarbrestum“.

Ljónheppinn (l) Mjög heppinn; *lúsheppinn*; *stálheppinn*. „Ég var svo ljónheppinn að finna þarna rekinn oliubrúsa sem ég gat skorið ofanaf og safnað eggjunum í“.

Ljónslappi / Ljónslöpp (Alchemilla alpina). Algeng jurtt af rósaætt. Vex á láglandi um allt land og kann vel við sig í hliðum og skriðum, t.d. á Bekk í Núpnám. Lágvaxin jurtt me gulgrænum blómum. Blöðin eru handskipt með tenntum endum og þéttu silfurkögri á brúnum og neðra borði. Minnir blaðið dálítið á loðna loppu ljónsins og dregur nafn af því. Ljónslappi var talinn gagnlegur við að græða sár og skurði; stöðva niðurgang og blóðrennsli. Hann var einnig nefndur kverkagras, því gott þótti að skola hálsinn með volgu seyði hans.

Ljónstygg (l) Mjög stygg (fælin) ær. „Þessar útigengnu kindur eru ljónstyggar og erfitt að eiga við þær“.

Ljónvitlaus (l) Kolvitlaus; snarvitlaus; mjög ólmur. „Það þarf minnsta kosti þrjá til að ná útigangskindinni; hún er ljónvitlaus af styggð“.

Ljóri (n, kk) Litill gluggi; gægjugat; skjágluggi. „Ljóri var yfir fleti formannsins, á framvegg búðarinnar“.

Ljós (l) Um sjóleiðir og mið; sýnilegur fyrir eða yfir. „Þegar farið er fyrir Djúpboðann þurfa Skandardalstennur að vaka ljósar fyrir Blakk“. „Okkur hafði rekið norður á ljósar Hyrnumar“.

Ljós í hafið (orðtak) Þegar skýjahulunni léttir í norðurátt. Gaf vonir um noranátt og þurrk. Einnig notað; *ljós til hafsins*. „Ég held það sé komið eitthvað ljós til hafsins; það gæti glaðnað til á morgun“.

Ljós í loftið (orðtak) Birta í himni; birta af degi. „Það er eitthvað farið að koma ljós í loftið; maður fer að sjá handaskil til að gera eitthvað útivið“.

Ljós í myrkrinu (orðtak) Líkingamál um málefni; jákvætt atriði innanum fleiri neikvæð; augljós kostur.

Ljós til hafsins (orðtak) Glenna/ljós/hreinn/eyddur/bjartur til hafsins. Norðanátt í aðsigi, sem lýsir sér fyrst með því að ský hverfa í norðri og heiðskír blettur sést fyrir Blakkinn, ofanvið hafsbrún.

Ljósa (n, kvk) Ljós móðir. „Hún var ljósa margra sem fæddust í Kollsvíkinni á hennar tíð, og lánaðist vel“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Ljósabeita (n, kvk) Afskurður (vanalega *kvíðfiskur*) fisks sem notaður er til beitu. Er þá skorinn í mjóa lengju. „Til beitu á lóðirnar voru fyrst notuð hrognkelsi ásamt ljósabeitu“ (GG; Lóðir í Kollsvíkurveri). „Ljósabeita nefndist einu nafni lúða, steinbítur, þyrsklingur og aðrar fiskitegundir sem menn létu á öngla sína. Oft var það svo að hver fiskimaður tók tryggð við ákveðna beitungund sem hann taldi reynast sér betur en aðrar. Margir höfðu trú á að beita lúðu, einkum *stofnlóu* sem Vestfirðingar kölluðu (5-15kg). Tóku þeir beituna aðallega af sporði“ (GG; Skútuöldin). „Til beitu á lóðirnar voru fyrst notuð hrognkelsi, ásamt ljósabeitu (GG; Lóðir í Kollsvíkurveri; skrá EÓ)

Ljósadúkur (n, kk) Litill dúkur til að hafa á borðum, t.d. undir kertum. „Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka; bæði kaffidúka og ljósadúka þ.e. minni dúka til að hafa á borðum; löbera, púða, kómmóduðúka sem voru með sérstöku lagi...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Ljósagangur (n, kk) Eldingar; þrumuveður. „Skruggunum fylgdi töluverður ljósagangur, svo birti til í Víkinni þó annars væri niðamykur“.

Ljósaskipti (n, hk, fto) Umskipti birtu frá degi til nætur (eða öfugt); einkum þegar bjart er í lofti en skuggsýnt við jörð. „Það er erfitt að greina það í ljósaskiptunum hvort þetta eru kindur“.

Ljósastæði (n, hk) Stæði fyrir ljós til lýsingar. „Fyrst eftir að rafmagn kom voru ljósastæði einföld; oftast föst perustæði með engum skermum. Svo fóru að koma lampar, bæði borðlampar og hangandi, einnig „hundar“. Útiljós og ljós í skepnuhús komu nokkuð seinna“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms).

Ljósgeisli (n, kk) Geisli af ljósi; sólstafur. Stundum notað í líkingamáli: „Litli Bjartur ljósgeislinn/ lýsi jafnan veginn þinn./ um hinn gullna gæfustig/ guð ég bið að leiða þig“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort við skírn sonarsonar).

Ljósglampi / Ljóslyss (n, hk) Snögg ljómun/lýsing. „Mér sýndist ég sjá ljósglampa þarna norður á Umvarpi“. „Öðruhvora sást ljóslyss efst á Jökkladalshæðinni, þar sem *skruguveðrið* geisaði hvað harðast“.

Ljósflifandi kominn (orðtak) Rétt lýst; *ær og kýr*. Upphröpun, oftast notuð sem skammaryrði. „Er hann farinn? Þarna er hann ljósflifandi kominn; spyr ekki einusinni hvort ég vilji fá far“!

Ljósmeti (n, hk) Lýsi á lampa eða tólgi í kerti var helsta ljósmetið á fyrri tíð. „Lesið var til um kl 10 og eftir það var farið að sofa. Þá máttu hjúin vinna eftirvinnu; þá máttu þau þrjóna fyrir sjálf sig. En þau urðu að gera það í myrkrinu, því ljósmeti var ekkert eftir kl 10 á kvöldin. Ljós voru þá lýsislampar; eða þar til ég varð 10 ára. Fyrsti olíulampinn mun hafa komið í Kollsvíkina um aldamótin (1900). ... Svo var fyllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fitan undir bumbunni) var bræddur til ljósmetis á kólur“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Þá þurfti líka að kaupa steinolíu til ljósmetis, og var hún venjulega flutt í 100 eða 200 lítra stáltunnum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

- Ljós móðir** (n, kvk) Kona sem aðstoðar móður við að fæða barn; skilja á milli og hlú að því í byrjun. Ljós mæður voru víða í sveitum áður, þó nú hafi starf þeirra að mestu flust inná heilbrigðisstofnanir. Síðasta ljós móðir sem starfaði í Rauðasandshreppi var Ólafía Egilsdóttir á Hnjóti (27.11.1894-20.09.1993).
- Ljóst fyrir** (orðtak) Um stefnu báts/ fiskimið; vel fyrir framan sjónlínu. „Þú þarft að stefna vel ljóst fyrir Blakkinn til að forðast Blakknesboðann“. „Við settum í snarvitlausan boltafisk þegar Breiðavíkurbærinn var kominn ljós fyrir Breiðinn“.
- Ljóst á** (orðtak) Um veður; bresta á; dynja yfir. „Þá laust á þessu *grimmdaréli* svo ekki sá útúr augum“.
- Ljóst niður** (orðtak) Slá niður. „Eldingunni laust niður í staurinn og klauf hann að endilöngu“.
- Ljóst niður í hugann** (orðtak) Fá skyndilega hugdettu. „Því laust allt í einu niður í huga minn að spyrja hann að þessu“.
- Ljóst upp / Ljóstra upp** (orðtak) Um leyndarmál; kjafta/segja frá; upplýsa. „Ég ætla ekki að ljóst neinu upp um þetta“. Hefur í seinni tíð verið framborið með „r“; „ljóstra“, og er t.d. „uppljóstrun“ nú almennt notað.
- Ljóstira** (n, kvk) Lítið ljós. „Það er erfitt að vinna þegar maður hefur ekki eina einustu ljóstiru við höndina“.
- Ljóstollur/ Lýsitollur** (n, kk) Skattur sem greiddur var til kirkju fyrrum, og var lögboðinn í Kristinrétti árið 1275. Hver tíundarskyldur bóndi skyldi greiða hann graftarkirkju sinni; þ.e. þar sem hann átti von á að verða greftraður. Ljóstollur var greiddur til Kollsvíkirkirkju meðan hún stóð; enda voru hálfkirkjur skattkirkjur í þessu tilliti. Hver maður sem gjalda átti eina alin vaðmáls í tíund skyldi greiða í ljótoll tvo aura vax eða ígildi þess; 12 álnir vaðmáls. Frá 1782 varð skatturinn 8 mörk tölgar eða 26 aurar í reiðufé. Húsmenn greiddu hálfan ljóstoll, og svo var einnig um vinnuhjú frá 1817. Tollurinn var greiddur að hausti til kirkjuhaldara. Hann var afnuminn árið 1909 ásamt öðrum fornum sköttum kirkjunnar, en í stað þeirra kom sóknargjald.
- Ljós viti** (n, kk) Viti sem geislar ljósmerkjum til leiðbeiningar og varúðar sæfarendum. Þrír ljósvitar eru í Rauðasandshreppi, auk radióvita á Bjargtöngum. Ljós viti var byggður 1913 á Bjargtöngum. Nýrri viti var byggður þar 1948, en sá eldri fluttur til Hvaleyrar. Gasljós var í vitanum til 1961, er hann var rafvæddur. Ólafsviti var byggður á Háanesi við Sellátranés árið 1943, í minningu Ólafs Jóhannessonar útgerðarmanns á Patreksfirði, og tekinn í notkun 1947. Raflysing tók við af gaslysingu árið 1978. Viti var byggður í Skor árið 1953, og gengur fyrir gasi.
- Ljóta húfulagið** (orðtak) Slæmt ástand; farið úrskaiðis. „Það er ljóta húfulagið á þessu sjónvarpi núna; ekkert nema kólruglaður nossari!“ „Ljóta asskotans húfulagið á þessu; rollurnar hafa rutt úr hliðinu á Melnum!“
- Ljótan** (ao) Slæmt; illt í efni. „Það er ljótan ef við náum ekki strengjunum í land fyrir norðangarðinn“.
- Ljóti karlinn** (orðtak) Uppnefni á fjandanum/djöflinum; *sá svart*. Á tímum rétttrúnaðar reyndu sumir með ýmsu móti að komast hjá því að hafa blótsyrði á vörum, og var þetta ein af mörgum aðferðum til þess. „Það má ljóti karlinn vita hvað varð af gemlingakvikindunum“.
- Ljótórður / Ljótur í orðum** (l/orðtak) Kjarnyrtur; stórorður; sem notar ljót orð. „Ég var kannski heldur ljótórður í bréfinu, en það *dettur* nú kannski ekki *úr* þeim *nytin* við það, þeim háu herrum“!
- Ljótt er að heyra lúsina hóstá!** (orðatiltæki) Upphröpun sem viðhöfð var í kaldhæðni eða hneykslun yfir gorti eða hástemmdum lýsingum viðmælanda. „Ljótt er nú að heyra lúsina hóstá! Sagðist hann hafa staðið einn yfir öllu fénu fjögurra ára gamall“?
- Ljótur** (l) A. Ófagur. B. Slæmt veðurútlit. „Hann er fjandi ljótur í vestrinu, það þarf að drífa heyið inn“. C. Oft notað með nafnorði til áhersluauka: „Þetta var ljóta klúðrið!“ „Það var ljóta vitleysan að raka ekki upp í gær“. „Það er ljóti samsetningurinn þetta bréf!“ „Þetta er ljóta ástandið“!
- Ljótur/ófagur munnsöfnuður** (orðtök) Blótsyrði; ragn; bölbæinir. „Það var ljótur munnsöfnuðurinn í honum þegar hann sá á eftir lúðunni“.
- Ljótur til hafsins** (orðtak) Slæmt veðurútlit í norðu- eða NV-átt; *ruddi til hafsins*. „Mér finnst hann vera orðinn ári ljótur til hafsins; hann leggur einhvern ófögnuð upp fljótlega *gætég* trúað“.
- Ljótur til loftsins** (orðtak) Dimmur í lofti; rigningarlegur. „Asskoti er hann að verða ljótur til loftsins núna“.
- Ljúffengur** (l) Um mat; gómsætur; mjög góður á bragðið. „Mikið er þetta ljúffeng skata“.
- Ljúflega** (ao) Greiðlega; liðlega; góðlátlega. „Ég skal ljúflega viðurkenna að þarna varð mér á í messunni“. „Eggin runnu ljúflega niður, þó eitthvað af þeim hafi kannski átt að vera landshlutur“.
- Ljúflingsgrei / Ljúflingskvikindi** (n, hk) Ljúflingur; meinleysingi. „Strákurinn er mesta ljúflingsgrei“. „Mér fannst þessi tuddi bara mesta ljúflingskvikindi; ég veit ekki hvað menn voru að hræðast hann“.
- Ljúflingsnáungi / Ljúflingspiltur** (n, kk) Viðkunnaður maður/strákur. „Mér fannst hann bara ljúflingsnáungi“. „Hann var ljúflingspiltur og *kom sér vel við* alla“.

- Ljúfllingur / Ljúfmenni** (n, hk) Gæðablóð; góðmenni. „Hann var ljúfmenni sem aldrei féll styggðarorð af munni“.
- Ljúfmannlega** (ao) Af ljúfmennsku; innilega. „Hann tók okkur ljúfmannlega og bauð okkur til stofu“.
- Ljúfmannlegur** (l) Innilegur; blíður; vingjarnlegur. „Alltaf er hann jafn ljúfmannlegur í viðmóti“.
- Ljúfmáll** (l) Mjúkmáll; blíður í orðum. „Hann er nógu ljúfmáll þegar maður heyrir til, en árans *eiturkjaftur* í annarra manna hópi“.
- Ljúfmenni** (n, kk) *Gæðablóð*; mjög viðkunnaður maður. „Hann er mesta ljúfmenni *inn við beinið*, þó hann sýnist hrjúfur á yfirborðinu“.
- Ljúfmennska** (n, kvk) Gott/blítt viðmót; innileiki. „Hann kom fram við alla af stakri ljúfmennsku“.
- Ljúfmeti** (n, hk) Mjög góður matur; lostæti. „Þetta er eitt mesta ljúfmeti sem ég fæ“!
- Ljúfur** (l) A. Um mann/skepnu; Blíður; þægur; viðmótsþýður. „Karlinn var ljúfur í lund þá stundina“. B. Um vind/byr; jafn; hagstæður. „Við sigldum í ljúfum byr suður víkurnar“.
- Ljúfur** (n, kk) Gæluorð um krakka/mann. „Komdu hérna ljúfurinn minn og leyfðu mér að girða þig“.
- Ljúfur verður leiður ef lengi situr (annars fleti á)** (orðatiltæki) Þaulsættinn gestur getur reynt á gestrisni húsráðenda; jafnvel þó aufúsugestur sé. „Ganga skal;/ skal-a gestur vera/ ei í einum stað./ Ljúfur verður leiður/ ef lengi stitur/ annars fleti á“ (Hávamál).
- Ljúga / Ljúga til um** (s/orðtak) Skrökva; segja ósatt; *fara með fleipur*/ósannindi.
- Ljúga án þess að blikna / Ljúga blákalt** (orðtak) Ljúga án þess að hika eða skammast sín. „Hann laug þessu án þess að blikna“! „Þessu hefur hann logið blákalt í þig“!
- Ljúga biti í eggina** (orðtak) Brýna. „Þessi hnífbrók er vita bitlaus! Á ég nú ekki að reyna að ljúga einhverju biti í eggina fyrir þig“? Vísar til þeirrar þjóðtrúar að betur biti ef lyginn brýnir.
- Ljúga eins og (einhver) er langur til** (orðtak) Ljúga frá rótum; ljúga að venju; ljúga algerlega. „Þessu lýgur þú eins og þú ert langur til“! „Sagði hann að ég hefði tekið þetta?! Hann bara lýgur því eins og hann er langur til“!
- Ljúga eins og nefið snýr** (orðtak) Vera afburða lyginn; ljúga fyrirhafnarlaust. „Þú skalt nú ekki taka mikið mark á þessu; hann er vanur að ljúga eins og nefið snýr“.
- Ljúga frá rótum** (orðtak) Um frásögn; skálda/ljúga að öllu leyti. „Það kom í ljós að hann hafði logið þessu öllu frá rótum; það var *ekki flugufótur fyrir þessu*“.
- Ljúga fullan** (orðtak) Ljúga miklu að; sannfæra um, þó ósatt sé. „Þeim tókst að ljúga hann fullan um að þarna væri hvalur á reki, og hann þyrfti að setja niður bátinn *í hasti* til að róa hann í land“.
- Ljúga í eggina** (orðtak) Tilvitnun í orðatiltækið *lyginn maður brýnir best* (sjá þar), sem oft var vitnað til. „Ætli maður þurfi ekki að fara að ljúga einhverju í eggina á þessari *hnífbrók*“.
- Ljúga sennilega** (orðtak) Ljúga þannig að því verði gjarnan trúað. „... og það var talsverð íþrótt að ljúga einhverju nógu sennilega að póstinum og fá hann til að bera það á milli“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Ljúga til um / Ljúga til nafns** (orðtök) Segja ósatt um. „Ég held að hann hfai verið að ljúga til um að hann hafi farið þetta; þarna upp er engum manni fært“.
- Ljúga upp** (orðtak) Spinna upp; segja lygasögu; skálda. „Þú heldur þó ekki að ég sé að ljúga þessu upp“?!
- Ljúga/skrökva upp á (einhvern)** (orðtak) Bera einhvern röngum sökum. „Ég læt ekki ljúga þessu uppá mig alveg hljóðalaust“.
- Ljúga upp í opið geð** (orðtak) Ljúga að þeim sem trúa vill; ljúga blygðunarlaust.
- Ljúka** (s) Útkljá; enda; klára; *fá botn í*. „Nú hafði mönnum hlaupið kapp í kinn og margir skorudu á þá Liða og Gumma að ljúka veðmálinu...“... „Þegar því lauk stóð Bjarni í Hænuvík með reisluna; tilbúinn að vigta skrokkin“ (PG; Veðmálið). „Hætt er við að þessum þurrkakafla fari bráðum að ljúka“.
- Ljúka lofsorði á** (orðtak) Hrósa; lofa. „Flestir luku lofsorði á hans ræðu“.
- Ljúka sér af** (orðtak) Ljúka við verk/viðfangsefni. „Það bíða fleiri eftir að komast á klósettið þegar þú ert búinn að ljúka þér af“.
- Ljúka sundur munn/kjafi/tranti** (orðtök) Segja; tala; mæla. „Hafi ég haft rangt fyrir mér um þetta skal ég ekki ljúka oftar upp mínum kjafi um það“.
- Ljúka upp einum rómi** (orðtak) Segja allir sem einn; vera sammála. „Allir sem hann þekktu luku upp einum rómi um færni hans á þessu sviði“.

- Ljúka við kastið** (orðtak) Ljúka við að leggja fiskilínu í sjó og bíða eftir að dráttur hefjist á ný. „Þegar lokið var við að draga línuna var bátnum fest við það stjórfaeri þar sem drætti lauk. Þetta var kallað að „ljúka við kastið“. Þá var byrjað að blóðga þorskin; slægja steinbítinn og skera beitu uppá næsta kast“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ljúkast upp fyrir** (orðtak) *Renna upp fyrir*; opinberast, vitrast; sjá; muna eftir. „Einhverntíma mun ljúkast upp fyrir mönnum hve fáránleg byggðastefnan hefur ríkt á síðustu áratugum; sem lagði sveitirnar í eyði“.
- Loddaraskapur** (n, kk) Ólíkindalæti; leikaraskapur; latalæti; fíflagangur. „Þetta var bara loddaraskapur í honum til að losna við verkið“.
- Loddari** (n, kk) Leikari; fífl; trúður. „Hver heldurðu að taki mark á svona ekkisen loddurum“?!
- Loða** (s) Tolla; vera saman. „Þeirra hjónaband loðir enn, þó hinir bræðurnir hafi skilið við sínar konur“.
- Loða saman** (orðtak) A. Loða; hanga/tolla saman. „Spilin voru orðin lúð og léleg og vildu loða saman“. B. Sagt í samhangandi skömmum/fúkyrðum. „Það loddði víst saman hjá honum þegar hann *tók þá til bæna* eftir verknaðinn“.
- Loða uppi** (orðtak) Um það sem ekki dettur/veltur niður af sjálfsdáðum. „Hérna í klettunum skaut ég fyrstu tófuna, en hún loddði uppi og ég þorði ekki að klifra og ná í hana“ (IG; Sagt til vegar I). „Þekjan á Fönlaxnaustinu loddði uppi fram yfir 1970“.
- Loða við** (orðtak) A. Tolla við; vera fast við; hanga við. „Sandurinn loddði við skóna í bleytunni“. B. Líkingamál; vera fylgja einhvers. „Óheppnin þótti oft loða við hann“.
- Loðband** (n, hk) Ullarband; lopi. Sjaldan notað í seinni tíð, en heyrðist þó.
- Loðbrýndur** (l) Með loðnar augabrunir. „Hann var áberandi loðbrýndur og oftast með mikið og úfið hár“.
- Loðbandspeysa** (n, kvk) Lopapeysa. Stundum notað sem gæluorð. „Ég var *kappklæddur*; í loðbandspeysu, *föðurlandi* og tvennum sokkum; með *svellþykka* vettlinga á höndum og *dembúl* á höfði“.
- Loðdýrarækt** (n, kvk) Eldi refa eða minka vegna sölu á feldum. Tvisvar var loðdýrarækt reynd í Kollsvík, og í bæði skiptin með ref. Á fyrrihluta 20.aldar hafði Einar Guðbjartsson íslenska refi í búrum ofantil á Gróumel á Láganúpi. Fóðurs aflaði hann einkum með því að skjóta fugl. Feðgarnir Össur Guðbjartsson á Láganúpi og Hilmar Össurason í Kollsvík settu upp allstórt refabú í aflögðum fjárhúsum á Stekkjarmel á 9. áratug 20. aldar. Fóður fengu þeir einkum úr fódurstöð sem þá starfaði í sláturhúsinu á Patreksfirði (sem síðar varð hótél). Verð á skinum er mjög sveiflugjarnt og olli verðfall endalokum beggja þessara tilrauna.
- Loðhúfa** (n, kvk) Skinnhúfa; húfa sem loðin er, oftast að utanverðu. „Guðbjartur á Láganúpi átti á efri árum steingráa loðhúfu af þeirri gerð sem þá tíðkaðist, og líktist sívalningi; lokuðum að ofan“.
- Loðinlubbi** (n, kk) Úfið/sítt hár eða síðhærður maður. „Sestu þarna á stólinn; mér sýnist ekki vanþörf á að klippa dálítið af þessum loðinlubba“.
- Loðinn um lófana** (orðtak) Efnaður; ríkur; í góðum efnum. „Karlinn var sagður nokkuð loðinn um lófana, þó hann lifði eins og öreigamaður“. Vísar til þjóðtrúar um að fjáðir menn væru loðnir í lófunum. Sömu leiðis þótti það ávísun á auðsæld að vera loðinn um skrokkinn.
- Loðmulla** (n, kvk) Það sem er loðið eða óskýrt (harður framb.). Notað einkum um óefnislega hluti. „Ræðan var nú ekkert annað en loðmulla; ekkert sem hönd var á festandi“.
- Loðmullulegur** (l) Óskýr; loðinn. „Hann er dálítið *loðmullulegur* í vestrinu“ (dimmur þar yfir, eða skýjaflókar); „Mér finnst þetta dálítið loðmulluleg loforð“. Heyrist ekki utan Rauðasandshrepps.
- Loðmæli** (n, hk, fto) Óskýr orð; *hálfkveðnar vísur*. „Það þýðir ekkert að viðhafa nein loðmæli um það; þetta verður að vera alveg skýrt“!
- Loðmæltur** (l) Óskýr í máli; ekki skýrmæltur. „Hann var fremur loðmæltur um þetta atriði; eins og hann hefði ekki fulla þekkingu á því“.
- Loðpurpa** (n, kvk) Mygla. „Hér hefur keppur staðið uppúr sýrunni og komin einhver loðpurpa á hann“.
- Loðskinn** (n, hk) Órökuð gæra; skinn af ref/mink.
- Loðslegið** (l) Um slægju/gras; ekki slegið nálægt rót; illa slegið. „Afa fannst heldur loðslegið eftir fyrstu sláttuvélina sem í víkina kom; svo hann rölti iðulega á eftir með orfið og *bætti um betur*“.
- Lof mér** (orðtak) Lofaðu mér. Boðháturinn af „lofa“ var oft í þessari stuttu mynd þegar um 1.persónu eintölu var að ræða en ekki í 2. eða 3.persónu. „Lof mér að þukla aðeins eyrun á þessu lambi; mér sýnist vera eitthvað ben þarna öðrumegin“. „Lofaðu nú bróður þínum að leika með þetta smástund“.
- Lof og pris** (orðtak) Upphrópun til að lýsa létti/fögnuði. „Guði sé lof og pris fyrir að tóbakið fannst“.

- Lofa** (s) A. Hrósa; bra lof á; skjalla. B. Leyfa. „Hann lofaði mér að reka hópinn í gegnum túnið“. C. Heita; gega loforð. „„Ég skal lofa þér fallegustu lífgimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið).
- Lofa bót og betrun** (orðtak) Lofa að bæta sig/ haga sér betur; *lofa öllu fögru*. „Það er ekki mikið að marka það, þó þessi hrekkjalómur lofi bót og betrun“.
- Lofa /einhverjum) að vera** (orðtak) Bjóða einhverjum gistingu. „Þau layfðu mér að vera yfir nóttina“.
- Lofa gulli og grænum skógum** (orðtak) Gefa góð fyrirheit/loforð. „Hann lofaði mér gulli og grænum skógum ef ég vildi aðstoða hann við þetta“.
- Lofa í hástert** (orðtak) Hrósa mjög mikið; *oflofa*; gylla. „Mér er slétt sama þó aðrir lofi þetta í hástert“.
- Lofa með** (orðtak) Leyfa að koma/fara með. „Þegar hægt var að komast á sjó að prufukeyra, þá var strákunum venjulega lofað með“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Lofa uppi ermina á sér** (orðtak) Lofa meiru en maður getur staðið við. Vísast e.t.v. í töfrabrógd, þar sem unnt er að *hrista* lygilegstu hluti *fram úr erminni*.
- Lofa statt og stöðugt / Lofa upp á (sína) æru og trú** (orðtak) Lofa tryggilega/hátíðlega/örugglega. „Hann lofaði því statt og stöðugt að aðstoða okkur við þessar smalamennskur“. „Ég lofa því upp á mína æru og trú að gera þetta aldrei aftur“!
- Lofa öllu fögru** (orðtak) Gefa loforð um eitthvað betra eða að standa sig betur; *lofa bót og betrun*. „Þeir lofa öllu fögru fyrir kosningarnar, en muna svo minnst af því seinna“!
- Lofaður** (l) A. Frátekin; búið að ánafna/heita hann einhverjum. „Ég get ekki látið þig hafa þennan lambhrút; hann er þegar lofaður, en það má nú athuga með annan“. B. Styttling úr trúlofaður; búinn að heita einhverri gjaforði/giftingu. „Ósköp er að sjá hann fíflast svona í stelpunum; lofaður maðurinn“! C. Tilbeðinn. „Lofaður sé drottinn allsherjar; skapari himins og jarðar“. Eingöngu notað nútildags í kirkjulegu málfari.
- Lofast til** (orðtak) Lofa einhverjum að framkvæma/gera. „Ég lofaðist til að hjálpa honum með innreksturinn“. Er enn notað af Kollsvíkum, en heyrir lítið þar fyrir utan.
- Lofið þreyttum að sofa** (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver þurfti að fá svefn meðan aðrir voru á fótum; annaðhvort af honum sjálfum eða öðrum.
- Lofkvæði** (n, hk) Kvæði sem einkum snýst um að dásama persónu eða verk hennar.
- Loforðaflaumur** (n, kk) Mikið af loforðum, sem ólíklegt er að staðið verði við. „Ekki vantar loforðaflauminn frá þessum frambjóðendum; það fer minna fyrir efndunum“!
- Loforðagjálfur** (n, kk) Mikið af loforðum; innantómt bjartsýnisraus. „Alltaf er það sama sagan með þessa þingmenn og samgöngumálin; ekkert nema innantómt loforðagjálfur“!
- Lofrulla / Lofræða** (n, kvk) Mikið hrós; væmið/óverðskuldað hól. „Heldur fannst mér þetta leiðinleg framboðsræða; mestmegnis lofrulla og málskrúð um eigið ágæti og ímynduð afrek flokksins“.
- Lofsamlega** (l) Blessunarlega; til allrar hamingju. „við erum svo lofsamlega laus við þessa pöbbameningu“.
- Lofsvert** (l) Aðdáunarvert; verðugt að því sé hrósað. „Mér finnst þetta lofsvert framtak hjá honum“.
- Lofsýngja** (s) Hrósa; *ljúka lofsorði á*; mæra. „Þeir ættu að lofsýngja meira þessa ansvítans kvótakónga; svo flytur þetta bara af staðnum og tekur með sér alla lífsbjörg íbúanna“!
- Lofsöngur** (n, kk) A. Kvæði/söngur með miklu lofi/hrósi. B. Ákveðin tegund sálma, þar sem drottinn er lofaður. C. Líkingamál um lof/hrós í garð einhvers, sem þykir ekki verðskulda það.
- Loft** (n, hk) A. Andrúmsloftið sem menn anda að sér. B. Efri hæð í tvílyftu húsi. C. *Loftsig*; þær aðstæður í bjargi að það slútir framyfir sig, svo sigmaður er í lausu lofti. „Langleiðina niður í Jötunsaugun er loftsig“. D. Himinn. „Hann er að þykkna í lofti“. „Hann er að léttu til í austurloftinu“.
- Lofta** (s) A. Lyfta; hefja á loft. „Það er nú ekki meira en svo að ég lofti þessari byrði“. B. Láta loft endurnýjast. „Það verður að lofta vel um fiskinn í hjallinum“.
- Lofta út** (orðtak) Endurnýja loft í húsi; loftræsa. „Hafðu dyrnar opnar smástund; það er ágætt að lofta út“.
- Loftbiti** (n, kk) Biti/slá sem heldur uppi lofti/hæð í húsi.
- Loftgat / Loftsgat** (n, hk) Op sem gengið var um upp á loft íbúðarhúss. „...var þá kerald látið standa við loftsgatið og hellt í það úr koppunum“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Lofthjallur** (n, kk) Stólpahjallur; hjallur sem ekki er yfirbyggður. Heitið var ekki mikið notað með þessu forskeyti í Kollsvík, þó þar hafi fiskhjallar í verum verið þessarar gerðar svo lengi sem heimildir eru um.
- Lofthleri** (n, kk) Hleri/hlemmur sem lokar *loftsgati*. „Láttu aftur lofthlerann þegar þú ert kominn upp“.

Lofthræddur (l) Hræðist við að horfa niður úr mikilli hæð. „Sumir eru lofthræddari en aðrir, og til eru þeir sem ekki þora að fara um brattar fjallshlíðar; jafnvel ekki þó þar sé greiðfær gata“.

Lofthræðsla (n, kvk) Hræðsla við að horfa niður af háum stað. „Mér leið alltaf vel þegar ég var kominn í vaðinn og niður fyrir brúnina; þó að það væri tæpt að fara fann ég ekki fyrir lofthræðslu“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg). „Ekki þarf að taka það fram að fólki sem haldið er lofthræðslu skal alfarið ráðlagt frá gönguferðum á öllum þessum stöðum“ (HÖ; Fjaran). Þjóðtrúin segir að ef þunguð kona hleypur mikið verði barnið lofthrætt. (JÁ; Þjs).

Loftköst (n, hk, fto) Mikil og stór stökk; hratt hlaup. „Allt í einu sá ég stóran stein koma fljúgandi niður klettana. Hann fór síðan í loftköstum niður hlíðina og endaði langt frammi í sjó með miklum gusugangi“.

Loftlína (n, kvk) A. Bein lína milli staða, en ekki eftir t.d. vegi. „Stutt er milli Kollsvíkur og Breiðavíkur í loftlínu, en fara þarf inn í Örlygshöfn til að komast á milli á bíl“. B. Lína/leiðari sem liggur í lofti á milli staura. „Símasamband gat verið stopult í óveðrum meðan hann var tengdur gegnum loftlínur“.

Loftlítill (l) Um hjólbarða; með litlum loftþrýstingi. „Gekk svo lengi að vélarfjandinn tók ekki eitt einasta þúst. „Þá sá ég hvað var að“, sagði bóndinn mér; „eitt hjólið var loftlítið. Ég dældi í það og sá grái rauk í gang!“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Loftsig (n, hk) *Loft*; *innundir sig*; þær aðstæður í bjargi að það slútir framyfir sig, svo sigmaður er í lausu lofti. „Loftsig er mestalla leiðina niður á Höfðann í Mávakömbunum, en aðseta er góð á brún“.

Loftslá (n, kvk) Skör; biti; *slá* í loftgati tvílyfts húss.

Loftsjónir (n, kvk, fto) Ljósflúr; e.t.v. *urðarmáni* og *hrævareldur*. „Engar loftsjónir hef ég séð í 21 ár sem ég hef hér verið“ (séra Gísli Ólafsson; Sóknarlýsingar 1840).

Loftskák / **Loftskör** / **Loftslá** / **Slá** (n, kvk) Bríkin við loftsgat/niðurgöngu af tvílyftu húsi, við efstu tröppu stiga. „„Ekki líst þér vel á hann í dag; það sé ég af tóbaksögninni“, sagði ég og skaut mér niður af lofthrákinni“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Loftsteinn (n, kk) Geimsteinn; vígahnöttur. Hnullungar af ýmsum stæðrðum og ýmiskonar efni sem eru á ferð um himingeiminn; falla inn í aðdráttarafl jarðar og brenna flestir upp á leið sinni gegnum gufuhvolfið. Séð frá jörðu er eldglampinn sem þá myndast margfalt stærri en efni hnullungsins. T.d. getur loftsteinn sem er 1 gramm að þyngd myndað stjörnuhrap sem er jafn bjart algengum fastastjörnum. Talið er að nokkur tonn af loftsteinum falli til jarðar hvern sólarhring; flestir á stærð við rykkorn. Flestir falla þegar jörðin fer árlega í gegnum loftsteinasveima sem eru á braut hennar. Fyrir kemur að svo stórir loftsteinar falla að þeir brenna ekki upp í gufuhvolfinu. Frægastur þeirra er sá sem féll í grennd við núverandi Yukatan skaga fyrir um 68 milljónum ára og olli m.a. útrýmingu risaeðlanna. Annar frægur féll í Síberíu 1908 og stráfellið skóg á víðlendu svæði. Stundum finnast loftsteinar, og er þeirra helst að leita þar sem yfirborð hefur lítið raskast um tugmilljónir ára, t.d. í Ástralíu. Margir eru með hátt málminnihald, einkum járn, en aðrir eru úr léttari bergtegundum. Víða um jörð finnast gígar eftir loftsteinum. Ekki er unnt að alhæfa um uppruna loftsteina. Sumir eru án efa leifar þess efnis sem myndaði hnetti sólkerfisins; aðrir hafa flogið út í geim við árekstur loftsteina á reikistjörnu en enn aðrir kunna að vera ættaðir úr geimnum langt utan okkar sólkerfis. „Ekki er vitað óyggjandi til þess að loftsteinn hafi fallið í Kollsvíkurlöndum. Þó fann ég, kringum 1975, berg framan við Gálgasteinabrekkur Vatnadal sem ekki líktist blágrýtinu í umhverfinu. Þar í kanti hestavegarins er lítil dæld full af brotum af þessari bergtegund, og virðast brotin hafa dreyfst út frá dældinni. Jarðfræðingur sem fékk sýni til skoðunar gat ekki áttað sig á þessu, en taldi það súra bergtegund; nokkuð sem er ekki í berggrunni svæðisins“ (VÖ).

Lofttappi (n, kk) Innilokað loft. „Tilkomumikið er að sitja uppi í hlíðinni ofan Helluvogar í miklu vestanbrimi og hlusta á gnyinn og finna titringinn er brimaldan skellur inn í hellinn og myndar þar lofttappa sem sprengir báruna til baka á móti þeirri næstu“ (HÖ; Fjaran).

Loftugur (l) *Upplyftugur*; hreykinn; upp með sér. „Hann var heldur loftugur yfir þessum árangri, sem von er“.

Loftvarnarmerki (n, hk) Sérstakt hljóð; hættumerki, sem hani gefur frá sér. „Ef hrafn eða fálki fljúga yfir gefur haninn alltaf loftvarnarmerki, sem er hvinur mikill. Stundum hafa krakkar gaman af að kasta upp spýtu eða öðru svo haninn gefi loftvarnarmerki“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Loftvog (n, kvk) Barómet; tæki til að mæla loftþrýsting og breytingar á honum vegna t.d. gangs hæða og lægða í lofthvolfi jarðar. Loftvog var mikilvægt tæki á heimilum til að sjá fyrir veðurbreytingar í vændum, fyrir daga veðurspádóma í útvarpi.

Loga (s) Sá siður er nú aflagður *viðasthvar* að tala um að það „logi“ á rafljósaperu; að rafljós sé „logandi“. Í staðinn er almælt að það „sé kveikt“ á ljósinu. Hið fyrrnefnda var notað í Kollsvík og nágrenni.

Loga í illdeilum (orðtak) *Hver höndin upp á móti annarri*; miklar deilur í hópi.

Loga uppúr (orðtak) Um það þegar eldur/glóð í eldstæði í reykhusi brennur uppúr torfinu og verður að heitum og eyðandi eldi. Mikilvægt er að fyrirbyggja það þegar kveikt er upp, t.d. með því að velja torfið rétt.

Logagullinn / Logagylltur (l) Eldrauður; rauðgullinn. „Himinninn var tignarlega logagullinn þegar sólin sendi síðustu geislana yfir sjóndeildarhringinn“.

Logandi hræddur/smeykur (orðtök) Mjög hræddur; lafhræddur. „Ég er orðinn logandi smeykur um að ekkert verði af þessu“.

Loggorta (n, kvk) Lítið þrímastrað seglskip með loggortusiglingu. Nokkuð algeng í N-Frakklandi framá 20. öld, og notuð sem lítil fiskiskip og flutningaskip.

Loggortusegl (n, hk) Seglabúnaður báta, sem eitthvað var notaður á stærri bátum í Útvíkum á síðari hluta 19. aldar. Loggortusegl eru uppmjó, skáskorin rásegl og þykja sameina kosti langsegla og þversegla. „Hákarlaskip Vestfirðinga voru með einu þversegli. Á þeim þekktist reyndar loggortusigling, t.d. í Víkum norðan Látrabjargs, en þar var þó hinsvegar þversegl á öllum venjulegum fiskibátum; einnig færeyskum sem þangað voru keyptir og í Arnarfjörð“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; heimild GG). Þetta kann að benda til þess að bæði eldri Fönix í Kollsvík og Kópur á Hvallátrum hafi haft loggortusegl. Loggortusegl var nokkuð áþekkt *gaffalsegli* (sjá þar).

Logn (n, hk) Enginn vindur. „Það var logn og svotil ládaður sjór en meinleysislegur skýjabakki yfir Snæfellsnesinu“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „...lá þá oft landsynningskaldi út fjörðinn eða logn þegar best var“ (KJK; Kollsvíkurver). „Svo furðulegt sem það kann að þykja þá var reyndin sú að mönnum á seglskipum var engu síður illa við lognið heldur en nokkru sinni rokið“ (GG; Skútuöldin).

Logn og bliða (orðtak) Mikið notað til að lýsa algeru kyrrviðri og stillum. „Það er lognið og bliðan áfram“.

Lognast útaf (orðtak) *Deyja útaf*; verða að engu. „Þetta mál virðist alveg ætla að lognast útaf hljóðalaust“. Líking við að veður *detti í logn*.

Lognbára (n, kvk) Alda í logni; yfirleitt lágstemmd, en getur þó einnig verið þung undiralda.

Lognblettur (n, kk) Svæði á sjávarfleti þar sem ekki gætir vindbáru, þó hún sé í kringum það. „Þegar vindur stendur af háum fjöllum við sjó geta myndast lognblettir undir þeim, þó á milli þeirra rjúki hvítur sjór“.

Lognblíða (n, kvk) Áhersluorð um logn; stillilogn. Oftar var þó notað orðasambandið *logn og bliða*.

Lognblíða (n, kvk) *Bliðalogn*; logn og ládaður sjór. „Enn er sama lognblíðan og í gær“.

Logndagur (n, kk) Dagur með lygnu veðri. „Það má einhvernvegin róa í svona logndögum“!

Logndeyfa (n, kvk) *Deyfa*; þurrkleysa í logni. „Það þornar hægt heyið í þessari logndeyfu“.

Logndrifa / Lognél / Lognfjúk / Lognkóf / Lognmjöll / Lognmugga / Lognsnjór (n, kvk/hk) Snjókoma í logni. „Svo þétt var logndrifan að vart sá í næsta mann“. „Ég held það verði ekkert meira úr þessu lognfjúki“. Líklega hefur „lognsnjór“ oftast verið notað á síðari tímum.

Lognhægja (s) Hægja vind og stefna í lygnu. „Hann hefur lognhægt síðasta klukkutímann“.

Lognhægur (l) Um veður; fremur/mjög hægur vindur; nánast logn. „Það var aldrei að það urðu *umskipti* í veðrinu! Hann er bara orðinn lognhægur allt í einu. En þetta gæti svosem *allt eins* verið *svikalogn*“.

Lognið á undan storminum (orðatiltæki) Greint var á milli þess hvort um varanlega stillu var að ræða eða einungis logn í lægdarmiðju; til þess þurftu menn ekki veðurspá eða kort áður fyrr. „Þetta er nú bara lognið á undan storminum; mér sýnist að við róum ekkert í dag“.

Lognið er leiða best (orðatiltæki) Best sækist róðurinn í logni; jafnfljótt í allar áttir. „Hæfilegur vindkaldi er legði í segl, væri þó vel þeginn. En þetta er oft árla morguns og lygnasti tími sólarhringsins. Það er því bara logn og róður. Það hefur líka orðið að orðtaki: „Lognið er leiða best“. Undan því var sjaldan kvartað í fullri alvöru“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lognkvöld (n, hk) Stillur/logn að kvöldi. „Fátt er fallegra en lognkvöld í Kollsvík að sumarlagi“.

Lognkyrr (l) Lygn; friðsæll. „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi. Svipmót hennar var bæði blítt og strítt. Lognkyrrir vordagar voru þar fagrir og unaðslegir“ (KJK; Kollsvíkurver). „Blakkurinn speglaðist í lognkyrrum haffletinum“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Lognkyrrð (n, kvk) Kyrrð í logni, svo hljóð getur heyrst lengra að en vant er. „Í lognkyrrð má stundum greina tal manna þvert yfir vikina“.

Lognmolla (n, kvk) A. Hægviðri og hlýtt í veðri. B. Róleghheit í mannlífi. „Það er nú ekki lengi lognmollan þar sem hann er“!

Lognmolludagur (n, kk) Dagur hægviðris og e.t.v. raka, þegar hey þornar seint. „Heyið þornar seint í svona tíð; hver lognmolludagurinn eftir annan og sólarlaust“.

Lognmóða (n, kvk) Staðbundið hitamistur sem myndast í kyrru veðri.

Lognrák (n, kvk) Rák á sjónum þar sem hann er sléttur, þó gáróttur sé beggja megin við; *álfarák*. „Oft sjást lognrákir á sjónum. Þær eru nefndar álfarákir, og var því trúað að þær væru kjölfar eftir báta huldufólksins sem farið hafði í róður“.

Lognrigning (n, kvk) Rigning í logni. „Lognrigning er sjaldgæf, en verður einna helst eftir sólríkan dag“.

Lognsléttur sjór (orðtak) Ládeyða og logn. „Það er nú *hinsegin* að vera sjóveikur í svona lognsléttum sjó“!

Lognstilli (n, kvk) Sjóleysa í logni um nokkurn tíma. „Ég man nú bara ekki álíka lognstillur yfir svona langan tíma“.

Lognsævi (n, hk) Logn/hæglæti á sjó. „Að hafa geiglausu og listilega stjórn á stýri, jafnt í lognsævi sem *spildusjó* og *háaroki*, var *óvæfengjanleg* íþrótt...“ „(LK; Ísl.sjávarhættir III; frásögn ÓETH).

Lognsárt (l) Mjög sárt/viðkvæmt. „Hnéð var stokkbólgið og logsárt viðkomu“.

Logsviði (n, kk) Mjög sár sviði; sárir verkir. „Ég fann fyrir logsviða þar sem naglinn hafði stungist í mig“.

Logsvíða (s) Finna fyrir miklum sviða; verkja. „Mig logsvíður í sárið þegar saltið kemur í það“.

Lok (n, hk) A. Hlemmur sem lokar íláti. B. Endalok framvindu/máls. „Ætli það fari nú ekki að koma lokin í vertíðina hjá okkur bráðum“. C. Lítil lúða; smálúða; lóa.

Loka (n, kvk) A. Læsing/lokubúnaður á hurð eða loki. Loka á hurð getur verið af ýmsu tagi, t.d. slagbrandur, fleygur, klinka, hespa, binding eða annað. B. Spjald í vatnsrás, til að unnt sé að stöðva streymi eða koma því af stað. C. Klauf á buxum karlanna, til að auðvelda þvaglát.

Loka að sér (orðtak) Loka/læsa dyrum á herbergi/rými sem maður er sjálfur í. „Þeir lokuðu að sér, til að geta rætt málin í ró og næði“.

Loka af (orðtak) Króa af/inni. „Í miklum snjóavetrum voru útvíknabæir stundum lokaðir af vikum saman“.

Loka fyrir (orðtak) A. Setja hindrun fyrir umgang. „Ég lokaði fyrir í Takaklettinum“. B. Skrúfa niður í útvarpi. „Ekki loka fyrir tækið strax; ég ætla að heyra veðurfréttirnar“.

Lokabardagi / Lokaorrusta / Lokasenna / Lokaslagur (n, kk/kvk) Úrslitabardagi; síðasti slagur. Notað í líkingamáli um baráttu sem ræður úrslitum í máli/verki. „Ætli þetta verði ekki lokasennan í þessu“.

Lokka (s) Ginna; laða að/til. „Okkur tókst að lokka yrðlingana út úr greninu“.

Lokkaprúður / Lokkasiður (l) Með sítt/ mikið vaxið hár. „Ári ert þú að verða lokkasiður; ég held þú ættir að biðja hana um að klippa þig á morgun“.

Lokræsi (n, hk) Lokaður stokkur neðanjarðar sem lagður er til að veita vatni. „Vatnsból í Sauðlauksdal var þó nokkuð langt frá núverandi bæjarstæði. Séra Björn Halldórsson réði bót á þessu. hann lét grafa skurð úr læk er féll fétt vestanvið hið forna bæjarstæði og lagði lækjarfarveginn niður á milli heimabæjanna. Þar byggði hann brunnhús og lokaði læknum alla leið ofan hliðina, heim að brunnhúsinu. Um 1900 voru þessi lokræsi svo saman sigin og víða farnar að myndast fúauppiðöður í læknum... „ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Loks / Loksins (ao) Að lokum. „Loks tókst okkur að losa færið úr botni“. „Loksins hafðist þetta“.

Loku fyrir það skotið (orðtak) Útilokað; engin von um. „Alltaf er það eins með þessa þingmenn! Skyldi vera loku fyrir það skotið að þeir hugsi útfyrir borgarmörkin endrum og eins“?! Vísar til loku á bæjarhurð.

Lokubuxur (n, kvk, fto) Hnésiðar vaðmálsbuxur sem karlmenn klæddust á 18. Öld og fram á þá 20. Á þeim var föðruð buxnaloka í stað buxnaklaufar, og klauf upp í buxnaskálmarnar utanfótar, hneppt með þremur hnöppum.

Lokubrók (n, kvk) *Skinnskæði* voru ýmist höfð með eða án loku. „Þær brækur þóttu fara betur er saumaðar voru með loku. Ennfremur þurfti nokkurt skinn í miðseymi; einkum notað úr gömlum skinnskæðum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Lon og don (orðtak) Tímunum saman; löngum; í langan tíma. „Stóð hann lon og don við færið... án þess að hvíla sig að heitið gæti“ (GG; Skútuöldin).

Lona við / Lóna við (orðtak) Tafsa/tefja/dóla við (verk). „Ég var ekkert að lona við þetta, heldur dreif mig í að klára aðgerðina“. „Sá er nú ekki aldeilis að lóna við hlutina“!

Lomber (n, hk) Þriggja manna spil, sem nokkuð var spilað í Kollsvík, a.m.k. um miðja 20.öld. Nafnið er líklega vísun í spænska orðið *l'hombre*, sem merkir maður, en spilið mun upprunnið á Spáni. Líkist bridge/vist að því leyti að það er sagnaspil. Þó margt ólíkt, s.s. að spaða- og laufás er alltaf tromp ef spilað er í litum; og áttur, níur og tíur eru teknar út áður en spilað er. Er stundum spilað upp á peninga eða annað. „Lomber gekk oft undir nafninu „heldrimannaspil“, sökum þess að það spiluðu upphaflega einungis embættis- og verslunarmenn. Fyrst varð það landleguspil við Djúp, en síðar í Víkum fyrir norðan Látrabjarg;

á Hjallasandi og í Höskuldsey. Lomber tíðkaðist einnig í verstöðvum á Austfjörðum. Meðal vermannanna var bit í lomber víðast og lengi mjög lítil eða 10-15 aurar. en komst á stöku stað í 25 aura, t.d. í Bolungarvík“ (LK; Ísl.sjávarhættir). „Var spiluð vist nær eingöngu; stundum lomber“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Longintes (n, kk) Mjög hár maður. „Skárri er það nú longintesinn; og ekki fermdur ennþá“! Stundum notað *langintes* í sömu merkingu.

Loniættur (n, kvk, fto) Gleraugu; *brillur*. „Réttu mér loniættur mínar; þær eru á borðhorninu“.

Lonta (n, kvk) A. Branda; lækjasilungur; kóð. „Voruð þið að veiða lontur í Ánni drengir“? B. Nef. „Viltu ekki fá þér aðeins í lontuna“? „Snýttu nú á þér lontuna drengur; þú ert með horinn niður á höku“! Sést ekki annarsstaðar í síðarnefndu merkingunni.

Lontulegur (l) Slappur; linur; veikur. „Maður er enn fjandi lontulegur eftir pestina“.

Lopi (n, kk) Ull sem búið er að kemba en ekki spinna. Sjá *tóvinna*.

Loppa (n, kvk) Fótur þófdýra, s.s. katta og hunda, einkum fremri hluti fótar. „Mér sýnist tíkin eitthvað vera meidd á loppunni“.

Loppinn af kulda (orðtak) Í kulda herpast hendur ósjálfrátt og dofna svo ekki verður rétt úr þeim fyrir en hlýnar. Hét það að vera loppinn, og ef rammt kvað að urðu menn *króklöppnir*.

Lorta (s) Gera þarfir sínar; kúka. „Ég held ég verði að bregða mér á kamarinn og lorta“.

Lorta (n, kvk) Magaverkur; lasleiki í maga. „Það er einhver bölvuð lorta í mér núna“.

Lortur (n, kk) Kúkur; þrekkur. „Einhver hafði gert þarfir sínar við hestavegin án þess að husla lortinn“.

Los (n, hk) A. Lausung; *losarabragur*. „Þegar fækkaði í sveitinni kom los á alla félagslega innviði“. B. Um fiskhold; missir þéttleika. „Fiskurinn þolir illa að geymast lengi í þessum hita. Þá er hætt við að í hann komi los og síðan ýlda“.

Losa svefn (orðtak) Sofa ekki eins fast og áður; vakna. „Ég var farinn að losa svefn um fimmleytið í nótt“.

Losa um (orðtak) Gera laust; ná úr festu. „Hann losaði um tréð með því að velta grjótinu frá“.

Losa úr botni (orðtak) Ná færi úr botnfestu. „Okkur tókst að losa úr botni með því að keyra uppí strauminn“.

Losa við (orðtak) Koma af sér; leggja frá sér. „Á ég ekki að losa þig við eitthvað af þinni byrði“? „Það gengur erfiðlega að losa sig við þessa kvefpest“.

Losarabragur (n, kk) Lausung; of mikið frjálrsæði; lítil reglufesta. „Svona losarabragur getur ekki gengið“.

Losaralegt (l) Lauslegt; *laust í reipunum*; ekki í föstum skorðum. „Skelfing er þetta losaralegur frágangur“!

Losnar um málbeinið/tunguhaftið (orðtök) Fær málið; fer að tala. „Hann sat lengi og starði á þessar aðfarir þegjandi og í *forundran*, en þegar loksins losnaði um málbeinið á honum átti hann ekki til orð af hneykslun“. „Við þessa hótun losnaði um tunguhaftið hjá stráknum og hann játaði á sig hrekkinn“.

Lostæti (n, hk) Mjög girnilegur/góður matur. „... því við stóðumst ekki freistinguna að smakka þetta lostæti á leiðinni heim“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Lotaður (l) Um bát; lagður fram í ofanvert stefni; með hallandi stefni. „Færeysku bátarnir voru áberandi lotaðir“.

Lotinn (l) Um mann; *áboginn*. „Mikið er hann orðinn lotinn blessaður“.

Lotlegur (l) *Framlágur*; hokinn. „Ósköp er nú gamli maðurinn orðinn lotlegur“.

Lotning (n, kvk) Virðing; aðdáun. „Ég ber nú litla lotningu fyrir svona pótintátum“!

Lotterí (n, hk) Happdrætti; tilviljun. „Þessi veiðiskapur getur verið mikið lotterí“.

Lotulangur (l) Með löngum takti. Oft notað um andardrátt eða hrotur. „Hann var farinn að skera hrúta; *heldur betur* lotulangur og hávaðasamur“!

Ló (n, kvk) A. Upphnyklaðir þræðir og kusk, t.d. á fatnaði eða á gólfum. B. Trosnaðar viðartrefjar í sagarfari. B. Gisið hár á höfði eða skinni; gisið skegg. „Blessaður farðu nú að raka af þér þessa óhrjálegu ló“!

Lóa (n, kvk) A. Fugl; heiðlóa/sandlóa. B. Lítil lúða. Lúða hefur ýmis heiti eftir stærð. Hin minnsta er nefnd lúðulok; lóa er aðeins stærri en langflaka enn stærri og stærst flakandi lúða eða stórlúða.

Lóar ekki við stein (orðtak) Algerlega sjólaust. „Það lóaði ekki við stein þegar við lögðum að klöppinni“. Mikið notað orðtak í Kollsvík; fyrir og síðar.

Lóð (n, kvk) A. Fiskilína; færi sem egndum krókum er raðað á með vissu millibili og það lagt eftir hafsbotinum; með baujum og botnfestum í enda. Lóðir hafa að öllum líkindum verið notaðar í Kollsvík fyrir

á öldum, en af einhverjum ástæðum lagðist sú notkun niður og um aldir var þar einungis veitt á handfæri. E.t.v. hefur það stafað af þeirri hjátrú að „lóðafar geri stóran skaða almúganum; helst um vertíð, þá menn helst vildu leita sér bjargar af sjónum“, eins og segir í kærubréfi frá öðru landshorni. En líklega er ástæðan fremur sú sem Jarðabókarhöfundar tilgreina í umsögn um Hænuvík: „Lóðir brúkast þar öngvar, síðan frá lagðist stórporskur“. Og um Kollsvík segja þeir: „Lóðir kunna ei brúkast sökum strauma“ (AM/PV Jarðabók). Notkun lóða hefur því verið nokkuð útbreidd í Víkum áður fyrr, en lagst af fyrir tímabundið fiskileysi og e.t.v. einnig vantrú. Það var ekki fyrr en 1894 sem lóðin var þar aftur kynnt til sögunnar í þessum miklu verstöðvum.

„Um 1400 eða litlu fyrr uppgötvuðu Englendingar fiskimiðin við Ísland og tóku að sigla þangað duggum sínum... Komu þeir brátt með allmerka nýjung sem lóðirnar voru. Hafa Íslendingar brátt farið að gefa þeirri veiðiaðferð gaum, enda verður lóða vart í íslenskri eign á síðari hluta 15. aldar“ (GG; Skútuöldin). „Í reikningakveri Eggerts Hannesonar (1570-1571) er fjórum sinnum getið lóða, og er líklegt að þær hafi verið notaðar í Víkurverstöðvunum. En um aldamótin 1700 er þar hvergi veitt með lóð. Þó er sagt um Hænuvík í jarðabók ÁM/PV; „öngvar lóðir síðan frá lagðist stórporskur“. Í fyrrgreindum verstöðvum var allstaðar fiskað með lóð á seinustu öld, en þó byrjað á því mjög missnemma; t.d. ekki fyrr en 1894 í Kollsvíkurveri. Laust fyrir 1850 er í verstöðvum Tálkna- og Arnarfjarðar róið með töluvert langar lóðir og er líklegt að þær hafi þá þekkt lengi. Til þess gæti bent að verslunin á Patreksfirði og Bildudal flytur inn efni í línu árið 1764“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

„Í Kollsvíkurveri varð sú breyting á, skömmu fyrir aldamótin 1900, að tekið var að nota lóðir (línu) við veiðarnar. Annarsstaðar mun sú veiðitækni hafa byrjað nokkru fyrr, t.d. við Ísafjarðardjúp og e.t.v. víðar. Fyrstur til að nota lóðir í Kollsvíkurveri var Hákon Jónsson, bóndi á Hnjóti. Ekki var línan löng sem lögð var hverju sinni, eða aðeins 800 – 1000 krókar með hverjum bát, en línan var dregin fjórum sinnum á dag“ (KJK; Kollsvíkurver).

„Lóðir voru fyrst notaðar í Kollsvík vorið 1894.... Til beitu á lóðirnar voru fyrst notuð hrognkelsi, ásamt ljósabeitu. Fljótlega var þó farið að nota kúfisk, og var hann tekinn inni í Bug, hjá Hvalskeri“ (GG; Lóðir í Kollsvíkurveri; skrá EÓ).

B. Lítil landskiki, oftast undir þurrabúð eða sumarbústað.

Lóð (n, hk) A. Sakka; vaðsteinn. „Hann dró letilega upp færð sitt; lét lóðið detta á plittinn“ (BJ; Brimlending í Kollsvík). „Færi voru úr fimmfundalínum, frönskum; sökku úr frönskum lóðum (sökku) er skipt var í tvennt. Hæfileg þyngd á sökku var talin fjögur og hálf pund“ (GG; Kollsvíkurver). B. Málmstykki af mældri þyngd sem notað er til þyngdarmælinga með vog, reislum, metaskálum eða öðru. Notað t.d. í líkingunni „að leggja sitt lóð á vogaskálarnar“. C. Málmstykki neðan í *lóðlínu*, sem notað er til að finna hvenær hlutur er algerlega lóðréttur; t.d. við húsbýggingar. Talað um að hann sé „í lóðri“.

Lóða (s) A. Um tík; beiða; leita karlhunds. „Það þýðir ekkert að taka tíkina með á réttirnar ef hún er að lóða“. B. Tina; festa málmhluti saman með því að bræða tin í samskeytin. C. Mæla sjávar- vatnsdýpi með lóði; mæla stærð fiskitorfu með bergmálmælingum.

Lóðardræsa / Lóðarflækja (n, kvk) Flækt lóð sem rekur á fjörur. Slíkt skeður oft í Kollsvík, enda verður mikið eftir af lóðum á lóðamiðunum undan landi. Það er ein besta tómstundaskemmtun og gestapraut margra að greiða slíkar flækjur, og hafa þannig orðið til mörg þarfabönd.

Lóðadufl (n, hk) Dufl/ból á lóð. „Sá Grímur eitthvað er hann hélt vera lóðadufl þeirra Látramanna og sinnti því ekki frekar“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Lóðafiskirí (n, hk) Fiskveiðar með lóð. „Upphafsmáður lóðafiskirís í Kollsvíkurveri var Þórður Gunnaugsson, þá nýfluttur frá Ísafjarðardjúpi og sestur að í Vatnsdal með fjölskyldu sína“ (GG; Kollsvíkurver).

Lóðaháls (n, kk) Endinn á fiskilóð. Þar er oft splæst á lykka með sama heiti, til að auðvelda lóðamæti eða festingu við ból/dufl.

Lóðajárn (n, hk) Járn í teinum sem m.a. var höggvið niður og smíðaðir úr því önglar til fiskveiða. (Nánari skýringu skortir) „Önglar voru lóðajárn nr 7; 200 önglar á lóð“ (GG; Kollsvíkurver).

Lóðamið (n, hk, fto) Fiskimið þar sem hentugt er að veiða með lóðum/línu. „Skammt var að róa á lóðamiðin sem svo voru nefnd, en það var allmikill sandfláki fram undan víkinni, Hnífunum og nokkuð suður fyrir Hnífaflögu, en þrengdist nokkuð í syðri endann frá djúpi. Beita sú er nær eingöngu var notuð var kúfiskur.“ (KJK; Kollsvíkurver). „Fyrir utan þarabeltið er sandfláki út, en einnig eru þar hleinar sem þurfti að gæt sín á; bæði með veiðarfæri og eins braut á þeim þegar skyndilega brimaði. Það voru ýmis mið, grynningar og hleinar, sem þótti best að þræða með. Þeir sem lentu á miðjum sandi; „gljánni“, fengu minni fisk. Oft var því þrifið til ára til að ná bestu miðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Lóðamæti (n, hk, fto) Skilin þar sem tvær lóðir mætast. Þar er stundum sett milliból, en *lóðahálsarnir* hnýttir saman með flagghnútt/línunútt.

Lóðari (n, hk) Leit tíkur eftir karlhundi til tímgunar. Algengt var að hundar færu langar leiðir ef þeir *fengu veður aftík* á lóðarii. Þannig mættu hundar af Látrum, Breiðavík og Örlygshöfn iðulega að Láganúpi þegar tíkin þar var að lóða.

Lóðarteinn / Lóðastrengur / Lóðaþinur (n, kk) Þinur/teinn/ás á lóð. „Einnig þurfti að útbúa lóðir, meðan þær voru enn notaðar í Kollsvíkurveri. Trollgarn var notað í lóðaþininn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Lóðastrengur var gerður úr tveimur þáttum franskrar línu, en franskar línur voru af þremur aðalþáttum“ (GG; Kollsvíkurver).

Lóðastokkur (n, kk) *Önglastokkur*; stokkur sem önglum á fiskilínu er raðað í; Tveir sívalir stautar og mjór spaði liggja samsíða en með millibili, og er kókunum raðað á stautana. Lóðastokkur var oftast notað.

Lóðbeint (ao) Beint upp/niður. „Ef þessi flokksnefna ætlar að samþykkja svona fáheyrða vitleysu þá má hún sigla lóðbeint til neðra, *fyrir mína parta*“!!

Lóðbretti (n, hk) Hallamál; áhald til að finna lóðréttu og lárétta stefnu. „Réttu mér lóðbrettið“. Nafnið er dregið af því að í stað lóðs í snúru, sem áður var notað til að taka lóðrétt, kemur dropi í lokuðu glasi.

Lóðlína (n, kvk) Þráður sem *lóð* er hengt neðani, til að finna lóðréttu stefnu, t.d. við húsbýggingar o.fl.

Lóðning (n, kvk) Tinun; viðgerð/samsuða málms með því að *lóða* saman.

Lóðs (n, kk) Hafnsögumaður á bát. Notað í líkingum um leiðsögumann almennt.

Lóðsa (s) *Lóssa*; segja til vegar; leiðsegja. „Ég fór með honum, til að lóðsa hann á staðinn“.

Lóðtin (n, hk) Tin til að *lóða* með.

Lófabreiður / Lófastór (l) Viðmiðun/mæling; jafn breiður/stór og lófi á fullvöxnum meðalmanni. „Ég trúí varla að gemlingurinn hafi smogið útum þessa lófabreiðu rifu“! „Hún hlóð svo miklu af kókum og kruðeríi á borðið að varla var lófastór blettur auður“.

Lófaklapp (n, hk) Snöggt hljóð sem myndað er með því að skella lófum saman. Oft notað þegar hópur fólks fagnar samtímis, og verður þá að samfelldum klið. Einnig notað til að reka/smala fé.

Lófalestur (n, kk) Spádómur, þar sem rýnt er í línur í lófa manns og af þeim reynt að geta til um atriði í framtíð hans. E.t.v. ekki síðra kukl en bollaspádómar eða garnaspár, og *gerðu* sumir *sér* þetta *til dundurs*.

Lófi eða laski (orðtak) Viðhaft þegar afla var skipt (sjá *skipti*).

Lóga (s) Um skepnu; farga; aflífa. „Hrúturinn var svo illa farinn eftir *afveltuna* að ég varð að lóga honum“.

Lómur (n, kk) A. Fugl af brúsaætt; m.a. algengur í vötnum Vatnadals og Breiðs. B. Niðrandi heiti á manni; skúrur. „Nú hefur bannsettur lómurinn sofð yfir sig eina ferðina enn“!

Lón (n, hk) Uppistaða vatns; stór pollur. „Lón myndast oft ofan við Rifið, bæði í Búðarlæknum og Ánni“.

Lóna (s) Þokast hægt; fara rólega. „Þar sem við lónuðum þarna norður með Stekkjarmelnum...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Lóra (n, kvk) Gæluorð um kisu eða stelpu. „Hversvegna ertu að skæla lóran litla“?

Lóssa (s) Lóðsa; vísa til vegar; fylgja. „Ég lóssaði hann niður Skekkingar, enda hefði hann varlað ratað öðruvísi“.

Lótaska / Lóskata (n, kvk) Önnur heiti á *tindabykkju* (sjá þar).

Lóupræll (n, kk) *Calidris alpina*. Lítil vaðfugl af snípuætt. Nafnið er líklega dregið af því að hann velur sér sama varpsvæði og heiðlóan, en er mun minni. Hann er um 17-21cm að lengd fullorðinn; þyngd 50-100g. Í varpbúningi er hann með áberandi svartan blett á kviðnum; ljósleitur en með rauðbrúnar og svartar yrjur og skellur á höfði, baki og vængjum; hvítur undir vængjum og kvið. Fætur og goggur svartir. Litir daufari að vetri. Fæðan er ýmis smádýr sem fuglinn ténir með tíðum höfuðhreyfingum. Hann sést iðulega í Kollsvík; einkum í fjörunni, en einnug um úthaga, þar sem er hans varpland. Hreiðrið er grunn laut; gjarnan í eða nærri mýrlendi; egginn oftast fjögur, og liggja bæði kynin á til skiptis. Hinsvegar sinnir karlfuglinn oftast ungunum einn. Lóuprællinn er farfugl á Íslandi, með vetursetu í Afríku.

Lubbagegur (l) Luralegur; úfinn; ótótlegur; óhrjálegur; ókurteis. „Skelfing fannst mér karlinn vera lubbagegur til fara núna“.

Lubbi (n, kk) A. Úfið/sitt/hirðulaust hár. B. Niðrandi heiti um sóðalegan/óprúttinn mann. C. *Pétursbeita*; kverksigi/gella á fiski. „Lubbi er hin mesta *tálbeita* sem hugsast getur“. „Við beitum lubba, en það er gellan á fiskinum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Ludda / Luddast (s) Sniglast; löttra; ganga hægt. „Ætli ég reyni ekki að ludda á eftir fenu norðuyfir“. „Karlinn kom kjagandi eftir götunni, og hundurinn luddaði á eftir“. „Reyndu nú að luddast úr sporunum“!

Lufsa (n, kvk) A. Hárflóki; hárlökkur; úfið hár. B. Óvandaður maður. „Óttaleg lufsa getur hann verið“.

- Lufsst** (s) Hengslast; hreyfast letilega. „Hættu nú að lufsst þetta og reyndu að vinna eins og maður“! Einnig heitið lufsa; notað um væskilslegan mann.
- Lufsalegur** (l) Larfalegur; óterlegur; druslulegur; *veikhulegur*; *laslegur*. „Óttalega fannst mér karlinn larfalegur í klæðnaði“.
- Lukka** (n, kvk) Hamingja; heppni.
- Lukkast** (s) Heppnast; lánast. „Í rauninni var með ólíkindum að þetta skyldi lukkast“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Lukkast til** (orðtak) Vilja til; standa á. „Ekki skyldi svo lukkast til að þú sért með vasahníf á þér“? „Það skyldi þó ekki lukkast svo til að þú eigir leið á Eyrar á næstunni“?
- Lukkulega / Lukkusamlega** (ao) Lánlega; heppilega; vel; giftusamlega. „Þetta tókst lukkulega“. „Það var ekki síst honum að þakka hve þetta endaði alltsaman lukkusamlega“.
- Lukkulegur** (l) Hamingjusamur; ánægður. „Ertu ekki bara lukkulegur með nýja starfið“?
- Lukkunnar pamfill** (orðtak) Heppinn maður; lukkudýr. *Pamfill* er laufgosi í spilinu púkki.
- Lukt** (n, kvk) Handljós, þar sem ljósgjafa er skýlt með gleri. „Tvennskonar lugtir voru einkum í notkun á síðustu árum fyrir raflýsingu útihúsa. Annarsvegar steinolíuluktir með lampakveik sem dreginn var upp í krans, líkt og á steinolíulömpum. Hinsvegar gasluktir sem einnig brenndu steinolíu, en henni var ýrt undir þrýstingi á sérstaka grisju sem þá glóði og gaf mikla birtu. Þær síðarnefndu þurftu að handpumpa öðruhvora. Þriðja gerð lukta var með kerti, en var lítið notuð. Einnig voru vasaljós og luktir með batteríum“ (VÖ).
- Lukta** (s) Lykta; finnast lykt af. „Blessaður fleygðu þessari ýldu útbyrðis; þetta luktar eins og andskotinn“! Sjá *illa luktandi*.
- Luktargler** (n, hk) Gler á *lukt*. Luktargler til vara þurftu að vera til á hverjum bæ.
- Luktarljós** (n, hk) Ljós af lukt. „Alltaf er nú betra að klára gegningar í dagsbirtu en þurfa þess við luktarljós“.
- Luktur** (l) Lokaður. „Hann sat með lukt augun og romsaði uppúr sér hverri sögunni á fætur annarri“.
- Lull** (n, hk) Hægagangur; dól; seinagangur. „Hann sagðist ekki nenna svona lulli, og fór á undan hópnum“.
- Lulla** (s) Fara mjög hægt; mjakast; dóla. „Það var ógangur í traktornum svo ég varð að lulla síðasta spölinn“.
- Lullakstur / Lullkeyrsla** (n, kk/kvk) Hægur akstur ökutækis. „Það var áans þæfingur yfir allan Hálsinn, og víða bara lullkeyrsla í lága drifinu“.
- Lullferð** (n, kvk) Hæg ferð. „Sigldu bara á lullferð hér uppundir; hér þarf dálítið að velja sér leiðir“.
- Luma á** (orðtak) *Búa yfir; eiga í handraðanum*. „Oft lumaði afi á suðusúkkulaði í kistuhandraðanum“.
- Lumbra** (n, kvk) A. Slappleiki; veikindi. „Það er einhver árans lumbra í mér núna; gæti trúað að ég sé með hita“. B. Sjóveiki; *tilkenning* að ælu. „Það er ekki laust við að maður finni til lumbru í fyrsta róðrinum“.
- Lumbra/lúskra á** (orðtak) Lúskra; lemja; láta *fá til tevatnsins*. „Það er óþarfi að lumbra á honum fyrir þetta“.
- Lumbrufjandi / Lumbruskítur / Lumbruskrafti / Lumbruskömm** (n, kk) *Pestarskítur; pestarfjandi; lumbra*; veikindi. „Ég er enn með einhvern lumbrufjanda“. „Skyldi ég nú vera að fá þennan lumbruskít“?
- Lumbruvottur** (n, kk) Væg einkenni umburðarpestar/veikninda. „Mér finnst eins og í mér sé lumbruvottur“.
- Lumma** (n, kvk) A. Klatti (þykk, lítill pönnukaka). „Fyrir jólin voru bakaðar lummur, laufabrauð, kleinur og stór kaka“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Stórt stykki. „Hér hefur brotnað heilmikil lumma úr borðplötunni“.
- Lummukaffi** (n, hk) Kaffi með lummum sem meðlæti. „Það er ekki amalegt að fá lummukaffi“!
- Lummustafla** (n, kk) Stafla/hrúga af lummum. „Hún var búin að baka fjallháa lummustafla“.
- Lumpa** (n, kvk) Slappleiki; slen; veikindaeinkenni; máttleysi; sjóveiki; ógleði. „Er einhver lumpa í þér stubburinn minn“? „Maður fær oft einhverja lumpu í fyrstu sjóferðinni, sérstaklega í veltingi“.
- Lumpast** (s) Lyppast; *slyttast*. „Ég var svo uppgefinn að ég lumpaðist niður á réttarvegginn“.
- Lumpinn** (l) Smeykur; aumur. „Þú er grár og gugginn; ertu eitthvað lumpinn, greyið mitt“? „Sá er ekki lumpinn“! „Ég er bara ekkert lumpinn við að segja þessum háu herrum mína skoðun“!
- Lumpulegur / Lympulegur** (l) Veikur; slappur. „Mér fannst hann ennþá afskaplega lumpulegur“.
- Lund** (n, kvk) A. Skapgerð; skap; lundarfar; geðslag. „Við vorum léttir í lund og fullir tilhlökkunar“. B. Vöðvi innan hryggsins á húsdýrum. Mjúkur, og talinn eitt vesta stykkið til matar. C. Blódmikill vöðvi beggjamegin innan hryggjar í fiski, sem nær framundir tálkn. Honum hættir til að úldna við geymslu, og er því fjarlægður við verkun.

- Lundabaggi** (n, kk) „Lundabaggar eru enn búnir til hér. Í þá eru notaðir ristlar, gollurshús, hjörtu og kjötbítar og þind þar utan um. Mjög er vandað til að hreinsa ristlana; þeir skafnir af sérstakri natni og sían hankaðir. Ekki þótti ráðlegt að leggja þá í bleyti; talið var hætt við að fitan rynni frekar úr í suðunni. Lundabaggarnir síðan soðnir; pressaðir létt á meðan þeir kólnuðu og settir í súr“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
 „Ég held að lundabaggar úr ristlum hafi verið horfnir úr sláturgerðinni hér, áður en þorrablótin voru endurvakin; en ég man eftir þeim frá því ég var yngri. Við krakkarnir vorum látin halda í ristlana á meðan konurnar ristlu og skófu. Síðan voru gerðir, og eru enn; lundabaggar með hálsæðum og sumstaðar gollurhúsum; saumaðar utan um það þindar. Stundum voru höfð hjörtu í lundabagga en þótti ekki heppilegt þar sem þau þurftu meiri suðu. Lundabaggar voru oft reyktir hér um slóðir“ (SG; Þorrablót; Þjhd.Þjms).
- Lundagröftur** (n, kk) A. Eiginleg merking; lundahola. B. Líking; óreglulegur gröftur/leit. „Ég er viss um að ég á þetta til einhversstaðar í verkfærahúsinu, en það gæti orðið lundagröftur að finna það“.
- Lunderni** (n, hk) Skapferli; skapgerð. „Þetta óstöðuga lunderni háir honum stundum í samskiptum“.
- Lundagröftur** (n, kk) A Eiginil. merking; vinna lunda við að grafa hreiðurholu. B. Mest notað í afleiddri merkingu um óhóflegan gröft eða umbyltingu á landi/jörð. „Þetta er nú meiri lundagröfturinn“!
- Lundahola** (n, kvk) Hola sem lundi grefur sér til að verpa í. Þar sem mikið er af lunda geta bjargbrúnir verið varasamar, þar sem þær eru útgrafnar af lundaholum sem geta gefið eftir þegar á þeim er gengið.
- Lundakofa** (n, kvk) Ungi lundans nefnist kofa, þó Vestmannaeyingar nefni hann pysju. Líklega stafar nafnið af líkingu bústaðarins við kofa. Kofa var mikið veidd og nytjuð til matar fyrrum, þar sem lundavarp var. Mesta lundavarp vestra er í Undirhlíð í Bæjarbjargi, en í Kollsvík hefur lundi lengi orpið í Lundaflesi og Álkuskúta í Hnífum og Lundaflesi í Landamerkjahrygg. Ekki eru heimildir um lundavarp eða kofnatekju í Kofahelli, þó nafnið gæti bent til þess.
- Lundalús** (n, kvk) *Ixodes uriae*. Mítill sem lifit á sjófuglum og nærast á blóði þeirra. Ávallt nefndur lundalús í Útvíkum, en nefnist lundamítill eða blóðmítill á fræðimáli. Skordýr; atfætla skyld skógarmítli. Munnlimirnir eru sérhæfðir til að stinga í húð og með hökum til að festast. Um leið gefur hún frá sér deyfandi efni, svo fórnarlambið verði síður vart bitsins. Aftanvið höfuðið er harður skjöldur, en annars er líkaminn linur og getur þanist gríðarlega út þegar dýrið drekkur blóð. Erfitt og óráðlegt er að losa lundalús með því að toga í hann, en algeng húsráð eru að fara í heitt bað eða bera steinolíu, spritt eða joð á hann og svæðið. Þá sleppir hann takinu og drepst. Í lundalús geta verið bakteríur af ættinni *Borrelia*. Því var trúað fyrrum að lundalús gæti grafið sig djúpt í líkama manna og jafnvel valdið dauða. Ekki er vitað um slík dauðsföll, en orðasafnari hefur sjálfur tvisvar orðið fyrir því að lús át sig grunnt undir hörundið og olli þar óþægindum. Lundalús hættir helst til að skríða á fólk þegar unnið er við plokkun eða aðgerð fugla eða þegar *setið* er *undir vað* í fuglabjargi í mikilli rekju.
- Lundarfar / Lunderni** (n, hk) Geðslag; eðli; upplag; skapferli. „Hann var mjög geðugur að lundarfari; traustur og hjálpsamur með afbrigðum“.
- Lundatekja** (n, kvk) Lundaveiði. „Í Undirhlíð var allmikil lundatekja“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur- og Saurbæjarbjargs).
- Lundavarp** (n, hk) „Lundi verpur einkum á tveimur stöðum í Kollsvíkurlöndum. Annarsvegur í Lundaflesi, neðan við Kálfalágar á Hnífunum og hinsvegur í Flesinu í Landsmerkjahryggnum“. „Ekkert álkuvarp er í Álkuskútanum nú á dögum, en töluvert lundavarp...“ (HÖ; Fjaran).
- Lundaveiði** (n, kvk) Veiði á lunda. Lundaveiði var ekki mikið stunduð í Kollsvík í seinni tíð, enda lítið lundavarp. Kollsvíkingar hafa þó líklega farið með öðrum í Undirhlíðina í Bæjarbjargi. Nokkuð var það tíðkað að fara frá Hnífaflogunni í fjöruna undir Álkuskúta og skjóta með ríffli þá lunda sem sátu fremst á steinum í skútanum. Þeir ultu þá niður í fjöruna, og von bráðar birtist sá næsti á steininum.
- Lundhægur / Lundprúður** (l) Rólegur að eðlisfari/skapferli. „Hann var allajafna lundhægur, en gat þó reiðst heiftarlega“.
- Lundi** (n, kk) *Fratercula arctica*. Fugl af svartfuglaætt og ættkvísl lunda. Oft nefndur „prófastur“ vegna virðulegs útlits og háttá. Fætur eru aftarlega og því er hann í uppréttri stöðu. Fuglinn er svartur á baki; með hvíta bringu; grár í vöngum og með mikið og litskrúðugt klumbunef. Fullorðinn fugl vegur um h'lt kíló og er um 20 cm að hæð. Hvergi í heiminum er hann algengari en við Íslandsstrendur, um 10 milljónir, og er talið að um 60% alls lunda verpi hérlendis. Erlendis þekkjast tvær aðrar lundategundir. Mikið er af lunda í Látrabjargi; einkum í brúnum, grasvöllum og skriðum. Í grennd við Kollsvík verpur lundi á þremur stöðum; í Lundaflesi neðst í Landamerkjahrygg; í Lundaflesi undir Kálfalágum í Hnífunum, og í Álkuskúta þar skammt frá. Fuglinn grefur holur í jarðveginn og verpir innst í þeim. Varptíminn er frá seinnihluta maí fram í júní; einu eggi sem er um 60g að þyngd. Útungun tekur um 40 daga, og ungin, *kofan*, er í holunni rösklega þann tíma áður en hann heldur á haf til veiða. Talið er að lundapör haldi saman um lífstíð, og meðalaldur sé um 20-25 ár. Lundinn kemur að bjarginu í byrjun maí, en mestallt árið heldur hann sig á hafi fyrir sunnan og

- suðaustan land; þvælist þó suður fyrir Grænland og jafnvel til Nýfundnaland. Fæða lundans er einkum smár fiskur; sili, loðna, seiði og smokkfiskur, en einnig krabbadýr og áta. Hann er góður sundfugl og getur kafað niður á 60m dýpi. Hann er laginn að raða mörgum fiskum þversum í gogginn; yfirleitt þannig að sporður og haus skiptast á, og kemur því miklu í hverri ferð til ungans. Góður flugfugl og nær 88 km/klst hraða, með allt að 400 vængjatökum á mínútu. Lundinn var mikið veiddur til matar áður fyrr. Í Vestmannaeyjum var hann veiddur á flugi í háf, en ekki er vitað til að það hafi verið tíðkað vestra. Þar var hinsvegar töluvert tekið af *kofu*, og e.t.v. var fullorðin fugl einnig snaraður. Sjá *kofa* og *lundaveiði*. Í seinni tíð hefur orðið mikil fækkun í lundastofninum hérlendis vegna bágs ástands á fæðu hans, og hafa lundaveiðar verið mjög takmarkaðar. Af og til sjást lítaafbrigði af lundanum. Albinói nefnist kóngur; lundi með búnan lit í stað þess svarta nefnist drottning, en flekkótu eða hvítdröfnóttur lundi nefnist prins. *Lundalús* sækir mjög á lundann.
- Lundir** (n, kvk, fto) A. Vöðvinn kviðmegin í hrygg sláturfjár. Lundirnar eru mjúkur vöðvi og afbragðs matur. B. Tveir blóðhlaupnir vöðvar í kviðarholi hrognkelsis, sinnhvorumegin við hrygginn. Mikilvægt er að fjarlægja þá áður en fiskurinn er hengdur til signingar eða saltaður (sjá *hrognkelsi*).
- Lundstirður** (l) Argur/úrillur í skapi. „Afskaplega getur maður orðið lundstirður í svona tíðarfari, þegar ekkert gengur með heyskapinn og varla hægt að komast útúr húsi“.
- Lungamjúkur** (l) Mjög mjúkur/linur; dúnamjúkur. „Þó skórnir séu *óþjálrir* nýir þá verða þeir lungamjúkir þegar búið er að *ganga* þá *til*“.
- Lunginn af/úr** (orðtak) Meirihlutinn af; megnið af. „Þetta orðasafn er ekki annað en örlítið sýnishorn þess forða sem Kollsvíkingum var tiltækur; alls ekki lunginn úr honum“.
- Lunginn úr deginum** (orðtak) Meirihluti dagsins; mestallur dagurinn. „Ég vann við þetta lungann af deginum“. Uppruna orðtaksins mætti skýra á tvennan hátt. Annarsvegar þekkest annarsstaðar á landinu orðtakið „unginn úr deginum“, en það er e.t.v. tilkomið sem alþýðuskýring. Hinsvegar að hér sé um hljóðbreytingu að ræða á „langur“; að orðtakið hafi áður verið „langinn úr deginum“, sem er skiljanlegra.
- Lunkinn** (l) Laginn; lempinn. „Hann er furðu lunkinn við að halda vélinni gangandi“.
- Lunkni / Lunkulegheit** (n, kvk) Lempni; lagni; fortölur. „Þú gætir nú kannski fengið hann með þér í verkið, ef þú beitir dálitilli lunkni“. „Hér þurfum við að beita lunkulegheitum og þolinmæði“.
- Lunkulega** (l) Gætilega; með lagni/lemni. „Þú þarft að fara lunkulega að honum til að styggja hann ekki“.
- Lunkulegur** (l) Lempinn; laginn. „Hann var nokkuð lunkulegur við þetta“.
- Lunning** (n, kvk) Borðstokkur á skipi. Oftar er talað um lunningu á stærri skipum en borðstokk á minni bátum.
- Lunningafullur** (n, kk) Um skip; fullt af sjó/fiski uppundir borðstokka.
- Luntabyssa** (n, kvk) Byssa/framhlaðningur af gamalli gerð, þar sem kveikt var í púðrinu með glóð í lunta, en það var glóandi vöndull. Þegar togað var í gikkinn skaust luntinn að lítilli púðurpönnu og þaðan fór glóðin um lítið gat inn í hlaupið, svo skotið hljóp af. Voru ekki áreiðanleg vopn. Árið 1581 kvað Magnús prúði, þá sýslumaður í Saurbæ, upp svonefndan vopnadóm á þáverandi þingstað; Tungu í Örlygshöfn. Í dómnum var m.a. kveðið á um að hver vopnfær maður skyldi eiga luntabyssu til varnar ef sjóræningjar gerðu árás. Auk þess skyldu hlaðnir bálkestir á háum fjöllum og nesjum, til að boð um árásina kæmest fljótt til skila og unnt væri að safna liði. Dómurinn var uppkveðinn í kjölfar ráns sjóræningja á Eggert Hannessyni í Saurbæ, tengdafaðgur Magnúsar prúða. Sendi kóngur til landsins vopn í allar sýslur landsins; átta spjót og sex luntabyssur. Vestfirðingar voru því sæmilega vopnum búnir þegar Spánverjavígin áttu sér stað árið 1615, en fyrir þeim stóð Ari Magnússon í Ögri; sonur Magnúsar prúða.
- Luntalega** (ao) Fýlulega; treglega; með semingi. „Hann svaraði þessu fremur luntalega“.
- Luntalegur** (l) Fýlulegur; hægur; letilegur. „Hversvegna ert þú svona luntalegur á svipinn núna“?
- Luntaháttur / Luntaskapur** (n, kk) *Durtsháttur*; fúllyndi; ókurteisi; leiðindi; fýla. „Hún á það síst skilið að þú sýnir henni þennan luntahátt!“ „Hann sat heima af einskærum luntaskap“.
- Luntasvipur** (n, kk) Fýlusvipur. „Reyndu nú að ná af þér þessum árans luntasvip“!
- Lunti** (n, kk) A. Upprunaleg merking; blys; logandi drumbur; glóandi kólfur á byssu. B. Síðari tíma merking; fýla; þungur hugur; innibyrð reiði. „Hann tók tapinu illa, og lak af honum luntinn í nokkra daga á eftir“.
- Lunti í** (orðtak) Fúll/afundinn/þegjandalegur; *hundur í*. „Einhver lunti er í honum síðan á fundinum“ „Það er hlaupinn einhver lunti í hana við karlinn“. Lunti var vöndull með glóð til að hleypa af byssum.
- Luralega** (ao) Þunglamalega; óliðlega. „Skelfing fer hann luralega að þessu“!
- Luralegur** (l) Þunglamalegur; *klossaður*; óliðlega byggður. „Það er undarlegt hvað svo luralegur maður getur verið liðugur í klettum“.

Lurast (s) Gera stírðlega/þunglamalega/óliðlega. „Ætli maður verði ekki að lurast til að rétta þeim hendi við þetta, þó ég hafi varla nokkurn tíma til þess“.

Lurða (n, kvk) Slappleiki; lasleiki; slen. „Það er einhver bölvuð lurða í mér í dag“.

Lurðast (s) Slæpast; hengslast; mjakast. „Reyndu nú að lurðast til að hreyfa þig drengur! Ætlarðu að láta kindurnar sleppa“?

Lurfa (n, kvk) A. *Fatatuska; tila; drusla; larfur*. „Farðu nú að koma þér í lurfurnar drengur“! B. Lítilmenni; rola; ræfill. „Ég er nú ekki sú bölvuð lurfa ennþá að ég láti svona athugasemdum ósvarað“!

Lurgur (n, kk) Hárbúskur; hárlubbi. Oftast notað í líkingunni að *taka í lurginn á einhverjum; þ.e. veita einhverjum ráðningu*.

Lurkabrennari (n, kk) Lurkabrennsluofn; ofn til kyndingar, þar sem unnt er að brenna stórum lurkum/grófkurluðum trjám. Lurkabrennarar eru í raun arftakar hlóða og kamína fyrri tíma, en urðu á ný algengir í lok 20. aldar, með hækkandi raforkuverði og tíðum línubilunum.

Lurkalag (n, hk) Lag í jarðvegi þar sem áberandi mikið er um lurka, sem eru leifar skógar frá fyrri tíma hlýskeyðum í jarðsögunni. Lurkalag er í Kollsvíkinni; sem t.d. kom í ljós við vegargerð neðantil á Svarðarholtinu norðara; norðan Miðlækjar. Lurkalagið eru leifar mikils birkiskógar sem þakti þessi svæði á hlýskeyði í lok ísaldar; líklega fyrir um 8.000 árum.

Lurkum laminn (orðtak) Aumur; stírður. „...vorum við þá sem lurkum lamdir eftir ganginn en náðum okkur fljótt“ Frásögn Jóns Guðjónssonar (ÓG; Úr verbúðum í víking). Líkingin vísar til þess að tilfinningin sé svipuð og að hafa verið lamin með barefli.

Lurkur (n, kk) A. Sver en fremur stutt spýta; drumbur; kylfa. „Það má nota þessa lurka í brenni“. B. Gælunafn á manni. C. Sérnafn á einstaklega hörðum frostavetri árið 1601.

Lú (s) Fjarlægja illgresi úr gördum. Orðið var lítið notað í Kollsvík; fremur talað um að reyta arfa.

Lúabragð / Lúalag (n, hk) Óþokkabragð; óþverraskapur; klækir. „Maður varar sig ekki á svona lúabragði“! Sjá *liggja á því lúalagi*.

Lúalega (ao) Mjög illa; *nöturlega; lítilmannlega*. „Mér finnst þeir koma lúalega fram við gamala manninn“.

Lúalegur (l) Lítilmótlegur; fyrirlitlegur. „Mér fannst það lúalegt af honum að dreifa þessu slúðri út um allt“.

Lúamerki (n, kvk, fto) Merki um lúa/þreytu; þreytumerki. „Það voru engin lúamerki að sjá á honum, þrátt fyrir öll þessi hlaup“.

Lúbarinn (l) A. Um harðfisk; barinn þar til hann er mjúkur undir tönn. B. Almennt; laminn fast; sleginn mikið. „Það er meiri fyrirtaksstaðurinn þessi Hollívúdd í bíomyndunum; þar er maður bara nýr og betri maður eftir að hafa verið lúbarinn og skotinn í tætlur“! Sjá; *eins og lúbarinn hundur*.

Lúberja (s) Berja/lemja mikið; lemja í klessu/köku. „Ef þú reynir svona hrekki við mig aftur skal ég lúberja þig“!

Lúðó / Lúðóspil (n, hk) Borðspil með taflmönnum og teningi. Gengur útá það að koma sínum mönnum sem fyrst eftir ákveðinni braut í mark. Nokkuð spilað sem tólmstundagaman í Kollsvík, ásamt t.d. myllu.

Lúða (n, kvk) Heilagfiski; spraka; gengur undir ýmsum nöfnum eftir stærð. Hin minnsta er nefnd lúðulok; lóa er aðeins stærri en langflaka enn stærri og stærst flakandi lúða eða stórlúða. „Um lúðuna veit ég ekki margt sjálf en hef spurt þá sem aldir voru upp í verstöðinni í Kollsvík. Heiti á lúðu sem hér tíðkuðust voru: *Lok* eða *lúðulok* var smálúða; *lóa* var einnig heldur smá; *spraka, heilagfiski* og *flakandi lúða* var það stór að hægt var að taka af henni *rikling*. Ekki treysti ég mér til að lýsa aðgerð á lúðu en nöfn hef ég heyrt á ýmsum hlutum hennar. *Höfuðflak, hnakka(flak)stykki, vaðhorn* (fremst á kviðflaki), *spildingur* (beinin sem fylgdu hrygg), *rafabelti* og *riklingur*. Lúðuriklingur var skorinn í *strengsli* og hert. Settir voru pinnar milli strengslanna svo að þau veðust ekki upp. Sporðstykki var kallað *strabbi*. Beinin í sporði voru kölluð *ljáir*. Rafabelti voru oftast hert. Þau urðu reyndar aldrei hörð vegna þess hvað feit þau voru. Rafabeltin voru þækilsöltuð fyrst og síðan hert og borðuð þegar þau töldust orðin verkuð og kölluð *einæt*. Sú trú var að ef menn drógu lúðu þá væru líkur til að sá hinn sami ætti von á erfingja“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms). Helstu hlutar lúðunnar voru þessir (skv. LK; Ísl.sjávarhættir III): Höfuðkinn, vaðhorn, stakkur, hnakkafلاك, kviðflak, hnakkabelti, kviðbelti, strabbi og blaka; hryggur með hryggindum nefnist spildingur.. Þessi heiti miðast við breytandi lúðu og önnur nöfn voru til á einstökum hlutum hennar. „Þess voru dæmi að sá hluti fitleikans sem fylgdi bolnum þegar sporðurinn var skorinn frá, væri einungis nefndur brestur, en strabbi parturinn sem var áfastur blökunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimild: Guðbj.Guðbjartsson). „Þessi lúðunöfn þekktust á

Vestfjörðum: flyðra, lúða, spraka, þverflaka, merja, þrístykkja, lóa, skurfa, beitulok, stofnlok, lok, rennilok og beitulok“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimildir: ÞJ Hvallátrum, GG Kollsvík, KJK E-Tungu, o.fl). „Í róðrum þessum var það næsta algengt að fá lúður; oft eina eða fleiri á bát í róðri. Það þóttu jafnan hinir mestu happadrættir. Sá sem dró lúðu fékk alltaf af henni óskiptri vaðhornið og sporðinn. Þegar búið var að rista fyrir uggum, rafabeltunum, var rist eftir flökum, þannig að einn skurður var ristur eftir endilöngum hrygg; frá haus og aftur í þverskurð á sporði. Síðan var flakið rist um þvert, aftan við kviðarhol. Þessi biti beggja megin, með þunnildisbeini, var nefndur „vaðhorn“. Aftara flakið var látið halda fullri lengd á þeirri lúðustærð sem nefndar voru „langflökur“. Á stærri lúðum var þverbíti tekinn, jafnt vaðhornsskurði, og þá voru þær kallaðar „sexflakandi“. Riklingurinn, einkum af smærri lúðum, var venjulega þurkaður. Flökin hengd upp og látin skelþorna; síðan voru þau rist þannig að skurður var skorinn inn í miðja fiskþykktina. Byrjað var að skera beggjamegin við augað sem hengt var upp á, en síðan mest í einum skurði, rétt fyrir neðan augað. Síðan var fiskurinn fluttur útundir jaðar, beggjamegin við skurðinn. Þá var flakið opnað og tveim trétinum stungið undir roðið; beggjamegin aftanfrá. Héldu þeir flakinu opnu, svo að það þornaði á skömmum tíma. Annars var riklingurinn líka saltaður; einkum af feitum lúðum. Var hann saltaður í þækil; sterkan saltlög, því annars vildi hann þrána. Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd upp til þurks. Þetta var kallað hátíðamat, er þau höfðu hlotið verkun, enda þótt komið væri fram á næsta vetur“ (KJK; Kollsvíkurver). Þjóðtrúin segir að lúðan hafi í upphafi verið líkari öðrum fiskum. Eitt sinn gekk María mey með sjó og lúða skældi sig framan í hana. Lagði María þá svo á að þannig skyldi hún framvegis líta út; sem og varð. Ýmis hjátrú tengdist lúðunni, þó orsakir hennar séu ekki alltaf ljósar. T.d. átti hvíta hliðin alltaf að snúa niður í bát, en upp á landi. Það boðaði mótlæti að dreyma lúðu. Kvennagull áttu að vera fisknari en aðrir á lúðu, og búast mátti við því, ef ólofaður maður dró lúðu, að konur tækju að laðast að honum.

Lúðalarfar (n, kk, fto) Léleg föt; tótrar; druslur. „Farðu nú úr þessum lúðalörfum og í skárrí föt“.

Lúðalegur (l) Undirföru; svikull; dusilmenni. „Skelfing getur hann verið lúðalegur að haga sér svona“!

Lúði / Lúðulaki (n, kk) Ómerkilegur maður; þrjútur; dusilmenni. „Sá lúði ætti nú bara að skammast sín“!

Lúðra (s) Lúta í lægra haldi; láta undan; skammast sín. „Kindin lúðraði heim á leið eftir að hún gafst upp“.

Lúðra (n, kvk) Aumingi; ónytungur; heigull. „Ég ætla nú ekki að vera sú andskotans lúðra að ég taki svona svívirðingum þegjandi“!

Lúðrast (s) Vera niðurlútur/lúpulegur; lúta í lægra haldi. „Ríkisstjórnin lúðrast í hverju málinu á fætur öðru“. „Hundkvikindið lúðraðist heim og skammaðist sín fyrir að hafa hlaupið í féð“. Var notað eingöngu þannig í Kollsvík. Orðabækur nefna dæmu um að „lúðra“, en notað á annan hátt.

Lúðrablastur (n, kk) A. Eiginleg merking; lúðraþeyting. B. Fyrirgangur/sjónarspil til að vekja á sér athygli. „Ekki vantaði það að flokkurinn kynnti stefnuskrána með miklum lúðrablastri fyrir kosningar. En þeir voru líka fljótir að brenna hana eftir kosningar“!

Lúðukeppur (n, kk) Kylfa/hnallur til að rota stórlúðu þegar hún er komin uppundir borðstokk, svo auðveldara sé að færa í hana og innbyrða. Í Kollsvík hafa líklega verið notaðir til þess steinbítskeppir.

Lúðulína (n, kvk) Fiskilína með stórum krókum, til lúðuveiða. Einatt nefnd *haukalóð* í Kollsvík.

Lúðulok (n, hk) tiltölulega lítil lúða, en lúða hefur ýmis heiti eftir stærð. Hin minnsta er nefnd lúðulok; lóa er aðeins stærri en langflaka enn stærri og stærst flakandi lúða eða stórlúða.

Lúðumið (n, hk, fto) Fiskimið þar sem vænta má lúðuveiði. Flyðruhnjúkur á Breiðnum er dæmi um slíkt.

Lúffa (s) Gefa eftir; bakka. „Ég þori nú ekki annað en lúffa fyrir yfirvaldinu; hversu vitlaust sem það nú er“

Lúi (n, kk) Þreyta; uppgjöf. „Það sækir á mann lúi þegar maður sest niður, þó maður sé áður óþeyttur“. „Leifur hefur leyfi til á Leifum búa/ þar til hann er laus við lú/ og lýðir gera að honum lú“. Vísa, e.t.v. eftir Björn Halldórsson eða Eggert Ólafsson; byggingabréf Leifa nokkurs sem hafði lífstíðarábúð á hjáleigunni Leifum í Sauðlauksdalstúni.

Lúinn (l) Þreyttur. „Skelfing er ég lúinn eftir öll þessi hlaup“! „Nú er hann svangur og lúinn að loknu löngu dagsverki og matarlaus ...“ (PG; Veðmálið). Sjá *hvila lúin bein*.

Lúka (n, kvk) A. Lófi. B. Gróf mælieining; það sem kemst í eina lúku; lúkufylli. „Settu eina lúku af fódurbæti út í blandið hjá kálfinum áður en þú réttir honum fótuna“.

Lúkar (n, kk) Lokað rými í barka, fremst í báti, til geymslu veiðarfæra, áhalda, farangurs o.fl; með lítilli lúgu að aftan. „Teygðu þig nú inn í lúkarinn og sæktu nestið okkar“.

Lúkning (n, kvk) Niðurstaða; uppgjör; lokafrágangur. „Þetta er þá lúkning þessarar skuldar“.

Lúkufylli (n, kvk) Gróf mælieining; full lúka. „Ég gaf hrútonum eina lúkufylli af föðurbæti hverjum“.

Lúlla (s) Gæluorð um að sofa. Stundum sagt við börn.

Lúmskur (l) A. Um persónur: Slægivitur; undirföllur; varasamur; viðsjárverður. „Varaðu þig í viðskiptum við karlinn; hann getur verið lúmskur“. „Hann er lúmskt hæðinn“. Um fyrirbæri: Viðsjárvert; leynir á sér. „Ísinn gæti verið lúmskur þó hann líti vel út; hann gaf sig undan einni kind áðan“. „Pestin virðist gengin yfir, en þetta er lúmskt og getur gosið upp aftur“. „Það er lúmskt kalt í dag, þó það sé sólskin“.

Lúpast (s) Vera skömmustulegur/niðurlútur; hengja haus. „Mér sýnist að þarna sé tikin að lúpast heim á leið“.

Lúpa (s) Beygja sig niður; lúta; sýna undirgefni. „Maður verður víst að lúpa fyrir veðrinu“.

Lúpa (n, kvk) Lúðra; sneypa; aumingi. „Ég ætla ekkert að beygja mig fyrir þessum kónum eins og einhver lúpa; þeir skulu sjá að fleiri geta rifið kjaft“!

Lúpulegur (l) Skömmustulegur; niðurlútur. „Strákurinn var heldur lúpulegur og játaði á sig *skammirnar*“.

Lúr (n, kk) Stuttur svefn; *dúr*; þreyta syfja. „Hann fékk sér dálítinn lúr eftir matinn“. „Það er kominn einhver lúr í litla karlinn sýnist mér“.

Lúra (s) Sofa stutt; kúra; *fá sér kriú; fá sér blund/kriú/lúr; fleygja sér; leggja sig; blunda*. „Hann ætlar að lúra aðeins lengur eftir vökurnar í nótt“.

Lúra á (orðtak) Luma á; búa yfir; eiga til. „Þeir segja að karlinn lúri á töluverðum sjóðum“.

Lúra/sofa frameftir (orðtak) Sofa lengur framá morgun en vanalegt er.

Lúrt (s) Neyðarlegt; kvikindislegt; súrt í brotið. „Mér þætti skratti lúrt að koma aftur í land með öngulinn í rassinum“. „Honum fannst það lúrt af karlinum að heimta heilan hlut fyrir bátlánið“. Orðið heyrðist einungis notað í þessari beygingarmynd. Líklega komið af d/e; „lure“. Orðabækur gefa upp stofnmyndina „lúra“, og að það væri í nefndum dæmum „lúrað“. Hér er því um sérstöðu að ræða hjá Kollsvíkingum, en orðið var og er enn mikið notað þar, þó ekki heyrst annarsstaðar.

Lús (n, kvk) A. Ættbálkur sníkjudýra (Phthiraptera). Naglús eru smávaxin flatvaxin vængjalaus sníkjudýr á fuglum og spendýrum, af sama þróunarmeidi og ryklús og náskyldar þeim. Þær eru sérhæfðar á hýsla; leggjast á eina tegund eða fáar náskyldar, og eiga sér oft kjórstað á hýslinum. Þær skiptast í þrjá undirættbálka; naglús á fuglum (Amblycera); naglús á fuglum og spendýrum (Ischnocera) og soglús á spendýrum (Anoplura) Naglús lifa utaná hýslum sínum og naga fiður hár og húðflögur. Höfuðið er breitt með lítil eða engin augu; fálmarar stuttir og munnlimir sérhæfðir í að naga. Soglús sjúga blóð úr spendýrum. Höfuðið er mjótt; lítil eða engin augu; fálmarar stuttir og munnlimir mótaðir til að sprengja húð og sjúga. Ein sterk kló er á hverjum fæti til að tryggja festingu. Í heiminum eru þekktar yfir 3000 tegundir lúsa; í Evrópu eru 17 ættir og á Íslandi finnast 9 ættir; 78 tegundir, auk undirtegunda. Langflestar eru naglús á fuglum; 5 naglús á spendýrum og 6 soglús á spendýrum; þar af 2-3 á mannum. Höfuðlús (Pediculus capitis) er útbreidd um heiminn, og skýtur enn upp kollinum hérlandis af og til. Þroskatími er skammur og tímgun því ör. Á rúmlega mánuði hefur kynþroska lús getið af sér nýja kynþroska einstaklinga. Ef sýking uppgötvast ekki fljótlega eftir smit getur hýsillinn orðið grálúsugur á skömmum tíma. Vendýrið festir nitina (egginn) neðarlega á hárið. Höfuðlús finnst einvörðungu í höfuðhári, og þá helst ofan og aftanvið eyru og í hnakkagróp. Kláði er oft fylgikvilli lýsar en hann stafar af ofnæmisviðbrögðum í húðinni. Lúsinni hættir til að stinga sér niður og breiðast út þar sem fólk kemur saman, eins og þegar krakkar í leik leggja höfuð hvort að öðru. Höfuðlús hefur eflaust fylgt Íslendingum frá landnámi, og óvíst að Kollur hafi losnað við sitt „gæludýr“ þegar hann lenti í sjónum við Arnarboða forðum. En lúsin var löngum talin merki um heilbrigði og hraustleika, hyrfi hún af manni mátti slá því föstu að hann væri bráðfeigur, sagði þjóðtrúin. Hún sagði líka að efla mætti sér byr með því að leita sér lúsa og fleygja afurðinni afturfyrir bátinn; ellegar láta lús í seglið. Sjá *lúsabyr*. Að dreyma mikið af lúsum var fyrir göðum afla. Önnur tegund lúsa sem algeng er hérlandis er veggjalús (Cimex lectularius). Hún finnst í öllum landshlutum, en ekki sist á Vestfjörðum. Kjörlendið er þurr upphitað húsnæði. Hún nærast alfarið á blóði sem hún sýgur úr fórnarlömbum sínum, sem oftast er mannfólkið. Hungruð er hún flatvaxin, en getur á fáum mínútum sögið sjöfalda þyngd sína af blóði. Flatlús er sníkjudýr sem lifir á mönnum. Hún er gulgrá á lit, um 2-3 mm að stærð. Lifir helst á hárum á kynfærum mannfólks en getur breiðst út í annan hárvöxt. Smitast oftast við kynmök, en einnig af sængurfatnaði. Fjórar tegundir sérhæfðra sníkjudýra sauðfjár hafa fundist á Íslands. Þær eru fjárkláðamaurinn (Psoroptes ovis); fótakláðamaurinn (Chorioptes ovis); fellilúsin ((Bovicola ovis) og færilúsin (Melophagus ovinus). Allar hafa þær sennilega verið útbreiddir skaðvaldar hér fyrir á öldum, en fjárkláðamaurinn er þeirra skaðlegastur, og olli miklum búsigfum fyrir daga fjárböðunar. B. Eitthvað mjög lítið. „Áttu nokkuð lús af sykri úti kaffið“?

-lús (n, kvk, ending) *-ogn*; viðskeyti nafnorða til að lýsa litlu magni; sykurlús; kaffilús; tóbakslús; hungurlús. „Ég hélt ég ætti hérna einhverja kaffilús eftir“. „Gefðu mér nú örlitla sykurlús út í kaffið“.

Lúsabjart (l) Nægilega bjart til að unnt sé að leit sér lúsa.

Lúsablesi (n, kk) Niðrandi mannlýsing; þrjútur; durtur; skelmir; óþverri. „Ætlar hann að vera sá bölvaður lúsablesi að neita að greiða þetta“?

Lúsabyr (n, kk) Um siglingu bát; byr sem framkallaður er með notkun lúsa. „Til að auka *meðbyr* þótti áhrifaríkt að *leita sér lúsa* og fleygja þeirri veiði aftur af skipinu. Aðrir létu lúsina á *þóftu* og veittu athygli skriði hennar; átti *byrinn* að koma úr sömu átt. Loks létu sumir lúsina í seglið. Með þessum aðferðum vonuðust menn eftir lúsabyr...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heim; ÓETH).

Lúsaheppni / Lúsheppni (n, kvk) Heppni var gjarnan talin tengjast lúsum, sjá *lúsheppinn*. „Þvílík lúsaheppni var það að finna þennan eldspýtustokk“!

Lúsaleit (n, kvk) A. Sú athöfn að leita sér lúsa, rn hún var að sjálfsögðu nokkuð iðkuð fyrr á tíð. B. Líkingamál um smámunasama leit.

Lúsaletur (n, hk) Mjög smátt letur. „Ég næ ekkert að greina svona lúsaletur“!

Lúsamuðlingar (n, kk, fto) Rauð ber sortulyngsins. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Lúsarlaun (n, hk, fto) Mjög lág vinnulaun. „Ekki veit ég til hvers maður er að strita fyrir þessi lúsarlaun“!

Lúsarleita / Lúsleita (s) *Paulleita*; leita mjög ítarlega. „Ekki veit ég hvar þessar kindur hafa getað verið; við vorum búnir að lúsarleita alla hlíðina“. „Ég lúsleitaði bréfið en fann enga villu í því“.

Lúsast (s) Fara lúshægt/löturhægt. „Ég þorði ekki öðru en lúsast yfir holurnar með svona háfermi“.

Lúsétinn (l) Um fisk hráétinn; skemmdur eftir hráa/marflo. „Þorskurinn var allur lúsétinn í netunum eftir þennan tíma“.

Lúsfiskinn (l) Mjög fiskinn; veiðir vel; *bráðfiskinn*. „Alltaf er hann jafn lúsfiskinn þó aðrir fái ekki bein úr sjó“! Heppni var oft talin tengjast lúsum, sjá *lúsheppinn*.

Lúsheppinn (l) Mjög heppinn/lánsamur *stálheppinn*. „Ég var lúsheppinn; að finna hnífinn aftur“. „Alltaf ertu jafn lúsheppinn; ertu aftur kominn með lúðu“? Þó lús væri hin mesta óværa á mönnum, þá var hún samt talin ómissandi og til gagns. M.a. boðaði hún heppni.

Lúshægt (l) Mjög hægt; löturhægt. „Þú þarft að fara lúshægt yfir óslétta kaflann í sléttunni“.

Lúsiðinn (l) Afburða duglegur; óþreytandi. „Drengurinn er lúsiðinn við að reyta úr netunum“.

Lúsifer (n, kk) A. Annað nafn á Satan/djöflinum. Orðið merkir ljósberi. Í rómverskri goðafærði var Lúsifer persónugervingur stjörnu Venusar; sonur Áróru sem var gyðja morgunroðans; systir sólar og mána. Kennimenn kirkjunnar á miðöldum fóru að líta svo á að Lúsifer væri fallinn engill, sem rekinn hefði verið úr himnaríki sökum drambsemi sinnar, og kastað til heljar. Segir sagan að fyrir fallið hafi Lúsifer verið æðsti erkiengill himnaríkis. Hann þyrsti í meiri völd og gerði uppreisn gegn guði, sem endaði með ósigri hans og engla sem honum fylgdu. Í helvíti hlaut hann nafnið Satan eða kölski og fékk æðstu völd í þeim stað. Englar hans urðu hinsvegar djöflar. (Fróðleikur af vísindavefnum, eins og fleira í þessari samantekt). B. Nafn á ófrýnilegum fiski sem lifir í myrkum undirdjúpunum; hefur ljósveiðarfæri á höfði og veiðist afar sjáldan.

Lúsíumessa (n, kvk) Messudagur 13. des. til minningar um meyna Lúsíu sem talið er að hafi látið lífið sem píslarvottur á Sikiley um 300 e. Kr.

Lúsheppinn (l) Mjög heppinn; *stálheppinn*; *ljónheppinn*. „Alltaf ertu jafn lúsheppinn; ertu aftur kominn með lúðu“? Orðið finnst ekki í orðabókum og virðist því vera einstakt fyrir svæðið. Einnig var notað skylt orð um heppna fiskimenn; *lúsfiskinn*.

Lúskra (s) Lemja; lumbrá á. „Eldri strákurinn lúskraði honum rækilega fyrir stríðnina“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Lúskrast (s) Fara í burt niðurlútur; láta sig hverfa. „Hundurinn lúskraðist heim eftir skammirnar“.

Lússpakur (l) Mjög gæfur/spakur. „Hrúturinn var svo lússpakur að ég gat gengið að honum hvar sem var“.

Lúspýður (l) Um hest/bíl. „Hann er svo lúspýður á vegi að þér finnst þú vera í sófanum heima“!

Lúta að (orðtak) Fjalla um; beinast að. „Hann hafði nef fyrir öllu sem laut að fjármálum“.

Lúta í lægra haldi (orðtak) Bíða ósigur; tapa; vera lagður að velli.

Lútsterkt kaffi (orðtak) Mjög sterkt/svart kaffi. „Nú þarf maður helst lútsterkt kaffi til að vakna almennilega“.

Lúxus (n, kk) Ofrausn; yfirdrifin gæði; *flottheit*. „Það þótti alger lúxus þegar fyrst fór að tíðkast að hafa heitan blástur upp á bílrúðurnar innanverðar“. „Það er alger lúxus að geta kveikt rafljós í fjárhúsunum“.

- Lydda** (n, kvk) Aumur/ragur maður; vesalmenni. „Ég er nú ekki enn sú andskotans lydda að ég geti ekki lyft svona lamkægil“!
- Lydduskapur** (n, kk) Ragnmennska; aumingjadómur. „Mér finnst ástand veganna bara endurspeglalydduskap þingmannann okkar, og hananú“!
- Lyfjaskápur** (n, kk) Skápur þar sem lyf og önnur lækningagögn eru geymd. Lyfjaskápur eða lyfjakista var til á hverju heimili áður fyrr, enda þurfti hver bóndi að vera sjálfum sér nægur að vissu marki, með lækningar á sínu fólki og skepnum.
- Lyfta á** (orðtak) Lyfta byrði upp á mann/hest. „Það þurfti einn eða tvo menn til að halda bátnum réttum við sandinn, og einn þurfti að vera í bátnum til að lyfta á“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Lyfta ekki litlafingri** (orðtak) Líkingamál um aðgerðaleysi/leti. „Hann sá að ég var í basli með þetta, en fjandakornið að hann nennti að lyfta litlafingri mér til aðstoðar“!
- Lyfta glösum** (orðtak) Skála í víni.
- Lyfta sér upp** (orðtak) Skemmta sér; gleðjast.
- Lyfta undir** (orðtak) A. Létta á; lyfta upp. „Lyftu aðeins undir kassann með mér“. B. Létta upp þoku/dimmviðri. „Mér sýnist að aðeins sé farið að lyfta undir þokuskrattann“.
- Lyfting** (n, kvk) A. Brú á skipi; upphækkun á þilfari skips. B. Hefun á brauði vegna verkunar gers. C. Það að lyfta hlut, sbr kraftlyftingar.
- Lygabarð** (n, hk) Þynnsti hluti kinnfisks í þorskhaus (sjá þar). Með öðru hnífsbragði var losað um *kinnfiskinn/kerlingarfiskinn/kjammafiskinn/kjannafiskinn/vangafiskinn* og hann rifinn frá beinum. Sá hluti hans sem er á kinnbeininu er örþunnur og heitir heimiska/kerlingarbarð/lúsarbarð/lygabarð/lygafön/skrökbarð/svikabarð/ og þrjóskubarð. Var því trúað að menn yrðu heimskir, lúsugir og lygnir ef þess væri neytt. Því var því hent“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Lygabrigsl** (n, hk, fto) Ásakanir um lygar/ósannindi. „Ég ætla ekki að sitja undir neinum lygabrigslum; hér eru fleiri sem geta staðfest þetta“! Sjá *brigsli*.
- Lygahaugur / Lygahundur / Lygalaupur / Lygamörður / Lygari** (n, kk) Mjög lyginn/*hraðlyginn* maður. „Endemis lygahaugur getur maðurinn verið; ég hef aldrei sagt neitt í þessa átt“! „Ég myndi nú ekki leggja of mikið uppúr því sem þessi bölvaður lygamörður lætur frá sér“!
- Lygarugl / Lygaþvæla / Lygaþvættingur** (n, kvk/kk) Mikil lygi; fráleit lygi. „Ég hlusta nú ekki á svona lygarugl“. „Hvar heyrðirðu þennan lygaþvætting“?
- Lygasaga** (n, kvk) Ósönn saga/frásögn; lygimál; skáldskapur. „Hvaða árans lygasögu ertu nú að segja“?!
- Lygavefur** (n, kk) Net af lygum; uppspuni. „Nú held ég að hann sé flæktur í sínum eigin lygavef“.
- Lygi frá rótum** (orðtak) Haugalygi; tóm þvæla; alger uppspuni. „Best trúi ég að þetta sé lygi frá rótum“!
- Lygilaust** (l) *Ýkjulaust; frámt frá sagt*. „Ég segi ykkur það alveg lygilaust; það var einhvert fjörulallakvíkindi að flækjast þarna í þokunni! Það var sko engin venjuleg sauðkind“.
- Lygilega** (ao) Ekki sennilega; eins og lygi. „Það hljómar kannski lygilega, en ég náði að hlaupa tófuna uppi“.
- Lygilegur** (l) Eins og lygi; með ólíkindum. „Þetta var lygilegur afli, á ekki lengri tíma“.
- Lygimál** (n, hk) Lygar; ósannindi. „Og haldi einhver því fram að gúrkufjandinn sé hollur þá er það lygimál“.
- Lyginn** (l) Ósannsögull; ótraustur. „Sumir eru svo lygnir að þeir vita ekki sjálfir hvenær þeir segja satt“.
- Lyginn maður brýnir best (bitur stolinn hnífur)** (orðatiltæki) Því hefur löngum verið trúað að þeir sem eru lygnir eigi auðveldara en aðrir með að fá bit í eggjárn, þó orsakasamhengið sé óljóst. „Helvíti er hnífurinn að verða sljór; geturðu ekki logið einhverju í eggina fyrir mig“? heyrðist sagt. Sjá *ljúga í eggina*. Stundum var hnýtt öðru orðatiltæki aftan við þetta: „Lyginn maður brýnir best – *bitur stolinn hnífur*“, sem vísar til annarrar lífseigrar hjátrúar. Sú trú hefur verið lífseig að það sé manni ógæfumerki að fá hníf að gjöf; maður verði annaðhvort að greiða hann fullu verði eða stela honum. Þetta kann að eiga rætur í fornum sið að manni sé fenginn hnífur sem merki um að skora hann á hólum eða lýsa yfir stríði við hann.
- Lyginni líkast** (orðtak) Ótrúlegt; eins og lygasaga; *eins og í lygasögu*. „Alveg er það lyginni líkast hvað karlinn er fiskinn“.
- Lygiorð** (n, hk) Orð af lygi. „Svei mér þá alla daga ef í þessu var eitt lygiorð“! „Ég hef ekki sagt lygiorð í þessum efnum“.
- Lygn** (l) A. Um vind; hægur; logn. „Hæfilegur vindkaldi er legði í segl, væri þó vel þeginn. En þetta er oft árla morguns og lygnasti tími sólarhringsins“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Um sjó/vatn; kyrr, öldulaus; sjólaus. „Samt hélt vélin áfram að kjafta, þar til við vorum komnir á lygnari sjó“ (ÖG; Þokuróður).

- Lygna** (s) Hægja; gera logn. „Farið var af stað síðari hluta dagsins þegar *innlögn* lá í fjörðinn, en komið út að nóttinni þegar lygnt hafði eða jafnvel var kominn *landsynningskaldi*“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Lygna** (n, kvk) Logn; lognsvæði. „Við vorum fegnir að sleppa úr djöfulgangnum í Röstinni inn á lygnuna sunnan Blakksins“.
- Lygna augunum** (orðtak) Slaka á augnvöðvum, þannig að augnalok sígi og augu lokist, eða næstum því. Oft merki um vellíðan. „Gibba lygndi augunum þegar ég klóraði henni á bringunni“.
- Lygnublettur / Lygnusvæði** (n, kk/hk) Svæði þar sem lygnara er en umhverfis. „Í stífri norðanátt geta verið lygnusvæði með Bjarginu, þó stólparok sé útifyrir og framaf dölunum“.
- Lykilatriði** (n, hk) Aðalatriði; það mikilvægasta. „Það er lykilatriði að muna eftir hnífnum“.
- Lykilskegg** (n, hk) Sá hluti kistu-/skápilykils sem er á enda pípunnar og gengur inn í lásinn.
- Lykkja** (n, kvk) A. Bugt; hönk; slaki í taug. „Lykkja á vaðnum hakaðist um stein þegar við vorum að gefa hann niður“. B. Stykki af hákarli. Slík stykki voru nefnd lykkjur á Vestfjörðum, en beitur norðanlands.
- Lykkjufall** (n, hk) A. Lykkja í þrjónlesi sem ekki hefur náð réttri festingu, og stendur því slök útúr efninu. B. Líkingamál um hnökra/frávik t.d. í samskiptum.
- Lykta** (s) Um mál; fá endi/niðurstöðu. „Ekki er ólíklegt að nokkur rekistefna hafi orðið út af landshlut í hvalnum, þó óvíst sé hvernig henni hefur lyktað“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Lyktargóður** (l) Með góðri lykt; vel lyktandi. „Fiskurinn hafði legið óvarinn í sólarhitanum og var ekki orðinn mjög lyktargóður“.
- Lyktir** (n, kvk, fto) Endalok; niðurstaða. „Ég veit ekki hverjar urðu lyktir þeirrar deilu“.
- Lyktnæmur** (l) Næmur á lykt. „Tófan er mjög lyktnæm og því þarf að fara hlémegin að henni“.
- Lympa** (n, kvk) Slappleiki, vesöld. „Það er einhver bölvuð lympa í mér í dag“.
- Lympulegur** (l) Slappur; vesæll, *lumpinn*. „Óttalega ertu lympulegur *geyið* mitt; heldurðu að þú sért með hita“? Líklega einstakt og bundið við svæðið; hefur ekki heyrst annarsstaðar.
- Lympulegheit / Lymputilfinning** (n, hk, kvk) Slappleiki; aðkenning að veikindum. „Einhver árans lympulegheit eru í mér“. „Ég fékk yfir mig eins og lymputilfinningu, en það er liðið hjá núna“.
- Lymska** (n, kvk) Undirferli; klækir; sniðugheit. „Mér hefur alltaf verið illa við svona lymsku“.
- Lymskubragð** (n, hk) Klókindi; sniðugheit. „Mér fannst þetta bölvuð lymskubragð af honum“.
- Lymskulega** (ao) Með lymsku/klækjum/undirferli. „Honum þótti þarna vera lymskulega að farið“.
- Lynda við** (orðtak) Vera sáttur við; una; blanda geði við. „Mér finnst *vandalaust* að lynda við hann“.
- Lyndiseinkunn** (n, kvk) Skapgerð; eðli. Heyrist sjaldan notað nútildags.
- Lyndishægur** (l) Rólegur að eðlisfari; geðgóður. „Hann var afskaplega vel liðinn af öllum, enda hjálpsamur og lyndirhægur með afbrigðum“.
- Lyngkló** (n, kvk) Grein/brúskur af lyngi. „Gott væri nú að hafa einhverja lyngkló við hendina til að reykja við“.
- Lyngormur** (n, kk) Grasmaðkur; græn lirfa sem stundum finnst í lyngi. „Lyngormar eru þeirrar náttúru að ef þeir eru hafðir um tíma nálægt gulli þá vaxa þeir gríðarlega, og um leið vex gullið að jöfnu“.
- Lyngrif** (n, hk) Það að rífa upp lyng og mosa til eldiviðar og í rúmstæði. Hefur eflaust viðgengist lengi í Útvíkum, ekki síst í tengslum við verstöðu. Þetta má m.a. marka af því að þar sem lynglaust hefur verið á stórum svæðum næst bæjum er lyng nú óðum að sækja á aftur. „Til eldiviðar er svörður og lítilfjörlegt lyngrif“ Um Hænuvík (ÁM/PV; Jarðabók). „Hér í Kollsvík voru tvennar hlóðir. Eldavél kom þó hingað fyrir aldmót. Á haustin var farið til lyngrifs og rífið upp mikið af lyngi. Fyrir jólin var tekið allt gamalt lyng sem haft var í rúmbotnum og því brennt, en nýtt látið í staðinn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Aðkomumenn komu heim á bæina til þess að fá lyng og hey til að mýkja rúmin með“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Lyngkló** (n, kvk) Grein af lyngi. „Það er ágætt að hafa nokkrar lyngklær með þegar ket er reykt“.
- Lyngsteinbítur** (n, kk) „Lyng var víða rífið til eldunar... Greiðsla fyrir lyngtöku fólst alls staðar í uppsátursgjaldinu nema í Kollsvíkurveru, en þar var hún einn harður steinbítur frá hverjum manni; lyngsteinbítur. Auk eldiviðarlyngs máttu menn slíta þar svo mikið lyng að nægði í bálk eða rúm“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Lyppa** (s) Draga ull af kömbum eftir að búið er að kemba. Sjá *tóvinna*.
- Lyppa** (n, kvk) A. Ull sem búið er að kemba/tægja, þannig að hár vísa í sömu átt, en áður en búið er að spinna. B. Hönk af garni/bandi.

- Lysta frá** (orðtak) Um matarlyst; hafa ekki lyst á. „Ég fann á lyktinni að hangiketíð dálítið var farið að slá í hangiketíð og því lysti mig heldur frá því“.
- Lystarlaus** (l) Með enga/litla matarlyst. „Kýrin er enn hálf lystarlaus eftir doðakastið“.
- Lystarleysi** (n, hk) Engin/lítill lyst á mat; *ólyst; átleysi*. „Er eitthvað bölvæð lystarleysi í þér“? „Ormaveikin hefur gjört vart við sig á stöku bæjum.. Ennfremur lystarleysi í ám og lömbum, þó orma hafi ekki orðið vart hjá þeim hinum sömu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Lystarlítill** (l) Hafa litla lyst á mat. „Maður verður hálf lystarlítill með þessa sjóveiki“.
- Lystarmikill / Lystargóður** (l) Svangur; gráðugur; með góða matarlyst. „Nú myndi ég þiggja að fara að huga að nestinu. Ég er alltaf fremur lystarmikill eftir svona puð“.
- Lystiferð** (n, kvk) Skemmtiferð. „Það er ágætt ef einhverjir hafa efni á svona óþarfa lystiferðum“.
- Lystigarður** (n, kk) Sólgarður; skjólsæll jurtagarður, gerður til að dvelja sér til skemmtunar. Líklega hefur fyrsti lystigarðurinn hérlendis verið í Sauðlauksdal, en þar kom séra Björn Halldórsson jarðræktarfrömuður sér upp miklum jurtagarði og nefndi Akurgerði. Þar var sólskáli, þar sem mágur hans; Eggert Ólafsson, orti kvæðið „undir bláum sólar sali...“.
- Lystihús** (n, hk) Garðhús/skrauthýsi sem byggt er til að geta þar hvílst og notið ánægju, t.d. af blómum eða öðru. Frægasta lystihúsið í Rauðasandshreppi er eflaust lystihús séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, sem mágur hans; Eggert Ólafsson kvað um; „Undir háum hamrasali, Sauðlauks uppi í litlum dali... o.s.frv. „Í miðju *Akurgerði* ofantil var nokkur upphækkun og á henni stóð lystihúsið sem Eggert Ólafsson kvað um“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). Annað lystihús höfðingjaslektis var að finna í Saurbæ: „Beint upp af íbúðarhúsinu er Systrahól á Neðra-Virki, þar sem það er hæst. Þar er greinileg tóft, og er sagt að systur, e.t.v. Guðrún Eggertsdóttir og systir hennar, hefðu látið byggja sér þar lystihús“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).
- Lystugur** (l) A. Girnilegur. „Fiskurinn verður ekki mjög lystugur ef hann nær að hitna og *moltna*“. B. Með góða matarlyst. „Ég held ég afþakki matinn; ég er ekki vel lystugur núna“.
- Lýðhjálp** (n, kvk) Samfélagsaðstoð. Orðið var notað í Rauðasandshreppi og kemur m.a. nokkrum sinnum fyrir í gerðabókum hreppsins.
- Lýðtryggingar** (n, kvk, fto) Fyrri heiti á því sem síðar nefndist „almannatryggingar“; samfélagslegar bætur til þeirra sem minna mega sín, s.s. fatlaðra og eldra fólks. Kemur m.a. fyrir í sjóðbók Rauðasandshr. 1943.
- Lýðilegt** (l) Fyrirlitlegt; *lúalegt; forkastanlegt*. „Það er lýðilegur andskoti hvernig farið er með gamla fólkið“.
- Lýður** (n, kk) A. Fólk almennt. B. Skrill. „Ekki veit ég hvað þessi lýður er að álpast í upp á heiðar í erindisleysu og illa búinn“!
- Lýgur því eins og er langur til** (orðtak) Ásökun um ósannindi. „Þú lýgur því eins og þú ert langur til að ég hafi *haft hönd* á þínum vasahníf“! „Segir hann þetta? Já, hann lýgur því eins og hann er langur til“!
- Lýgur eins og nefið snýr / Lýgur eins og vindurinn blæs / Lýgur án þess að roðna/blíkna** (orðtök) Um *lygamörð*; um það hve sumum veitist létt að skrökva. „Hann lýgur nú bara eins og nef hans snýr, og af því að það er skakkt þá er vonlaust að vita hvað satt er“!
- Lýist fiskur ef lengi er barinn** (orðatiltæki) Svo lengi má berja harðasta harðfisk að hann verði mjúkur undir tönn. Einnig notað sem líkingamál um það að þreyta menn til hlýðni.
- Lýja** (n, kvk) Tjása; lagður af ull/hári o.fl. „Þú þyrftir að fá klippingu; lýjurnar eru farnar a ná niður á axlir“. „Einhverjar lýjur er hann byrjaður að draga upp í suðurloftið“.
- Lýja** (s) A. Þreyta; gera örmagna. „Mér tókst að lýja kindina svo á hlaupunum, að ég náði tókum á henni“. B. Slá járn til, og forma það; slíta fötum, leðri o.fl.
- Lýjast** (s) A. Þreytast. „Ertu ekkert farinn að lýjast á göngunni“? B. Um efni; slitna, verða lúíð, slitíð.
- Lýjulegur** (l) Þunnhærður; rytjulegur. „Hann var orðinn ósköp boginn og lýjulegur þegar ég sá hann“.
- Lýr** (n, kk) Pollachius pollachius. Fiskur af þorskaætt; af sömu ættkvísl og ufsi, enda tíðum flokkaður með honum. Finnst einkum í austanverðu Atlantshafi.
- Lýsa af degi** (orðtak) *Birta af degi; roða af degi*; koma morgunbirta. „Við héldum af stað þegar lýsa fór af degi“.
- Lýsa frati á** (orðtak) Sýna fyrirlitningu; vera mjög vantrúaður á; hafa skömm á. „Hann lýsti frati á sinn gamla flokk, og sagði að það væri ekki orð að marka hverju þessir vitleysingar lofuðu“.
- Lýsa í hafið / Lýsa fyrir...** (orðtök) *Létta í hafið*; birta/létta dimmviðri í norðurátt. Eitt merkið um að óþurrkasöm sunnan- og austanátt sé að láta undan fyrir *norðankælu* er að ljós rönd sést við hafsbirun, og þá fyrst fyrir Blakkinn. „Ég er ekki frá því að hann sé örliðið byrjaður að lýsa fyrir Blakkinn“.

Lýsa (einhverju) í hörgul / Lýsa (einhverju) í smáatriðum (orðtök) Lýsa einhverju nákvæmlega. Hörgull hefur verið talið merkja skortur/vöntun, og líkingin sú að einhverju sé lýst þar til frekari upplýsingar skortir. Orðið er talið skylt orðinu hörgur, sem merkir klettur/hjalli, og var notað um hof til forna, eða þann stað sem goðin stóðu á í hofunum.

Lýsa í loftið (orðtak) Birta af degi; skíma. „Ég er ekki frá því að hann sé aðeins farinn að lýsa í loftið“.

Lýsi (n, hk) Fita; notað einkum notað um fitu úr fisklifur. Lýsi var unnið úr lifrinni með því að láta hana standa, og var þá nefnt sjálfrunnið lýsi, eða með því að hita hana eða sjóða. Eins og nafnið bendir til, var lýsið notað sem ljósmeti á fyrri tíð, og þá brennt á lýsislömpum, kolum og öðru. Einnig var það notað til matargerðar, s.s. í bræðing; þess neytt sérstaklega eða það notað til að lýsisbera skinnfatnað (sjá *gæra*). Fyrrum var lýsi helst geymt í selsmaga. „Talsverð vinna fór í að bleyta, berja og höggva fiskibein, en þau voru eini fódurbæturinn sem fæð fékk, auk lýsis sem gefið var alla vetur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Lýsisborinn (l) Ataður lýsi. Algengt var að lýsisbera skinnklæði til að vatnsverja þau. Sjá *gæra*.

Lýsisbrák (n, kvk) Brák af lýsi; lýsi sem flýtur á vatni. „Svo feitur varð silungurinn úr Stórvatni að þykk lýsisbrák sat eftir í pottinum þegar búið var að sjóða hann“. Finnst ekki í orðabókum; notað vestra.

Lýsislampi (n, kk) Lampi til lýsingar fyrrum tíð, þar sem eldsneytið var lýsi. Lýsislampinn var veglegasta ljósfæri fyrri tíma, en kolar og týrur voru óvandaðri. „Þá máttu hjúin vinna eftirvinnu; þá máttu þau þrjóna fyrir sjálf sig. En þau urðu að gera það í myrkrinu, því ljósmeti var ekkert eftir kl 10 á kvöldin. Ljós voru þá lýsislampar; eða þar til ég varð 10 ára. Fyrsti olíulampinn mun hafa komið í Kollsvíkina um aldamótin (1900)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Lýskra (n, kvk) Blaut eða græn *visk* af heyi innanum þurrhey; getur valdið myglu eða hita í hlöðu. „Það eru bölvadaðar lýskur innan um heyið; þær hafa líklega komið upp úr galtabotnunum“.

Lýskrótt (l) Með lýskrum í. „Heyið í göltunum er fjári lýskrótt; við verðum að breiða þá fyrir hirðingu“.

Lýtalaus (l) Gallalaus; sem ekki er hægt að finna að. „Hann talaði nær lýtalaus íslensku“.

Lýti (n, hk) Galli; annmarki. „Mér finnst þetta dálítið lýti á þessu annars ágæta ljóði“.

Læða (s) Lauma. „Kúnstin var sú að læða öskupoka á bak einhverjum, án þess hann yrði þess varð“.

Læða (n, kvk) A. Kvenkyns köttur/tík/tófa. B. Lágþoka. „Hann er að leggja upp einhverja læðu“.

Læðast eins og lús með saum (orðtak) Fara laumulega; gera eitthvað í kyrrþey. „Og svo var bara að læðast eins og lús með saum og laumast í eitthvað flesið í heimanverðum Hnífunum“.

Læðupokast (s) Fara laumulega; læðast. „Mér sýnist að það sé tófa að læðupokast hér úti á Brunnsbrekku“.

Læðupoki (n, kk) Sá sem fer laumulega; sá sem lítið ber á. „Hvaða læðupoki er þarna á ferð“?

Læðutjásur / Læðupoka (n, kvk, fto/ kvk) Þokulæða; sjólæða. „Einhverjar læðutjásur eru að smeygja sér inn þarna norðurundir“.

Lægð (n, kvk) A. Laut í landslagi; lág; dæld. B. Lágþrýstisvæði í veðrahvolfi jarðar. C. Hvaðeina sem liggur lágt, t.d. lægð í skapferli manns, lægð í efnahag o.fl.

Lægðakraðak / Lægðaveita (n, hk/kvk) Um veðurfar; mikill lægðagangur; hver lægðin rekur aðra. „Það er ekki von á þurrki meðan þetta lægðakraðak gengur látlaust yfir“! „Það er bara engin linun á þessari eilífu lægðaveitu“!

Lægðardrag (n, hk) aflöng dæld/lægð fram úr annarri dýpri. „Keldeyrardalur nefnist lægðardrag suður af Efri Húsadal; bakvið Hæðina“.

Lægi (n, hk) Staður undan lendingu sem var sæmilega skýlt og bátar gátu legið þar til lent var. „Framundan Verinu er Lægi. Þar lágu bátar og biðu lags. Lægið myndast af þremur boðum framundan. Nyrstur þeirra er Bjarnarklakkur..., þá er Miðklakkur og syðstur Selkollur“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur).

Lægja (s) Hægja vind eða straum. „...var bátnum lagt við þann stjóra og beðið uns lægja tók strauminn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Morguninn eftir hafði veðrið lægt og fóru menn þá frá Hvallátrum og Breiðavík í leiðangur til að huga að strandinu“ (MG; Látrabjarg).

Lægja/lækka rostann i (orðtak) Stilla (þann sem fer offari); róa; veita tiltal. „Það þyrfti nú aðeins að lægja rostann í þessum vindbelg“.

Lækjalonta (n, kvk) Branda; lækjasilungur. „Oft voru veiddar bröndur eða lækjalontur í Torfalæk og Ánni niður í Vík...“ (IG; Sagt til vegar II).

Lækjardrag (n, hk) Laut sem lækur rennur um. „Kindin reyndi að leyna sér og lambinu í lækjardragi“.

- Lækjarniður** (n, kk) Kliður/hljóð í rennandi læk. „Í logninu mátti heyra lækjarniðinn þegar leysingavatnið fossaði niður Gilið“.
- Lækjarskorningur** (n, kk) Þröngur skorningur þar sem lækur hefur grafið sig niður.
- Lækjarspræna / Lækjarsytra** (n, kvk) Vatnslítill lækur. „... heim yfir Kollsvíkurtóna, en það er lækjarsytra og graslendi sem stundum var slegið“ (I.G. Sagt til vegar II).
- Lækka rostann** (orðtak) Minnka montið; slá á *rembinginn*. „Það þyrfti einhver að lækka í honum rostann“.
- Lækka seglin** (orðtak) Fara sér hægar; berast minna á. „Ætli maður þurfi ekki að lækka seglin í kreppunni“.
- Lækna** (s) A. Gera heilbrigðara; vinna á afleiðingum slyss/sjúkdóms. „Gvendarbrunni ei gleyma á/ hann geymir vatnið tæra./ Það lækna öll þín meinin má/ og mjög þig endurnæra“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík). B. Lagfæra. „Það þarf víst eitthvað að lækna þetta net“.
- Læknari** (n, kk) Læknir; sá sem fæst við lækningar. „Lækningar eru hér engir og ekki heldur eisvarnar yfirsetukonur, en sjúkdómar eru mest Epidemie (landfarsótt) og kvefþyngsli vor og haust“ (Séra Gíslí Ólafsson í Sauðlauksdal; sóknarlýsing 1840).
- Lækningaaðferð** (n, kvk) Aðferð til lækninga/heilsuþótar. „Sú lækningaaferð er gömul að nota fjallgrasaseyði gegn kvefi og öðrum öndunarferasjúkdómum, og hefur gefist vel“.
- Læknisvitjun** (n, kvk) Ferð læknis til sjúklings.
- Læna** (n, kvk) Áll; sund; renna. „Innsiglingin er um djúpa lænu milli grynninga og skerja“. „Víða á sjávarbotninum frammi á Kollsvík eru sandlænur inn á milli þarabakkanna“. „Fyrir ofan Rifið var sjólæna er náði oft yfir Rifið og upp í Lón...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Læpa** (n, kvk) A. Horaður steinbítur; nýgotin grásleppa. „Óttalega læpu varstu nú að innbyrða; hentu þessu í sjóinn“. „Það eru fáeinar vænar grásleppur í þessu; hitt eru mestmegnis læpur“. Læpa þekktist annarsstaðar sem heiti á horuðum sel eða kóp, en ekki á fiski. B. Í niðrandi merkingu um horaða kind.
- Læpast** (s) Sniglast; flækjast; *rolast*. „Mér sýnist hann vera að læpast þarna lengst frammi í dalnum í stað þess að standa fyrir á sínum stað“!
- Læpuháttur** (n, kk) Slóðaskapur; linka; aumingjádómur. „Svona læpuháttur gengur ekki í þessu máli“!
- Læpulegur** (l) Slappur; linur; máttlaus. „Ég er óttalega læpulegur í dag; sennilega kominn með þessa árans pest“ (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Læpuþunnur** (l) Mjög þunnur; aumingjalegur. „Mikið er grauturinn læpuþunnur“. Finnst ekki í orðabókum.
- Læra á bíl** (orðtak) Læra að aka bíl. „Vorið 1947 lærði ég á bíl á Ísafirði. ... Síðan fór ég til Reykjavíkur um haustið; tók meirapróf og réðist til strætisvagna Reykjavíkur um áramót“ (IG; Æskuminningar).
- Læra börn það á bæ er títt** (orðatiltæki) Börn hafa þá siði sem þau alast upp við og gera það sem fyrir þeim er haft.
- Læra utanað** (orðtak) Læra svo vel að geti lesið orðrétt án þess að styðjast við ritmál. „Ég lærði ljóðið utanað“.
- Lærdómsbók** (n, kvk) Námsbók; skólabók. „Mundu nú að setja allar lærdómsbækurnar í töskuna“!
- Læri** (n, hk) A. Efri hluti fótar. B. Nám.
- Lærifaðir / Lærimeistari** (n, kk) Kennari. „Hann er minn lærifaðir í þessum fræðum“.
- Lærvaður** (n, kk) Um bjargferðir; að *fara á lærvað* hét það þegar bjargmaður fór niður klett með því móti að bregða vaðnum í klof sér; undir annað lærið og halda við hann utanvið lærið með höndinni þeim megin en halda með hinni höndinni um vaðinn fyrir ofan sig. Með því móti sat hann tryggilega í vaðnum og gat rennt sér niður á nokkurri ferð; stýrt sér með því að reka fætur í bergvegginn og stöðvað sig með því að herða tókin. Best er að hafa þunna vettlinga í höndum til að brenna sig ekki af vaðnum.
- Læs / Læs á bók** (l/orðtak) Bóklæs; getur lesið *skammlaust*. „Ég man ekki eftir neinum átökum við lestrarnám, en læs var ég þegar ég fór að heiman“ (IG; Æskuminningar). „Ég efast um að í þeim flokki sé nokkur almennilega læs á bók“!
- Læsilegt** (l) Unnt að lesa. „Þetta hrafnaspark er varla læsilegt“.
- Læt ekkert í** (orðtak) Líkar ekki; er ekkert *gefinn fyrir*; þykir ekki gott. „Mér þykir eplin ágæt, en ég læt ekkert í þessar appelsínur sem fást núna; þær eru ekkert nema sinar, og gallsúrar í þökkabót“!
- Læti** (n, hk, fto) Hávaði; ófriður; fyrirgangur. „Hættið nú þessum látum strákar“! „Það eru etthvað minni læti í veðrinu núna“.
- Lævis** (l) Undirföfull; slyngur; sem erfitt er að vara sig á. „Þessi sjúkdómur er lævis, og fáar varnir gegn honum“.

Lævislega (ao) Með undirferlum; svo lítið beri á; þannig að eitthvað búi undir. „Hann spurði mig lævislega hvort mig vantaði ekki góðan bíl“.

Löber (n, kk) Fremur mjór en langur dúkur til að hafa á borðum; oft mikið skreyttur/ísaumaður. „Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka bæði kaffidúka og ljósadúka þ.e. minni dúka til að hafa á borðum, löbera, púða, kommóðudúka sem voru með sérstöku lagi...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms). Er ekki að finna í orðabókum með þessum rithætti, sem e.t.v. skýrist af því að hér er um danska slettu að ræða.

Löð (n, kvk) Gat á steðja eða öðru málmstykki, til þess t.d. að draga/hamra í gegn deigt járn til að forma nagla/saum eða annað.

Löðrandi (l) Atað; rjóðað; þakið. „Ég settist niður uppi á brúninni, móður mäsandi og löðrandi í svita“.

Löðrungur (n, kk) Kinnhestur; kjaftshögg. „Löðrungar og rassskellingar eru taldar úreltar uppeldisaðferðir nútíldags, en voru almennt viðurkenndar fyrir á tímum þegar mikils þurfti með“.

Löður (n, hk) Skvettur; froða. „Þegar leið að flóði sleikti brimlöðrið steinana við fætur mannanna sem vörðinn stóðu; sjógangur fór vaxandi“ (MG; Látrabjarg). „Sjórinn var orðinn óskaplegur og fór versnandi. Löðrið gekk yfir bátinn öðru hvoru“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Löðurmannlega (ao) Lítilmannlega; illa; af ósanngirni. „Mér fannst þetta löðurmannlega gert af honum“.

Löðurmannlegt (l) Lítilmótlegt; lúalegt. „Afskaplega finnst mér þetta löðurmannleg framkoma“!

Löðurmenni (n, hk) Ræfill; aumingi; dusilmenni; þrjótur. „Ég gef lítið fyrir svona löðurmenni“!

Löðursveittur (l) Mjög sveittur. „Maður verður löðursveittur af því að vinna í svona hitasvækju“.

Lög eru bræðra sættir (orðatiltæki) Lög eru sett til að skapa sanngjarna reglu sem allir þurfa að þekkja, skilja og hlýða. Ef engin eru lög, eða þau eru ekki nægilega skýr, er alltaf hætt á misklið milli manna.

Lögband (n, hk) A. Tjóðurband nautgrips, þrætt í gegnum *hesið*. Aðferð sem ekki var notuð á síðari öldum. B. Löglegur hestburður af heyi; 120 kg; tvö *lögklyf*. Sjá einnig *málband*. C. Lögbönd eru lagalegar kvaðir á eignum.

Lögbýli (n, hk) Jörð sem nýtur vissrar réttarstöðu, sem byggist á aldagamalli hefð. Oftast er átt við bújörð sem stofnuð var um eða stuttu eftir landnám, þ.e. fyrir árið 1100. Þessar jarðir eru um 4000 á landinu, og urðu meginbjarnir byggðarinnar. Hvert lögbýli var sjálfstæð bújörð með afmarkað landsvæði, ákveðinn heimabæ og fékk ákveðið verðmat í jarðarhundraðum; útfrá því hvað hún gat borið mikinn bústofn. Lögbýli skyldi hafa svonefnt fyrirsvar; þ.e. lögbýlisbóndi sá um boðburð og þurfamannaflutning innan hvers hrepps á móti öðrum lögbýlisbændum. Lögbýli gat ýmist verið í sjálfseignarábúð eða leiguabúð, en einnig gat verið um tví- eða fleirbýli að ræða. Á síðari hluta þjóðveldisaldar óx fjöldi leiguliða, með uppgangi kirkju-, klaustra- og höfðingjavalds. Ástæðan var stundum sú að leiguliði á lögbýli reyndi að létta á ánaud sinni með því að leigja útfrá sér, en einnig kom þarna til að höfðingjar vildu tryggja áhöfn á báta sína þar sem verstöðvar voru. Tvö lögbýli hafa verið í Kollsvík frá fornu fari; Kollsvík (Kirkjuból) og Láganúpur.

Lögeyrir (n, kk) Sá gjaldmiðill sem gjaldgengur er, og öllum er skylt að taka við sem greiðslu. Íslenska krónan er lögeyrir á Íslandi núna, en fyrri tíma gjaldmiðlar eru það ekki. Síðastir féllu aurar út sem lögeyrir.

Lögg (n, kvk) A. Lítið magn af vökva; sopi; dropi. „Það er örlítil lögg eftir í flöskunni“. B. Brún á botni tunnu eða annars íláts; skora við enda tunnustafa, sem botninn er felldur í. C. Fjármark. Ferkantaður biti sem tekinn úr hlið eyrans. D. Skora.

Löggarður (n, kk) Hlaðinn garður umhverfis tún eða lönd jarða, sem þarf að standast ákveðnar kröfur. Í lögbókinni Grágás frá þjóðveldistímanum eru ákvæði sem segja að lögggarður skuli vera „fimm feta þjokkur við jörð niðri, en þriggja ofan, og skal hann taka í öel þeim manni af þrepi er bæði hefur gildar álnar og faðma“. Með því að hin forna alin er talin hafa verið 48 cm og fetið helmingur hennar eða 24 cm, þá þarf lögggarður að vera 120 cm við jörð, 72 cm efst og 120 cm hár. Grágás segir enn fremur að þrír mánuðir sumarmisseris skuli vera „garðannir“, en þá skuli menn vinna að garðahleðslum. Þeir sem unnu að garðhleðslum voru nefndir „garðlagsmenn“. Í Jónsbók frá 1281 var hæðin ákveðin þrjár og hálf alin, eða 167 cm. Garðar eru víða um tún í Kollsvík, og þó enginn þeirra standist áður nefnd mál í dag þá kunna sumir að hafa verið lögggarður fyrrum. Heillegustu garðarnir eru Garðarnir á Grundabökkum, sem að stofni til eru líklega frá tímum Láganúpsverstöðvar; garðurinn kringum Traðartúnið, sem að mestu var hlaðinn af Guðbjarti Guðbjartssyni í byrjun 20. aldar, og garðurinn á Hjöllunum á Láganúpi sem sami maður hlóð í hjáverkum á tveimur vetrum nokkru síðar. Víða má finna fleiri leifar og garðbrot í Kollsvík, frá ýmsum tímum.

Löggilda / Löggilding (s/ n, kvk) Um sérstaka viðurkenningu af opinberu yfirvaldi. „Bók þessi, sem er 240 - tvö hundruð og fjörutíu- tölusettar blaðsíður; gegnum dregin og útbúin með innsigli Barðastrandasýslu, löggildist hér með til að vera forðagæslubók fyrir Rauðasandsumdæmi í Rauðasandshreppi. Skrifstofu

Barðastrandasýslu 12. desember 1946; Jóhann Skaptason, sýslumaður Barðastrandasýslu“. (Forðagæslubók Rauðasands).

Löggirðing (n, kvk) Girðing sem stenst ákveðnar kröfur. Í lögum um skógrækt nr 3 frá 1955 er að finna eftirfarandi skilgreiningu löggirðingar: „Til þess að girðing um skógræktarsvæði megi teljast löggirðing, þ.e. að hún veiti örugga vörn gegn ágangi búfjár, skal hún vera minnst 105 cm á hæð og gerð með 7 strengjum gaddavírs eða úr öðru því efni sem sé ekki minni vörn; t.d. vírneti eða vírneti ásamt gaddavír og undirhleðslu þar sem þörf krefur. Bil milli jarðfastra staura má lengst vera 12 metrar og komi þrjár stytta þar á milli; eða 10 metrar og komi þá tvær stytta á milli. Hornstaurar skulu standa minnst 1,25 m í jörðu, nema unnt sé að festa þá í jarðfasta klöpp. Skulu þeir steypdir niður eða púkkaðir og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt og hornstaurar“.

Löggjörningur (n, kk) Það sem löglega er gert, t.d. samningur milli manna.

Löghald (n, hk) Kyrrsetning; hald sem maður/aðili leggur á eignir annars aðila á löglegan hátt í þeim tilgangi að tryggja sinn rétt, t.d. til greiðslu skuldar. Sé haldlagning ekki rétt framkvæmd getur hún talist þjófnaður.

Lögheimili (n, hk) Sá staður sem telst heimili manns í lagalegum skilningi. Almenna reglan er sú að maður telst eiga þar lögheimili sem hann á sínar persónulegu eigur og heldur jafnaðarlega til, en frá því eru mörg frávik sem geta átt lögmatar ástæður.

Löghelsi (n, hk) Aðferð til að binda skepnur þannig að hvorki herðist að, né meiði. Hún er þannig að á mjúkan og hæfilega sveran og langan bandspotta er bundinn góður hnútur, utast á öðrum enda. Hæfilega langt frá honum er bundinn annar þverhnútur, án þess að herða strax. Festin er lögð um háls skepnunnar; endahnútinum brugðið í gegnum lausa hnútin og hann hertur um festina; þannig að nægilega stór lykkja sé um hálsinn til að hvorki herði að né renni fram af hausnum. Kýr voru ætíð bundnar á bása með löghelsi; og hrútar í stíum. Einnig t.d. kálfar sem *stagaðir* voru á beit.

Lögklyf (n, kvk) Mælieining til forna; 12 fjórðungar; 240 merkur; hálf *lögband*.

Löglaus (l) Sem ekki styðst við lög. „Þetta var löglaus aðgerð, og siðlaus í ofanálag“!

Löglega afsakaður (orðtak) Með gilda afsökun/fjarvist; með fullgilda ástæðu til fjarvista. „Flestir mættu til kirkju, en ég var löglega afsakaður vegna minna veikinda“.

Lögleysa (n, kvk) Það sem er löglaust/ styðst ekki við lög.

Lögn (n, kvk) A. Stytting á neta- eða línulögn. „Þetta er dágóður afli í eina lögn“. B. Lagning t.d. strengs eða línu um land eða rafkerfi í húsi. „Það er nauðsynlegt að hafa góð öryggi á lögninni“.

Lögrétt (n, kvk) Skilarétt; fjárrétt sem er opinber staður til skila á fé sem kemur af fjalli. „Þegar byggja þarf lögrétt er landeigandi skyldur til að leggja til nauðsynlegt land undir hana; þó ekki tún eða engi“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Lögrétta (n, kvk) Æðsta stofnun Alþingis á þjóðveldisöld, með fjölþætt hlutverk. Lögrétta setti lög; skar úr lagadeilum o.fl. Lögrétta var stofnuð um leið og Alþingi, árið 930. Í henni sátu 39 goðar og 9 uppþátargoðar á miðpalli, en hver goði hafði tvo ráðgjafa með sér og sat annar fyrir framan hann og hinn fyrir aftan. Eftir stofnun biskupsstóla fengu biskupar einnig sæti í lögréttu. Lögsögumaður stýrði fundum, og kom Lögrétta saman báða hrunadagana sem þingið stóð; svo og síðasta daginn. Lögrétta var háð undir beru lofti og hefur verið hlaðin í hring eða ferhyrning. Allir máttu fylgjast með störfum hennar en ekki fara innfyri vebönd sem voru umhverfis. Líklegt er að Lögrétta hafi verið á völlumum neðan Lögbergs á Þingvöllum. Eftir að Íslendingar gengu Noregskóngi á vald breyttist Lögrétta í það að vera fyrst og fremst dómstóll. Í stað goðanna komu lögréttumenn. Lögrétta var æðsti dómstóll landsins til stofnunar yfirréttar árið 1593. Árið 1594 var reist lítið hús fyrir starfsemi lögréttu, en árið 1798 var það orðið ónothæft og fluttist þinghaldið þá, og aflagt árið 1800.

Lögréttumaður (n, kk) Þeir menn fyrr á tíð sem sýslumenn eða sóknarmenn tilnefndu úr hópi betri bænda til að fara á Alþingi, en úr hópi þeirra alþingismanna voru menn valdir til dóms- og löggjafasatarfa. Lögréttumenn eru meðal forfeðra Kollsvíkurrættar; t.d. Gísli Hákonarson, fæddur 1480, bóndi á Hafgrímsstöðum í Tungusveit í Skagafirði; og faðir hans Hákon Hallsson á Vindheimum í Eyjafirði. Annar var Þorleifur Guðmundsson í Þykkvaskógi í Miðdölum; lögréttumaður úr Þórsnesþingi (f.1485), og Andrés Guðmundsson launsonur Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum.

Lögræði (n, hk) Frelsi manneskju til að ráða sjálf sínum málefnum. Börn eru undir forræði foreldra sinna, en öðlast aukið sjálfræði eftir því sem þau fullorðnast. Lögræði má skipta í fjárræði og sjálfræði, en sjálfræði kemur til í nokkrum þrepum. Sakhæfisaldur er 15 ár. Leyfi til hjúskapar fæst við 18 ára aldur, og þá má taka bílpróf. Vopnaleyfi geta menn fengið 20 ára, og sömu mörk gilda um áfengis kaup. Ófjórðingisöldgerð má ekki framkvæma á manneskju undir 25 ára aldri.

Lögsagnarumdæmi (n, hk) Sýsla. Sýslur voru stofnsettar sem lögsagnarumdæmi á 12. öld og lengi vel skipaði kóngur sýslumenn yfir þær, uppá hlut af innheimtum sköttum. Sýslumenn sáu um löggæslu og sátu í dómi, en í seinni tíð, með aðskilnaði framkvæmdavalds og dómsvalds, var dómara hlutverk þeirra aflagt.

Lögskilnaður (n, kk) Skilnaður hjóna í réttarfarslegum skilningi, án tillits til sambúðar.

Lögskráning (n, kvk) Lögformleg skráning skipverja á skip, sem tryggir rétt hans til hlutar og annarra réttinda. Lögskráning fór lengi vel fram hjá lögreglustjórum, en hefur nú verið færð til útgerða og skipstjórnenda.

Lögsókn (n, kvk) Málsókn; kæra; málshöfðun á hendur manni/aðila, að lögum.

Lögsögumaður (n, kk) Forseti Alþingis á Þjóðveldisöld, kjörinn til þriggja ára í Lögréttu. Lögsögumaður var eini veraldlegi embættismaðurinn á Þjóðveldisöld, en meginhlutverk hans var að segja upp lög Þjóðarinnar í heyrenda hljóði frá Lögbergi á Þingvöllum, eða í kirkju ef veður var slæmt. Þriðjungur laganna var sagður upp á hverju þingi, en þingsköp öll árlega. Lögsögumaður gekk fyrstur til Lögbergs og skipaði sætum þar. Hann stjórnaði fundum Lögréttu og sat á miðpalli með atkvæðisrétt. Hann kvaddi til dóma. Til lögsögumanns valdist helst maður af stærstu höfðingjaættum landsins, en starfið féll niður þegar Járnsíða var lögtekin árið 1271. Meðal lögsögumanna var Þorsteinn Ingólfsson Arnarsonar í Reykjavík og sonur hans Þorkell máni, en þeir eru meðal forfeðra Kollsvíkurrættar.

Lögulega (l) Snyrtilega; skipulega. „Mikilvægt er að gera þetta lögulega, svo sómi sé að“.

Lögulegur (l) Snyrtilegur; myndarlegur. „Þetta er hinn lögulegasti galti“.

Lögur (n, kk) Vökvi. „Hvaða lögur skyldi vera á þessari flösku“?

Löm (n, kvk) *Hjör*; liðamót hurðar/loks við staf, ásamt áföstum blöðum eða *stafla*. „Það er brotin efri lömin á fjárhúshurðinni í norðari miðhúskarminum“.

Lön (n, kvk) Uppsett hey, aflangt að lögum. Lön var stærri en fang, en minni en galti. „Rifjað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi; í föng ef hey var blautt, annars lanir og að lokum galta; oftast kringlóttu, þegar heyið var farið að þorna vel“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Löndun (n, kvk) Uppskipun afla/farms úr bát/skipi á land; athöfnin að landa. Stutt er síðan þetta orð komst í notkun. Í Kollsvíkurrverum var helst talað um að *bera af*; bera upp eða bera úr bátum.

Löndunaraðstaða (n, kvk) Aðstaða til *löndunar*. Fyrst notað eftir að bryggjur fóru að tíðkast. Fyrrum þótti það sjálfsagt, og fylgja útgerðinni, að bera aflann á bakinu úr bát í lendingu upp í ruðning; ekki þurfti sérstakt orð um það.

Löng er bið þeim sem búinn biður (orðatiltæki) Sá sem er tilbúinn í ferðalag verður leiður ef hann þarf að bíða lengi. „Halldóra amma var yfirleitt mjög þolinmód miðað við mörg sín skyldmenni, en varð þó bráðlátari þegar hún eltist. Hún átti það tel þegar hún kom í heimsókn að Láganúpi, að setjast ferðbúin frammi við anddyri nokkrum mínútum eftir komuna og byrja að reka á eftir bílstjóranum“.

Löng eru (oft) hlaup fyrir lítið kaup (orðatiltæki) Ekki er alltaf mikil arðsemi/upspekera af því sem gert er með mikilli fyrirhöfn. „Löng eru hlaup fyrir lítið kaup; þarna var enga skepnu að sjá“.

Löngu búinn/byrjaður/farinn/gleymdur/kominn/liðinn/vaknaður o.fl. Atviksorðið löngu var, og er enn, notað með fjölmörgum lýsingarorðum til áhersluauka. „Hann var löngu vaknaður þegar ég kom á fætur“.

Löngum (ao) Oft á tíðum; iðulega; um langa hríð. „Það hefur löngum verið svo að hagsmunir þéttbýlisins ráða, í samskiptum við landsbyggðina“!

Löngum hlær lítið vit (orðatiltæki) Viðhaft um það þegar flissað/hlegið er af litlu eða engu tilefni, eða þegar það á alls ekki við. „Já hlæðu bara að þessu; löngum hlær lítið vit, eins og sagt er“!

Löngum og löngum (orðtak) Um langan tíma; um langar stundir; *von úr viti*. „Hann gat setið löngum og löngum og rætt pólitík“.

Löngunarauga (n, hk) Augnatillit löngunar. „Ég sá að karlinn renndi löngunarauga til hákarlsins og spurði hvort ekki mætti bjóða honum meira“.

Löpp (n, kvk) Fótur. Í Kollsvík var fyrrum undantekningarlítið talað um fætur á fólki en lappir á dýrum, húsgögnum og öðru. Nú er þjóðin málvillt í þessu sem ýmsu öðru. „Mér leist nú ekki á blikuna, en labbaði þó af stað,/ því langt er orðið þarna á milli bæja./ Í Þúdduvík þó loksins ég haltraði í hlað/ með hælssæri á löppunum; nú jæja“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Löstur (n, kk) Galli; ókostur. „Mér finnst þessi *gaspursháttur* vera árans löstur á honum“.

Lötra (s) *Lalla*; *lulla*; ganga mjög hægt; *fara fetið*. „Ég lötraði á eftir kúnum yfir Umvarpið“.

Lötum eru allir dagar jafn helgir (orðatiltæki) Sjá *þeim lata eru allir dagar jafn helgir*.

Lötur (n, hk) Hægagangur; hægt rölt. „Við komumst lítið áfram með þessu lötri“!

- Löturhægt** (l) Mjög rólega. „Það varð að aka löturhægt með svo kúfaðan heyvagn svo ekkert félli af“.
- Maddama** (n, kvk) Tignartitill hefðarkonu fyrrum. Notað í seinni tíð í merkingunni frá, en þó oft í nokkuð kaldhæðinni merkingu.
- Maðka** (s) Koma maðkur í. „Fiskhausinn er farinn að maðka“.
- Maðkaður** (l) Kominn maðkur í; kvikur af maðki. „Fleygðu þessari grásleppu; hún er möðkuð“.
- Maðkafiskur** (n, kk) Fiskur sem goldinn var fyrrum fyrir tínslu á möðkum í beitu; var tekinn af óskiptum afla báts. „...maðkafiskar engir“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). „Maðkafiskar gefast af óskiftu, ef sá er grefur missir fyrir það svefns síns, og grefur maðk um nætur. Ella skiftast hásetar til, og tekur enginn neina maðkafiska“ (ÁM/PV; Jarðabók, um Hænuvík).
- Maðkafjara** (n, kvk) Fjara þar sem fjörumaðk er að finna. Var áður talin hlunnindi, þar sem maðkur var nýttur til beitu. Maðkafjara er ágæt í Kollsvík.
- Maðkafluga** (n, kvk) Sjá *fiskifluga*.
- Maðkafæða** (n, kvk) Möðkum að bráð; dauður. „Ætli maður reyni nú ekki að malda í móinn yfir svona óréttlæti, meðan maður er ekki enn orðin maðkafæða“.
- Maðkahrúga / Maðkaskítur** (n, kvk/kk) Hrúga úrgangs fjörumaðks frammi á útfiri, en undir slíkum hrúgum má reikna með að maðkurinn búi í holu sinni. Stundum er mikið um þannig maðkaskít, einkum ef mikið hefur verið um þararek og þarinn farinn að rotna í fjörunni.
- Maðkaveita** (n, kvk) Kös af hvítmaðki. „Þegar ég skar signa fiskinn í sundur vall útúr honum maðkaveita“.
- Maðkbeita** (n, kvk) Fjörumaðkur notaður sem beita á þorskveiðum.
- Maðkétinn / Maðksmoginn** (l) Um við/tré: *ormétinn*; með miklu af ormagötum. „Þessi bolur er svo maðkétinn að hann eir varla nýtanlegur í staura, hvað þá annað“.
- Maðkur** (n, kk) Samheiti um ýmsar tegundir maðka og lirfa. A. Ánamaðkur. Hann er algengur í öllum moldarjarðvegi og mikilvægur liður í ræktun. Nýttur lítillga til beitu, einkum fyrir bröndur. B. Hvítmaðkur; lirfa fiskiflugu. Meindýr í fiskverkun. Fluga sækir mjög í að verpa/vía í rotandi fisk og því þarf að gæta þess að þrifa vel, einkum þegar hengt er upp. C. *Fjörumaðkur* var mikið nýttur til beitu fyrrum (sjá þar). D. Trjámaðkur lifir ekki hérlendis, en rekaviður er oft mjög *maðksmoginn* og skemmdur.
- Maðkur í mysunni** (orðtak) Vafasamt málefni; mál ekki með skýrum hætti; eitthvað óheiðarlegt í gangi. „Hann sagðist hafa keypt þetta fullu verði, en ég þóttist strax sjá að hér var maðkur í mysunni“.
- Maðra** (n, kvk) Samheiti yfir jurtategundirnar hvítmöðru og gulmöðru.
- Maður að meiri** (orðtak) Meiri maður; heiðarlegri/virðingarverðari maður. „Hann væri maður að meiri í mínum augum ef hann viðurkenndi sína yfirsjón í stað þess að koma þessu yfir á aðra“.
- Maður á aldrei að segja aldrei / Maður skyldi aldrei segja aldrei** (orðatiltæki) Speki sem minnir á að aldrei er hægt að útiloka neitt til frambúðar.
- Maður er manns gaman** (orðatiltæki) Allir þurfa félagsskap. Þessi speki á misvel við menn; sumir þola einlífið ágætlega meðan öðrum er það ómögulegt. „Ungur var ég forðum/ fór ég einn saman./ Þá varð ég villtur vega./ Auðugur þóttumst/ er ég annan fann;/ maður er manns gaman“ (Hávamál).
- Maður fyrir** (orðtak) Maður til; maður til að valda/ standa fyrir. „Hann er varla orðinn maður fyrir öllum þessum búrekstri lengur“.
- Maður gengur undir manns hönd** (orðtak) Allir hjálpast að; allir eru samtaka; allir *boðnir og búnir*. „Það gekk maður undir manns hönd að hjálpa þeim í þessum erfiðleikum“.
- Maður getur sjálfan sig séð** (orðtak) Maður getur sett sig í annars manns spor/hlutverk í huganum. Oft viðhaft: „Það er auðvelt að gera mistök við þessaar aðstæður; maður getur bara sjálfan sig séð í því“.
- Maður guðs og lifandi!** (orðtak) Upphrópun til að sýna undrun eða til áherslu. „... og því líkt fiskirí; maður guðs og lifandi! Fiskurinn var svo viljugur að færið komst varla útfyrir áðuren beit á“!
- Maður kemur í manns stað** (orðatiltæki) Vísar til þess að þó einhver deyi/forfallist/*gangi úr skaftinu*, þá verður oftast einhver annar til að fylla í skarðið. Einnig; *einn kemur þá annar fer*.
- Maður lifandi / Maður guðs og lifandi** (orðtak) Upphrópun, vanalega í hrifningu, vandlætingu eða til áherslu. „Það var aldeilis fjör á þorrablótinu; maður lifandi!“ „Láttu þér ekki detta svona vitleysa í hug; maður guðs og lifandi“!
- Maður lítilla sanda og lítilla sæva** (orðatiltæki) Niðrandi mannlýsing; um þann sem þykir smár/þröngsýnn í hugsun, jafnvel heimskur eða illgjarn. Tilvitnun í Hávamál: „Lítilla sanda;/ lítilla sæva;/ lítil eru geð guma.“

- Því allir menn/ urðut jafnspakir/ hálf er öld hvar“ (úr Hávamálum). Merkingin er sú að þeir sem koma frá byggðum þar sem þröngsýni ríkir verða óhjákvæmilega þröngsýnir sjálfir. Fólk er jafnan ófullkomið.
- Maður með mönnum** (orðtak) Jafnmikill öðrum mönnum. „Strákurinn þykist nú aldeilis vera maður með mönnum, fyrst honum tókst að ná öllu fénu úr hlíðinni einsamall“.
- Maður skyldi aldrei segja aldrei** (orðatiltæki) Gegnsætt og mikið notað orðatiltæki.
- Maðurinn deyr en mannorðið ekki** (orðatiltæki) Góð verk manna, og mikilfengleiki þeirra, getur lifað mjög lengi eftir að þeir eru látnir. „Deyr fé; deyrja fændr; deyr sjálfir it sama./ En orðstírr deyr aldregi; hvem es sér góðan getr“ segir í Hávamálum, og vísar þetta orðatiltæki til þess.
- Maðurinn lifir ekki á brauði einusaman** (orðatiltæki) Fleira þarf til framfærslu en mat. Einnig notað þegar eitthvað nauðsynlegt skortir. Biblíutilvitnun, sem hefur þessa viðbót; „...heldur hverju orði sem fram gengur af guðs munni“.
- Maður til** (orðtak) Fær um; nægilega hraustur/hress til. „Þá segir Sigurður: „Nú skulum við fara niður“. „Ertu nokkur maður til þess“? spyrjum við“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Mafia** (n, kvk) Síðari tíma níðyrði um hóp/klíku manna sem brugga launráð eða stunda grimma sérhagsmunagæslu. „Ekki held ég að maður fari að hlusta á þessa mafu þarna fyrir sunnan“!
- Magafylli** (n, kvk) *Búkfylli; saðning*. „Ég kalla það nú ekki mat, þessa pissubleðla sem þeir gófla í sig þarna fyrir sunnan. Það er ekki nokkur vegur að fá í sig magafylli af þessum þerripappír“!
- Magakveisa** (n, kvk) Slæmska í maga; magaverkir; magapest. „Hann segist ekki vera góður af magakveisunni ennþá; hann heldur mestmegnis til á kamrinum“.
- Magamál** (n, hk) Hæfileg saðning; takmörk átgetu. „Það er nú ekki á hverjum degi sem maður fær hausstöppu, en maður verður nú að kunna sér magamál þó maturinn sé góður.
- Magapest** (n, kvk) Magaveiki; veiki sem magaverkir fylgja; uppgangspest; niðurgangur. „Ég er hræddur um að ég fari lítið á sjóinn fyrr en þessi magapest lagast“.
- Magapína** (n, kvk) Verkur/veikindi í maga; *bumbult*. „Ég er ekki hissa á að þú fái magapínu af þessu áti“!
- Magapláss / Magarúm** (n, hk) Pláss í maganum fyrir mat. „Nei takk; ómögulega meira fyrir mig; ég held ég eigi bara ekki meira magapláss þó ég feginn vildi“!
- Magarín** (n, hk) Margarín; smjörlíki. „Það eru nú hálfgerð harðindi að nota magarín í staðinn fyrir smjör“.
- Magáll** (n, kk) „Magálar eru búnir til úr kviði heimaslátraðs fjár; helst vænna sauða. Kviður skorinn úr upp undir bringubein; að rifjum og niður að huppum; snogsoðið og saltað eftir suðu. Ef kviðirnir þóttu heldur þunnir voru þeir lagðir saman tveir og tveir og lagt létt farg á. Síðan saumað utanum þunnt lérefiti eða blað og hengt upp í reyk“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Magn** (n, hk) A. Afl; orka; úthald; styrkur. „Það var á mörkunum að ég hefði magn til að lyfta þessu“. „Þú verður að borða vel, svo þú hafir magn í smalamennskurnar í dag“. B. Fjöldi; mikilleiki; massi. „Töluvert magn af salti hefur þurft til að verka aflann í Kollsvíkurveri á hverri vertíð“.
- Magna upp** (orðtak) Auka; bæta við; gera kröftugra. „Benedikt Gabríel magnaði upp draug og sendi á Einar í Kollsvík vegna deilu þeirra um hvalinn“. „Nú held ég hann sé að magna upp eitthvað skitaveður“.
- Magnað** (l) Mikið; meiriháttar. „Alveg er það magnað hvað hákarlinn er alltaf fljótur að klárast“!
- Magnetta / Magnettukveikja** (n, kvk) *Smellikveikja*; segulkveikja sem var algeng t.d. í fyrstu báta- og traktorsvélunum. „Alltaf eru sömu vandræðin með bölvöðna magnettona; það er bara aldrei hægt að treysta þessu“! Kveikjur þessar voru fremur *vangæfar* og gat oft þurft að *skrifa* þeim til.
- Magnlaus** (l) Máttlaus; *þróttlaus*. „Skelfing verður maður magnlaus í þessu leiðindaveðri dag eftir dag“.
- Magnleysi** (n, hk) Máttleysi; þróttleysi. „Það kom yfir mig eitthvað magnleysi, svo ég varð að setjast“.
- Magnþrota** (l) Máttlaus; þróttlítill. „Ærin var orðin alveg magnþrota, svo við urðum að bera hana heim“.
- Magur** (l) A. Um mann/skepnu/ket; horaður; grannur; rýr. „Ári er þetta magurt súpuket“. B. Um beitiland/fóður; rýrt; með lítið fódurgildi. „Þessi sinuruddi er afskaplega magurt fóður“.
- Mahoní / Mahoníviður** (n, hk/kk) Rauðleit viðartegund. Rekaviður af mahogni var m.a. notaður til útskurðar af listafólki, m.a. Sigríði Guðbjartsdóttur á Láganúpi. (Ritað hér eins og fram var borið).
- Maka** (s) Ata; rjóða; bera á. „Það þarf að maka nægri málningu á þetta til að ekki sjái í bert járn“.
- Maka krókinn** (orðtak) Hygla sjálfum sér; skara eld að eigin köku. „Mér sýnist að hann sé að nota sér aðstöðuna til að maka krókinn, en hugsi lítið um kunnana“. Hugsanlega vísar orðtakið til þess að taka mat uppúr potti með krók, og væri þá að „mata krókinn“ eins og stundum er enn sagt. Hinsvegar gæti það vísað til þess að beita öngul. Sá sem vel beitir/makar/matar er líklegur til að fá fisk.

- Makalaust** (l) Dæmalaust; yfirgengilegt. „Alveg er það makalaust hvað hann er fljótur að hlaupa“!
- Makindalega** (ao) Í rólegheitum/þægindum. „Ég kom mér bara makindalega fyrir og beið á brúninni“.
- Makindi** (n, hk, fto) Þægilegheit; hægindi; rólegheit; munaður. „Kötturinn hagræddi sér í mestu makindum uppi á staurnum meðan hundurinn hamaðist með óhljóðum fyrir neðan“.
- Makk** (n, hk) Samráð; ráðabrug; brall. „Mér líkar ekki þetta makk og pukur“.
- Makka** (s) Hafa samráð; pukast; bralla saman. „Árann skyldu þeir nú vera að makka“.
- Makka rétt** (orðtak) Gera rétt; vera samvinnuþýður. „Vélarfjandinn vildi ekki makka rétt á landleiðinni“.
- Maklegt** (l) Mátulegt; jafngott. „Þetta var honum maklegt fyrir árans *uppástöndugheitin*“!
- Makleg málagjöld** (orðtak) Réttlát ráðning/refsing; hefnast fyrir. „Þarna fékk hann makleg málagjöld fyrir bölvada hrekkina“!
- Makrill** (n, kk) Somber scombrus. Hraðasyndur uppsjávarfiskur af makrílætt. Albengur í köldum sjó í N-Atlantshafi og heldur sig í stórum torfum nálægt yfirborði. Hann kemur að ströndum í fæðuleit á sumrin þegar hitastig sjávar er hæfilegt, eða 11-14°C. Á veturna heldur hann sig dýpra. Svifæta sem fer í miklar göngur norðurum Atlantshaf, og hefur á síðari árum komið í miklu magni á grunnmið við Ísland. Fannst fyrst hér 1895; var áberandi 1944, en algengur eftir 2005. Hafa veiðar af honum verið umtalsverðar við Ísland síðustu ár, en sveiflukenndar. M.a. hefur verið vaðandi makrill á grunnslóð í Kollsvík síðustu ár, en ekki fara sögur af veiði hans á þeim slóðum áðurfyrr.
- Makræði** (n, hk) Leti; hóglífí. „Nú dugir ekki að liggja í einhverju makræði; hér þarf að hafa hraðar hendur“!
- Makt** (n, kvk) Veldi; yfirráð; afl. „Ætli maður verði ekki að virða hans makt og herradóm í þessu efni“.
- Mal** (n, hk) A. Murr í ketti. „Skárna er það nú malið í kettinum“! B. Tal í síbylju; orðagjálfur. „Ég nennti ekki lengur að hlusta á malið í þeim“.
- Mala** (s) A. Um kött; murra. B. Tala í síbylju; hafa uppi kjaftavaðal. C. Mylja; brjóta í smátt. „Strákurinn var ansi duglegur við að mala kaffið“.
- Mala/brjóta mélinu smærra** (orðtak) *Brjóta í smátt*; eyðileggja algerlega. „Togaraflakið malaðist mélinu smærra á næstu flæði“.
- Malandi** (n, kk) Kjaftavaðall; síbylja. „Það bara stoppar hreint ekki í henni malandinn þegar hún byrjar“!
- Malareyri** (n, kvk) Eyri úr mól sem skagar fram í vatn eða fjörð. „Vatneyri, Þúfneyri og Hlaðseyri nefnast malareyrar í Patreksfirði norðanverðum, en sunnanfjarðar er Sandoddi, sem er skeljasandseyri“.
- Malarfjara** (n, kvk) Fjara með sjávarmöl. „Oftast er malarfjara í vogunum undir Hryggjunum heimanverðum, en stundum setur þar upp töluverðar sanddyngjur í miklum vestansjó“.
- Malargryfja** (n, kvk) Uppgröftur/lægð þar sem tekin hefur verið mól, t.d. til vegagerðar. „Viða voru opnaðar malargryfjur til að fá ofaniburð í vegina. T.d. var ein slík í Húsadal; önnur á Núpnum og ein til á Aurtjörn“.
- Malarhaugur / Malarhrúga** (n, kk/kvk) Haugur/hrúga af mól.
- Malarholt** (n, hk) Holt úr mól; oftast jökulalda frá isöld. „Breiðsholt er gríðarmikið malarholt neðst í Vatnadal. Það er sundurklofið af Árdal“.
- Malarkambur / Malarrif** (n, kk) Sjávarkambur/rif efst í fjöru, myndaður af sjávarmöl. „Fiskur í Kollsvíkurveri var þurrkaður á steinlögðum reitum, á tímum saltfiskverkunar. Fiskur í Láganúpsveri var líkast til mestmegnis verkaður í skreið, en vera kann að hann hafi verið þurrkaður á malarkambinum þar“.
- Malarreka / Malarskófla** (n, kvk) Spíssreka; skófla/reka til að moka mól; með íhvolfu og spísslaga blaði.
- Malda í móinn** (orðtak) Andmæla; hafa uppi mótbáru. „Það *tjóaði* lítið þó ég reyndi að malda í móinn“.
„Malda“ merkti fyrrum að snjóa í logni. Orðtakið vísar líklega til þess að litlu breytir þó þannig mygli niður snjó í haga ef menn þurfa að beita fé sínu, og á sama hátt breyti væg mótmæli litlu.
- Malflattur fiskur** (orðtak) Fiskur sem flattur er og síðan þurrkaður á mól/fiskreitum. Sjá *flatning* og *skreið*.
- Malir** (n, kvk, fto) Spjaldhryggur; mjaðmir. Sjaldnar er talaðum malir á fólki en á dýrum. „Ekki líkar mér hvað þessi lambhrútur er rýr um malirnar“.
- Mall** (n, hk) Sull; jukk; hræigratur. „Hvaða mall er hér í potti“?
- Malla** (s) A. Sjóða vægt. „Grauturinn mallar“. B. Hræra. „Það væri kannski hægt að malla einhvern hræring úr þessu“. C. Ganga hægt. „Ég mallaði bara í rólegheitum“.
- Malli / Mallakútur** (n, kk) Gæluheiti á maga. „Er þér eitthvað illt í malanum, stúfurinn minn“? „Girtu nú uppum þig stubbur; þú ert með beran mallakútin“.

- Malning** (n, kvk) Málning. Í Kollsvík var áður fyrr talað um malningu ekki síður en málningu. Þetta hefur máðst út í síðari tíð, eins og fleiri smærri frávik í framburði. „Okkur vantar meiri malningu á þakið“.
- Malpoki / Malsekkur / Malur** (n, kk) Nestispoki. „Mundu að setja malsekkinn um borð“.
- Malt** (n, hk) A. Bygg sem verkað hefur verið til ölgerðar. B. Bragð sem stundum kemur af mat sem geymdur er illa eða lengi án þess að úldna eða mygla, t.d. þegar fiskur nær að hitna í verkun. Þessi merking orðsins virðist ekki hafa verið þekkt víða. „Mér finnst eins og það sé komið eitthvað malt í brauðið“.
- Maltaður / Maltur** (l) Farinn að breyta bragði án þess að vera beinlínis úldinn að ráði; kominn á forstig úldnunar. „Rauðmaginn hefur ekki verkast vel þetta árið; hann er dálítið maltur“. Sjá einnig *skreið*. „Mér finnst dálítið malt bragð komið af brauðinu“. „Aðeins er fiskurinn orðinn maltaður; en ekki neitt til skaða“.
- Maltast** (s) Um fisk, brauð og aðra matvöru; breyta bragði; komast á stig kæsingar. „Við þurfum að flýta okkur að henga fiskinn í hjallinn; hann er fljótur að maltast ef hann liggur svona í sólinni“.
- Maltbragð / Maltkeimur** (n, hk) Bragð af mat sem farinn er að *maltast* (sjá þar). „Það er komið leiðinda maltbragð af þessu“. „Er það ímyndun í mér, eða er kominn einhver maltkeimur af brauðinu“?
- Man sauðurinn hvar hann lamb gekk** (orðatiltæki) Fullorðin ær sækir mjög gjarnan á uppeldisslóðir sínar; þangað sem hún gekk fyrsta sumarið í sínu lífi. Eins er það um mannfólkið; *römm er sú taug er rekka dregur, föðurtína til*“.
- Mana / Mana til / Mana upp í** (s, orðtök) Egna; egna/*spana* til/upp í. „Þeir mönuðu hann uppí að hlaupa yfir nautagirðinguna endilanga“.
- Mang** (n, hk) Brask; verslun. „Seint held ég að hann verði ríkur af þessu mangi sínu“.
- Manga** (s) Braska; höndla/versla með.
- Mangabryóstsykur** (n, kk) Bryóstsykur sem seldur var (og er e.t.v. enn) undir nafninu „brenndur bismark“. Gekkt undir nafninu mangabryóstsykur í Rauðasandshreppi og e.t.v. víðar, þar sem hann var ein þeirra fjölmörgu vörutegunda sem fengust í *farandverslun* Magnúsar í Vesturbotni. Minnst mig að Mangi hafi selt þennan bryóstsykur í stórum pokum, ef ekki í lausri vigt, og að jafnvel hafi molarnir verið stærri en þeir sem fengust í pokum í öðrum verslunum.
- Mangakaramellur** (n, kvk, fto) Stórar karamellur sem Magnús í Vesturbotni seldi í *farandverslun* sinni. Líklega sömu gerðar og þær sem sumir nefndu *haltukjafnikaramellur*.
- Mangakrem** (n, hk) Sárakremið „helosan“. Svo nefnt vegna þess að Magnús Ólafsson í Vesturbotni (Mangi í botni) seldi það í verslun sinni og *farandverslun*, en annars var það ófáanlegt um tíma, a.m.k. þarna vestra. Mangakrem var selt í stórum túpum, og þótti einstaklega græðandi á sár manna og skepna, og þó milt.
- Manilla** (n, kvk) Ein gerð af *hampi* (sjá þar). Unninn úr blaðslíðrum bananategundar á Indlandseyjum. „Vindurnar sem áður voru nefndar voru erfið dráttartæki. Á þeim var notaður dráttarstrengur úr „manillu“; brugðið tveim brögðum strengsins á vinduásinn, en síðan einn maður settur í það að draga af vindunni jafnóðum og strengurinn kom inn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Manía** (n, kvk) Áráttá; *þráhyggja*. „Skelfingar manía er þetta í þér! Er þér gjörsamlega *fyrirmunað* að skilja að þetta geturekki *gengið* svona til?“
- Manískur** (l) Haldinn maníu/árattu/þráhyggju. „Hann var talinn allt að því manískur í þessu efni“.
- Mann fram af manni** (orðtak) Frá einum til annars; einn eftir annan. „Til er saga af örnefninu (Hnífar) sem líkast til er gömul en hefur verið sögð mann fram af manni.“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).
- Manna** (s) Leggja til mannskap, t.d. í áhöfn skips. „Eigendur Laufa voru bændur á Rauðasandi, og mönnum þeir skipið“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Manna sig upp** (orðtak) Hressa sig við; safna kjarki; verða borubrattari. „Þú verður að manna þig upp og segja þessum kjafstöskum þína meiningu, umbúðalaust“!
- Manna sig upp í** (orðtak) Herða sig upp í; drífa í; *hleypta í sig kjarki* til að gera. „Ætli maður verði ekki að manna sig upp í að klára þessa blessuðu skýrslu“.
- Mannabústaður** (n, kk) Bústaður/híbýli manna; boðlegt hús til að búa í. „Það er nú varla hægt að kalla þetta kot mannbústað“.
- Mannaður** (l) Með mannskap/aðstoðarmenn. „Ég er ágætlega mannaður fyrir þessar smalamennskur“.
- Mannafla** (n, kk) Mannskapur; lið aðstoðarmanna/vinumanna/hermanna o.fl. „Það þarf töluverðan mannafla til að smala allt þetta svæði á sama tíma“.
- Mannaforráð** (n, hk, fto) Forráði/stjórn fyrir mannafla/mannskap. „Hann er enginn maður til að hafa mikil mannaforráð“.

- Mannafæla** (n, kvk) Mjög hlédræg/feimin manneskja; sá sem aldrei kemur á mannamót. „Ég samþykki það nú ekki að vera talinn mannafæla þó maður stundi ekki hverja einustu samkomu á svæðinu“.
- Mannahallæri / Mannahrak** (n, hk) Vantar mannskap/fólk til vinnu. „Það lítur út fyrir mannahallæri í slátruninni á morgun. gætir þú komið og bjargað málunum“?
- Mannakaup** (n, hk, fto) Uppskipti á taflmönnum í skák, með gagnkvæmum mannförnum.
- Mannalega** (ao) Eins og maður/karlmaður; hraustlega; hressilega. „Hann tók þessu nokkuð mannalega“.
- Mannalegur** (l) Eins og fullvaxinn maður; borginmannlegur. „Strákurinn er ári mannalegur í þessum nýju sparifötum“.
- Mannalæti** (n, hk, fto) Mont; sýndarmenska. „Þetta eru nú bara mannalæti í honum“.
- Mannamatur** (n, kk) Matur sem hæfir fólki. „Fullorðnir svartbakar þóttu ekki mannamatur.... Kál var notað í kjötsúpur og soðið. Karlar gamlir töldu þetta ekki vera mannamat; vildu heldur éta gras. Það var erfitt að kenna þeim það. Össur maður Sigríðar vandist ekki við að éta svona *kálmeti*, því það var lítið gert af því í Víkunum“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Mannamót** (n, hk) Samkoma fólks; fundur; samkoma. „Það er varla hægt að láta sjá sig svona úfinn á mannamótum“.
- Mannaráð** (n, hk, fto) Forræði/stjórn á hópi manna. „Það er nú hæpið að fela svona manni mikil mannaforráð, eins og hann hefur hagað sér“.
- Mannaskuld** (n, kvk) Mannleg mistök; klaufaskapur; af mannavöldum. „Auðvitað er það bara mannskuld að leggja veginn um þessar snjóalautir“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var almennt notað vestra.
- Mannast** (s) Verða fullorðinn; verða mannskapsmeiri; fara að haga sér stillilegar. „Hann hefur heilmikið mannast síðan ég sá hann síðast“.
- Mannasiðir** (n, kk, fto) Góðir siðir fólks; kurteisi; tillitssemi. „Ég kann að mjólka belju, ég kann að elda mat;/ konur þekkja enga mannasiði./ Ég kæri mig sko ekki um kvenmannsapparát,/ kom því brott og láttu mig í friði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Mannasættir** (n, kk) Sá sem sættir menn/ber klæði á vopn; friðsamur maður. „Þá sagði hann að hann hefði aldrei fyrr séð svona ummæli bókfærð í kirkjubók um hinn látna: „Hann var mannasættir“ stóð við nafn þabba. Það var nú kannski ekki svo ofmælt“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).
- Mannauðn** (n, kvk) Ekkert fólk; enginn mannskapur. „Fólksfækkun var svo hröð í Rauðasandshreppi undir lok 20. aldar að til algerrar mannaúðnar horfði um tíma“.
- Mannavegur** (n, kk) Vegur sem farinn er af fólki; þjóðleið; leið sem fær er mönnum. „Eftir að hafa klöngrast heimeftir ganginum lýsti hann því yfir að þetta væri ekki mannavegur; þetta færi hann aldrei aftur“!
- Mannavaður** (n, kk) *Bjargvaður/sigvaður* sem notaður er af sigara við bjargsig. „Til siga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir)“ (MG; Látrabjarg).
- Mannaverk** (n, hk) Það sem gert/unnið er af mönnum. „Ég er ekki viss um hvort tóftin er náttúrusmið, eða hvort einhver mannaverki eru á henni“.
- Mannbjörg** (n, kvk) Björgun manna. „Til allrar hamingju varð mannbjörg í þessu sjóslysi“.
- Mannblendinn** (l) Félagslyndur; sækist eftir félagsskap. „Misjafnt er hve menn eru mannblendnir“.
- Mannblendni** (n, kvk) Sókn eftir félagsskap fólks.
- Mannborulegur** (l) *Góður með sig; brattur*; kotroskinn. „Strákurinn var bara skratti mannbortulegur“.
- Mannbroddar** (n, kk, fto) Gaddar sem settir eru undir fætur manns til að hann eigi öruggara um gang í hálfu. Ekki er vitað til þess að mannbroddar hafi almennt verið notaðir fyrr en á 20. öld.
- Manndómsár** (n, hk, fto) Fullorðinsár; tímabil þegar einstaklingur fullorðnast.
- Manndómsbragur** (n, kk) Vel gert. „Gakktu nú vel frá bátnum, þannig að einhver manndómsbragur sé að“
- Manndómsleysi** (n, hk) Kjarkleysi; skortur á hetjulund/þori. „Skelfingar manndómsleysi er þetta í þeim; að þora ekki niður í ganginn til að halda við endann“!
- Manndómsmikill** (l) Um mann; sterkur; áræðinn; öflugur. „Hann er nú aldrei þótt sérlega manndómsmikill blessaður“.
- Manndómstákn** (n, hk) Það sem talin eru einkenni manndóms/karlmennsku.
- Manndómur** (n, kk) Karlmennska; uppburðir; þor; þrek. „Ekki er nú mikill manndómur í þeim ef þeir eru að láta svona tikargjólu stoppa sig“!

Manndrápsbein (n, hk) Banabiti; lítið bein neðst á kjálkafiskinum innanverðum í *þorskhaus* (sjá þar). „Það var numið burt úr kjálkafiskinum, en væri það ekki gert átti sá hluti sem beinið var í að valda dauða þess sem á, og því nefnt *banabiti* (LK; Ísl sjávarhættir IV).

Manndrápsbolli / Manndrápsfleyta / Manndrápsdallur (n, kvk) Hættulegur bátur. „Báturinn reyndist *veltikolla* og var talinn manndrápsfleyta“. Dallur var yfirleitt notað um stærri skip.

Manndrápsbylur / Manndrápsveður / Manndrápsöskubylur (n, hk) Ofsaveður, svo hætt er við mannsköðum. Stundum þó notað í áhersluskyni: „Það er kominn á svartnættis manndrápsöskubylur“!

Manndrápsviður (n, kk) Viður sem menn vörudust að nota í báta, því þá yrðu þeir *feigðarfley/manndrápsbollar*. Þjóðtrúin segir að t.d. *blóðeik* sé manndrápsviður; einnig *selja* einkum *blóðselja*. Þá þurfti að huga vel að kvistum í viðnum; væru þeir vaxnir niðurávið var það manndrápsviður. Sumir munu hafa höggvið spón af fyrirhuguðum viði og fleytt á vatni. Sykki spóninn var um manndrápsvið að ræða.

Mannekla (n, kvk) Skortur á vinnufólki/mannskap. „Það lá við að yrði að fella niður slátrun vegna manneklu“.

Manneldi (n, hk) A. Fyrri tíma merking: Framfærsla *ómaga/niðursetnings* á heimili. Ef ómagar áttu engan að féll framfærsluskylda þeirra á heimahrepp þeirra, þingsókn, fjórðung eða landið allt eftir atvikum. Þeir voru þá vistaðir á bæjum sem niðursetningar; stundum fluttir ítrekað milli bæja. Þessi vist og kostnaðurinn við hana nefndist mannelði, og jöfnuðu hreppstjórar því niður eftir efnunum og ástæðum heimila. Eftir 1808 var mannelðisskyldan felld niður, en meðlagi ómaga jafnað niður á hreppsbúa. Eftir 1834 var ómögum ráðstafað til ársdvalar, gegn meðgjöf hreppsins. Urðu þá iðulega deilumál milli hreppa og ómagar fluttir *hreppaflutningum*. Þeir lögðust af með lögum árið 1934.

B. Fæði; matur; það sem ætilegt/hollt er. „Þetta kjöt er varla hæft til manneldis lengur“.

Mannelska (n, kvk) Ást; umhyggja.

Mannelskur (l) Hændur að fólki. „Yrðlingar geta verið mannelskir meðan þeir eru ungir, en þegar þeir eldast vaknar í þeim villidýrið“.

Manneskja (n, kvk) Mannleg vera; maður eða kona. „Einhverja tvífætta veru sá ég þarna í fjörunni, og ég þori að hengja mig uppá að ekki var það manneskja“! „Skyldi þessi lómur aldrei geta hagað sér eins og manneskja“?!

Mannfagnaður (n, kk) Samkoma til skemmtunar. „Með Fagrahvammi eignuðust sveitungarnir í fyrsta skipti sitt eigið félagsheimili til funda og mannfagnaða“.

Mannfall / Mannfellir / Mannfækkun (n, hk/kk/kvk) Dauði fjölda fólks, t.d. af harðindum, drepsóttum eða stríði. Sjávarbyggðir komust oft betur af þegar harðindi gengu yfir landið fyrir á tíð, með miklum mannfelli.

Mannfélag (n, hk) Orðið „samfélag“ hefur nú að mestu leyst þetta ágæta orð af hólmi. „Þeir (drykkjumenn) missa alla löngun til þess að *standa í skilum* við aðra, það sem þeim ber; og missa þar af leiðandi *tiltrú* í mannfélaginu“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Mannfjandi / Mannandskoti / Mannhelvíti / Mannskratti (n, kk) Blótsyrði um mann. „Getur mannfjandinn bara alls ekki skilið þetta“?!

Mannfjöldi (n, kk) Fjöldi fólks. Mannfjöldi hefur líklega ávallt verið mikill í Kollsvík, enda var þar bæði blómlegur búskapur og mikið útræði allt frá landnámi til síðustu áratuga. Þegar Jarðabókin var tekin saman árið 1703 voru 35 heimilisfastir á 4 bæjum í Kollsvík, auk þess sem um 20 hafa bæst við um vertíðina. Árið 1890 voru 44 skráðir til heimilis á 4 bæjum í vikinni. Mestur hefur mannfjöldinn á síðari tímum líklega orðið um og eftir 1910. Þá voru um 70 heimilisfastir. Á þeim árum, eða næstu þar á eftir, voru flestir bátar gerðir út frá Kollsvíkurveru eða 25-26. Sé við það miðað að fjórir hafi að meðaltali verið í áhöfn, og 4 bátanna verið heimabátar, hafa bæst um 90 manns við íbúafjöldann um vertíðina. Þá hefur mannfjöldi í vikinni verið um 160 manns. Einni öld síðar er Kollsvíkin komin í eyði. Fáeinir túristar og burtfluttir Kollsvíkingar stjálka um hina fyrrum fjölmennu byggð, og verstöðvar liggja í rústum.

Mannfólk (n, hk) Fólk; mennskir menn. „Heimalingurinn kunnir betur við sig hjá mannfólkinu en með öðru fé“.

Mannfýla / Manngrýla (n, kvk) Skammaryrði um mann. „Mikið andskotans *reginfífl* getur manngrýlan verið“!

Manngangur (n, kk) Reglur um leyfilegar hreyfingar taflmanna á skákborði. „Hann kenndi mér mannganginn, og helstu byrjendakúnstir í skákinni“.

Manngarmur / Manngrey (n, hk) Vorkunnarorð um mann; vesalings maður. „Hann ætti betra skilið, manngreyið“.

Manngengur (l) Sem maður getur gengið um. „Inngangurinn í Gvendarhelli er *réttssvo* manngengur, en hann er feiknavíður þegar inn er komið“.

- Mannglöggur** (l) Glöggur á að þekkja fólk; greinir fólk auðveldlega. „Ég hef aldrei verið sérlega mannglöggur, og kom þessum manni bara alls ekki fyrir mig“.
- Manngreinarálit** (n, hk) Mismunur manna; það að gera mannálit. „Ég fer ekkert í manngreinarálit með þetta; mér finnst að eitt eigi yfir alla að ganga“.
- Manngæska** (n, kvk) Velvild; hlýhugur.
- Mannheilt og ósjúkt** (orðtak) Góð tíðindi af fólki. „Héðan er lítið að fréttu, en allt mannheilt og ósjúkt“.
- Mannheldur ís** (orðtak) Svo þykkur ís að hann ber gangandi mann.
- Mannhæð / Mannhæðardjúpur / Mannhæðarhár / Mannhæðarþykkur** (n, kvk/ l) Jafn hár/djúpur/þykkur og meðalmaður. „Það voru mannhæðarháir skaflar ofanvið öll hús“. „Ef vel gekk gátu mógrafir orðið meira en mannhæð á dýpt, og var þá orðið býsna erfitt að kasta hnausum upp á bakkann“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Heim yfir Gálgasteinabrekkur, þar sem eru tveir rúmlega mannhæðarháir steinar með stuttu millibili“ (IG; Sagt til vegar II).
- Mannhætta** (n, kvk) Hættulegt að dvelja eða fara um. „Ekki eru mannhættur stórar á þessu svæði nema bjargbrúnnin“ (MG; Látrabjarg).
- Mannjöfnuður** (n, kk) Samanburður á einstökum mönnum/persónum; manngreinarálit. „Ég ætla nú ekki að fara í mikinn mannjöfnuð í þessum efnum, en mér finnst hann samt bera af öðrum“.
- Mannkerti** (n, hk) Lítil/ómerkilegur einstaklingur. „Hvað er nú þetta mannkerti að þenja sig núna“?
- Mannkostakona / Mannkostamaður** (n, kvk/kk) Kona/maður sem þykir búinn miklum kostum.
- Mannlaus** (l) Sem enginn maður er í. „Kollsvíkin hefur að mestu verið mannlaustr á vetrarlagi á síðustu árum“.
- Mannlegur** (l) Sem er eins og maður; breyskur; með mannlega eiginleika. „Þetta hlé var kærkomið til manlegra samskipta“ (PG; Veðmálið).
- Mannleysa** (n, kvk) *Liðleskja*; aumingi; *gaud*. „Óttaleg mannlleysa geturðu nú verið; að gefa eftir fyrir svona frekjuhundi“!
- Mannlíf** (n, hk) Líf fólks á tilteknu svæði. „Um aldaradur hefur blómlegt mannlíf blómstrað í Kollsvík eins og öðrum Útvíkum. Á faeinum árum hefur skammsýnum stjórnvöldum tekist að leggja það í rúst“.
- Mannorð** (n, hk) Æra/heiður hvers manns; orðspor/nafn sem hver maður aflar sér með framgöngu sinni og ævistarfi. „Maðurinn deyr, en mannorðið ekki“.
- Mannmargt** (l) Fjölmennt; mikill mannfjöldi; *margt manna*. „Það var nokkuð mannmargt á réttinni“.
- Mannmargur** (l) Með marga menn með sér. „Ég var ekki nógu mannmargur til að smala bæði svæðin í einu“. „Gefur að skilja að mörg þörfin hefur kallað að á svo mannmörgu heimili“ (sr Einar Sturlaugsson um Halldóru Halldórsdóttur og Grundaheimilið).
- Mannmergð** (n, kvk) Mikill fjöldi fólks; mannsöfnuður. „Það ætti einhvernvegin að takast að reka inn með allri þessari mannmargð!“
- Mannorðsmeiðandi / Mannorðsspillandi** (l) Slæmt fyrir mannorðið; setur blett á heiðurinn. „Það er mannorðsmeiðandi að taka þátt í svona ráðabruggi“.
- Mannorðsmeiðingar** (n, kvk, fto) Árásir á mannorði; illt/skaðlegt umtal. „Hann sagðist leggja það alveg að jöfnu við mannorðsmeiðingar að vera orðaður við þennan *ótætisflokk*“.
- Mannorðsmissir** (n, kk) Tjón á mannorði; skertur heiður. „Það er enginn mannorðsmissir þó maður lýsi yfir skoðun sem er á skjön við það hefðbundna“.
- Mannpersóna** (n, hk) Manneskja. „Eitthvað er þarna á ferðinni, en ég sé ekki hvort það er mannpersóna“.
- Mannraun** (n, kvk) Lífsháski; þrekraun. „...lentu í þeim hópi björgunarmanna sem í mestu mannræunina fór“ (MG; Látrabjarg).
- Mannræna** (n, kvk) Manndómur; dugur. „Merkilegt er það ef enginn flokkur hefur mannræna í sér til að berjast fyrir ævafornum rétti sjávarjarða“.
- Mannsaldur** (n, kk) Æviskeið manns. „Á Bökkunum meðfram öllum Grundagrjótum er túngarður, grjóthlaðinn; furðu heill þó staðið hafi viðhaldslaus í mannsaldur“ (HÖ; Fjaran).
- Mannsbragur** (n, kk) Glæsileiki; reisin; fagmannleiki. „Mér fyndist nú vera meiri mannsbragur að því ef allir hjálpuðust að við þetta verk“.
- Mannsins mál** (orðtak) *Mælt mál*; það sem sagt er. „Lækkaðu aðeins gargið í útvarpinu; það heyrir ekki mannsins mál hér inni“!

Mannskaðabylur / Mannskaðaveður (n, hk) Svo mikið óveður að menn farast eða mönnum er mikil hætta búin.

Mannskaði / Manntjón (n, kk) Dauðaslys; slys þar sem manntjón verður. „Skráð sjóslys eru fremur fá í Kollsvík, en í ljósi hinnar miklu og langvarandi útgerðarsögu má ætla að þar hafi alloft orðið mannskaðar fyrir á öldum sem ekki voru færðir í annála“.

Mannskapsfrekur (l) Krefst mikils mannskaps/mannafla. „Bjargsig var nokkuð mannskapsfrekt; einkum ef langt var farið niður. Lásasnag var það hinsvegar ekki. Jafnvel gat einn maður komist langt niður í kletta og náð miklu af eggjum. Betra var þó að tveir væru, til að koma fengnum upp“.

Mannskapslega (ao) Karlmannlega; hraustlega. „Hann bar sig ári mannskapslega og sagðist bara *brattur*“.

Mannskapslítill (l) Duglítill; þreklítill; aumur; amlóði. „Heldur finnst mér hann mannskapslítill til svona átakavinnu“.

Mannskapsmaður (n, kk) *Brekmennti; vel að manni; dugnaðarforkur*. „Hann var mannskapsmaður hinn mesti“.

Mannskapsmikill (l) Sterkur; stæðilegur; þolinn; úthaldsmikill. „Marínó var svo mannskapsmikill að nægilegt var að hann sæti einn undir vað í lásunum“.

Mannskapur / Mannafli (n, kk) Hópur fólks. „Síðan var farið í leiki, og færðist þá heldur betur fjör í mannskapinn“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Því nægur mannskapur var í fjörunni að taka á móti okkur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveru). „Gekk mjög vel að ná skipverjum í land, enda nógur og góður mannafla...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Mannskemmandi (l) Spillandi; verður manni til skaða. „Það má kalla að það sé mannskemmandi að koma nálæggt búskap, eins og stjórnmöld eru búin að búa um hnútana“!

Mannskepna (n, kvk) Maður; Homo sapiens. „Það er nú svona með mannskepna; án matar getur hún ekki verið langtímum saman“.

Mannskratti (n, kk) Blótsyrði/níðorð um mann. „Etlar mannskrattinn ekki að taka eftir kindinni rétt fyrir ofan hann í hlíðinni“?!

Mannslán (n, hk) A. Á fyrri tímum; vinnukvöð; þegnskylduvinna. Oft notað um skyldu leiguliða til að vinna hjá húsbændum sínum, t.d. við róðra í verum. B. Í seinni tíð; lán á manni; verkabýtti. „Ég skulda þér eiginlega manslán, síðan strákurinn þinn hjálpaði okkur að smala“.

Mannslát (n, hk) Andlát manns. „Sumir eru berdreymir, og dreymir jafnvel fyrir mannslátum“.

Mannslíki / Mannsmynd (n, hk/kvk) Eftirmynd manns. „Óvætturinn á Látraheiði er stundum sagður vera í mannslíki, en þó þannig að hausinn sé eins og ógreinileg hrúga uppaf öxlunum“.

Mannspillast (s) Blóta; formæla. Orðið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Mannstætt (l) Gerlegt að standa vegna hvassviðris. „Þvílíkt andskotans hávaðarok er þetta! Það er bara varla mannstætt uppi á háhálsinum“.

Mannsvit (n, hk) Vit eins og maður. „Sagt er að selurinn hafi mannsaugu og mannsvit“.

Mannsæmandi (l) Sem sæmandi/hæfilegt er mönnum. „Maður vill auðvitað fá mannsæmandi laun fyrir svona erfiðisvinnu“.

Manntalsfiskur (n, kk) Skattur sem vermönnumúr öðrum sýslum bar sumsstaðar að greiða til sýslumanns á dvalarstað. Þetta gjald var þó ekki innheimt í Láganúps- eða Kollsvíkurverum: „Lýng til eldiviðar rífa vermennirnir í Láganúpslandi. Þar er engin skipleiga. 1 skiphlutur. Allur hlutur skiptist ex æqvo (til jafnaðar) þá skift verður. Seglfiskar. Maðkafiskar engir. Manntalsfiskar engir. Hospitalshlutur skiptist þar“ (ÁM/PV Jarðabók).

Manntalsþing (n, hk) Manntalsþing voru lögboðin þing í hverjum hreppi, sem lögfest voru með Járnsíðu 1271-73. Þinginu var stjórnad af sýslumanni og það skyldu sækja allir þingfararkaupsbændur sveitarinnar. Á manntalsþingum var bókað hverjir skyldu greiða hina ýmsu skatta sem tíðkuðust á hverjum tíma, en auk þess fóru þar fram dómstörf, birting konungsbréfa og skipan hreppstjóra. Jónsbók tilskipaði einmánaðarsamkomu að vori (manntalsþing til jafnaðar) og hreppsfund að hausti (tíundarskiptifundur), en sá háttur hafði tíðkast frá þjóðveldisöld. Þingstörfin breyttust í tímanna rás, en manntalsþing voru víða haldin fram yfir 1990. Í lokin snerust þau mestmegnis um tilkynningar um friðlýsingar; eigenda- og ábúðaskipti á jörðum og launagreiðslur til hreppstjóra, auk þess sem tekið var við greiðslum opinberra gjalda. Auk þess voru manntalsþingin hluti þeirra samkoma í sveitunum sem héldu samfélaginu saman félagslega. Þangað komu menn ekki síður til að ræða saman og eiga góða stund. Þingstaðurinn í Rauðasandshreppi var einatt í Tungu í Örlygshöfn. Undir lok hreppsins var hann í Félagshöfninu Fagrahvammi; þar áður í þingúsinu á Leiti, skammt frá; en líklega

áður heima í Tungu. Þar stóð t.d. þinghald árið 1581, þegar Magnús sýslumaður þrúði kvað upp sinn fræga *vopnadóm*.

Manntetur / Manntötur (n, hk) Vorkunnaryrði um mann. „Hann getur illa að því gert, manntötrið, þó hann stami. Það er óþarfi að gera grín að því“.

Mannúð (n, kvk) Samkennd; miskunnsemi; góðverk; mannlegur skilningur á bágingum manna og skepna.

Mannúðarverk (n, hk) Það sem gert er af mannúð. „Ég held að það væri bara mannúðarverk að aflífa skepnuna, í stað þess að láta hana þjást svona“.

Mannvaður (n, kk) Vaður/festi sem notaður er til bjargsgiga; til að láta mann síga í. „Mannaður þarf að vera mun traustari en tildráttartaugar, fuglavaðir og eggjavaðir“.

Mannval (n, hk) A. Upprunaleg merking; úrvalsmaður; sá besti úr hópi manna. B. Síðari tíma merking; úrval af góðu fólki; úrvalslíð. „Þarna var mikið mannval samankomið“.

Mannvalsmaður (n, kk) Úrvalsmaður; mannval. „Hann var einn mesti mannvalsmaður sem ég hef *fyrirhitt*“.

Mannvera (n, kvk) Maður; manneskja. „Ætli nokkur mannvera kunni lengur þetta verklag“?

Mannvirki (n, hk) Það sem gert er af mannahöndum; framkvæmd; smíði.

Mannvits/vits er vant þeim er margt hjalar (orðatiltæki) Sá er heimskur sem bullar af vanþekkingu.

Mannvonska (n, kvk) Illt innræti; meinfýsi; slæmur hugur. „Ekki var þetta af hreinni mannvonsku hjá mér, heldur vissi ég ekki að hann væri niðri þegar ég dró upp spottann“.

Mannvænlegur (l) Um barn/ungling; efni í góða/nýta manneskju. „Þetta er hið mannvænlegasta barn“.

Mannýgur (l) Um naut; hættulegt mönnum; gjarnt á að ráðast á fólk. „Vertu ekki að hnoðast í kálfinum. Það verður til þessa þ hann verður mannýgur þegar hann eldist“.

Mannþröng (n, kvk) Þéttur hópur fólks. „Ég þurfti að olnboga mig í gegnum mannþröngina“.

Mansal (n, hk) Þrælshald. Merkti upphaflega sala á konum, en hefur í seinni tíð verið notað í víðri merkingu um margskonar frelsissviptingu í ágóðaskyni.

Mansöngur (n, kk) A. Inngangskafli rímu. B. Ástarljóð. Einvörðungu notað í þeirri merkingu nútildags. „Miður fagurt mansöngshjalið muna þyngir./ Sögu minnar sími hringir“ (JR; Rósarímur). „Mansöngs þrýtur mærdar skýtin lopa./ Andlits farða álkan svinn;/ ekki meira í þetta sinn“ (JR; Rósarímur).

Manúrerar (s) Hreyfa/færa til; hagræða; koma fyrir. „Setjið verkfærin þarna á bekkinn. Ég manúrerar þeim svo á sinn stað“.

Manúrerir (n, kvk, fto) Tilfærslur/hagræðingar hluta; uppröðun; bras. „Það kostaði allmiklar manúrerir að koma þessu öllu fyrir“.

Mar (n, kk) Haf; úthaf. Sjaldan notað nema í ljóðum og samsetningum, s.s. marflatur, marauður o.fl. „Heiglum vist á viðum mar/ varla hentug myndi./ Kænan fleytir kerlingar; knúin gýgjarvindi“ (JR; Rósarímur).

Mar / Marblaðra / Marblettur (n, hk/kk) Slys/meiðsli á skinni eða vöðva, sem orsakast af höggi eða klemmu, og sést stundum sem blámi vegna storknaðs blóðs í húð/vöðva, eða blaðra fyllt dökku blóði.

Mara / Mara í (hálfu) kafi (s/orðtak) Fljóta í yfirborðinu. „Var þá svo komið að báturinn maraði í sjólökunum, nær fullur af sjó“ (BS; Barðstrendingabók). „Báturinn maraði að mestu leyti í kafi, og mennirnir sátu í sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).

Mara (n, kvk) A. Óvættur sem, samkvæmt þjóðtrúnni, átti það til að ganga ofaná sofandi fólki og valda því martröðum og/eða andþyngslum. Líklega er þetta alþýðstýring á því sem nú er nefnt kæfisvefn. Notað á seinni tímum í líkingum: „Þetta liggur á honum eins og mara“. B. Hlýr vindur, einkum síðari hluta vetrar.

Marauður (l) Alveg auður; snjólaus. „Það er orðið marautt um allar jarðir eftir hlýindakaflann“.

Marabonkjaftæði (n, hk) Mikið málæði; endalaust bull. „Nú held ég að við ættum að fara að gera eitthvað, í staðinn fyrir að hanga endalaust yfir einhverju marabonkjaftæði sem engu skilar“!

Marabonsímtal (n, hk) Mjög/óþolandi langt símtal. Á tímum sveitasímanna gat notandi á einum bæ þurft að bíða all langan tíma eftir að notandi á öðrum bæ lyki símtali sínu, og þannig hefur orðið skapast. „Hverskonar skelfingar marabonsímtal ætlar þetta eiginlega að verða hjá hreppstjóranum“?!

Marbakki (n, kk) Bakki í sjó framan við lægsta fjöruborð, þar sem dýpi eykst verulega. „Líka vorum við vöruð við að vaða í sjónum við Rifið; svo við lentum ekki fram af marbakkanum“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms). Marbakki er víða mun lengra frá landi, t.d. í Patreksfirðinum sunnantil yst, þar sem hann er líklega um 2 sjómílar undan Hlíðunum.

Margbanna (s) Banna oft; margítraka bann. „Ég er búinn að margbanna ykkur að fíkta í klettunum“!

Marbendill (n, kk) Þjóðsagnavera sem sögð var búa í hafinu; maður að hálfu, en fiskur neðan mittis. Yfirleitt urðu sjómenn ekki varir við marbendla, á annan hátt en þann að þeir áttu það til að leysa króka af færum ef sökku var rennt í höfuð þeirra. Ef marbendill húkkaðist á færi og var dreginn úr sjó, átti að varast að horfa í augu hans; það boðaði mikla ógæfu; en gæfa fylgdi því að sleppa honum strax niður aftur. Hinsvegar var margýgur/hafmeyja lítt þekkt meðal sjómanna í Kollsvík, a.m.k. í seinni tíð.

Marblaðra / Marbóla (n, kvk) Dökk blóðfyllt bóla/blaðra þar sem mar hefur komið í húð. „Vertu ekki að sprengja marbóluna, þá getur hlaupið illt í þetta“!

Marflatur (l) Alveg flatur/sléttur/láréttur/liggjandi; flatur eins og sléttur sjór. „Hann lá marflatur og steinsofandi þarna milli þúfna; kúguppgefinn eftir átökin“.

Margar hendur vinna létt verk (orðtak) Verk sem er erfitt einum vinnst oft létt af mörgum.

Margbjóðast til (orðtak) Þjóða ítrekað fram aðstöð. „Við vorum búnir að margbjóðast til að fara aftur út í skipið“ (ÁH um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).

Margbúinn (l) Oft lokið við. „Var þá auðvitað margbúið að róta í blöðum í sjúkápnum... svo alveg er útilokað að lyklnir hafi verið í skápnum allan tímann“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).

Margháttuður (l) Á marga vegu; margvíslegur. „Ívar Ívarsson sagði í stórum dráttum frá störfum sínum að félagsmálum, sem hafa verið margháttuð...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Margs verður vís sá er árla rís (orðatiltæki) Sá sem er snemma á fótum fylgist betur með en þeir sem sofa frameftir.

Margt er skrítið í kýrhausnum (orðatiltæki) Ýmislegt furðulegt fyrirfinnst; margar eru furðurnar. Viðhaft þegar eitthvað undarlegt ber við eða merkileg staðreind kemur í ljós. Líklega sprottið af því að þó kýr séu almennt ekki taldar gáfaðar eftir stærð, þá hafa þær ýmsar sérgáfur. T.d. eru þær næmari á tíma og venjur en mannfólkið.

Margt er sér til gamans gert (orðatiltæki) Menn finna sér ýmislegt til að stytta sér stundir.

Margt smátt gerir eitt stórt (orðtak) *Safnast þegar saman kemur*; mikið getur orðið úr því sem lítið er, þegar mörg koma saman.

Margur geldur góðviljans (orðatiltæki) Stundum skaðast menn á því að hjálpa öðrum. „Hann er ekkert að flýta sér að skila verkfærunum sem ég lánaði honum. Það er víst svona; margur geldur góðviljans“.

Marflatur (l) Alveg sléttur/láréttur/flatur; pollsléttur. „Leirurnar haldast alltaf marflatar og sléttar“. „Við það að sjá þessa fallegu kjötbíta sem í skrinunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni“ (PG; Veðmálið).

Marfló (n, kvk) Ættbálgur lítilla krabbadýra (Amphipoda) sem lifa aðallega í sjó. Marflær hafa mjög þéttan líkama en enga skel; eru oftast brúnleitar á lit og misstórar. Líkaminn skiptist í 13 hluta. Höfuðið er samvaxið skrokknum og á því er tvenn pör af skynfærum; eitt af samsettum augum, og munn. Fætur liggja oftast lárétt upp að líkamanum neðanverðum. Fótapör eru átta; þau fremstu til mótunar; næstu fjögur til sinds áfram en síðustu 3 til sunds afturábak. Tálkn eru á brjóstholi og opið blóðrásarkerfi að hjartanu. Kirtlar á stirtlu stýra seltu í líkamanum. Marflær eru oftast undir einum cm að stærð; hin lengsta í heimi var 28 cm og var mynduð á miklu dýpi í Kyrrahafi. Þær eru hrætur lifa að mestu á leifum plantna og dýra. Þær eru algengar í sjó allt í kringum Ísland. Einkum verður vart við þær í tveimur tilfellum. Annarsvegar þegar net eru dregin með dauðum fiski sem marfló hefur lagst á. Hún er þar nefnd *hrái*, og fiskurinn kallaður *hráétinn*. Kveður stundum svo rammt að þessu á sumum stöðum, að fiskurinn er ekki nema bein og roð þegar dregið er; hafi hann legið dauður um tíma. Hinsvegar finnast marflær oft undir steinum og öðru í fjöru; frammi á útfiri. Skríða þær undir steina, þarblöð o.fl þegar sjór fellur út, ot bíða flæðinnar. Verður mikið uppnám í kösinni þegar hlutnum er lyft ofanaf. Gamli Kollsvíkingar sögðu að þegar Frakkar stunduðu veiðar á Íslandsmiðum hafi þeir stundum komið í land og leitað marflóa sér til matar, og étið þær lifandi. Hvað sem til er í því, þá eru marflær áreiðanlega herraannsmatur, ekki síður en rækjan, og vannýttur veiðistofn. Sumar tegundir marflóa lifa í ferskvatni. Sumarið 1998 ar sýnt framá að marflær í Þingvallavatni hafa lifað þar frá ómunatíð, og m.a. lifað af ísaldir og eldgos. Kann svo að vera víðar á landinu.

Margaðvara (s) Vara oft við. „Ég margaðvaraði hann um *mýrarvilpuna*, en samt óð hann beint úti hana“!

Margafsaka (s) Afsaka mörgum sinnum. „Hann margafsakaði sig á þessum leiðu mistökum“.

Margan blekkir báran (orðatiltæki) Menn vanmeta oft báru á sjó; einkanlega þunga undiröldu í logni, sem ekki ber mikið á þegar lítið er yfir hafflötinn. Kraftur hennar sést best þegar hún skellur á strönd/klettum.

Margan hefur auður apað (orðatiltæki) Sjá *margur verður af aurum api*, sem var oftast viðhaft.

Margan hendir það er minnst varir (orðatiltæki) Maður verður oft fyrir því sem maður varar sig síst á; margt skeður óvænt. Forn speki sem nokkuð er notuð.

Margan stelur vín viti (orðatiltæki) Gegnsæ og raunsæ speki.

Margar hendur vinna létt verk (orðatiltæki) Vinnan verður mönnum oftast léttari og fljótlegri ef margir vinna hana. „Við vorum snöggir að klára eftir að hann kom; margar hendur vinna létt verk“.

Margarín (n, hk) Smjörlíki; danskt smjör; óekta smjör. Margarín kom fyrst fram árið 1869; fundið upp af Frakkanum Hyppolyte Mége-Mournié, sem svar við beiðni Napóleons 3. um eitthvað í stað smjör sem viðbits fyrir hermenn og lágstéttirnar. Það var í fyrstu gert úr nautakjötsfitu og léttmjólk, en nú er smjörlíki framleitt í stórum stíl úr jurtaolíu og vatni; stundum að viðbættri mjólk, og notað sem viðbit og til ýmiskonar matargerðar og baksturs. „Ég er ekkert hrifinn af að nota þetta árans margarín í staðinn fyrir gott smér“.

Margausa (s) Ausa mörgum sinnum. „Báturinn var árans ekkisen lekahrip, og þeir þurftu að margausa hann í þessum stutta róðri“.

Margámálga / Margáminna (s) Minna ítreakað á; nefna oft. „Ég margáminnti hann um að taka með sér kíkinn“. „Ég margámálgaði þetta við hana, en hún eyddi því ætíð“.

Margbanna (s) Banna oft; margítraka bann. „Ég er búinn að margbanna ykkur að fíka í klettunum“!

Margbiðja (s) Biðja oft/ítreakað. „Þú getur þurft að margbiðja hann um þetta áður en hann lætur sig“.

Margbjóða (s) Bjóða oft/ítreakað. „Ég er búinn að margbjóða kúnum þetta, en þær líta ekki við því“.

Margblessaður (l) Vel/oft blessaður. „Guðlaun fyrir kaffið, og vertu svo ævinlega margblessaður“!

Margborga sig (orðtak) Vera vel þess virði; vera heillarád. „Það margborgar sig að fara heldur krók uppá veginn, í staðinn fyrir að paufast beint yfir urðina“. Mikið notað orðtak.

Margbreytilegur (l) Fjölbreyttur; litskrúðugur; sem breytist iðulega. „Tíðarfarið hefur verið margbreytilegt uppá síðkastið“. „Það má gera þetta með margbreytilegum hætti“.

Margbrotinn (l) Flókinn; fjölbreyttur. „Þetta er nú ekki mjög margbrotinn búnaður“.

Margbúinn (l) Oft búinn; ítreakað búinn. „Var ég ekki margbúinn að banna ykkur þetta strákar“?

Margbýlt (l) Staður með mörgum bæjum/býlum; fleirbýlt. „Í Kollsvík var stundum margbýlt“.

Margendurtaka (s) Segja margoft. „Ég margendurtók þetta, í þeirri von að hann myndi það“.

Margfaldlega (ao) Með margföldum hætti; margfalt; oftlega. „Það borgar sig margfaldlega að klára þetta í dag heldur en bíða með það til morguns, í svona ótryggu veðurútliti“.

Margforn / Margfyrndur (l) Sem búid er að fyra/geyma í mörg ár. „Ég er nú ekki alveg eiðfær með neftóbakið. Ég fann niðri í kistunni nokkur korn í dós; líklega margforn en vel brúklek held ég“. „Ég held ég gefi nú bara þennan stabba innst í hlöðunni; þetta er ágætis hey þó það sé margfyrnt“.

Margfróður (l) Mjög fróður; vel heima; fjölfróður. „Hann er margfróður í þessum efnum“.

Marggæta (s) Gá/gæta/skoða oft/ mörgum sinnum. „Ég skil ekki í því að þessar kindur hafi leynst þarna í lautinni; ég var búinn að marggæta þar“!

Margir (eru) kallaðir/tilkallaðir en fáir útvaldir (orðtak) Margir vilja komast/gera en fáum tekst það. „Margir voru tilkallaðir í þingsætin en fáir útvaldir“. Vísun í biblíuna; margir vilja komast í himnaríki en samkvæmt bókstafstrúnni þurfa sumir að dvelja í verri staðnum.

Margítreka (s) Ítreka/endurtaka oft. „Ég margítrekaði það við hann að gæta sín á skerinu“.

Margítrekað (l) Sem endurtekið/ítreakað hefur verið oft. „Honum tókst þetta ekki, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir“.

Marglesa (s) Lesa oft. „Ég er búinn að marglesa þetta, en aldrei tekið efti þessari villu fyrir“.

Margliði (n, kk) Fiskur með þá vansköpun að hlykkir eru á hryggsúlunni aftanverðri. „Margliði nefnist fiskur sem er með hlykki milli sporðs og gotraufarugga. Sá sem dregur slíkan fisk fær eins mörg hundruð á vertíðinni og hlykkirnir eru margir (ÓETH; LK; Ísl.sjávarhættir V).

Marglitur (l) Í mörgum litum. „Fuglinn var sérkennilega marglitur á vængjum“.

Marglofa (s) Lofa oft og mörgum sinnum. „Hann er búinn að marglofa þessu, en gleymir því jafnharðan“.

Marglytta (n, n, kvk) *Skollaskyrpa*; hvelja. Flokkur holdýra (Scyphozoa) með hlaupkenndan og skálarlaga bol. Marglyttur hafa eitt munnop og griparma í kringum það. Á gripörmunum eru stingfrumur eða brennifrumur, sem þær nota til að drepa sér til matar eða til varnar. Í brennifrumunum er eittrað efni sem getur valdið einskonar bruna á þeim lífverum sem fyrir verða; nægilegt til að drepa smáfiska og valda roða og kláða á hörundi manns. Stórar marglyttutegundir geta drepit menn á nokkrum sekúndum. Marglyttur hér við land eru á lirlustigi á vorin og vaxa jant og þétt þegar líður á sumarið og sjór hlýnar. Hérlandis lifa tvær hveljutegundir; brennihvelja (*Cyanea capillata*) og bláglytta (*Aurelia aurita*), og er sú síðarnefnda mun algengari. Síðsumars geta hveljur brennihveljunnar orðið nær 40 cm í þvermál. Hveljur bláglyttunnar verða öllu minni, eða nær 16 cm. Marglyttur geta orðið hvítleiðar síðsumars, einkum þeim sem stunda netaveiðar

innfjarðar, en stundum fyllast netin af marglyttu og veiða þá lítið, auk þess sem hveljan veldur sviða og leiðindum þegar hún kemur á hold fiskimanna. Þjóðtrúin segir þetta af sköpun marglyttunnar: eitt sinn gengu Jesús Kristur og Sankti Pétur meðfram sjó. Kristur hrækti í sjóinn og af því varð raðmaginn. Þá hrækti Sankti Pétur og af hans hráka varð grásleppan. Rauðmaginn þykir herraþingamatur og grásleppan þarfafiskur. Kölski var ekki fjarri þeim félögum og vildi ekki minni vera þegar hann sá hverju fram för. Úr hráka hans varð til marglyttan, en hún er ekki til neinna nytja.

Marglyttusúpa / Marglyttuvaðall (n, kvk/kk) Mikið magn marglyttu í sjó; þétt ský af marglyttu. „Skelfileg marglyttusúpa er þetta að verða hér inni í firðinum“. „Það hefur ekkert uppá sig að leggja ofaní þennan marglyttuvaðal; netin fyllast strax af þessum óþverra“.

Margmáll / Margorður (l) Segir margt; hefur mörg orð. „Ég veit ekki hvort ég á að senda þér þetta; það er svo margt. En margt kemur upp í hugann þegar byrjað er að skrifa“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Margmenni / Margmennt (n, hk/ l) Fjölmenni; margt fólk. „Það var margmenni á brúninni þegar ég kom upp“. „Ekki var nú margmennt á fundinum; bara örfáar hræður“.

Margmennur (l) Fjölmennur; með margna menn í liði. „Fyrrum var margmennt í Kollsvík“. „Hann þarf að vera nógu margmennur til að geta *hreinsmalað* svæðið með einhverri vissu“.

Margnefna (s) Segja oft; hafa orð á ítrekað. „Ég er búinn að margnefna þetta við hann, en ekkert gerist“.

Margnefndur (l) Sem nefndur er oft. „Margnefnd vík liggur fyrir opnu hafi“.

Margoft (ao) Ítrekað; alloft. „Ég hef farið um þennan gang margoft áður, en aldrei í svona bleytu“.

Margorður (l) Fjölorður; sem talar mikið. „Ég þarf ekki að vera margorður um þetta; svo þekkt sem það er“.

Margramannamaki (n, kk) Ígildi margra manna til vinnu; hamhleypa. „Í erfiðisvinnu eins og grjótburði var hann margramannamaki. Þar *stóð* honum *enginn á sporði*“.

Margreisa (s) Reisa oft. „Ég var búinn að margreisa kindina við, en hún stóð ekki á löppunum“.

Margreyna (s) Reyna oftsinnis. „Rokið var svo mikið að ég margreyndi að setja þrifótinn upp... en hann fauk alltaf burt“ (Óskar Gíslason kvikm.gerðarmaður, um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).

Margreyndur (l) Mjög reyndur; sem oft hefur reynt. „Ég er margreyndur í þessu“. „Þetta er margreynt“.

Margs/alls verður án sá er einskis biður (orðatiltæki) Sá sem aldrei biður aðra um neitt getur ekki ætlast til þess að *fá* allt *rétt* upp í *hendurnar*.

Margs er/verður vís sá er árla rís (orðatiltæki) Vísar til þess að sá sem lengi sefur missir af því sem skeður snemma dags. Sama merking og „*morgunstund gefur gull í mund*“.

Margsamanhnýttur / Margsamansettur (l) Hnýttur/settur oft saman. „Spottinn er grautfúinn og margsamanhnýttur“. „Þú ferð ekki í *langsíg* í margsamansettum vað“.

Margsannað (l) Oft búíð að sannreyna. „Þetta er margsannað mál; um það þarf ekki að deila“!

Margsegja (s) Segja oft. „Ég var búinn að margsegja þeim þetta“.

Margsinnis (ao) Oft; iðulega. „Ég nenni nú ekki að tryggja margsinnis í þig sama hlutinn“!

Margskipta (s) Skipta oft. „Nú ertu búinn að margskipta um skoðun í sömu þrættunni“!

Margskoða (s) Skoða oft. „Þarna er ekki lendandi; það er búíð að margskoða það“.

Margskonar / Margskyns / Margslags (l) Ýmiskonar; af mörgu tagi. „Hann bar fyrir sig margskyns ástæðum“. „Það kemur margslags *aukafiski* í netin, með grásleppunni“.

Margslitinn (l) Sem oft/mikið hefur slitnað. „Spottinn var grautfúinn og margslitinn“.

Margslunginn (l) Fjölbreyttur; margháttaður; fjölþættur. „Til viðbótar því sem þegar er sagt frá þessari margslungnu fjölskyldu í Neðribæ (á Lambavatni) verð ég að nefna gömlukonurnar tvær...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Margspyrja (s) Spyrja ítrekað; þráspyrja. „Ég margspurði hann eftir þessu en hann þvertók fyrir að hafa nokkurntíma heyrð á það minnst“.

Margstaga (s) Staga/sauma mjög oft. „Það er búíð að margstaga í þessa sokka; þeir fara að verða ónýtir“.

Margstagast á / Margtyggja í (orðtak) Þrástagast á; segja ítrekað. „Ég margstagaðist á þessu við hann“.

Margsvíkja (s) Svíkja oft. „Þeir eru búnir að margsvíkja öll sín kosningaloforð“.

Margt býr í þokunni (orðatiltæki) Margt getur verið nærri sem menn ekki sjá vegna þoku. Einnig notað í líkingum um það sem hulið er af öðrum ástæðum.

Margt/margs er að varast (orðatiltæki) Það þarf að vara sig á ýmsu; margt er hættulegt/varasamt.

- Margt/oft er gott sem gamlir kveða** (orðatiltæki) Spakmæli sem vísar til ágætis þess að nýta reynslu þeirra sem hana hafa.
- Margt er líkt með skyldum** (orðatiltæki) Viðhaft þegar hegðun/framferði skepnu/manns eða annars minnir á hegðun annars sem fallið gæti í sama flokk / talist gæti til sömu ættar.
- Margt er mannanna bölið** (orðatiltæki) Margt getur hrjáð mannskepnuna. Spekin er sennilega mjög gömul, en Stefán Ólafsson skáld notaði hana í upphafi ljóðs síns „Svanasöngur“: „Margt er manna bölið,/ misjafnt drukkið ölið,/ lífs um tæpa tíð./ Í dag byljir bíða,/ bjart er loftið fríða/ á morgun hregg og hríð“; o.s.frv.
- Margt er skrýtið í henni harmóníu / Margt er skrýtið í kýrhausnum** (orðatiltæki) Viðhöfð þegar eitthvað óvenjulegt/einkennilegt er á seyði/ ber við/ er til umræðu. Hið síðarnefnda langtum meira notað í seinni tíð. „Margt er nú skýtið í henni harmóníu; nú keppist þessi ríkisstjórn við að rífa það niður sem hún böðlaðist við að koma á lappirnar í fyrri“! „Nú vilja þeir láta rækta gætur án kjöts, þessir blessaðir gáfumenn þarna í háskólanum; já það er margt skrýtið í kýrhausnum“.
- Margt er talað (og misjafnt)** (orðatiltæki) Ekki er allt jafn gáfulegt sem menn segja.
- Margt er það í koti karls sem kóngs er ekki í ranni** (orðatiltæki) Vísar til þess annarsvegar að margt er ekki unnt að fá með peningum/auðæfum, og hinsvegar að maður lumi á stundum það sem aðrir eiga ekki. Forn speki.
- Margt fer öðruvísi en ætlað er/var / Margt fer á annan veg en ætlað var** (orðatiltæki) Notað um óvænt endalok, eða slæmar lyktir mála.
- Margt getur hent á langri leið / Margt getur skeð á löngum tíma** (orðatiltæki) Auðskilin og algeng speki.
- Margt/ýmislegt hefur á dagana drifið** (orðatiltæki) Margt hefur skeð á tímabilinu. „Margt hefur á daga mína drifið síðan þetta skeði, þó það sé misjafnlega frásagnarvert“.
- Margt manna** (orðtak) *Mannmargt*; fjölmennt. „Ég var í samkvæmi á Bíldudal. Þar var margt manna“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Margt og mikið** (orðtak) Fjölmargt. „Hann sat lengi í kaffi, og spjallaði margt og mikið“.
- Margt skipast á mannsævinni / Mörg er mannsævin** (orðatiltæki) Margar breytingar verða hjá manni yfir ævina.
- Margt smátt gerir eitt stórt** (orðatiltæki) *Safnast þegar saman kemur*. „Það munar kannski lítið um hvern hagalaðinn, en margt smátt gerir eitt stórt“.
- Margtyggja** (s) Margsegja; segja oft. „Það var margtuggið í strákana að þeir mættu ekki fara á sjóinn í tunnubátunum, en auðvitað var það þá mest eftirsóknarvert“.
- Margumræddur / Margumtalaður** (l) Títtnefndur; oft nefndur. „Ekki er reynt að leysa margumræddan byggðavanda“. „En sú þróun mála væri *svik* við byggðarlagið og þá margumtöluðu byggðastefnu sem allir vilja eiga og telja sig vinna fyrir“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Margur drukknar nærri landi** (orðatiltæki) Notað um það þegar menn tapa baráttu þó skammt virðist í sigur. Líkingin er augljós við hættulegt starf sjómanna; einkum fyrr á tímum meðan sjómenn voru ósyndir. Tvær drukknanir urðu í Kollsvík á öndverðri 20. öld, rétt við landið.
- Margur er knár þótt hann sér smár** (orðatiltæki) Sumir eru duglegir/öflugir þó smáir séu.
- Margur er rámur en syngur samt** (orðatiltæki) Menn syngja flestir eitthvað, jafnvel þó söngroddin sé að sumra áliti ekki fögur. Oft viðhaft sem hvatning til manneskju að taka þátt í söng, eða sem afsökun.
- Margur er rikari en hann heldur/hyggur** (orðtak) Menn átta sig ekki alltaf á því sem þeir eiga. Oft viðhaft þegar menn finna það í fórum sínum sem þeir vissu ekki af áður.
- Margur fellur á sjálfs síns bragði** (orðatiltæki) Mörgum verður það að falli sem hann ætlaði að nota til að koma öðrum í klípu. Sjá *falla á eigin bragði*.
- Margur fær lof fyrir lítið (og last fyrir ekkert)** (orðatiltæki) Vísar til þess að hrósi er oft beitt í óhófi, og sömuleiðis eru saklausir oft skammaðir. Síðari hluti spakmælisins heyrðist ekki í Kollsvík í seinni tíð.
- Margur gefur gull við eyri** (orðatiltæki) Sumir hafa svo lítið verðskyn að þeir myndu jafnvel láta gullpening í stað koparpenings (eyris).
- Margur heldur mig sig** (orðatiltæki) Viðhaft sem andmæli við því að annar reyni að líkja mælandanum við sig. „Hann fullyrta að ég hefði örugglega fallið í sömu freistinguna í hans sporum; ja, margur heldur mig sig“!
- Margur hver** (orðtak) Hver sem er af mörgum; ýmis. „Margur hver myndi víst vilja eiga slíkan grip“. „Ég neita því ekki að sjálfstæðismenn eru skynsamir; margir hverjir, en þá gjarnan í eigin þágu“.

Margur hyggur auð í annars garði/húsi (orðatiltæki) Speki; sumir öfunda aðra af auði/ríkidæmi/gæfu sem er svo ekki meiri en hjá þeim sjálfum.

Margur hyggur/ætla mig sig (mátulega dyggan) (orðatiltæki) Maður heldur oft að aðrir séu jafn breyskir og maður er sjálfur.

Margur láir það öðrum sem hann ætla að sjálfum líðist (orðatiltæki) Mörgum hættir til að hneykslast á gerðum/framferði annarra, en eru svo öngvu betri sjálfir.

Margur mælir fagurt en hyggur flátt (orðatiltæki) Almenn sannindi. Menn segja gjarnan allt annað og fegurra í viðurvist þess sem um er rætt en honum á bak. Sumir eru þó hreinskilnari en aðrir.

Margur seilist um hurð til lokunnar (orðatiltæki) Margur *leitir langt yfir skammt*; maður fer stundum langa og erfða leið að marki sem auðveldari leið er að. Vísað er til loku á hurð, og það að maður teygi sig í lokuna á gagnstæðri hlið hennar.

Margur sparar eyrinn en kastar krónunni (orðatiltæki) Um það þegar maður tímur ekki að leggja í lítinn kostnað sem í raun sparar manni stórfé/ skapar mun meiri ávinning. Var fyrrum þannig;“ margur sparar skildinginn en sóar dalnum“.

Margur veit og varast ei (orðatiltæki) Stundum ana menn út í hættu eða önnur afgangur þó þeir hefðu mátt vita betur. „Margur veit og varast ei; ég hefði auðvitað átt að vita af þessum fjandans pytti“!

Margur verður af aurum api (orðatiltæki) Visar til þess að auður verður mönnum ekki alltaf til gæfu, heldur er upphafið á ógæfu sumra. Komið úr Hávamálum: „Veita hinn/ er vætki veit,/ margur verður af aurum api./ Maður er auðigur,/ annar óauðigur,/ skylit þann vitka vár“ (úr Hávamálum). Sá er heimskur sem veit ekki að peningar gleþja; sumir eru ríkir en aðrir ekki, en ekki skal fyrirlíta þann fátæka. Þekkt var einnig; *margan hefur auður apað*, en öndvert er; *græddur er geymdur eyrir*.

Margurhver (l) Margir; margur maðurinn. „Margurhver hefði nú gefist upp fyrir löngu í hans sporum“.

Margúa / Margýgur (n, kvk) Hafmey.

Margvafinn (l) Innpakkaður; sívafinn. „Tóbakspontan var margvafin inn í vasaklúttinn“.

Margvelta (s) Velta margoft. „Óvanir hleðslumenn þurfa að margvelta steininum fyrir sér til að sjá hvernig hann fellur, en vanur maður sér það á augabragði“.

Margvefja (s) Sívefja; vefja ítrekað. „Lambið var búið að margvefja vírnum um hornin á sér“.

Margvitað (l) Vel vitað; hefur oft uppgötvað. „Það er margvitað að þetta getur ekki gengið“.

Margvitur (l) Veit margt; fjölfróður. „Í þessum efnunum er hann margvitur“.

Margvígður (l) Vígður oftast en einusinni. „Ef börn eru skírð heima hér í Víkinni þá er enn tekið skírnarvatn úr lindinni (Gvendarbrunni). Síðan var talið heilsusamlegt fyrir augun að baða þau úr margvígðu skírnarvatninu“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).

Margvíslega (ao) Á margan hátt. „Það má leysa þessa gátu margvíslega“.

Marvíslegur (l) „Hann las upp margvísleg skjöl sem málið vörðuðu“.

Margþakka (s) Þakka mjög mikið/oft fyrir. „Hann margþakkaði mér fyrir þennan greiða“.

Margþveginn (l) Þveginn margoft. „Enn er brækjulyktin úr buxunum, þótt þær séu margþvegnar“.

Margþættur (l) Gerður af mörgum þáttum/atriðum. „Hér er við margþættan vanda að etja“.

Margæfður (l) Margoft æfður/þjálfður. „Hann kundi þetta utanað, enda margæfður í rullunni“.

Marhálmur (n, kk) *Zostera angustifolia*. Graskennd jurtt af marhálmsætt, sem vex í sjó á grunnsævi, einkum við vesturströnd landsins. Marhálmur vex líklega ekki á Kollsvík, en er sumsstaðar að finna innfjarðar, t.d. á marbakkanum sunnantil í Patreksfirði, eftir að kemur innfyrr Hænuvík. Kom þar iðulega í grásleppunet.

Marhnútur (n, kk) *Myoxocephalus scorpius*. Fiskur sem algengur er allt í kringum landið. Heldur sig á grunnsævi á sumrum, en dýpra á veturnum. Fremur latur fiskur og hreyfir sig lítið; fæðan er krabbadýr, seyði o.fl. Brúnleitur og flekkóttur, og geta flekkirnir verið gulir, rauðir, grænir eða bleikir, þannig að hann fellur vel saman við sjávarbotninn. Lengdin verður allt að 40-60 cm. Á haus og tálkna lokum eru margir hvassir broddar, og hjá hængnum eru þeir eittraðir á mökunartímanum. Marhnúturinn hefur fremur flatan haus, stóran kjaft of þykkar varir og þykir ekki smáfagur. Bakuggar eru tveir og háir og eyruggar eru einnig stórir. Kviðuggar langir og mjóir. Bolurinn er þykkastur aftan höfuðsins, en mjókkar mjög aftureftir. Hann er því ekki matarmikill, og var ávallt talinn óætur áður fyrr. Á síðari tímum hefur þó sannast að hann er ágætlega ætur, en oft illa haldinn af ormi.

Mari (n, kk) A. Lóðrétt stoð; stólpi; uppistaða. Oftast notað í seinni tíð í sambandinu *rúmmari*. B. Þýður vindur að vetrar- eða vorlagi.

Marías (n, kk) Tveggjamanna spil sem oft var spilað í Kollsvík, bæði á bæjum sem í Verinu. Fimm spil eru á hendi hjá hvorum; stokkur á hvolfi í borði og spil þversum upploft undir honum er vísbending um tromp. Spilað er uppá slagafjölda; hærra spil vinnur án bekenningar. Dregið er úr stokk eftir hverjum slag, þannig að alltaf séu 5 spil á hendi. Eftir að stokkur í borði er uppurinn er skylda að bekenna. Talin eru stig úr slögunum, þannig að öllu undir 10 er hent frá sem hundum. Tíán gildir 10 stig, gosinn tuttugu o.s.frv. Fyrir venjuleg hjón eru 40 stig, en tromphjón 80. Allir gosarnir er gosagrikkur; allar drottningar drottningargrikkur o.s.frv og eru stigin summa þeirra.

Maríubjalla (n, kvk) Sérstök ætt kúlulaga bjallna; Coccinellidae, sem í eru um 4.500 tegundir á allri jörðinni. Hérlendis finnast tvær tegundir; mariuhæna; Coccinella undecimunctata, og mariútítla; Scymus limonii. Mariuhæna er um 4 mm á lengd, með svart höfuð og á skjaldvængjunum eru ellefu svartir dílar. Þær eru venjulega á ferli frá því snemma á vorin og fram í september. Þær verpa fyrri hluta sumars og lirfurnar eru fullvaxnar og púpa sig í ágúst. Bjöllurnar skriða úr púpu snemma hausts og leggjast síðan í dvala þegar kólna tekur. Þær finnast í gróðurlendi, og verður oft vart í Kollsvík. Mariútítla er mun minni en mariuhænan, og með einn aflangan rauðan flekk á hvorum skjaldvæng. Finnst á láglandi um allt land. Mariuhænur nærast á blaðlúsúsum.

Mariuerla (n, kvk) Motacilla alba. Litill spörfugl af erluætt. Búsvæði mariuerlu er opið land, oft nálægt vatni og mannbústöðum. Má iðulega finna haganlega fléttaðar hreiðurkölfur inni í hinum mörgu steinhlöðnu gördum og tóftum í Kollsvík. Að sumarlagi er mariuerlan grá að ofan og hvít að neðan; með áberandi svartan blett á kverk og niður á bringu; svartan koll og svart stél með hvítum jöðrum. Dekkri vængir með hvítum vængbeltum. Kvenfuglinn er dauflitaðri en karlfuglinn, og ungfuglinn enn daufari. Mariuerlan er síkvikur og fjórlegur fugl. Mariuerlan er farfugl sem yfirgefur Ísland í ágúst-september og heldur til vetrarstöðva í vestanverðri Afríku. Varp tíminn er í síðarihluta maí, og ungar verða fleygir seint í júní. Fæðan er ýmis smádyr og skordyr.

Mariufiskur (n, kk) Fyrsti fiskur sem maður dregur á ævinni. Í Kollsvík var sagt að hann skyldi gefinn fátækum eða öldruðum. „Minn mariufisk dró ég líklega þegar ég var um 6 ára. Var ég látinn gefa hann Hildi ömmu minni, til að hafa í heiðri gamlan sið“ (VÖ). „Mun hann í fyrndinni, eða í kaþólskri tíð, hafa verið heitfiskur og þá gefinn Mariu mey til fiskiheilla þeim sem á hana hét“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). „Fyrsti fiskur sem dróst á skip og var hann gefinn fátækum... Mun elt hafa eftir af páfadómi“ (ÁM/PV; Jarðabók). „Ég verð var og fæ minn Mariufisk. Hann á að gefa í Guðskistuna samkvæmt þjóðtrúnni. Ég læt hann til hliðar. Kannski gef ég kettinum hann, ef ég man“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Mariuhæna (n, kvk) Sjá *mariubjalla*.

Mariukjarni / Marinkjarni (n, kk) Alaria esculenta; brúnþörungur allstór sem algengur er framarlega á útfiri og var mikilvægur, bæði til fjörubeitar og stundm til manneldis. Þöngulhaus heldur jurtinni við klappir og stórgrýti en blaðkan er stór og með flatrí og mikilli miðtaug. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá staðið hjá yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var og bitfjöru um stórstraum. Mest sótti féð í söl og mariukjarna“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Mariumessa (n, kvk) Messur helgaðar Mariu mey, en þær voru alls sjö í *katólskri trú*. Fyrst í árinu var hreinsunardagur Mariu, 2. febrúar; öðru nafni og kunnari sem *kyndilmessa*. Önnur var Mariumessa á föstu, 25. mars; öðru nafni Boðunardagur Mariu. Þriðja var vitjunardagur Mariu, 2. júlí, í minningu þess að María heimsótti móður Jóhannesar skírara. Fjórdá var Mariumessa hin fyrri, eða himnaför Mariu, 15. ágúst; dánardagur Mariu. Fimmta var Mariumessa hin síðari, 8. sept; fæðingardagur Mariu. Sjötta var Mariu offurgerð, 21. nóv; minningardagur þess að María var sem barn vígð Guði í Musterinu. Sjöunda var getnaðardagur Mariu, 8. des; minning þess að María var getin án erfðasyndar.

Mariustakkur (n, kk) Alchemilla vulgaris. Blóm af rósaætt; algengur er um allt land þar sem skjólsælt er; algengur í Kollsvík. Um þrjár undirtegundir er að ræða; hliðarmariustakk, sem er algengastur; hnoðarmariustakk og silfurmariustakk, og má greina nokkurn mun á þeim við nánari skoðun. Blöð eru allstór; handstrengjött, kringlótt eða nýrnalaga með tenntum sepum. Stofnblöð eru stilköng en stöngulblöð nærri stilklaus. Blómin eru krónulaus, en með fjórum bikarblöðum og jafnmörgum utanbikarblöðum. Blómskipun er gisinn skúfur með þéttstæðum blómum. Blöðin eru vaxkennd og myndast því stórir dropar á þeim sem sögð voru vera tár Mariu meyjar. Af þeim er nafn jurtarinnar dregið. Þjóðráð þykir að þvo augun úr þeim. Gott þótti að merja mariustakk og leggja við sár og bólgur; koma reglu á blæðingar og draga úr tíðaverkjum. Plantan var mikið notuð til litunar. Sú var trú að svæfi maður á mariustakki sæktu síður að mönnum martraðir og ótti.

Mariúsvunta (n, kvk) A. Ulva lactuca. Blaðlaga þunnur grænþörungur; um 5-15 cm að lengd og 3-10 á breidd, en getur orðið um stærri. Hún situr á klöppum og grjóti, fest með litilli skífu, og uppaf henni er stuttur stilkur með einu heilu blaði; bylgjóttu; þunnu; heilrenndu og fagurgrænu á litinn. Bláðið slitnar með aldrinum og göt koma í það. Mariúsvunta líkist nokkuð öðrum grænum himnum sem vaxa í fjörunni, m.a. grænhimnu og margljúju. Mariúsvuntu rekur iðulega á fjörur í Kollsvík, og vex því örugglega þar á

grunnsævi. Mariusvunta var einnig nefnd slavak, uppá írsku tungu, og gæti orðið „salat“ verið af því dregið. Þörungurinn er prýðisgóður til átu, þó ekki fari sögur af nýtingu hans í Kollsvík.

B. Þunnur vöðvi sem liggur utaná kinnfiskinum í þorskhaus.

Mariútása (n, kvk) *Cirrocumulus*. Ein tegund háskýja; skýjabreiða í 6-10 km hæð, oft grísjótt og gerð úr hnoðrum, sem vegna fjarlægðar frá yfirborði eru örsmáir og mynda oft bönd eða rákir. Mariútása sést stundum við jaðar bliku, enda úr ískristöllum eins og hún, og oft eru klósigar nærri mariútásu. Jafnan sést mariútása ekki nema í góðviðri.

Mariuvöndur (n, kk) *Gentianella campestris*. Blóm af mariuvandarætt. Mariuvöndur er algengur á þurrum snöggrónum böllum, eins og t.d. sandböllum í Kollsvík. Blóm eru dökkfjólublá eða purpurauð. Tviær planta. Krónan er pípulaga, um 2 cm á lengd; bikar klofinn langt niður; stöngull stinnur og gáraður; blöðin egglesulaga 2-3 cm að lengd; hárlaus og heilrend. Blómgast í júlí-ágúst. Líklegt er talið að átt sé við mariuvönd, þar sem í þjóðtrúnni er rætt um huliðshjálmgras. Vaxi það í kirkjugarði skal taka það um messutíma; stökkva yfir það vígðu vatni; gæta þess að snerta ekki með berum höndum; láta sól ekki skína á það, og geyma í hvítu silki og helguðu messuklæði. Vilji maður ekki láta sjá sig skal gera kross í kringum sig í fjórar áttir; bregða yfir sig grasinu, og hverfur maður þá sjónum annarra.

Mark (n, hk) A. Fjarmark; skurður/ben í jaðar á eyra sauðkindar sem helgar hana eiganda sínum. Ben þau sem mynda mörk eru af nokkrum gerðum, og hafa líkastil verið lítt breytt frá grárri forneskju. Af þeim algengustu má nefna bita; stýfingu; sneiðingu; fjöður; hóf; vagl; blaðstýfingu; sýlingu; sneiðrifu; stúfrifu; ; heilrifu; hömrún og gat. Fjöldi, samsetning og staðsetning benjanna myndar mark hvers fjáreiganda. T.d. var mark Guðbjartar Guðbjartssonar á Láganúpi Stýft og gagnbitað hægra; stýft vinstra. Mark Össurar Guðbjartssonar á Láganúpi var biti aftan hægra; sneitt aftan og biti framan vinstra. Mark Halldóru Kristjánsdóttur Grundum, og síðar Valdimars Össurarsonar Láganúpi, var sneitt aftan og biti framan hægra. Venja er að tilgreina alltaf öll ben á hægra eyra og síðan á því vinstra. Misjafnt var hve vel mönnum fórst mörkun úr hendi; gat stundum orðið markleysa hjá sumum. Einnig var mjög misjafnt hve menn voru markaglökkir. Markað var með vel brýndum vasahníf, en á síðari tímum með markatöng. Lömb voru mörkuð ung; oft eins til þriggja sólarhringa gömul, en þá blæddi minna en ef þau voru eldri. Einnig voru notuð *brennimörk* og *eyrnamerki* sem auðkenni á fé. Sjá einnig *eyrnamark*. B. Það sem tekið er mið af; viðmið. „Ég tek nú lítið mark á svona vitleysu“! „Svör drengsins þóttu til marks um góðar gáfur“. C. Endapunktur; lokatakmark. „Ég var fyrstur í mark í víðavangshlaupinu á 17. júní“.

Mark (n, hk) Dylla; dyndla; sá hluti í *spyrðustæði* steinbits sem ekki er skorinn upp við flatningu að gömlu lagi; aftasti hluti stírtlu steinbits, framan við sporð. (sjá *steinbítur*). Orðið er til í ýmsum merkingum, en ekki er vitað til að þessi hafi þekkt utan Útvíkna, þar sem mest var verkað af steinbít.

Marka (s) A. Taka mark á; hlusta með athygli á. „Ég marka það nú lítið þó þessi vitleysingur sé að gaspra eitthvað“! B. Setja mark á lambseyru/reka eða annað. „Ég ætla að fara að marka og bólusetja“. C. Setja skil; merkja; tákna. „Breytingar á verðlagi og framleiðslutakmarkanir mörkuðu þáttaskil í landbúnaði“.

Marka fyrir (orðtak) Móta/móa fyrir; sjást ummerki um. „Þarna markar enn fyrir búdatóftum hér og þar“.

Marka í (orðtak) Spora; móta fyrir fótsporur. „Skriðurnar eru varasamar og svo harðar að það markar ekkert í þegar farið er yfir þær“.

Marka (einhverju) bás (orðtak) Skilgreina takmörk einhvers; takmarka starfssvið/valdsvið/heimildir einhvers.

Marka sér bás (orðtak) *Hasla sér völl*; vinna sig í álit á vissu sviði; sérhæfa sig í. „Með þessum skrifum markaði hann sér bás sem helsti fræðimaður þjóðarinnar á þessu sviði“.

Marka undir (orðtak) Þegar maður markar lamb þá markar hann það undir sitt mark eða annars markeiganda; markar það sér eða öðrum.

Marka upp (orðtak) Eyrnamarka fé sem er með ógreinilegu eða röngu marki. „Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt...“

(Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). „Oft er kaupafé markað upp á eyrum, ef hægt er að breyta fyrra marki með góðu móti í mark kaupandans. Sumir fjárríkir bændur, sem stóðu mikið í fjárkaupum, áttu svokölluð undanfæringarmörk, þar sem svo mikið var tekið af eyranu að hægt var að nota þau til að marka upp kindur með svo að segja hvaða marki sem var. Þessi mörk voru stundum kölluð soramörk“ (Stefán Aðalsteinnsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). „Erindi mitt við þig, segir hún, er að biðja þig að útvega mér mark á kindurnar mínar er sé svo náð þínu marki að auðvelt sé að marka upp frá mér til þín“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Markatöng (n, kvk) Klippitöng/bítur til að marka lömb. „Afi notaði aldrei markatöng; honum fannst betra að nota vel brýndan vasahníf“.

Markaskrá / Markatafla (n, kvk) Skrá yfir gild fjármörk á tilteknu svæði og eigendur þeirra. Markaskrá var þarfaping á hverju býli, og ómissandi á réttum og í sláturhúsi. „Ívar Ívarsson ræddi nokkuð um sauðfjármörk og markaskrá“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Markavörður (n, kk) Maður sem hefur það opinbera hlutverk að sjá um rétta skráningu gildra marka í markaskrá, og skera úr um lögmæti marka í eigu hvers manns. Síðasti markavörður í Rauðasandshreppi var Júlíus Reynir Ívarsson á Móbergi.

Markeigandi (n, kk) Réttur eigandi fjármarks, og þess fjár sem undir það er markað.

Markglöggur (l) Þekkir mikið af mörkum og hverjir eru eigendur þeirra. „Guðbjartur bóndi á Láganúpi var mjög markglöggur, og til hans leitað á réttum ef skera þurfti úr“.

Markhelmingur / Graðhelmingur / Dálkahelmingur (n, kk) Annar helmingur flakaðs steinbíts (sjá *steinbítur*). „Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem héngu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. Annar kallaðist *meyjarhelmingur*; og honum fylgdi gotraufarugginn/*meyjarugginn*, en hinum fylgdi bakugginn og markið; nefndist markhelmingur/graðhelmingur/dálkahelmingur. Ennfremur var talað um steinbítshelming eða aðeins *helming*... Yngsta aðferðin var að flaka hann og voru flökin þá kúluð eða skorin í tvö *strengsli* með *bandshaldi*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

Marki brenndur (orðtak) Gallaður; einkenndur; með annmarka. „Hann er því marki brenndur að geta aldrei haldið sér saman þegar aðrir vilja ræða málin sín í milli“. Líking við *brennimerkingu* sauðfjár. Sjá *því marki brenndur*.

Marklaust/marklítið bull/hjal/kjaftæði/rugl/tal (orðtak) Bull; tal/umræða sem ekki er hægt að taka alvarlega. „Þetta er bara marklaust hjal“.

Markleysa (n, kvk) *Staðleysa*; vitleysa; það sem ekki er mark á takandi. „Ég sagði föður mínum frá draumnum, og töldum við hann markleysu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Markverður (l) Merkilegur; eftirtektarverður. „Fátt markvert gerðist í ferðinni“.

Markviss (l) Sem stefnir að tilteknu marki. „Hann hefur lengi unnið markvisst að þessu“.

Markönglar (n, kk, fto) Krókar sem sumstaðar á fyrri tíðkaðist að hásetar fengju að hafa á lóðum þeirra útvegsbænda sem þeir reru hjá, og hirða af þeim aflann af óskiptu. Brögð voru að misnotkun á þessu, og því var þetta afnumið með „marköngladómi“ á Nauteyri árið 1567. Um notkun marköngla er ekki vitað í Kollsvikurvegum, en ekki er ólíkleg að hún hafi tíðkast á fyrri öldum línuveiða.

Marteinsmessa er 11. nóvember, og var talinn spá fyrir um veður. Fjúk og dimmviðri þann dag vissi á umhleyplingasaman og kaldan snjóavetur. Heiðrikja boðaði staðviðri og jafnvel frostavetur.

Marþýður (l) Alveg þýður; frostlaus. „Jörð var orðin marþýð fyrir páska, en svo hljóp hann í beinfrost“.

Marr (n, hk) Urg; brakhljóð; surg. „Ég vaknaði við marrið í hurðinni“.

Marra (s) Hljóðið sem heyrir þegar snjór pressast saman undir fæti. „Það marrar í spori“.

Marsera (s) A. Um hermenn; ganga í takt. B. Um manneskjur og skepnur; ganga; skálma. „Ég ætlaði að fara að gera dauðaleit að hrútuðum þegar ég sá þá koma marserandi niður Hjallana“.

Marsvín (n, hk) Grindhvalur; *Globicephalia melas*. Allstór tannhvalur af ættkvísl grindhvala. Sívalur um búkinn; gildastur framanvið miðju en mjókkar til beggja enda. Hausinn er stuttur en hátt og kúpt enni sem skagar yfir stutt trýnið. Í hvorum skolti eru 8-13 tennur. Horn á baki er aftursveigt og framanvið mitt bak. Bægslin eru löng og mjó. Kýrnar verða allt að 5 metra á lengd, en tarfarnir yfir 6 metrar og 1.700 kg. Fullorðin dýr eru svört eða dökkbrún, en með hvítan blett á bringunni. Kálfar fæðast dökkgráir. Marsvínið er hópdyr sem heldur til á úthöfunum á vetrum en fylgir smokkfisk upp á grunnnið á sumrin, en smokkfiskur er aðalfæðan. Í hverri hjörð grindar geta verið mörgþúsund dýr. Ekki er óalgengt að höfrungar sláist í hópinn. Grindhvalir synda stundum hópum saman uppá land, en ástæða þess er ekki þekkt. Hérlendis hafa aldrei verið stundaðar skipulegar veiðar grindhvals, eins og gert er í Færeyjum, en strandaðir hvalir hafa verið nýttir. Marsvín rak á fjörur í Grundagrjótum í Kollsvík sumarið 2016; nær 6m langt.

Marteinsmessa (n, kvk) Hún er 11. Nóvember, og kennd við Marteín biskup í Tours í Frakklandi, sem á að hafa dáið í kringum árið 1400. Hann var rómverskur hermaður sem snerist til kristni og varð helgur maður. Um vitrun hans er til helgisaga, og henni tengd er sá siður meðal sumra þjóða að slátra gæsnum og snæða þær á Marteinsmessu. Algengt var að miða við Marteinsmessu með það hvenær hæfilegt væri að hýsa hrúta, en sumir miðuðu það þó fremur við veturnætur og það viðmið er tilgreint í þjóðveldislögum. Óvarlegt er að hafa þá lengur í fenu, þar sem gangur getur orðið á kindum uppúr miðjum nóvember.

Martröð (n, kvk) A. Slæmar draumfarir manneskju, sem stundum verða ólýsanlegur hryllingur. Getur slíkt tengst kæfisvefni, slæmri lífsreynslu, áfalli, ofþreytu eða öðru. Fremri liðurinn er *mara*, sem samkvæmt

- þjóðtrúnni er óvættur sem gengur/treður ofaná sofandi fólki. B. Í líkingamáli; erfitt viðfangsefni/vandamál. „Það var alger martröð að greiða þessa flækju“.
- Marþýður** (l) Alveg þýð/frostlaus. „Jörð er marþýð undir klakaskáninni“. Líklega dregið af sjó/mar, sem jafnan er ófrosinn.
- Mas** (n, hk) A. *Innantómt kjaftæði*; þrálátt tal. „Hættið nú þessu masi strákar og farið að sofa í hausinn á ykkur“. B. Vesen; mikil fyrirhöfn. „Það var meira mas við þetta en ég hélt í byrjun“.
- Masa** (s) Tala mjög mikið og óþarft; hafa uppi innantómt málæði. „Ég nennti ekki að hlusta á það sem hann var að masa“.
- Maska** (s) Brjóta í mask; mola; mölva. „Hann ók utaní skaflinn í skeringunni og maskaði ljósið“.
- Maskína** (n, kvk) Vél. Yfirleitt þó ekki notað um vél í farartæki, og fremur um annan vélbúnað en sprengihreyfil. Algengast var að orðið væri notað um stóra kola- eða olíueldavél eins og tíðkuðust um tíma í húsum til eldunar og kyndingar. „Það þarf líkast til að auka aðeins við maskínuna ef hann ætlar að kólna svona mikið í veðri“.
- Maskínujárn / Maskínukrókur** (n, hk/kk) *Skari*; áhald sem notað var til þess annarsvegar að krækja í lok og hringi á heitri kola-/olíueldavél án þess að brenna sig þegar hagraða þurfti þeim vegna mismunandi eldunaríláta eða annars. En einnig var áhaldið notað til að skara í kolum eða liðka fyrir olíurensli við kyndingu maskínunnar. Vanalega var skarinn úr sívölum járntein sem beygður var í krók í annan endann en með auga á hinum. Hékk oftast á krók yfir eldavélinni til geymslu. *Skari* var algengara nafn.
- Maskínuolía** (n, kvk) Þunn olía fyrir smávélar o.fl. (handy oil). „Gott er að setja maskínuolíu á lamirnar“.
- Maskínupappír** (n, kk) Brúnn olíusoðinn pappír. Oft notaður í umbúðir og sem undirlegg við vélavíðgerðir.
- Masonít** (n, hk) Þunnar olíusoðnar og pressaðar texplötur, notaðar innandyra í veggjakkæðningu.
- Mastra** (s) Reisa mastur; *tréreisa*. Heyrðist ekki í seinni tíð í Kollsvík, en var líklega notað á tímum seglbáta.
- Mastur** (n, hk) A. Almennit yfir langa spíru sem stendur lóðrétt á jörð. B. Siglutré á bát. „Það var ekkert annað en fara að ausa uppá kraft; leggja upp árar og tréreisa sem kallað var, en það var að reisa mastrið og draga upp þversegl sem var í þá daga í flestum bátum í Kollsvík“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Masturshæll** (n, kk) Neðsti hluti masturs, sem gengur niður í stellinguna í botni bátsins.
- Mastursstelling** (n, kvk) Stelling; Traust stykki sem vandlega er fest í botni báts. Á stellinguna er mastrið fest. Orðtakið að *setja sig í stellingar* er dregið af því að *tréreisa* mastur á stellingu.
- Masturstoppur** (n, kk) Efsti hluti masturs. „Í Útvíkum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. Árar voru *lagðar til lags*; blöð *andófsára* lágu fram á *söx* en blöð *miðskips-* og *austurúmsára* aftur. *Mastur* og *segl* lágu þannig að *masturstoppur* nam við *hnyfil*, en *masturshæll* við *kollharð* á *miðskipsþóftu bakborðsmegin*“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.
- Mat** (n, hk) Álit; virðingargerð; skoðun. „Það er mitt mat að óráðlegt sé að róa í svona tvísýnu“.
- Mata** (n, kvk) A. Það af slátur- eða veiðidýri sem er ætt. B. Fæði sjómanna í veri; *vermata*.
- Mata** (s) A. Gefa einhverjum mat; fóðra. „Það þarf ekkert að mata þig lengur stubbur; þú getur bara borðað sjálfur“. B. Koma matur á. „Sumum þykir hákarl ekki nægilega kæstur fyrr en matar á hníf sem stungið er í lykkjuna“.
- Mata á** (orðtak) Örla á; móa fyrir „Farðu varlega hér við landið; mér sýnist mata á skerjakollum á bakborða“.
- Mata krókinn** (orðtak) Græða/hagnast; gera sér mat úr. „Þeir mata krókinn á þessu kaupmennirnir þó bændur fái *skít* og *ekki neitt* fyrir sínar afurðir“!
- Matarást** (n, kvk) Hrifning á þeim sem gefur/veitir mat. „Ég held að þessi samdráttur hans við ráðskonuna sé nú meira matarást en nokkuð annað“.
- Matarbirgðir** (, kvk, fto) Birgðir af mat; fæðuforði. „Það fer nú að ganga eitthvað á matarbirgðirnar ef maður kemst ekki í verslun á næstunni“.
- Matarborð** (n, hk) Matborð; borð sem snætt er við. „Hagið ykkur nú kurteislega við matarborðið strákar“. Þetta heiti var algengara í máli Kollsvíkinga en heitið matborð, sem þó eru fleiri dæmi um í ritmálssafni.
- Matarbragð** (n, hk) Bragð eins og af mat. „Það er andskotann ekkert matarbragð af þessum árans maískökum; ekki myndi maður lifa lengi á þessu“!
- Matardallur** (n, kk) Skál/ílát undir mat. Oftast notað um ílát sem hundi/ketti er gefið í.
- Matardiskur** (n, kk) Diskur sem snætt er af. „Það vantar einn matardisk í viðbót á borðið“.
- Matarfat** (n, hk) Stór diskur sem matur er færður uppá til að bera hann á borð.

Matarforði (n, kk) Birgðir af mat.

Matarfriður / Matfriður (n, kk) Friður til að snæða/borða mat sinn. „Það er ekki matfriður fyrir þessum árans síma“! „Þú verður nú að gefa þér einhvern matarfrið frá þessu puði“.

Matarföng (n, hk, fto) Það sem þarf til máltíðar; hvaðeina matarkyns. „Ertu með næg matarföng fyrir þessa veislu“?

Matargat (n, hk) Mathákur; gráðugur einstaklingur. „Ósköp étur maðurinn. Ég hef sjaldan séð álíka matargat“.

Matargestur (n, kk) Gestur sem þiggur mat. „Hann var hér eitt sinn matargestur“.

Matarlát (n, hk) Ílát undir mat; það sem matur er settur í. „Mundu eftir að taka nóg af matarílátum“.

Matarkartafla (n, kvk) Kartafla sem höfð er til matar; ekki útsæðiskartafla.

Matarlaus (l) Hefur ekkert að borða; án matar. „Samúel damlaði á árnar, og ekki bætti það úr skák að hann var alveg matarlaus“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík). „Er við förum upp Skorarjaðarinn gengur konan í veg fyrir okkur og segir mér frá heimilisástæðum sínum; að hún sé matarlaus fyrir fólkið, og biður mig hjálpar með útvegum matvæla“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Matarleysi / Matarskortur (n, hk/kk) Skortur á mat. Líklega hafa menn síður þurft að líða langvinnan matarskort í Kollsvík og öðrum verstöðvum en annarsstaðar á landinu þegar hallæri og harðindi gengu yfir.

Matarlyst (n, kvk) Lyst á mat; löngun í mat. „Ég missti alveg matarlystina þegar ég sá hvað var á borðum“.

Matarmikill (l) Drjúgur til matar; næringarríkur. „Fýlsegginn eru stór og matarmikil“.

Matarpottur (n, kk) Pottur sem matur er eldaður í.

Matarskál (n, kvk) Skál undir mat; skál sem matur er snæddur úr.

Matarsnarl (n, hk) Lítilsháttar matur; skyndiréttur. „Vertu ekkert að elda fyrir mig. Mér dugir eitthvað létt matarsnarl núna“. Oftast stytt í *snarl*.

Matarstrit (n, hk) Vinna fyrir mat; brauðstrit. „Við megum því ekki láta matarstritið beygja okkur, þó það með köflum kunni að reynast erfitt...“ (EG; Vakandi æska).

Matartími (n, kk) *Matmálstími*; tími sem matast er á. „Kollvíkingum var ætíð tamara að tala um matartíma en matmálstíma“.

Matarúrgangur (n, kk) Matarleifar. „Matarúrgangur nýttist að mestu leiti fyrir kött, hund eða hænsni“.

Matarþurfi (l) Svangur; með þörf fyrir að borða. „Við vorum orðnir matarþurfi þegar í land kom“.

Mataræði (n, hk) Matarvenjur; regla á mat og fæðuvali. „Mikið hefur breyst í mataræði Íslendinga“.

Matarögn (n, kvk) Arða af mat; mataróvera. „Það hlýtur nú að vera til einhver matarögn fyrir þig“.

Matbjörg (n, kvk) Nauðsynlegur matur til að lifa af. „Til engra var að leita um matbjörg, nema til kaupmannsins“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). „Hún heilsar mér blíðlega og þakkar mér fyrir þá hjálp er ég hafi veitt móður sinni, er ég úvegaði henni matbjörgina og flutti hana endurgjaldslaust inn í Skor“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Matborð (n, hk) Matarborð; borð sem matast er við. Orðmyndirnar matborð og matarborð voru notaðar jöfnum höndum, en lengri útgáfan þó e.t.v. „finni“. „Hagið ykkur nú *skikkanlega* við matborðið, strákar“!

Matbúa (s) Hafa til mat; undirbúa máltíð. „Hafði Halldóra verið í búrinu að matbúa þegar þetta skeði“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Matfiskur (n, kk) Ætur fiskur. „Marhnúturinn hefur nú aldrei verið talinn matfiskur“. „Heiter á Vestfiordum allra handa trosfiske; ludur, steinbitar, keilur, qvod alibi matfiske..... *Rask* og das. Id est höfuðkinnar, steinbítskinnar, þorskhöfuð, slóg fyrir utan lifur. Kallast öðru nafni *dasfiski*“ (Jarðabók ÁM, PV).

Matföng (n, hk, fto) Matvara; það sem haft er til matar. „Alltaf voru talsverð matföng flutt heim úr Verinu, bæði hert og söltuð“ (KJK; Kollsvíkurver).

Matgoggur (n, kk) Matargat; mathákur. „Jónsi og Óli gátu verið herjans miklir matgoggar á þorablótum“.

Matgírugur (l) Gráðugur; borðar mikið. „Maður getur orðið nokkuð matgírugur eftir svona törn á sjónum“.

Matjurtir / Matjurtarækt „Það voru alltaf ræktaðar kartöflur og þær spruttu vel. Það var alltaf sett niður mánuð af sumri. Rófur voru einnig ræktaðar. Þetta tilheyrði vorverkum kvennanna“ (H.M; Í Kollsvíkurver; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudl.Þjóðv.1964). „Þá (að vori) þurfti að vinna kartöflugarða og setja niður; vinna á tünnum og hreinsa þau“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Matmaður (n, kk) *Matgoggur*; mathákur; á sem þarf mikið að borða / hefur yndi af því að borða. „Hann þótti mikill matmaður, eins og vöxturinn undirstrikaði“.

Matmálstími (n, kk) Tími sem matast er á; *matartími*. „Hann passar vel uppá matmálstímann“.

Matmóðir (n, kvk) Sú sem gefur að borða. „Hún var matmóðir mín meðan ég dvaldi þarna“.

Matróna (n, kvk) Virðuleg kona; hefðarfrú. „Þér er nú best að kunna þig þegar þú ræðir við svona matrónur“!

Matrós / Matrósi (n, kk) Háseti; farmaður. Skylt enska orðinu „mate“ sem merkir skipsfélagi eða háseti.

Matsár (l) Nískur á mat; tregur til að gefa af mat sínum. „Vertu nú ekki svona andskoti matsár; þú mátt alveg við því að gefa öðrum með þér af þessum hákarlsbita“!

Matseld (n, kvk) Eldamennska; matargerð. „Hún er frammi í eldhúsi að fást við matseld“.

Matselja (n, kvk) Ráðskona; eldabuska. „Ég fékk hana fyrir matselju meðan konan er í burtu“.

Matvandur (l) Sérvitur um mat; vill ekki allt sem aðrir borða. „Fyrrum hafði enginn efni á að vera matvandur“.

Matvendni (n, kvk) Sérviska á mat; gikksháttur. „Matvendni er velmegunarlöstur nútímans“.

Matvinnungur (n, kk) Sá sem vinnur fyrir mat sínum. „Duglegt fólk undi því ekki lengur eftir 1940 að vera rétt rúmlega matvinnungar...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Matvæli (n, hk, fto) Matvörur; það sem er matarkyns; matur. „Er við förum upp Skorarjaðarinn gengur konan í veg fyrir okkur og segir mér frá heimilisástandum sínum; að hún sé matarlaus fyrir fólkið, og biður mig hjálpar með útvegum matvæla“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964). Síðari orðliðurinn hefur ekki verið skýrður af málfræðingum. Spurning er hvort hann sé af sama orðstofni og „val – velja“, og stofninn „væli“ sé nú týndur. Það gæti útskýrt örnefni s.s. Vælaskor; Vælugerði og önnur, sem vísa þá til allnægta eða birgða/búrs.

Matur er fyrir öllu (orðatiltæki) Fæðan er mikilvægari en flest annað í lífi manns.

Matur er mannsins megin (orðatiltæki) Megin þýðir afl/kraftur, og í því ljósi er spekin auðskilin.

Matur og músin steikt (orðtak) Sjá *þetta er nú matur og músin steikt!*

Matvandur (l) Kenjótur/kraesinn á mat; borðar ekki hvað sem er af mat.

Matvendni (n, kvk) Það að vera matvandur. „Þú verður að venja þig af þessari matvendni drengur“!

Matvinnungur (n, kk) Sá sem vinnur fyrir fæði sínu.

Matvæli (n, hk, fto) Hvaðeina matarkyns, og það sem til matar heyrir/þarf. Vafist hefur fyrir málfræðingum að skýra seinni lið orðsins, enda á hann ekki samsvörun í skyldum málum. Hugsanlega er „v“ tilkomið síðar sem framburðarhagræði, og „matæli“ gæti þá þýtt matur til að ala; matur til eldis.

Mauk (n, hk) Marningur; það sem kramið hefur verið í þykka stöppu. „Bláberin stöppuðum við í mauk og bættum dálitlum sykri úti“.

Maukfúinn (l) Fúinn svo orðinn er að mauki. „Hornstaurinn var maukfúinn neðantil“.

Mauksóðinn (l) Sóðinn í mauk/kássu. „Rauðmaginn er fljótur að verða mauksóðinn“.

Maula (s) Japla á; snarla; narta í; tyggja hægt. „Það er ágætt að hafa harðfiskstrengsli í nesti til að maula á leiðinni“.

Maurapúki (n, kk) *Aurasál*; nirfill; *nurlari*. „Karlínn var mesti maurapúki, enda sagður vellríkur“.

Maurasýra (n, kvk) Karboxylsýra með efnaformúluna HCOOH. Nafnið er komið af því að maurar og önnur skordýr nota sýruna sér til varnar, en einnig er sýruna að finna í plöntum s.s. brenninetlu. Maurasýra er notuð til að bæta verkun votheys. Óþynntri sýru er blandað varlega úti vatni; ca 1:20 ef heyið er grasþurrt, og blöndunni údað yfir heyið í gryfjunni úr fötu með götuðu loki. Um tíma var vinsælt að nota *kofasalt* í stað maurasýru, en það er ekki eins ætandi ef það kemur á höfund eða steypu.

Maurasýrufata / Maurasýrubrúsi (n, kvk/kk) Maurasýrufata var gjarnan um 20 l blikkfata undan smurolíu, sem götuð var á um þriðjungi loksins. Hún var fyllt að mestu af vatni, og síðan var um 1 lítra af maurasýru hellt varlega úti og hrist saman. Svo var blöndunni údað yfir votheysið. Föturnar voru fljótur að 'tast í sundur í sýrunni, og þurfti iðulega að endurnýja þær. Óþynnt maurasýran var keypt í ca 30 lítra maurasýrubrúsum úr plasti.

Maurildi (n, hk) Lýsandi svif/örverur í sjónum. Maurildi sést gjarnan í kjalsogi báts, einkum í skuggsýnu eða myrkri. Einnig getur verið svo mikið af þessari átu í fiski að innvols hans lýsi það sem það snerir þegar slægt er. „Ef maurildi sést mikið í sjó, boðar sunnanátt og þeyvind; oftast hvassan“ “ (BH; Grasnytjar).

Maus (n, hk) Vesen; stímabrák; fyrirhöfn. „Það er óttalegt maus að hreinsa þennan skít úr netunum“.

Mausa við (orðtak) Brasa/basla við; bauka; dedúa. „Hann er enn að mausa við vélina“.

Má af (orðtak) Þiðna, þannig að jörð komi undan klaka. Töluvert notað í Kollsvík um áhrif þýðviðris. „Snjór er farinn að mást verulega af“; „Það *máir* fljótt af í sunnangolu og sólskini“. Oftast um klaka en einnig snjó.

- Má bóka það** (orðtak) Er öruggt; má ganga út frá því sem vísu. „Ef ekki er gert við girðinguna má bóka það að hér verður *krökkt* af fé á túnum á morgun“. „Nú er einhver að hlera á línunni; það má sko bóka það“.
- Má drepa mann með** (orðtak) Um það sem er hart en á að vera lint; oftast notað um hart brauð. „Fjandi er brauðið orðin hart undir tönn; það má drepa mann með því“!
- Má eiga það** (orðtak) Verður að segjast eins og er. „Samviskusamari maður er vandfundinn; hann má eiga það“.
- Má einu gilda / Gildir einu** (orðtök) Skiptir ekki máli hvort/hvert er; sama á hvern/hvorn veg fer. „Það má einu gilda hvort þetta verður í dag eða á morgun“. „Mig gildir einu hvort hrútlambið ég fæ“.
- Má ekki af líta/sjá** (orðtak) Um hrifningu; ástúð; væntumþykju. „Þau eru mjög samrýmd og mega helst ekki líta hvort af öðru“. „Bókin er í miklu uppáhaldi hjá honum og hann má varla af henni sjá“.
- Má ekki á/i milli sjá** (orðtak) Ekki hægt/ erfitt að greina mun. „Það má ekki á milli sjá hvor þeirra er fljótari“. „Sífellt harðna sviptingar/ sjá má vart í milli:/ Risinn neytir rammleiks þar;/ Rósi verst af snilli“ (JR; Rósarímur).
- Má ekki heyra nefnt** (orðtak) *Tekur ekki í mál; vill ekki máls á ljá; finnst fráleitt.* „Hann má ekki heyra það nefnt að breyta útaf vananum í því efni“.
- Má ekki minna vera** (orðtak) Væri slæmt ef það væri minna. „Við getum sagt að við höfum *orðið varir* í dag, en ekki má það nú minna vera í einum róðri“.
- Má ekki orðinu halla** (orðtak) Um viðkvæmni. „Hann er svo *hörundsár* að það má bara ekki orðinu halla“.
- Má ekki seinna vera** (orðtak) Á síðustu stundu; á tæpa staði. „... og mátti ekki seinna vera að bjarga lífi hennar“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).
- Má ekki til þess hugsa** (orðtak) Þoli illa að ímynda mér; finnst ekki koma til greina. „Ég má ekki til þess hugsa að hann verði ráðherra; frekar kys ég þá einhvern annan flokk“!
- Má ekki vamm sitt vita** (orðtak) Er strangheiðarlegur; vill ekki flekka sitt orðspor. „Össur naut fullkomins trausts af öllum sem hann þekktu, enda mátti hann ekki vamm sitt vita“. Sjá *vamm*.
- Má ekki/vart vatni halda yfir (einhverju)** (orðtak) Er mjög spenntur; gæti pissað á sig af eftirvæntingu. „Þau mega vart vatni halda yfir þessari forsetaheimsókn“!
- Má ekki við svo búið standa** (orðtak) Getur ekki verið óbreytt; þarfnast úrbóta. „Ég sá strax að ekki mátti við svo búið standa, svo ég tók til minna ráða“.
- Má fjandinn vita** (orðtak) Áherslusetning. „Það má fjandinn vita hvað af þessum kindum hefur orðið“! „Nú má fjandinn vita hvar ég hef týnt þessu“!
- Má gott þykja ef** (orðtak) Væri betra en búast má við ef. „Við náum ekki að hirða af allri sléttunni fyrir rigninguna; það má gott þykja ef við komum þessum vagni í hlöðu“.
- Má heita** (orðtak) Er svo *gott sem*; er mjög *nærri lagi*; *því sem næst*. „Sagði hann að nú mætti heita að skólahúsið væri fullbúið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). „Það skal hér tekið fram að á öllum bæjunum mega skepnur heita í ágætisstandi, eins og skýrslan ber með sér...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Má heyra saumnál detta** (orðtak) Líkingamál um algera kyrrð. „Eftir þennan reiðilestur hljóðnaði allt, svo að mátti heyra saumnál detta“.
- Má leiða af líkum** (orðtak) Má ætla/búast við af fyrirleggjandi ástæðum. „Leiða má af líkum að Kollsvíkin væri enn fjölmennasti staður sunnanverðra Vestfjarða ef þar væru betri lendingarskilyrði“.
- Má lítið útaf bera** (orðtak) Sjá *bera útaf*.
- Má mikið vera** (orðtak) Sjá *það má mikið vera*.
- Má missa sín** (orðtak) Um það sem má að skaðlausu hverfa/týnast. „Ég held nú að þessi ríkisstjórn megi nú fara að missa sín; hún hefur ekki verið svo athafnasöm til þessa“!
- Má muna sinn fifil fegri** (orðtak) Hefur áður verið glæsilegri. „Ósköp er húsið nú orðið hrörlegt. Það má muna sinn fifil fegri“. Líkingin er dregin af því þegar litfagur fifill breytist í gráa *biðukollu*“. „Man ég reyndar mína daga merkilegri;/ man ég og minn fifil fegri“ (JR; Rósarímur).
- Má nærri geta** (orðtak) Getur hver séð; auðvelt að sjá. „Allan þvott þurfti að þvo á bretti; bera svo í körfu út í brunnhús og skola hann þar og vinda í höndum. Má nærri geta að það var ekki lítið verk, á svo fjölmennu heimili“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Má spyrða þá saman** (orðtak) Um tvo menn sem þykja líkir í tilteknum efnum/atridum. „Alveg má spyrða þá saman félagana; báðir eru jafn ofstækisfullir í pólitík þó á sinnhvorn veginn sé“!

- Má telja í honum rifin / hvert bein** (orðtök) Um horaðan mann/ horaða skepnu. „Mér fannst skelfing að sjá strákgreyið; hann var svo horaður að það mátti telja í honum hvert bein“!
- Má til sanns vegar færa** (orðtak) Getur verið rétt; má rökstyðja með góðu móti. „Það er bara *áfærni* að Kollsvíkingar séu þverhausar, en hitt má til sanns vegar færa, að þeir geta verið stífir á meiningunni“.
- Má trútt um tala** (orðtak) Getur talað af reynslu; getur trútt um talað. „Hann má trútt um tala í þessum efnum; hann var jú upphafsmaðurinn að þessu“.
- Má (vel) vera / Kann að vera** (orðtak) Kannski. „Má vera að ég hafi sagt þetta; ég man það ekki“. Stundum „*Vel má vera...*“.
- Má/mætti þykja gott ef / Mér þætti gott/merkilegt ef / Þykir gott ef** (orðtak) Er vel sloppið ef; gæti verið verra; gæti farið verr. „Það má þykja gott ef við náum þessum vagni þurrum í hlöðu áður en hann fer að rigna“. „Mér þætti merkilegt ef við finndum baujuna í þessari þoku“!
- Má öllum gera** (orðtak) Getur beinst gegn/ bitnað á hverjum sem er. „Þetta má öllum gera; hann hefur ekki sagt mér rétt til um staðsetninguna“!
- Máður** (l) Daufur; slitinn; núinn af. „Stafirnir í skruddunni voru orðnir máðir, en samt læsilegir“.
- Máfur** (n, kk) *Mávur* (sjá þar). Rithátturinn er sitt á hvað, með f eða v, í Kollsvík eins og víðar.
- Mágur** (n, kk) Venslamaður manns; getur verið á tvo vegu: Annarsvegur getur það verið eiginmaður systur eða bróðir eiginkonu.
- Mái** (n, kk) Kúfur; meirihluti; það mesta; það sem máð hefur verið af. „Heyið náðist ekki allt í hlöðu fyrir rigninguna, en ég held við höfum náð máanum af því“.
- Mál** (n, hk) A. Það sem talað er. B. Matmálstími; matur sem etinn er á matmálstíma. „Maður getur orðið leiður á samskonar keti til lengdar, en saltvísk get ég étið í hvert mál“. C. Mjaltatími; mjaltir. „Hún mjólkaði yfir 15 lítra að jafnaði í hvert mál; ég hef ekki átt *mjólkurlagnari* grip“. D. Drykkjarmál; ílát. E. Málefni; umræðuefni. F. Takmark. „Nú er mál að linni“. G. Mælieining. „Þessi fjöl stenst varla mál“.
- Mál er að linni** (orðatiltæki) Nóg er komið; kominn er tími til að hætta. Mál merkir þarna viðmið/tímamörk.
- Mál manna** (orðtak) Það sem almælt er; almennt sagt. „Það var mál manna fyrr á tíð, að að aldrei yrði jarðlaust; þ.e. tæki fyrir beit, fyrir útigöngufé á Þyrsklingahrygg“ (HÖ; Fjaran).
- Mál til komið** (orðtak) Orðið tímabært; kominn rétti tíminn til. „Nú er mál til komið að leggja af stað“.
- Mála dökkum litum / Mála skrattann á vegginn** (orðtak) Lýsa ástandinu verr en tilefni er til. „Það er óþarfi að mála skrattann á vegginn áður en tilreynt er“.
- Málaferli** (n, hk, fto) Dómsmál; ferli dómsmáls/kæru.
- Málafylgjumaður** (n, kk) Sá sem berst ötullega fyrir málefni. „... með öðrum orðum var hann málafylgjumaður mikill...“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).
- Málaleitan** (n, kvk) Beiðni; málarekstur. „Gekk sú málaleitan stundum erfiðlega fátækum manni, sem ekki hafði ættgöfgi að kynna sig með“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Málalengingar** (n, kvk, fto) Langar skýringar/setningar; langt mál. „hann var ekkert með neinar málalengingar heldur tók nautkálfinn í fangið og henti honum upp á bílpallinn“.
- Málalok** (n, hk, fto) Lyktir/niðurstaða mála. „Vorur við hreyknir af þessum málalokum og þessari tekjuöflun okkar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Málamaður** (n, kk) Sá sem kann mörg tungumál. „Þeir bræður, Gunnar og Sigurvin Össurarsynir, voru báðir einstaklega miklir málamenn. Báðir töluðu þeir auðvitað öll norðurlandamál, þýsku, frönsku og latnesk mál, en auk þess var Gunnar vel fær í tékknesku, auk annarra mála, og Sigurvin gat talað bæði rússnesku og mandarín-kínversku“.
- Málamiðlun** (n, kvk) Samningur um málalok þegar meiningarmunur er. „Þetta var ágæt málamiðlun“.
- Málamyndagerningur** (n, kk) Það sem gert er til að sýnast/ til málamynda.
- Málatilbúnaður** (n, kk) Reifun máls; tilefni og meðhöndlun máls. „Þetta finnst mér furðulegur málatilbúnaður hjá honum; alveg að tilefnislausu“.
- Málavafstur / Málápras** (n, hk) Sýsl/vinna við mál/erindi/dómsmál; málarekstur.
- Málband** (n, hk) A. Band til að mæla vegalengd, oftast með talnasettum kvarða. B. *Lögbandsklyfjar*; 4 vættir af heyi; um 160 kg. Málbandsklyfjar átti að binda í reipi sem voru 3ja faðma löng frá hvorri *högl*.
- Málbein** (n, hk) Tungubein; lítið bein við tungurturnar. Þjóðtrúin uppáleggur ströng víti við meðferð á málbeinum úr sviðahausum, en ekki voru skilyrðin eins allsstaðar á landinu. Í Kollvík var reglan sú að

málbein varð að brjóta; annars gæti það valdið málhelti eða málleysi, einkum hjá ómálga börnum á heimilinu. Helst átti einnig að setja það í veggjarholu til að flýta fyrir málþroska heimilisbarna. Annarsstaðar virðist hafa verið bann við að brjóta málbein að viðlögðu sama víti. Sameiginleg regla var þó að ekki má gefa hundi málbein, því þá fær hann málið og getur kallað bölvun yfir heimilisfólk. Hinsvegar var sú trú eins í Kollsvík og annarsstaðar að varhugavert væri að brjóta fótlegg úr kind því þá geti önnur kind á bænum fótbrotnað.

Málblær (n, kk) Hreimur í rödd manneskju.

Máldagi (n, kk) Skrá um eignir, tekjur og skipan hverrar kirkju. Kirkjuhaldari þurfti að gera máldaga í samráði við biskup, til að auðvelda umsjón með eignum og kvöðum. Máldagi var löghelgaður með þinglýsingu, og skylt að láta lesa hann upp árlega við messu. Máldagar voru því ritaðir á íslensku, og eru sumir meðal elstu ritaðra heimilda um málið. Hinn elsti er Reykholtsmáldagi; eitt skinnblað með ýmsum rithöndum; sennilega frá 1185-1275. Biskupar söfnuðu máldögum og nýttu sem sönnun fyrir eignarrétti kirkjuvaldsins.

Málefni (n, hk) Innihald/tilefni máls.

Málfaðmur (n, kk) Forn lengdarmálseining; 7 fet; 3,5 alin; 1/5000 úr viku sjávar.

Málfar (n, hk) Notkun tungumálsins. Málfar getur verið gott eða slæmt, eftir því hve mjög menn leggja sig fram um skýra, rétta og víðtæka notkun þess og fylgja hefðum og lögmálum þess.

Málfiskur (n, kk) Saltfiskur sem er lengri en 18 þumlungar (tommur) frá hnakka aftur á sporð (sjá *saltfiskur*).

Málfrelsi (n, hk) Frelsi til að segja öðrum hvaðeina sem manni býr í brjósti, án þess að það sé hindrað af ráðandi öflum.

Málfriður (n, kk) Friður/næði til að geta tjáð sig. Ræðumaður á samkomu þarf t.d. málfrið, og einnig þeir sem ræðast við. „Hættið nú þessum bévítans hávaða strákar; það er varla málfriður hér inni“!

Málfræði (n, kvk) Reglur málsins, t.d. varðandi beygingar orða, greini, uppbyggingu setninga, framburð o.fl.

Málfundur (n, kk) Fundur; samtal. „Svo var á þessum málfundum pólitíkin krufin til mergjar, bæði á landsvísu sem innanhéraðs“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Málfæri (n, hk) A. Notkun málsins. Notkun orða er oftast nefnd *orðfæri*. B. Líkamshluti sem notaður er til málmyndunar, t.d. raddbönd, tunga, varir, tennur og munnhol.

Málga (s) Nefna; *ámálga*; tala um. „Hefurðu nokkuð málgað þetta við hann sjálfan“? Oftar var þó notað *ámálga* í þessu samhengi.

Málgefinn / Málgláður (l) Tölugur; *málugur*; með þörf fyrir að tala. „Mér þykir þú dálítið málgefinn, vinur“.

Málhaltur (l) Sem hefur málgalla, t.d. stamar eða er gormæltur; sá sem á erfitt með að koma meiningu sinni í mælt mál, og *rekur* t.d. oft í *vörðurnar*. „Það er dálítið erfitt að skilja hann, eins málhaltur og hann er“.

Málhelti (n, kvk) Málgalli; vandamál við að tjá sig munnlega. „Málheltin virðist alveg hafa elst af honum“.

Málhreifur (l) Skrafhreifur; mikið fyrir að tala; tungulipur. „Hann var málhreifur í besta lagi“.

Málhreimur (n, kk) Tónn í rödd manneskju. „Ég heyrði á málhreimnum að hún var ekki íslensk að uppruna“.

Málhress (l) Nógu hress til að tala; málgefinn. „Hann virðist vera vel málhress þessa stundina“.

Málhvild (n, kvk) Hvild milli setninga í töluðu máli. „Mér nefndi þetta þegar hann tók sér málvild“.

Máli (n, kk) A. Laun hermans. B. Í fornu máli; samningur.

Málið er þannig vaxið (orðtak) Málum er þannig háttað; þannig liggur í málunum.

Málkennd / Máltilfinning (n, kvk) Tilfinning fyrir réttri notkun orða og máls. „... íslenskan sem töluð er heima fyrir seytlar inn í málkennd barnanna“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Málkunnugur (l) Kunnugur í gegnum samræður. „Við vorum málkunnugir, en ég þekkti hann ekki náði“.

Mállaus (l) A. Orðlaus; getur ekki talað. „Ég var í fyrstu mállaus af undrun“. B. Sem talar ekki tiltekið tungumál. „Það er erfitt að vera lengi mállaus í þessu landi“.

Málleysingi (n, kk) A. Sá sem er mállaus. B. Dýr. „Hún var jafn góð við menn og málleysingja“.

Mállýska (n, kvk) Einkenni máls. Oftast notað til að lýsa staðbundnu afbrigði tiltekins tungumáls. Þó ýmis staðbundin einkenni íslenskunnar hafi þróast í Kollsvík og nágrenni, er varla unnt að nefna það mállýsku, en þó er það skilgreiningaratriði.

Mállýtanefnd (n, kvk) Nefnd sem fjallar um/ bætir slæmt málfar. „Dvergur hefur veitt mikla leikni og æfingu í að rita. Mállýtanefnd hefur starfað flesta veturnar“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Málmgrýti (n, hk) Berg með háu innihaldi málms. Málmgrýti finnst í Kollsvík. Annarsvegar er töluvert um járnauðug innskot í berggöngum, eins og t.d. má sjá í Strengbergsgjá og hjá Bekk á Straumskeri. Hinsvegar

hefur t.d. magnetít með háu járninnihaldi fundist meðal flökkusteina á fjörum; sem borist hefur með borgarís frá Grænlandi.

Málningarkústur (n, kk) Málningarpensill, einkum notað um stóran pensil.

Málnyta (n, kvk) A. Búfê (kindur eða kýr) sem nytjað er til daglegra mjalta. Stundum var orðið þó eingöngu notað um kvíær. B. Samanlögð mjólk búpenings á tilteknum bæ.

Málpípa (n, kvk) Talsmaður; sá sem lætur aðra stjórna orðum sínum. „Þessi blaðsnepill er ekkert orðinn nema málpípa kvótakóna og braskara“!

Málreifur (l) Skrafhreyfinn; málgláður. „Hann var orðinn málreifur eftir fyrsta glasið“.

Málrómur (n, kk) Rödd; raust; tal. „Ég þurfti að hækka málróminn til að hann heyrði í mér“.

Málsatvik / Málsástæður (n, hk/kvk, fto) Hvert atriði í atviki/uppákomu/gerningi, ásamt tildrögum. „Ég kann ekki að lýsa málsatvikum svo gjörlla“.

Málsbætur (n, kvk) Það af málsatvikum/málsástæðum sem eru aðila máls til framdráttar. „Það má alveg virða honum þetta til málsbóta, þó ekki sé hann *laus* allra *saka*“.

Málsgrein (n, kvk) A. Heilstæð setning í töluðu eða rituðu máli. Getur jafnvel átt við margar setningar í heilstæðri klausu/frásögn. B. Nútíma skilgreining er sú að málsgrein merki það sem er á milli vel afmarkaðra greinarskila í rituðu máli.

Málsháttur (n, kk) Speki; orðatiltæki; stöðluð setning/málsgrein sem gengur lengi manna í milli, jafnvel um þúsundir ára, og menn grípa til í ákveðnum tilvikum/aðstæðum. Málsháttur er jafnan með kjarnyrtur og með meitluðu orðfæri; ein setning sem gjarnan er stuðluð svo hún verði áheyrilegri og eftirminnilegri. Hann hefur oftast að geyma vísdóm sem grípur vel yfir tilefnið; stundum líkingu við allt aðrar aðstæður en þær sem uppi eru. Til dæmis má nefna hinn ævagamla málshátt; „oft er í holti heyrandi nær“, sem enn er gripið til. Holt er fornt orð yfir skóg, og spekin er sú að menn skyldu gæta orða sinna í skóginum, þar sem einhver nærstaddur gæti heyrð þau. Sama á við um þunna veggja herbergja, eða hlerunartækni nútímans.

Málshefjandi (n, kk) Sá sem *hefur máls* á einhverju/ tekur til máls um tiltekið málefni, t.d. á fundi. „Samgöngumál. Málshefjandi var Bragi Ó Thoroddsen“ (Gerðabók Rauðasandshepps; ÖG).

Málshöfðun (n, kvk) Kæra eða annar lagalegur málatilbúnaður á hendur manni fyrir ákveðnar sakir.

Málskrúð (n, hk) *Skriðmælgj; málalengingar*. „Það er óþarfi að hafa neitt málskrúð í kringum þetta“.

Málsnilld (n, kvk) Mikil leikni í notkun máls; orðsnilld; orðheppni. „Sjaldan hef ég heyrð aðra eins málsnilld“.

Málsnillingur (n, kk) Maður sem hefur tungumál vel á valdi sínu; býr yfir miklum orðaforða og segir mál sitt á mjög skipulegan hátt; í stuttu og meitluðu máli þegar það á við, eða orðskrúði þegar það á við; einatt með réttum málreglum og beygingum. Nokkuð var enn um slíka málsnillinga í Rauðasandsheppi á síðari hluta 20.aldar. Að öðrum ólöstuðum má nefna Guðbjart á Láganúpi; syni hans Össur og Ingvar; Diddu á Láganúpi; Júlla í Tungu; Óla á Gili; Geira og Þórð á Látrum; Jónsa á Hnjóti; Snæbjörn í Kvíngindisdal; Ívar í Kirkjuhvammi; Ívar á Melanesi og Kitta í Botni; en þeir voru þó mun fleiri.

Málsóði (n, kk) Maður sem hefur slæmt vald á tungumálinu og/eða nennir ekki að vanda mál sitt. Andstæða málsnillings. Málsóðar hafa þekkt allsstaðar og á öllum tímum, en þeim fer hratt fjölgandi eftir því sem íslenskukennslu hrakar í skólum; uppeldi barna hrakar; tölvunotkun sækir á og áhrif erlendra mála aukast, t.d. í gegnum sjónvarp og kvikmyndir. Mjög hefur sótt á verri veginn eftir að útvarpsstöðvar hættu að leggja áherslu á rétta málnotkun og fóru að hleypa málsóðum á öllum aldri inn í útsendingar sínar.

Málstaður (n, kk) Afstaða til tiltekins máls; staða málsaðila í máli. „Hún tók gjarnan málstað þeirra sem minna máttu sín“. Mér finnst ég hafa góðan málstað að verja í þessu efni“.

Málstola (l) Orðlaus; á ekki til orð; kjaftstopp. „Ég varð gjörsamlega málstola við þessar fréttir“.

Málsvari (n, kk) Varnarmaður; sá sem ver tiltekinn málstað eða talar fyrir tilteknu málefni.

Máltak / Máltæki (n, hk) Orðatiltæki; málvenja; málsháttur. „Þessi orð voru síðan höfð að máltaki í sveitinni“.

Máltíð / Málsverður (n, kk) Matur sem snæddur er. Oftast er þá átt við helsta snæðing hvers dags, en oft eru helstu máltíðir tvær á hverjum degi; hádegisverður/hádegismatur og kvöldverður/kvöldmatur. „Að loknum málsverði er lagst til svefns en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).

Málugur (l) Málgefinn; kjaftagleiður. „Ansi getur hann verið málugur pilturinn; hann bara þagnar ekki“!

Málum blandið (orðtak) Um málefni; liggur ekki ljóst fyrir; flóknara en strax sýnist; grunsamlegt. „Mér fannst þetta eitthvað málum blandið, eins og það var *lagt upp* fyrir mér“.

Málungi matar (orðtak) Matur í mál; máltíð. „Hann átti ekki málungi matar, og ekkert framundan nema vergangur...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

- Málvenja** (n, kvk) Venja í notkun máls, oft óskráð og mynduð af þörf/máltilfinningu. „Það er málvenja í Kollsvík að þeir sem eru sunnantil í vikinni eru „fyrir handan“, séð norðanfrá, og bæirnir sunnantil nefnast handanbæir. Sömuleiðis er málvenja að segja „norðari“ en ekki „nyrðri“; sbr nafnið Norðariklettur“.
- Málverk** (n, hk) Listaverk sem málað er á flöt. Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi málaði mörg málverk; flest þeirra á steinhellur, en einnig mörg á pappír og striga.
- Málvilla** (n, kvk) Rangt skrifað/sagt orð eða orðasamband; röng málnotkun. „Skelfilega er leiðinlegt að sjá svona málvillur í opinberum skjölum“!
- Málþóf** (n, hk) Þræta; orðaskak/andmæli í þeim tilgangi að tefja umræður eða niðurstöðu þeirra, þó málið sé tapað þeim sem málþófið stundar. „Þetta er bara tilgangslaust málþóf; nú ertu alveg rökþrota“!
- Málæði** (n, hk) Mas; kjaftæði; bull; mikið og innihaldslaust tal. „Við skulum bara sleppa öllu málæði í kringum þetta og viðurkenna staðreyndirnar eins og þær eru“!
- Mánaðartími** (n, kk) Mánaðarlangur tími; einn mánuður. „Vegurinn var lokaður um mánaðartíma“.
- Máni** (n, kk) Tungl. Oftar var talað um tungl en mána í daglegu tali; máni var fremur notað í ljóðum.
- Mánuður** (n, kk) Tímabil sem varir 28-31 daga, eftir því hvaða mánuð er um að ræða. Kennt við tunglið/mánann, sem er um 28 daga að ganga kringum jörðina. Má ætla að upphaflega hafi mánuður í tímatali verið sami og tunglmánuður, en lagfæringar þurfti að gera til að samræma fjölda tunglmánaða einu ári, sem svarar tímanum sem það tekur jörðina að ganga kringum sólu.
- Mánudagur til mæðu** (orðtak) Þjóðtrúin segir að mánudagurinn sé varasamur, því þá megi búast við að ýmislegt *fari úrskeiðis*. Enginn byrjaði verk á mánudegi að þarflausu, s.s. slátt eða búferlaflutninga.
- Máriátla** (n, kvk) *Mariuerla* (sjá þar).
- Más** (n, hk) Hávær andardráttur; andköf; blástur. „Mér heyrir á másinu að karlinn sé að komast uppá brúnina“.
- Mása og blása/hvása / Másandi og blásandi/hvásandi** (orðtök) Mæðast mjög; mjög móður. „Upp á brúnina komst hann; másandi og blásandi“. Blása var mun oftast notað.
- Máske** (ao) Kannski, ef til vill. „Máske hef ég einhvertíma sagt þetta“.
- Mát** (n, hk) A. Mót; kvarði; snið; það sem mátað/mælt er með, s.s. mátklossi og skíðmát. B. Í skák; endatafl á þann veg að kóngur getur ekki vikið sér undan atlögu/skák andstæðingsins.
- Máta** (s) A. Bera við; mæla. „Viltu ekki máta þeysuna og vita hvort hún passar“. B. Ljúka tafli/skák með því að gera andstæðinginn *mát*.
- Máti** (n, kk) A. Aðferð; háttur. „Mér finnst best að gera þetta *upp á gamla mátann*“. B. Hóf; hófsemi. „Þetta er *fram úr öllum máta*“. C. Kunningi; vinur. „Þeir eru orðnir mestu *mátar*“.
- Máttarstólpi** (n, kvk) Uppistaða; burðarstoð. Oftast notað í óeiginlegri merkingu um mikilvæga menn. „Fullyrða má að Össur á Láganúpi hafi verið máttarstólpi Rauðasandshrepps á margan hátt. Eftir að hans naut ekki lengur við hófst strax hnignun sem endaði með nær algjöru byggðahruni. Þar vor að verki ýmsar ytri aðstæður, en einnig forystuleysi innanhrepps eftir að hann missti sína starfskrafta“ (VÖ).
- Máttarviður** (n, kk) Burðarviður í húsi eða öðru mannvirki.
- Máttfarinn** (l) Máttlaus; veiklulegur. „Skipbrotsmenn voru orðnir máttfarnir af hungri og þreytu“.
- Máttlaus** (l) Kraftlaus; skortir afl/þrek. „Ég er nú ekki svo máttlaus að ég lyfti ekki steinvölunni“!
- Máttleysi** (n, hk) Magnleysi; *linka; linja; slen*. „Ennþá er eitthvað máttleysi í lambkettlingnum“.
- Máttlitol / Máttvana** (l) Máttlaus; veikburða. „Átti Guðrún að hafa sagt við mann sinn að „skammarnær hefði honum verið að láta Gunnar aldrei í burtu, en að taka við honum horuðum og máttvana“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Máttugur** (l) Sterkur; öflugur; kraftmikill; valdamikill.
- Mátulega** (ao) Hæfilega. „Ég er svona mátulega trúður á þessi kosningaloforð þeirra“.
- Mátulegt** (l) A. Hæfilegt. „Ég held að þessi jakki sé alveg mátulegur“. B. Hæfileg ráðning/refsing; maklegt. „Það væri honum alveg mátulegt að detta nú í sjóinn, fyrir þessa hrekki sína“!
- Mávabyggð / Mávavarp** (n, kvk/hk) Svæði þar sem mikið verpur af máv. (Ritháttur mávs er ýmist með f eða v, og telst hvorttveggja jafn rétt).
- Mávabyrgi** (n, hk) Skotbyrgi þar sem mávur var *skotinn á fluginu*. „Mávabyrgi er á Grundabökkunum, þar sem Garðarnir enda. Þar var legið fyrir mávi í hæfilegum vindi. Einkum var skotinn ungfugl til matar“.

Mávager / Mávahópur (n, hk) Hópur af mávum. „Mávager á sjó þarf ekki að vera vísbending um fisk í æti; mávurinn getur allt eins verið þar í hræi. Öðru máli gegnir um ger af svartfugli; það er einhlítt merki um *silferð*“. „Mér sýnist að þarna sé mávahópur að koma yfir Garðsendann; vonandi gefa þeir færi“.

Mávaket / Mávsket (n, hk) Ket af máv. Mávur var mikið *skotinn á fluginu* í Kollsvík á 20.öld, einkum ungfugl, og hafður til matar. Mikið af honum var snætt nýtt, en annað saltað í tunnur. Voru þá bringur og læri skilin að, og *kranginn* saltaður einnig. Fyrrum var mávurinn plokkaður og *bumburinn* látinn fylgja ketinu, en í seinni tíð var fuglinn fleginn. Mávaket er herramannsmatur, og alls ekki síðra en gæsaket eða kjúklingur. Það fékk óorð á sig þegar salmonella tók að finnast í borgarmávi, sem lifði í klóaki og opnum ruslahaugum, en vestra lifði fuglinn á heilnæmara fæði og varð engum meint af neyslu hans. Mávurinn var jafnan soðinn, og oftast búin til af honum *mávasúpa*, sem er sælkeraréttur.

Mávaskíta (n, kvk) Neikvætt orð yfir löngun til að skjóta máv á fluginu, en sumir töldu það mestu tímaeyðslu meðan aðrir réðu sér vart í góðum *mávastormi*. „Ansans ekkisen mávaskítan á ykkur alla tíð! Búiði ykkur nú almennilega; það er skítkalt að norpa þarna í Byrginu í þessum norðangarra“!

Mávaskot (n, hk) Haglaskot sem hentar til að skjóta máv. Menn deildu um það hvaða tegundir væru bestar og áreiðanlegastar, og komu þar tegundirnar Seller & Bellot og Ely Alphamax m.a. til álita. Hentugasta haglastærðin var álitin 4, af enskri mælieiningu. Á síðari tímum fóru menn að nota magnumskot, en með þeim náðist fuglinn á lengra færi. Hlaupvidd á byssum var yfirleitt 12, en Össur á Láganúpi átti byssu með hlaupvidd 16, sem gafst vel við mávaskytterí. Eftir langan dag á mávaskytterí lágu oft hrannir af tónum skotum eftir í Byrginu á Grundabökkum. Haglaskot og riffilskot voru meðal fjölmörgra vörutegunda sem oftast voru á boðstólum í kaupfélagi Sláturfélagsins Örlygs á Gjögurum.

Mávaskytta (n, kvk) Sá sem skýtur máv. „Þarna koma klyfjaðar mávaskyttur“.

Mávaskytterí (n, hk) Sú iðja að *skjóta máv á fluginu*. „Einar og Páll í Borgarnesi komu vestur í Kollsvík flest haust, og þótti þá fátt eftirsóknaræðara en sitja niðrivið Garða á mávaskytterí í góðum *mávastormi*“.

Mávastormur (n, kk) Notað yfir vind af þeirri átt og vindstyrk þegar heppilegt er að „*skjóta á fluginu*“, þ.e. liggja í Byrginu við Garðana og skjóta máf sem flýgur þá lágt í norðanvindinum.

Mávasúpa / Fuglasúpa (n, kvk) Súpa sem soðin er af máv/mávsunga. Í hana var yfirleitt sett það sama og í ketsúpu. Ef fuglinn var *bráðfeitur* vildi oft safnast *smolt* á yfirborðið. Hjörtu fuglsins voru soðin með, ekki síður en læri, bringa og *krangi*.

Mávsegg (n, hk) Egg svartbaks/hvítmávs. „Mávsegg eru mjög góð til átu; ekki ósvipuð hæneggjum á bragð og áferð, en bragðsterkari og mun matarmeiri. Þau voru oft tekin með múkkaeggjum, og á svipuðum stöðum“.

Mávsvængur (n, kk) Vængur af máv. Mávsvængir voru mikilvægir í tvennu tilliti. Annarsvegar voru á tímabili greidd verðlaun úr hreppsþjóði fyrir fækkun vargfugls og var þá vængurinn sönnun fyrir því. Hinsvegar voru mávsvængir notaðir til að *veifa*, en svo var það nefnt þegar útspenntu vængjapari var blakað af manni í skotbyrgi, líkt og þar væri mávur á lágflugi. Með þessu voru ungmávar lokkaðir í skotfæri. Það tókst iðulega ef ekki voru *gamalmávar* með í för, en þeir sáu í gegnum brelluna og reyndu að lokka þá yngri frá byrginu. Krakkar og unglingar voru stundum hafðir með til að veifa þegar skotið var á fluginu. Eftir að fyrsti fugl hafði verið skotinn var hann fremur hafður til að veifa með. Þeir sem síðar voru skotnir voru settir framanvið byrgið og á Garðana, líkt og þar væri mávahópur í lágflugi.

Mávur (n, kk) Ætt sjófugla. Bæði vargfugl og nytjafugl í Kollsvík. Algengustu mávategundir þar og í nágrenni eru *hvítmávur* og *svartbakur* (sjá þar). Ritað ýmist með f eða v, og líklega hvorttveggja jafn rétt.

Medalía (n, kvk) Myntpeningurt; orða. Oftast notað um heiðurspening eða -orðu. „Hann ætti skilið að fá medalíu fyrir sína frammistöðu“.

Með (ao) Hjá; við. „Upp, upp mín sál og allt mitt geð; / upp mitt hjarta og rómur með“ (HP; Pass.sálmar). „Saltfiskur finnst mér bestur, og kartöflur og flot með“.

Með (fs) Orðið „með“ verður forsetning þegar það stýrir falli orðsins sem það fylgir, annars er það atviksorð. „Með haustinu verður veður rýsjóttara“.

Með afbrigðum (orðtak) Einstaklega; framúrskarandi. „Kristín Pétursdóttir var framfarasinnað með afbrigðum og tilbúin að prófa alla hluti“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms). „Guðbjartur hresstist vonum fyrr. Var hann þrekmaður með afbrigðum“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þessi vetur var með afbrigðum góður, svo elstu menn muna vart annan þvilíkan“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Með afburðum (orðtak) Afburða; svo af ber; einstaklega; frábærlega. „Af vel fódruðu sauðfé með afburðum má nefna á báðum bæjum á Lambavatni, því fé er þar grannt að hausti til; enda eru þarna alltaf vel verkuð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Með annan fótinn í gröfnni (orðtak) Nærri dauðanum; hálfdaður. „Hann sagði að einhverntíma hefði hann tekið svona menn á hné sér og flegnt þá, en hann gerði lítið í því núna; með annan fótinn í gröfnni“.

- Með á nótnum** (orðtak) Skilur vel; með góðan skilning á; fylgist vel með. „Ég er ekki vel með á nótnum hvað þetta mál varðar“.
- Með (...yrði) á vör(um)** (orðtak) Segjandi; viðhafandi. „Hann fleygði frá sér hamrinum með blótsyrði á vör og sagðist ekki geta notað svona handónýtt verkfæri“. „Hann var einatt með gamanyrði á vörum“.
- Með (eitthvað) á samviskunn** (orðtak) Vitandi um verknað sem hvílir þungt á siðgæðisvitund; bera ábyrgð á.
- Með ágætum** (orðtak) Mjög vel; með eindæmum. „Hann skilaði því verki með miklum ágætum“.
- Með barn á brjósti** (orðtak) Með brjóstmylking/kornabarn í sinni umsjá. „Konur létu ekki sitt eftir liggja við heyskapinn; jafnvel þó þær væru *komnar á steypirinn* eða hefðu barn á brjósti“.
- Með barni** (orðtak) Um konu; þunguð; barnshafandi. Sjá *ganga með (barn)*.
- Með bein í nefinu** (orðtak) Ákveðinn; harður; með myndugleika. „Nú vantar bara einhvern með bein í nefinu til að taka þessa kóna ærlega í gegn“! Vísar líklega til þess að þeir sem hafa kónganef séu harðari í horn að taka en aðrir. Sjá *hafa bein í nefinu*.
- Með berum augum** (orðtak) Án gleraugna eða kíkis. „Ég sé kindurnar í Blakknum með berum augum“.
- Með betra/verra móti** (orðtak) Skárri; verri. „Aflabrögð hafa verið með betra móti það sem af er þessum mánuði“. „Fjárans hóstinn er með verri móti í dag“.
- Með braki og brestum** (orðtak) Með miklum hávaða/fyrirgangi. „Hjallurinn hrundi með braki og brestum þegar hann sló stoðina undan“.
- Með bros á vör** (orðtak) Brosandi; í góðu skapi; hlæjandi. Sjá *stökkva ekki bros á vör*.
- Með böggum hildar** (orðtak) Mjög uggandi/kvíðinn/áhyggjufullur. „Ég er nú dálítið með böggum hildar yfir því að vita af þeim uppi á Hálsi í svona veðri“. Uppruni óviss en líklega vísar orðtakið til þess að hafa áhyggjur af úrslitum orrustu. Hildur er annað heiti á orrustu.
- Með eina görn eins og hrafnninn** (orðtak) Um þann sem étur mikið án þess að bæta a sig holdum. Þjóðtrúin segir að hrafnninn geti étið endalaust, fái hann færi á því, en að hann fitni ekki vegna þess að hann hafi aðeins eina görn og engan maga.
- Með eindæmum** (orðtak) Einstakt; fordæmalaust. „Þessi veðurblíða er bara aldeilis með eindæmum“.
- Með endemum/Með ólíkindum** (orðtak) Einstakt; ótrúlegt. Bæði orðtökin voru notuð í svipuðum tilfellum, en þó það fyrrnefnda fremur í neikvæðum.... „Draslahátturinn á bænum þótti með endemum“.en það síðara fremur í jákvæðum tilfellum: „Það þykir með ólíkindum að hann hafi sloppið ómeiddur frá hrapinu“.
- Með engu móti** (orðtak) Á engan hátt; allst ekki. „Ég get með engu móti skilið hvernig hann fór að þessu“.
- Með fettum og brettum** (orðtak) Með því að geifla andlitið; með táknmáli. „Hættu nú að stríða honum með þessum fettum og brettum. Þú ert nógu ófrýnilegur fyrir því“!
- Með (eitthvað) fyrir augum** (orðtak) Með eitthvað í huga; í einhverjum tilgangi. „Ég smíðaði réttina með það fyrir augum að auðvelt yrði að setja sláturfé á bíl“.
- Með fyrri fallinu** (orðtak) Fremur fyrr en seinna; nokkuð snemma. „Ferðin tekur töluverðan tíma, svo við ættum að leggja af stað með fyrri fallinu“.
- Með glöðu geði** (orðtak) Með ánægju. „Þetta skal ég með glöðu geði gera“.
- Með góðri lyst** (orðtak) Af áfergju; hafa góða lyst á. „Það var haft eftir Gumma að ..sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum...“ (PG; Veðmálið).
- Með grátstafinn í kverkunum** (orðtak) Með ekka í röddinni; erfitt um mál vegna geðshræringar.
- Með hangandi hendi** (orðtak) Um vinnulag; slælega; af skyldurækni en ekki áhuga. „Þú getur alveg eins *látið* þetta *ógert* eins og að vinna það með hangandi hendi“.
- Með harðri hendi** (orðtak) Með miklum aga; með hörku. „Ég rak hann með harðri hendi aftur af stað“.
- Með harmkvælum/hörmungum** (orðtak) Við illan leik; með sársauka. „Með harmkvælum tókst mér að losa hendina“. „Tókst með hörmungum að koma í veg fyrir stórslys“.
- Með haus og hala** (orðtak) Með húð og hári; algerlega. „Þessir þingmenn koma hér blaðskellandi rétt fyrir kosningar og buna útúr sér loforðunum. Þess á milli hverfa þeir gjörsamlega; með haus og hala“!
- Með hausinn ofaní bringu** (orðtak) Niðurlútur; lúpulegur; með hangandi haus. „Hann tók þessum skömmum þegjandi og með hausinn ofaní bringu; gekk síðan út og skelli hurðum“.
- Með hálfum huga** (orðtak) Hikandi; óframfærinn; feiminn; dálítið smeykur. „Með hálfum huga fetaði ég mig eftir þræðingnum og gætti vel að hand- og fötfestum“.

- Með hávaða og látum** (orðtak) Með óskapagangi; með ærslum og látum; með fyrirgangi. „Það þýðir ekkert að reka kýrnar með svona hávaða og látum; þær fara ekkert hraðar fyrir því, heldur missa bara nytina“!
- Með hendur/höndur í skauti** (orðtak) Aðgerðalaus. Sjá *sitja með hendur/höndur í skauti*.
- Með hendur/höndur í vösum** (orðtak) Það þykir ekki lýsa röskleika eða vinnufýri að hafa höndur í vösum. „Þú smalar lítið með höndurnar í vösum; sýndu nú einhverja röggsemi drengur“!
- Með hjartað á réttum stað** (orðtak) Skilningsríkur; miskunnsamur; hjálpsamur; nærgætinn. „Mikilvægt er að nágrannar séu með hjartað á réttum stað þegar svona áföll dynja yfir“. Líking sem vísar til þess að fyrrum var sál og hugsun talin búa í hjartanu. Þeir sem voru harðbrjósta hlutu að hafa hjartað öfugu megin.
- Með hjartað í buxunum** (orðtak) *Skíthræddur; lafhræddur*. „Strákurinn kom hlaupandi inn með hjartað í buxunum, og sagði að það væri draugur í hlöðunni“.
- Með hreina samvisku** (orðtak) Veit ekki uppá sig slæman verknað/ óheiðarleika. Sjá *með á samviskunni*.
- Með hundshaus** (orðtak) Fúll; öngur; óánægður. „Það þýðir ekkert að vera með hundshaus yfir þessu“.
- Með hávaxnari/hærri mönnum** (orðtak) Hávaxinn í samanburði við aðra. „Liði var með hærri mönnum á vöxt og þrekinn...“ (PG; Veðmálið).
- Með höppum og glöppum** (orðtak) Einstaka sinnum og óreglulega. „Það hafa komið þurrkdagar inn á milli; svona með höppum og glöppum“.
- Með hörku og harðfengi** (orðtak) Með þrautseigju/úthaldi. „Með hörku og harðfengi hégum við á þessu fram á snúninginn, en það var eiginlega *engin aðvera* í þessum *skítaveltingi*“.
- Með hörmungum/harmkvælum** (orðtök) *Með naumindum; rétt svo*. „Tréð var askoti þungt á höndum, en okkur tókst með hörmungum að *manúvera* því upp fyrir flæðarmál“.
- Með illu skal illt uppræta / Með illu skal illt út drífa/reka** (orðtiltæki) Vísar til þess að oft þarf að beita óvægnum/sársaukafullum aðferðum til að eyða/leysa vandamál/ lækna kvilla o.fl.
- Með í maganum/vömbinni yfir/vegna** (orðtak) Uggandi/kvíðinn vegna. „Nú er hann með í vömbinni yfir því hvort hann heldur áfram hæstu meðalvigtinni“. „Ég er dálítið með í maganum yfir þessu ferðalagi“.
- Með krafta í köggjum** (orðtak) Sterkur; kröftugur. „Sá hefur haft krafta í köggjum sem lyfti þessum steini“.
- Með kurt og pí** (orðtak) Kurteilega; háttvíslega; með virktum. „Ég kvaddi þau með kurt og pí of hélt heim“.
- Með kyrrum kjörum** (orðtak) Í ró og friði; í rólegheitum. „Ég leit inn í fjárhúsið; þar var allt með kyrrum kjörum og engin *burðarleg*“. *Kjör* er heiti á besta sjóveðri; logni og sjóleysu.
- Með köldu blóði** (orðtak) Með yfirvegum; tilfinningalaust; miskunnarlaust. „Með þessari vegaáætlun virðast stjórnvöld ætla, með köldu blóði, að leggja svona sveitir í eyði“!
- Með lambi/kálf** (orðtak) Um kind/kú; lembd/kálffull; sem lamb/kálfur gengur undir. „Ég held að Mósa sé gæld þetta árið; ég sé engin merki þess að hún sé með lambi“. „Þarna á Stignum sá ég tvær kindur með lömbum“.
- Með lausa skráfu** (orðtak) Ekki heill á geðsmunum; klikkaður; ruglaður; skráttinn. „Sumir *slógu því föstu* að karlinn væri með lausa skráfu, en ég held að hann hafi bara verið langt á *undan sinni samtíð*“.
- Með léttum leik** (orðtak) Leikandi létt; auðveldlega; án alls erfiðis. „Ég gat með léttum leik kastað þessari steinvölu af veginum, þó þeir hafi báðir gefist upp við það“. Jafnan áhersla á miðorðið.
- Með lífið í lúkunum** (orðtak) Mjög hræddur um; á nálum; uggandi. „Hann var með lífið í lúkunum meðan ekið var út Fjörurnar“. Ég er alltaf með lífið í lúkunum þegar þið eruð að andskotast þarna innanum glervöruna“.
- Með lögum skal land byggja (en ólögum eyða)** (orðtiltæki) Málshátturinn er ævafor, og honum bregður m.a. fyrir í Njálssögu. Í lögþóki Járnsíðu er þetta orðað svo: „Með lögum skal land byggja, en eigi með ólögum eyða“. Í hinum eldri og norsku Frostþinglögum segir: „Að lögum skal land vort byggja en eigi að ólögum eyða“. Fyrri hlutinn mun hafa verið í lögum að fornu víða um Norðurlönd.
- Með meiru** (orðtak) Auk annars. „Hann gegndi störfum oddvita og sýslunefndarmanns með meiru“.
- Með meira/minna/mesta/minnsta móti** (orðtak) Fremur mikið/lítið miðað við það sem vant er; í meira/minna lagi. „Oft hefur hann rignt, en þetta er nú með meira móti“! „Aflinn var með minna móti í þessum róðri“. „Skepnuhöld hafa verið góð, að undanskildu því að í haust og fyrri hluta vetrar gjörði bráðapest vart við sig með mesta móti“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Með mikilli/ærinni fyrirhöfn** (orðtak) Með miklu erfiði. „... og stundum sloppið nauðuglega með því að fleygja aftur í Ægi nokkru af afla þeim er þeir með ærinni fyrirhöfn höfðu sótt í greipar hans“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

- Með minna móti** (orðtak) Minni en oftast endranær. „Stafar þetta af því að að frá lokum júlímánaðar 1936 var sumar afar votviðrasamt svo hefyfengur, þrátt fyrir góðan grasvöxt, varð með minna móti, og sumsstaðar ekki góð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).
- Með (einhverju) móti** (orðtak) Á (einhvern) hátt. „Hey manna eru almennt veruð með langbesta móti, en munu nú sem í fyrra vera með lausasta móti“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Með myndarbrag** (orðtak) Á virðulegan/glæsilegan hátt; til fyrirmyndar. „Þannig stóð á að þáverandi sýslumaður Einar Jónasson hafði keypt á jörð og hóf þar búskap með miklum myndarbrag“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Með mörg járn í eldinum** (orðtak) Vinna við margt samtímis. „Maður er með mörg járn í eldinum; og af ólíku tagi“. Vísar til járnsmíðs sem hitar mörg járn samtímis í aflí.
- Með naumindum** (orðtak) Nauðuglega; við illan leik; á mörkunum. „Mér tókst með naumindum að grípa fötuna áður en hún f auk framaf brúninni“.
- Með nefið niðri/ofan í hvers manns koppi / Með nefið niðri í öllu** (orðtök) Snúðrandi í málefnum annarra; forvitinn um annarra hagi. „Ég held hann ætti að líta sér nær, heldur en að vera svona með nefið ofaní hvers manns koppi“.
- Með nesti og nýja skó** (orðtak) Ferðbúinn; reiðubúinn í ferðalag; vel útbúinn; ferðbúinn. Þetta tvennt var mönnum mikilvægast þegar langt var upp í langferð fyrir á tíð. Skór voru fljótir að slitna; einkum roðskór þeir sem tíðkuðust í Útvíkum. Mikilvægt var að hafa allmörg pör af skóm í langa göngu meðan *roðskór* voru enn notaðir. Hvert þar entist stutt, og t.d. var Víknafjall talið *7 roðskóa heiði*. Ekki var nesti síður mikilvægt. „Nú má ég útbúa mig með nesti og nýja skó; hann taldi sig hafa séð hrútana frammi í Breiðavíkurbotni“!
- Með nóg á sinni kōnnu** (orðtak) Hlaðinn verkum; á fullt í fangi með sín verkefni; „Ég gat ekki verið að biðja hann um þetta; hann er með nóg á sinni kōnnu þessa stundina“.
- Með oddi og egg** (orðtak) Um framgöngu; af einurð; án þess að hvika. „Hann hefur unnið að þessu með oddi og egg, áratugum saman“. „Ég beitti mér fyrir því með oddi og egg að fá þessu framgengt“. Úr bardagamáli; með spjótsoðdi og sverðsegg.
- Með óhreint mjöl í pokahorninu** (orðtak) Grunaður/sekur um óheiðarleika; óheiðarlegur; grunsamlegur. „Það var talið að hann hefði eitthvað óhreint mjöl í pokahorninu“.
- Með ólíkindum** (orðtak) Furðulegt; ekki einleikið. „Annars var með ólíkindum hvað smíðin hans þabba var fjölbreytt“ (S.G; Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Með óskapagangi** (orðtak) *Með hávaða//ærslum og látum*.
- Með pálmann í höndunum** (orðtak) Hrósa sigri; vera ofaná í máli/deilu/verkefni. „Þeir þykjast vera með pálmann í höndunum; með þessa kraftmiklu vél í bátnum. En þeir veiða nú lítið á hana, er ég hræddur um“. Vísar til þess forna síðar erlendis að sigurvegari fái pálmagrein í hendur.
- Með pomp og pragt** (orðtak) Með glæsibrag; við mikil fagnaðarlæti; glæsilega.
- Með ráði og rænu** (orðtak) Með fulla meðvitund/skyrnsemi. „Svonalagað gerir enginn með fullu ráði og rænu“!
- Með ráðum gert** (orðtak) Gert af ásetningi; hefur tilgang. „Sumum finnst það undarleg sérvíska að hafa tvo þumla á sama vettlingnum, en það var með ráðum gert til að vettlingurinn slitnaði jafnt báðumegin“.
- Með ráðum og dáð / Með orðum og gerðum** (orðtak) Á allan hátt; til munns og handa; í hvívetna; í orði og verki. „Ég hef reynt að styðja félagið með ráðum og dáð“.
- Með rentu** (orðtak) Með vöxtum; að fullu. „Skuldin var greidd með rentum“. „Sá skal nú fá þetta borgað með rentum“!
- Með réttu lagi** (orðtak) *Í rauninni; eiginlega; ef rétt skyldi vera; í raun rétttri*. „Með réttu lagi ætti hann að fara að koma“.
- Með réttu og sanni** (orðtak) Í raun og sann; í raun og veru; raunverulega, í raun rétttri; með réttu lagi. „Með réttu og sanni er þetta ennþá hans eign, þó ég hafi fengið að nota það“.
- Með réttu ráði** (orðtak) Með fulla hugsun; með öllum mjalla; með ráði og rænu. „Þú ert nú bara ekki með réttu ráði, ef þér dettur í hug að fara yfir hálsinn í þessu *svartakófi*“!
- Með ríktugheitum** (orðtak) Með skilum; eins og til stóð; réttilega. „Árgjöldin skiluðu sér með ríktugheitum“.
- Með ró og spekt / Með skikk / Með skikk og spekt** (orðtök) Eins og vera ber; í rólegheitum/reglu; í *lukkunnar velstandi*. „Það var allt með ró og spekt í fjárhúsunum, en tvær eru í *tilferð með* að bera, sýndist mér“.
- Með sama móti** (orðtak) Eins; án *tilbreytinga; óbreytt*. „Enn er allt með sama móti hjá þeim“.

- Með sama sniði / Með sömu skikk** (orðtök) Eins; sambærilegt; óbreytt. „Við gerum þetta með sama sniði og áður“.
- Með sama svipmóti** (orðtak) Með svipuðum hætti; líkt. „Þetta virðist vera með sama svipmótinu ennþá“.
- Með seinni skipunum** (orðtak) Um það sem er seint fyrir/ kemur seint; *seint og um síðir*. „Hann mætir alltaf á þessa fundi, en iðulega með seinni skipunum“.
- Með seinna fallinu** (orðtak) Í seinna lagi; síðari hluta dags. „Það gæti verið að ég kæmi með seinna fallinu til baka, ef þeir geta ekki afgreitt þetta strax“. Vísar til síðara sjávarfalls. Lína var oft lögð með fyrra fallinu og farið í síðustu vitjun með seinna fallinu.
- Með seinni skipunum** (orðtak) Í seinna lagi; heldur seinn fyrir. „Afsakið að ég mæti með seinni skipunum í þetta skiptið; ég varð fyrir óvæntum töfum“.
- Með semingi** (orðtak) Treglega; *með hundshaus; með hálfum huga*. „Ég samþykkti þetta með semingi, enda fannst mér þetta ekki góð lausn“. Semingur merkir tregða/seinlæti/hik.
- Með skikkanlegheitum** (orðtak) Í rólegheitum; eins og vera skal; eðlilegt. „Ég gáði í fjárhúsin áðan og þar virtist allt vera með skikkanlegheitum, en þó gætu tvær verið *í tilferð með* að bera“.
- Með skilum** (orðtak) Eins og vera ber. „Ég fékk lánið greitt með skilum, og á réttum tíma“.
- Með skít og öllu saman** (orðtak) *Eins og kemur fyrir afskepnunni*; án þess að hreinsa/ vanda til verka; með öllu sem fylgir. „Ég hirti þetta með skít og öllu saman“. „Vertu nú ekki að pilla gaddana svo nákvæmlega af grásleppunni; annaðhvort skilarðu matnum eða étur hann með skít og öllu saman“!
- Með skjótum hætti** (orðtak) Skyndilega; hratt. „En það brimar með skjótum hætti frá vestri, eins og oft vill henda“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Með sóma og sann** (orðtak) Af heiðarleika og trúfestu; dyggilega. „Þessu starfi gegndi hann í marga áratugi með sóma og sann“.
- Með strengdan kvið** (orðtak) *Kviðdreginn*; mjög *horaður*; *langsoltinn*.
- Með störu** (orðtak) Starandi; *stareygður*; gónandi. „Stattu ekki bara þarna með störu; reyndu að hreyfa þig“!
- Með súrum sveita/svita** (orðtak) Með miklu erfiði/ mikilli fyrirhöfn. „Mér tókst loks, með súrum sveita, að koma trénu upp fyrir flæðarmál“. „Hann sagðist ekki ætla að fleygja því frá sér sem hann hefði aflað sér með súrum sveita“. Sveiti er eldri mynd af sviti.
- Með sömu ummerkjum** (orðtak) Eins og verið hefur; *í sömu skorðum*; óbreytt.
- Með tíð og tíma** (orðtak) Smám saman; með tímanum. „Sjávarborð stóð hærra í vikinni á ísöld, en með tíð og tíma hefur ströndin fengið það svipmót sem nú er.“
- Með tvær hendur tómar** (orðtak) Tómhentur; hefur ekkert fengið. „Ég fór og leitaði heilan dag á þessum slóðum, en kom aftur með tvær hendur tómar“.
- Með undrahætti / Með undrum** (orðtak) Undarlegt. „Svo var smíðað utan um hann og svo var hann fluttur yfir fjörð að Sauðlauksdal og jarðaður þar en allt þótti þetta með eitthvað undrahætti“ (JVJ; Nokkrir æviþættir). „Lesendum sem mig þekkja telja það með undrum að ég segi frá bjargferð úr Kollsvík...“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).
- Með virktum** (orðtak) Með virðingu; af innileika; *með kurt og pí*. „Ég kvaddi þau með virktum og lagði svo af stað“. Hún þakkað í mér með virktum fyrir broddflöskuna“.
- Með það fyrir augum** (orðtak) Í þeim tilgangi; *í því augnmiði*.
- Með það sama** (orðtak) Um leið; samstundis. „Ég opnaði rifu á fjárhúshurðina; rolluskrattinn ruddist út og var horfin út í myrkrið með það sama“.
- Með þeim hætti** (orðtak) Þannig; á þann veg. „Þar var þó við ramman reip að draga, því vegir voru *með þeim hætti* að ekki var mögulegt að flytja skurðgröfur um svæðið“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Með þessu/því móti** (orðtak) Á þann hátt; þannig. „Með þessu móti vorum við mun fljótari að *vitja um* hvern streng“. „Hann gat *haltrað* inn með því móti að styðja sig við vegginn“.
- Með þjósti** (orðtak) Höstugur; með reiðitóni. „Hann spurði með þjósti hvað við hefðum verið að gera þarna“.
- Með því fororði** (orðtak) Með því skilyrði/fyrirvara. „Ég lánaði honum bátinn með því fororði að reyndur maður væri með í för“.
- Með því** (orðtak) Vegna þess; af þeim sökum. „Einar í Kollsvík var í róðri, en líklegt er að fleiri bátar hafi verið á sjó, með því að bændur voru einnig á Láganúpi og Grundum, sunnantil í Kollsvíkinni“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

- Með því fororði** (orðtak) Með þeim fyrirvara/*varnagla*. „Ég seldi bátinn með því fororði að ég fengi hann lánaðan í róður *stöku sinnum*“.
- Með því móti** (orðtak) Á þann hátt; þannig. „Hann komst upp á efri stallinn með því móti að hlaða undir sig stall í neðri ganginum“.
- Með tíð og tíma** (orðtak) Eftir því sem tíminn líður; á sínum tíma. „Þetta kemur allt með tíð og tíma; þú verður bara að bíða rólegur“.
- Með veðrið/vindinn í fangið** (orðtök) Á móti vindi; gegn veðri. „Það gengur væntanlega hægar heim; með veðrið í fangið“.
- Með æðiber í rassinum** (orðtak) Um mann sem liggur mjög á að leggja í ferðalag /hefja verk; með óþreyju/asa. „Það er alltaf eins og hann sé með æðiber í rassinum; hann er ekki fyrir kominn en hann er rokinn aftur“!
- Með ærslum og látum/fyrirgangi** (orðtak) *Með óskapagangi; með hávaða og látum*.
- Með öllu** (orðtak) Alfarið; algerlega. „Þessi slúðursaga er með öllu tilhæfulaus“!
- Með öllu móti** (orðtak) Á allan hátt; með öllum ráðum. „Ég reyndi með öllu móti að fá hann ofan af þessu“.
- Með öllu saman** (orðtak) *Eins og það leggur sig*; algerlega; allt. „Vertu nú ekki að kroppa þetta úr matnum; láttu þetta bara í andlitið á þér með öllu saman“!
- Með öllum mjalla** (orðtak) Heill á sönsu/geði; *með réttu ráði*. „Ætlaðu einn í Bjargið? Þú ert ekki með öllum mjalla drengur“! Mjalli merkir í þessu sambandi skýrleiki; vit, en er í raun sama orðið og mjöll; sjnór.
- Með öndina í hálsinum** (orðtak) *Andstuttur*; móður. „Strákarnir komu hlaupandi og sögðu með öndina í hálsinum að þeir hefðu fundið hval rekinn í fjörinni“. Önd merkir í þessu efni andardráttur.
- Með öngulinn í rassinum** (orðtak) Óheppinn á veiðum; fisklaus. „Mér þætti skratti *lúrt* að koma aftur í land með öngulinn í rassinum, líkt og úr síðasta róðri“.
- Með öngvu móti/öllu mögulegu móti** (orðtak) Alls ekki/með öllum aðferðum. „Ég get með öngvu móti áttað mig á þessari veðurspá núna“. „Það verður að reyna með öllu mögulegu móti að klára þetta“.
- Meðal** (n, hk) A. Efni sem ætlað er til inntöku til lækninga, oftast er átt við einhverskonar mixtúru. „Ári er þetta meðal bragðvont; það er eins gott að það virki“. B. Ráð; úrræði. „Ég kann engin meðöl við þessu“.
- Meðal** (fs) A. Ásamt. „Meðal þess sem við fundum var planki úr fallegu maghóni“. B. Milli; í hópi. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru...“ (PG; Veðmálið).
- Meðal annarra orða** (orðtak) Eitt vil ég/ langar mig að segja í viðbót.
- Meðal annars** (orðtak) Einnig; að auki. „Honum voru falin ýmis trúnaðarstörf í sveitinni; meðal annars var hann lengi sýslunefndarmaður, auk oddvitastarfanna“. „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáls lambinu“ (PG; Veðmálið).
- Meðalaglas** (n, hk) Lítið ílát sem meðöl eru gjarnan geymd í. „Tönnina varðveitti ég lengi í meðalaglas“.
- Meðalár** (n, hk) Meðaltal margra ára; meðaltal af svipuðum tíma og um er rætt. „Hiti var nokkru meiri í sumar en í meðalári“.
- Meðalfesta** (n, kvk) „Í Kirkjuhvammi er nokkuð af hejrunum fyrir neðan meðaltestu og einnig hefir nokkuð af útibornum hejrum skemmt af regni“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).
- Meðalhóf** (n, hk) Það sem hæfilegt er; hvorki of né van. „Meðalhófið er best í þessu sem öðru“.
- Meðalhófsmaður** (n, kk) Sá sem gætir meðalhófs. „Hann var enginn meðalhófsmaður í sínum pípureykingum þegar mest var“.
- Meðalkafli** (n, kk) A. Handfang á sverði. B. Miðhluti á öðrum hlut, s.s. kaleik/bikar.
- Meðallag** (n, hk) Meðaltal; það sem venjulegast er. „Hiti hefur verið nokkuð fyrir neðan meðallag síðasta mánuðinn“. „Hann var talinn greindur í góðu meðallagi“. „Hey hafa víða verið lakari en í meðallagi“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Meðalmannsverk** (n, hk) Verk sem ætlast er til að meðalmaður vinni vel innan tiltekins tíma. „Í Búalögum er það talið meðalmannsverk að *slátra* 10 sauðum og raka gæurnar að kvöldi“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).
- Meðalmenni** (n, hk) Venjulegur maður. „Allir voru þeir meira en meðalmenni að burðum“.
- Meðalmennska** (n, kvk) Geta/frammistaða venjulegs manns. „Mér er illa við alla meðalmennsku í þessum efnunum; þarna á maður að geta gert betur“.
- Meðaltal** (n, hk) Til jafnaðar. Oftast notað um *meðalvigt* dilka að hausti. „Ég var með heldur hærra meðaltal en í fyrra“.

- Meðalvetur** (n, kk) Vetur sem er í meðallagi harður/kaldur/snjóþungur. „Vetur þessi mun hafa verið betri en meðalvetur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Meðalvigt** (n, kvk) Meðalfallþungi dilka. Í tali bænda voru fá orð oftar nefnd um sláturtíðina en meðalvigt og heimtur, enda endurspegladist í þeim von manna um góða afkomu.
- Meðaumkun / Meðaumkunarsemi** (n, kvk) Samúð; meðkennd; vorkunnsemi. „Ég hef nú litla meðaumkun með þessum ævintýrapésnum þegar þeir fara á hausinn vegna eigin glæfraskapar“.
- Meðbróðir** (n, kk) Samborgari; náungi. Oftast notað þegar höfðað er til samkenndar fólks í samskiptum hvert við annað. Orðið „meðsystir“ er til, en hefur lítt verið haldið á lofti í jafnréttisumræðu nútímans.
- Meðbyr** (n, kk) A. Meðvindur/byr; vindur af hagstæðri átt, sem nýtist til að koma seglskipi rétta leið. B. Afleidd merking; hvaðeina sem gengur manni í haginn eða hjálpar að settu marki.
- Meðfram** (ao) *Frammeð*; til hliðar við. „Mér tókst að komast meðfram fjárhópnum og stóð svo fyrir honum við Flosagilið“. „Hann er að vinna meðfram náminu“.
- Meðvindur** (n, kk) Vindur í sömu átt og haldið er. „Við vorum mikið fljótari heimleiðis, enda höfðum við þá meðvind“.
- Meðvitund** (n, kvk) A. Rád og ræna; vitund/vitneskja lífveru um það sem fram fer í kringum hana. „Hann vankaðist við höggið, og var nokkurn tíma að komast til fulrar meðvitundar“. B. Var ádurfyrr notað um vitneskju, t.d. um yfirhilmingu í sakamáli.
- Meðvitundarlaus** (l) Vankaður; rotaður; án *meðvitundar*.
- Meðfram** (ao) A. Fram með; til hliðar við. „Á Bökkunum meðfram öllum Grundagrjótum er túngarður, grjóthlaðinn; furðu heill þó staðið hafi viðhaldslaus í mannsaldur“ (HÖ; Fjaran). B. *Í og með; í bland*; sumpart. „Svona meðfram var ég að vona að hann færi að stytta upp“.
- Meðfærilegur** (l) Sem þægilegt er að meðhöndla/lyfta/ fara með. „Eigum við ekki að velja einhvern meðfærilegri stein í þetta“?
- Meðstraumur/mótstraumur** (n, kk) Miklu skipti á róðrarbátum að hafa strauminn fremur með sér en í móti ef þess var einhver kostur. „Var þá meðstraumur út með hliðunum, liggjandi á Sandflóa og út með Bjarginu og norðurfallsupptaka er kom út að Töngum“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Meðstreymt** (l) Um það þegar straumur liggur í sömu átt og siglt er í.
- Meðtaka** (s) Innbyrða; innlima; innbyrða; nema; skilja. „Er þetta þá fyllileg meðtekið“?
- Meðtækilegur** (l) Reiðubúinn fyrir; tilbúinn að meðtaka. „Þú getur reynt að sannfæra hann um þetta, en ég er nærri viss um að hann er ekki vel meðtækilegur fyrir því“.
- Mega** (s) A. Hafa leyfi til. „Hún má eiga þennan hlut“. B. Verða; vera tilknúinn. „Þú mátt flýta þér ef þú ætlar að ná tæka tíð“. „Við megum *halda til dagsins* með að raka upp“. „Mátti hann svo hlaupa á milli, eftir því sem honum fannst sín húsbóndaskylda bjóða“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Mega á sama standa** (orðtak) Geta staðið á sama; ættu að *láta sér í léttu rúmi liggja*. „Mér má svosem á sama standa um þetta; þetta er mál sem mér kemur í rauninni ekki við“.
- Mega bera/hafa (einhvern) fyrir / Mega hafa eftir (einhverjum)** (orðtök) Mega vitna í; geta nefnt sem votta. „Þú mátt bera mig fyrir þessu, ef einhver skyldi efast um það“. „Það má hver sem er hafa það eftir mér; þetta á eftir að valda stórslysum“!
- Mega ekkert aumt sjá** (orðtak) Þurfa að hjálpa öllum sem eiga bágt/minna mega sín/eru illa staddir. „Hún vorkenndi ræflinum, enda má hún ekkert aumt sjá“.
- Mega ekki/varla af (einhverjum) sjá/líta** (orðtak) Geta ekki slitið sig frá einhverjum A vegna þess að manni þykir svo vænt um hann, eða B vegna þess að hann getur þá farið sér að voða eða gert óæskilega hluti. „Hann er afskaplega skotinn í stelpunni, og má helst ekki af henni líta“. „Árans fiktsemin í stráknunum; það má bara ekki af honum líta“!
- Mega ekki/varla/vart mæla fyrir/vegna** (orðtak) Geta varla talað vegna. „Ég reyndi að kalla í hann og segja honum þetta, en mátti vart mæla fyrir rokinu“.
- Mega ekki orðinu halla** (orðtak) Um viðkvæmni/móðgunargirni; þurfa að gæta sín mjög vel í umtali. „Það má bara ekki orðinu halla um flokkinn; þá býst hann til varnar“.
- Mega ekki/varla/vart vatni halda** (orðtak) Geta varla beðið; vera mjög óþreyjufullur; vara að farast úr spenningi. „Hann má varla vatni halda af löngun til að komast aftur á sjóinn“! Vísar til þess að geta varla haldið þvagi; vera í spreng. Í seinni tíð stundum; *geta varla haldið vatni yfir einhverju*“.

- Mega ekki vera að (einhverju)** (orðtak) Hafa ekki tíma til einhvers; vera of upptekinn fyrir eitthvað. „Ég má ekkert vera að því að hugsa um þetta núna“!
- Mega ekki við svo búið standa** (orðtak) Geta ekki verið/staðið/unað þannig; vera óviðunandi. „Ég sá strax að ekki mætti við svo búið standa; þessu yrði að breyta tafarlaust“. Sjá *ekki má við svo búið standa*.
- Mega hvorugur af hinum/öðrum sjá** (orðtak) Um góðan vinskapa tveggja; vera *óaðskiljanlegir*. „Þær eru eins og samlokur; mega hvorug af hinni sjá“.
- Mega til (með)** (orðtak) Verða; vera knúinn til. „Þú mátt til með að heimsækja mig þegar þú verður næst á ferð“. „En við megum til að rifja upp hvernig slátursuðupottar á Lambavatni voru“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Kallaði ég þá til Hálmars að hann mætti til að komast að fuglakippunum sem voru fastar í vaðnum sem maðurinn var fastur í, og skera þær í burtu...“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Mega út með** (orðtak) Þarf að greiða; þarf að *láta afhendi*. „Það dæmdist svo að vélin hefði bilað í mínum meðförum, svo ég mátti út með viðgerðarkostnaðinn“.
- Mega við** (orðtak) *Standast við*; geta *afborið*; *hafa ráð á*. „Ég er ekki svo birgur af heyi að ég megi við því að láta hann hafa það sem hann biður um“. „Hann mátti illa við því að missa bestu mjólkurkúna“.
- Meginaðdráttarferð** (n, kvk) Kaupstaðarferð þar sem aflað er helstu nauðsynja til langs tíma. „Venjulega voru farnar tvær meginaðdráttarferðir á ári. Var önnur ferðin farin snemma vors og þá var aðflutningurinn tilbúinn túnaburður, auk ýmissar matvöru til heimilisþarfa. Síðari ferðin var svo farin á haustin“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Meginatriði** (n, hk) Aðalatriði; mikilvægast. „Meginatriði málsins liggja ljós fyrir“.
- Megineldsneyti** (n, hk) Það sem helst er nýtt sem eldsneyti. „Venjulega var tekið mað lítið eitt af kolum, sem þótti gott að geta gripið til ef sérlega þurfti að skerpa lítilliga á eldi. Annars var megineldsneytið mór, allt fram yfir 1950“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Meginhluti / Meginpartur** (n, kk) Aðalhluti; helsti/stærsti hluti. „Hann dólaði á eftir okkur meginpart leiðarinnar“.
- Meginið af / Megnið af** (orðtak) Mestallt; kúfurinn af. „Við vorum að hreinsa net meginíð af deginum“. „Megnið af kartöflunum náðist upp fyrir frostið“.
- Meginmál** (n, hk) A. Aðalatriði. „Það er kannski ekki meginmálið hver gerði þetta, heldur hversvegna“. B. Meginhluti texta í rituðu máli. „Þetta kemur fram í athugasemdum, en ekki í meginmáli bókarinnar“.
- Meginmunur** (n, kk) Mikill mismunur. „Mér finnst enginn meginmunur á þessu tvennu“.
- Meginregla** (n, kvk) Aðalregla; ríkjandi regla. „Meginreglan er þessi, en á henni eru þó undantekningar“.
- Meginþorri** (n, kk) Mestur fjöldi. „Meginþorri fundarmanna samþykkti tillöguna í atkvæðagreiðslu“.
- Megn** (l) Mikil; ráðandi; almennur. „Af þessu lagði megna og stæka fýlu“. „Hann hafði megna ótrú á þessu“.
- Megna** (s) Geta; ráða við. „Ég megnaði ekki að bera meira í einni ferð“.
- Megnið af** (orðtak) Meginhlutinn af; stærstur hluti. „Megnið af steinbítum var hert“.
- Megnugur** (l) Fær um; getur. „Hann sýndi þarna hvers hann var megnugur“.
- Megurð** (n, kvk) Hor; langvarandi hungur. „Var hann aðframkominn af megurð, en komst þó til byggða og varð hjúkrað, svo hann lifði af“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Mehe** (n, hk) Múður; rövl; úrtölur. Var einvörðungu notað í orðtakinu „*ekkert mehe með það*“, sjá þar. Ekki verður fullyrt um það nú hvernig eða hvenær orðið er tilkomið eða hvað það var víða notað.
- Meidd / Meiddi** (n, hk) Gæluorð um meiðsli/ sáran stað; *bágt*. „Hættu nú að vola stúfur; mamma er búin að kyssa á meiddi“ „Ertu með meiddi á puttanum“?
- Meiddur** (l) Slasaður; sár. „Hann var töluvert meiddur eftir þetta slys“.
- Meiða** (s) Slasa; særa. „Meiðiði ykkur nú ekki á ljánum strákar“!
- Meiða sig** (orðtak) Slasa sig; særast. „Varstu að meiða þig drengur“?
- Meiði** (n, kk) Sá hluti á sleða sem hann rennur á, eftir snjó/is/jörð. „Við negldum girði undir meiðana á sleðunum til að þeir rynnu betur“. Ávallt þannig í Kollsvík; sumsstaðar annarsstaðar „meiður“.
- Meiðsli** (n, hk, fto) Sár; und; skaði. „Hann er orðinn nokkurnveginn góður af þessum meiðslum“.
- Mein** (n, hk) Sár. „Hann þurfti að fara á spítala og láta skera í fingurmein“.
- Meina** (s) A. Hindra; neita um. „Ég ætla ekki að meina þér að fara ef þú ert ákveðinn, en mér finnst það óráð“. B. Halda; hafa meiningu/skoðun. „Hann meinti ekkert illt með þessu“. „Ég var ekki að meina þessa bók, heldur þá sem ég var að lesa í gær“. C. Fyrirhuga; ætla. „Kom þar fram að menntamálaráðuneytið meinar

að draga mjög úr að kennsla fari fram hér í skólanum, og kennslan verði flutt til Patreksfjarðar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Meináta (n, kvk) Sár/ígerð sem veldur dæld/holu/rýrnun í vef. „Hér er einhver meináta í fætinum á kindinni“.

Meinbagi (n, kk) Óhagræði; skaði; ami. „Ég læt þetta ógert ef honum er einhver meinbagi að því“. „Tíðarfarið hefur verið erfitt þennan mánuð, en ekki þó svo að til meinbaga hafi verið“.

Meinbagalaus (l) Án meinbaga; skaðlaus. „Það er mér að meinbagalaus þú þið farið þarna í klettana“.

Meinbægjast við (orðtak) Eiga í illindum við; ráðast gegn. „Mér fannst ástæðulaust að meinbægjast við hann útaf þessu; þetta var líklega óviljaverk“.

Meinbægni (n, kvk) *Meinsemi*; illgirni. „Svo virðist sem þetta sé af *einberri* meinbægni gert“. „Ég ætla ekki að vera með neina meinbægni við hann, en þarna fór hann bölvánlega að ráði sínu“. Sjá *bægni*.

Meinbölvað (l) *Hábölvað*; mjög slæmt. „Mér finnst það meinbölvað ef þeir ætla ekki að nýta svona góðviðrisdag til að steypa“.

Meinfyndinn (l) Gamansamur undir rós; kaldhæðinn; mjög hlægilegur. „Hann getur verið meinfyndinn, þó sumum finnst hann drumslegur við fyrstu kynni“. „Þetta fannst mér alveg meinfyndið“.

Meinfýsi / Meingirni (n, kvk) *Meinsemi*; illvilji; ásetningur um að ergja/þirra/skaprauna. „Þetta hefur hann gert af tómrri meinfýsi“! „Þetta finnst mér ekkert annað en bölvuð meingirni“!

Meingallaður (l) Með mikla/skaðlega/bagalega ágalla. „Hrúturinn er meingallaður vegna hornalagsins“.

Meingalli (n, kk) Slæmur annmarki/galli. „Þetta finnst mér meingalli á annars ágætum bát“.

Meingetinn (l) Lausaleiks barn; fæddur eftir framhjáald foreldris. „Líklega hefur það upphaflega verið vel meint að láta hinn meingetna son ekki alast upp á heimilinu“ (TÖ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Meinhollt (l) Mjög hollt/heilsusamlegt. „Skelltu þessari mixtúru í andlitið á þér; þetta er meinhollt“. „Fjallagrasaseyði hefur alltaf verið talið meinhollt við kvefi, hálsbólgu o.fl.“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms).

Meinhorn (n, hk) Illgjarn/illkvittinn einstaklingur; ótukt. „Hún gat stundum verið mesta meinhorn við karlinn“.

Meinhrekkjóttur (l) Mjög hrekkjóttur; sem viðhefur slæma hrekki. „Stráksi átti það til að vera stríðinn og meinhrekkjóttur“.

Meinhægðararmingi / Meinhægðargrey / Meinhægðarmaður / Meinhægðarnáungi / Meinhægðarskinn (n, kk/hk) Meinlaus maður, og vísa sum orðin til lítilmagna. „Það er nú ekki vandamálið með hann; þetta er mesti meinhægðararmingi“. „Alltaf er þetta sama meinhægðarskinnið“.

Meinhægðartíð / Meinhægðarveðrátt / Meinhægðarveður (n, kvk/hk) Gott/meinlaust tíðarfar/veður. „Ég held að megi kalla þetta meinhægðartíð sem af er“. „Það var komið meinhægðarveður daginn eftir“.

Meinhægt/meinlaust veður / Meinhæg tíð / Meinhægur í tíðinni (orðtök) Tiltölulega stillt veður/tíðarfar; ekki vindasamt eða mikil úrkoma. „Það hefur verið sólarlaust, en annars mjög meinhægt veður“.

Meinhæðinn (l) Sem gerir grín á kostnað annarra; sem hæðist að öðrum.

Meinhægur (l) Skaðlítill; ágætur. „Héðan er bara allt meinhægt að fréttá“.

Meinilla við (orðtak) Vil helst ekki; forðast/hræðist mjög. „Mér er meinilla við að þið séuð að fíka í klettunum strákar; sérstaklega svona bandlausir“!

Meining (n, kvk) Skilningur; vilji. „Mín meining er sú að strákurinn eigi að fá sama hlut og aðrir“. „Margir voru á þeirri meiningu að þarna hefði ekki verið farið rétt að“.

Meiningar (n, kvk, fto) Álit sem ekki er sagt berum orðum; ósögð mógðun. „Hann var með einhverjar meiningar í minn garð“. B. Fyrirætlun; áætlun. „Og hefur þú einhverjar meiningar um framhaldið“?

Meiningarlaust / Meiningarlítið (l) Innihaldslaut; illskiljanlegt. „Heldur fannst mér þetta daufleg ræða; mestmegnis meiningarlítið hjal um allt og ekki neitt“.

Meiningamunur / Meiningarmunur (n, kk) Mismunandi skilningur/áherslur á málefni; deilur. „Ekki vil ég kalla þetta rifrildi, en milli þeirra var þó nokkur meiningarmunur“. Ýmist með eða án r.

Meinkaldur (l) Um veðráttu; *illkaldur*; bitur. „Ég held ég setji nú bara upp húfuna; hann er meinkaldur“.

Meinkostulegur (l) Stórfurðulegur; mjög undarlegur. „Alveg finnst mér þetta meinkostulegt“!

Meinlaus (l) Skaðlaus; ekki hættulegur. „Þetta var bara meinlaust grín“.

Meinlega (ao) Illa; á slæman/skaðlegan hátt. „Mér er meinlega við að þú sért að flækjast einn í kletta“. „Stundum komst hann svo meinlega að orði að öðrum varð svarafátt“.

Meinlegur (l) Illkvittinn; beinskeyttur; stríðinn. „Hann var stundum meinlegur í orðum“.

Meinleysi (n, hk) Skaðleysi; sakleysi. „Ég sat bara þarna í mesta meinleysi“.

Meinleysingi (n, kk) Sá sem ekki veldur skaða. „Tuddinn er óarennilegur, en þetta er mesti meinleysingi“.

Meinleysisgrei / **Meinleysiskvikindi** / **Meinleysissál** / **Meinleysisskepna** / **Meinleysisskinn** (n, hk/kvk) Góðleg/skaðlaus/aðgerðalaus/framtakslítill manneskja/skepna. „Þetta er meinleysisgrei, en ekki er hann talinn *reiða vitið í þverpokum*“.

Meinleysisveður (n, hk) Aðgerðalítið veður; hægviðri. „Það rigndi dálítið, en annars var þetta meinleysisveður“.

Meinlitið (l) Skaðlaust; *meinhægt*. „Héðan er allt meinlitið að fréttu“.

Meinloka (n, kvk) Leiður og þrálátur misskilningur; þráhyggja; *meinvilla*. „Eftir slysið var hann haldinn þeirri meinloku að örbylgjuþfn í gangi hefði slæm áhrif á handarbrotið“.

Meinsemd (n, kvk) Kvilli; sár; skaði. „Ég held þessi meinsemd sé eitthvað að gróa“. Einnig notað í líkingamáli nútildags, um samfélagsmein.

Meinsemi (n, kvk) Illkvittni; stríðni. „Þú gerðir þetta nú bara af eintómri meinsemi“.

Meinskældinn (l) *Illskældinn*; semur meiðandi vísur/kvæði. „Hann getur gert prýðisgóðar vísur af öllu tagi. En á það líka til að vera beittur og meinskældinn“.

Meinlægur (l) Um hest eða nautgrip; slær/sparkar með afturfætinum svo skaði getur orðið af. „Gættu þín að hefta kvíguna nógu vel; hún er meinlæg þegar komið er nærri henni“.

Meinstríðinn (l) Mjög stríðinn/hæðinn. „Þetta var hinn besti karl en gat þó verið meinstríðinn“.

Meinsæri (n, hk) Svardagar sem byggja á falsi; þegar maður sver gegn betri vitund. Það taldist mikill glæpur forðum ef á mann sannaðist meinsæri, enda þá meira byggt á svardögum en nú er gert.

Meintur (l) Sagður; haldinn. „Kollsleiði er meint vera haugur landnámsmannsins Kolls“.

Meinvaldur (n, kk) Sá sem veldur skaða/meini. Oft notað um *sýkil/sóttkveikju*/sjúkdómsvald, en einnig um orsök tjóns. „Ég fann meinvaldinn; það er naglagat í hlöðupakinu; beint ofanvið myglublettinn“.

Meinvargur (n, kk) Illþýði; skaðlegur vargur; *meinvættur*. „Tófuþjandinn er árans meinvargur í varpinu“.

Meinvilla (n, kvk) Misskilningur; dilla; ranghugmynd; *meinloka*. „Ég veit ekki hvaða árans meinvilla er í honum; að sjá ekki að þetta er sama lambið og hann þuklaði í réttinni“!

Meinvættur (n, kk) Illyrmi; *meinvargur*; ófreskja. „Minkurinn hefur reynst hinn mesti meinvættur í ám og vötnum, og útrýmt öllu lífi“. Jafnan í karlkyni í Kollsvík, en *hippsumhapps* var með það annarsstaðar.

Meinyrtur (orðtak) Skættingslegur/meiðandi í orðum. „Í tali var hann jafnan hógvær og viðmótsþýður; þó gat út af því borið ef hann mætti óvæntri andstöðu. Þá gat hann verið bæði *hvassyrstur* og meinyrtur“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).

Meinþröng (l) Ofþröng. Búð í Kollsvíkurveiri nefndist Meinþröng, og var það talið réttnefni.

Meir / Meira (l) Miðstig af lýsingarorðunum mjög og mikill. „Hann sagðist ætla að koma um þetta leiti; ég veit ekki meir“.

Meira að segja (orðtak) Í ofanálag; ennfremur. „Ég skal lofa þér fallegustu lífgimbrinni minni í haust hafir þú rétt fyrir þér; og ég skal meira að segja leggja til skotið“! (PG; Veðmálið).

Meira af vilja en getu/mætti (orðtak) Drifinn áfram af viljastyrk þó getuna/kraftinn skorti; fremur til að sýna viðleitni en árangur. „Ég er orðinn ansi lélegur til gangs. Maður höktir þetta meira af vilja en mætti“.

Meira blóð eru í kúnni (orðatiltæki) Meira gæti verið að hafa af því sem um er rætt. „Hann var einstaklega *lunkinn* við að pumpa sögur úr mönnum og þráspurði í lokin; ef meira blóð gæti verið í kúnni“.

Meira eða minna (orðtak) Að miklu leyti yfirleitt. „Rauðmaginn var meira eða minna ónýtur eftir hitann“.

Meira en! / Meira er! / Meir'en! (upphrópun) Býsn eru þetta!; þú segir ekki! Einkum notað til að lýsa vandlætingu á raupi eða yfirdrifnum lýsingum viðmælanda. „Meir'en! Ég hef nú aldrei heyrt að lúða geti náð þessari stærð“!

Meira en góðu hófi gegnir (orðtak) Í óhófi; yfirdrifið. „Karlinn er farinn að drekka meira en góðu hófi gegnir“.

Meira en lítið (orðtak) Mjög; allmjög; allmikið. „Þetta er nú meira en lítið undarlegt“! „Þeir áttu eftir að sofa meira en lítið“ (Hrafnkell Þórðarson; Útkall við Látrabjarg).

Meira hvað... (orðtak) Upphrópun; *býsnast yfir* einhverju. Með mikilli áherslu á „ei“ í meira. „Það er nú meira hvað þessi rigning ætlar að endast“! „Meira hvað þú getur étið drengur“!

Meira í orði en á borði (orðtak) Um innihaldslítið tal/ fyrirætlanir sem ekki er staðið við. „Hann talar alltaf fallega, en mér hefur fundist hans snilldarplön vera meira í orði en á borði“. Sjá *meiri í orði en á borði*.

- Meira vinnur vit en strit** (orðatiltæki) Betra er að beita réttum/úthugsuðum aðferðum/vinnubrögðum en þúða.
- Meirapróf** (n, hk) Aukin ökuréttindi; réttindi til að aka stórra bifreið/ fólksflutningabifreið. „... þar með var tilraunum mínum til mennta hætt að fullu; að umdanskildu því að ég tók meirapróf bifreiðarstjóra haustið 1947“ (IG; Æskuminningar).
- Meiri í orði en á borði** (orðtak) Um þann sem stærir sig/ er montinn/drjúgur án þess að geta mikið. Borð merkir þarna borðstokkur og montið vísar til ræðara sem þykist duglegri en hann reynist. Sjá *mikill í orði en minni á borði*; *meira í orði en á borði*.
- Meiriháttar** (l) Mikill; miðstig af mikilsháttar. „Það stefnir allt í meiriháttar ófærð, ef hann heldur svona áfram að snjóá“. Í Kollsvík var ekki tíðkuð sú ofnotkun orðsins sem nú er; þegar það er m.a. notað sjálfstætt sem upphrópun í hrifningu.
- Meirihluti / Meiripartur** (n, kk) Bæði orð notuð; meiripartur þó líklega meira.
- Meis** (n, kk) Laupur/grindakassi sem hey var borið í fyrrum, t.d. þegar búfé var gefið hey; hrip. Síðar tóku *heykörfur* við því hlutverki. Í einn meis komst það hey sem mjólkurkú þarf í mál. Oftast þannig að á hverri hlið eru þrjár rimar sem fest er á hornstuðla/oka, en í botninum eru fjórar rimar. Rimarnar eru felldar inni okana. Þegar þær fóru að innþorna og losna voru settar með þeim tréflísar; *hortittir*.
- Meistaralega** (ao) Eins og meistari/snillingur. „Þetta fórst honum meistaralega úr hendi“.
- Meistarastykki** (n, hk) A. Smíðisgripur sem sá þarf að ljúka sómasamlega við sem vill verða meistari í iðngrein. B. Hverskonar smíðisgripur sem er haganlega gerður.
- Meistaraverk** (n, hk) Verk/smíðisgripur/bók sem er vel/snilldarlega af hendi leyst.
- Meistari** (n, kk) A. Kennari; lærifaðir. B. Iðnaðarmaður með meistarréttindi. C. Afburðamaður; snillingur.
- Meitill** (n, kk) Fleygmyndað verkfæri til ásláttar, notað til að kvarna úr steini, málmum eða öðru hörðu efni.
- Meitla** (s) Kvarna úr og laga til hart efni með meitli. „Og geislarnir skýra gamlar rúnir/ sem Guð hefur meitlað, um stalla og brúnir“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).
- Meitlað í stein** (orðtak) Líkingamál um fyrirheit/reglur. „Þetta er nú ekki meitlað í stein, heldur er þetta háð túlkunum á hverjum tíma“. Sennilega líking við lögmálflokk Móse eða lögmálsstein Hammúrabís.
- Meitlaður** (l) A. Sem unninn hefur verið með meitli. B. Um orðfæri/kveðskap; sett fram í knöppu og kjarnyrta máli, en þó þannig að innihald/meining komist vel til skila.
- Mekaniikk** (n, kvk) Tækni; vélræn virkni. „Ég skil ekki alveg mekaniikkina í þessu“. Nútímamál.
- Mekkanó** (n, hk) Líklega seinni tíma orð; upprunalega haft yfir leikföng þar sem búa mátti til hluti með því að skrúfa saman stykki. Síðan fært yfir á hvaðeina sem augljóslega var sett saman úr einingum, jafnvel lauslega, eins og spilaborg. Eða hluti sem voru flóknir að gerð. „Ég kann ekkert á svona mekkanó“.
- Mekt** (n, kvk) Vald; veldi. „Þarna mætti sýslumaður í allri sinni mekt; gullborðalagður og með kaskeyti“.
- Mektarbóndi** (n, kk) Stórbóndi; bændahöfðingi. „Hann var mektarbóndi hér í sveit“.
- Mektarmaður** (n, kk) Valdsmaður; höfðingi. „Maður steytir ekki kjaft við svoliðis mektarmenn“!
- Mektugur** (l) Máttugur; umkominn. „Ég er einskis mektugur á þessum stað; þú verður að spyrgja réttarstjóran“.
- Melauga** (n, hk) „Sérkennilegar holur í malarholt, sem fundust í barmi frostgíganna Smávatna í Vatnadal í júlí 2015“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Holurnar voru á a.m.k. tveimur aðskildum blettum í Smávötnunum. Efst á aurböndnu malarholti, á bletti sem var ca 4-5m í þvermál, voru um 15 holur í jarðveginn; hver um 30cm á breidd og um 10cm á dýpt; keilulaga. Á milli voru ávalir rimar. Engin augljós skýring var á þessu. Ekki var grafið í holurnar.
- Melabarð** (n, hk) Barð/harðbali/upphækkun/sandbarð í sandbornu landi, oftast með snöggum gróðri. „Mér sýnist að alltaf sé að blása meira úr melabarðinu“.
- Melafloft / Melafit** (n, kvk) Slétt svæði með snöggum gróðri í sandbornu landi. „Neðan núverandi fjárhúsa á Láganúpi eru sandbörð, en neðan þeirra slétt melafit, nefnd Fitin“.
- Melaskarð** (n, hk) Rofdæld í melafit/melabarð. Mikið er um melaskarð í Kollsvík, einkum ofan rifs nærri fjörunni. Þau má sjá norðan og neðan Kollsvíkurbæjar; milli Syðrikletta og Stekkjarmels og neðantil í Litlufit og Fit á Láganúpi. Melaskarð eru víða annarsstaðar í fyrrverandi og núverandi uppblásturssvæðum í Rauðasandshreppi, s.s. á Rauðasandi, Hvallátrum, Breiðavík, Örlygshöfn, Kvígindisdal og Hvalskeri.
- Melasól** (n, kvk) *Papaver radicum*. Einnig stundum nefnd draumsóley. Planta af draumsóleyjarætt; heimskautajurt sem finnst aðeins nyrst á norðurslóðum. Hérlandis finnst hún á melum á Vestfjörðum, Norðvesturlandi og Austfjörðum. Finnst í nágrenni Kollsvíkur. Þrjú litarafrögð finnst; gult, hvítt og

bleikt. Það gula er algengast, en það bleika og hvíta nefnist Stefánssól sem er mjög sjaldgæf og alfriðuð. Blómin eru fjórdeild; bikarblöð tvö; stönglar þétthærðir, blaðlausir; laufblöð eru stofnstæð, stilkúð, fjaðurflípött eða sepött, grófhærð báðumegin.

Björn Halldórsson segir jurtina vera lækningajurt; hafa svæfandi kraft og að blóm legin í sterku víni séu góð við brjóstbeveiki og hreinsi blóðið. Gott sé að leggja blómið við enni og gagnaugu til lækninga á höfuðverk.

Melgras / Melgresi / Melur (n, hk/kk) *Leymus arenarius*. Grófgert og hávaxið gras, allt að 90 cm að hæð. Ax melgresis er 12-20 cm að lengd og smáöxin hafa þrjú blóm. Hefur einstaka hæfileika til að vaxa í þurrum sandi, og er notað til að hefta sandfok víða um land. Korn af melgresi var sumsstaðar nýtt til brauðgerðar áður fyrr; einkum á Austurlandi. Eftir að kornið hafði verið skorið og skekið var það þurrkað í sofnhúsum. Líklega hefur Melur verið notaður í reiðing, hér sem annarsstaðar fyrrum. Jurtin er oftast nefnd melur í daglegu tali, og var á 19.öld sáð á nokkrum stöðum í Kollsvík til að hefta sandfok en hefur lítt gagnast. Hinsvegar hefur tekist að stöðva sandfok í Sauðlauksdal og Kvígindisdal að mestu með mel. Í Skersbug er allmikil slétt melsléttá sem nýtt var til sláttar og fóðrunar fjár.

Melhóll / Melþúfa (n, kk/kvk) Þúfur og hólar sem myndast iðulega þar sem melur vex í toppum en ekki samfelld. Sandur fýkur þá í toppana; melurinn grær uppúr honum; meira áfok verður sem grær uppúr, og þannig hækkar þúfan/hóllinn með tímanum. Af þessum sökum hafa t.d. í Sauðlauksdal myndast stórir hólar sem sumir ná meira en mannhæð, og eru á annan tug metra í þvermál.

Melis (n, kk) Eldra orð yfir sykur. M.a. notað af GJH kaupfélagsstjóra á Gjögurum.

Melrakki (n, kk) Annað heiti á tófu/ref. Ekki notað í daglegu tali.

Melsturðarvél / Melsláttuvél (n, kvk) Uppfinning úr Rauðasandshreppi. Landgræðsla ríkisins hefur, allt frá stofnun, staðið fyrir söfnun melfræs af mestu melasvæðunum, til sáningar í uppblásturssvæði. Melurinn var skorinn með höndum og var mannaflafrekur. Ólafur Egilsson fann upp sérstaka sláttuvél í kringum árið 1980, en með henni er unnt að slá melinn með traktor, mun hraðar en með höndum. Í stórum dráttum er vélin þannig að sláttuvélagreiða er fest á ámokstursteiki traktorsins, þannig að unnt er að stilla legu hennar stöðugt úr traktorssætinu. Ljárið er knúinn af vökvaróturum. Ekki var tekið einkaleyfi fyrir uppfinningunni, og ekki er vitað hvort sammærilegur búnaður hefur verið fundinn upp erlendis.

Melsléttá (n, kvk) Sléttá sem nýtt er til heyskapar, og uppistaða gróðurs er melgresi. Melsléttá í Skersbug var lengi slegin og nýtt.

Melspíra (n, kvk) Oddmjó járnstöng sem notuð er m.a. til að splæsa svera kaðla eða ofna víra. Heitið var notað um svipaðar járnstangir, þó ekki væru nýttar í þeim tilgangi. Heitið mun vera tökuorð erlendum málum, t.d. dönsku; „mærlespiger“.

Melta (n, kvk) A. Ýlda; hræ, hold, matvara eða annað lífrænt sem farið er að rotna. B. Æla sem fugl gefur unga sínum að éta. C. Fiskur og kjötúrgangur, sem verkaður er til fóðurs fyrir skepnur með því að leysa hann upp í sýru. D. Sú líkamsstarfsemi að melta. „Ég lá nokkra stund á *meltunni* eftir þessa veislu, en dreif mig svo af stað“.

Melta með sér (orðtak) Velta fyrir sér; hugleiða. „Ég melti þessa speki með mér nokkra stund“.

Meltingur (n, kk) A. Lambsfóstur sem fædist dautt og ófullburða; stundum byrjað að rotna. „Ég set hana ekki á aftur; þá sem átti meltinginn í fyrravetur“. B. Hálfmeltur/rotnaður matur; æla.

Melstrá / Melstöng (n, hk/kvk) Strá melgresis.

Meltorfa (n, kvk) Síðustu leifar uppblásins lands, þegar eftir situr afmörkuð gróin og hörfandi upphækkun í annars örfoka umhverfi.

Melur (n, kk) A. Melgresi, sem er sennilega aðkomujurt í Kollsvík; sáð í viðleitni til að hemja sandfok. Hún hefur hinsvegar orðið nokkuð ágeng, t.d. við bæjarhús á Láganúpi. B. Styttling á heiti Stekkjarmels. C. almennt notað um slétt sandbalasvæði, t.d. Torfamelur; Kallamelur o.fl. D. Skrattakollur; niðrandi heiti á manni sem gert hefur eitthvað af sér: „Hann hefur *bísað* vasahnífnunum mínum, árans melurinn“.

Men (n, hk) Hálsfesti; hálsmen.

Menga (s) A. Saurga; spilla með íblöndun skaðlegra efna. B. Eldri merking orðsins er að blanda.

Mengun (n, kvk) A. Spilling/blöndun með skaðlegum efnum. B. Blöndun almennt.

Mennilegur (l) Um mann; mannborulegur; viðkunnalegur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Menja (n, kvk) Þykk málning. Upphaflega einkum notuð um þykka (rauða) málningu sem bátar voru stundum málaðir með, en hefur síðan einkum færst annarsvegar yfir á botnmálningu báta og hinsvegar ryðvarnargrunn.

Menjar (n, kvk, fto) Minjar; ummerki. „Þeir sem af komust hresstust furðu fljótt, en víst munu sumir hafa borið þessa nokkrar menjar þaðan í frá þó enginn hlyti líkamsmeiðsli“ (KJK; Kollsvíkurveg). „Hafði ég haft

hamarinn í hendinni er ég var að bjótast út, og ber ég þess menjar á sjálfum mér ennþá þegar ég kem við knýtt beinin í brjóstinu á mér vinstra megin“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Mennilega (ao) Eins og manneskja; að siðaðra manna hætti. „Við skulum nú fara mennilega að þessu; það er óþarfi að flaustra að hlutunum“.

Mennilegur (l) Karlmannlegur; hraustur; vel siðaður. „Hann er orðinn hinn mennilegasti piltur“.

Menning (n, kvk) Siðir; safn hefða og hegðunar sem mótask hefur með þjóð eða þjóðarbroti um tíma.

Margskonar ólík menning getur því blómstrað í einu landi/ríki, þó meðal þjóðarinnar ríki viss þjóðmenning sem er flestöllum sameiginleg. Afmörkuð menningarsvæði myndast helst þar sem fólk/byggð er langtímum útaf fyrir sig án verulegrar blöndunar við meginstrauma. Þannig aðstæður hafa verið í ystu byggðum Rauðasandshrepps, og því má finna þar ýmsa menningarþætti. Einn þeirra er hið sérstæða málfar sem kemur fram í þessari skrá. Íslensk stjórnvöld hafa sýnt vítavert kæruleysi í því að varðveita menningu afmarkaðra svæða, og hefur það orðið til þess að mikið af slíku hefur glatast í þeirri gríðarlegu byggðaröskun sem sömu stjórnvöld hafa efnt til, og mest varð á 20. öld. Hér er gerð tilraun til að bjarga einhverju af hinna sérstæðu menningu Útvíkna; með Kollsvíkina sem viðmið.

Menningararfur (n, kk) Hvaðeina sem tilheyrir menningu liðinna tíma. Menningararfur er þekking og vísdomur sem kynslóðum á hverjum tíma ber skylda til að varðveita að því marki sem skynsamlegt getur talist og geta er til. Þar verður þó alltaf um einhverja forgangsroðun að ræða, þar sem ekki verður allt varðveitt sem til menningararfs getur talist.

Menningarbragur (n, kk) Það sem vitnar um menningu; það sem er af menningarlegum toga.

Menningarlega sinnaður/þenkjandi (orðtak) Sem setur menningarmál í forgang; áhugasamur um menningu/menningarviðburði; varðveislu menningar.

Mennskur (l) Með mannlega eiginleika; eins og maður. „Maður trúir varla að nokkur mennskur maður hafi afkastað þessu öllu“!

Mennskur máttur (orðtak) Mannleg geta/orka. „Það fengi mig ekki nokkur mennskur máttur til að kjósa þann flokk; hvað sem í boði væri“!

Mennt / Menntun (n, kvk) Þekking; fróðleikur/hæfileikar sem maður aflar/ávinur sér með námi. Þá er ekki eingöngu átt við nám í skóla, heldur ekki siður það sem nema má í umhverfi og samfélagi, auk eigin rökhugsunar; sjá *menntaður*. Menntun er ekki það sama og prófgráða frá skóla, þó það sé útbreiddur misskilningur.

Mennt er máttur (orðatiltæki) Þekkingin getur reynst einstaklingnum öflugri en margt annað.

Mennta (s) Uppfræða; auka vitneskju/fróðleik/hæfni.

Menntadýrkun (n, kvk) Öfgafull aðdáun á skólagöngu. Borið hefur á slíkri hneigð í síauknum mæli í nútímasamfélagi. Með hugtakinu er ekki átt við eðlilega og nauðsynlega ásókn manna í að afla sér þekkingar og hæfa sig til starfa, heldur þá tilhneygingu að telja menntað og *langskólagengið* fólk að öllu leyti æðri þeim sem hafa færri prófgráður; jafnvel þó hinir síðarnefndu hafi aflað sér meiri þekkingar og færni með eigin námi. Nærtæk birtingarmynd menntadýrkunar birtist í kröfusetningu atvinnuáglýsinga, þar sem krafist er langskólagöngu og háskólaprófa að nauðsynjalasu. Nærtækasta dæmið um innihaldsleysi og skaðsemi menntadýrkunar er hinsvegar það að alltof margir sem nú skrifast útúr æðri skólum eru illa talandi og skrifandi á rétt íslenskt mál, sem stuðlar að hnignun tungumálsins.

Menntadýrkandi (n, kk) Sá sem stundar öfgafulla menntadýrkun. „Ekki er hér ætlunin að *kasta rýrð á gildi* menntunar; hún er nauðsynleg að vissu marki í nútímasamfélagi. Hinsvegar er sú *menntadýrkun* komin út í öfgar sem ávallt *upphefur* hinn langskólagengna umfram hinn *sjálfmenntaða*; *burtséð frá* raunverulegri hæfni. Menntadýrkandanum hættir einnig til að gleyma því að með sérhæfingunni afsala menn sér þeirri viðtæku *þekkingarleit* sem sá getur stundað sem eyðir minni tíma í skólagöngu“.

Menntaður (l) Býr yfir mikilli þekkingu/menntun. Í Kollsvík og nærbyggðum var lögð mikil áhersla á menntun í víðum skilningi þess orðs. Ekki einungis fengu börn bestu skólatilsögn sem völ var á á hverjum tíma, heldur voru þau einnig frædd vandlega af hinum eldri, og ávallt var tiltækur mikill bókakostur af margvíslegu tagi á hverju heimili. Öllu þessu til viðbótar, og e.t.v. besti skólinn af þessu öllu, var reynslan af samveru við fólkið sem reynslu og þekkingu hafði og miðlaði henni beint og óbeint, auk samvistir við hina sérstæðu náttúru og mikilfenglegu sögu og menningu á staðnum. Menntun verður aldrei metin í prófgráðum nema að sáralitlu leyti, enda þó það sé krafa viðskiptalíkans samtímans að troða öllum í gegnum hið meingallaða kassafyrirkomulag skólakerfisins. Mörgum lánast sú vegferð ágætlega en alltof margir leka útúr finustu háskólunum varla læsir og *þaðanafsiður* skrifandi, illa meðvitaðir um grundvöll sinnar tilveru og það umhverfi sem þeir lifa í.

Menntakerfi (n, hk) Skólakerfi; viðleitni samfélagsins til að stofnanavæða menntunina; gera hana sjálfvirka og mælanlega í prófgráðum. Um leið fjarlægist hún oft þá nauðsynlegu næringu sem hún þarf; nærveru nemenda við sitt samfélag, umhverfi og sínar menningarrætur.

Menntamaður (n, kk) Sá sem er margfróður og hefur viðtækan skilning. Á ekkert skylt við prófgráður.

Menntasnobbi (n, hk) Plága sem harkalega ríður húsum í nútímasamfélagi, en hefur þó lengi haft viðgang í íslensku þjóðfélagi. Menntasnobbi er í raun uppgjöf þeirra sem ekki hafa prófgráður og langskólanám að baki og undirgefni þeirra gagnvart þeim sem gutlað hafa við skólanám og orðið sér útum skírteini frá menntastofnunum. Þetta langskólafólk fær gjarna viðurnefnið *sérfræðingur*; enda þó hinn síður skólagengni hafi oft mun meiri þekkingu af eigin sjálfsnámi og/eða sé betur hæfileikum búinn að manngerð. Menntasnobbi lýsir sér m.a. í því að hugvitsmenn eru sniðgengnir og hæfileikar þeirra nýtast ekki; atvinnuleysi er óþarflega mikið, þar sem einungis er auglýst eftir „sérfræðingum“ og framleiðni þjóðfélagsins er minni en í öðrum löndum vegna fordóma vinnuarkaðarins gagnvart getu meðalmenntaðs og sjálfmenntaðs fólks. Þessi *undirlægjuháttur* kann að skýrast af langvarandi undirokun þjóðarinnar af höfðingum og þrælaspiskurum kónga, kirkju og höfðingja fyrir á ölsum.

Menntur (l) Mannaður; með áhöfn/mannskap/aðstoðarmenn. „Ég er tæpast nógu vel menntur í þessar smalamennskur“.

Merarostur (n, kk) Sjá *gorkúla*.

Merbein / Mergbein (n, hk) Skammaryrði um mann/skepnu; *þrælbein*. „Skyldi hann ætla að svíkja þetta, árans merbeinið“?! Sjá einnig *mergur* sem skammaryrði.

Mergð (n, kvk) Fjöldi; aragrúi. „Ég hef sjaldan séð viðlíka mergð af þessum fugli“! Dregið af „margir“.

Mergfúíð (l) Um tré; fúinn mergurinn en aðrir hlutar trésins heilli.

Mergjaður (l) Kjarnmikill; kröftugur. Einkum haft nútíldags um lygasögur/draugasögur sem þykja spennandi/hrollvekjandi. „Uppúr honum rann hver lygasagan annarri mergjaðri“. Var fyrrum haft yfir manneskju eða skepnu sem var vel í holdum, en lítill mergur er í því sem horað er.

Merglaus / Merglítill (l) A. Um manneskju/skepnu; horuð; sem vantar merg í bein; huglaus; ragur. B. Um bók/sögu; óspennandi; litlaus.

Mergsjúga (s) Taka allt af/frá; fjárkúga. „Það er búið að mergsjúga bændur með þessum álögum“!

Mergsoginn (l) Sem búið er að *mergsjúga*.

Mergsuga (n, kvk) Sá sem tekur allt; sá sem gengur mjög nærri. „Ekki líst mér á það ef þessi skattheimta ætlar líka að verða mergsuga á krökkum sem reyna að klóra sér einhverja aura“!

Mergur (n, kk) A. Feitur vefur inni í sumum beinum dýra og manna. Hluti þess að vinna sér til matar er að *brjóta þau mein til mergjar* sem mergur er í. B. Kjarni einhvers. „Þetta var nú mergurinn í því sem ég vildi sagt hafa“. C. Köpuryrði um mann; þrjótur. „Ætlar hann ekki að standa við loforðið, árans mergurinn“.

Mergurinn málsins (orðtak) Kjarni málsins; meiningin í því sem sagt er. „Við skulum ekkert vera að *hafa of mörg orð um þetta*; segðu okkur bara hvað er mergurinn málsins“.

Meri (n, kvk) A. Kvenkyns hestur. B. Niðrandi heiti á manneskju eða skepnu.

Merja (s) A. Kremja; murka í sundur. „Gættu þess, þegar þú ryður frá þér grjóti, að það lendi ekki á vaðnum; það gæti marið hann“. B. Geta/ná/takast naumlega. „Ég marði sigur á honum í sjómanni, með æði átökum“.

Merki (n, hk, fto) A. Tákn; vottur. „Ég sé engin merki þess að nokkuð sé að stytta upp“. B. Boð sem sigmaður sendir brúnamönnum, þegar hann vill stöðva, síga eða fá til sín slaka; með því að kippa í vaðinn eftir fyrirfram ákveðinni aðferð. „Þú þekkir merkin *Daníel*“ (Haflíði Halldórsson við *Daníel Eggertsson* á Flaugarnefi; sigið í björgunarafrækið við Látrabjarg). C. Hvaðeina sem stendur fyrir boð eða leiðsögn; t.d. landamerki, innsiglingamerki, eyrnamerki í búfé, rekamerki o.fl.

Merkikerti (n, kk) Monthani; vindbelgur. „Hann er nú svoddan merkikerti; hann talar ekki við hvern sem er“.

Merkilega (ao) Furðulega; undarlega; svo eftirtektarver er. „Tóftin er merkilega heilleg ennþá“.

Merkilegheit (n, hk, fto) A. Mont; reigingur; rosti. „Þessir stórbændur sýna okkur smælkinu svosem ekkert annað en merkilegheitin“. B. Furðulegheita; eftirtektarvert. „Þessi bók er merkilegheita gripur“. Í þessari merkingu var orðið undantekningarlaust í eignarfalli fleirtölu; eitt fárra orða sem breytti svo mjög um merkingu eftir föllum.

Merkilegheitafyrirbæri (n, hk) Furðufyrirbæri; eftirtektarverður hlutur. „Alveg er þessi karl merkilegheitafyrirbæri; frekar vill hann dunda sér við að sækja eina og eina kind heldur en þiggja aðstoð til að ná þeim öllum í einu“!

- Merkilegheitaskepna** (n, kvk) Mjög furðuleg/skynsöm skepna. „Hundurinn var merkilegheitaskepna. Hann virtist alltaf vita í hvaða átt hann átti að sækja kindurnar, þó hann sæi þær alls ekki“.
- Merkilegt fyrirbæri** (orðtak) Merkilegt; undarlegt. „Það er merkilegt fyrirbæri að enn séu allir vegir marauðir, þó komið sé fram að hátíðum“.
- Merkilegt nokk** (orðtak) Athyglisvert. Skotið inn á eftir sagnorði eða haft sér, í enda setningar. „Hann hafði, merkilegt nokk, aldrei komið þangað áður“. „Strákurinn er bara sofnaður, merkilegt nokk“!
- Merkilegur andskoti/fjandi** (orðtak) Furðulegt; sérkennilegt. „Alveg er það merkilegur andskoti hvernig honum tekst að halda bílnum á veginum þó hann sé að keyra svona augafullur“.
- Merking** (n, kvk) A. Tákn; meining. „Svona orð hafa litla merkingu“. B. Afmörkun; skrift eða annað tákn á hlut. „Merkingin á baujunni er farin að mást“. „Kollsvíkingar fengust nokkuð við merkingar fugla áður fyrr“.
- Merkingarlaust** (l) Sem hefur enga þýðingu/meiningu. „Þetta er bara merkingarlaust kjaftæði“.
- Merkisafmæli** (n, hk) Stórafmæli; tugsafmæli.
- Merkisbók / Merkisrit** (n, kvk) Merkileg bók. „Ég hef nú aldrei talið hana „Skáldu“ neina merkisbók“!
- Merkisdagur** (n, kk) Sérstakur/merkilegur dagur; hátíðisdagur; viðmið. „Margir dagar voru merkisdagar í veðurfarslegu tilliti, og var mark á þeim tekið með veðráttuna sem á eftir fylgdi“.
- Merkiskona / Merkismaður** (n, kvk/kk) Merkileg kona/ merkilegur maður.
- Merkisfyrirbæri** (n, hk) Furðulegur/merkilegur maður/hlutur; *furðukvikindi*. „Alveg er hann merkisfyrirbæri; suma daga ekkert nema *landeyðuhátturinn*, en afkastar öllum mönnum meira þegar hann fer af stað“!
- Merkissvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir hofmóði/yfirlæti/monti. „Hann setti bara upp einhvern merkissvip og lét sem hann hefði ekki heyrt spurninguna“.
- Merkistíðindi** (n, hk, fto) Merkilegar/athyglisverðar fréttir. „Þetta þykja mér merkistíðindi“.
- Merkisviðburður** (n, kk) Merkilegur/athyglisverður viðburður.
- Merkja** (s) A. Tákn; standa fyrir; hafa merkingu; fyrirstilla. „Hvað skyldi þetta tákn eiga að merkja“? B. Setja auðkenni/tákn/merki á. „Ég merkti lambið með rauðum lit“. C. Taka eftir. „Ég gat ekki merkt að kýrin væri í tilferð með burð“.
- Merkjataska** (n, kvk) *Spraututaska*; taska sem í var geymt það hafurtask sem þarf til að bólusetja, marka og merkja nýfædd lömb að vori. Taskan var gjarnan með axlaról, og í henni var m.a. bóluefni, sprauta, súlfatöflur, markatöng, merkjatöng, lambamerki, blýantur og minnisblað/minnisbók/*númerabók* til að skrá númer merks lambs. Stundum var taskan nefnd markataska, þar sem hún var með í för þegar markað var.
- Merkjanlegt** (l) Sem unnt er að greina. „Það hefur ekki orðið nein merkjanleg breyting á þessu“.
- Merkur** (l) Sem merki er á. „Þúfuttlingur; merktur sem fullorðinn fugl í Kollsvík í Rauðasandshr, V-Barð, 9.8.1942; drepinn af ketti á sama stað 30.8.1942“ (Skýrsla um fuglamerkingar Náttúrugr.safnsins 1942-43).
- Merla** (s) Glitra; tindra. Einkum notað í skáldskap nútildags.
- Messa** (n, kvk) A. Kirkjuleg athöfn; guðspjónusta. B. Minningarathöfn um helgan mann sbr Þorláksmessa.
- Messa** (s) A. Um prest; standa fyrir messu. B. Predika; halda fyrirlestur; skamma.
- Messa yfir** (orðtak) Skamma; halda reiðilestur yfir. „Það þarf eitthvað að messa yfir þessum ferðamönnum sem eru að traðka niður slægjuna“!
- Messa/tala/tauta yfir hausamótunum á (einhverjum)** (orðtak) Skamma einhvern rækilega.
- Messan / Messansegl** (n, hk) Aftursegl/skutsegl á skipi. Messan er undantekningarlaust á öftustu siglu; messansiglu.
- Messing** (n, hk eða kvk) *Látún*; málmblanda úr kopar og zinki.
- Messuboð** (n, hk) Boðun messu á tilteknum tíma.
- Messudagar** (n, kk, fto) Dagarnir kringum Jónsmessu, 24. júní.
- Messudagasteinbítur** (n, kk) Steinbítur veiddur í lok vertíðar/seinnihluta júní. „Áður en vertíð lauk var fiskur oft orðinn tregur á línu. Var þá farið með færi í steinbítaróðra. Það var kallaður messudagasteinbítur sem þá veiddist. Var hann þá orðinn miklu feitari og betri til átu en sá sem veiðst hafði á línu fyrr að vorinu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Messufall** (n, hk) A. Niðurfelling messu sem fyrirhuguð hafði verið. B. Hverskonar aflýsing viðburðar.
- Messuferð** (n, kvk) Ferð til messu.

- Messufært** (l) Unnt að halda messu vegna veðurs; vegna nægrar mætingar kirkjugesta eða annars. Orðið er einnig notað í afleiddri merkingu um aðrar samkomur.
- Messuvín** (n, hk) Rautt vín sem prestur útteilir til þeirra sem *ganga til altaris*, ásamt *oblátu*. Vínið er tákn um *blód Krists* og oblátan um hold hans. Vínið hluti af *sakramenti/náðarmeðulum* kirkjunnar. Sjá *sakramenti*.
- Mest af** (orðtak) Mikistil; að mestum hluta. „Þetta var mest af ágætis fiskur, en þó tittir innanum“. Mikið notað, og þá oftast sem eitt orð, og ætti e.t.v. að ritast þannig.
- Mest/mikið um vert** (orðtak) Aðalatriðið; megináhersla. „Kannski urðu ekki sett nein Íslandsmet í þessum íþróttagreinum, en mest var um vert að vera með“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Mest lítið** (orðtak) Fremur lítið; mjög lítið. „Þetta var einkum hinum að þakka; ég gerði mest lítið í þessu“.
- Mesta furða / Mest að furða** (orðtak) Með ólíkindum; betur/meira en ætla mætti. „Það er mesta furða hvað hún skilar góðum lömbum, sé miðað við stærðina á henni sjálfri“. „Það er mest að furða hvað hann getur hlaupið hratt þó fótstuttur sé“. „Það er mest að furða hvað bensínið endist; það gæti dugað alla leið í land“.
- Mestallur** (l) Megnið af; mikill meirihluti. „Mestallur snjór er farinn af veginum“.
- Mestanpart** (orðtak) Að mestu leyti. „Ég smíðaði þetta mestanpart sjálfur“. Sjá einnig *mikinn part*.
- Mestallur** (l) Langmestur hluti af; megnið af. „Mestallt féð er komið heim, en fáeinar ær eru þó eftir“. „Grundagrjót ná allt norður að Rífi, eða því skeljasandsrífi sem einkennir síðan mestalla fjöru Kollvíkur, allt að Blakk“ (HÖ; Fjaran).
- Mestanpart / Mestanpartinn** (ao) Að mestu leyti; mestmegnis. „Ég held að féð í Fjarðarhorninu sé mestanpart frá mér“. „Ætli við klárum þetta ekki mestanpartinn í dag“.
- Mestmegnis** (ao) Að mestu leyti; mestallt. „Mestmegnis var það smáfiskur sem þarna fékkst“. „Beitan var mestmegnis skelfiskur“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Met** (n, hk) A. Lóð sem sett eru á vogaskálar til mótvægis þegar vigtað er. B. Álit; virðing. „Ég kann ekki að meta þessa nýmóðins uppistandara“. C. Einstaklega góður árangur í keppni eða öðru. „Ég held að þessi meðalvigt slái öll fyrri met“.
- Meta** (s) Virða; setja verð á; leggja mat á. „Ég kann ekki að meta svona fíflagang!“ „Það er erfitt að meta þetta til fjár“.
- Meta að verðleikum** (orðtak) Virða á sanngjarnan hátt; meta réttis gildis/verðs. „Ég held að hans snilligáfa hafi aldrei verið metin að verðleikum“.
- Meta lítils/mikils** (orðtök) Bera litla/mikla virðingu fyrir; hafa skömm/mætur á. „Ég met þitt álit mikils“. „Er það satt, þú metir meir en mína bögu/ Hótel Borg eða Hótel Sögu?“ (JR; Rósarímur).
- Meta til fjár/verðs** (orðtak) Verðleggja; virða. „Það er erfitt að meta svona gæðaskepnu til verðs“.
- Metafli** (n, kk) Meiri afli en nokkur tíma áður.
- Metall** (n, kk) A. Málmur. B. Hverskonar efni; áfengi. „Þetta er þrælgóður metall hjá þér“!
- Metaskál** (n, kvk) Skál í vog; vogarskál. „Mér finnst það vega þyngra á metaskálanum“.
- Meter** (n, kk) Metri; lengdareining. Ýmist var hvort menn notuðu meter eða metri, þó nú sé það síðara orðið staðlað í kassakerfum skóla og stofnana.
- Metersbil** (n, hk) Bil sem er einn meter/metri á breidd. „Það er alltof langt að hafa metersbil á milli korka“!
- Metersbreiður** (l) Einn meter/metri á breidd. „Hann útbjóg metersbreiða dragskóflu úr *alúmini*“.
- Metersbútur / Metersstubbur** (n, kk) Bútur sem er einn meter/metri að lengd. „Þetta eru allt metersstubar eða smærra“.
- Metersdjúpur** (l) Einn meter/metri að dýpt. „Hann ók þar inn í metersdjúpan skaf“.
- Metershár** (l) Einn meter/metri á hæð. „Hann lék sér að því að stökkva uppá metersháan stein, jafnfætis“.
- Meterskefli / Metersspýta** (n, hk/kvk) Kefli/spýta/rekaviður sem er meter/metri að lengd.
- Meterslangur** (l) Einn meter/metri að lengd. „Skerðu þetta niður í meterslanga spotta“.
- Metfé** (n, hk) Verðmætt fé; afburða fé. „Þessi hrútur er algert metfé (*metskepna*)“.
- Metast / Metast á** (s/ orðtak) Deila; jagast; rífast. „Enn eru þeir að metast um hrútana“. „Kerlingar tvær voru að fara yfir Kerlingarháls og metuðust á að *stíga sem lengst til* og feta í för hvorrar annarrar“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Metfé** (n, hk) A. Þau verðmæti sem ekki hafa fast verðlag heldur fer verðla þeirra eftir samkomulagi seljanda og kaupanda. Sjá t.d. *teint járn*. B. Hlutur eða skepna sem erfitt er að meta til fjár. Sjá *metskepna*.

Metingar (n, kvk, fto) Deilur um hvor/hver sé betri/stærri/öflugri o.s.frv.; samanburður af metnaði. „Hættiði nú þessum eilífu metingum útaf hrútunum; þær eru hálf kjánalegar og skila öngri niðurstöðu“! Einatt í kvenkyni í fleirtölu en karlkyni í eintölu; sjá *metingur*.

Metingur (n, kk) Metnaðarmál; deila um það hvor sé meiri eða hafi meira af einhverju. „Stundum var metingur um það hjá bændum í réttum hver þætti eiga fallegasta hrútlambið til ásetnings“. Sérkennilegt var í Rauðasandshreppi að eintalan var í karlkyni en fleirtalan í kvenkyni; sjá *metingar*.

Metnaðargjarn (l) Með háleit/framsækin markmið; vill frama; stefnir hátt.

Metnaðarlaus (l) Með hófstíllt markmið; nægjusamur. „Þú nærð litlum árangri með þessu metnaðarleysi“!

Metnaðarmál (n, hk) Kappsmál; í takt við mikinn metnað. „Það var honum metnaðarmál að fá þetta í gegn“.

Metnaður (n, kk) Kapp; áráttá; sómi; dramb; oflæti. Getur verið til góðs eða illis.

Metorð (n, hk) Virðing. „Ég hef aldrei sóst eftir metorðunum“.

Metri (n, kk) *Meter* (sjá þar).

Metskepna (n, kvk) Afburðaskepna. Sjá *metfé*.

Mettur (l) Saddur; ekki svangur. „Nú er maður orðinn vel mettur og alsæll“.

Mey skal að morgni lofa (en að kvöldi veður) (orðatiltæki) Vísar e.t.v. til þess að karlmönnum verður ekki alltaf að ósk sinni þegar þeir girnast kvenfólk, og því rétt að biða með þakkirnar til morguns. Oftast viðhaft um það sem óvíst er hvort standist eða skili tilætluðum árangri. Síðari hlutinn; „en að kvöldi veður“, heyrðist sjaldan, en vísar til þess að öruggara er að hrósa góðu veðri eftirá en spá fyrir um það.

Meyjarhelmingur (n, kk) Annar helmingur flatts *steinbíts*. „Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem héngu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. Annar kallaðist *meyjarhelmingur*; og honum fylgdi gotraufarugginn/*meyjarugginn*, en hinum fylgdi bakugginn og markið; nefndist *markhelmingur/graðhelmingur/dálkahelmingur*. Ennfremur var talað um steinbítshelming eða aðeins *helming*... Yngsta aðferðin var að flaka hann og voru flökin þá kúluð eða skorin í tvö *strengsli* með *bandshaldi*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

Meyjarpappa (n, kvk) Lítil kuðungur af poppuætt (*naticidae*); samnefni nokkurra tegunda þeirrar ættar sem algengir eru á útfiri í Útvíkum og sitja þá gjarnan á stórum steinum eftir að fallið er út. Litir eru fjölbreytilegir; brúnn, grár, hvítur, hvít/brúnröndóttur og hálfgegnsærir. Vinsælt var af börnum að tína þær meyjarpöppur sem lágu tómar í hrönnum í skeljasandinum og nota þær til leikja og skreytinga. T.d. má líma þær á öskjur svo úr verður listaverk, eða nota sem lömb í *kubbabúi*.

Meyjaruggi (n, kk) Gotraufaruggi á steinbít (sjá *meyjarhelmingur* og *steinbítur*).

Meyr (l) A. Mjúkur; eftirgefanlegur; fúinn. „Gættu þín þegar þú ekur yfir aurinn; hann er dálítið meyr, svona snemma vors“. „Ári er orðið meyr í þessari sperru“. B. Viðkvæmur í lund; grátgjarn.

Meyra (n, kvk) Mýkt; það sem orðið er meyr. „Ég skóf mestu meyruna af viðnum“.

Meyrna (s) A. Verða meyr/mjúkur/gljúpur. „Fjölin er farin að meyrna og verða *vatnssósa*“. B. Um mann; vikna; verða klökkur. „Maður kemst ekki hjá því að meyrna undir svona lofræðu“.

Mél (n, hk) A. Mjöl, s.s. haframél, hveitimél o.fl. „Hér er ég með hundrað punda sekk af méli“. B. Fóðurbætir fyrir skepnur. „Tvílemburnar þurfa töluvert mél meðan enn er ekki meiri beit“. C. Salli. „Þetta brotnaði mélinu smærra“. D. Sá hluti beislis sem kemur upp í munn hests.

Méla (s) Brjóta/mölva í smátt; kurla. „Brimið hafði mélað kassann í grjótinu“.

Mélblettur (n, kk) Blettur af méli, t.d. á fatnaði. „Nú eru buxurnar allar í mélblettum“.

Mélbolli (n, kk) Bolli af méli, t.d. þegar mælt er til baksturs.

Mélgrautur (n, kk) Grautur úr mjöli, vatni og stundum með smjörklípu úti. Þótti fátækrafæði.

Mélhnefi / Méllúka (n, kk/kvk) Hnefayfylli/lúkufylli af méli/mjöli. „Búkollu þykir ósköp gott að fá méllúku, enda á hún það sannarlega skilið“.

Mélinu smærra (orðtak) Í mjög smáa hluta. „Ég missti diskinn í gólfið og hann brotnaði mélinu smærra“.

Mélkista (n, kvk) Kista sem mél var geymt í.

Mélkorn (n, hk) Korn sem mél er malað úr; ómalað korn.

Mélkolla / Mélskál (n, kvk) Kolla/skál af méli. „Þrílemban þyrfti að fá dálitla mélkollu til að mjólka lömbunum“.

Mélvörn (n, kvk) Kvörn sem korn er malað í til mélgærðar.

Mélkorn (n, hk) A. Mél; mjöl. B. Dálítið af méli. „Gefðu kannski tvílembunni mélkorn í kollu“.

Méllaus (l) Skortir/vantar mál. „Mér sýnist stutt í að við verðum méllaus“.

Mélmatur (n, kk) Matur sem í er mikið af méli.

Mélpoki / Mélsekkur (n, kk) Sekkur af hveiti, rúgméli, fiskiméli eða slíku. „Þótti það hraustlega gert af Brynjólfi að bera hundrað punda mélpoka á bakinu útyfir Hænuvíkurháls“.

Méltrog / Mjöltrog (n, hk) Trog til að hnoða í brauð.

Méltunna (n, kvk) Tunna af méli/hveiti. „Mundu að setja lokið vel yfir métunnuna“!

Mélugur (l) Ataður méli. „Hún var að baka og var dálítið mélug á svuntunni“.

Mélvara (n, kvk) Varningur af méli; kornvara. „Mig fer bráðum að vanta mélvöru og sitthvað fleira“.

Mér að meinalausu (orðtak) Mér er ósárt um; skiptir mig ekki máli. „Það væri mér að meinalausu þó þessi herjans hvítlaukur væri bannaður í öllum mat“.

Mér býður í grun / mér er ekki grunlaust um (orðtak) Mig grunar; ég held; mig rennir í grun. „Mér býður í grun að þetta muni hafa eftirmála“. „Mér er ekki grunlaust um að hann vilji róa í dag“.

Mér er eiður sær (orðatiltæki) Ég segi það satt; þetta er staðreynd. „Mér er svo eiður sær með það að ég hef ekki snert á þínm gleraugum“.

Mér er nær/næst að halda (orðtak) Ég held/tel/álít helst. „Ég er ekki viss um hvert hann fór, en mér er nær að halda að hann hafi rölt niður í fjöru að *ganga á reka*“.

Mér er sem ég sjái/sæi (orðtak) Ég gæti rétt ímyndað mér; ég á erfitt með að ímynda mér. „Þetta gerði hann aleinn og hjálparlaust. Mér er sem ég sæi aðra leika það eftir“!

Mér er spurn? (orðatiltæki) Oft bætt aftan við efnislega spurnarsetningu til að leggja áherslu á hana og fá fram svör. „Hvað á svo að gera við alla þessa brönduveiði? Mér er spurn?“

Mér er það alveg/gersamlega hulið/óskiljanlegt / Mér er það hulin ráðgáta (orðtak) Ég skil það alls ekki; mér er alls ekki kunnugt um það. „Mér er það alveg hulið hvernig lambið komst lifandi niður úr ganginum“. „Mér er þetta gersamlega hulin ráðgáta“!

Mér er það til efs (orðtak) Ég efast um það; ég býst ekki við. „Sumir segjast ekki borða kæsta skötu, en mér er það til efs að þeir hafi allir smakkað hana“.

Mér liggur við að / Mér liggur við að halda (orðtak) Ég er nærri því að; mig langar til að; ég hallast að. „Mér liggur eiginlega við að hringja í þessa bjálfa og segja þeim mína skoðun hreint út“! „Mér liggur við að halda að þetta hafi ekki skeð fyrr en eftir aldamótin“. Mikið notað í Kollsvík og nágrenni.

Mér segir svo hugur um (orðtak) Mig grunar; Ég býst við. „Mér segir svo hugur um að þessi ríkisstjórn muni ekki sitja út kjörtímabilið“.

Mér vitanlega (orðtak) Eftir því sem ég best veit; með minni vitneskju. „Mér vitanlega hefur enginn verið dreginn til ábyrgðar fyrir þetta stefnuleysi í byggðamálu“.

Mið (n, hk, fto) Fiskimið. Í Kollsvík, sem víðar, voru vissir staðir sem þóttu *fiskilegri* en aðrir, einkum kringum misdýpi og boða. Til að finna þá, og einnig til að marka siglingaleiðir á viðsjárverðum stöðum, var miðað við fasta staði í landi með tveimur hugsuðum sjónlínum sem hvor þarf að hafa tvo fasta punkta. Punktarnir voru ýmist greinileg einkenni í landslagi; byggingar eða vörður sem hlaðnar voru í þessum tilgangi. Má þar nefna Stekkjavörðuna á Hnífum, Grynntasundsvörðu á Blakk og vörðurnar við Snorrallengu. „Milli Miðklakks og Selkolls er Syðstaleið. Er hún var farin var Kollsvíkurbærinn *miðaður* í norðustu búðirnar“ „Milli Bjarnarklakks og Miðklakks er Miðleið. Hún var þannig *miðuð* að Leiðarhjalla í Hæðinni sunnan við Kollvíkurtún átti að bera í Klettabúð, sem var ein búðin á Norðari-klettunum“ „Leiðin um Grynntasund var *miðuð* við vörðu; Grynntasundsvörðu, á Blakknesinu og átti hún að fylgja klettabrúninni upp af Skekkingum“ Um leiðir inn á lægið í Kollsvíkurverri. (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Um slíkt var lítið skeytt, en tekið að renna er komið var til miða“ (ÖG; Þokuróður).

Miða að (orðtak) Stefna að; hafa fyrir takmark. „Ég miða að því að klára þetta í dag“.

Miða áfram / Miða í áttina (orðtak) Komast áfram, svo sjáist á viðmiðum; þokast áfram. „Heldur miðar okkur í áttina með þetta, þó hægt fari“.

Miða blint / Miða ljóst (orðtak) A. Um staðsetningu, t.d. fiskimið; láta fjarlægara miðið vera ljóst yfir/fyrir hið nærra, eða láta það fjarlægara hverfa bakvið hið nærra. „Þú mátt láta grunnduflíð fara á blindum Hnjótnum“. B. Um miðun/sigtun byssu; láta bráðina bera undir/yfir sigtið fremst á byssuhlaupinu. „Gættu þín að miða byssunni ekki of ljóst; það hendir mig stundum“.

Miða sig niður (orðtak) Taka mið í landi þegar net/legufæri eru lögð í sjó. „Við þurfum svo að miða okkur niður þegar við erum búnir að leggja, til að vel gangi að finna þetta aftur“.

Miða út (orðtak) Staðsetja með hjálp miða. „Ég held að ég sé búinn að miða út staðinn, svo hann finnst aftur“.

Miða við (orðtak) Taka mið af; nota til viðmiðunar; bera saman við. „Þetta getur varla talist mikill afli, miðað við hlaðninginn sem við fengum í gær“.

Miðabjart / Miðaljóst (l) Nægilega bjart til að sjáist til miða af sjó. „Hann er að létta þokunni sýnist mér, og verða miðaljóst. Við ættum kannski að sigla hérna fram á Haugana og *reyna* þar“.

Miðaður (l) Búið að miða út; borinn saman við. „Grunnleiðin fyrir Blakk er annarsvegar miðuð við Tálkna en hinsvegar Bræðragjár í Núpnum“.

Miðaftann (n, kk) Eykt að fornu tímatali, frá nóni til klukkan sex síðdegis; kl 18:00. Stundum með einu „n“.

Miðaglöggur (l) Glöggur að greina *mið*. Í dimmviðri reyndi mikið á það hversu menn voru miðaglöggir.

Miðaldahugsunarháttur (n, kk) Gamaldags viðhorf. „Hverskonar miðaldahugsunarháttur er þetta“?!

Miðaldir (n, kvk, fto) Almenn er hugtakið ekki skýrt skilgreint, og í huga almennings nær það líklega oft yfir tímamál frá „söguöld“ framtil loka einokunarverslunar. Meðal sagnfræðinga nær hugtakið yfir tímabilið frá því að Rómaveldi leið undir lok árið 476 til þess að Kólumbus rambaði á Ameríku árið 1492 eða, hérlendis, við siðaskiptin um 1550.

Miðaldra (l) Á miðjum aldri.

Miðavarða (n, kvk) Varða í landi sem er mið af sjó. Getur verið fiskimið, s.s. Stekkavarða á Hnífum, eða leiðarmerki, s.s. Grynstasundsvarða á Blakk.

Miðbik / Miðdik (n, hk) Miðkaflí; miðja. „Tréð er nokkuð *strúað* um miðbikið“.

Miðdagsbil / Miðdegisbil / Miðdegisleyti / Miður dagur / Síðdegi (n, hk, orðtak) Oftast er notað síðdegi eða síðdegis. „Hann hékk þurr í gær, en þó var tæpt með það síðdegi“.

Miðdagskaffi / Miðdegiskaffi / Síðdegiskaffi (n, hk) Kaffi sem drukkið er um miðjan dag, kl 15.30-16.00, oftast nefnt síðdegiskaffi. Venjulega kaffi, mjólk og fjölbreytt meðlæti af kökum og kaffibrauði.

Miðdagsmatur / Miðdegisverður (n, kk) Matartími fyrrum; á þeim tíma sem nú heitir kvöldmatur. „Fyrst á haustin var setið í rökkrinu og þrjónað. Þegar kom fram á skammdegið lagði eldra fólk sig í rökkrinu. Kvöldvökur byrjuðu að lokinni sláturtíð, eða um veturnætur. Það var kveikt kl 6-7 (síðdegis); þá var miðdagsmatur. Hafði þá ekkert verið borðað frá því kl 10 árdegis, en kl 12 á hádegi var kaffi fyrir fullorðna en grasate fyrir börn og unglínga (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Miðdagur (n, kk) Miðparturinn úr deginum. „Fallaskiptin eru einhverntíma í miðdaginn“.

Miðdegissól (n, kvk) Sólskin um miðjan dag. „Það var ári heitt á okkur þarna í bjarginu í miðdegissólinni“.

Miðdepill / Miðpunktur (n, kk) Miðja; aðalatriði. „Hann naut þess að vera miðdepill athyglínnar“.

Miðdilkur (n, kk) Dilkur um miðjan vegg almennings í réttum. „Hafnarmenn notuðu vanalega midilkinn í Breiðavíkurrétt“.

Miðdýpi (n, hk) Hálf leið frá yfirborði til botns. „Í grunnendann var korkaþinurinn nærri miðdýpi“.

Miðfirðis / Miðfjarðar (ao) Á miðjum firði. „Við vorum komnir miðfirðis þegar fór að hellirigna“.

Miðfjarðarbolti (n, kk) Skrúfbolti sem gengur í gegnum miðja blaðfjöður ökutækis og heldur henni saman.

Miðgangur / Miðhilla / Miðpallur / Miðstallur / Miðþræðingur (n, kk) Heiti til aðgreiningar á stöllum/göngum/þræðingum í bjargi/klettum. „Það má fara miðþræðinginn með aðgát“.

Miðgóa (n, kvk) Miðbik góu.

Miðhluti / Miðkaflí / Miðpartur / Miðstykki (n, kk) Miðja á hlut/svæði/sögu/tímabili.

Miðhús (n, hk) Hús í miðjunni. „Hrútarnir voru í stíum innst í báðum körmunum í miðhúsinu“.

Miðhvapp (n, hk) Það svæði í bjargi sem er í miðju. „Það fæst oft vel af eggjum í miðhvappinu“.

Miðjaleið / Miðjavega / Miðjavegu (ao) Á miðri leið; mitt á milli. Ýmist í einu eða tveimur orðum eftir smekk. „Miðjaleið út að Breiðavík áttaði ég mig á að ég hafði gleymt kíkínum“. „Áin er miðjavega milli Kollsvíkur og Láganúps“. „Merkin eru um grjóttanga miðja vegu á brún upp af Gorgán“ (HH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Miðla (s) Deila; skipta; koma til skila. „Þið verðið að miðla þessu milli ykkar“. „Megintilgangur þessa rits er að miðla af reynslu höfundar“.

Miðla málum (orðtak) Hafa milligöngu um sættir í deilumáli.

Miðlungi (ao) Nokkuð; í meðallagi. „Þessu trúi ég bara miðlungi vel“. „Mér fannst þessi matur ekki nema miðlungi góður“.

- Miðlungsasni / Miðlungsaui / Miðlungsvitleysingur** (n, kk) Meðalgreindur maður. „Þetta veit hver miðlungsaui“! „Hvaða miðlungsvitleysingur sem er hefði getað betur en þetta“!
- Miðlungserfiður** (l) Erfiður í meðallagi; ekki mjög erfiður. „Niður á höfðann er tvítugur lás; miðlungserfiður“.
- Miðlungsfiskur** (n, kk) Meðalstór fiskur.
- Miðlungsgáfaður / Miðlungsgreindur** (l) Gáfaður/greindur í meðallagi. „Þetta ætti nú að vera augljóst hverjum miðlungsgáfuðum manni“!
- Miðlungsgóður** (l) Í meðallagi góður; ekki mjög góður. „Ekki var þetta nema miðlungsgóður afli“.
- Miðlungsrannur / Miðlungserfiður / Miðlungsharður / Miðlungshár / Miðlungssterkur / Miðlungsstór / Miðlungstrembinn / Miðlungsver / Miðlungsbungur / Miðlungsþykkur** (l) Í meðallagi varðandi viðeigandi lýsingar.
- Miðlungslega** (n, kvk) Lega lóðar/nets yfir hóflega langan tíma/ venjulegan tíma. „Ég hef sjaldan vitað annan eins afla eftir miðlungslegu“.
- Miðlungstekjur** (n, kvk, fto) Meðaltekjur; miðlungsháar tekjur. „Hann hefur góðar miðlungstekjur“.
- Miðlungi góður** (orðtak) Í meðallagi góður. „Ekki þótti þetta nema miðlungi góður matur“.
- Miðlungi vel** (orðtak) Hóflega vel; ekki mjög vel. „Þeir tóku þessu svona miðlungi vel, og sumir höfðu uppi mótmæli“.
- Miðlungshnullungur / Miðlungssteinn** (n, kk) Meðalstór steinn; viðráðanlegur steinn.
- Miðmorgunn** (n, kk) Rismál; klukkan 6.00 að fornu tímatali.
- Miðmundi** (n, kk) Sá tími dags að fornu tímatali sem er mitt á milli hádegis og nóns; þ.e. um 13.30.
- Miðmætingur / Miðmætingssteinn** (n, kk) Miðmætingur er sterkur *hanki* sem hafður er á *netaskilum*. Hann tengir saman tvö net og í hann er festur miðmætingssteinn, sem er 1 ½-2 kg að þyngd (sjá *hrognkelsi*).
- Miðnætti / Miðnættsleyti / Miðnæturbil** (n, hk) Kringum kl 12.00.
- Miðrúm** (n, hk) Rúm/þóftubil um miðju á litlum báti. Önnur rúm voru þá oftast framrúm/ fremra rúm; afturrúm/vélarrúm og e.t.v. skutrúm aftast og yfirbyggður lúkar fremst. „Smáfiskurinn var skorinn í lítil stykki og lóðin beitt niður í miðrúmið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).
- Miðseymi** (n, hk) Skinnrenningur sem hafður er, oft tvöfaldur eða fjórfaldur, á milli sauma þegar skinnklæði eru gerð. „Ennfremur þurfti nokkurt skinn í miðseymi; einkum notað úr gömlum skinnklæðum“ (KJK; Kollsvíkurvei).
- Miðskipa** (ao) Um staðsetningu um borð; í miðjum bát. „Er sjórinn var kominn framum miðskipa, réttist báturinn og seig aftur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Miðskips** (ao) Í miðjum báti. „Svo röðuðum við okkur á bátinn og felldum skorður undan. Tveir bökuðu aftan; einn studdi miðskips og einn ýtti að framan“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Miðskipsmaður** (n, kk) Háseti sem rær miðskips á bát; sá sem rær á miðskipsþóftu. „Skipsmenn á sexæringi voru; andófsmenn, miðskipsmenn og austurrúmsmenn“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). „Þegar sexæringur var settur niður vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* bökuðu að framan. Menn fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.
- Miðskipsþófta** (n, kvk) Þófta í miðjum báti. „*Mastur* og *segl* lágu þannig að *masturstoppur* nam við *hnýfil*, en *masturshæll* við *kollharð* á miðskipsþóftu *bakborðsmegin*.“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.
- Miðský** (n, hk) Ský eru m.a. flokkuð eftir hæð þeirra á himni, í háský, miðský og lágský. Meðal miðskýja eru netjuský og gráblíka. Þau eru í 2-6 km hæð yfir jörðu.
- Miðslá** (n, kvk) A. Þverslá í miðju þili, t.d. milli kórs og kirkju. B. Slá í grind í fjárhúsi, yfir skítakjallara. Yfirleitt eru þrjár eða fjórar slár undir spelum í hverri grind, sé hún ætluð til að taka upp við útmokstur; tvær endaslár og ein eða tvær miðslár.
- Miðnesi** (n, hk) Brjóskið í miðju nefi; skilveggur milli nasahola. „Oft má ráða við öflugustu naut ef maður nær góðu taki á miðnesinu“.
- Miðstykki** (n, hk) Stykki í/úr miðjunni. „Mér varð það oft fyrir að fá mér miðstykkið úr *bútungnum*“.
- Miðstærð** (n, kvk) Millistærð. „*Lengivel* voru einungis þrjár stærðir af batteríum til almennra nota í vasaljós o.þ.h.; stór, miðstærð og lítil batterí“.

Miðstöð (n, kvk) A. Símsstöð. Á tímum sveitasímans vestra gekk símsstöðin einatt undir heitinu „miðstöð“. „Það þarf að hringja í gegnum miðstöð til að ná á bæi í Höfninni“. B. Kyndibúnaður í húsi. C. Miðja samgangna eða annarra athafna.

Miðstil (ao) Um/til miðju; *til helminga*. „Ég setti upp milligerð, nokkurnvegin miðstil í karminum“.

Miðsumar (n, hk) Sá dagur sem markaði hálfnað sumar. Að gömlu tímatali var miðsumar talið bera uppá sunnudaginn í 14. viku sumars, nema í sumaraukaárum; þá á sunnudegi í 15. viku sumars (sjá *tímatál*). Heyannamánuður byrjar á miðsumarsdegi. Sumir tala þó um miðsumar sem tímabil á miðju sumri. Aðrir tala um Jónsmessu sem miðsumar, en það er innfluttur siður sem á ekki skylt við íslenskt tímatál.

Miðsvegar (ao) Um miðja vegu; á miðri leið. „Stekkjarmelur er miðsvegar frá Láganúpi að Kollsvík“.

Miðsvetrarbær (l) Um kú; kýr sem ber á miðjum vetri. „... við keyptum okkur miðsvetrarbæra kú; mesta kostagrip“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Miðsvetrarleyti (n, hk) Tíminn um miðjan vetur. „Um miðsvetrarleytið breyttist tíðin verulega“.

Miðsvetrarpróf (n, hk) Próf í skóla sem tekin eru á miðjum vetri. „Einkunnir úr miðsvetrarprófum höfðu allmikið vægi í lokaekunnunum“.

Miðsvæðis (ao) Á miðju svæði. „Þó ekki væri deilt um að skólinn skyldi vera miðsvæðis í hreppnum, þá voru menn ekki einhuga um staðsetninguna. Á endanum varð ofaná að hann yrði við Fagrahvamm í Örlygshöfn“. „Þá drap hann á að hreppsnefndin sæi um að keypt væri a.m.k. ein vatnsdæla við Ferguson traktor, sem nota mætti ef bruna bæri að höndum, og yrði hún staðsett miðsvæðis í sveitinni“ (Gerðabók Rauðasandsgr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).

Miður (ao) Verr. „Ýmsir sýndu mikla natni við þrif og verkun skinnklæða, en aðrir miklu miður, enda klæddust menn hlífðarfötum misjafnt eins og öðrum klæðum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Miður (l) Í miðju. „Það var kominn miður nóvember þegar fyrst frýsti“.

Miður vel (orðtak) Ekki vel; fremur illa. „Þetta gafst miður vel“. „Honum gekk miður vel í prófunum“.

Miður vetur (orðtak) *Bóndadagur*; sá dagur að gamla tímatalinu sem vetur telst hálfnaður. Hann er talinn bera upp á föstudaginn í 13. vikur vetrar, sem er á bilinu frá 19.-25. janúar, en þó degi seinna í rímsspillisarum (sjá *tímatál*). Bóndadagur er fyrsti dagur þorra, og allajafna er þetta kaldasti tími ársins.

Mig rennir í grun (orðtak) Mig grunar; ég býst við; *mér er ekki grunlaust um*. „Mig rennir í grun að hann muni ekki taka þessu þenjandi“.

Mig undrar (ekki) (orðtök) Ég er (ekki) hissa/undrandi. „Mig fer bráðum að undra hvað dvelur þá“. „Ertu búinn að klára súkkulaðið drengur?! Mig undrar þá ekki að þú sért með í maganum!“

Miga (n, kvk) Það sem migið er; hlandbuna. „Skelfingar þynnka er þetta kaffi; þetta er ekki betra en migana úr kettinum“!

Mikið (ao) Áhersluorð. „Ég þakka þér mikið vel fyrir hjálpina“!

Mikið andskoti / Mikið ári / Mikil lifandis ósköp (orðtök) Áherslusetningar. „Mikið andskoti væri nú gaman að negla skóna hans við bekkinn og sjá hvernig honum verður við“! „Mikið ári er ég orðinn leiður á þessari eilífu rigningu“! „Mikil lifandis ósköp hafa safnast af snjó þarna í Beygjuna“!

Mikið/lítið á munum (orðtök) Munar miklu/litlu. „Ég var ögn fljótari, en það var ekki mikið á mununum“.

Mikið er að vita þetta! (orðtak) Óskapleg finnst mér þetta slæmt; skelfing er að heyra þetta. „Mikið er að vita þetta! Og náðu þeir fénu þá ekki aftur“? Oft annað orð í byrjun, t.d. „hörmung“; „andskoti“; „fjandi“ o.fl.

Mikið gengur á! (orðatiltæki) Upphrópun þegar læti þykja keyra framúr hófi. Næsta stig gæti verið; „hver andskotinn/þremillinn gengur eiginlega á“?!

Mikið í húfi / Mikið liggur við (orðtak) Mikilvægt að vel takist til; mikið að veði. „Nú liggur mikið við að vel sé staðið að verki“. „Hér er mikið í húfi“. Húfur er talið vera sama orðið og úfur, sem er tiltekið borð í bát. Á knörrum víkinga- og landnámsaldar var húfurinn 10. borð að neðan; oftlega sterkara en önnur. Ástæða þess var að skipunum var gjarnan *lent fyrir flötu* í fjöru, svo auðvelt væri að bera af. Mæddi þá mikið á húfnum, og mikilvægt að hann gæfi sig ekki. Þegar mikil hleðsla var á skipinu var „mikið í húfi“. Sama merking liggur á bakvið orðtakið *heill á húfi*. Líklegt er að „húfur“ hafi fyrr merkt skipsskrokkurinn allur, og verður þá orðtakið auðskiljanlegra. Af sama stofni væru þá t.d. „*hjúfra*“ sem fyrrum hefur verið „hufra“; þ.e. liggja við land. Sjá *heill á húfi*.

Mikið í mun (orðtak) A. Leggur mikla áherslu á; mjög áhugasamur um; ákafur varðandi. „Mér er mikið í mun að þetta standist“. B. Mikið niðrifyrir; ákafur að segja frá; ódamála. „Honum var mikið í mun, og hann heimaði að ég kæmi strax með sér til að líta á hvað skeð hafði“.

- Mikið í munni** (orðtak) Hljómar völdugt/mikilfenglega/vel. „Það þykir víst mikið í munni núna að vera langskólagenginn“.
- Mikið í munni** (orðtak) Hljómar vel/virðulega. „Hann vill láta titla sig forstjóra; það þykir mikið í munni“!
- Mikið/vel í lagt** (orðtak) *Ofrausn*; yfirdrifið. „Mér finnst nokkuð mikið í lagt að hafa harðvið í girðinguna“.
- Mikið í spunnið/varið** (orðtak) Eftirsóknarvert; vandað; gott. En svo við snúum okkur aftur til hennar ömmu þinnar, þá hefur verið meira en lítið í hana spunnið...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Mikið/slæmt/illt/verulegt í sjóinn** (orðtök) Mikill sjór; slæmt sjóveður. „Í norðanátt er betra að fara Röstinna í suðurfalli, ef eitthvað verulegt er í sjóinn...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Mikið í spunnið** (orðtak) Mikið varið í; gott; vandað. „...þá hefur verið meira en lítið í hana spunnið...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Mikið/lítið í sjóinn** (orðtak) Lýsing á gæðum sjólags. „Það var mesti munur að geta lent tómunum bát þegar mikið var í sjóinn“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Mikið má ef (hafa) vill** (orðatiltæki) *Mikið skal til mikils vinna*.
- Mikið niðrifyrir** (orðtak) Í uppnámi; óðamála. „Honum hættir til að stama þegar honum er mikið niðrifyrir“. „Ég heyrði að það var faðir minn sem ávarpaði einhvern og var mikið niðri fyrir“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Mikið og margt** (orðtak) Margt og mikið; fjölmargt. „Nú get ég sagt þér mikið og margt“.
- Mikið raup fær spott í kaup** (orðatiltæki) Hinn montni uppsker gjarnan háð og aðhlátur.
- Mikið skal til mikils vinna** (orðatiltæki) Greiða þarf hátt gjald/ mikla fyrirhöfn fyrir mikil verðmæti.
- Mikið skal til mikils þýða** (orðatiltæki) Greiða þarf mikið fyrir dýran hlut. „Hún er treg til þess. Svo segir sagan að þar kom að ágirndin varð yfirsterkari og hún segir þetta: „Mikið skal til mikils þýða; leggðu mig á milli hnífa““ Síðan heitir þetta Hnífar (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).
- Mikið stendur til** (orðtak) Mikið er fyrirhugað/að gerast. „Ég verð að vera vel sofinn þegar mikið stendur til“.
- Mikið til / Mikils til** (orðtök) Sjá *mikilstil*. „Engidalsá hverfur mikils til þegar niður á Sandana kemur...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Mikið um dýrðir** (orðtak) Mikil viðhöfn; mikil hátíð; glæsilegur viðburður.
- Mikið umleikis** (orðtak) Mikil umsvif; víðtækur rekstur; víðamikil. „Maður er ekki með mikið umleikis í útgerðinni þó maður eigi þetta *bátshorn*“.
- Mikið er/var!** (orðtak) Upphrópun; gjarnan viðhöfð þegar eitthvað gerist loksins sem beðið hafði verið eftir. „Loksins eru þeir komnir á Stöðulinn með kýrnar; mikið var“! Einnig notað; „það var mikið“!
- Mikið var að beljan bar!** (orðatiltæki) *Mikið var*; loksins kom að því! Vísar til þeirrar óþolinmæði sem eflaust hefur oft ríkt á fátækum heimilum meðan beðið var eftir burði einu kýrinnar, og mjólk hennar.
- Mikið við haft** (orðtak) Mikið lagt í undirbúning; mikið *tilstand*; mikil virðing sýnd. „Mér finnst nú fullmikið við haft; þetta er nú bara *þingmannsnefna* sem er á ferð en ekki forsetinn“!
- Mikið vel** (orðtak) Mjög vel. „Ég þakka mikið vel fyrir alla þína aðstoð“.
- Mikið vill meira** (orðatiltæki) Sá sem hefur mikið vill gína yfir öllu.
- Mikið þó andskoti** (orðtak) Áherslusetning, oftast í byrjun fullyrðingar. „Mikið þó andskoti held ég að hann verði hissa þegar hann sér þetta“!
- Mikilfenglegur** (l) Stórkostlegur; tilkomumikill. „Óvíða er mikilfenglegra útsýni en af Blakknesnibbu“.
- Mikilgæfur** (l) Um hey; þarf mikið magn til fóðrunar; um léleg/kraftlaus hey. „Heyin kunna að vera ekki góð sökum óþurrks undanfarið sumar, og verða *þar fyrir* mikilgæfari,“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).
- Mikilhæfur** (l) Hæfileikaríkur; snjall. „Gísli Konráðsson segir að Guðrún hafi þótt stórlynd, en mikilhæf í mörgu og Einari hafi farist vel við hana þótt jafnan héldi hann framhjá henni, eins og Gísli orðar það“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Mikill að burðum** (orðtak) Sterkur; aflmikill; kröftugur. „Hann var mikill að burðum, og vippaði sekkjunum upp í kerruna eins og fisi“. Sjá *burður* og *lítill að burðum*.
- Mikill að vallarsýn / Mikill á velli** (orðtak) Mannlýsing; stór/þrekinn/mikilfenglegur tilsýndar. „Hann var mikill að vallarsýn og sterkur sem naut“.
- Mikill á lofti** (orðtak) Montinn; góður með sig. „Hann er dálítið mikill á lofti og málgefinn“.

Mikill í orði en minni á borði (orðtak) Þykist meiri maður en hann er í raun; montinn. „Ekki vantar gorgeirinn í þennan vindbelg; ætli hann sé kannski ekki minni á borði en í orði!“ Borð merkir þarna borðstokkur, og líkingin vísar til þess að menn þykist meiri ræðarar en þeir síðan reynast vera. Sjá *meiri í orði en á borði*.

Mikill um sig (orðtak) Feitur; þéttvaxinn. „Ári er maður orðinn mikill um sig í seinni tíð“.

Mikill þó andskotinn! (orðatiltæki) Öflugt blótsyrði sem sumum Kollsvíkungum hrekkur gjarnan af munnri þegar mikið liggur við, eða óvæntir og miklir atburðir hafa skeð. „Mikill þó andskotinn! Haldiði ekki að hrútfjandinn hafi brotist úr stíunni í nótt!“ Sjá *mikið þó andskoti held ég....*

Mikillega (l) Mikið; mjög. „Ég þakka þér mikillega fyrir greiðann; það var vel gert af vandalausum“. „Ég biðst mikillega afsökunar á þessum mistökum“.

Mikilmenni (n, hk) Mikill/virðulegur maður; heiðursmaður; stórmenni.

Mikilmennskubrjálæði (n, hk) *Oflátungsháttur; ofætlan*; mont. „Þetta er eintómt mikilmennskubrjálæði“.

Mikils um vert (orðtak) Mikilvægt; áriðandi. „Nú er mikils um vert að vel takist til“. „Mér fannst mest um vert að hrúturinn kom í leitirnar“.

Mikilsháttar (l) Mikilvægur; áriðandi. „Eft var til fundar ef um mikilsháttar málefni var að ræða“.

Mikilsmetinn (l) Virtur; dáður. „Fólk átti ekki von á þessu af svo mikilsmetnum manni“.

Mikilstil / Mikis til / Mikistil / Mikiðstil (ao/orðtak) *Mikið til*; að mestu leyti; megnið af; *langtill*. „Þó fiskafjöldinn yrði mikill þá var þetta mikilstil smælki“. „Saltið er mikistil búið úr kassanum“. „Hann er mikiðstil hættur að fenna“. Orðið er algengt í máli Kollsvíkinga, og oftast notað án greinilegs „ð“ eða „l“.

Mikilsverður (l) Mikilvægur; dýrmætur. „Þarna náðist mikilsverður árangur“.

Mikilúðlegur / Mikilúðugur (l) Ábúðarmikill; fasmikill; gustmikill. „Ári ertu mikilúðlegur í þessum galla“!

Mikilvirkur (l) Afkastamikill; öflugur; stórvirkur. „Hann hefur verið mikilvirkur á þessu sviði“.

Mikilvægi (n, hk) Vægi; það að vera mikilvægur. „Mikilvægi þess verður seint ofmetið“.

Mikilvægur (l) Þýðingarmikill; sem gegnir veigamiklu hlutverki. „Það er mikilvægt að þetta takist“.

Mikinnpart / Mikinn part (ao/orðtak) Að miklu leyti. „Heyskapur er mikinnpart búinn“. Sjá *mestan part*.

Mikla fyrir sér (orðtak) Láta sér *vaxa í augum*; kvíða/óttast að óþörfu.

Miklast af (orðtak) Hreykja sér af; monta sig af. „Það er nú of snemmt að miklast af því sem ólokið er“!

Mild/mjúk er móðurhöndin / Milt er móðurhartað (orðtak) Auðskilin speki um móðurást og ást til móður.

Milda (s) Draga úr; gera mildara/betra/veikara. „Ég umskrifaði bréfið og mildaði í því tóninn“. „Það mætti aðeins milda bragðið af sósunni með rjóma“. „Eitthvað er hann að milda frostið“.

Mildilega (l) Með mildum/mjúkum/miskunnsömum hætti. „Ég bað hann mildilegast að láta þetta ekki koma fyrir aftur“.

Mildur (l) A. Um veður/tíðarfar; fremur gott/hagstætt; harðindalaust. „Á eftir góðu sumri fór gott haust og mildur vetur, fram í desember“ (KJK; Arb.Barð; 1957-58). B. Um mann; góðlátlegur.

Milla (n, kvk) Krókur úr málm til að krækja saman fatnaði, t.d. upphlut á þjóðbúningi kvenna.

Milli heims og helju / Milli lífs og dauða (orðtök) Á mörkum þess að lifa af; nærri dauður. „Hann lá milli heims og helju nokkra daga, áður en hann fór að *hjarna við* aftur“.

Milli heys og grasa (orðtak) Um fôðrun búfjár; tíminn frá því að hey er farið að minnka í hlöðu og þar til skepnur komast á græn grös. Var oft drýgt með öðru, ef menn voru *heytaepir*.

Milli steins og sleggju (orðtak) Í klípu; milli tveggja (slæmra) kosta. „Ég var eiginlega búinn að lofa að smala í Hænuvík, en langar þó að hjálpa þeim að smala Sauðlauksdalinn. Þannig að ég er á milli steins og sleggju“.

Milli svefnis og vöku (orðtak) Hálf sofandi; nærri sofnaður. „Ég var milli svefnis og vöku um þetta leyti, en ekki gat ég betur séð en hann kæmi inn og héldi á hausnum undir hendinni“.

Milli tanna á fólki (orðtak) Umtalaður; slúðrað um. „Vegna þessa var hann mikið á milli tanna á fólki í langan tíma“.

Milli tveggja elda (orðtak) Í klípu; *aðþrengdur*; sótt að úr báðum áttum. „Ég var þarna á milli tveggja elda; að halda áfram upp klettinn, í þeirri von að finna handfestu, eða feta mig afturábak niður aftur“.

Milli verka (orðtak) Tíminn frá því hætt er í einu verki og byrjað á öðru. „Ég skal gera þetta; ég er milli verka þessa stundina“.

Milli vita (orðtak) Sjá á *milli vita*.

- Milli vonar og ótta** (orðtak) Á báðum áttum; með ugg en þó í von. „Við biðum líka milli vonar og ótta eftir að fá að vita hvort okkar menn kæmu allir heilir heim“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Milli þils og veggjar / Milli þilja** (orðtak) Í hlöðnum húsum fyrri tíma var oft sett timburþil að innanverðu, til að gera húsið vistlegra. Þil varð milli þils og veggjar, einkum þegar hleðslan gekk til með tímanum. Hlutir sem lagðir voru á sylluna ofaná þilinu gátu dottið milli þils og veggjar. Einnig gat þar verið músagangur.
- Milliból** (n, hk) Ból/bauja/belgur sem haft er á fiskilínu/neti auk endabólanna. „Ekkert milliból var haft á þessari stuttu línu“ (KJK; Kollsvíkurveg).
- Millifiskur** (n, kk) Saltfiskur sem er milli 12 og 18 tommur frá hnakka aftur á sporð (sjá *saltfiskur*).
- Milliganga** (n, kvk) Sendiboð; sáttaumleitan; boðburður. „Þeirra sættir hefðu varla orðið nema fyrir mína milligöngu“. „...hafði skólastjórinn pantað gistiþláss fyrir okkur með milligöngu kollega síns þar...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Milligengur** (l) Sem unnt er að ganga á milli. „Milligengt var úr næstnorðasta karminum yfir í miðhúsið“.
- Milligerð** (n, kvk) Skilrúm. „Milligerðir voru settar í karmana í fjárhúsunum yfir sauðburðinn“.
- Milligjöf** (n, kvk) Greiðsla með því ódýrara í kaupum/vöruskiptum. „... en hann vildi ekki láta hnífinn af hendi nema að hún léti þá milligjöf sem hverjum hvenmanni er dýrmætust.“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).
- Milligöng** (n, hk, fto) Göng milli hólfa/ annarra ganga. „Milligöng eru milli tveggja af námunum í Stálfjalli“.
- Millihurð** (n, kvk) Innri hurð; venjulega hurð milli anddyris og húss, en stundum milli herbergja. „Muniði að loka millihurðinni í kartöflugryfjunni áður en útihurðin er opnuð“.
- Millihönd** (n, kvk) Spilari sem hvorki er síðastur (*bakhönd/rasshönd*) né fyrstur (*forhönd*) í röð þegar látið er í borð/slag.
- Millikassi** (n, kk) Gírkassi í sumum jeppum fyrrum; aftanvið aðalgírin. „Milligírkassi var á rússanum, þar sem skipt var milli háa og lága drifsins, og framdrifið tengt og aftengt. Einnig nefnt *litlustangir*“.
- Milliskyrta** (n, kvk) Skyrta sem klæðst er yfir næbol/nærskyrtu. Nú oft eini klæðnaðurinn að ofanverðu, einkum hjá karlmönnum. „Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrtnum og sængurver sem notuð voru í verbúðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Millilag** (n, hk) Lag milli annarra laga. Oftast er orðið notað um áberandi rauðleit lög í blágrýtisstaflanum sem er berggrunnur Kollsvíkur og svæðisins alls. Berggrunnurinn er byggður upp í síendurteknum gosum úr þunnfljótandi hrauni. Millilögin eru talin mynduð í goshléum, en þau eru að mestu úr eldfjallaösku og gjösku. Askan glerjast með þrýstingi og tíma; límist saman og verður rauð. Í lögunum má einnig finna lífrænar leifar, þar sem gróður hefur náð sér á strik milli gosa. Sumsstaðar má jafnvel finna holur eftir trjástofna sem fallið hafa í gosinu, s.s. í grófarstekk og Vatnadalsbót. Í holuveggjunum eru afsteypur af trjáberkinum og sumsstaðar hefur hraunið runnið inn í brotinn stofn og má þar sjá mót af flísum og áhringjum. Í millilögum er nokkuð um hella; e.t.v. eftir það að hraunið rann yfir dyngju lausra efna sem á síðari tímum hefur veðrast út. Þannig er t.d. margir hellar í Hnifunum. Ekki er ólíklegt að í millilögum megi finna dýraleifar, þó ekki hafi það gerst enn; en löngum var landbrú milli Vestfjarða og Grænlands.
- Milliliður** (n, kk) Sá/það sem tengir tvo eða fleiri aðila/þætti. „Sláturfélagið Örlygur var milliliður við sölu afurða frá bændum utantil í hreppnum, en Kaupfélag Rauðsendinga innar“.
- Millitíð** (n, kvk) Tíminn sem liður á milli tiltekinna viðburða; hlé; bið. „Hann brast aftur á með stórhrið stuttu síðar, en í millitíðinni gat ég hlaupið út og komið fénu inn“.
- Milliveggur** (n, kk) Skilveggur; innveggur. „Í tóftinni var einn milliveggur sjáanlegur“.
- Millivegur** (n, kk) A. Leið milli staða. B. Meðalhóf; bil milli öfganna. „Ég legg til að við förum milliveginum í innheimtu árgjaldsins. Ekki megum við fæla neinn úr félaginu fyrir okkur“.
- Milljónarfélag** (n, hk) A. Félag sem veltir milljónum króna eða hefur milljónir króna í hlutafé. B. Félag sem Pétur J. Thorsteinsson kaupmaður á Bíldudal stofnaði í samvinnu við danska og íslenska fésýslumenn árið 1907; þeirra á meðal Thor Jensen. Oinbert heiti þess var P.J. Thorsteinsson & Co, en Milljónarfélagið var það nefnt vegna þess að hlutafé þess nam einni milljón, sem samsvaraði öllum ríisútgjöldum árið 1907. Pétur rak um það leyti mikið viðskiptaveldi og útgerð á Bíldudal, Hafnarfirði og Vatneyri, og rann það inn í nýja félagið. Félagið hafði mikil umsvif í útgerð á Vatneyri og í Viðey, þar sem var miðstöð togaraútgærðar. Í Kollsvíkurvegi byggði það steinsteypthús. Árið 1910 gengu t.d. frá Vatneyri 9 stór þilskip og 12 opnir bátar. Í Rauðasandshreppi, einkum í Kollsvíkurvegi, gengu þá 24 opnir bátar, en þeir höfðu flestir viðskipti við félagið. Það var þessari útgerð því mikið áfall þegar Milljónarfélagið varð gjaldþrota í ársbyrjun 1914. Ásæða gjaldþrotsins var mikil yfirbygging og ósamkomulag eigenda. Margir þeir sem reru úr Kollsvíkurvegi töpuðu þar stórfé; ekki síður en Íslandsbanki þess tíma.

- Milljónamæringur** (n, kk) Sá sem á milljón/milljóna króna verðmæti í eignum. Það þótti gríðarlegt fé framyfir miðja 20.öld, en síðar hefur verðfall krónunnar gert marga að milljónamæringum.
- Millum** (fs) Milli. „Millum“ er mun sjaldnar notað en“ milli“, og þá einkum í hátíðlegu máli eða í orðtökum. „Ekkert hefur enn orðið af samningum þeirra í millum“.
- Milt er móðurhjartað / Mjúk er móðurhöndin** (orðatiltæki) Enginn er skilningsríkari eða blíðari við barnið en móðir þess. Einnig; *glögg er móðuraugað og þunnt er móðureyrað*.
- Milt veður / Milt í tíðinni** (orðtak) Hlýtt og hæglátt veður, einkum eftir *rosta* eða kuldakast. Oft einungis „milt“.
- Miltisbrandur / Miltisbruni** (n, kk) Hættulegur og bráðdrepani smitsjúkdómur sem kemur fyrir í dýrum; einkum grasbítum, en getur smitast í fólk við snertingu eða innöndun. Pestin finnst um allan heim, þó ekki sé hún jafn útbreidd og fyrrum. Miltisbrandssýkingar varð fyrst vart hérlendis 1865, og er talið að pestin hafi borist með húðum sem fluttar voru inn frá Afríku. Á síðari árum hefur sjúkdómurinn ekki komið upp hér, en unnið er að því að kortleggja urðunarstaði dýra sem drepist hafa. Ástæðan er sú að talið er að gró miltisbrands geti lifað og smitað í langan tíma, og geti losnað úr læðingi ef urðunarstöðum er hreyft.
- Minjagripur** (n, kk) A. Gripur sem maður vill eiga til minningar/minja um eitthvað sem liðið er eða manni er kært. B. Fornmunur; hlutur sem vitnar um það sem liðið er, t.d. aflagða verkmenningu eða byggð.
- Minkahundur** (n, kk) Hundur sem þjálfaður er í að veiða mink. „Er hreppsnefndin sammála um það... að kaupa fullorðinn æfðan minkahund...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Minkaeyðir / Minkabani** (n, kk) Maður sem veiðir mink. „Veiðistjóri réði Ólaf Sveisson Sellátranesi sem minkaeyði fyrir sveitina...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Minkfjandi** (n, kk) Villiminkur og það álit sem hann naut hjá Kollsvíkingum. „En svo átti minkfjandinn leið um og drap allar hænurnar mínar og sennilega andarungana...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Minkur / Minkaplága** (n, kk/kvk) Minkur er rándýr af marðarætt sem ekki tilheyrði dýraríki Íslands fyrr en á síðustu áratugum. Árið 1931 var hann fyrstur fluttur inn, og var ætlunin að ala hann í búrum til skinnaframleiðslu. En eitthvað af honum slapp út og fjölgaði sér fljótt í íslenskri náttúru. Minkurinn er mjög öflugt rándýr og drepur iðulega mikið meira en hann kemst yfir að éta. Hann er því mikill skaðvaldur í varplöndum, lækjum og vötnum. Sveitarfélög hafa þá skyldu að halda mink í skefjum, en hafa víða brugðist henni í seinni tíð. Eftir sameiningu Rauðasandshrepps í Vesturbyggð hallaði mjög á verri hlið í þessum efnun, og t.d. útrýmdi minnkur algerlega bröndum úr lækjum í Kollsvík og víðar.
- Minna á** (orðtak) Vekja athygli á; nefna það sem um var talað; líkjast einhverju öðru. „Ég minnti hann á það sem hann hafði lofað“. „Drangurinn minnir dálítið á tröll með poka á baki“.
- Minna má (nú) gagn gera** (orðatiltæki) Unnt væri að komast af með minna. Oft notað sem upphrópun þegar manni finnst eitthvað yfirgengilegt/ *of mikið af því góða*. „Víst bað ég hann um fáeinar kartöflur, en minna má nú gagn gera“!
- Minnast** (s) Muna eftir. „Ég minnst þess að hún talaði um hvað þeir Maggi og Einar væru oft búnir að borga sér“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Ég minnst þess mest hvað hún var róleg“ (IG; Æskuminningar).
- Minnast á** (orðtak) Nefna; brúa á; færa í tal. „Ég hef enn ekki minnst á þetta við hann“.
- Minni** (n, hk) Minning; það sem munað er/ muna þarf. „Mitt minni er dálítið farið að förlast“. „Hann mælti fyrir minni kvenna“.
- Minniháttar** (l) Af minna tagi; ekki mikið/stórt/meiriháttar. „Þetta er bara minniháttar rispa“.
- Minni máttar** (orðtak) Ekki eins sterkur og aðrir; illa fær um að verja sig. „... en jafnan *dró* hann *taum* þeirra sem minni máttar voru ...“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).
- Minni/verri/lakari/lægri en skyldi** (orðtök) Ekki eins góður/mikill og ætti að vera. „Afgangur heyja minni en skyldi, eftir jafn góðan vetur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Minning** (n, kvk) Hugsun um liðinn atburð; liðið atvik/ horfið söguvið/ horfin persóna sem geymist í minni manns. „Það eru mínar leiðustu minningar frá unglingsárunum“ (IG; Æskuminningar).
- Minningarlundur** (n, kk) Trjálundur til minningar um mann/fólk/viðburð. „... að koma upp girðingu kringum minningarlund sr Björns Hllðórssonar í Sauðlauksdal“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Minnisblað / Minnisbók / Minniskompa / Minnislappi / Minnissnepill** (n, hk/kvk) Blað/bók sem menn rita í minnispunkta um það sem annars gæti gleymst. „Mundu að taka með þér *merkjatöskuna* og minnisblað ef þú ferð að vitja um lambféð“.
- Minnisbrestur / Minnisleysi / Minniskortur** (n, kk/hk) Skortur á að muna. „Ég verð að viðurkenna minnisbrest minn um þetta atriði“.

- Minnisgóður / Minnugur** (l) A. Með gott minni. „Ég er ekki eins minnugur á þetta í seinni tíð“. B. Með í huga. „Lengi vel forðaðist ég þetta dýjasvæði; minnugur fyrri hrakfara“.
- Minnislaus / Minnisljór** (l) Skortir gott minni; gleyminn. „Maður er orðinn svo ári minnisljór í seinni tíð“.
- Minnisstæður** (l) Sem lifir í minningu; minnisverður. „Mun þetta mesta áhlaupsveður af norðri er smábátar á þessum slóðum hafa hreppt, og mun mörgum skipverjanna það minnistætt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Minnisvarði** (n, kk) Vanalega er átt við sérstakt stórt merki með upplýsingum um ágæti manneskju. Ekki hefur tíðkast hingatil að reisa slíkan hégóma um merka Kollsvíkinga; þó ærin ástæða væri til. Hinsvegar vitna verkin víða um mennina. T.d. leyna sér ekki handarverk Guðbjartar á Láganúpi í öllum hans hleðslum; né heldur Össurar sonar hans í öllu hans félagsmálastarfi; eða Sigríðar hans konu í einstökum listaverkum. Um það segja Hávamál: „... en orðstír deyr aldregi; hvem er sér góðan getur“.
- Minnka/stækka við sig** (orðtök) Fá sér minna/stærra (bústofn, hús, bíl o.fl.) en það sem maður hafði fyrir.
- Minnkandi/stækkandi tungl** (orðtök) Tungl sem stækkar með hverjum degi í átt að fullu tungli er stækkandi, en það sem daglega minnkar í átt að nýju tungli er minnkandi.
- Minnkun** (n, kvk) A. Hverskonar skerðing/takmörkun. B. Skerðing mannglegrar reisnar/ sjálfsvirðingar. „Það er engin minnkun að því að snúa frá; hitt væri heimska að leggja í ófæra röstina“. Sjá *til minnkunar*. C. Stykki í pipulögn sem minnkar sverleika hennar.
- Minnugur** (l) A. Með gott minni; man vel. „Mér þykir þú minnugur; að muna númerin á lömbunum yfir sumarið“. B. Með það í minni. „Ég varaði mig núna á boðanum; minnugur síðustu hremminga minna þar“.
- Mis** (ao) Misvíxl; framhjá. Sjá *fara á mis* og *leggja á mis*.
- Misalvarlega / Mishátíðlega** (ao) Misjafnlega hátíðlega/alvarlega. „Menn tóku þessi tilmæli mishátíðlega“.
- Misathugað** (l) Illa ígrundað; rangt/skakkt ályktað. „Þetta var nú eitthvað misathugað hjá honum; gimbrin reyndist vera hrútur þegar betur var að gáð“!
- Misauðvelt** (l) Misjafnlega auðvelt. „Þarna eru nokkrir varpstaðir, en misauðvelt að komast að þeim“.
- Misáberandi** (l) Misjafnlega greinilegt/áberandi. „Sultardropinn virtist alltaf vera á sínum stað, en misáberandi eftir því hvað kalt var í veðri“.
- Misáfjádur / Misáhugasamur** (l) Misjafnlega áhugasamur/ákafur. „Bændur voru misáfjáðir í þessa nýju tækni“. „Maður er misáhugasamur um námið, eftir námsgeinum“.
- Misánægður / Misgláður / Miskátur** (l) Misjafnlega ánægður. „Menn voru misánægðir með kosningaúrslitin; eins og gengur“.
- Misbeita / Misbjóða** (s) Ætlast til of mikils; ganga fram af. „Þú mátt ekki misbjóða söginni svona“!
- Misboðið** (l) Sem hefur verið gengið fram af/ misbeitt. „Frúnni var gjörsamlega misboðið þegar hún heyrði þetta; hún sagðist ekki ætla að líða svona *rakalaust* kjaftæði“.
- Misbrestur** (n, kk) Galli; hörgull; skortur. „Hver félagsmaður átti að greiða félagsgjöld, en misbrestur vildi verða á skilum þeirra“.
- Misbrýndur** (l) Með misþykkan brúnir; fleyglaga. „Úr torfskurðinum komu misbrýndar torfur, sem féllu vel saman þegar þær voru lagðar á þakið“.
- Misdraga** (s) Draga kind/lamb í rangan dilk í rétt/sláturhúsi; *misgrípa sig á mörkum*; flokka kind ranglega/ til rangs eiganda. „Ég er hræddur um að þetta lamb hafi verið misdregið á réttinni; þetta er ekki frá mér“.
- Misdragast** (s) Vera misdregið. „Ég ætla að fara aðeins innanum féð í dilknum áður en rekið er norður; ef eitthvað skyldi hafa misdregist“.
- Misdráttur** (n, kk) Rangt dregið fé í réttum. „Skal markaglöggur maður gæta þess að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).
- Misdrægur** (l) Um þann sem er misjafnlega fiskinn. „Hann er misdrægur, en kappsamur og stundum *errinn* þegar honum gengur miður en honum líkar“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). Finnst ekki í orðabókum.
- Misdýpi** (n, hk) Misjafnt hafdýpi á litlu svæði; hólótt. „Þarna í misdýpinu getur oft fengist ágætur fiskur“.
- Misdægurt** (l) Heilsulaus; veikur. „Honum varð aldrei misdægurt eftir að hann fór að drekka eplaedikid“.
- Miserfitt** (l) Misjafnlega erfitt/tyrfið/torsótt.
- Misfagurt / Misfallett** (l) Misjafnleg fagurt/fallett. „Hann tautaði margt og misfallett yfir vinnubrögðunum“.
- Misfara með** (orðtak) Mistakast í meðferð einhvers; hafa rangt við; svindla. „Ég hef aldrei misfarið með það fé sem méer hefur verið trúað fyrir“.

- Misfarast** (s) Gera mistök; lánast/heppnast/takast ekki. „Eitthvað misförst honum við þetta“. „Hér hefur eitthvað misfarist í skráningunni“.
- Misfarnast** (s) Mislánast; mistakast. „Eitthvað misfarnaðist þeim við lendinguna, svo bátum sló flötum“.
- Misfella** (n, kvk) A. Ójafna; óslétta. „Hér eru einhverjar misfellur á saumunum“. B. Hnökrar í framvindu. „Hann var mjög reglusamur með mætingu, svo þar varð aldrei misfella á“.
- Misfellulaus / Misfellulítið** (l) Án mistaka/hnökra. „Honum tókst þetta misfellulítið“.
- Misferli** (n, hk) Glæpur; óheiðarleiki í starfi/verki. „Þeir voru grunaðir um misferli í störfum sínum“.
- Misfiskinn (Misveiðinn** (l) Misjafnlega heppinn við veiðar. „Menn eru misfisknir mjög. Jafnvel á sama báti og í sama róðri getur einn staðið í snarvitlausum fiski langtímum saman meðan annar verður ekki var.“
- Misgáningur** (n, kk) Mistök; ógætni; flumbrugangur. „Af misgáningi hleypti hann út úr röngum dilk“.
- Misgera við** (orðtak) Beita ranglæti; vera einhverjum slæmur. „Ég biðst innilega afsökunar hafi ég misgert við þig á einhvern hátt í þessu máli“.
- Misgerðir / Misgjörðir** (n, kvk, fto) Ávirðingar; rangindi; það sem maður gerir rangt. „Fáir komast í gegnum lífið án nokkurra misgjörða“.
- Misglöggur** (l) Misjafnlega naskur/glöggur. „Menn eru misglöggir á fé. Sjálfur þekki ég varla haus frá dindli, en Guðbjartur aftur þekkti ekki einungis allar sínar kindur með nöfnum, heldur gat hann yfirleitt sagt til um eiganda kindar í utanverðum hreppnum, jafnvel þó hann sæi hana á langleið“.
- Misgóður** (l) Ekki allur jafn góður. „Hákarlinn var ágætur, en samt misgóður“.
- Misgrípa sig** (orðtak) Taka/velja annað en það sem maður ætlar. „Þarna hef ég misgripið mig, og tekið skeið í staðinn fyrir gaffal“.
- Misgrípa sig á mörkunum** (orðtak) Greina fjármark ekki rétt. „Þarna sýnist mér að sjálfur réttarstjórinn hafi misgripið sig á mörkunum; þetta lamb er ekki frá okkur“. Einnig notað í líkingum um annarskonar mistök.
- Misheppnast / Mislánast / Mislukkast / Mistakast** (s) Fara/ganga ekki eins og til er ætlast.
- Mishittinn** (l) Hittist misjafnlega fyrir; er misjafnt hvernig hittist/stendur á. „Hér fæst oft nokkuð vænn fiskur, en hann er gríðarlega mishittinn“. „Farðu vel að honum; hann getur verið svolítið mishittinn, karlinn“.
- Mishæðótt** (l) Landslag með hæðum/hólum; óslétt. „Þarna er land mjög mishæðótt og kindur geta víða leynst“.
- Misindismaður** (n, kk) Skálkur; glæpamaður. „Í sveitinni fyrrum væntu menn ekki heimsókna misindismanna, og læstu því sjaldan húsum sínum þó allir færu af bæ“.
- Misindisveður** (n, hk) Vont veður. „Hann var dimmur í lofti og greinilegt að misindisveður gat verið í aðsigi“. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Misjafn er sauður í mörgu fé** (orðatiltæki) Líkingin er oftast notuð um fólk; að ekki séu alltaf allir frómir heiðursmenn í stóru samfélagi.
- Misjafnt/einkennilega/undarlega er sköpum skipt** (orðatiltæki) Örlög (sköp) manna eru misjöfn. Sjá *forlög/örlög og enginn má sköpum renna*.
- Misjúgra** (l) Um ær og kýr; *halljúgra/hallinjúgra*; með misjafnleg stór/síð júgur; ekki *jafnjúgra*. „Hún Svört er orðin fjári misjúgra af því að lambið sýgur bara öðrumegin. Það þyrfti að draga niður úr henni til að hún fái ekki júgurbólgu“. Orðið finnst ekki í orðabókum, en þau voru nokkuð notuð í Kollsvík.
- Misjöfn eru morgunverkin** (orðtak) Menn aðhafast ekki allir það sama þegar birtir af degi. Líkingamál sem oft er viðhaft; tilvitnun í Laxdæla sögu. Orð Guðrúnar Ósvífursdóttur við Bolla Þorleifsson mann sinn, er hann hafði vegið Kjartan Ólafsson meðan hún sat heima og spann „tölf álna garn“.
- Misjöfn veður** (orðtak) Slæm veður; illviðri. „Tíðarfar ókyrrðist venjulega þegar leið að hausti, og lentu menn því oft í misjöfnum veðrum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Miskabætur** (n, kvk, fto) Bætur fyrir tjón; skaðabætur. Getu þó verið annars eðlis en skaðabætur; þ.e. verið vegna ærumeiðingar eða álitshnekkis.
- Misklíð** (n, kvk) Ósætti; deilur. „Útaf þessu spratt nokkur misklíð milli þeirra um tíma“.
- Misklíðarefni** (n, hk) Tilefni deilu/ósættis. „Við skulum útkljá þetta strax svo það verði ekki að misklíðarefni síðar“.
- Miskunna sig yfir** (orðtak) Taka undir sinn verndarvæng; taka upp á sína arma. „Ætli ég miskunni mig þá ekki yfir þetta eina egg sem eftir er; maður hlýtur að hafa magapláss fyrir eitt í viðbót“.
- Miskunnarlaust** (l) Án hlífðar/afláts/ þess að gefa eftir. „Ef eitthvað dúraði innámilli í ótíð var miskunnarlaust róið, og jafnvel tvíróið“.

- Miskunnarverk** (n, hk) Góðverk; líknandi verknaður; *gustuk*. Ég held að það væri bara miskunnarverk að slá þessa gömlu rytju af; hún er hætt að geta mjólkað lömbunum almennilega“.
- Mislagðar hendur** (orðtak) Um það þegar gerð eru mistök eða árangur verður áberandi misjafn af því sem gert er. „Hann var vel liðinn en sumum þótti honum mislagðar hendur við búskapinn“. Til er fornt orðatiltæki sem orðtakið er komið úr; „mörgum eru mislagðar hendur í kné“.
- Mislaginn** (l) Misjafnlega laginn. „Menn voru mislagnir við að láta bíta; eða kannski mislygnir“.
- Misleggja** (s) Leggja á misvíxl; láta skarast. „Gott er að misleggja timbrið í stæðunni, meðan það er að þorna“.
- Mislingar** (n, kk, fto) Mjög smitandi veirusjúkdómur af völdum veirunnar morbilli. Óþægilegur og hættulegur barnasjúkdómur, sem getur haft ýmsa fylgikvilla. Ekki lengur landlægur hérlendis vegna margra ára bólusetningar gegn sjúkdómnum. Smitleiðin er með úða í lofti. Ónæmi myndast eftir eina sýkingu en án þess geta allir smitast. Þó ekki börn yngri en fjögurra mánaða, þar sem verndandi efni eru í móðurmjólkinni, hafi móðirin öðlast ónæmi. Helstu einkenni eru hiti, nefrennsli, hósti, roði í augum, viðkvæmni fyrir ljósi, stór þykkildi á hálsi, eymsli í koki o.fl.
- Mislitt fé** (orðtak) Fé sem ekki er hvítt er nefnt mislitt. Gildir þá einu hvort það er svart, grátt, mórault, mósótt, flekkótt, dílótt, spræklótt, golsótt, gofótt, höttótt, kinnótt, eyglótt eða með annan lit. Fé í Kollsvík í seinni tíð var ýmist hvítt eða mislitt. „Sú var þjóðtrú að ef jörð væri hvít um fengitímam þá yrðu flest lömb hvít, en ef jörð væri flekkótt þá yrðu mörg lömb mislit“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).
- Mislíka** (s) Vera ekki sáttur við; líka ekki við. „Honum mun hafa mislíkað þessi framkoma“.
- Mislukkaður** (l) Misheppnaður; gallagripur. „Mikið finnst mér þessir þingmenn stundum mislukkaðir“.
- Mislukkast** (s) Mislánast; mistakast.
- Mislyndur** (l) Erfiður á skapsmunum; fljótillur; ör; með skapsveiflur. „hann er að verða svo mislyndur í seinni tíð að það má bara ekki orðinu halla“!
- Mismikill** (l) Misjafnlega mikill. „Aflinn hefur verið mismikill, frá degi til dags“.
- Misminna** (s) Muna ekki rétt. „Þetta var svona, ef mig misminnir ekki“.
- Misminni** (n, hk) Ranglega munað. „Þetta kann að vera misminni hjá mér“.
- Mismjalta** (l) Um kýr; vera mjólkaðar óreglulega. „Kýr eru mjög vanafastar skepnur. Ef þær eru vandar á vissan mjaltat' ma kvölds og morgna, þá getur nytin dottið mikið niður við það að verða mismjalta“.
- Mismuna** (s) *Gera upp á milli*; gera mismun/mannamun.
- Mismæli** (n, hk) Ranglega sagt orð; rassbaga. „Öllum geta orðið á mismæli“.
- Misorpin** (l) Um fugl; byrjar varp á misjöfnum tíma. „Langvían getur verið mjög misorpin þarna“.
- Misráðið** (l) Ekki ráðlegt/hyggilegt. „Teljum mjög misráðið að leyfa dragnótaveiði næsta sumar á svæðinu Snæfellsnes-Horn“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).
- Misrétti** (n, hk) Ónógur réttur manneskju; ranglæti. „Eigendur sjávarjarða voru miklu misrétti beittir þegar af þeim voru tekin ævafornt réttindi og sett í hendur á braskaralýð“!
- Misræmi** (n, hk) Ósamræmi; mismunur.
- Missa** (s) Tapa; glata; bíða tjón. „Ég missti vasahnífinn *niðurámilli* spela í grindinni“. „Við misstum tvær kindur þegar rekið var í réttina, en þær náðust seinna“. Oft notað sjálfstætt um vanhöld á fé: „Hann er búinn að missa töluvert á þessu sumri; flest líklega í Bjarginu“. Sjá *missast*.
- Missa af** (orðtak) Fara á mis við; verða of seinn í/til/við. „Ég tafðist og missti af fundarsetningunni“.
- Missa af seinni blessuninni** (orðtak) Verða seinn fyrir með eitthvað; missa af einhverju. „Ef við drögum streng enn er hætt við að við missum af seinni blessuninni; þá verður fallið frá bryggjunni þegar við komum að“.
- Missa átið** (orðtak) Verða lystarlaus; hætta að éta/nærast. „Það er hætt við að kýrnar geti misst átið ef þær komast í alltof krafmikið fóður“.
- Missa fótanna** (orðtak) Hrasa; detta; *skrika fótur*; *renna við*. „Þegar búíð var á Völlum var róið þaðan. einu sinni sem oftár reri bóndinn. Meðan hann var á sjó brimaði, svo ólendandi var á Völlum. Þá ætlaði hann í lendingu í Skor, en á leiðinni lenti báturinn á blindskerri; Bjarnaboða, og hvolfdi. En Geirlaug var þá stödd í miðjum skriðum. Henni brá þá svo mikið að hún missti fótanna og hrapaði, þar sem síðar heitir Heljargil“ (ÍÍ; Örn.dkrá Sjóundár).
- Missa (einhvers) í** (orðtak) *Missa af* einhverju; glata/tapa/týna einhverju. „Það er nú ekki mikils í misst þó hann komist ekki; hann hefur aldri verið til stórræðanna í smölun“!

- Missa jórur** (orðtak) Um það þegar kind eða kýr nær ekki eðlilegri meltingu í gang eftir langvarandi svelti/veikindi/niðurgang. Vandí getur verið að ná aftur upp *jórtri* og var m.a. gefið hafraseyði og síðan gott en þó ekki kraftmikið föður í hófi. Fyrrum þekktist að reyna að ná jórtri úr heilbrigðri kú og koma í þá veikur.
- Missa kvið** (orðtak) Um eldi búfjár; verða kviðdreginn af vanföðrun/næringarskort. „Aldrei fóru sögur af því að fé hafi misst kvið í Kollsvík, enda góðir bithagar og fjörubeit þó misjafnlega heyjaðist“.
- Missa marks** (orðtak) Hitta ekki í mark sem skotið er að, t.d. í skotkeppni/steinkasti eða öðru. Í líkingamáli um að fullyrðing/ásökun nái ekki tilgangi sínum. Sjá *skjóta yfir markið*.
- Missa móðinn** (orðtak) Gefast upp; *leggja árar í bát*. „Við skulum ekki missa móðinn meðan við drögum andann“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Missa sín** (orðtak) Hverfa; glatast. „Þessi skyrtofjandi mætti alveg missa sín mín vegna; þetta er mesta ósnið sem ég hef nokkurntíma séð á fatnaði“!
- Missa sjónar á (einhverju)** (orðtak) Týna einhverju; hætta að greina/sjá eitthvað. „Ég sá baujuna rétt í svip, en missti sjónar á henni aftur“.
- Missa spón úr aski sínum** (orðtak) Missa hlunnindi/hlut/fríðindi/tekjur. „Hann missti heldur betur spón úr aski sínum þegar leigjandinn fornumaðist og lét sig hverfa“. Líklega vísar „spónn“ þarna fremur til magns en skeiðarinnar sjálfar; þess að hellist niður af dýrmætum matarskammti eða af honum sé tekið.
- Missa stýri / Missa sjó** (orðtök) Um siglingu báts; *skera undan*; lyftast svo hátt í skutinn að stýrið komi uppúr og hætti að virka. „Færið ykkur aftur í bátinn svo hann missi ekki stýri í þessum veltingi“. „Stundum reis skip svo hátt í sjónum að það var hálf á lofti að aftan og við það *missti stýrið sjó*. Var þá sagt að *skæri undan*. En þá stýrðist ekki og skipið rann við og átti á hættu að *taka sjó*“ (LK ,Isl. sjávarhættir; eftir ÖETh).
- Missa undan** (orðtak) Um veiðiskap; missa fiskitorfu undan báti. „Hafðu þitt færi örliði lengur úti meðan ég dreg, til að við missum ekki fiskinn undan. Það er komið svo mikið rek núna“.
- Missa undan sér** (orðtak) Um kind/á; missa lamb. „Mér sýnist að Grána hafi misstu undan sér á Stígunum“.
- Missa vitið** (orðtak) *Ganga af göflunum/vitinu*; verða vitskertur; verða mjög órólegur/argur.
- Missagt** (l) Ekki sagt rétt frá; ranghermt. „En hvátki er missagt í fræðum þessum, þá er skylt að hafa það heldur er sannara reynist“. (Ari fróði Þorgilsson; Íslendingabók).
- Missaltaður** (l) Um matvöru; hefur fengið misjafnt salt. „Það þarf að vanda vel til þurrköltunar á hangiket, svo ekki verði missaltað“.
- Missaltur** (l) Misjafnlega saltur. „Bútungurinn er missaltur; eftir því hvort er sporðestykki eða hnakkastykki“.
- Missast** (s) Tapast; hverfa. „Það væri gott ef fólk gæti staðið á réttarveggjunum þegar rekið er inn; það vill stundum missast ein og ein kind þar, meðan lítið er í réttinni“.
- Missáttir** (l) Ósáttir; ósammála. „Talið er að þeir hafi verið ölvaðir; hafi orðið missáttir og *flogist á* svo að bátnum hvolfdi“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Misseri** (n, hk) Hálf ár; sex mánuðir.
- Missetin** (l) Um egg; misjafnlega setin/unguð/stropuð. „Eggin eru mjög missetin; varpið hefur verið óvanalega dreift núna“.
- Missigið** (l) Ekki jafnt sigið. „Óskaplega er missigið í hlöðunni núna; það hefur verið illa troðið öðrumegin“.
- Missir** (n, kk) Skaði; tap. Núorðið einkalega notað þegar einstaklingur missir einhvern sér nákominn.
- Misskipt er mannanna láni** (orðatiltæki) Menn eru misjafnlega heppnir/lánsamir í sínu lífi. Einnig; *lánið er valt og lukkan hál*.
- Missmið / Missmíði** (n, kvk) Gölluð smíði; galli á smíðisgrip. „Ég gat ekki séð neina missmið á þessu“.
- Missprottin** (l) Um tún/sléttur. „Tún eru mjög missprottin eftir svona þurrka; eftir því hvort þau eru á harðbala eða myndu landi“.
- Misstíga sig** (orðtak) A. Stíga ekki rétt til jarðar með þeim afleiðingum að annaðhvort hrasni maður eða togni í ökkla. B. Líkingamál: Taka ranga ákvörðun; gera mistök við höndlun málefnis/ábyrgðarstarfs.
- Missvefn** (n, kk) Misjafnlega mikill svefn; óregla á svefni. „Svona missvefn getur gert mann ruglaðan“.
- Missvefnta** (l) Nær misjafnlega góðum svefni; sefur óegluglega. „Maður verður óttalega ruglaður; svona missvefnta og þreyttur“. N í síðari hluta orðs heyrðist aldrei, en rökrétt er að það sé skrifað.
- Missýning** (n, kvk) Tálsýn; óraunveruleg sýn. „Ekki var nema hundrað metrar á milli þeirra, og sól og blíða, svo varla var um missýningu að ræða“ (IG; Sagt til vegar II).
- Missætti** (n, hk) Ósætti; ósamkomulag; ágreiningur. „Vonandi ná þeir að jafna þetta missætti sín á milli“.

Misstreymi (n, hk) „Ef bátur lá í straumæð var hann í *jafnstreymi*, en í misstreymi ef farið var utan í henni“ (DE Hvallátrum; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Missver (l) Misjafnlega sver. „Staurarnir eru nokkuð missverir, en það kemur ekki að sök“.

Missögn (n, kvk) Mismæli; ranglega sagt frá. „... vel mætti vera um einhverja missögn að ræða“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Mistalið (l) Rangt talið. „Það reyndist vera mistalið í einum karminum; það vantar enga kind“.

Mistalning (n, kvk) Röng talning. „Þetta hlýtur að vera mistalning; 52 *dokkur* af hosubandi“!

Mistelja (s) Telja rangt; ruglast í talningu; *oftelja* eða *vantelja*. „Það er auðvelt að mistelja þegar féð er allt á hlaupum“.

Mistur (n, hk) Þunn og jöfn þoka; fingerð gufa; fingerð rykmengun í lofti. „Skyldi hann ekkert ætla að hreinsa af sér þetta mistur“?

Mistækur (l) A. Um mann sem tekst misjafnlega vel upp. „Hann þótti dálítið mistækur við sæðingarnar“. B. Um aflabrögð, sprettu eða þvílíkt. „Afli gat verið ágætur á þessum miðum, en var þó dálítið mistækur“.

Mistök (n, hk, fto) Feill; röng vinnubrögð/gerð/ákvörðun. „Svona mistök mega ekki henda aftur“!

Misvel (ao) Ekki að öllu leyti vel; misjafnlega vel. „Mönnum varð misvel við þessi tíðindi“.

Misvindasamur/ Misvinda (l) Staður þar sem vindi slær tíðum úr fleiri en einni átt á skömmum tíma. „Þarna var ágætt bæjarstæði en þó gat orðið verulega misvindasamt í norðanátt“. „Hann var misvinda við Blakkinn“.

Misviðrasamt (l) Tímabil með misgóðu veðri. „Sumarið hefur verið æði misviðrasamt, það sem af er“.

Misvinda / Misvindi (n, hk) Vindur úr fleiri en einni átt. „Sprintsigling ...þótti óheppilegri, einkum í misvindi, en ...var betri í beitivindi, og var það aðallega klýfinum að þakka“ (IN; Barðstrendingabók). „Á þessari leið er Brunnanúpur, en fram af honum er í þessari átt hætt við misvindi og rokhnútum“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þennan dag var gott sjóveður; fremur hægur suðaustanvindur, en í þeirri átt er oft nokkuð misvinda fram af Brunnanúp“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Misvinsæll (l) Mælist misjafnlega fyrir; líkar ekki öllum. „Viða er siður Vestfirðinga að koma saman á Þorláksmessu og borða vel kæsta skötu; kannske ekki til að sjóða hana í hverju húsi, þar sem ilmurinn af henni er misvinsæll; jafnvel hjá þeim sem þykir skata góður matur“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Misvitur (l) Ekki alltaf jafn vitur/gáfaður. „Svona ákvörðun má ekki vera háð duttlungum misvittra stjórnenda“.

Misvitur er Njáll (orðtatiltæki) Líking sem gripið er til þegar menn efast um að breytni einhvers sé gáfuleg. Tilvitnun í orð Hallgerðar langbrókar í Njáli, þegar hún gerði lítið úr framsýni Njáls við túnaræktun.

Misvísun (n, kvk) Segulskekking áttavita; hornið milli segulnorðurs (stefnu á segulpól jarðar) og réttis norðurs (stefnu á norðurpólinn). Misvísun er mismunandi mikil eftir staðsetningu á hnettinum, en einnig breytist hún með tímanum, eftir því sem segulpóllinn færir til. Misvísun á Íslandi getur numið tugum gráða.

Misvíxl (n, hk) Sjá *mis*.

Misþykkja (n, kvk) Ósætti; þungur hugur. „Nokkur misþykkja hefur verið milli þeirra eftir þetta“.

Misþyrma (s) Fara illa með; pína; lúskra á. „Gættu að því að misþyrma ekki bakinu á þér með þessu“.

Misþyrming (n, kvk) Slæm meðferð; píning. „Skelfing er að heyra af svona miþyrmingu á dýrum“!

Mitt á milli (orðtak) Miðja vegu. „En mitt á milli Gilsins og Götunnar er slitur í Hjallana sem heitir Rauðagil“ (IG; Sagt til vegar II).

Mitt í (orðtak) Í miðju. „Mitt í þessum djöfulgangi birtist kennarinn, og var ekki hýr á svip“. „Mitt í lestrinum fékk hann mikinn hnerra, og tóbaksslettur gengu yfir bókina“.

Mitt síðasta (orðtak) Síðustu augnablikin fyrir andlát mitt. „Ég hélt um stund að þetta yrði mitt síðasta þegar ég sá steininn koma í loftköstum; en á síðustu stundu breytti hann um stefnu“.

Mittisdjúpur (l) Dýpt upp í mitti á manni. „Það eru víða mittisdjúpir skaflar yfir geginn“.

Mittisjakki / Mittistreyja (n, kk/kvk) Jakki/treyja sem nær u.þ.b. í mitti á síddina.

Mittislykkja (n, kvk) Bragð á *sigvað* sem kemur utanum mitti *sigmanns*. Önnur brogð *siglykkjunnar* koma um lærin“.

Mittismikill (l) *Mikill um sig; rassbreiður; feitlaginn*. „Maður er sennilega orðinn of mittismikill núna til að fara um Gat á Forvaðanum undir Brekkuhlíðum“.

Mittisól (n, kvk) Belti um mittið. Sjá herða *mittisólina*.

- Míxtúra** (n, kvk) Meðal. Gat verið af ýmsu tagi og til ýmissa nota; t.d. *hóstamíxtúra*. Heimagerð meðul í Kollsvík í seinni tíð voru einkum grasate og grasaseyði (af fjallagrösum).
- Míga** (s) Píssa; *kasta af sér vatni; létta á sér*. „Ég ætla aðeins að skreppa fyrir horn að míga“. Þátíð orðsins var áður fyrri oftast „még“, eða jafnvel „mé“, en er nú oftast „meig“. Fyrri hátturinn hélst í munni Kollsvíkinga meðan víkin var í byggð. „Ég nærri því még á mig af hlátri“.
- Míga í saltan sjó** (orðtak) Vera til sjós. „Þá var hörgull á hásetum, og allir dregnir um borð sem einhverntíma höfðu migið í saltan sjó“. „Það er ekki von að þeir kunni til verka sem aldrei hafa migið í saltan sjó“.
- Míga í skóinn sinn** (orðtak) Sjá *eins og að míga/píssa í skóinn sinn*.
- Míga undir (sig)** (orðtak) Píssa í rúmið; halda ekki þvagi í svefni; *væta rúm*.
- Míga úr sér** (orðtak) Rigna; leka. „Enn rignir hann; ætlar hann bara aldrei að hætta að míga úr sér“?! „Tunnan hafði migið úr sér þeklinum yfir nóttina“.
- Mígandi** (l) Áhersluorð, einkum notað í tvennu sambandi: A. Mígandi rigning; um mikla rigningu. „Það er ennþá mígandi rigning og varla fært útúr húsi“. B. Mígandi straumur; um straum eða stíft sjávarfall. „Við þurfum að drífa netið inn, það er kominn mígandi straumur“.
- Mígandi blautur/votur** (orðtak) Rennandi blautur/votur. „Ég var mígandi blautur eftir volkið“.
- Mígandi fullur** (orðtak) Ofurölvi; *augafullur; blindfullur*. „Hann kom mígandi fullur heim af ballinu“.
- Mígandi rigning** (orðtak) *Hellirigning*; mjög mikil rigning; *eins og hellt sé úr fötu*.
- Mígandi** (n, kk) Gæluorð um rigningu. „Einhver mígandi var enn í honum þegar ég kom inn“.
- Mígandi straumur** (orðtak) Bullandi/hörku straumur/fall/sjávarfall. „Það er kominn mígandi straumur hérna frammi; við hefðum þurft að komast töluvert fyrir fram“.
- Mígblautt /Mígandi blautt** (l/orðtak) Mjög blautt; rennandi blautt. „Það er mígblautt á jörð eftir náttfallið“.
- Mígblotna** (s) Rennblotna; verða mjög votur. „Þú mígblotnar í fæturna ef þú ferð ekki í stígvél“.
- Mígildi** (n, hk) Hlandskál; pissuskál; *pisseri*. „Kollsvíkingar hafa aldrei séð nokkra þörf fyrir mígildi; hér hafa menn oftast vökvað jarðargróður eða migið í saltan sjó þegar þörfin kallar“. Sjá *pisseri*.
- Mígla** (s) Láta/gefa smám saman; smáskammta. „Ég hef verið að mígla þessu kraftlausu útheysi í fêð; það er í lagi ef vel er gefið af góðri töðu“. „Hann er að mígla niður töluverðum snjó í logninu“.
- Mígleka** (s) Um ílát/bát; leka mjög mikið. „Þessir stígvélagarmar eru farnir að mígleka“.
- Míglekur** (l) Um ílát/bát; mjög óþéttur; *hriplekur*. „Þú ferð ekki langt á svona mígleku bátshorni“.
- Mígrigna** (s) *Hellirigna*; rigna mjög mikið. „Við þurfum að drífa okkur að bæta á gryfjuna áður en hann fer að mígrigna“. Sjá einnig *mígandi rigning*.
- Mígur úr honum** (orðtak) Rignir mikið. „Enn mígur úr honum; skyldi bara ekki ætla að stytta upp í dag“?
- Míla** (n, kvk) Mælieining fyrir vegalengd. Míla er vandræðamælieining, að því leyti að hún er mismörg eftir því hvort átt er við mílu á landi eða sjó, og eftir svæðum heims. Orðið er dregið af „mille“ sem merkir þúsund á latínu og var upphaflega skilgreind sem sú vegalengd sem rómversk herdeild gat marserað í 1000 skrefum. Sú vegalengd var um 1500 metrar, svo nokkuð hafa þeir verið stórstígir. Oftast er átt við enska mílu þegar rætt er um mílur héraendis án frekari skilgreiningar. Hún hefur nú verið skilgreind sem 1609,344 metrar, en er til hægðarauka oft sögð vera 1,6 km. Til er dönsk míla sem nú hefur verið skilgreind 7,5 km, og sænsk-norsk míla sem skilgreind er sem 10 km. Þýsk míla er kringum 7,5 km og frönsk míla er 4267 metrar. Sjómíla er mikið notuð á sjó og í flugi. Hún er skilgreind sem ein hornmínúta (1/21600 hluti) af miðbaug jarðar. Metri er upphaflega skilgreindur sem 1/10milljónasti fjarlægðar frá pól að miðbaug, og er sjómílan alþjóðlega skilgreind sem 1852 metrar. Hraðaeiningin *hnútur* er ein sjómíla á klst. Sjá *sjómíla* og *hnútur*.
- Mímisbrunnur** (n, kk) A. Fyrirbæri í norrænni goðafræði. Viskubrunnur undir einni rót asks Yggdrsils í Jötunheimum. Mímir gætir brunnsins og drekkur af honum daglega; hann er því fróðari en aðrir. Aðrir þurfa að greiða sopann dýru verði, og m.a. þurfti Óðinn að láta fyrir hann auga sitt. B. Líkingamál; sá sem er mjög fróður; *gáfnaljós*.
- Mín vegna** (orðtak) Hvað mig varðar; *fyrir mér; fyrir mína parta*. „Hann má eiga þetta mín vegna; ég var löngu hættur að nota það“.
- Mínúta** (n, kvk) A. Tímaeining; 1/60 úr klukkutíma; 60 sekúndur. B. Horn- og lengdarmæling. Hornmínúta er 1/60 úr gráðu; 60 hornsekúndur. Hún samsvarar einni sjómílu eða 1850 metrum (sjá míla).
- Mínútuvisir** (n, kk) Visir á skífu klukku sem fer einn hring á klukkutíma.
- Mínvegna** (ao) Fyrir mína parta; hvað mig áhrærir. „Vertu ekkert að setja hvítlauk í þetta mínvegna“. „Mínvegna mætti skera þetta stofnanafargan niður um helming eða meira“.

Mjaðmasídd (n, kvk) Sídd fatnaðar niður á/fyrir mitti. „Í skinnstakkinn fóru þrjú lambsskinn. Hann var hafður í mjaðmasídd og tekinn saman í mitti með bróklinda“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).

Mjallahvítur (l) Skjannahvítur; hvítur eins og mjöll. „Mjallahvít bar nafn með rentu, og útaf henni var kominn nokkur stofn af mjallahvítu fê“.

Mjaka (s) Hreyfa hægt til; mutra; hnika. „Okkur tókst að mjaka steininum á sinn stað“.

Mjakast úr sporunum (orðtak) Ganga; lötra; koma sér af stað. „Það var erfitt að fá kýrnar til að mjakast úr sporunum þegar þær komust í grængresið“.

Mjalta (s) Annað orð yfir að „mjólka“, en sjaldnar notað. „Þorgrímur þessi missti ábyli sitt af því að hann þótti áleitinn við göngusilung í ánni og við *ásauði* Rauðsendinga; stíaði og mjaltaði fé er leitaði í óveðrum niður í Krákinn og heim að Selinu. “ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Mjaltafata (n, kvk) *Mjólurfata*; *mjólkurspanda*; fata sem kú er mjólkuð í. Með ýmsu lagi, en lága fötu þarf til að mjólka síðjúgra kú.

Mjaltaföt / Mjaltagalli (n, hk, fto/ kk) Hlífðarfatnaður sem mjaltafólk notar við mjaltir. „Nú þyrfti að fara að þvo mjaltagallann minn“. Sjá *fjósaföt/fjósagalli*.

Mjaltagata (n, kvk) Götuslóði frá bæ á stöðul, myndaður af umferð mjaltafólks og kúasmala.

Mjaltaílát (n, hk) Mjaltafata; ílát sem mjólkað er í. „Járnfatan er að byrja að ryðga og varla nothæf sem mjaltaílát lengur“.

Mjaltalag (n, hk) Mismunandi aðferð manna við mjaltir. „Mismunandi er hvernig mjaltalag menn viðhafa. Sumir *hefta* kýr t.d. aldrei og gengur það vel. Sumir draga niður úr spenum meðan öðrum lætur betur að kreista þá. Sumir leggja mikið uppúr því að strjúka niður júgur kúnna til að þær selji betur, meðan aðrir sleppa því. Kýr eru mjög vanafastar varðandi mjaltalag og *lausmilkustu* kýr geta *selt* þeim *illa* sem stunda nýtt mjaltalag“.

Mjaltakollur (n, kk) Mjaltastóll; lágur stóll/hnallur sem setið var á þegar handmjólkað var. „Það þarf að laga mjaltakollinn“. Fyrrum voru kýrhauser notaðir fyrir mjaltastóla.

Mjaltakona (n, kvk) Kona sem mjólkar/ sér um mjaltir. „Þá er djúp laut niður í Hnífana sem heitir Eyvararstekkur, með samnefndum stekkjarrústum; líklega nefndur eftir mjaltakonu einhverntíma í fyrndinni“ (HÖ; Fjaran).

Mjaltalag (n, hk) Aðferð við það að *handmjólka* kú. Þrjár megináðferðir eru við það. Önnur er sú að kreista spenana, og er hún mest notuð þegar kýr eru sæmilega *lausmylkar*. Hin er sú að draga mjólkina niður með því að renna fingrum niður spenana. Einkum er hún notuð við *fastmjólka* kýr og þegar verið er að *totta/hreyta* í lok mjalta. Þriðja aðferðin er sú sjaldgæfa en hún felst í því að kreista spenann í *neipinni* milli vísifingers og löngutangar um leið og mjólkin er dregin niður. Einkum er hún notuð á kindur og þegar kýr hafa smáa spena, s.s. *fyrstakálfsvígur*. Sumir kjósa að skipta um aðferðir meðan kú er mjólkuð. Jafnan er byrjað að mjólka framspenana og þeir hérumbil tæmdir áður en byrjað er að mjólka aftuspenana. Þegar því er lokið er *tottað*; þ.e. mjólkaðir síðustu droparnir úr öllum spenum. Stundum er tottað aftur í lok mjalta, áður en farið er úr fjósi; einkum ef hætta er á júgurbólgu í kúnum. Ef mjög misjafnt er í júgum þarf að *einspena* kúna; þ.e. mjólka einungis einn spena í einu. Þá er oftast notuð togaðferðin, með báðum höndum á víxl. Mjaltir voru fyrrum jafnan taldar kvenmannsverk, en það breyttist á 20.öld. Ekki var talið ráðlegt að ófermdar stúlkur kæmu nálægt mjöltum. Mikið var lagt uppúr því að fara vel með kýrnar; stjána við þær; kemma þeim; strjúka og jafnvel ræða rólega við þær. Enda er það staðreynd að sú kýr mjólkar betur og *selur* betur sem er í góðu andlegu jafnvægi og ró. Sérlega mikilvægt er að strjúka júgríð ákveðið en rólega fyrir mjaltir. Jafnvel þó kýr ólmist og sé óþæg má fjósa- eða mjaltaður aldrei skipta skapi.

Mjaltatími (n, kk) Sá tími dags sem mjólkað er á. „Það var komið fram yfir mjaltatíma þegar ég kom heim“

Mjaltavegur (n, kk) Vegalengd sem fara þarf til að mjólka. „Um tíma voru kýrnar hafðar á uppi Hólum. Var þangað nokkru styttri mjaltavegur en í Túnshalann“.

Mjaltavél (n, kvk) Vél til að mjólka kýr. Mjaltavél kom fyrst í Kollsvík kringum 1970, í búskapartíð Ingvars Guðbjartssonar. Stuttu síðar kom önnur að Laganúpi, sem Össur fékk frá Sellátranesi. Báðar voru þetta fötuvatn, drifnar af loftsogi. Mikill vinnusparnaður var að þeim við mjaltir eftir að menn komust upp á lag með þær, en hvort sem það var þeim að kenna eður ei þá jókst verulega júgurbólga í kúm á sama tíma.

Mjaltir (n, kvk, fto) Þau bústörf að mjólka kýr til að fá mjólk í mat og (á síðari tímum) til sölu. Mjaltir eru tvisvar á dag; morgunmjaltir og kvöldmjaltir. Fyrrum voru kýr mjólkaðar úti að sumarlagi, og komu ekki í fjós nema í verstu veðrum. Hét það að mjólka á stöðli.

Mjatl (n, hk) Smáskammtar; píringur. „Ég veit ekki til hvers er verið að þessu vikulega mjatli; hversvegna þetta er ekki greitt í einu lagi fyrir árið“.

- Mjatla** (s) Gera eitthvað í smáskömmtum. „Það gengur hægt að mjatla heyinu heim á svona litlum vagni“. „Hver greiðsla gerir ekki stórt, en þetta safnast saman þegar jafnt og þétt mjatlast inn“.
- Mjóaleggur** (n, kk) Neðri hluti fótleggjar, þar sem fótur er mjóstur neðanvið hné. „Þessir skór voru þjállí og fóru betur á fæti. Þeir voru varpaðir með snæri, og með því sama snæri bundnir yfir mjóalegginn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Mjódd** (n, kvk) Sá hluti á einhverju sem er mjórri en aðliggjandi hlutar. „Við skriðum til baka eftir ganginum, en þurftum að handlanga eggjafötuna yfir mjóddina, þar sem tæpast var“.
- Mjóhýrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; með áberandi mjó horn. „Taktu ekki í hornin á þessari, hún er svo mjóhýrnd“.
- Mjókk** (s) Verða mjórri. „Sandhellirinn er víðastur yst, en mjókkar fljótt er innar kemur“.
- Mjólk** (s) A. Draga mjólk úr spenum á kú/kind. „Kýr eru nærmar á *mjaltatíma*. Venjist þær því að mjólkað sé á vissum tíma getur *nytin* orðið minni ef vikið er frá honum“. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og koma mjólkinni í mat“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). B. Gefa af sér mjólk. „Ég er hræddur um að *gemlingurinn* mjólki *tvílembingunum* ekki nægilega“.
- Mjólk af sér (holdin)** (orðtak) Um kú; skila meiri nyt en hún bætir sér upp í fõðri/áti, og því grennast.
- Mjólk frá / Mjólk/druga niður úr** (orðtak) Mjólk. Oft notað um það þegar mjólkað var t.d. úr kindum sem misst höfðu lamb, til að þær fengju ekki júgurbólgu þegar ekki var sögið.
- Mjólk vel** Um kú; er nythá/i hárrí nyt; mjólkar mikið. „Hún mjólkar vel enn, þó komin sé á gamalsaldur“.
- Mjólk tík** (orðtak) Um skakveiði; draga færið máttlítið og stutt í hverju skaki. „Taktu nú meira á þegar þú ert að skaka, þú veiðir lítið með því að mjólka tíkina allan liðlangan daginn“.
- Mjólkurá** (n, kvk) Ær sem mjólkuð var, meðan fráferur voru stundaðar. „Á Stöðlinum var kví fyrir mjólkurær“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Mjólkurbátur** (n, kk) Bátur sem stundar reglulega flutninga á mjólk frá bændum í kaupstað. Mjólkurbátur var starfræktur á Patreksfirði áður en mjólkurbíll hóf að ganga um vegi, og voru skipstjórar hans sinn tímann hvor; Aðalsteinn Sveinsson frá Breiðavík og Pétur Ólafsson frá Hænuvík. „Næsta morgun ætluðum við yfir fjörðinn með mjólkurbátum yfir á Gjöggra, en þá var kominn norðanbylur og blindófært yfir fjörðinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Mjólkurbland** (n, hk) Mjólkurskol; *kálfaskol*; mjólk sem þynnt hefur verið með vatni. Á seinni tímum haft til fõðrunar kálfa sem farnir eru að stálpast. Fátækramatur fyrrum.
- Mjólkurbrúsi** (n, kk) Ílát; brúsi úr áli (fyrr stáli) sem notaður er til að flytja mjólk frá búi með mjólkurbíl til mjólkurbús/mjólkursölu. Mjólkurbrúsar voru notaðir í Kollsvík frá því að mjólkursala hófst, í kringum 1970, og þar til farið var að flytja mjólkina með tankbíl. Lengivel fóru Kollsvíkingar með sína mjólk inn í Hænuvík, til móts við mjólkurbílinn, en síðar sótti hann mjólkina að Láganúpi um margra ára skeið. Mjólkurbrúsar voru oftast 20 lítrar, en sumir 50 lítrar.
- Mjólkurbytta** (n, kvk) *Mjólkurtrog* (sjá þar).
- Mjólkurfata** (n, kvk) *Mjaltafata* (sjá þar).
- Mjólkurferð** (n, kvk) Ferð mjólkurbíls til að sækja mjólk; ferð bónda með mjólk sína til móts við mjólkurbíl.
- Mjólkurfélag / Mjólkursamlag** (n, hk) Félag bænda í mjólkurframleiðslu um sölutilhögun og vinnslu mjólkurafurða. „Oddviti las upp bréf frá fundi sem haldinn var á Patreksfirði og fjallaði um stofnun mjólkursamlags sem næði yfir þessa hreppa: Barðastrandarhrepp, Rauðasandshrepp, Patreksahrepp og Tálknafjarðarhrepp“ ... „Almennur hreppsfundur felur stjórn Mjólkurfélags Rauðasandshrepps að mæta, eða láta mæta, á væntanlegan undirbúningsfund að stofnun mjólkursamlags...“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).
- Mjólkurflutningar** (n, kk, fto) Flutningur á mjólk frá bónda til afurðastöðvar. „...nú fara mjólkurflutningar úr sveitinni til Patreksfjarðar fram á landi, en til skamms tíma fóru allir þeir flutningar fram á sjó“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Mjólkurfroða** (n, kvk) Froða sem myndast ofaná mjólk þegar mjólkað er. Oft var hundi og ketti gefið af froðunni þegar mjólkað var.
- Mjólkurhús** (n, hk) Hús sem mjólk er geymd/kæld í. Mjólkurhús var byggt við „nýja fjósið“ þegar kúm var fjölgað á Láganúpi og fjárhúsi breytt í fjós. Í húsinu var mjaltavél, mjólkurtankur og frystikista. Fram að því hafði mjólk verið kæld í Kaldabrunni.
- Mjólkurlögg / Mjólkursopi** (n, kvk/kk) Dálítið af mjólk. „Gefðu mér nú mjólkursopa í glas“.

Mjólkurlagin (l) A. Gefur mikla mjólk í mál; er *nythá/há* í nyt B. Er *lausmylk; selur vel*. Oftast var átt við fyrri merkinguna, en íðulega fer þetta tvennt saman. „Hún Nótt var einstaklega mjólkurlagin, enda náði hún háum aldri“.

Mjólkurlagni (n, kvk) *Nythæð*; hæfileiki kýr til að gefa af sér mjólk. „Þetta er einstök mjólkurlagni hjá *fyrstakálfsvígu*“!

Mjólkurleið (n, kvk) Leið sem farin er með mjólkurflutninga. „Bragi taldi að ekki væri hægt að una við annað en það að fá mokaða mjólkurleiðina“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Mjólkurmat (n, kk) Matur úr mjólk eða sem inniheldur mikið af mjólk.

Mjólkurpóstur (n, kk) Sá sem sér um reglulegan flutning á mjólk. Í Rauðasandshreppi var orðið notað um þann sem flutti mjólk í brúsum á báti yfir Patrkessfjörð, fyrst eftir að mjólkursala hófst á 20.öld. Því starfi sinni lengstum Pétur Ólafsson í Hænuvík. Síðar var mjólk flutt landleiðina með mjólkurbíl, en þá var orðið ekki lengur notað. „Daginn eftir tók Pétur mjólkurpóstur okkur við Klettinn og flutti okkur út að Nesi, en þaðan löbbaðum við heim um kvöldið“ (IG; Æskuminningar).

Mjólkursigti (n, hk) Sigti sem nýmjólk er hellt í gegnum eftir að búið er að mjólka. Stór skál með gatabotni, en á hann er settur *vattbotn* sem síar öll óhreinindi úr mjólkinni. Sigtið var sett ofaná mjólkurbrúsa; mjólkurtank eða annað ílát, og mjólkinni hellt í það úr mjaltafötunni. Öll seld mjólk var sigtuð, en einnig neyslumjólk til heimilisins og sigtun var hafin löngu áður en farið var að selja mjólk.

Mjólkurskegg (n, hk) Rönd af mjólk á efri vör eftir að drukkin hefur verið mjólk úr glasi/bolla. „Þurrkaðu nú af þér mjólkurskeggið góði minn, áður en þú ferð og þakkar fyrir þig“.

Mjólkurskol (n, hk) Mjólk sem verulega er þynnt með vatni; *kálfaskol*. Gefið stálpuðum kálfum.

Mjólkurspanda (n, kvk) *Mjaltafata*; mjólkurskjóla; fata sem mjólkað er í. „Og ég vissi ekki fyrr en ég lá í flórnum og kollurinn og mjólkurspandan aftur á stétt“!

Mjólkurstöð / Mjólkurvinnslustöð (n, kvk) Vinnslustöð fyrir mjólk. Mjólkursamlag Vestur-Barðstrendinga rak um langt árabil mjólkurstöð á Patreksfirði, þar sem unnin var mjólk af svæðinu. „Séra Grímur gat þess m.a. að eining hefði ríkt þar um að leysa þessi mál, og þá helst með því að byggja mjólkurvinnslustöð á Patreksfirði“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).

Mjólkursýra (n, kvk) A. Lífræn sýra sem myndast í vöðvum eða rauðum blóðkornum. Verður til við ófullkomið niðurbrot þrúgusýkurs í vöðvum vegna skorts á súrefni. Í lifrinni er mjólkursýkri breytt í þrúgusýkur sem fer aftur til vöðvanna. B. Sýra/mysa af sömu gerð, sem mjólkursýrubakteríur framleiða með gerjun. T.d. voru áfir jafnan hirtar og látnar súrna og var mysan notuð til súrsunar matvæla og sem svaladrykkur; blanda, sem t.d. var hafður sem nesti í róðra. „Þá vil ég láta þess getið að þeir Gísli Ó Thorlacius og Jón Pétursson hafa gefið ám, lömbum og hrossum nýja mjólkursýru með ágætum árangri“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Mjólkurtrög (n, hk) *Mjólkurbyttu*. Ein aðferðin til að skilja rjóma frá undanrennu er að láta mjólkina standa um tíma í mjólkurtrögi. Eftir að rjómaskán hefur myndast á yfirborðinu er troginu hallað og haldið með hendi við rjómann á meðan undanrennan rennur undan henni. Af því er dregið nafn hennar.

Mjólkurvinnsla, mjaltir. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og koma mjólkinni í mat. Skilja mjólkina, strokka rjómann og hleypa skyr úr undanrennunni. Áfunum sem komu þegar strokkað varog mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; ein sér, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð drykkjarblanda“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG)

Mjómúlulegur (l) Mjósleginn í annan endann; toginleitur á svipinn. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Mjóna (n, kvk) Sú sem er mjó. Notað um skepnur og uppnefni á manneskju. „Ekki veit ég hvort þessi mjóna tórir af veturinn“.

Mjónulegur / Mjósaralegur / Mjósleginn (l) Mjór; horaður. „Ansi er hann orðinn boginn og mjónulegur, karlgarmurinn“.

Mjór er mikils vísir (orðatiltæki) Oft getur það orðið mikið sem er lítið í byrjun; lítill og mjór sproti getur verið vísir að völdugu tré.

Mjórna muna vant (orðtak) Munar litlu; skellur hurð nærri hælum; hætt komið. „Hér tókst giftusamlega til. Enginn varð fyrir alvarlegu slysi, þó oft væri mjórna muna vant“ (SbG; Að vaka og vinna).

Mjótt á mununum (orðtak) Munar litlu. „Upp á brún komumst við, en það var ansi hreint mjótt á mununum“.

Mjótt er mundangshófið (orðatiltæki) Mundang er vísir á vog, og máltækið vísar til þess að erfitt er að finna meðalveginn; fá vogina til að vera í jafnvægi..

- Mjúk er móðurhöndin** (orðatiltæki) Enginn er betri ungvíðinu en móðir þess. Sjá *milt er móðurhjartað*.
- Mjúkhentur** (l) Tekur varfærnislega á; fer næmum höndum um. „Ekki veit ég hversu mjúkhentur hann verður hann kemst að þessum hrekkjum“.
- Mjúkmáll / Mjúkorður** (l) *Tungumjúkur*; kurteis/hóflegur/biðjandi í tali. „Þú þarft að vera nokkuð mjúkorður við hann ef þú ætlar að fá hann inná þetta“.
- Mjúkt í / Mjúkt undir fæti** (orðtök) Undirlag gefur eftir. Oftast notað um *aurbleytu*; þegar frost er enn undir þýðu yfirborði aurborins landslags, svo gangandi maður sekkur í vatnssósa yfirborðið þó traust virðist, á lengdar að sjá. Ekki var óalgenget að bílar lentu í *festum* á aurholtum þegar farið var til eggja á vorin.
- Mjúkt undir kili** (orðtak) Um lendingu; mjúk landtaka. „Um flóð var upp í sand að lenda; en um fjöru, eða þegar lágsjávað var, var stundum ekki eins mjúkt undir kili; nema í þröngu viki milli hleina, sem nefndist Klaufr“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Mjúkur** (l) A. Um hlut/voð/fatnað eða annað; voðfellt; þægilegt viðkomu; ekki hart. B. Stundum notað um ölvaðan mann, þegar hreyfingar eru orðnar *silalegar*. „Hann er orðinn nokkuð mjúkur“.
- Mjúkur á manninn** (orðtak) Ljúfur/þýður í viðmóti. Sjá *blíður á manninn*.
- Mjúkur undir tönn** (orðtak) Um mat; ekki harður að tyggja. Notað t.d. um vel barinn harðfisk eða meyrkt kjöt. Sjá *harður undir tönn*.
- Mjæmta** (n, hk) Kveinka sér. „Fáir þorðu að mjæmta gegn kúgun höfðingjavaldsins“. Líklega sambræðingur af orðunum mjálma og *æmta*.
- Mjööður** (n, kk) A. Vín sem bruggað er úr hunangi. Algengara fyrr á öldum B. Gæluorð um hverskonar vökva; einkum áfengi.
- Mjög / Mjög svo / Mjögsvö** (ao) Afar; heldur; mikið. „Það rigndi mjög mikið“. Mjögsvö er mildara, og oft notað stakt sem játandi andsvar eða í stuttum setningum. „Þetta var mjögsvö góður matur“. „Ekki man ég hvaða húsbændur voru þar þá (á Auðkúlu), en þar var okkur tekið mjög svo vel“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Mjöl / Mjölvara** (n, hk/kvk) Mulinn kornmatur (hveiti, rúgur, maís, bygg o.fl.), mikið notaður í brauð en einnig grauta o.fl. Fyrrum mun oftast hafa verið notuð orðmyndin *mél*, og héldu margir því fram í lok 20.aldar. Mjöl var ein þeirra nauðsynjavara sem heimili þurftu að kaupa að, og var ekki alltaf auðfengið eða fyrirhafnarlaust fyrr á tímum. Fyrrum var það malað heimavið, og voru myllusteinir á flestum bæjum. Sumir gerðu sér vatnsdrifnar myllur í ám og lækjum og voru nokkrar slíkar í Kollsvík. „Í verstöðvum norðan Bjargs var mjölskammturinn einn fjórðungur til mánaðar, en 12 harðir steinbítar voru látnir koma í staðinn, ef mjöl var ekki til“ (LK; Ísl.sjávarkhættir II; heim; ÓETh). „Á bæjum í Kollsvík var margt gert fyrir vermen, m.a. bakaðar kökur og brauð. Þessi störf greiddu þeir með því að taka upp mó í landlegum fyrir heimabændur“ (LK; Ísl.sjávarkhættir II; heim; GG). „Þar var báturinn fermdur, en flutningurinn var aðallega salt og eitthvað af mjölvöru og sykri“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Mjölbolli / Mjölhnafi** (n, kk) Mæling mjölmagns. „Ég gaf heimalningum hálfan mjölhnafa“.
- Mjöll / Mjallsnjór** (n, kvk) Léttur og laus snjór; venjulega nýfallinn.
- Mjölmikill** (l) Um kartöflu eða ávöxt; þroskaður; ekki vatnskenndur eða harður. „Mér finnst þetta epli mun betra en hitt; það er mun mjölmeira og ekki eins *eitursúrt*“.
- Mjölþoki / Mjölsekkur** (n, kk) Þoki/sekkur af mjöli. Notað jafnt um hveiti-, rúgméls- og föðurmélsþoka.
- Mjölþalli** (n, kk) Lítið eitt af mjöli. Oftast notað um dreif af mjöli sem kuskast hefur yfir borð, gólf eða annað.
- Mjöltunna** (n, kvk) Tunna sem mjöl er geymt í. Mjöl var oftast geymt í tunnum eða kistum, en síður í sekkjunum sem það kom í, þar sem mýs gátu þá komist í það ef þær sluppu inn í matarbúrið.
- Mjölugur** (l) Ataður/þakinn mjöli. „Hún hafði verið í sláturgerð og var mjölug mjög að framanverðu“.
- Mjölvara** (n, kvk) Matvara í formi mjöls, s.s. hveiti, sykur, rúgmjöl o.fl. „Eins var þá algengt á útmánuðum, að farið var að ganga á þá mjölvöru sem keypt hafði verið til vetrarins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Moð** (n, hk) Úrgangur úr heyi; afgangur eftir heygjafir. „Ætlaður var 1 hestur á kindina; 30 hestar fyrir hverja kú, og hrossi var ætlaður úrgangur, moð og rekjur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Moða úr** (orðtak) Vinna úr; hafa fyrir stafni. „Fyrstu niðurstöður fiskbeinarannsóknna í Láganúpsveri gefa sagnfræðingum ýmislegt nýtt til að móða úr“.
- Moðbingur / Moðhaugur** (n, kk) Haugur sem myndast nærri skepnuhúsum, þar sem kastað er moði.

Moðkarfa / Moðlaupur / Moðmeis / Moðpoki (n, kvk/kk) Karfa/laupur/meis/poki sem moð er borið í, t.d. þegar því er kastað úr jötu á mobing.

Moðreykur (n, kk) Tvenn skýring er á heitinu: Algengast er nú til dags að álíta þetta reyk af moði sem t.d. er notaður til reykingar matvöru. Líklegra er að átt sé við gufu þá sem gjarnan leggur úr moðhaug þegar í honum hitnar, eins og jafnan gerist. Til þess bendir orðtakið að „komast ekki uppfyrir moðreyk“ með eitthvað; sem merkir að koma máli ekki áfram. Það hefur í nútímanum afbakast í að „komast ekki upp með neinn moðreyk“. Moðreykur sem myndast af sjálfhitnun rís ekki hátt, og sést einungis nærri haugnum.

Moðrusl (n, hk) A. Moð og drasl sem því kann að fylgja, s.s. ljámýs og sina. B. Lélegt hey. „Það má gefa geldfénu þetta moðrusl að snusa í“.

Moðsalli (n, kk) Salli sem verður eftir í jötu ásamt moðinu, eftir að búfé hefur étið heyið sem ætilegt er. Er að uppistöðu frá, sandur og mold.

Moðsuða (n, kvk) A. Matreiðsluaðferð sem mun stundum hafa verið notuð áðurfyrr, til að spara dýrmætan eldivið. Þá er maturinn fyrst soðinn við eld á venjulegan hátt, en þegar suðan er komin upp er potturinn tekinn og settur í moðbing sem hitnað hefur í. Hitinn í bingnum nægir oft til að maturinn soðnar að fullu. Sumsstaðar munu hafa verið útbúnir sérstakir moðsuðukassar í þessum tilgangi. Ekki er vitað til að aðferðin hafi verið notuð í Kollsvík, enda þar meira brenni en víða annarsstaðar. B. Líkingamál um illa reifað málefni/ lélegan málatilbúnað.

Moðvelgja (n, kvk) Hálfvelgja; hálfur hugur; loðin svör/ummæli. „Skelfing leiðist mér svona moðvelgja“!

Moðvolgur (l) A. Volgur; svipað hitastig og verður í moðhaug sem sjálfhitnar. B. Með hálfum huga. „Hann er fremur moðvolgur yfir þessum hugmyndum en að hann hafi á þeim brennandi áhuga“.

Moggi (n, kk) A. Stuttnefni á Morgunblaðinu. Hefur líklega tíðkast um allt land frá því hann fyrst kom út. B. Stuttnefni á bíl af tegundinni Bens-unimog, sem var lítil torfærurjeppi. Þannig bíl átti Egill Ólafsson á Hnjóti, og er ekki grunlaust um að GJH hafi átt upptök að stuttnefninu, eins og fleiri snjallyrðum.

Moj (n, hk) Vesen; erfiði. „Það var töluvert moj við að koma þessu öllu fyrir“. „Mesta mojið var að þrífa eftir þetta“.

Mok (n, hk) Styttning á *mokaflí/mokveiði*. „Það var ekki sama mokið hjá okkur núna eins og var í gær“.

Moka (s) A. Stinga og færa til efni, jarðveg eða annað með reku/skóflu. B. Ryðja snjó af vegi oeg gera hann bílfæran, t.d. með veghefli eða öðru moksturstæki. „Þeir ætla ekki að moka yfir Hálsinn fyrr en veðurútlitið lagast“.

Moka flórinn (orðtak) A. Flórmokstur var eitt af föstum fjósverkum, og það sem byrjað var á þegar komið var til mjalta. B. Afleidd merking um að vinna úr vafasömum gerðum annarra.

Moka niður snjó (orðtak) Hlaða niður snjó; snjóa mjög mikið. „Hann moka niður snjó þessa stundina“.

Moka ofanaf (orðtak) Hreinsa snjó af jörð í haga, svo fé geti bitið. Mun áðurfyrr sumsstaðar hafa verið verk sauðamanna/hjástöðufólks, en mun sjaldan hafa þurft í Kollsvík þó þar væri mjög treyst á útibeit.

Moka/raka saman peningum (orðtak) Verða mjög ríkur; græða mikið. „Ekki held ég að maður væri neitt ánægðari þó maður sæti við það alla daga að moka saman peningum“.

Moka undan (orðtak) Oftast notað um það að stinga skít út úr fjárhúskjöllum(moka undan grindum/fénu), eða stinga tað úr fjárhúsum. „Við kláruðum að moka undan í Miðhúsinu“.

Moka upp (orðtak) A. Moka ofanaf því sem fennt hefur á kaf/ er á kafi í snjó/sandi. B. Fá mjög mikinn afla.

Moka úr (haugum) (orðtak) Dreifa þeim skít/húsdýraáburði um túnin sem sturtað hefur verið í hrúgur.

Moka úr húsunum / Moka skít / Stinga út (orðtök) Moka skít útúr haughúsum/haugkjöllumur fjósa og fjárhúsa. „Á Vestfjörðum var fé oft beitt í fjöru á veturna, en fé sem er á fjörubeit bleytir húsin mjög mikið. Vestfirðingar fundu tvö ráð við þeim vanda. Annarsvegjar báru þeir sand í garðana í húsunum á haustin og létu hann draga í sig bleytuna úr taðinu. Þegar taðskánin var orðin mettuð var efsta laginu mokað út. Hin aðferðin sem Vestfirðingar fundu upp var að gera rimlagrindur úr tré sem lagðar voru í garðana og féð gekk á þeim. Spörð og hland fór þá niður á milli rimlanna meðan rúm var fyrir. Þegar fór að fyllast á milli rimlanna var grindinni lyft og hún færð svolítið til þannig að hún féll ekki í sama farið aftur heldur lagðist ofaná taðið. Þá leið enn nokkur tími þar til fylltist milli rimlanna aftur. Síðan þróaðist sú aðferð að grafa þrær í botninn á gördunum. (Enn síðar voru haugkjallarar steptir, þannig að grindaslár hvíldu í börmum þeirra) (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Mokaflí / Mokveiði (n, hk/kk/kvk) *Rótarfiskirí*; mjög mikil veiði. „Það hefur verið mok á línuna“. „Ekki segi ég að þetta hafi verið mokveiði, en við getum ekkert kvartað“.

Mokél / Mokhríð (n, hk/kvk) Él/hríð með gríðarmikilli ofankomu. „Við lentum í þvílíku mokéli á leiðinni yfir, að ekki sá handaskil, og lá við að hrúturinn kæmist ekki úr sporunum fyrir ófærð“.

Mokfiska / Mokveiða (s) Fiska/veiða mjög mikið; fá mikinn afla.

Mokstur (n, kk) A. Verkið að moka. „Maður er dálítið þreyttur eftir moksturinn“. B. Efni sem mokað er upp. „Mikilvægt er við snjómokstur, að ganga þannig frá mokstrinum að hann valdi ekki aukinni ófærð síðar“.

Mola (s) Brjóta í smátt; maska; mölbrjóta.

Molakaffi / Molasopi (n, kvk) Kaffi sem framreitt er án annars meðlætis en sykurmola og e.t.v. mjólkur. „Ég þigg hjá þér kaffibolla, en hafðu það bara molakaffi; ég vil enga fyrirhöfn!“ „Kannski ég þiggi molasopa“.

Molakassi / Molasykurskassi (n, kk) Kassi undan molasykri. Molasykur var seldur úr kaupfélögum í kössum úr hnausþykkum massívum pappa, ca 60x40x30cm að stærð. Þetta voru tvær skúffur, þar sem annari var hvolfst yfir hina. Molakassarnir nýtust mjög vel eftir að sykurinn hafði verið tekinn úr þeim, sem geymslulát undir hitt og þetta; enda niðsterkir meðan þeir ekki blotnuðu.

Molasykur (n, kk) Sykurmoli. Bæði safnheiti og um einstakan mola. Molasykur var fyrrum seldur í stórum pappakössum, líklega um 10-12 kg.

Molasykurskar / Molakar (n, hk) Ílát sem molasykur er borinn í á borð. „Geturðu sett í molasykurskarið fyrir mig?“ „Það þýðir ekkert að hafa molakarið á borðinu þegar strákar koma í kaffi“!

Molasykurslaus / Molalaus (l) Á enga mola; uppiskroppa með molasykur. „Nú fór í verri; éga er bara alveg molasykurslaus; geturðu notað stráskykur“?

Molbúaháttur (n, kk) Heimskuleg vinnubrögð; forheimskun. „Það er varla hægt að kalla þessar aðfarir annað en molbúahátt“.

Molbúalegur (l) Líkur molbúa; fáránlegur; skondinn; furðulega klæddur; notar fráleit vinnubrögð. „Óttalega geturðu nú verið molbúalegur við þetta, greyið mitt“!

Molbúi (n, kk) A. Maður sem býr í bænum Mols á Jótlandi. Af þeim íbúum voru sagðar ýmsar skopsögur sem fluttust hingað til lands eins og fleira frá Danskinum. Má líkja bröndurum um molbúana við Hafnfirðingabrandara sem hér hafa gengið. B. Furðulegur maður; maður sem er fáránlegur í háttum/búnaði eða fákunnandi til orðs og handa.

Mold (n, kvk) A. Gröðurmold; jarðvegur, myndaður úr rotuðum gróðurleifum. B. Skafmold; finkornaður snjór sem fýkur undan vindi. „Það féll í slétt yfir allt af veðurofsanum og moldinni“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Molda (s) Sá þáttur í kristinni jarðarför að prestur kastar þremur litlum rekum af mold á kistu hins látna og minnir á að hann er af moldu kominn; að moldu muni hann aftur verða og af moldu muni hann aftur upp rísa.

Moldarbað (n, hk) Hænsni eiga það til, ef þau komast í opið moldarflag, að setjast niður og ausa jarðvegi yfir sig; inn í fiðrið og um hausinn. Á eftir hrista þau sig rækilega. Líklega losna þau þannig við óværu.

Moldarborinn (l) Um sand/jarðveg; verulega blandaður mold.

Moldarbylur / Moldbylur / Moldhríð / Moldhríðarbylur / Moldrok / Moldviðri / Moldöskubylur (n, kk) Skafmoldarbylur; kóf. „Þá setti á suðustan moldbyl“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978). „Oft þurfti að líta eftir vitanum ef moldrok eða snjócoma var.“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þú ferð lítið þessa stundina; það er skollinn á þreifandi moldöskubylur“!

Moldarflag (n, hk) Ógróið moldarsvæði; flag.

Moldargólf (n, hk) Gólf þar sem yfirborðið er mold eða annar jarðvegur. „Baðstofan sem ég man fyrst eftir var með moldargólfi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Moldargusa (n, kvk) Gusa/strókur af mold. „Tuddinn bölvaði hátt og rótaði með framfötunum, svo moldargusurnar gengu hátt yfir herðakamb hans“.

Moldarhnúskur (n, kk) Moldarhnaus; kökkur af mold. „Það þarf að berjja vel í sundur moldarhnúskana“.

Moldarkóf (n, hk) Skafmoldarkóf; skafbylur. „Það setti yfir okkur svo þétt moldarkóf að ekki sá útúr augum“.

Moldarlaust / Moldarlítið (l) Engin/lítill skafmold; rennir ekki/lítið snjó með jörðu. „Á föstudagsmorguninn var veðrið vægara og moldarminna“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Moldfullur (l) Mjög drukkinn; pissfullur; kófdrukinn.

Moldin fýkur/rýkur í logninu (orðtak) Viðhaft um það þegar mikið er gert úr litlu málefni, eða þegar menn hafa óþarfa áhyggjur af smámunum. „Nú þykir mér moldin farin að rjúka í logninu“.

Moldugur (l) Ataður mold. „Dustiði nú af ykkur úti strákar; þið eruð hressilega moldugir“!

- Moli** (n, kk) A. Hverskonar smástykki/brot. „Þarna má víða finna mola af jaspis“. B. Sykurmoli. „Gefðu mér tvo þrjá mola með kaffibollanum“.
- Molla** (n, kvk) Hæglæti, hlýtt og rakt í veðri. „Það er bölvuð molla í dag; kannski verður þurrkur á morgun“.
- Molluhiti** / **Mollusvækja** (n, kvk) Hitakóf; hitamolla; mjög hlýtt og rakt í veðri. „Heyið þornar ekki í þessari mollusvækju“.
- Mollulegt** (l) Svækja; raki og hiti. „Opnaðu dyrnar smástund; það er orðið svo heitt og mollulegt hér inni“.
- Molna** (s) Brotna af í molum; *kvarnast*. „Gangurinn er orðinn varasamur; það er farið að molna úr honum“.
- Molskinn** (n, hk) Þykkt, þéttofið bómullarefni. Notað á síðari tímum í molskinnsbuxur, molskinnsjakka, molskinnsblússur og annan fatnað.
- Moltinn** (l) Um matvæli (einkum fisk); linur og ólystugur af hita eða slæmri geymslu. „Það mátti vel *svæla* í sig þessum rauðmaga þó hann hefði ofhitnað í reykingunni og væri orðinn fremur moltinn“.
- Moltna** (s) Um matvæli; verða moltinn. „... það varð að vara sig á því ef það var orðinn mikill hiti í tíðinni. Þá vildi rauðmaginn moltna svona og jafnvel koma fluga í hann...“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms).
- Molþurr** (l) Skraufþurr; alveg þurr; brakþurr. „Vettlingarnir eru orðnir molþurrir og hlýir“.
- Monsjör/Monsiör** (n, kk) Herra; virðingarnafnbót þeirra höfðingja fyrr á tímum sem gegndu opinberum störfum; komið úr frönsku, monsieur. „Einar (Jónsson ætfaðir Kollsvíkurættar) var opinber ákærandi heima í héraði í hinu alræmda Sjöundármáli; nefndur monsiör Einar í skáldsögunni Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Mont** (n, hk) Stærilæti; yfirlæti; gorgeir; drýldni. „Honum hefnist þá fyrir helvískt montið“!
- Monta sig af** (orðtak) Stæra sig af; hreykja sér af. „Þetta er árangur sem hver maður getur montað sig af“.
- Montgosi** / **Monthani** / **Montrass** / **Montpúki** (n, kk) *Drýldin*/montin manneskja; mikill á lofti. „Skelfilega er þetta hvimleiður monstrass“.
- Montinn** (l) Hofmóðugur; yfirlætislegur; með gorgeir. „Þetta er ágætis náungi í ýma staði, en nokkuð þykir mér hann montinn“.
- Montprik** (n, hk) Göngustafur sem sumir höfðu fyrr á tímum, sem þurftu þó ekki að ganga við staf. Var á þeim tíma talið heldri manna háttur, líkt og hattur og vindill. Notað í seinni tíð sem gæluorð um göngustaf. „Eftir aðgerðina þurfti ég um tíma að ganga við montprik“.
- Mor** (n, hk) Smælki. A. Fínsallað þararúsl sem oft liggur á fjörum, einkum eftir mikið brim. „Féð hafði ekki mikið í fjörunni, en það snasaði eitthvað í morið“. B. Fjöldi af mábörnum. „Ég skal passa morið meðan þið skreppið inneftir“. C. Óhreinindi í ull. „Þeir eru farnir að verðfella ári mikið ef þeir sjá mor í ullinni“. D. Grugg í vatni, einkum slý og annað rusl í sjó. E. Viðarsmælki sem rekur á fjörur. F. Hverskonar fjöldi. „Ég hef sjaldan séð annað eins mor af músum og það sem hljóp undan grindunum“.
- Mora** (s) Vera urmull/kvik af; *úa og grúa*. „Ári finnst mér illa smalað þarna ef þar morar allt af fé ennþá“!
- Morandi** (l) Kvikt; mikill fjöldi. „Í svokölluðum Bergjum er gömul rétt; hlaðin, og þar og á Stöðlinum er bókstaflega allt morandi í hleðslum, garðar og kálgarðaveggir o. fl. sem mest er fallið í gleymsku“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).
- Morð fjár** (orðtak) Mikil verðmæti; mikið fé. „Þessi traktor hlýtur að hafa kostað morð fjár“?
- Morðákæra** / **Morðsök** (n, kvk) Ákæra/sök um manndráp. Það næsta sem útvíknafolk hefur komist slíku og áreiðanlegar sögur fara af, er morðmálið á Sjöunda á Rauðasandi síðvetrar 1802. Þá dóu Jón Þorgrímsson og Guðrún Egilsdóttir, sitt af hvorum bæ á Sjöunda á Rauðasandi, og voru makar þeirra sökuð um dauðsföllin; Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir. Upphófust þá mikil réttarhöld, en í þeim var monsiör Einar Jónsson í Kollsvík skipaður sækjandi ákærvaldsins. Hann sýndi röggsemi í því sem öðru og voru Bjarni og Steinunn dæmd sek um morðin. Af Steinunni er kominn nokkur ættbogi, m.a. í Kollsvík. Um Sjöundármálin ritaði Gunnar Gunnarsson bókina Svartfugl. Óljósar sagnir eru um manndráp á Hvallátrum fyrr á öldum. Sagt er að „Tyrkir“ hafi gert tilraun til rána á Látrum en verið vegnir og urðaðir þar sem nú er lágreistur hóll; Kárni, á Kárnafit milli Látrabæja og Brunna.
- Morgna** (s) Líða að morgni/ fram á morgun; birta af degi. „Þegar morgnaði var jörð orðin alhvít aftur“.
- Morgunbirta** / **Morgunbjarmi** (n, kvk) Birta að morgni dags; fyrsta skíma.
- Morgundagur** (n, kk) Dagurinn á morgun; næsti dagur við daginn í dag. „Við skulum láta sjá hvernig veðrið verður þegar kemur framá morgundaginn“.
- Morgundögg** (n, kvk) *Áfall*; dropar sem myndast á grasstráum og öðru við þéttingu gufu úr lofti þegar kólnar, einkum þegar loft er heiðskýrt og sól enn ekki komin upp. Orðið *áfall* var mun meira notað í Kollsvík.

- Morgunflæði** (n, kvk) Morgunflæði; aðfall/flæði sem verður að morgni eða fyrripart dags. „Við skulum setja bátinn ögn hærra; morgunflæðin er nokkru hærrí en *kvöldflæðin*“.
- Morgunfrú** (n, kvk) *Calendula officinalis*. Gullfífill; einært skrautblóm af kórflublómaætt, sem lengi hefur verið ræktað í görðum.
- Morgungegningar** (n, kvk, fto) Sinning búfjár að morgni eða fyrrihluta dags. „Ég skal líta á þetta þegar ég er búinn í morgungegningum“.
- Morgungjöf** (n, kvk) A. Föðurgjöf kúa og annars búpenings að morgni. B. Gjöf sem eiginmaður gefur konu sinni morguninn eftir brúðkaupsnóttina.
- Morgunhressing** (n, kvk) Næring/kaffi/snarl sem menn fá sér að morgni dags. „Ertu búinn að fá þér nokkra morgunhressingu“?
- Morgunhrollur** (n, kk) Skjálfti/hrollur sem stundum setur að mönnum þegar farið er út í kalt veður að morgni. „Það er einhver árans morgunhrollur í manni“.
- Morgunhundur / Morgunhani** (n, kk) Sá sem fer snemma á fætur á morgnana; sá sem *tekur daginn snemma*. „Ég er svoddan morgunhundur, en ég er líka fjári *kvöldsvæfur*“.
- Morgunhúm** (n, hk) Hálfrökkur að morgni.
- Morgunkaffi** (n, hk) Kaffi/kaffítími að morgni dags. „Hún var búin að hella uppá morgunkaffið þegar ég kom fram“. Kollsvíkingar höfðu flestir þann ófrávíkjanlega sið, a.m.k. á síðari tímum, að fá sér kaffi að morgni, og oftast smurbrauð með; börn fengu sér mjólkurglas. Sjaldgæfara var að snæddur væri morgunverður, nema þá helst hafragrautur fyrir ungvíðið.
- Morgunkaldur** (l) Um það þegar kalt er að morgni, t.d. eftir fyrsu næturfrost að hausti. „Hann er að verða dálítið morgunkaldur þessa dagana“.
- Morgunkul / Mogunkæla** (n, hk) Gola/kaldi að morgni dags. „Búðu þig nú almennilega; það er napurt í morgunkulínu“. „Hann *lagði upp* einhverja morgunkælu á víkina, en lygndi aftur um hádegisd“.
- Morgunmiga** (n, kvk) Sú athöfn að kasta af sér vatni/ miga að morgni. „Mér fannst, þegar ég fór út í morgunmiguna, að hann væri farinn að *ljókka* ári mikið“.
- Morgunmjaltir** (n, kvk, fto) Mjaltir kúa að morgni. Kýr þarf að mjólka tvisvar daglega; hitt eru kvöldmjaltir.
- Morgunroði** (n, kk) Sólróði á himni við dagmál. Því var trúað að honum gæti fylgt væta: „Kvöldroðminn bætir en morgunroðminn vætir“ (BH; Grasnytjar).
- Morgunsár** (n, hk) Dagrenning; snemma/árla/ár morguns. „Heldur er maður syfjaður, svona í morgunsárið“. „Geisla bröndum glymur skjár/ ganar öndin morguns ár./ Ég af ströndu set til sjár/ siglu mönduls húðarklár“ (JR; Rósarímur).
- Morgunsól** (n, kvk) Sólskin að morgni dags. „Morgunsólar gætir ekki í Kollsvíkurbænum, þar sem Núpurrinn skyggir á“.
- Morgunstund gefur gull í mund** (orðtiltæki) Vísar til þess sama og „*drjúg eru morgunverkin*“, þ.e. að mönnum verður yfirleitt mest úr verki ef snemma er farið á fætur. Því eru rismál klukkan 6 að morgni, að hinu forna tímatali. Sjá *sá er árla rís verður margs vís / margs verður vís sá er árla rís*.
- Morgunsvæfur** (l) Hefur tilhneygingu til að sofa frameftir á morgnum. Venja var að tala um *kvöldsvæfar* og morgunsvæfar manneskjur í Kollsvík, en viðtekin kjafítiska víða í dag er „A-manneskjur“ og B-manneskjur“.
- Morgunverk** (orðtak) Sú vinna sem framkvæmd er að morgni/ snemma dags. „*Drjúg eru morgunverkin*“. Oft var átt við föst dagleg nauðsynjaverk, s.s. *morgunmjaltir*; vötnun gripa; *morgungjafir* o.fl.
- Morka** (n, kvk) Ýlda; skemmd; linur/*ornaður*/úldinn/*hráétinn* fiskur; fúinn víður. „Ekki líkar mér þessi fiskur. hann hefur náð að sólbakast og er ekkert nema morka“.
- Morkinn** (l) A. *Sundurdráfaður*; um fisk; laus í sér/ *lausholda*. „Fiskurinn hafði legið helst til lengi í kösinni, og var orðinn hálf morkinn“. B. Maðksmoginn. „Fjandi er þessi fallegi bolur morkinn að innan“.
- Morkna** (s) Verða morkinn. „Fiskurinn má ekki bíða neitt; hann er svo fljótur að morkna í sumarhitnum“.
- Morra** (s) Dorma; rorra; hálfsofa; liggja/sitja nær hreyfingarlaus á sama stað. „Ekki dugir að morra hérna við matborðið; ég þarf að fara að drífa mig af stað“! Líklega hljóðbreyting af sögninni að *mara*.
- Mosabeðja / Mosadyngja / Mosasæng / Mosapemba** (n, kvk) Djúpar breiður af *gamburmosa*/grámosa, sem víða eru á fjöllum í Rauðasandshreppi. „Það kemur út á manni svitanum að kjaga upp mosabreiðurnar á Geldingskorardal; *þungklyfjaður* af eggjum“.
- Mosafold** (n, kvk) Mosavaxið svæði. „Mávaflatir eru sléttar mosafoldir uppi á brúninni; upp af bænum, suðaustur af Lambavatnsdal“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).

Mosalýja / Mosalufsa / Mosatutla (n, kvk) Slitrus/snifsi/tægjur af mosa. „Ef þú ferð að sækja nokkrar lyngklær fram í Víðilæki, þá mega fljóta með einhverjar þurrar mosalýjur. Þær eru ágætar til uppkeikju“.

Mosastopp (n, hk) Mosi sem notaður er sem *stopp* í eggjalát. Þar sem sina var ekki tiltæk gátu menn þurft að nota mosa í stopp, en það þótti mun verra en *sinustopp* þar sem mosinn var plássfrekari og vildi molna. „Við sóttum eggin í byrgið á Breiðsbrún daginn eftir, en þurftum að nota mosastopp að hluta, þar sem ekki hafði verið tekið nóg af sinu með upp“.

Mosavaxinn (l) Líkingamál um mann; staðnaður í starfi/viðhorfum; stirðbusalegur. „Það er orðinn full þörf á endurnýjun í yfirstjórninni. Þar eru margir orðnir ansi mosavaxnir og kalkaðir“.

Mosaþembur (n, kvk, fto) Þykk mosabreiða. „Það hagar þannig til á bjargbrúninni víðast hvar, að fyrst frá brúninni er töðugras og grafoldir sem við köllum; svo taka við mosaþembur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Mosi (n, kk) Mosar eru plöntutegund sem kom fram allöngu á undan blómplöntum og öðrum „æðri plöntum“ í þróunarsögunni, og hafa margir mun meiri aðlögunarhæfileika gagnvart hrjóstrugu gróðurlendi. Yfir 20 þúsund mosategundir eru þekktar, og hafa 600 þeirra verið greindar hérlendis. Sveppir skiptast í þrjár fylkingar; laufmosa (baukmosa), soppmosa og hornmosa. Flestir hérlendis eru af gerð laufmosa. Langalgengasta og mest áberandi mosategundin í Kollsvík og nágrenni, og víðasthvar á landinu, er grámosi/gamburmosi/hraungambri; *Racomitrium lanogium*. Breiður af honum þekja víða landið, einkum ofan láglendis þar sem jarðvegslítið er. Best kann hann við sig þar sem nokkurs skjóls gætir og skjólsælla er, s.s. í lautum og daldrögum. Í mýrlendi Kollsvíkur er mikið af því sem þar er nefnd dýjamosi, en líklega er þar um að ræða krækjumosa af einhverju tagi, t.d. mýrkrækju, lindakrækju eða tjarnakrækju, þó það hafi enn ekki verið greint. Krókmosar af ýmsu tagi eru líklega algengari í mólendi, s.s. á Umvarpi og Svarðarholtum.

Mosk (n, hk) Mulningur; smáhlutir; kríli. „Yfirleitt eru þetta væn lömb en svo er eitthvað mosk innanum“.

Mosugur (l) Ataður/þakinn mosa; með mosaklær fastar við sig. „Dustaðu nú úr peysunni áður en þú kemur inn; þú ert ansi mosugur á bakinu“.

Motta (n, kvk) Dregill; ofinn eða brugðinn efnisbútur á gólfi, til að mýkja/hlífa eða þurrka neðanaf skóm. Ýmislegt var nýtt í þessum tilgangi. Um tíma var þéttriðinn bútur úr togaravörpu notaður sem motta við útidyr á Láganúpi. Þá er það dæmi um útsjónarsemi og nýtni *fyrirtíðarfólks* að Halldóra frá Grundum fléttaði saman notuðum nælonsokkum og -sokkabuxum og saumaði fléttuna saman í kringlotta mottu.

Mottugarmur (n, kk) Léleg motta. „Það mætti fara að henda þessum mottugarmi“.

Móa (s) Jaga; ýta; þoka. „Það þyrfti að fara og móa fenu eitthvað frá dýjunum; það *sækir* í nýgræðinginn“.

Móa fyrir/á/i/undir (orðtak) Móta óljóst fyrir; grilla í. „Það er farið að hlána örlítið og móa á börðum“. „Það móar ekki fyrir útihúsum í þessari þoku“. „Þarna sýndist mér móa í brot á hleininni; *sláðu* nú dálítið af“. „Kanski *þokufylunni* sé eitthvað að létta; það er eins og mói undir hana þarna norðantil“.

Móa fyrir sól (orðtak) Birta; létta til. „Eitthvað er hann að létta þessum *þokurudda*; það er farið að móa örlítið fyrir sól, sýnist mér“.

Móa gegn (orðtak) Andmæla; hafa uppi veikburða mótmæli. „Ég hef reynt að móa gegn þessu í félaginu“.

Móaska (n, kvk) Aska af brenndum mó. Lítt þekkt í dag en ein afurða daglegs lífs áður fyrr.

Móaslægjur (n, kvk, fto) Þurrhendur slægjublettur í úthaga. „Hlíðin inn eftir, frá Hagagilsbrekkum, heitir Krákur. Þetta eru móaslægjur“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Móast við (otðtak) *Þráast/þverskallast við; standa í móti; standa fast á sinu*. „Það þýðir víst lítið að móast við lengur þegar ekki er hægt að lifa sómasamlega af þessum búskap“. „Ef hann móast við þessu verður að grípa til róttækari aðgerða“!

Móapýfi (n, hk) Þýft svæði í móa. „Mest þurrlendi í Mýrunum er móapýfi“.

Móbrúnn (l) Dökkbrúnn. „Hann var með móbrúna skinnhúfu á höfði“.

Móða (n, kvk) Þoka; mistur; saggi. „Mikil móða myndaðist oft innaná einföldu gleri sem fyrrum tíðkaðist í íbúðarhúsum. Mest var hún í miklum vetrarkuldum, þegar vatn sauð á eldavel eða verið var að þurrka vosklæði. Í miklu frosti mynduðust frostrósir innaná rúðunum; oft mikil listaverk. Gluggasýllurnar voru oft vel útbúnar til að taka við afrennslinu af rúðunum; með köntum til að halda við vatnið, og affall oft borað út í gegnum karminn“.

Móðerni (n, hk) Móðurætt; ætt manns í móðurlegg.

Móðir dylur barnsins bresti (orðatiltæki) Móður er gjarnt að líta framhá því neikvæða sem aðrir telja sig sjá í fari barns, og jafnvel neita að viðurkenna það sem að er.

Móðir er sú sem matinn gefur (orðatiltæki) Vísar til þess að barn laðast fljótt að þeim/þeirri sem gefur því gott að borða og er því góður/góð.

Móduharðindin (n, hk, m.gr) Heiti á einum mestu náttúruhafmförum Íslandssögunnar og áhrifum þess á líf og samfélag: öðru nafni Skaftáreldar. Hinn 8.júní 1783 hófst gríðarmikið eldgos nærri fjallinu Laka á Síðuafrétti, þegar þar opnaðist löng gossprunga. Úr henni flæddi mesta hraungos sem orðið hefur hérlandis á sögulegum tíma, og eitt það stærsta í mannkynssögu heims. Eldflóðið æddi niður með Síðunni, Skaftártungum og niður í Meðalland og ógnaði byggð á Kirkjubæjarklaustri. Einnig kom upp óhemju magn ösku sem féll víða og spillti jörð. Mikið kom upp af fingerðari ösku og brennisteinsoxiði sem steig upp í heiðhvolfið, dreifdist víða um gufuhvolfið og dró úr sólgeislun á norðurhveli jarðar. Hérlandis var móða í lofti allt sumarið eftir og af því er nafn hörmunganna dregið. Á síðari tímum eru menn að gera sér grein fyrir afleiðingunum sem þessar loftslagsbreytingar höfðu á mannlíf víða um heim. Uppskerubrestur varð víða, og er m.a. talinn hafa hrundið af stað frönsku byltingunni. Hérlandis varð víða skepnufellir og mannfellir í kjölfarið. Fólk flosnaði upp og fór á vergang; einkum sunnanlands. Talið er að um 10.000 manns hafi látist af völdum hörmunganna, eða 20% þjóðarinnar; yfir helmingur nautgripa; 82% sauðfjár og aðrir gripir eftir því. 14,6% býla lagðist í eyði. Til að bæta gráu ofan á svart urðu gríðarlegir jarðskjálftar á Suðurlandi í ágúst 1784, svo fjöldi bæja hrundi. Skálholtsstaður lagðist í rúst og í kjölfarið var biskupssetrið flutt í Reykjavík. Undirbúningur var hafinn að því að flytja íslensku þjóðina til Jótlandsheiða. Gosinu lauk 1785. Vestfirðir hafa blessunarlega sloppið við beinar hörmungar eldgosa og jarðskjálfta á sögulegum tíma. Hinsvegar voru afleiðingar þessara viðburða svo alvarlegar á þjóðarhag að enginn landshluti slapp við þau. Líkt og í mörgum hörmungum öðrum leitaði uppflösknað fólk gjarnan í verin í leit að lífsbjörg. „Módir föður míns hét Sólveig. Hún var húnvetnsk að ætt. Faðir hennar Leifur og kona hans Þorkatla voru í þeim tíu manna hópi er flýði vestur á firði í móduharðindunum því að þaðan fréttist að betra væri að lifa og ekki öskufall“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Móður (n, kk) A. Krapí sem myndast í sjó í miklu frosti og vindkælingu. B. Fjörumóður; svellbunkar sem myndast í flæðarmáli þegar móður/krapí hleðst þar upp og frýs. „Það þarf að finna leið niðurfyrir móðinn“. C. Áhugi; kapp; dugur. „Þeir mokuðu úr skaflinum af miklum móð“. D. Tíska. „Þetta er víst móðurinn í dag, segja þeir“.

Móður (l) Með djúpum og hröðum andardrætti vegna áreynslu. „Eftir gjörð hin greindu skil; gildur hjörvarjóður/ hallast upp við hamraþil,/ hvergi sár, en móður“ (JR; Rósarímur).

Móður og mäsandi (orðtak) Lafmóður; mjög móður. „Hann var móður og mäsandi eftir þennan eltingarleik“.

Móðurkviður (n, kk) Leg konu. „Ég man alls ekki eftir þessu, enda hef ég trúlega enn verið í móðurkviði á þessum tíma“. „Höktu í foldarhupp/ harðsvíruð ægistól./ Búsmalinn beiddi upp/ bændur litu ei sól./ Rak fólk í rogastans/ riðaði foldin við/ er ribbaldinn Rósinkrans/ ruddist úr móðurkvið“ (JR; Rósarímur).

Móevglótt (l) Um lit á sauðfé; hvítt á búk og haus en með mórauðan lit í kringum augu; misáberandi.

Móflekkótt (l) Um lit á sauðfé; hvítt með mórauðum flekkjum/litaskellum á bol, og oftast einnig á haus.

Mófugl (n, kk) Safnheiti um þær fuglategundir sem verpa í úthögum, einkum um vað- og spörfugla.

Mógofótt (l) Um lit á sauðfé; Mórauð ær með hvítan hvið, bringu og undir snoppu.

Mógolsótt (l) Litur á sauðfé; ljóst yfir skrokkinn en mórautt að neðanverðu, á fótum, kvið og haus.

Mógrafarbakki (n, kk) Bakki á *mógröf*. Sjá *mór*.

Mógröf (n, kvk) Gryfja þar sem grafið hefur verið eftir mó til eldiviðar. Mógrafir eru á nokkrum stöðum í Kollsvík, enda er víða góðan mó að finna. Sum svæðin hafa þó lent undir túnsléttum í seinni tíð. Svo var t.d. með miklar mógrafir sem voru á Torfamel; um 50m austur af Grásteini. Enn eru þó sýnilegar mógrafir þar austur af, á Áveitum, og á Svarðarholti nyrðra enn austar. Á syðra Svarðarholti voru mógrafir. Gríðarmikið mógrafasvæði er ofan Stekkjarmels, og annað þar uppaf. Mór var af ýmsu tagi. Sérlega hitagæfur mór fékkst í Harðatorfspytti, en þar sést ekki móta fyrir mógrofum nú. Ekki heldur á Leirunum, en þar var grafið eftir mó forðum. Spurning er hvor þar var um mó af þara að ræða, en hann er hulinn sandi. Sjá *mór*.

Mógul (l) Litur á sauðfé; Mjög dökkur gulbrúnn litur á haus og fótum, og gul á lagðinn.

Móhálsótt (l) Litur á sauðfé; móleitt/mórautt um bóginn, mismikið upp á háls og aftur á herðakamb, en ljóst um búkinn að aftan og um höfuð. Hálsótt ef dökknan var grá eða svört.

Móhella (n, kvk) Pressaður ísaldarleir í jörðu sem stundum er vatnsheldur og erfitt getur verið að vinna á. Sjá *deiglumór/smiðjuleir/smiðjumór*.

Móhlaði / Mókofi (n, kk) Stafli af þurrum mó. „Þegar mórinn var orðinn sæmilega þurr var honum hlaðið upp í kringlotta hlaða og breytt yfir. Þannig var hann látinn standa til hausts; þá var honum ekið heim í mókofa“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá einnig *mór*.

Móhnaus / Móköggull (n, kk) Hnaus/köggull af mó sem stunginn hefur verið í mógröf. Móhnausum var kastað upp á mógrafarbakkana, og síðan farið með þá á þurrkvöll, þar sem þeir voru klofnir sundur í flögur.

Móflögunum var síðan stillt upp á rönd, hverri við aðra, þar til þær þornuðu. Síðan hlaðið í *móhlaða*. Sjá *mór*.

Móhlaði (n, kk) Hlaði/stæða af þurrkuðum mó. Sjá *mór*.

Móhöfðótt (l) Um sauðalit; ljós á skrokkinn en með mórauðan haus. Ef móliturinn náði niðureftir hálsi var talað um *móhöttótt*.

Móhöttótt (l) Litur á sauðfé; Ljóst á skrokkinn en mórútt yfir höfuðið, aftur á háls.

Mói (n, kk) *Móur*; gróinn og að mestu þurrlendur úthagi. Heitir *móur* í máli Kollsvíkinga.

Mók (n, hk) *Dos*; blundur; óminni. „Ég *hallaði mér* eftir matinn og það *rann á* mig dálítið *mók*“.

Móka (s) Sofa laust; blunda; *dosa*. „Ég sofnaði ekki neitt; bara mókti smástund“.

Mókinnótt (l) Um lit á sauðfé; Hvít ær með mórauðan vanga.

Mókrímótt / Mókolótt (l) Um lit á sauðfé; Hvít ær, mórauð í framan og oftast einnig á fótum.

Mókofi (n, kk) Útihús, ætlað til geymslu á þurrkuðum mó til eldiviðar. „Mókofi var lengi uppistandandi nærri Láganúpsbænum (rétt sunnanvið nýja húsið) og stóð hæsnakofi við hlið hans. Mókofinn var byggður af Guðbjarti Guðbjartssyni; steinhlaðinn með torfþaki og timburgöflum, og í honum var löngum hrústastía innar og smíðahús framur. Hann var líkast til tekinn niður kringum 1980“. „Fyrir slátt var túnið hreinsað; þá var skíturinn sem ekki vannst niður rakaður í hrúgur. Það var svo starf okkar krakkanna að tína þær upp í trog og hella þeim í poka. Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá einnig *mór*.

Mólókast (s) Gaufa; dunda; hangsa. Orðið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur í þessari mynd, en annarsstaðar þekktist „molloka“ í sömu merkingu. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Mómold (n, kvk) Mold sem er að uppistöðu mór. „Kartöflur spretta sérlega vel í mómoldinni“.

Mópoki (n, kk) Poki sem í er mór til eldiviðar. „Og marga mópokana bar Lóa (Ólafía Magnúsdóttir) heim á bakinu“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Mór (n, kk) Samanpressaður forn jarðvegur, sem ekki hefur náð að rotna til fulls vegna sýrustigs í jörðu. Er því orkuríkur og var helsta eldsneyti Íslendinga til eldunar og kyndingar allt framá 20.öld. *Mótekja* til eldiviðar var erfitt starf, og eingöngu framkvæmt af karlmönnum. *Mógrafir* Láganúps og Grunda voru ofantil við Júllamelinn og á Áveitunni, en þar þótti jarðvegur betri til mótekju. Mótekja fór þannig fram að stungnar voru tvær *stungur* ofan á móinn, og var þeim hent í næstu mógröf (ekki brennanlegur mór), svo komu 5-6 stungur af mó. Besti mórinn voru 2 neðstu stungurnar. Verst var hve mikið vatn var í gröfunum. Þó var alltaf hafður *vatnsbakki*, en hann vildi springa. Svo sprakk oft upp botninn og gröfin fylltist af vatni; þá varð að byrja á nýrri. Ef vel gekk gátu mógrafirnar orðið meira en *mannhæð* á dýpt, og var þá orðið býsna erfitt að kasta hnausunum upp á bakkann. Síðan var mórinn keyrður á *þurrkvöll* sem var við Grástein; ýmist á hestakerru eða hjólbörum. Þar tóku konur og unglingar við og stungu hnausana í flögur; um 2“ á þykkt. Voru þær látnar þorna á efri hlið, en svo þurfti að *hreykja*; þ.e. raða flögunum saman upp á rönd. Þegar mórinn var orðinn sæmilega þurr var honum hlaðið upp í kringlóttu hlaða og breitt yfir. Þannig var hann látinn standa til hausts, en þá var honum ekið heim í *mókofa*. Seinast var *tekinn upp mór* á Láganúpi vorið 1953.

Mórauður (l) Rauðbrúnn; brúnn Einkum notað yfir lit sauðkinda og ullarvöru sem af þeim er unnin. Alltaf var nokkuð um mórútt og móflekktótt fé í Kollsvík, þó hvítt eða gulleitt væri ráðandi. Einnig um lit tófu, sem ýmist er hvít eða mórauð.

Mórilla / Mórillulitur (n, kvk) Skolp; skolplitur; grugg. „Það kemur ekkert úr herjans krananum annað en mórilla“. „Það er enn dálítill mórillulitur á kranavatninu“.

Mórillulegur (l) Skólplitaður; gruggugur; ógreinilegur; óhreinn. „Ósköp eruð þið mórillulegir í framan eftir þetta moldarstúss í ykkur strákar; fariði nú og strjúkið framanúr ykkur fyrir matinn!“ „Vatnið í Ánni er enn mórillulegt eftir leysingarnar“.

Móska (n, kvk) Mistur; brimreykur; þunn þoka. „... skyggni var slæmt; móska með sjónum við fjöruna og lítil von um að sjá“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Mósótt (l) Um lit á sauðfé; ljósmórauð; *mógrá*. „Gimbrin var mósótt og nefnd Mosa. Hún var alla tíð gæflynd og gáfuð skepna og hafði oft forystu fyrir fjárhópnum“.

Móskóttur / Móleitur (l) Brúnleitur; skítugur. „Ári er féð móskótt sem kemur af Stígnum núna“.

Móskurður (n, kvk) Upptaka, þurrkun og geymsla á mó til eldiviðar. „Mótekja fór fram að vori. Það var erfitt og tímafrekt starf“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Bændur í Kollsvíkinni fóru þá auðvitað heim til ýmissa starfa. Helst var það móskurður, smölun og rúningur sauðfjár o.fl.“ (KJK; Kollsvíkurver).

„Mótekja til eldiviðar var erfitt starf, og eingöngu framkvæmd af karlmönnum. Mógrafir Láganúps og Grunda voru ofantil við Júllamelinn og á Áveitunni, en þar þótti jarðvegur betri til mótekju. Mótekja fór þannig fram að stungnar voru tvær stungur ofan á móinn, og var þeim hent í næstu mógröf: svo komu 5-6 stungur af mó. Besti mórinn var 2 neðstu stungurnar. Verst var hve mikið vatn var í gröfunum. Þó var alltaf hafður vatnsbakki, en hann vildi springa. Svo sprakk oft upp botninn, og gröfin fylltist af vatni; þá varð að byrja á nýrri. Ef vel gekk gátu mógrafir orðið meira en mannhæð á dýpt, og var þá orðið býsna erfitt að kasta hnausum upp á bakkann. Síðan var mórinn keyrður á þurrkvöll við Grástein; ýmist á hestakerru eða hjólbörum. Þar tóku konur og unglingar við og stungu hnausana í flögur, um 2 tommur á þykkt, og voru þær látnar þorna á efri hlið. Svo þurfti að hreykja; þ.e. hlaða flögnum saman upp á rönd. Þegar mórinn var orðinn sæmilega þurr var honum hlaðið upp í kringlóttu hlaða og breytt yfir. Þannig var hann látinn standa til hausts; þá var honum ekið heim í mókofa. Seinast var tekinn upp mór á Láganúpi vorið 1953“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Jú, það var stunduð mótekja allt þar til fyrir 10 árum, og það er hér mikill mór; en erfitt er að taka hann vegna vatns. Þegar kom að botni, sprakk hann upp vegna vatnsþrýstings“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Hásetar hjá heimamönnum fóru oft heim með þeim á landlegudögum og unnu að móskurði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Móspræklótt (l) Litur á sauðfé. Hvítt en með staka fingerða mórauða lokka um allan skrokkinn.

Mósta (n, kvk) Fingert sandryk og selta. Notað bæði um það þegar vindur er mettaður slíku ryki og sést greinilega drífa uppaf fjöru og melaskörðum, en einnig um rykið sjálft þegar það er sest á hluti. „Það er töluverð *mósta í lofti* hér norður yfir“. „Gluggarnir í fjárhúsinu eru þaktir móstu eftir *sandbylinn*“.

Móstumökkur / Móstustrengur / Móstustrókur / Móstuský (n, kk/hk) Nöfn á slæmu skyggni sem verður á takmörkuðu svæði þegar norðanstormur þeytir seltu upp yfir sanda, bala, tún og hjalla. Yfir að líta er sem mjólkurlitir taumar renni af Rifinu og Leirunum meðfram Melaröndum, upp Fitina og yfir Láganúpstúnið.

Móstustorka / Móstubrynja / Móstuklessa / Móstuský (n, kvk/hk) Heiti á því sem eftir situr á yfirborði gróðurs, sanda, húsa, véla og annarra hluta eftir að móstumökkur/móstustrengur hefur gengið yfir það í nokkurn tíma. Eftir situr skán af seltu og fínkornuðum leir; misþykk eftir veðurhörkunni. Þetta þvæst þó að mestu af í næstu rigningum, en iðulega þarf að þvo glugga og annað í kjölfarið.

Mót (n, hk) A. Samkoma; hittingur; mannamót. B. Form; steypumót. C. Horfur; líkur á. „Mér sýnist nú eitthvað mót á að hann sé að létta í élið“. „Það er lítið mót á því að mér batni pestin, og því ekki víst að ég komist á þetta ættarmót“.

Mót (fs) Gagnstætt; það að fara á móti. „Enginn dirfðist að *mæla* þessu í *mót*“.

Móta (s) Forma; skapa í mynd/form. „*Kjörin móta manninn*“.

Mótaborð / Mótatimbur / Mótaviður (n, hk/kk) Borðviður sem notaður er til að smíða steypumót, þegar hús er byggt. „Gunnar útvegaði *okjör* af kassafjöllum frá tékkneska sendiráðinu, sem spöruðu mjög kaup á mótaviði í Láganúphúsið“.

Mótak (n, hk) Svæði/jarðvegur þar sem vænlegt er að taka upp mó. Gott mótak er í Svarðarholtunum, og einnig ofan Stekkjarmels“.

Mótar fyrir (orðtak) Má greina; sést ógreinilega. „Á Hólum mótar enn fyrir bæjarrústunum“. Einnig; „sést móta fyrir“ og „má sjá móta fyrir“.

Mótauppláttur (n, kk) Smíði steypumóta, þegar byggja skal steinsteyp tús.

Mótbára (n, kvk) Andmæli; mótmæli. „Hann hafði ekki uppi neinar mótbáru gegn þessu“. „Hann fór sínu fram, og skeytti engu um mótbáru“.

Mótblástur (n, kk) Andóf; andstreymi; erfiðleikar. „Þessi áform mættu verulegum mótblæstri“.

Mótbyr (n, kk) A. Um siglingu; beitvindur; mótvindur. B. Líkingamál; *mótblástur*.

Mótdrægt (l) Andstætt; með mótlæti; erfitt. „Margt varð honum mótdrægt í þessum rekstri“. Sjá *hnífadrægt*.

Mótekja (n, kvk) Nám/taka mós til eldiviðar. Sjá *mór/móskurður*.

Mótfall (n, hk) Sjávarfall gegn róðrarstefnu/siglingarstefnu báts. Oftast var einungis notað *fall*.

Mótfallinn (l) Andvígur; á móti. „Ég ætla ekki að gera þetta ef þú ert því mótfallinn“.

Mótgerð (n, kvk) Ami; mótlæti. „Mér var lítil mótgerð í því þó húfan hafi fokið; hún var orðin léleg“.

Móti (fs) Andspænis; gegnt. „Um hádegið varð ansi heitt í klettunum; enda vita þeir þá beint móti sól“.

Mótlíka (l) *Ámóta*; svipað; *viðlíka*. „Ekki var þetta neitt mótlíka afli og í gær, þó sæmilegur væri“. Var allnokkuð notað í Kollsvík út 20.öld en heyrir nú sjaldan.

Mótlæti (n, hk) Mótgerðir; andstreymi. „Því fannst mér það mikið mótlæti við mig, þá tíu eða ellefu ára gamla, eitt sinn er ég fékk ekki að fara með henni norður í Tröð“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

- Mótmæli** (n, hk, fto) Andmæli. „Ég reyndi að hafa uppi einhver mótmæli, en var ofurliði borinn“.
- Mótmæltur** (l) Andvígur; andsnúinn; mótfallinn. „Ég var því fremur mótmæltur að þetta yrði leyft“.
- Mótorbátur** (n, kk) Vélbátur. „Síðan sjá þeir mótorbát sem liggur framaf Stóruð“ (TÖ; Undirbjargsferð frá Kollsvík). Í upphafi vélaaldar var fremur talað um mótora en vélar í farartækjum og bátum.
- Mótoristi** (n, kk) Vélstjóri; vélamaður með minni vélstjóraréttindi. „Auk gagnfræðaprófs frá Flensborgarskóla og námsins í Noregi hafði Eyjólfur (Sveinsson) aflað sér réttinda mótorista, og var vélamaður á fiskiskútum í margar vor- og sumarvertíðir...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Mótorkassi** (n, kk) Vélarkassi; kassi utanum vél í bát. „Vélin í Voninni var hálfgerður *kenjagripur*; einkum *magnettukveikjan*. Voru þeir bræður orðnir vel þjálfaðir að svipta ofanaf henni mótorkassanum og annaðhvort „*skrifa henni til*“ eða þurrka þræði og annan rafbúnað“.
- Mótorlampi** (n, kk) *Blússlampi*; *blússbrennari*; hitunartæki sem gengur fyrir steinolíu. Með loftdælingu í olíugeyminn er skapaður þrýstingur sem dælir olíunni í gegnum þröngt op; *spíss*, þar sem kveikt er í bununni. Verður af þessu allheitur logi; honum er beint framávið og hann síðan notaður til hitunar. Oft var grunn skál undir spissinum, og logaði þar eldur í olíulögg. Var það til að unnt væri að skrófa fyrir bununa, en þá kviknaði strax á lampanum aftur ef skrófað var frá. Nafnið er dregið af því að mótorlampar voru notaðir m.a. til að hita *glóðarhousa* á glóðarhausvélum, en þá mátti einnig nota til að sviða svið; hita brennimörk og lóðbolta og til að þýða klaka úr vatnslögnum úr járn.
- Mótróður** (n, kk) A. Róður gegn falli/vindi. B. Andspyrna; mótspyrna. „Tillagan var samþykkt, þrátt fyrir allmiklum mótróður andstæðinganna“. Algengari notkun í seinni tíð.
- Móts við** (orðtak) Gegnt; á móti; jafnt. „Móts við hlöðuna; vestanmegin, var byggð stök voheysgryfja“.
- Mótsögn** (n, kvk) Andstæð fullyrðing. „Þetta hljómar eins og mótsögn við það sem þú sagðir áðan!“ „Nú finnst mér að þú sért kominn í mótsögn við sjálfan þig!“
- Móttækilegur fyrir** (l) Opinn fyrir; viljugur til; hefur áhuga á. „Afi hafði áhuga á hinum ólíklegustu málefnum, en hann var lítið móttækilegur fyrir „bítlagargi“ og öðrum nýlistum; þá lokaðist útvarpið oft með lágu fussi“.
- Mótvindur** (n, kk) Vindur á móti/í fangið; barningur. „Við lentum í mótvindi fyrir vikina og þá gekk hægt“.
- Mótþrói** (n, kk) Andóf; þverhausaháttur; þverska; stífni. „Ætli maður reyndi nú ekki að sýna einhvern mótþróa gegn slíku gerræði“.
- Móur** (n, kk) Mólendi; þýfð holt. „Norðan Hestkeldu er mour sem heitir Hestkeldumour...“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps). „Stórimour er niðuraf og sunnantil í Heiðardal. Upp af Stóramó er Rauðimour, þar sem þúfurnar eru rauðar af finnungi“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).
- Móverk** (n, hk) Safn; drasl. Vísar e.t.v. upprunalega til þess sem þarf til að *taka upp mó*, eða blaut og skítug bösl þess sem tekur upp mó. „Ég bara seldi kofann og *allt heila móverkið* með“.
- Móvilla** (n, kvk) Misskilningur; *staðlausir stafir*; *svarthulavilla*. „Hér held ég að höfundurinn sé kominn í einhverja árans móvillu; þessir atburðir urðu með allt öðrum hætti en hann lýsir“. Líklega líking við að villast úti í móa.
- Mubla** (n, kvk) Húsgagn; stofustáss. „Þessi mubla þyrfti bráðum að fá einhverja *yfirhalningu*“.
- Mubla upp** (orðtak) Endurnýja húsgögn; setja upp húsgögn. „Það er heldur veldi á þessum stórbændum. Bara búið að mubla upp stofuna fyrir hátíðarnar“!
- Muðla** (s) Maula; japla á; tyggja. „Ég tók með mér harðfiskstrengsli svo við hefðum eitthvað til að muðla á leiðinni“.
- Mugga** (n, kvk) Þétt snjócoma sem byrgir sýn. „... Sigldi á fullri ferð í náttmyrkri og *kafaldsmuggu* þvert í Látrabjarg“ (MG; Látrabjarg).
- Mugga** (s) Kyngja niður snjó, oft í fremur hægu veðri. „Hann muggar drjúgt niður þessa stundina“.
- Mugguél / Muggufjúk / Muggukafald** (n, hk) *Blint* él í *hæglætisveðri*. „Hann setti yfir fjandi dimmt mugguél á leiðinni“.
- Mugguloft** (n, hk) Dimmt í lofti vegna snjóuggu. „Það er mugguloft, svo ég greini ekki hvort féð er komið að húsunum“.
- Muldra** (s) Tauta; tala lágt/ógreinilega. „Doddi kútur hlustaði litið á frambjóðandann, og eiginlega var mun áhugaverðara að hlusta eftir því sem hann muldraði við sjálfan sig meðan á ræðunni stóð“.
- Muldur** (n, hk) Taut; lágt/ógreinilegt tal. „Þú verður að lesa hærra; ég heyri ekki þetta muldur“.
- Mulla** (s) Hreyfast mjög rólega; lötra. „Farið þið bara á undan; ég mulla þetta bra í rólegheitunum“.

Mulningur (n, kk) Mylsna; möl. „Menn voru sífellt að fá yfir sig steina í bjargsigi og þurftu því oft að víkja sér undan mulningi og misstóru grjóti“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Muml (n, hk) *Æmt*; ógreinilegt/bælt hljóð. „Ekki heyrðist muml í stráknum meðan skorið var í kylið“.

Mumla (s) Umla; æmta; segja lágt og ógreinilega. „Ég heyri ekkert hvað þú ert að mumla“.

Mun (ao) Tíðaratviksorðið „mun“ var notað í Kollsvík á annan hátt en nú er víðast algengt. Menn voru ekki jafn fullyrðingaglaðir; sögðu t.d. „Það mun hafa verið...“ í stað „Það var...“. „Í Kollsvík mun hafa verið bænhús í Kapólskum sið“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Þetta mun rétt vera, eftir því sem ég veit best“. „Hún mun hafa gleymt að slökkva á eldavélinni, og því fór sem fór“. „Einar mun hafa komið vestur í Rauðasandshrepp nokkru fyrir 1790. Hann mun fyrst hafa verið á Vatneyri og kvænst þar um 1790“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). Sjá *munu*.

Mun hafa (orðtak) Allmikið notað orðtak, einkum þegar sagðar eru sögur; þegar sagnamaður vill geta í það sem gerst hafði eða í hugarfar persóna. „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlía mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum og sá ástæðu til að veita honum tiltal út af því“ (PG; Veðmálið). „Vetur þessi mun hafa verið betri en meðalvetur“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925). „Þá mun ég hafa verið um það bil 3-4 ára. Blíðuveður og sléttur sjór var þegar þessi ferð var farin“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Muna (einhverjum) (orðtak) *Hugsa* einhverjum *þegjandi þörfina*; muna það sem einhver hefur gert á hlut manns. „Nú gerðirðu mér fjárans óleik; þetta skal ég muna þér“!

Muna (einhversstaðar) eftir sér (orðtak) Muna sína tíma á tilteknum stað. „Þá bjuggu foreldrar mínir á Grund, sem er smá nýbýli úr Láganúpslandi sem Samúel Eggertsson skrautritari og kennari hafði stofnað og búið á í nokkur ár. Þarna man ég ekki eftir mér“ (IG; Æskuminningar).

Muna ekkert stundinni lengur (orðtak) Vera mjög gleyminn; gleyma fljótt. „Það þýðir ekkert að biðja hann um þetta; hann man ekkert stundinni lengur“!

Muna fífil sinn fegri (orðtak) Hafa átt betri tíma; hafa lifað í meiri lystisemdum; hafa verið fegurri. „Traktorsræfillinn *má muna fífil sinn fegri*“.

Muna með (orðtak) Minna á. „Þú manst það kannski með mér að hringja og panta tíma á morgun“.

Muna til (orðtak) Muna eftir. „Ég man ekki til þess að þeta hafi skeð fyrri“.

Muna tímana tvenna (orðtak) Muna öðruvísi hætti/tíð/lífurni o.fl. en nú er. „Má í því tilliti muna tímana tvenna, þegar allur þorri bænda í Rauðasandshreppi gerði út báta; ýmist frá verstöðvum eða úr heimræði, þar sem jarðir lágu nærri sjó“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Munaðarvara / Munaðarvarningur (n, kvk/kk) Allt það sem menn láta sig langa í, án þess að þurfa þess með; hverskona þarfleysa sem menn þurfa ekki á að halda, en sækja samt í. Mikið notuð orð framum miðja 20.öld, en heyrast varla núorðið; enda neyslubrjálæðið í algleymingi og óglögg skil munaðar og nauðþurfta.

Munaður (n, kk) Óhóf; gleðigjafi; lúxus; það sem er umfram nauðþurftir. „Mig skiptir engu hvernig þeir hafa þetta á öðrum bæjum; ég get ekki leyft mér svona munað og hef engan áhuga á honum“.

Munaði minnstu / Munaði mjóu (orðtak) Nærri/við lá; skakkaði litlu. „Það munaði minnstu að bátnum hvolfði þegar hann fékk skafllinn undir sig“.

Munar ekki um hvern kepp í sláturtíðinni (orðtak) Líkingamál um það sem lítið munar um; um það sem gefið er af allsnægtum. „Taktu það sem þú þarft af grásleppunni; það munar ekki um hvern kepp í sláturtíðinni“. Sjá *hvað munar grund um gras*.

Munda (s) Miða; reiða til höggs. „Ég var *höndum seinni* að munda byssuna þegar mávahópurinn renndi sér lágt yfir byrgið“. „Steinbíturinn lét ófriðlega þar til karlinn mundaði hnallinn og danglaði í hann“.

Mundang (n, hk) Vísir á vog. „Mundang var bæði haft yfir vísi á skífu borðvogar, sem og festingu þá sem lóð reislurann í, eftir skaftinu“.

Mundu mig um ... (orðtak) Mundu eftir því sem ég sagði/ bað um. „Þú manst mig kannski um fáeinar grásleppur í upphengingu“. „Þið munið mig um að fara varlega í þessum eggjaferðum“.

Mundu það með mér (orðtak) Minntu mig á það síðar; *skrifðu það bakvið eyrað*. „Mundu það með mér að fara framí Hvolf með skóflu og *husla* þetta hræ“.

Munnamagi (n, hk) Kok á fiski; sá hluti fæðuvegarins sem er milli kjafs og kútmaga og skorið er á við hausun. „Aðgerðin hófst með því að skorinn var sundur munnmaginn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Munnangur (n, hk) Sár/bóla/blaðra/sýking í munni.

- Munnbiti** (n, kk) Hæfilegur biti í munn. „Hann er orðinn dýr munnbitinn af hákarl í dag“. „Við það að sjá þessa fallegu kjötbíta sem í skínunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni; greip einn bitann og skar sér með vasahnífnum vænan munnbita“ (PG; Veðmálið).
- Munnfríður** (l) Með laglegan munnsvip. „Ekki getur marhnúturinn talist sérlega munnfríður“.
- Munnfylli** (n, kvk) Skammtur sem fyllir munn. „Þetta rjúputetur er bara rétt munnfylli og varla til skiptanna“.
- Munnþoga** (n, kvk) Munnur; munnhol; *gúll*; *gopa*. „Þetta er finn matur; skelltu því bara í munnþoguna á þér“.
- Munnherkjur** (n, kvk, fto) Ósjálfráður kippingur eða stjarfi í munnvikjum þegar mönnum kólnar mjög. „Ég var kominn með munnherkjur af kulda“.
- Munnhlaup** (n, hk, fto) Kækur sumra þegar þeim er mikið niðri fyrir eða í uppnámi; kippir í munnvikjum, oftast með lokaðan munn. (skrás. heyrði þetta iðulega notað um mann sem hafði þennan kæk ef honum rann í skap eða hann vann að vandasömu verki) „Það kostaði bæði fyrirhleðslur og munnhlaup hjá honum að ná jeppanum aftur af stað upp brekkuna“.
- Munnhola** (n, kvk) Munnur; kjaftur. „Ekki vantar á þig munnholuna greyið mitt; þá það“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Munnhöggvast** (s) Rifast; þrefa; þræta. „Þetta byrjaði á því að þeir voru eitthvað að munnhöggvast útaf smalamennskum, en endaði með *stóryrðum* og *heitingum*“. „Ég nenni ekkert að munnhöggvast við ykkur um þetta; svona var þetta og hananú“!
- Munni** (n, kk) A. Op/inngangur á holu/helli. „Munni Gvendarhellis er svo þröngur að maður rétt nær að skríða þar inn, en innifyrir er allmikill geimur; vel á aðra mannhæð og minnst tíu metra djúpur. B. Fremri endinn á haus ásláttarverkfæris, s.s. hamars, axar eða sleggju. Aftari endi haussins nefnist *skalli*, sé hann þver fyrir.
- Munnljótur** (l) Ófagur til munnsins; ljótur munnsvipur. „Skolli er nú karlinn munnljótur, svona tannlaus“.
- Munnmæli** (**Munnmælasaga** / **Munnmælasögn**) (n, hk, fto/ kvk) Arfsögn; frásögn/saga sem lærist *mann fram af manni* um margar kynslóðir og varðveitist á þann hátt, án þess að vera rituð. „Munnmælasaga segir að Kollur landnámsmaður hafi brotið skip sitt á Arnarboða, og að boðinn heiti utaní Örn, stýrimann Kolls“. „Til er saga af örnefninu (Hnifar) sem líkast til er gömul en hefur verið sögð mann fram af manni. “ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).
- Munnræpa** (n, kvk) Málæði; *kjaftagangur*; *kjaftablaður*. „Frambjóðandinn fór mikinn, en þvílíka munnræpu hef ég ekki heyrt, hvorki fyrr né síðar“!
- Munnsopi** (n, kk) Gúlsopi; lögg. „Það er nú varla nema munnsopi eftir í könnunni“.
- Munnstykki** (n, hk) A. Sá hluti reykjarpípu sem í munninn kemur. „Réttu mér nú pípuhreinsara; það er stíflað hjá mér munnstykkið“. B. Stykki það á flautu eða öðru blásturshljóðfæri sem blásið er í.
- Munnsöfnuður** (n, kk) Talsmáti; einkum átt við blótsyrði. „Hverskonar munnsöfnuður er þetta eiginlega“? Sjá *söfnuður*.
- Munntóbak** (n, hk) Tóbak sem tuggið er, eða sett bakvið vörina. Allnokkuð var notað af munntóbaki fyrrum, undir nöfnunum skro eða rulla. Það var keypt í lengjum, sem af voru skornir hæfilegir munnbitar. Á síðari tímum hefur tíðkast að nota finskorið blautt tóbak sem sett er undir vör; nefnt snus. Það er nú bannað, en menn notast við neftóbak í þess stað.
- Munnvik** (n, hk) Krikinn í enda munns, þar sem efri og neðri vör mætast. „Ég sagði honum erindið/, hann undrandi á mig leit/ og út í annað munnvikið kom gretta./„Ég er svo eftirsóttur í bæ og borg og sveit/ ó blessuð, þú ert alls ekki sú rétta“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Munstra** (s) A. Forma; skreyta með formum/munstrum. B. Ráða/skipa í stöðu á bát/skipi. „Ég var fljótlega munstraður sem vaktformaður“. Oftar notað í þeirri merkingu.
- Munstur** (n, hk) Form; skreyting; snið. Einatt notað þannig, en ekki „mynstur“, eins og nú er almennt.
- Munu** (s) Hjálparsögn þessi var mun meira notuð áðurfyrr en nútildags tíðkast. „Hann mun hafa verið réttur faðir hennar, þó annað standi í kirkjubókum“. Þetta mun hafa skeð rétt fyrir aldamótin“. „Þú munt sjá það þegar þar að kemur“. „*Ekki mun af veita*“.
- Munur** (n, kk) Mismunur; frávik; framför; breytileiki. Mikið notað sjálfstætt: „Það er mikill munur að geta kveikt ljós með einum takka“. „Ég var að fá ný gleraugu; þvílíkur munur“! „Það er munur að vera með öflugan vél“. „Haldiði að það sé munur“! Síðastnefnt orðtak heyrðist oft þegar mikil framför varð, eða áfangi náðist. Einnig notað til samanburðar, og þá með lýsingarorði: „Þetta var mun minni afl en í gær“. „Það er mun hlýrra þegar sólarinnar gætir“.

- Murða** (n, kvk) Ögn; eitthvað mjög smátt. Oftast notað í neikvæðum setningum: „Það er ekki murða eftir á diskinum“. „Það hefur skafið svo rækilega úr brekkunni að þar er núna ekki murða af snjó“. „Á tímabili þurfti að róa ansi langt niður á haf til að fá í soðið. Það var ekki murða af fiski á grunnslóð“.
- Murka** (s) Drepa á hægvirkan hátt; sálga. „Það gekk ekki vel hjá honum að murka lífið úr steinbítum“.
- Murra** (s) Mala; urra lágt. „Kötturinn murraði makindalega þegar ég strauk honum“.
- Musk** (n, hk) Mylsna; kusk; mosk. „Það þarf að sópa muskinu af mörnum svo það troðist ekki í gólfíð“.
- Mussa** (n, kvk) Kápa; hempa; treyja; blússa. „Þetta er ágæt mussa til að hafa í skítverkin“. Sjá *utanyfirmussa*.
- Mutra** (s) A. Um veiðiskap; draga varlega og lítið í senn. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Þegar steinbitur var kominn á var mutrað með fyrsta handtakinu en úr því dregið með mikilli skerpu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Almennt; hnika til; færa mjög lítið úr stað. „Þrátt fyrir þrengslinn reyndist unnt að koma lykli á róna og mutra henni af boltanum á löngum tíma“.
- Múðra** (s) Nöldra; tauta. „Það þýðir víst ekkert að múðra yfir þessu eftir að ákvörðun liggur fyrir“. „Það heyrir ekkert frá honum nema *múður* og raus“. Einnig heyrðist *muður* og *muðra* í sömu merkingum.
- Múður** (n, hk) Taut; rövl; mótmæli. „Ég vil ekki heyra neitt múður; þetta er í ykkar verkahring“!
- Múga** (s) A. Slá í múga; slá þannig að grasið leggist í einn garð af ljánum. B. Raka hey saman í garð.
- Múgafjöl** (n, kvk) Fjöl á endanum á greiðusláttuvélum; hefur það hlutverk að greina slegið gras frá óslægju“.
- Múgasláttur** (n, kk) Um sláttulag með orfi; gras slegið þannig að það liggur allt í garði/mön hægramegin í skáranum. „Annars var túnið frekar greiðfært og því mikið hægt að slá múgaslátt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Múgavél** (n, kvk) Vél til að raka heyi í múga/garða.
- Múgi** (n, kk) Hey í löngum garði. Notað um það þegar slegið var með orfi á þann hátt að grasið safnaðist saman í enda skárans; það hét að *slá í múga*. Einnig um það þegar heyi var rakað með hrífu eða vél í langa garða.
- Múgur** (n, kk) Mannfjöldi; stór mannsöfnuður með svipuð markmið eða tilgang. „Eftir Hrunið mætti múgurinn niður á Austurvöll með sín eldhúsáhöld“.
- Múhameðstrú** (n, kvk) Þau trúarbrögð sem í nútímamáli eru nefnt islam. Það heiti heyrðist ekki fyrrum, enda *átti trúin ekki upp á pallborðið* hjá sannkristnu sveitafólki; og jafnvel ekki hjá Kollsvíkum.
- Múkkabjarg** (n, hk) Bjarg/klettur þar sem mikið verpur af múkka/fýl. „Ekki eru fuglabjörg í kringum Kollsvík, en hinsvegar eru þar múkkabjörg í Blakknum, Hnífum og Breið“.
- Múkkaegg** (n, hk) Egg úr múkka; fýlsegg. „Jöfnum höndum var talað um fýlsegg og múkkaegg í Kollsvík“.
- Múkkaeggjabragð** (n, hk) Bragð eins og af múkkaeggjunum. „Það finnst vel múkkaeggjabragðið af kökunni“.
- Múkkaeggjasnag / Múkkaeggjasnatt** (n, hk) Ferðir/tilraunir til að ná í múkkaegg. „Hann skrapp út í Hnífabrún í eitthvað múkkaeggjasnag“. „Þarna var lítið um svartfugl, svo við enduðum í múkkaeggjasnatti“.
- Múkkaeggjatekja** (n, kvk) A. Söfnun múkkaeggja í klettum. B. Møguleiki á að fá múkkaegg. „Í gjánni getur verið þónokkur múkkaeggjatekja“.
- Múkkafýla** (n, kvk) Sterk lykt af fýl/múkka. „Það þyrfti kannski að þvo mestu múkkafýluna úr buxunum“.
- Múkkahreidur / Múkkabæli** (n, hk) Hreiður/bæli múkka. „Vertu ekki að teygja þig í eitt múkkahreidur“!
- Múkkalýsi / Múkkaspýja / Múkkaæla** (n, kvk) Æla múkka/fýls þegar hann telur sér ógnað. „Húfan ilmar dálítið af múkkalýsi“. „Ég fékk múkkaæluna beint framan í mig“.
- Múkkapláss** (n, hk) Staður þar sem mikið verpur af múkka. „Þarna er múkkapláss sem þarf að komast í“.
- Múkkastofn** (n, kk) Heildarfjöldi múkka/fýls. „Eftir 1990 virðist hafa orðið mikið hrun í múkkastofninum, a.m.k. í múkkabjörgum kringum Kollsvík. Þar kann mikil fjölgun tófu að eiga þátt að máli“.
- Múkkatími** (n, kk) Varptími múkka/fýls. „Það passar að fara að gá að langvíunni strax eftir múkkatímamann“.
- Múkkavarp** (n, hk) Varp múkka/fýls. „Múkkavarp er varla byrjað að ráði enþá“.
- Múkkavertið / Múkkaeggjaverðið** (n, kvk) Sá tími sem unnt er að taka múkkaegg til neyslu; þ.e. frá byrjun varps, eftir 20. Maí, fram til þess að egg verða flest stropuð, eða nokkuð fyrir miðjan júní.
- Múkki** (n, kk) *Fýll*. „Í Kollsvík var bæði talað um múkka og fýl, þó í seinni tíð sé síðara nafnið algengara. Eldra fólki (t.d. Guðbjarti Guðbjartssyni) var tamara að tala um fýlunga“. Sjá *fýll*.
- Múlasni** (n, kk) A. Afkvæmi graðhests og ösnu/asnahryssu. Múlasnar eru oftast ófrjóir, þar sem þeir hafa 63 litninga í stað 64 hjá hestum og 62 hjá ösnum. B. Köpuryrði; bjáni. „Þetta eru ljótu múlasnarnir“.

Múlbinda (s) Eiginleg merking; mýla; tjóðra. Oftar notað í líkindamáli; þvinga; hefta. „Maður má nú aldrei vera svo múlbundinn sínum flokki að maður geti ekki tjáð sannfæringu sína“.

Múlbinda (s) A. Binda með múl; mýla. B. Líkingamál; þagga niður í mönnum; hefta aðgerðir manna.

Múli (n, kk) A. Snoppa á skepnu. B. Fjall sem minnir á snoppu á skepnu. Greina má mun á þeim mishæðum sem frá fornu fari hafa heitið múli og þeim sem heitið hafa núpar, á því að núpar eru breiðari að jafnaði. Bæði örnefni geta ýmist verið á landi eða skagað út í sjó. Heitin nes og skagi voru einatt um staði sem skaga í sjó fram og eru víðtækari, þar sem þau annes geta einnig verið láglend. Í Rauðasandshreppi má nefna Hafnarmúla sem dæmi um múla sem nær að sjó, og Tungumúla, ofanvið Efri-Tungu, um landluktan múla.

Múll / Múlbund / Múлтаumur (n, kk/hk) Band sem bundið er á sérstakan hátt um höfuð á skepnu til að hana megi teyma eða tjóðra. „Þegar múll er gerður er fyrst gerð lítil föst lykkja í enda bandspotta, og henni rennt upp á trýnið. Síðan er bandinu brugðið afturfyrir hnacka og eyru og bundið í lykkjuna hinumegin kjammans. Endi bandsins nýtist þá sem taumur/tjóður, en þyrftu tveir að teyma var annar spotti bundinn í lykkjuna við hinn kjammann“.

Múndering (n, kvk) Einkennisföt; skrípaklæði. „Ekki kann ég við þessa fáraánlegu múnderingu“.

Múr (n, kk) A. Veggur úr steinsteypu eða hlaðinn úr steiptum steinum. B. Steypa. Oftast þá átt við *sementslöggun* eða *sandsteypu*. „Það þyrfti að renna múr í sprunguna“.

Múraður (l) Efnður; ríkur. „Það er sagt að karlinn sé bara þokkalega múraður, þó hann lifi eins og öreigi“.

Múrhúð (n, kvk) Klæðning múrs/steypu utan á hús. *Forskaling* (sjá þar) var fyrrum meira notað.

Múrning (n, kvk) Legufæri fyrir bát. „Við festum bátinn við múrninguna frammi á legunni“.

Múrskeið (n kvk) Áhald sem notað er við múr- og steypuvinnu; spaði með stuttu og tvíbognu skafti.

Mús (n, kvk) A. Lítið nagdýr. Tvær tegundir músa eru algengar hérlandis; hagamús (*Apodemus sylvaticus*), sem algeng er í mólendi, fuglabjörgum, fjörusvæði og annarsstaðar sem fæðu er að hafa; og húsamús (*Mus musculus*), sem hændari er að mannabústöðum. Hagamús er talin hafa borist til landsins með landnámsmönnum, og ekki er útilokað að mýs hafi bjargast af skipi Kolls eftir strandið við Arnarboða. Hún getur orðið um 10 cm að lengd, en af því er skottið verulegur hluti. Hún er brún með ljósan kvið og skottið nánast hárlaust. Helsta fæða músa eru fræ, en þær eru annars alætur. Þær gera sér hreiður í holum og safna þangað eins miklum matarforða og unnt er; einkum fyrir vetur. Tímgun fer fram yfir hlýjustu mánuðina; meðganga tekur rúmar 3 vikur og yfir leitt eru 3-9 ungar í goti. Ungarnir eru litlir, blindir og hárlausir, en stækka hratt og geta orðið kynþroska áðuren fæðingarsumarið er úti. Mikil fjölgun getur því orðið frá einu pari á stuttum tíma. Músinn er mikilvægur hluti fæðukeðjunnar, og uppistaðan í fæði sumra ránfugla. Hún getur hinsvegar verið mikill skaðvaldur þegar hún kemst í hús, og valdið spjöllum í matvöru og á innanstokksmunum. B. Vöðvi í upphandlegg. C. Áhald sem notað var við að spinna línu, t.d. fiskilínu, úr þræði. Músinn er keilulaga kubbur með skorum í, sem skilur þræðina að meðan undið er uppá þá með línurokk. Þegar músinn er dregin eftir línunni spinnast þræðirnir saman.

Músafaraldur / Músagangur / Músaplága (n, kk) Óvenju mikið um mýs í eða nálægt mannabústöðum. „Ég hef sjaldan vitað álika músafaraldur“! „Það ætlar seint að linna þessari músaplágu í fóðurbætisgeymslunni“.

Músafella (n, kvk) Gildra/fella til að veiða mýs. Ýmsar tegundir hafa tíðkast af músafellum. Má þar nefna að ginna þær í fötu, tunnu eða annað ílát, þar sem þær annaðhvort drukna í vatni eða komast ekki uppúr; ginna þær í fjalakött sem oftast kremur þær til dauðs; eigna fyrir þeim í gildru, þar sem stálfjóður smellur á þær, eða annað. Mikið hefur verið drepið með eitri eftir að það varð tiltækt, en síðasta gildrutegundin eru límgildirur.

Músahjastur (n, kk) Kusk og skítur sem mús skilur eftir sig þar sem hún hefur verið að naga/éta. „Nú er illt í efni; heldurðu að ég hafi ekki fundið nýlegt músahjastur aftanvið hveitisekkina“!

Músamuðlingur (n, kk) Muðlingur; ber sortulyngsins; hárautt þegar það er fullþroskað. Berin eru talin mikilvæg fæða músa. Þau eru ekki góð til átu hrá, en munu þó eitthvað hafa verið nýtt áður (sjá sortulyng).

Músarhola (n, kvk) Hola sem mús hefur grafið; bústaður músar. Mark var tekið á því fyrrum í hvaða átt músarholur opnuðust. Sagt var að músinn væri forspá um veður og sneri holunum ætíð undan ríkjandi vindátt á komandi vetri. Dýpt músarholu væri einnig vitni um það hve frost myndi ganga langt í jörðu þann vetur.

Músarnart (n, hk) A. Nart eftir mús; tannaför eftir mús. „Er þetta nokkuð músarnart á bringukollinum“? B. Fæði sem sá borðar sem ekki hefur mikla matarlyst. „Óttalegt músarnart er þetta; þú verður að borða betur en þetta strákur, ef þú ætlar að hafa einhvern uppistöðumátt“!

Músarrindill (n, kk) Troglodytes troglodytes. Lítil spörfugl af rindlaætt; var lengst af minnsti varpflugl á Íslandi, en nú hefur glókkollur tekið þann sess. Fjörlegur og síkvikur fugl, brúnn að lit, með stélið sérkennilega uppvisandi. Músarrindillinn helgar sér óðal þar sem skjólsælt er og gott til matfanga, t.d. vog við sjó, þar sem mikið er um þararek með tilheyrandi maðki og flugu. Óðalið ver hann af mikilli einurð, og

gerist jafnvel skapvondur mjög ef fé eða fólk er lengi að hangsa á hans svæði. Músarrindillinn er fjölkvænisfugl og notar karlinn mikla söngródd sína og flókna tóna til að laða að kvenfugla. Hreiðrið er kúla með opi á hliðinni sem karlinn fléttar listilega, en hann fóðrar það ekki innan fyrr en kerla hefur verið valin. Það þótti boða kulda þegar músarrindils varð vart nærri bæjum eða inni í skepnuhúsum. Vinsæl setur Músarrindils í Kollsvík eru t.d. vogarnir norðan Straumskers, og í Vatnadalsbót.

Músétinn (l) A. Með ummerkjum um músarnart; skemmdur eftir mús/músarnart. „Það gleymdist að hengja upp einn bóginn, og hann var dálítið músétinn eftir nóttina“. B. Eins og nagaður eftir mús. „Brókin var orðin nokkuð músétin neðanaf skálmunum, en annars þokkalega heil“.

Músíkalskur (l) Með tóneyra; tónvís; hefur áhuga á tónlist. „Ekki vissi ég að þú værir svona músíkalskur“.

Músin braut boð kattarins (orðatiltæki) Viðhaft um það þegar sá minnimáttar rís upp gegn hinum voldugri, eða brýtur ósanngjarnar reglur.

Mútur (n, kvk, fto) A. Óheiðarleg greiðsla fyrir velvild/greiða. B. Hás rödd unglings á breytingaskeiði.

Mygla (s) A. Um mat og annað lifrænt efni; verða myglað; fá í sig myglusvepp. B. *Mylgra*; láta frá sér í smáskömmtum. „Hann fékk lítið af ávöxtum og hefur verið að mygla þessu út í litlu magni“.

Myglast (s) *Pírast*; *önglast*; safnast smám saman; þokast. „Það hefur myglast niður þónokkur snjór“. „Það er að myglast í sémilega upphæð í þessari söfnun“. „Færðin var þannig að við rétt mygluðumst áfram“.

Myglingsfjúk (n, hk) Lítilsháttar myglingur/snjókoma í golu.

Myglingur (n, kk) A. *Píringur*; lítið samansafn. B. Fjúk af snjó; dálítill snjókoma. „Hann er drjúgur þessi myglingur af snjó sem hefur verið í dag“.

Myglufrugga (n, kvk) Frugga sem kemur úr mjög mygluðu heyi; oftast nefnd einungis *frugga* en þetta heyrðist þó, t.d. til aðgreiningar frá sandmóstu og moldarryki sem einnig getur setið í heyi.

Myglugrár (n, kk) A. Um veðurútlit; dimmt í lofti; éljalegt útlit. „Hann er nokkuð myglugrár hér norðurá“. B. Andlitslitur manns; veiklulegur; *grámyglulegur*. „Ósköp ertu myglugrár; er sjóveikin ekkert að lagast“?

Myglukleggi / **Myglukökkur** / **Mygluskán** (n, kk) Myglaður kökkur í heyi, oft vegna þess að þar hefur verið rök *ljámús* þegar heyið var *hirt*.

Mygluruddi (n, kk) Hey sem skemmt er vegna myglu. „Það þarf að moka þessum myglurudda út“.

Mykjureka / **Mykjuskófla** (n, kvk) Fjósreka; fjósaskófla; flórreka. „Það þarf að þvo mykjuskófluna vel áður en hún er notuð í sementið“.

Myldinn (l) Um jarðveg; inniheldur mikið af mold; moldarkenndur. „Skeljasandsléttur þurfa meiri áburð en þær sem eru myldnari“.

Mylgra (s) Láta í smáskömmtum; snjóa. „Ég hef verið að mylgra þessari síld í ærnar“. Töluvert notað í Kollsvík þó notkun virðist hafa verið hætt annarsstaðar á landinu.

Mylgra niður / **Mygla niður** / **Mylgra úr sér** / **Mygla úr sér** (orðtak) Snjóa í logni/hægviðri. „Örlítið er hann byrjaður að mylgra niður snjó“. „Eitthvað er hann að byrja að mylgra úr sér“.

Mylgringur (n, kk) *Píringur*; myglingur; gisin snjókoma; smáskammtur af mat; lítið eitt af heyi eða annað sem kemur í mjög litlum skömmtum. „Það er varla hægt að kalla þetta snjókoma, þennan mylgring“.

Mylja undir (orðtak) Dekra við; gera vel við. „Það var ekki alltaf mulið undir niðurstetningana á fyrri tíð“. „Ég man eftir henni Gunnu gömlu í Gröf, sem var ein af þessum gömlu sívinnandi konum sem ekki hafði verið mulið undir um ævina“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Mylkja upp (orðtak) Koma mjólkurframleiðslu aftur af stað í kýr/kind sem orðið hefur geld eða mjólkar ekki sínu afkvæmi. „Mér sýnist að *undirvaningnum* hafi tekist ágætlega að mylkja hana upp“.

Mylla (n, kvk) A. Borðspil sem nokkuð hefur verið spilað í Kollsvík sem annarstaðar. B. *Kornmylla* (sjá þar).

Mylna (n, kvk) Salli; fingerðir molar; grófgert duft. „Kastaðu mylnunni af borðinu út til snjótittlinganna“.

Mynda sér skoðun á (einhverju) (orðtak) Móta afstöðu sína til einhvers; taka afstöðu; gera upp hug sinn. „Ég hef svosem ekki myndað mér neina skoðun á þessu ennþá“.

Mynda sig til (orðtak) Búast til; ætla að byrja á. „Hrafinn sat við hausinn á kindinni og myndaði sig til að höggva í augað á henni þegar ég hrakti hann upp“.

Myndakotra (n, kvk) *Púsluspil*; þraut sem felst í að fella rétt saman mynd á spjaldi sem klippt hefur verið niður í búta; *kotra*. „Þessi myndakotra gæti verið ansi tímafrek og snúin“. Sjá *púsluspil* og *kotra*.

Myndarbátur / **Myndarskip** (n, kk/hk) Laglegur/ vel smíðaður bátur; fallett skip. „Mér sýndist þetta vera myndarbátur sem hann var að fá“.

Myndarbragur (n, kk) Um það sem unnið er með sóma/vandvirkni/góðum árangri. „Hann gerði það með myndarbrag“.

Myndarbarn / Myndarbóndi / Myndardrengur / Myndarhjón / Myndarkerling / Myndarkona / Myndarkvenmaður / Myndarmaður / Myndarmanneskja / Myndarpiltur / Myndarstrákur / Myndarstúlka Myndarlegt/laglegt/duglegt fólk.

Myndarbú / Myndarbúskapur (n, hk) Fyrirmyndarbú; vel rekið/ snyrtilegt bú.

Myndarlegur (l) A. Laglegur; vel útlítandi; fallegur. „Hún er mjög myndarleg kona“. B. Laginn/iðinn í höndum; duglegur. „Mikið ert þú myndarleg; það er ekki kastað höndunum að þessari peysu“! Mikill; rausnarlegur; vel útlátinn. „...og taldi *fráleitt* annað en að honum yrði mætt á myndarlegan hátt“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Myndarskapur (n, kk) Dugnaður; vandvirkni; snilld. „Mikill er í þér myndarskapurinn; það er annað en ég, sem nenni engu“!

Myndast til (orðtak) Reyna; sýna viðleitni; gera tilraun til. „Reyndu nú að myndast til að gera þetta eins og maður, en ekki með öfugum klónum“! „Ég var að myndast til að hlaða, en gekk það ekki mjög vel“.

Myndast við (orðtak) A. Sýna viðleitni. „Ætli ég reyni ekki að myndast við þetta, þó ég kunni lítið til verka“. B. Sýnast; þykjast. „Hann er eitthvað að myndast við kartöflupptektina, en mér sýnist þetta óttalegt gauf“.

Myndastytta (n, kvk) Styttu; skúlpútur. „Þú verður að standa betur fyrir fenu; ekki bara standa þarna eins og myndastytta, með hendur í vösum“!

Myndlist (n, kvk) Kollsvíkingar hafa, sumir hverjir, fengist við hinar ýmsu listir með góðum árangri. Í þeirra hópi er að finna skáld og kvæðamenn svo langt aftur sem heimildir greina, og enn blómstrar sú list. Útskurðarmeistarar hafa þar verið margir, og afkastamiklir hleðslumeistarar, eins og verkin vitna um. Margir Kollsvíkingar hafa fengist við myndlist. Ein manneskja stendur þar líklega uppúr á seinni tímum; Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi. Hún er listakona á mörgum sviðum. Eftir hana liggja fjölmörg útskorin listaverk; hillur; kistlar; plattar; ljósakrónur; lampar; stytur og fleira. Hún vefaði körfur; saumaði út; flosaði og gerði skúlpúta og stytur af margvíslegu tagi, auk annars. En e.t.v. hefur hún verið afkastamest á sviði myndlistar. Hún teiknaði blýantsmyndir; málaði á pappír og striga með vatnslitum, olíu og akrýl, en sérstæðust er aðferð sú sem hún þróaði við að mála á náttúrulegar steinhellur. Er hún líklega fyrsti og eini Íslendingurinn sem það hefur stundað. Hellumálverk hennar hafa verið mjög eftirsótt, og eru til á mörgum heimilum. Myndefnið er margvíslegt. Mikið myndefni sótti hún í þjóðsögur og munnmæli, ekki síst af síuu svæði. Hún aflaði sér upplýsinga um gamla bæi í sveitinni og málaði þá, en flestir eru þeir horfnir. Þá hefur hún málað fjölmargar myndir af fólki, bæði lifandi og frá fyrri tíð; gæludýrum og fleiri skepnum; starfsháttum fyrri tíðar o.fl.“.

Myndskeri (n, kk) Sá sem sker út myndir og annað í við; *útskurðarmeistari*. Sveinn Ólafsson var lærður og eftirsóttur myndskeri“.

Mynduglegur (l) Valdsmannslegur; virðulegur. „Asskoti ertu nú mynduglegur við réttarstjórnina; þig vantar ekkert nema glanserið til að geta verið sýslumaður líka“!

Myndugleiki (n, kk) Stjórnunarhæfileiki; valdsmannsbragur. „Mér finnst að hann hefði mátt taka á þessum málum af meiri myndugleika en hann gerði“.

Myndugur (l) Hæfur; fullveðja; fjárráða. „Hann er nú ekkert barn lengur; þetta er orðinn myndugur maður“.

Mynni (n, hk) Munni; inngangur; opnun t.d. fjarðar, vaðals eða áróss til hafs. „Eitt sinn rak á fjörur í Kollsvík, gúmbát af grænenskum rækjutogara sem sökk í mynni Patreksfjarðar“.

Mynt (n, kvk) A. Peningur úr málmi; klink. B. Gjaldeyrir ríkis. Sjá *gjalda í sömu mynt*.

Myr (n, hk) Smáar kartöflur. „Myrið *sorterum* við þegar tekið er upp, og notum það fyrst“. „Myr; kartöflusmæli, var gjarnan notað í rúgbrauð, sem og fjallagrös“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Myrfata (n, kvk) Fata sem höfð er undir myr þegar kartöflur eru teknar upp úr garði.

Myrkfælinn (l) Hræddur í myrkri; *draughræddur*. „Karlanguinn var svo myrkfælinn að hann fór ekki einn í hlöðuna að kvöldlagi“.

Myrkfælni / Myrkhraðsla (n, kvk) Hraðsla við myrkur/ímyndaðar verur. „Myrkfælni *plagar* suma“.

Myrkrhöfðinginn (n, kk, m.gr) Andskotinn sjálfur; fjandinn; milt blótsyrði. „Það má sjálfur myrkrhöfðinginn vita hvað af þessu hefur orðið“.

Myrkrakompa (n, kvk) Dimmt rými; ljóslost/dimmt herbergi. „Þetta er meiri myrkrakompan“.

Myrkranna á milli (orðtak) Frá myrkri um morgunn til myrkurs um kvöld. „Þá var dag farið að stytta og því verið á sjónum myrkranna á milli, og aðgerð framkvæmd við ljós“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Myrkraverk (n, hk, fto) Verk sem unnin eru í dimmu; ólánsverk. „Ég sé lítið til við þetta í dimmunni, svo þetta verða bara hálfgerð myrkraverk hjá mér“.

Myrkva (s) Rökkva; dimma; verða myrkur. „Það fer bráðum að myrkva; við förum óðara að koma okkur heim“.

Myrkvíðursþoka (n, kvk) Dimm þoka; þokumyrkur; gerningaþoka.

Mysa (n, kvk) Þunnur, hálfþær vökvi sem rennur af skyri þegar það er síað. „Áfunum sem komu þegar strokkað var, og mysunni af skyrinu, var safnað í tunnu og látið súrna“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Mysuostur / Mysingur (n, kk) Ostur sem búinn er til úr mysu.

Mý á mykjuskán (orðtak) Ógrynni; mikill fjöldi; *aragrúi*; *mýgrútur*; *akur*. „Þarna eru ferðamenn upp alla bjargbrún, eins og mý á mykjuskán“.

Mýgrúi / Mýgrútur (n, kk) *Ógnarfjöldi*; *aragrúi*; *akur*. „Mér stendur rétt á sama um það þó mýgrútur af sprenglærðum fræðimönnum sé á öðru máli í þessum efnum“. „Þvílíkur mýgrúi er þetta af marglyttu“!

Mýkja (s) A. Um skinn eða annað efni; gera þjálfa/mýkra/linara. „Hann brá þvengnum í munn sér og tuggði hann um stund til að mýkja hann“. B. Um skaplyndi; róa; stilla. „Aðeins mýktist hann við útskýringarnar“.

Mýla (s) Leggja *múl* við skepnu (hest, nautgrip, sauðkind, draug); *múlbinda*. „Einar hafði hrosshársreipi í hönd sér. Mýlir hann svo kauða og leggur af stað með hann upp á Hænuvíkurháls...“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Mýmargt (l) *Fjöldamargt*; ógnarmargt. „Ekki get ég nú sagt að það hafi verið mýmargt á þessum fundi“.

Mýradrag / Mýrafláki (n, hk/kk) Mýrasvæði. Niðurundan Tröðinni er mýrafláki sem nefnist Bugar, og mýradrög þar neðar“.

Mýrafen (n, hk) Dý; djúp og hættuleg mýri. „Þú mátt ekki reka kýrnar beint út í mýrafenið“!

Mýraljós (n, hk) Ljós sem stundum sést yfir mýrlendi. Engar heimildir eru um slíkt í Kollsvík eða nágrenni þó nafnið hafi lengi verið þekkt þar. Mýraljós hafa verið skýrð á þann hátt að kviknað hafi í metangasi/mýragasi. Fyrirbærið er þekkt erlendis og nefnist „will-o'-the-wisp“ á ensku. Hér er því um annarskonar ljós að ræða en það sem nefnt er *hrævareldur*, en hann myndast vegna stöðurafmagns í neðstu loftlögum.

Mýraloft (n, hk) Methan; CH₄.

Mýramosi (n, kk) Sjá *mosi*.

Mýramór (n, kk) Mór sem tekinn er upp úr mýri. „Í Nautholtadýjum var aðalmótakið í Kollsvík. Þar var mýramór, svo mjúkur að hægt var að skrifa á hnausana með fingri, þegar þeir komu upp“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur).

Mýramyndun (n, kvk) Mýrar eru stór hluti láglandis í Kollsvík. Uppruna þeirra má líklega rekja til ísaldarloka; þegar gríðarmiklir skriðjökklarnir höfðu lokið mótunarhlutverki sínu og voru horfnir af láglandi. Jökulfargið hafði þrýst landinu langt niður fyrir núverandi hæð. Sjávarstaða hafði þó verið enn lægri vegna bindingar vatns í hinum miklu jöklum; líklega hafa fjörumörk á ísöld verið í Víkurál. Við bráðnunina hækkaði sjávarborð gríðarmikið, svo fjörumörk urðu líklega við Trantala, Brunnsbrekku, Nautholt og Svarðarholt um alllangt skeið; eða meðan landið var að lyfta sér. Við þessar aðstæður byrjaði mýramyndun í Kollsvík, en það tímabil sem nefnt er síðjökultími, frá því fyrir 14 millj.árum til 10 millj. Um það segir Þorleifur Einarsson í Jarðfræði sinni: „Fyrsta skeið gróðurfarssögunnar hófst er jökla tók að leysa, og lauk á nútíma. Starir, grös og víðir og ýmsar blómplöntur eru komnar til landsins á þessu skeiði... Um norðvestanvert landið virðist birki hafa vaxið á þessu skeiði... Gæti það bent til þess að birki hefði tórt á síðasta jökulskeiði á jökulskerjum þar um slóðir. Frá lokum þessa skeiðs og fram að landnámi virðast engar nýjar plöntutegundir bætast í íslensku flóruna“. Síðan hefst mýramyndun í Kollsvík á birkiskeiðinu fyrra; þ.e. fyrir um 9 millj.árum: „Birkiskógur og kjarr þakti fljótlega allt láglandi nema votustu mýrar. Á þessu skeiði myndaðist neðra lurkalagið í mýrunum. Á birkiskeiðinu fyrra var loftslag hlýtt og þurr“. Umrætt lurkalag má enn sjá greinilega í Mýrunum, t.d. norðan Miðlækjar, ofan vegarins. Þar komu upp miklir birkilurkar þegar vegurinn var lagður. „Fyrir 6-7000 árum jókst úrkoman, svo að mýrar blotnuðu og skógurinn hraktist úr mýrunum, eða nýjar mýrar mynduðust þar sem engar höfðu verið fyrir“. Þá óx hér mikið af svarðmosa, sem varla er gróbær á landinu í dag. „Fyrir um 5000 árum minnkaði úrkoma, svo birki breiddist út og lagði m.a. undir sig mýrarnar á ný. Hófst þar með birkiskeiðið síðara, sem stóð þar til fyrir 2.500 árum. Efra lurkalagið í íslenskum mýrum er frá þessu tímabili. Loftslag mun þá hafa verið hvað best á nútíma hér á landi. Meðalárshiti mun sennilega hafa verið 2-3° hærri en nú er; sumur hlýrri og vetur styttri og mildari. Á þessu tímabili mun vart minna en ¼ hlutar landsins hafa verið grónir, og helmingur vaxinn skógi“. (Stuðst við ÞE; Jarðfræði, með innskotum VÖ).

Mýrarauði (n, kk) Járn sem er uppleyst í mýravatni; litur það rautt og safnast stundum fyrir í vinnanlegum kekkjum. „Mýrarauði var notaður til járnvinnslu með rauðablæstri áður fyrr, og mun Einar Jónsson í Kollsvík síðastur manna hafa stundað rauðablástur á Íslandi, skv. frás. Ó.E.Th. í Barðstrendingabók“. „Rauðablástur fer þannig fram, að þurrkuðum mýrarauða er blandað saman við viðarkol sem unnin eru með því að brenna við í kolagröf þannig að loft komist ekki að. Síðan er kveikt í blöndunni í ofni. Við brunann afoxast járníð úr (vötnuðu) járnoxíði í járnálm sem er bráðinn og seytlar niður í botn ofnsins og er síðan „hleypt undan“. Eftir verða efnasambönd (steindir) sem ekki bráðnuðu, og nefnast sori eða gjall. Jafna efnahvarfanna er sýnd hér á eftir textanum. Af henni sést að öllu máli skiptir hlutfallið milli járnnoxíðs og kísils í hráefninu — í jöfnunni er það 2:1, en sé það 1:1 gengur ekkert járn af. Sorinn hér er fayalít (Fe_2SiO_4) (Vísindavefur HÍ). Sjá einnig *rauðablástur* og *járnbrák*.

Mýraskeið (n, hk) Tvö tímabil íslenskrar gróðursögu sem einkennast af mjög aukinni myndun votlendis og skerðingu skóga. Mýraskeiðið fyrra hófst fyrir 7-8 þúsund árum og því lauk fyrir um 5.000 árum. Þá höfðu jöklar ísaldar bráðnað og lofslag var hlýtt og rakt. Gróður varð gróskumikill og mynduðust þá hin þykku mólög í mýrum, t.d. í Kollsvík. Eftir það kólnaði í veðri, en mýraskeiðið síðara hófst þeir aftur hlýnaði fyrir um 2.500 árum, og stendur það enn.

Mýrastallur (n, kk) Mýrasvæði milli hjalla í hallandi landi. „Álakeldur eru á mýrastalli, slæmar yfirferðar og hættur fyrir fé“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Mýrarsvakki (n, kk) Mýrarken; djúpar mýrar/dý. „Framan við Augnholtin eru blautir mýrarsvakkar, en vestan við holtið er blautt sund“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).

Mýrastykki (n, hk) Mýrlent svæði; *dýjafláki*. „Mýrastykkið neðanvið Tröðina nefndist áður Heimadý, en í seinni tíð hefur nafnið Bugar verið notað yfir það, þó áður væru þeir aðeins syðstu dýin“.

Mýrarsytra (n, kvk) Lítilsháttar vatnsrennsli úr mýri/mýrarbletti. „Þarna á Breiðavíkurhjöllum eru sumsstaðar mýrarsytrur, og má vel drekka það vatn þó ekki sé það vel gott“.

Mýrarrvilpa (n, kvk) Lítið mýrastykki/dýjasvæði. „Þurftirðu endilega að vaða úti mýrarrvilpuna“?!

Mýrasóley (n, kvk) *Parnassia palustris*. Jurt af steinbrjótsætt sem vex í graslendi og móum; gjarnan í þyrpingum. Blaðlaus stöngullinn verður allt að 30 cm langur og ber eitt hvítt blóm með fimm krónublöðum. Algeng um allt land á láglandi; þar á meðal í Kollsvík.

Mýrastör (n, kvk) Mjógresi; þjalargras; starungur; *Carex nigra*. Stör sem vex í votlendi og verður 15-80 cm að hæð. Hún vex upp af jarðstöngli sem dreifir sér með renglum. Blöðin eru mjó, dökk- eða blágræn. Mýrastör er ágæt beitarjurt og ein helsta fôðurjurtin í mýrum landsins; þar á meðal í Kollsvík.

Mýravatn (n, hk) *Dýjavatn*; vatn sem rennur úr mýrum. „Vertu ekki að drekka mikið af mýravatninu“.

Mýrlundur (l) Með miklum mýrum. „Allar eru Útvíkurnar mýrlendar að hluta, en einnig með sandböllum“.

Mýsla / Músartítla / Músaskott (n, kvk) Gæluheiti á *mús*. „Hér hefur músartítla verið á ferð“.

Mæddur (l) Yfirkominn; sorgbitinn; hugsjúkur. „Hann er náttúrulega dálítið mæddur yfir konumissinum“.

Mæða á (orðtak) Dynja á; hvíla á; beinast að; *koma hart niður á; leika grátt; bitna á*. „Málningin hefur skrapast af bátum þar sem mest mæðir á“.

Mæðast (s) A. Verða móður í andardrætti, t.d. vegna þreytu. B. Fárast; kvarta; nöldra. „Það þýðir ekkert að mæðast yfir fráganginum á þessu; við verðum bara að gera það besta úr því“.

Mæðgur / Mæðgin (n, kvk/hk, fto) Mæðgur eru móðir og dóttir; mæðgin eru móðir og sonur.

Mæðinn (l) Mæðist fljótt; hefur lítið úthald. „Maður er orðinn svo *asskoll* mæðinn með árunum“.

Mæðiveiki (n, kvk) Skæður smitsjúkdómur í sauðfé. Mæðiveiki barst hingað til lands með karakúlfé árið 1933. Eftir að veikin fór að breiðast út var landinu skipt niður í varnarhólf með mæðiveikigirðingum. Þau hólf eru enn við líði og hafa gagnast í vörn gegn útbreiðslu annarra sjúkdóma, s.s. riðu. Innflutningur karakúlfjárins og ótímabær dreifing þess frá Hólum reyndust afdrifarík mistök. Féð bar með sér þessa sjúkdóma; votamæði, sem grassaði í landinu frá 1934 til 1952; þurramæði, sem laddi við frá 1939 til 1965; visnu, sem hvarf í fjárskiptunum sem á eftir fylgdu; garnaveiki, sem enn er útbreidd í klaufdýrum hérlendis; og kýlapest sem enn verður vart. Skera þurfti niður fé í stórum landshlutum. Vestfirðir sluppu þó, og einnig austanvert landið frá Jökulsá á Fjöllum til Mýrdalsands. Fé var síðan flutt í miklu magni af Vestfjörðum til annarra svæða; einkum var kollótt fé frá Kleyfum í Gilsfirði vinsælt.

Mæðiveikigjald (n, hk) Gjald sem innheimt var af bændum til að standa undir kostnaði við varnir gegn mæðiveiki í sauðfé. Sáu sýslumenn um skil fjárins til ríkissjóðs. Má sjá í bókum Rauðasandshrepps að þar hafa menn greitt þessi gjöld, þó það væri ósýkt svæði.

Mæðusvipur (n, kk) Svipur sem lýsir uppgjöf/áhyggjum/þreytu.

- Mæðutónn** (n, kk) Nöldurtónn; kvörtunartónn. „Hún rakti sín vandræði með mæðutóni í röddinni“.
- Mægðir** (n, kvk, fto) Tengsl með giftingu; vensl.
- Mægður** (l) Tengdur með giftingu; venslaður.
- Mæla** (s) A. Tala; segja. „Vertu nú ekki að mæla þetta mont upp í drengnum“! B. Taka mál af; leggja kvarða á; vega; meta rúmmál.
- Mæla af munni fram** (orðtak) Tala blaðalaust; yrkja/semja um leið og talað er. „Þeir sem eiga léttast með að yrkja vísur mæla þær gjarnan af munni fram, um leið og tilefnið gefst“.
- Mæla (einhverju) bót** (orðtak) Bera í bætiflaka fyrir; afsaka eitthvað. „Ég ætla ekki að mæla því bót sem þeir gerðu, en kannski var þetta ekki alfarið þeirra sök“.
- Mæla (einhvað) eftir** (orðtak) Tala með eftirsjá um það sem maður hefur gefið/ látið af hendi eða greiða sem maður hefur gert öðrum. „Mér finnst þetta vanþakklæti í honum; ég er nylega búinn að aðstoða hann með smalamennskur án þess að mæla það eftir“.
- Mæla/tala ekki orð frá munni** (orðtak) Segja ekkert; steinþegja. „Hann sat sem fastast allan fundartímann og mælti ekki orð frá munni“. „Hann leit inn í herbergið en fór aftur án þess að mæla orð frá munni“.
- Mæla fyrir minni (einhvers)** (orðtak) Halda minningarorð um manneskju eða annað.
- Mæla/tala fyrir munn (einhvers)** (orðtak) Segja það sem annar vill koma á framfæri; tala í umboði annars.
- Mæla fyrir um / Mæla svo fyrir** (orðtak) Skipa fyrir; setja reglur. „Mælti hann svo fyrir um að ekki skyldi hann gera sér eða sinni ætt mein framar, og hefur það áunnist“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Mæla í mót** (orðtak) Andmæla; hafa á móti. „Hann var höfðingi á sínu svæði og enginn dirfðist að mæla honum í mót“.
- Mæla máli** (orðtak) Ávarpa; tala við. „Hann var á svo mikilli *hraðferð* að það var varla hægt að mæla hann máli“.
- Mæla með** (orðtak) Gefa meðmæli; ráðleggja; vera hliðhollur. „Ég mæli með því að við hvílum okkur“.
- Mæla sér mót við** (orðtak) Ákveða að hitta; sammælast um fund. „Við mæltum okkur mót við Flosagilið um ellefuleytið; ég smalaði Sanddalinn og fór niður gilið, en hann fór fyrir Breið og smalaði Fjarðarhornið“.
- Mæla um hug sér** (orðtak) Segja öfugt við það sem maður í raun vill; halda því fram sem maður er andvígur. „Ég myndi mæla um hug mér ef ég segði að þetta væri góð smíði“.
- Mæla upp í (einhverjum)** (orðtak) Hvetja einhvern; taka undir með einhverjum. „Vertu nú ekki að mæla upp frekjuna í krakkanum“! „Það er ekki gustuk að mæla upp sérviskuna í karlinum“.
- Mæla út** (orðtak) Gera mælingar á; ákvarða mál á. „Samþykkti Búnaðarfélagið Örlygur áskorun til Búnaðarfélags Íslands hinn 14.03.1947 um að láta mæla út skurði“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Mæla upp í** (orðtak) Hvetja með orðum; hrósa um of; tala kjark í; *dekstra*. „Það er nú óþarfi að mæla upp í honum grobbið; það er ærið fyrir“ „Sumir foreldrar mæla allskonar sérvisku upp í börnunum“.
- Mæla (einhverjum) út** (orðtak) Mæla eitthvað til að selja einhverjum. „Hverjum bónda var mældur út skiki í túninu“.
- Mælast illa/vel fyrir** (orðtak) Vera illa/vel tekið af þeim sem heyra; vera óvinsælt/vinsælt. „Þessi ákvörðun stjórnvalda mæltist illa fyrir í sveitum landsins“.
- Mælast til** (orðtak) Fara framá; biðja um; *ámálga*. „Ég mæltist til þess að hann hjálpaði til við innreksturinn“.
- Mælgí** (n, kvk) Orðaflaumur; málskrúð; munnræpa. „Ekki skortir hann mælgina; þvílíkt bölvað raus“!
- Mæli** (n, hk) Mál; tal; rödd. „Hann vildi lítið um þetta tala, en ég heyrði á mæli hans að hann var *beygður*“.
- Mælikvarði** (n, kk) A. Stöng/prik sem mælt er með. B. Hlutfall vegalengdar á korti og í raun.
- Mæliprik / Mælistika** (n, hk) Prik sem notað er til mælinga eða til að flytja mælingu á milli staða. „Ég merkti á mæliprikið heppilega breidd á kartöflubeðinu og bil milli hola“. „Hann notaði mælistiku til að sjá hæfilegt bil milli korka á teininum“.
- Mælir** (n, kk) A. Venjuleg notkun nú til dags; tæki til að mæla eitt og annað í tölum. B. Kollsvíkingar notuðu orðið mæli áður fyrr einkum yfir tvennt; annarsvegar barómet/loftvog, og hinsvegar yfir lítil ílát; einkum yfir drykkjarílát sem nú eru kölluð drykkjarmál eða -könnur. „Réttu mér mælirinn minn þarna af bordinu“. C. Annað orð yfir *barómet* (sjá þar). „Mælirinn hefur fallið og sjáanlega er norðanátt í aðsigi, en hann er sjólaus ennþá“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Mælir sá fagurt er flátt hyggur (orðtak) Spekin vísar til þess að stundum tala menn þvert um hug sér; hafa uppi blíðmælgí þó hugur fylgi ekki því máli.

Mælirinn fullur (orðtak) Komið nóg; orðið nóg af slíku. „Veriði nú ekki að stríða karlgarminum strákar; það kemur að því einn daginn að honum þykir mælirinn fullur, og þá megið þið bara vara ykkur“!

Mælitún (n, hk) Tún sem mælt er, og slægjum skipt niður milli notenda. „Úr mælitúni ber jarðarparti þessum svokallaður Gíslapartur“ (Kaupsamningur Karls Kristjánssonar Stekkjarmel af Helga Gestarsyni Kollsvík).

Mælska (n, kvk) Liðugur talandi; orðfimi. „Ekki skortir hann mælskuna“.

Mælskumaður / Mælskusnillingur (n, kk) Ræðumaður; sá sem á létt með að koma hugsunum í gott mál; ræðumaður sem vel getur talað blaðalaust.

Mælt mál (orðtak) Það sem sagt er; talað orð; *mannsins mál*. „Ég bað þig að reka kindurnar fram dalinn en ekki niður dalinn; skilurðu ekki mælt mál eða hvað“?!

Mæltur (l) Talandi. „Hann er ekki vel mæltur á íslensku“. „Hann er asskoti vel mæltur; ekki vantar það“!

Mæna (s) Blína; stara; góna. „Við mændum í ofvæni út á sjóinn, í von um að hvalurinn kæmi aftur upp“.

Mæniás (n, kk) Máttarviður í húsi; sterkur biti/bolur sem liggur láréttur í mæninum og efri spennuendar hvíla á. Meðan hús voru öll með hellu- og torfþaki í Útvíkum var algengt að í þeim væri mæniás, og jafnvel fleiri þakásar langsum. „Verbúðir í Víkum; Hvallátrum, Breiðuvík og Kollsvík, voru svipaðar Hagamannabúð á Hvallátrum (með mæniás; *tréarefti*; *helluþaki* og torfi...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÓETh og KJK). Ýmist var hvort mæniás var í húsum Víknanna, eða ekki. Mörg hver voru með sperrum með skammbitum um miðjan legg; blaðaðar saman í toppinn og láréttur laski þar. Sperrurnar hölluðu þá ívið meira, og stóðu sperrufæturnir oft niður á veggleggju; bita semvar láréttur ofaná innanverðri veggbrún. Má þar nefna Hesthúsið á Hólum, mókofann, brunnhúsið og fleiri.

Mænir (n, kk) Hæsti hluti húspaks; kjölnur á risi húspaks. „Hlaðan var kjaftfull upp í mæni“.

Mænistoð (n, kvk) Máttarviður í húsi; lóðrétt stoð undir *mæniás* eða öðrum máttarviði í mæni húss.

Mænustinga (s) Drepa veiðibráð með því að stinga á mænuna. Hákarl var oftast mænustunginn eftir að hann hafði verið dreginn að borði. Til þess var notaður *drepur*. „Eftir að lúðan hafði verið innbyrt var hún mænustungin um hausamótin“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Mæra (s) Lofa; lofsyngja; hrósa. „Það er óparfi að mæra þá fyrir bölvæða heimskuna, þó þeir hafi komist lifandi til byggða; að álpast svona vanbúnir af stað í þessu veðurútliti“!

Mærð / Mærðarhjal / Mærðarvella (n, kvk/hk/kvk) Innantóm lofræða; hástemmd ræða. „Skelfing leiðist mér þetta mærðarhjal“.

Mæta afgangi (orðtak) Verða útundan; verða gert síðast; *sitja á hakanum*. Við skulum láta þessa leskingja mæta afgangi; klárum fyrst að skipta heilum eggjum“.

Mærðarlegur (l) Vær; líður vel; afslappaður. „Ósköp verður maður mærðarlegur eftir svona veislu“.

Mætágóður (l) Ágætur; mjög góður; álitlegur. „Það er bara mætágóður afli að fá tunnu af hrognum“.

Mætast stálin stinn (orðtak) Hittast tveir þveir þverir/þrjóskir einstaklingar. „En þar hafa mæst stálin stinn, því dóttirin neitaði að gefa unnustann upp á bátinn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Mætavel (ao) Mjög vel. „Við vissum svosem mætvel að klettarnir voru bannsvæði“.

Mætiskona / Mætismaður (n, kvk/kk) Öndvegiskona/-maður. „Hún var mikil mætiskona, blessunin“.

Mætti segja mér (orðtak) Mig grunar; ég held. „Það mætti segja mér að von sé á gestum í dag; ég missi bara allt úr höndunum“! „Það mætti segja mér að Grána gamla *stedji* beina leið út á Bjarg aftur“.

Mætti ætla (orðtak) Má gera ráð fyrir. „Þó að ekki verði beinlínis um það fullyrt af neinum heimildum, mætti ætla að frekar hafi það verið fyrr en síðar á þessu tímabili...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Mætur maður (orðtak) Virtur/virðingarverður/kær maður. „Hann var alla tíð mætur maður í sinni sveit“.

Mögla (s) Kvarta; andmæla. „Það þýðir lítið að mögla yfir veðrinu; það breytir víst litlu“!

Möglunarlaust (l) Andmælalaust; án þess að mótmæla. „Þessu á maður bág að taka möglunarlaust“!

Möglunarlítið (l) Án þess að mögla/kvarta mikið. „Bændur létu þetta möglunarlítið yfir sig ganga“.

Möglunarorð (n, hk) Kvörtun; volæðistal. „... en ekki heyrðust möglunarorðin“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Mögulega (ao) Hugsanlega; kannski. „Ég kem með þetta á morgun ef ég mögulega get“. „Mögulega voru fyrstu landnemar í Kollsvík mýsnar af skipi Kolls“.

Mögulegur (l) Hugsanlegur; gerlegur. „Þetta gæti verið möguleg lausn“.

- Möguleiki** (n, kk) Kostur; það sem er hugsanlegt. „Er einhver möguleiki að þú getir aðstoðað mig?“
- Mök** (n, hk, fto) A. Samskipti; verslun. „Englendingar höfðu allmikil mök við landsmenn á ensku öldinni“. B. Samfarir; holdlegt samræði.
- Mökkur** (n, kk) Dimmur skýjaflóki. „Þegar mökkur var á Blakknesi og Kóp var von á norðanátt.“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). „Til hafsins er kominn norðan mökkur“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Mökun** (n, kvk) Samræði/samfarir manns og konu; getnaður karl- og kvenkyns skepnu.
- Möl** (n, kvk) A. Malað grjót, en þó grófara en sandur. B. Gæluorð um kaupstað/þéttbýli. Sagt er að menn „flytji á mölina“ þegar flutt er í kaupstað. Til komið vegna þess að flest kauptún standa á malareyrum.
- Mölbrjóta** (s) Brjóta í smátt. „Hann hótaði að mölbrjóta hvert bein í þeim sem dirfðist að gjóa öðru auganu í átt að nestinu hans“.
- Mölfluga** (n, kvk) Teneola bisselliella; mölfiðrildi; mölur. Lítið fiðrildi sem áður fyrr var mikill skaðvaldur í híbýlum manna, en lírfur þess leggjast gjarnan á ullarvörur og skinn. Með vaxandi notkun bómullar- og gerviefna hefur skaðsemin minnkað mikið, og er mölur sjaldsédari nú á dögum. Mölkúlur voru áður fyrr notaðar til varnar gegn möl, en nú eru aðrar aðferðir ráðlagðar.
- Mölva** (s) Brjóta; *maska*. „Ég rak óvart skófluna í ljósið og mölvaði peruna“.
- Mömmubarn / Mömmudrengur** (n, hk) Stundum viðhaft um þann sem nýtur sérlega mikillar verndar móður langt fram á unglings- og jafnvel fullorðinsár.
- Mömmuleikur** (n, kk) Leikur barna að foreldrahlutverkum, oft með brúður fyrir börn.
- Mömmuhjal** (n, hk) Móðurgælur; það sem hjalað er við börn. „Þá var Árni í essinu sínu; en skipanir hans voru ekkert mömmuhjal“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Mön** (n, kvk) Hryggur; burst; veggur; grandir. „Sandbleytur voru miklar á Leirunum, en gengt um þurra mön á milli þeirra“. „Niður miðjar Grundir gengur lág gróin mön; Rani“. „Heyinu var sturtað í mön á sandbalann“.
- Möndli** (n, hk) Lagfæring; dund; fönður. „Maður gleymir sér alveg í svona möndli“.
- Möndla** (s) Hagraða; lagfæra. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Það hlýtur að vera hægt að möndla hælinn á orfið, þannig að það dugi til að klára að slá blettinn“.
- Möndulgjörð** (n, kvk) Gjörð í gangspili, sem föst er á grindinni og spilkarlinn snýst í.
- Möndulhalli** (n, kk) Halli á möndli/ás/öxli. Oftast er heitið notað um halla hins ímyndaða áss sem jörðin snýst um. Möndulhalli jarðar gagnvart sólu orsakar árstíðaskipti. Kenningar eru um að frávik á þeim halla kunni að vera ein orsök ísaldanna miklu.
- Möndull** (n, kk) Ás; öxull; vödur; skaft. Möndull var m.a. heitið á skafti handknúinnar kvarnar/myllu.
- Mönnun** (n, kvk) Orð sem skipt hefur alfarið um merkingu á síðari tímum. Fyrrum var það notað um uppeldi; það að gera dreng að manni. Nú er það notað um öflun áhafnar á skip eða starfsfólks á vinnustað.
- Mör** (n, kk) Dýrafita. Oftast er átt við fitulagið í kviði slátur-/veiðidýra; garnmör; nýrnarmör og *netju*. Þegar *tekið er innanúr* er mörinn vanalega pakkaður innan í netjuna og storknar þannig sem einn skjöldur; mörvi. Hann er síðan notaður til íblöndunar t.d. við sláturgerð; hnoðaður úr honum hnoðmör eða bræddur í tólg. Sjá einnig mörflot.
- Mörður** (n, kk) Ætt rándýra; Mustilidae. Af þeirri ætt er m.a. minkurinn, og er heitið stundum notað um hann.
- Mörflot** (n, hk) Feiti úr hnoðmör; flot. Hnoðmör verður til á þann hátt að þegar tekið er innan úr dilkskrokk er mörinn utan af vömbinni tekinn; inni hann settur annar innmör, s.s. utan af nýrum o.fl. og þetta látið kólna í klump sem þá kallast *mörvi*. Þegar mör er hnoðaður eru mörvar saxaðir niður og síðan hnoðaðir vel saman í *mörtrogi* til að minnka sem mest loftbólur sem valdið gætu *loðpurpum*. Þegar þetta er orðið þétt og mjúkt er það mótað í kassalaga, aflangar mörtöflur ca 10x10x25 cm sem síðan eru geymdar í saltþækli eða (nú til dags) frysti. Venja var að móta með fingri kross horn í horn í eina hlið hverrar mörtöflu til að skrattinn ætti ekki eins greiða leið að þeim, en honum var mikið í mun að skemma matinn. „Annars var mörflot notað út á allan fisk. Það átti að geyma mörinn og láta hann *fiðra* dálítið áður en farið var að hnoða. Það var karlmannsverk að hnoða. Hnoðmörinn er geymdur í saltþækli. Það átti að gera skákross í mörtöflurnar. Þetta er bara venja; pabbi gerði þetta alltaf. Setti puttafar í hornin og miðja vegu. Það voru sem sagt 5 fingraför; eitt í hverju horni og eitt í miðjunni og rákir á milli. Ég geri þetta alltaf þegar ég er að hnoða“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Mörg er búmanns raunin** (orðatiltæki) Margt getur gengið bændum í móti; margt verður til að mæða bóndann. Viðhaft um hverskonar basl/mæðu sem menn lenda í; vandamál sem leysa þarf.
- Mörg er matarholan** (orðatiltæki) Víða má fá eitthvað matarkyns/gagnlegt. „Mörg er matarholan í Kollsvík, bæði til lands og sjávar“.

Mörg eru dags augu (orðatiltæki) Í dagsljósi sést það sem gert var í dimmu. Tilvitnun í Hávamál: „Í vindi skal við höggva;/ veðri á sjó róa;/ myrkri við man spjalla;/ mörg eru dags augu“.

Mörg eru mannameinin / Mörg eru mannanna meinin (orðatiltæki) Margt r það sem hrjád getur mennina.

Mörg járn í eldinum (orðtak) Sjá *hafa mörg járn í eldinum*.

Mörghundruð (n, hk, flo) Um það sem talið er í mörgum hundruðum. „Fyglingsarnir fíkra sig eftir örmjóum sylfum með mörghundruð metra hengiflug fyrir neðan sig“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Mörgu er að að hyggja / Mörgu er að að gá (orðtök) Margt þarf að aðgæta; í mörg horn er að líta.

Mörgum flotar ein ár til lands (orðatiltæki) Menn bjargast oft þó bjargráðin séu fátækleg. Betra er þó að hafa árar á bæði borð, sbr spekina *illt er að róa með einni ár*.

Mörk (n, kvk) A. Mælieining þyngdar; 249 grömm (eftir árið 1618; áður minna); hálfpottur; hálfpund. Mörk var áður notuð til mælingar á þyngd gulls og silfurs og var þar með verðeining. Mörk var þó meira notuð héraendis í vöruskiptum. „Þegar fiskvætt (40 fiskar) jafngilti *hálfvættarkind*, átti fallið af henni að veða 4 fjórðunga og mörinn 6 pund“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV). Í seinni tíð er mörk einkum notuð til mælingar á þyngd nýbura. „Þann dag fæddist yngsti bróðir minn; Palli, sextán merkur að þyngd“ (ÖG; glefsur og minningabrot). B. Mælieining lagar, einkum mæling á nyt kúa. Ein mörk jafngildir um 250 ml eða hálfpotti. C. Viðavangur; skógur (sjaldan notað).

Mörklessa (n, kvk) Klessa/klínungur af mör. „Ég skóf mestu mörklessurnar af borðinu eftir að ég hnoðaði mörinn, en það þarf að þrifa það betur“.

Mörkun (n, kvk) A. Sú athöfn að marka lamb eða annað búfé. Sjá *mark*. B. Afmörkun, t.d. svæðis.

Mörkunarnífur (n, kk) Hnífur til að marka lömb. Sumir vildu aldrei marka nema með vasahnífnum sínum en aðrir notuðu fremur *markatöng*, eftir að slík verkfæri urðu tiltæk.

Mörkunarleidangur (n, kk) Ferð sem farin er til að marka lömb. „Á Láganúpi, líkt og á fleiri bæjum, bar fé á túnnum. Með nokkurra daga millibili var farið í mörkunar- og bólusetningarleiðangur. Þá voru nýborin lömb handsömuð og þau mörkuð, merkt, bólusett og þeim gefið súlfalyf ef með þurfti. Einnig var hugað að heilbrigði þeirra, t.d. hvort þau nærðust eðlilega eða væru teppt vegna *skitu*. Hugað var að móðurinni, hvort hún mjólkaði lambinu; væri hraust og *jafnjúgra*“.

Mörkvartel / Mörtunna (n, hk/kvk) Kvartel/tunna sem mör er geymdur/saltaður í. „Hnoðmör var jafnan saltaður í kvartel eða áttung á Láganúpi framá 8.áratug 20.aldar. Gæta þurfti þess að hafa saltþækilinn vel sterkan og að mörtöflurnar væru örugglega á kafi í honum. Stundum var notað hellublað til að halda þeim á kafi. Væru þær uppúr vildu þær feyra, og einnig orðið mús að bráð“.

Mörlandi (n, kk) Uppnefni Íslendinga í Noregi á 19.öld, sem heyrst hefur *af og til* síðan. Sagt tilkomið vegna þess að íslenskt fé var mörvaðra en það norska, sem Íslendingar hafa e.t.v. stært sig af.

Mörsugur (n, kk) Þriðji mánuður í vetri að fornu tímatali; hrútmánuður. Mörsugur var næstur á eftir Ýli og byrjaði á miðvikudegi í níundu viku vetrar; þ.e. á tímabilinu 20.-27.desember; um vetrarsólstöður. Mörsugur var þrítugnættur, og á eftir honum kom þorri. Sumir hafa talið nafnið dregið af því að þá „byrjaði veturinn að sjúga mör og þrótt úr skepnum og fólki“.

Mörtafla / Mörví (n, kvk/kk) Flatur klumpur innmörs sem látinn er storkna þar til hann verður hnoðaður í mörva eða nýttur til sláturgerðar. Í mörvann var látinn nýrmör og garnmör og pakkað vel inn í netjumör. Sjá *mör* og *mörflot*.

Mörtrog (n, hk) Stórt trog, ca 30x50x10 (botnxháð) með mjög úthallandi hliðum; notað til að hnoða í hnoðmör.

Mörvaður (l) Feitur; spikaður. „Hrúturinn er orðinn svo mörvaður að óvíst er hvort hann gagnast í vetur“.

Mörvambi / Mörvömb (n, kk) Feitur/spikaður maður. „Óttalegur mörvambi ertu nú orðinn“!

Möskvaleggur / Möskvastærð / Möskvi (n, kk) Um grófleika nets; möskvi er hvert op í netinu, sem afmarkað er af þræði; möskvaleggur er bil milli hnúta í möskva nets; möskvastærð er mesta lengd möskvans þegar hann er teygður létt á langveginn, þ.e. samanlögð lengd tveggja möskvaleggja. Algeng möskvastærð rauðmaganeta er um 3,5“ en grásleppuneta um 4“.

Möskvaslitið (l) Um net; slitnir leggir á milli möskva. „Þetta net er víða orðið möskvaslitið og druslulegt“.

Mösulbeina (l) (líkl.) Áberandi horaður; beinaber. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Ári er hún nú mösulbeina eftir veturinn, hróid atarna; þetta verður nú líklega síðasta sumarið hennar“.

Möttull (n, kk) A. Skikkja; kápa. B. Sá hluti jarðarinnar sem er milli yfirborðsskorpu og kjarna.

Möttulstrókur (n, kk) Sú kenning hefur verið sett fram að sumsstaðar í möttli jarðar séu iðustrókar sem eru öflugri en aðrir möttulstraumar, og flytji mjög heita kviku uppundir skorpunu. Yfir slíkum strókum sé meiri eldvirkni og tíðari hraungos en annarsstaðar. Einn slíkur möttulstrókur sé t.d. undir Hawai eyjum og annar

undir Íslandi; suðaustanvið miðju. Strókurinn sé orsök þess að Ísland er eini staðurinn sem er ofansjávar af Miðatlantshafshryggnum. Sé þessi kenning rétt, má ætla að þessi strókur, og e.t.v. fleiri, sé ein meginorsök þess að Ameríku og Evrasíu tók að reka í sundur. Hann er þá líka orsök þess hryggjar sem liggur frá Grænlandi um Ísland til Færeyja og Skotlands, en lengi var landbrú um hann. Það styður þessa kenningu að finna má skylt blágrýti á austurströnd Grænlands og í Skotlandi.

Mötugur (l) Ataður í matarleifum/mat. „Þurrkaðu nú framan úr þér strákur; þú ert æði mötugur í munnvikjunum“. „Hann hafði verið að slátra hrút og var nokkuð mötugur að framanverðu“.

Mötuneyti (n, hk) A. Félag manna um sameiginlega mataröflun og borðhald. B. Staður þar sem margir snæða saman, t.d. á vinnustað.

Mötuneytisaðstaða (n, kvk) Aðstaða til eldunar og framreiðslu matar. „Þeir sem voru lengra að komnir höfðu með sér nesti og bjuggu við skrinukost, enda var mötuneytisaðstaða engin“ (PG; Veðmálið).

Mötuskrína (n, kvk) *Verskrína* (sjá þar).

Mötustuttur / Mötulaus (l) á lítið/ekkert eftir af nesti/mötu. „Sagt var að vermenn væru mötustuttir þegar lítið var eftir í skrínu þeirra undir vertíðarlokin“.

Nabbi / Naddi / Naddur (n, kk) Arða; hnúfa; lítið horn. „Mér finnst eins og einhver naddi standi hér í stólsessunni“. „Ekki skil ég hvernig hann gat prilað þarna upp; þarna er hvorki rifu eða nadd að sjá; aðeins rennisléttan lóréttan klett“!

Naðra (n, kvk) A. Eiturslanga; snákur. B. Líkingamál um illgjarna/*meinyrta/skömmotta* manneskju.

Naf (n, hk) Ásendi; öxulendi. „Gakktu vel frá splittinu í nafinu“.

Nafar (n, kk) Bor; alur. „Ég skal gera gat á þetta ef þú réttir mér nafarinn“.

Nafaroddur (n, kk) Oddur nafars/als. „Gættu þín á *heynálinni*; hún er hvöss eins og nafaroddur“.

Naflastrengur (n, kk) Strengur sem flytur næringu úr legköku til fósturs í móðurkviði.

Nafli (n, kk) Sá staður á kvið manna og dýra sem naflastrengurinn hefur legið í, fyrir fæðingu. „Með því að vaða fram í sjó upp í nafla tóks mér að ná skútunni aftur“. „Við þurfum að fara að setja niður ef við ætlum að róa í dag; það dugir ekki að sitja bara allan daginn og horfa á naflann á sér“!

Nafli alheimsins (orðtak) Hugtak sem menn nota stundum um þann stað sem þeim er kærastur eða þykir mjög mikilvægur. „Það vita allir sem til þekkja, að Kollsvíkin er nafli alheimsins“.

Nafna / Nafni (n, kvk/kk) Sú/sá sem heitir sama nafni og mælandi. „Ég hringdi í hana nöfnu mína á Látrum“. „... þegar ég gekk fram af nöfnu minni, eins og ég kallaði hana“ (IG; Æskuminningar).

Nafnavíxl (n, hk) Umskipti/ruglingur/víxlun á nöfnum. „Þarna hafa líklega orðið nafnavíxl, enda er ekki óalgennt að þessum tveim „Jónum“ sé ruglað saman“.

Nafnbót (n, hk) Titill í virðingarskyni. „Ásgeir á Látrum var vitavörður að nafnbót, og þótti upphefð“.

Nafngift / Nafngjöf (n, kvk) Skírni; það að gefa einhverju/einhverjum nafn. Nafngjafir dýra og dauðra hluta eru nokkuð mismunandi frá einum tíma til annars. Á öllum tímum hefur tíðkast að gefa sérkennum í landslagi nöfn, enda hafði það hagnýta þýðingu, t.d. í siglingum og öðrum ferðalögum, við fiskveiðar, smalamennskur, sem eyktamörk, eignamörk og í öðrum tilgangi. Fiskimið þurftu af augljósum ástæðum að hafa nöfn. Nafngjafir í landslagi taka þó alltaf mið af þörfum manna á hverju tíma. Þannig hafa í seinni tíð komið nöfn á ýmsa staði sem bílvegir liggja um, en voru nafnlausir áður. Kýr, hestar, kindur og hundar hafa líklega alltaf borið sérnöfn, þó ekki fari sögum af því fyrr á tíð. Verksmiðjubúskapur síðustu ára ógnar þó þeirri hefð. Dæmi voru um að villtum dýrum væru gefin nöfn. Arnfirðingar höfðu nöfn yfir hvalkýr sem komu árlega í fjörðinn. Þær voru ekki dreppar, en kálfarnir urðu þar gott búsilag. Fornar sagnir greina frá nöfnum sögufrægra skipa, t.d. Orminum langa. Líkur benda til að um tíma hafi nafngift báta fallið niður, heldur hafi þeir verið kenndir við eigendur eða formenn sína. Kann hjátrú að hafa valdið þessu, en hún var rík meðal sjómanna. Á síðari tímum hafa þó allir bátar borið nöfn. Þurrabúðir og verbúðir fengu oftast nöfn, eins og mörg dæmi eru um í verum Útvíkna. Sumar búðir voru þó jafnan kenndar við eigendur eða formenn, líkt og bátarnir fyrrum. Fyrstu bílarnir fengu oft og tíðum nafn, t.d. Sigga dýra í Kollvík. Bílar urðu síðar að persónulitlum járnhaugum á hjólum. Vopn fornkappa höfðu nöfn, eins og öxin Rimmugýgur og sverðið Sköflungur.

Nafnsþjald (n, hk) Oftast notað um merkisþjald sem fylgdi skrokk í sláturhúsi, frá því að haus var skorinn af í skotklefa, gegnum hæklun, fláningu, innanúrtöku, þvott, mat, kælingu og þar til skrokki var pakkað til sölu eða hann tekinn heim af eiganda. Á spjaldinu var nafn eiganda og e.t.v. athugasemd um skrokki eða ráðstöfun hans. Þetta var þó einungis gert þegar um stakan skrokk eða fáa skrokka var að ræða; stærri partí voru sérgreind á annan hátt.

Nafntogaður (l) Víðfrægur; vel þekktur. Oftast notað yfir fræga listamenn, fræðimenn, eða aðra slíka pótintáta.

Naga sig í handarbakið / Naga (á sér) neglurnar (orðtök) Sjá eftir. „Ég má naga mig í handarbakið fyrir að hafa ekki slegið í gær“. „Nú naga þeir á sér neglurnar yfir því að hafa ekki hugsað fyrir þessu.

Naga/éta sig sundur og saman um/með (orðtak) Vera á báðum áttum/ óákveðinn. „Ég er að naga mig sundur og saman með það hvort við ættum að draga upp eða láta netin liggja; veðurspáin er svo óljós“.

Nagg (n, hk) Nöldur; tuð; suð. „Skelfing leiðist mér þetta eilífa nagg í honum“!

Naggur (n, kk) A. Standur; stubbur; hnúfa; nabbi. B. Gæluorð um smávaxinn mann/strák. „Það er mesta furða hvað þessi naggur er sprettharður“.

Nagladofinn (l) Tilfinningalaus í fingurgómum vegna kulda. „Ertu nagladofinn? Þér var nær; að vilja ekki vettlingana sem ég bauð þér“! Notað þannig sem lýsingarorð, en orðabækur gefa það upp sem nafnorð.

Nagladallur / Nagladolla / Nagladós / Naglakassi / Naglakolla / Naglaskál / Naglaskúffa / Naglastokkur (n, kvk/kk) Ílát sem saumur er geymdur í. Til sveita þarf iðulega að nota saum/nagla við ýmiskonar skilyrði; oft úti í rigningu og snjó. Því var reynt að hafa naglana í íláti sem hvorki drafnaði í sundur, líkt og pappi, né ryðgaði, líkt og blikk. Stundum voru smíðaðir sérstakir naglastokkar úr tré, en oft voru líka notaðar skálar úr hálfum alúminíumkúlum/netakúlum. Fjölbreytileiki íláta endurspeglast í mörgum heitum þeirra.

Naglagaddur (n, kk) Útúrstandandi nagli. „Varaðu þig á þessum útúrstandandi naglagöddum í spýttunni“.

Naglagat (n, hk) Gat/far í viði eða öðru efni, eftir nagla.

Naglagaur (n, kk) Stór nagli.

Naglakul (n, hk) Sársaukatilfinning í nöglum á höndum og tám þegar mönnum hlýnar eftir að hafa dofnað af kulda/ verið *nagladofnir*.

Naglapakki (n, kk) Pakki með saum. „Keyptu fyrir mig tvo naglapakka; annan treitomu en hinn firtomu“.

Naglarusl (n, hk) Lélegir naglar; slæmur saumur.

Naglaspík (n, kvk) Langur oddhvass nagli/saumur. „Réttu mér einhverja naglaspík svo ég geti fest þetta aftur“.

Naglasúpa (n, kvk) Heiti á matrétu sem sagður er eldaður af einum nagla, en getur samt verið næringarríkur og ljúffengur. Galdurinn liggur í því að bæta nógu miklu í súpuna af öðru hráefni.

Naglaverksmiðja (n, kvk) Sjá *nagli*.

Naggast (s) Nöldra; rífast; jagast. „Vertu nú ekki að naggast í mér útaf þessu endalaust!“

Naglbítur (n, kk) Verkfæri; töng til að draga út nagla/klippa í sundur vír.

Naglfast (l) Neglt fast; fest með nagla/nöglum. „Fasteign fylgir að jafnaði allt sem naglfast er“.

Naglfesta (s) A. Festa fjöl eða annað með nöglum. B. Festa neglu í bát. „Í Útvíkum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Naglhald (n, hk) Naglfesta; hald nagla í efni, þannig að ekki dragist út. „Það er fjandann enga naglfestu að finna lengur í þessum langböndum; þau eru öll *kássufúin*“!

Naglhreinsa (s) Draga nagla úr efni/fjöllum. „Það þarf að naglhreinsa mótatimbrið og skafa það“.

Nagli (n, kk) A. Saumur. Naglinn hefur þróast í aldanna rás. Hlutverk hans í nútímanum eru fleiri en tölu verður á komið. Þörf fyrir eitthvað til að festa stykki tryggilega saman kom upphaflega einkum frá skipasmíðum, þar sem mikið lá við að samskeyti hluta væru vatnsheld og trygg. Upphaflega voru bátar reyrðir saman með þráðum. Þaðan er komið orðið saumur, sem enn er notað um nagla. Síðar var farið að nota trénagla, sem enn voru í notkun á plankabygðum bátum á skútuöld. Í bátukmlinu í Vatnsdal fundust bátar frá landnámsöld sem voru seymdir með trésaum, en böndin voru reyrð við byrðinginn. Mikil bylting varð svo með tilkomu járnnacla. Byrðingur á knörrum landnámsmanna voru járnseymdir og fóru um 5000 naglar í hvert skip. Mikil vinna var við smíði hvers nagla: Vinna þurfti járnið; slá það í tein; slá það í gegnum löð í steðja og slá odd og haus á hvern nagla. Að auki þurfti járnró á móti honum til bátasmíða. Síðastur til að vinna járn úr mýrarrauða á landinu var Einar gamli í Kollsvík. Má ætla að hann hafi meðal annars nýtt sitt járn í nagla. Vélar til að smíða járnnacla komu fyrst til um 1600, og hafa tekið miklum framförum síðan. Nú eru naglar framleiddir í mörgum stærðum og gerðum og úr ýmsum málum. Járnnaclar eru ýmist óhúðaðir, eða „svartir“, eða húðaðir með zinki til ryðvarnar. *Naglaverksmiðja* hefur lengi starfað hérlendis. Frá 1972 til 1999 var Páll Guðbjartsson frá Láganúpi forstjóri naglaverksmiðjunnar Vírnets í Borgarnesi. B. Járnbolti. T.d. gjarnan notað um bolta sem hafður er til að læsa kerru aftaní beislis traktors. C. Líkingamál um mann sem þykir harður af sér/ duglegur. D. Líkingamál um sígarettu.

Naglekinn (n, kvk) Um við; sem búíð er að negla nagla í. „Ekki er þetta kræsilegur smíðaviður; svona naglekið fúasprek“.

Nakinn sannleikur (orðtak) Umbúðalaus sannleikur; kjarni máls; staðreynd máls. „Mér finnst alltaf betra að heyra nakinn sannleikann, jafnvel þó óþægilegur sé, en að hann sé falinn í einhverju orðagjálfrí“.

Nankin (n, hk) Þéttofið bómullarefni sem notað er m.a. í gallabuxur/nankinbuxur og annan vinnufatnað. Efnið er kennt við kínversku borgina Nanjin.

Napa (s) Gnæfa; tróna; skaga upp í loft.

Napi (n, kk) Sá sem gnæfir ofar en aðrir. Napi er nafnið á efsta tindinum í Skarðabrún; þunnu en háreistu klettabelti milli Rauðasands og Barðastrandar. Napi er hæsti staður í Rauðasandshreppi; 703 m hár.

Napur / Napurkaldur (l) Kaldur; nærri því *hrollkaldur* en þó ekki *nístingskaldur*. „Ansi er hann eitthvað napur í morgunsárið“.

Narr (n, hk) Gabb; plat; lygi. „Ég skal muna þér narrið; bíddu bara“!

Narra (s) Gabba; plata. „Hann hafði verið narraður til að kaupa þessa bíldrúslu“.

Narra útúr (einhverjum) (orðtak) Hafa af einhverjum með prettum/blíðmælgí eða öðru. „Hann hafði það af að narra útúr mér bókina“!

Narraháttur / Narraskapur (n, kk) Fíflalæti; bjánagangur; æringjaháttur; ærsl. „Mér líkar ekki svona narraháttur“! „Þeir gerðu þetta bara í einhverjum narraskap“.

Narralegur (l) Bjánalegur; fíflalegur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Narralæti (n, hk, fto) Bjánagangur; sýndarmennska. „Hættu nú þessum andskotans narralátum drengur“!

Narri (n, kk) Flón; sá sem lætur narra sig. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Narsla (s) Narta; eta lítið. „Kýrin er aðeins að koma til; hún er byrjuð að narsla í heyið“. (Frþ. „nasla“)

Nart (n, hk) Lítið kropp/bit; *oddsnerta*. „Mér fannst vera eitthvað nart við öngulinn, en það reyndist vitleysa“.

Nas (n, hk) Það að þefa; *hnus*. „Kýrnar éta ekki strá af þessum rudda; ekki svo mikið sem nas“!

Nasa (s) Þefa; lykta af. „Hann nasaði örlítið uppúr pottunum og lýsti því svo yfir að hann æti þetta ekki“.

Nasakvef (n, hk) Kvefpest sem veldur nefrennsli/hor/hnerra. „Skelfing er það leiðinlegt þetta nasakvef“.

Nasasjón (n, kvk) Örlítill tilfinning/hugmynd. „Einhverja nasasjón fengu þeir af því sem í vændum var“.

Nasaskítur / Nefskítur (n, kk) *Nasakvef*; nefrennsli; *hornös*. „Einhver nasaskítur er enn í mér“.

Nasaþytur (n, kk) Skammvinnt þus; yfirborðskenndar skammir. „Taktu ekki of mikið mark á þessu þusi í honum; þetta er bara nasaþytur útaf engu“. „Hann var með einhvern nasaþyt útaf þessu“.

Naskur / Naskur á (l/orðtak) Nákvæmur; glöggur. „Ansi varstu naskur að finna þetta“!. „Vermenn voru furðu naskir á að spá í veðrið“.

Nasl (n, hk) Smávegis æti; lítilsháttar matur/nesti; kropp (fyrir sauðfé). „Féð fann eitthvað nasl í þararuslinu“.

Nasla (s) Kroppa í; borða smávegis. „Við skulum fá okkur eitthvað að nasla áður en við leggjum af stað“.

Natinn (l) Nákvæmur; duglegur. „Þú þarft að vera natinn við námið ef þú ætlar að ná góðum einkunnum“.

Natni (n, kvk) Iðni; nákvæmni; dugnaður. „Ýmsir sýndu mikla *natni* við þrif og verkun skinnklæða...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Natríumklóríð (n, hk) NaCl; salt; matarsalt.

Natrón (n, hk) Ýmis efnasambönd natríums. Oftast er átt við matarsóða, eða natríumbíkarbónat, NaHCO₃, sem er hvítt duft sem notað er í bakstur sem lyftiefni. Lyftiduft er natrón sem inniheldur önnur efni, en þau hindra að loftbólur myndast ekki fyrir en deigið kemur í heitan ofn. Natrón má einnig nota við brjóstsviða og til hreinsunar.

Nauð (n, hk) Nöldur; tuð; suð; nudd. „Mér leiðist þetta sífellda nauð“!

Nauða (s) Nöldra; tuða; suða. „Vertu nú ekki að nauða svona í mér alltaf hreint“! Einnig notað um vindhljóð, oftast í húsum en einnig utandyra. „Þótt úti nauði hráslaginn er hlýtt í Kollsvíkurhúsinu...“ (ÞB; Lesbók Þjóðv; viðt v. HM).

Nauða (ao) Mjög; afar; neyðarlega. „Mér fannst þetta nauða snautleg ræða“.

Nauða í (orðtak) Nöldra/suða í; ganga eftir; biðja um. „Hann hefur verið að nauða í mér með þetta“.

Nauðaeinfalt (l) Sáraeinfalt; mjög einfalt. „Þetta er nauðaeinfalt þegar maður hefur séð það gert“.

Nauðalélegur / Nauðalítill (l) Mjög rýr/lítill/lélegur. „Það stefnir í nauðalélegan heyskap ef svona rigningar halda áfram“. „Aflinn var nauðalítill“. „Ég hef nauðalítla þekkingu á þessu máli“.

Nauðalíkur (l) Mjög líkur; nánast eins. „Þú ert nauðalíkur honum að þessu leiti“.

Nauðaljótur (l) Forljótur; ófrýnilegur; mjög ljótur. „Mér finnst þetta nauðaljótur bátur“.

Nauðaómerkilegur (l) Mjög lítilfjörlegur/óspennandi. „Þetta er bara nauðaómerkileg glerperla“.

Nauðasköllóttur (l) Alveg sköllóttur; *bersköllóttur*. „Ekki er ég nauðasköllóttur, en með skrambi há kollvik“.

Nauðatregur (l) Um veiðar; *dauðatregur*; *sátatregur*; mjög lítil veiði. „Það jók mjög á þreytuna og leiðann að fiskur var oftast nauðatregur þegar líða tók að vertíðarlokum“ (GG; Skútuöldin). „Alltaf var verið að færa sig úr stað, en sá guli var allsstaðar nauðatregur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Nauðbeit (n, kvk) Sigling skips eins mikið upp í vindátt og mögulegt er. „Stæði vindur um *saxið* var kominn *beitivindur*, og ef hann stóð enn frammar var nauðbeit. Þá var þess skammt að bíða að vindur tæki ekki segl“ (LK; Ísl. sjávarhættir III, sjá sigling).

Nauðbeita (s) A. Um siglingu skips; sigla eins mikið upp í vind og mögulegt er án þess að slái í baksegl. B. *Paulbeita*; beita of mörgu fé á lítið beitaland. „Það fer ekki vel með túnin að nauðbeita þau á vorin“.

Nauðbeygður til (orðtak) Nauðugur til; neyddur. „Hann var því nauðbeygður til þess að taka upp legufærið“ (TÖ; Undirbjargsferð frá Kollsvík).

Nauðbeygja (s) A. Neyða/þvinga einhvern til einhvers. „Ekki vil ég nauðbeygja þig til þess ef þú ert því mótfallinn“. B. Taka skyndilega og óhjákvæmilega beygju. „Ég þurfti að nauðbeygja til að aka ekki á steininn á veginum“.

Nauðilla (ao) Meinnilla; mjög illa. „Mér er nauðilla við að þið séuð að róa í þessu veðurútliti“.

Nauðrakaður (l) Vel rakaður; alveg skafinn. „Nú er karlinn að fara á kvennafar; svona nauðrakaður og *uppstrílaður*“!

Nauðstaddur (l) Í hættu/nauð/neyð/klípu. „Kollsvíkingar urðu varir við strand togarans Croupiers við Blakknes, og gerðu allt sem þeir gátu til að koma nauðstaddri áhöfninni til bjargar“.

Nauðsyn (n, kvk) Brýn þörf. „Það er engin nauðsyn að klára þetta í dag; það lítur vel út með veður á morgun“.

Nauðsyn ber til (orðtak) Þörf er á; er mjög brýnt. „Rífdi ekki upp meira af lyngi en nauðsyn ber til“.

Nauðsyn brýtur lög (orðtak) Iðulega notað orðtak, og vísar til þess að oft þarf að gera ýmislegt það sem alljafna er ekki stundað eða almennt viðurkennt. „Hann var ekki vanur að vinna við slíkt á sunnudögum, en í þetta skipti þótti honum nauðsyn brjóta lög“.

Nauðsynjalaust (l) Þarflaust; ekki brýnt. „Kýrin er mikið að hressast; ég held það sé nauðsynjalaust að vaka yfir henni í nótt“. Sjá að *nauðsynjalausu*.

Nauðsynjamál (n, hk) Brýnt/aðkallandi mál. „Ég sé nú ekki að þetta sé neitt nauðsynjamál“.

Nauðsynjaverk (n, hk) Brýnt/óhjákvæmilegt verk. „Er það nú mesta nauðsynjaverk þessara stjórnvalda að fjölga fólki í ríkisgeiranum og hækka við það kaupid“?

Nauðsynlega (ao) Endilega; af brýnni þörf. „Við þurfum nauðsynlega að ná netunum upp í dag; hann spáir norðangarði næstu daga“.

Nauðsynlegur (l) Brýnn; mjög þarfur. „Bringukollur fyrir hvern mann á þorláksmessu var nauðsynlegur og ófrávíkjanlegur hluti jólahaldsins“.

Nauðuglega (ao) *Með naumindum*; við illan leik. „Þeir náðu nauðuglega til byggða eftir þessar hrakfarir“.

Nauðugur (l) Tilneyddur; undir hótunum/þvingun/ógn. „Ég gerði það hálf nauðugur að fara til messunnar, og fannst bölvæð að geta ekki nýtt veðrið í eitthvað þarfara“.

Nauðugur einn/sá kostur (orðtök) *Ekki um annað að gera*; aðeins ein undankomuleið. „Okkur er nauðugur einn kostur að pilla okkur í land, ef hann heldur áfram að hvessa svona“.

Nauðugur viljugur (orðtak) Nauðviljugur; nauðbeygður; þvingaður. „Ég varð nauðugur viljugur að láta þetta eftir þeim, bara til að fá frið“.

Nauðung (n, kvk) Þvingun; nauðgun; kúgun. „Það er nú engin nauðung þó þú þurfir að fara í bað og greiða þér stöku sinnum; jafnvel ekki þó þú *látir þig hafa það* að fara í sparifötin“!

Nauðungarlaust (l) Án nauðungar/þvingunar. „Það er mér alveg nauðungarlaust þó ég sleppi því að fara í þessa messu“.

Nauðungargerningur / **Nauðungarsala** (n, kk) Samkomulag/sala sem samþykkt er af nauðsyn/ undir þvingun/ vegna fjárhagsörðugleika. „Afsalið var nauðungargerningur, í þeim tilgangi að forðast gjaldþrot“.

Nauðungarvinna (n, kvk) Þrældómur; vinna sem unnin er undir nauðung/þvingun. „Strákarnir í Breiðuvík sögðu mér að eiginlega væru þeir látnir nauðungarvinnu á búinu“.

Nauðviljugur (l) Óviljugur; nauðbeygður; mjög tregur. „Ég gerði þetta nauðviljugur, fyrir þeirra þrábeiðni“.

Nauðvörn (n, kvk) Óhjákvæmileg vörn; vörn gegn árás/ofstopa/yfirgangi. „Hann gerði þetta í nauðvörn“.

Nauðþekking (s) Þekking til hlítar; vera þaukunnugur. „Þarna nauðþekki ég hverja laut og hvern hól“.

Nauðþurftir (n, kvk, fto) Brýnar nauðsynjar; lífsnauðsyn. „Okkur fer að vanta ýmsar nauðþurftir“.

Naugið (l) Nauðsynlegt; nákvæmt. „Það er nú ekki svo naugið með miðið þegar skotið er úr haglabyssu“. „Ég reiknaði þetta ekki naugið“. Einatt borið fram með nokkuð lokuðu hljóði í miðju; j-hljóði eða linu g-hljóði; enda er orðstofninn „nægja“/“nægjanlegur“. Því verður sá ritháttur orðabóka að teljast rangur að rita orðið „nauðið“; þ.e. án g. Vísar orðsifjabók í dönsku; „nöje“, sem er langsóttara en íslenski orðstofninn.

Naumast (l, est) Tæpast; varla. „Það verður naumast sagt að sumarið hafi verið þurrkasamt“.

Naumindi (n, hk, fto) Sjá með *naumindum*.

Naumlega (ao) Með naumindum; tæplega. „Ég slapp naumlega af syllunni áður en hún hrundi“. „Hann gt naumlega talað fyrir munnherkjum“. „Þessu trúi ég naumlega“.

Naumur (l) Tæpur; hæpinn; lítill; *skorinn við nögl*. „Við þurftum að hraða okkur; tíminn er orðinn naumur“. „Það er naumt að þetta hey dugi; þú mátt leysa aðeins meira“. „Hann stoppaði herna í nauma viku“. „Þú mátt eki vera of naumur á saltið“.

Naust (n, hk) Bátaskýli; hróf. „Naust hafa eflaust staðið í Kollsvíkurfjörum frá landnámi, eða a.m.k. svo lengi sem þar hefur staðið útgerð. Ekki er lýst í Landnámu hvernig Kollur og hans bátverjar björguðust þegar skip þeirra strandaði á Arnarboða, en hvort sem þeir komu skipinu sjálfu á land eða björguðust á eftirbátum má þykja líklegt að þá hafi bráðlega risið fyrsta naustið. Smábátar sem unnt var að hvolfa yfir vetrartímum voru þó venjulega ekki hafðir í nausti; helst voru þar stór farmskip og hákarlaskip. Síðasta naustið í Kollsvíkurveru stóð uppi langt frameftir sjöunda áratug síðustu aldar, en það var Fönixnaustið fyrir miðri lendingunni. Þar höfðu flutninga- og hákarlaskip Kollsvíkinga; eldri og yngri Fönix, átt sitt aðsetur. Það var grjóthlaðið með helluþaki, líkt og búðirnar báðumegin; opið að framanverðu, a.m.k. síðustu árin. Enn stendur tóftin nokkuð heil“ (VÖ).

Nautagirðing (n, kvk) Girðing/hólf sem þarfanaut var haft í að sumarlagi, fyrir daga gervisæðinga. „Síðasta þarfanaut í Kollsvík var Pétur rauði sem var í nautagirðingu kringum mógrafirnar norðan Ár, ofan Stekkjarmelssléttu; handan heimreiðarinnar. Pétur gat verið orðljótur með afbrigðum ef á hann var yrt og yfirleitt tveggja manna tak, en vann sín skylduverk af kostgæfni. Hugsanlegt er að Nautholt, norðar í víkinni, dragi nafn af því að þar hafi naut verið geymt; e.t.v. þá tjóðrað, enda gott til beitar. Naut kann einnig að hafa verið geymt í Kálfalágum á Hnífunum. Eflaust dregur Raknadalur í Patreksfirði nafn af geymslu nauta“.

Nautastía (n, kvk) Stía sem naut er haft í að vetrarlagi. Þarfanaut var nauðsynlegt þeim sem kыр átti, og oft var eitt naut samnýtt fyrir nokkra bæi. Þeir sem sluppu við eldi þess greiddu oftast *bolatoll* fyrir afnotin.

Nautheimskur (l) Mjög heimskur; tröllheimskur. „Mikið getur maðurinn verið nautheimskur“!

Nauthveli (n, hk) Búri; gamalt heiti búrhvals. Fyrr á tímum var því trúð að hann væri stærstur allra hvala; illur viðureignar og reyndi að seiða kыр í sjóinn með bauli sínu. Meðal sjómanna var hann einungis nefndur naut eða fjósi, þar sem ekki mátti nefna hvali á sjó. Sjá *hjátrú*.

Nautn (n, kvk) A. Ánægja; gaman. „Mér er engin nautn að því að rukka hann um þetta, en samningar eru samningar“. B. Munaður; lystisemdir. „Eina nautnin sem hann lætur eftir sér er neftóbakið“. C. Not; nytjar. Þessi notkun orðsins hefur mikiðstil lagst af.

Nautnalíf (n, hk) Líferni óhófs og lystisemda. Nautnalíf þótti ókristilegt og óhollt hverjum manni fyrr á tímum; vísasta leiðin til glötunar. Andstæða nægjusemi, nýtni og dugnaði sem voru mikilsvirtar dyggðir.

Nautpeningur (n, kk) Nautgripir; kыр, þarfanaut, uxar og kálfar. „Töluvert verk hefur verið áður fyrr að bera vatn daglega í allan nautpeninginn“.

Nautseldi (n, hk) Vetrarfóður fyrir naut. „Vantar samt (í Saurbæ) 213 m³, og auk þess nautseldi; 15 m³³“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).

Nautshaus (n, kk) A. Eiginleg merking. B Líkingamál um heimskan mann. Sbr *nautheimskur*.

Nautshyrningur (n, kk) Tóbaksponta úr nautshorni. „Sagði Erlendur með spámannlegum áherslum um leið og hann stútaði sig á nautshyrningnum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Nautslíki (n, hk) Eftirmynd/líki nauts. „Þegar hann kemur ofan fyrir túnbrekkuna sér hann að þar er draugurinn kominn í nautslíki, og lætur allófríðlega“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Nautssin (n, kvk) Getnaðarlimur á nauti. Oftast nefndur sin til styttingar.

Nautsterkur (l) Mjög sterkur; rammur að afli. „Strákurinn er svo nautsterkur að hann munar ekkert um að halda á tveimur fimmtíu kílóa sekkjum í einu“.

Nautstollur (n, kk) *Bolatollur*; sjá þar.

- Nautsöskur** (n, hk) Baul í nauti. Naut geta baulað mjög hátt, og einkanlega láta þau í sér heyra ef þau fá veður af yxna kú. Sumir fjörulallar hafa að sögn sömu hljóð, og ekki er heiglum hent að greina muninn.
- Ná ekki nokkurri átt** (orðtak) Geta ekki verið; fá ekki staðist; vera út í hött. „Það nær ekki nokkurri átt að fara á sjó svona illa búinn“.
- Ná ekki upp í nefið á sér** (orðtak) Vera mjög reiður/hneykslaður. „Ég næ bara ekki upp í nefið á mér yfir svona aðförum“! E.t.v. vísar orðtakið til þess að skammir og blótsyrði komi svo strítt út úr munni manns að ekki náist að þurrka af nefi. Eldri útgáfa orðtaksins er að „ná ekki til nefisins fyrir illsku“.
- Ná endum saman** (orðtak) Komast af fjárhagslega; geta staðið við sínar greiðslur/skuldbindingar.
- Ná að halda í við** (orðtak) Geta fylgt eftir á sama hraða. „Hann flýtti sér svo mikið að kerlingin náði varla að halda í við hann“.
- Ná andanum** (orðtak) Geta andað; jafna sig eftir mikla mæði. „Hann settist niður og var stund að ná andanum eftir hlaupin“.
- Ná áttum** (orðtak) A. Um villu, t.d. í dimmviðri á sjó; átta sig; finna réttar áttir; vita hvert horfir. B Mest notað nú í líkingamáli; átta sig hvernig í málum liggur. „Ég held að ríkisstjórnin sé loks að ná áttum þessu“.
- Ná bata** (orðtak) *Verða jafngóður/hraustur*; batna. „En þó átti hann að hafa ráðið niðurlögum draugsins með kunnáttu sinni, og eftir það náði hann fullum bata“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Ná/finna fóttfestu** (orðtak) Fóta sig; Lappa sig; finna öruggt far fyrir fót, t.d. í klettum.
- Ná háttum** (orðtak) Komast á áfangastað áður en þar er gegnið til náða/ háttað.
- Ná (einhverjum) í rúminu** (orðtak) Ná að vekja einhvern áður en hann vaknat af sjálfsdádum; koma áður en einhver fer á fætur. „Honum skjátlást ef hann heldur að hann nái mér í rúminu“!
- Ná í skottlegginn á** (orðtak) Ná tali af; hitta. „Ég þarf endilega að ná í skottlegginn á karlinum“.
- Ná í rassgatið/-görnina/skottið á** (orðtak) Taka í lurginn á; hafa tal af. „Er pósturinn farinn? Ég þyrfti að ná aðeins í rassgatið á honum; eitt bréf gleymdist“. „Nú þyrfti maður aldeilis að ná í rassgörnina á þessari ríkisstjórn“! „Náðirðu nokkuð í skottið á honum“?
- Ná landi** (orðtak) Komast til lands; geta lent. „Örlygur náði landi í Örlygshöfn, en Kolli barst á í Kollsvík“.
- Ná miði** (orðtak) Geta miðað með byssu á skotmark, t.d. fugl. „Hann flaug alltof lágt og hratt, svo ég náði bara alls ekki góðu miði“.
- Ná sér** (orðtak) *Jafna sig*; batna lasleiki/veikindi; *verða jafngóður*. „Ég er að mestu búinn að ná mér núna“.
- Ná sér á strik** (orðtak) Komast á rétta stefnu; komast á áætlun; *rétta úr kútnum*. „Það tekur tíma að ná sér á strik aftur eftir svona áfall“. *Strik* merkir þarna stefna, sbr *strik* á áttavita.
- Ná sér niðri á** (orðtak) Hefna sín; lumbra á; svara fyrir sig. „Ég náði mér niðri á honum nokkru síðar, þegar ég setti saman vísu um kvennamálin“. „En með þessu taldi Þórarinn sig ná sér niðri á Jóni“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Ná sér upp** (orðtak) Um veður; ná að hvessa verulega. „Festiði hærurnar tryggilega á galtana, ef hann skyldi ná sér verulega upp af vestri“.
- Ná tangarhaldi á** (orðtak) Komast yfir; eignast; ná stjórn/valdi á. „Mér leikur hugur á að ná tangarhaldi á þessari bók“. Vísar til þess að járnsmiður þarf að ná góðu tangarhaldi á efninu meðan smíðað er.
- Ná til** (orðtak) Geta teygt sig í; komast að/til.
- Ná tókum á** (orðtak) A. *Komast upp á lagið með*; ná færni í. „Það tók nokkurn tíma fyrir mig að ná góðum tókum á hækluinni“. B. Ná stjórn á; *komast fyrir*. „Þeir eru búnir að ná tókum á eldinum“.
- Ná undirtökunum / Ná yfirhöndinni** (orðtak) Hafa sigur; fá betri vígstöðu í bardaga/baráttu. „Ég held að ég sé búinn að ná undirtökunum í þessum slag“. „Honum gekk illa að ná yfirhöndinni, og gafst fljótlega upp“.
- Ná úr svelti /Taka úr svelti** (orðtak) Bjarga fé úr sjálfheldu í klettum. „Það greri snemma á klettasyllum og féð stökk niður á þær til að ná sér í æti. Fór þá mörg kindin fram af eða komst ekki upp aftur. Varð þá að fá menn til að síga eftir þeim og ná úr svelti. Oftast voru það sömu mennirnir sem þetta gerðu, og aldrei var tekin greiðsla fyrir þessa miklu fyrirhöfn og hættu sem menn settu sig í“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Nábein** (n, hk) Þrjótur; deli. „Hann heldur að hann fái þennan slag með kónginum, árans nábeinið; en áttar sig bara ekki á því að ég á enn eitt tromp eftir á hendinni“!
- Nábítur** (n, kk) Brjóstsviði; mikil óþægindi í brjósti og meltingu; stafar oft af háu sýrustigi og/eða lélegu fæði. „Ég fékk þennan andskotans óþverra nábit að ég var *viðþolslaus*“.

- Nábleikur** (l) Fölur eins og lík. „Hann var nábleikur af hræðslu og sagði að það væri eitthvað óhreint í kofanum; hann færi ekki þangað inn einsamall“.
- Nábúakrytur** (n, kvk, fto) Nágrannaerjur. „Alltaf eru einhverjar nábúakrytur þarna á milli bæja“.
- Nábýli** (n, hk) Sambúð í nálægð; þétt byggð. „Mikil samvinna var gjarnan milli bæja á Lambavatni, enda nábýli mikið“. „„Já“, ansar móðir mín, „nú vill faðir þinn ekki búa hér lengur í nábýli við þennan mann...“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Náð** (n, kvk) Ró; hvíld; miskunn. „Má ég biðja guð um náð/ og gæfu á þessum degi./ Verði braut þín blómum stráð/ og bjart á þínum vegi“ (ÖG; glefsur og minningabrot; heillaóskir).
- Náðarbrauð** (n, hk) Ölmusa; gustuk. „Það er helvíti hart að horfa uppá það að stjórnvöld steli fiskimiðum á grunnslóð og gefi þau kvótakóngum á mölinni; og svo mega heimamenn varla fiska sér í soðið nema sem náðarbrauð úr þeirra hendi“!
- Náðareyra** (n, hk) Hlustun þess sem hefur skilning; guðleg heyrn. „Þú verður að spyrja bílstjórann hvort þú getir komið með; viltu hvort þú nærð hans náðareyra“.
- Náðargáfa** (n, kvk) Guðsgjöf; sníld. „Hann var þeirri náðargáfu gæddur að geta fretað í þremur tóntegundum“.
- Náðarhögg** (n, hk) Rothögg; högg sem drepur/rotar. „Nú held ég að bara þessi stjórnvöld ætli að veita okkur dreifbýlisbúum náðarhöggið“.
- Náðarmeðul** (n, hk, fto) Sakramenti; messuvín og oblata sem prestur deilir þeim sem ganga til altaris, sem tákn um líkama og blóð Krists. Sjá *sakramenti*.
- Náðarsamlega / Náðarsamlegast** (ao) Mildilegast; af hógværð. „Ég spurði hvort hann vildi náðasamlegast lána mér bókina“. „Viljið þið náðarsamlega hætta þessu fjandans karpí við matborðið“!
- Náðhús** (n, hk) Kamar; salerni. „Nú þarf ég að skreppa á náðhúsið sem snöggvast“.
- Náfrost** (n, hk) Mikið frost; bitandi frost. „Þú ættir að búa þig vel, það er náfrost þó hann sé hægur“.
- Náfrændi / Náfrænka** (n, kk/kvk) Náskyldur frændi/ náskyld frænka.
- Náfölur / Náhvítur** (l) Mjög fölur/hvítur í andliti. „Hann brólti náfölnur upp á brúnina og hét því að fara þetta aldrei aftur“.
- Nágaukur** (n, kk) Hrossagaukur sem hneggjjar þannig að hljóðið virðist koma neðanfrá. Þjóðtrúin segir að taka skuli mark á hneggi hrossagauks eftir áttum: „Niðri er nágaukur; í norðri námsgaukur; í suðri sælugaukur; í vestri vesalgaukur; í austri auðsgaukur og uppi unaðsgaukur“.
- Nágaul / Nágól / Náhljóð** (n, hk) A. Útburðarvæl; óhugnarregt gól/öskur; torkennilegt hljóð sem fyrrum var talið að kæmi frá draugum, fjörolöllum eða öðrum ófreskjum. B. Notað yfir hverskonar hvítleitt/óþolandi hljóð eða hávaða. „Lækkaðu nú í þessu nágauli; ekki skil ég hvernig nokkur getur verið hrifinn af þessari nútímamúsikk“! „Skelfingarinnar andskotans nágól er nú þessi svokallaða bitlamúsikk; skyldi einhver geta hlustað á þetta“?
- Nágrannaerjur / Nágrannakrytur** (n, kvk, fto) Krytur/misklíð milli nágrannabæja. „Nágrannaerjur eru líklega hluti af hverju samfélagi, og í Rauðasandshreppi þekktust þær í mismiklum mæli. Aldrei ristur þær þó dýpra en svo að menn voru alltaf reiðubúnir að hjálpast að þegar mikið var í húfi“.
- Nágranni** (n, kk) Sá sem býr nálægt/ í nágrenninu. „Annar í jólum var oftast farið í jólaboð til nágrannanna“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).
- Nágrenni** (n, hk) Það sem er í kring; námundi. „Ári er ég þyrstur; er ekki lækur hér í nágrenninu“?
- Náið er nefið augunum (og skylt er skeggið hökunni)** (orðtak) Oftast notað um mikil ættartengsl eða sterkan ættarsvip, en einnig um annan skyldleika sem menn þykjast sjá, t.d. á málefnum.
- Náinn** (l) A. Skyldur; nátengdur. „Þetta vissu ekki nema nánustu ættingjar“. B. Líkur; svipaður. „Erindi mitt við þig, segir hún, er að biðja þig að útvega mér mark á kindurnar mínar er sé svo náíð þínu marki að auðvelt sé að marka upp frá mér til þín“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Nákaldur** (l) Mjög kaldur. Var yfirleitt haft um fólk þegar því kólnaði mjög, en einnig heyrðist að nákalta væri í veðri.
- Nákuðungur** (n, kk) Kubbur/kuðungur af dofraætt; Nucella lapillus. Nákuðungur er algengur á útfiri í Kollsvík og nágrenni. Hann verður allt að 24mm á breidd og 40mm á hæð, en er oftast minni. Hann er sterkbyggður, enda þarf hann oft að standast átök brims. Liturinn er mjög fjölbreyttur, en oft er hann brúnn, móleitur eða rauðbrúnn. Hyrnan er stutt, keilulaga og þrefalt styttri en kuðungurinn allur; vindingarnir eru 5. Halinn er stuttur en breiður; oft með sýlingu í endann. Yfirborðið oftast hrjúft með misbreiðum þver- og langrákum. Nákuðungurinn er rándýr, hræta og kjötæta sem notar skraptunguna til að vinna á bráðinni og framleiðir einnig lamandi vökva sem slævir hana. Aðalfæðan er hrúðurkarl og lítill krækningur. Nákuðungurinn er

fæða margra fugla, eins og tjalds, sendlings, æðarfugls og mávs; einnig bogakrabba. Fuglinn ber mikið af kuðung uppfyrið fjöruna, og í Kollsvík er sérlega mikið af tómum kuðungi utanvið Garðshornið. Vinsælt var hjá börnum að tína kuðunga og nota í kubbabú sín. Nákuðungur gegndi þar hlutverki kinda, en beitukóngur var hrútur og meyjapöppur lömb.

Nákuldi (n, kk) Mikill kuldi; helkuldi. „Helvítis nákuldi er þetta“!

Nákunnugur (l) Náinn kunningi; góðkunningi. „Þarna var enginn staddur sem var honum nákunnugur“.

Nákvæmnismaður (n, kk) Sá sem vill vera nákvæmur; mikill reglumaður.

Nákvæmnisverk (n, hk) Verk sem krefst nákvæmni. „Spíssinn á prímusnum var hreinsaður með prímusnál, og var það nokkuð nákvæmnisverk“.

Nál (n, kvk) A. Áhald til sauma á fatnaði og sláturkeppum eða til netagerðar. B. Sprautunál; hol að innan. C. Gróður; einkum í byrjun sprettu. „Það er komin nál hér og þar, þó varla sé hægt að tala um beit ennþá“.

Náladofi (n, kk) Dofi og síðan ónotatilfinning, t.d. í hendi eða fæti, þegar blóðrás hefur tregðast um tíma vegna rangrar stöðu eða kreppu“.

Nálaprilla / Nálhús (n, kvk) Ílát til að geyma nálar í, búið til úr fjaðurstöfum sem saumaðir eru í klæðisbút.

Nálapúði (n, kk) Lítill púði sem nálum var stungið í, til geymslu. „Allar konur og stúlkur áttu nálapúða, broderskæri, fingurbjörg og margar saumakassa“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Nálarfella (s) Fella/setja inn net með *netanál* (sjá *fellingabekkur* og hrognkelsi). Önnur aðferð var að *bekkfella*.

Nálarfelling (n, kvk) Felling nets með *netanál*. „Sumir telja að síður dragist til á nálarfelldum netum en þeim sem sett eru inn í bekk“.

Nálarfellt (l) Um net; fell/sett inn með *netanál*.

Nálargat (n, kk) Örlítið gat í efni. „Ég fann eitt nálargat í slöngunni; það skýrir hversvegna traktorinn var alltaf á felgunni þegar komið var að honum að morgni“.

Nálartritja (n, kvk) (Líkl:) Mjög lágvaxinn gróður; lélegar slægjur; *sauðnálarkritja*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Nálbein (n, hk) Mjótt bein; geislabein í fiski. „Ég er búinn að hreinsa, en það gætu verið einhver nálbein eftir“.

Náldrag (n, hk) Þráður í nál sem notaður er þegar saumað er með svo sverum þveng að hann kemst ekki í nálaraugað. Náldragið er þá þrætt í nálina og bundið í *seymið*/þvenginn. „Saumgarnið var alltaf heimaspuninn togþráður, en nálar dragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæði*.

Nálega (ao) A. Nærri því; hér um bil. „Þarna brann nálega allt sem brunnið gat“. „Ég var nálega kominn alveg að tófunni þegar hún varð mín vör“. B. Bölvánlega; skammarlega. „Þetta er nú nálega naumt skammtað“!

Nálegt (l) Óþverralegt; slæmt neyðarlegt. „Þetta var svo nálegt alltasaman; lúðan var komin upp á borðstokkinn þegar helv. taumurinn slitnaði og goggurinn gaf sig“.

Nálhorn (n, hk) Horn sem nál var geymd í, sem notuð var til sauma á skinnklæðum. Þar var hún í *fótfeiti*.

Nálhvass (l) Mjög oddhvass. „Gættu þín á tönnunum á fiskinum; þær eru nálhvassar“.

Nálægur (l) Í nágrenni; nærinðis; nærri. „Ég skal athuga hvort hann sé einhversstaðar nálægur“.

Námfús (l) Viljugur að læra. „Hann er námfús og á auðvelt með að læra“.

Námundi (n, kk) Nágrenni; nálægð. „...en reimt þótti eftir þetta í námunda við steininn, og villugjarnt“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Námur (n, kvk) A. Staður þar sem unnin eru verðmæt/nothæf efni úr jörðu. B. Staður neðst í Stálfjalli; innanvið Völlur. Þar eru mikil surtarbrandslög í berginu, og á árum fyrri heimsstyrjaldar var stofnað fyrirtæki um vinnslu þeirra. Tvö íveruhús fyrir námamenn voru reist á Völlunum; 40 manns þegar mest var. Námureksturinn gekk þó ekki sem skyldi; kolin voru ekki mjög hitagæf og fór mikill hluti þeirra í keyrslu gufuvélar sem notuð var við námavinnsluna. Grafín voru fimm göng, allt að 80 löng, og notaðir vagnar á teinum til að koma kolunum út. Námafélagið varð gjaldþrota 1918 og lagðist þá námavinnslan af. Til skamms tíma mátti sjá leifar gufuvélarinnar, en hún mun nú farin í sjóinn. Enn mun þó fært um einhverjar af námunum.

Nánasarháttur (n, kk) Níska, eigingirni. „Fyrr má nú vera nánasarhátturinn; að geta ekki séð af einum poka“!

Nánasarlega (ao) Nískulega; skítlega. „Mér fannst þetta nánasarlega litlar bætur sem hann fékk við brunann“.

Nánasarlegur (l) Nískur; aðhaldssamur. „Þú mátt ekki vera of nánasarlegur með saltið“!

Nánast (ao) Hér um bil; nærri því alveg. „Saltið er nánast alveg búið“. „Arnarboði kemur nánast uppúr á hverri fjöru“ (HÖ; Fjaran). „Einn þeirra manna sem þóttu nánast ómissandi í Bjargleitina var Hafliði Halldórsson á Miðbæ á Látrum“ (PG; Veðmálið).

Nándarnærri (ao) Í námunda við; nálægt. „Þetta var reytingsafli; ekki nándarnærri eins mikið og í gær“.

Nánös (n, kvk) Nurlari; nirfill. „Skelfingarinnar nánös er karlinn ef hann léttir ekki undir með þeim“.

Nástrá (n, hk) A. Strá sem vex frá þekju húss inn í húsið. Þjóðtrúin segir varasamt að slíta þau; það boði feigð einhvers sem inni er. B. Fátækt. Sagt er að sá sé á nástráinu sem er mjög fátækur. Vísar líklega til þess að fódurskortur sé á búi í hörðum vetri; að nástráin séu síðasta tuggan úr heyforðanum.

Nátta (n, kvk, ft, ef) Um net; búin að liggja yfir tiltekinn fjöldi sólarhringa/nótt. „Í gíðri veiði eru grásleppnet dregin tveggja náttu“.

Nátta / Nátta sig (s/ orðtak) Gista; taka sér gistingu; rífa sér ból; búa sér svefnað. „Ekki var viðlit að ná þeim af Vellinum þegar sjólag versnaði, og urðu þeir því að náttu sig uppi í skútanum“.

Náttblindur (l) Sjóndapur í rökkri; sér illa þegar skyggir. „Það þýðir ekkert að benda mér á þetta; ég er svo náttblindur“.

Náttdropar (n, kk, fto) Létt súld sem fellur þegar skyggir að kvöldi eftir heitan dag; einkum í heiðskíru.

Náttfall (n, hk) Náttkögg; kögg á jörðu að sem fellur á þegar köld nótt fer á eftir hlýjum degi, einkum í logni. Náttfall gat orðið til trafala í heyskap; t.d. ef fallið hafði á flatt hey þá þurfti að bíða með að snúa þar til þornaði af. Hinsvegar gat verið gott að hefja slátt í náttfalli, þar sem ljárin rann betur í rekjunni. Náttfall er vanalega ávísun á þurrk daginn eftir: „Þegar náttkögg fellur að aftni strax eftir sólarlag, boðar það oftast þurran dag eftir á“ (BH; Grasnytjar).

Nátthagi (n, kk) Staður þar sem kýr voru hafðar yfir nóttina, milli kvöld- og morgunmjalta; oft afgirtur bithagi. á Láganúpi var t.d. Túnshalinn oft nátthagi, fyrir daga rafgirðinga.

Nátthrafn (n, kk) A. Sá sem verður lítið syfjaður á kvöldin/ getur vakað um nætur. Notað þannig t.d. í Kollsvík. B. Þjóðsögulegur fugl sem vakir um nætur.

Náttmál (n, hk, fto) Sú eykt sólarhringsins í hinu forna tímatali sem merkir yfirleitt kl 21.00. Um náttmál ber sólarlag yfir Náttmálholt, séð frá gamla Kollsvíkurbænum.

Náttmyrkur (n, hk) Dimma af nóttu. „Ekkert þýddi samt að hreyfa sig vegna náttmyrkurs“ (ÖG; Þokuróður).

Náttpottur (n, kk) Hlandkoppur; næturgagn. „Fardu nú útfyrir með náttpottinn fyrir mig og tæmdu hann“.

Nátttröll (n, hk) Tröll sem þolir ekki dagsbirtu; verður þá að steini. „Tröll virðast greinast í tvær deilitegundir; dagtröll og nátttröll, eftir ljóspóli. Líklegt er að tröllkarlinn sem fyrrum bjó í Tröllkarlshelli í Hnífunum hafi verið nátttröll. Hann hafði að sögn samneyti við tröllskessuna í Tröllkonuhelli á Hænuvíkurhlíðum gegnum jarðgöng og svo fór að þau dögudu bæði uppi sem steindrangarnir Karl og Kerling, þar á gryningunum“.

Náttúran er náminu ríkari (orðtatiltæki) Eðli/upplag manns er oftast ríkari þáttur í skapgerð og viðbrögðum en það sem lært er.

Náttúrufegurð (n, kvk) Fegurð náttúru og landslags. Segja sumir að hvergi sé meiri en í Kollsvík.

Náttúrufyrirbæri (n, hk) Sjaldgæft sérkenni í náttúrunni. „Of langt mál yrði að telja hér upp öll þau sérstæðu náttúrufyrirbæri sem í Kollvík er að finna. Meðal þess má nefna þrennskonar hringrásarkerfi þar sem sandburður kemur við sögu; hringstrauminn úpp á víkina frá Látraröst og Blakknesröst; vindakerfið sem viðheldur Sandahlíðinni og samspil vinds og vatns sem viðheldur Leirunum og sand-/gróðursvæðunum handantil í víkinni. Af gróðurfarsfyrirbærum má nefna apablóm sem vex aðeins á einum öðrum stað villt á Íslandi og fléttutegund sem það á einnig við um. Sérstæð eru hin miklu sjávargos sem verða við vissar aðstæður í Bekknum undir Blakk og í helininni neðan Sandhellis. Þá má nefna holugrjótið á Hnífunum sem er einstaklega tilkomumikið þó slíkt megi víðar finna. Mikið er um grænlenka flökkusteina á fjörum, bæði undir Blakknum og í Bótinni. Sérstætt náttúrufyrirbæri er hið sífellda uppstreymi lofts í augunum í Fitinni; þar er líklega um metan að ræða, þó ekki sé það enn rannsakað. Lurkalag frá hlýskeyði er undir jarðvegi í Mýrunum, en það finnst reyndar víðar. Enn er óútskýrður uppruni bergs sem finnst á einum stað ofan við Gálgasteinabrekkur í Vatnadal; jarðfræðingur taldi það vera líparít, en það er úr takti við annað í berggrunni Kollsvíkur. Þá má hér telja með hina voldugu bergganga sem víða koma í ljós í berggrunnum, s.s. í Strengbergsgjá, og myndbreytt berg við þá. Einnig þykkar menjar um hamfaragos sem sjá má í Höfðum og víðar í sjávarklettum Blakksins. Ekki má gleyma lurkalinu sem er greinilegt í jarðlagastaflanum í Bót og í Grófarstekk, þar sem forn skógur hefur skilið eftir sig greinileg mót í berginu. Er þá aðeins fátt talið“ (VÖ).

Náttúrulaus (l) Getulaus til að geta afkvæmi; áhugalaus um kynlíf. „Hann sagði að þó hann væri einhleypur þá þýddi það ekki að hann væri náttúrulaus“.

Náttúrulega (l) Auðvitað; að sjálfsögðu. „Ég þáði það náttúrulega; enda vel boðið. ... Hann treysti mér ekki til að róa upp á móti sér; hélt að ég hefði ekki við sér náttúrulega, sem satt gat nú verið“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Náttúrunafn (n, hk) Örnefni sem dregið er af augljósum náttúrulegum sérkennum. Lengi má deila um uppruna örnefna. Með fullum rétti má velta því fyrir sér hvort mörg örnefni sem Landnáma nefnir að séu dregin af fólki, séu ekki í raun náttúrunöfn. Það á við t.d. um Kollsvík, Hænuvík, Rauðasand og fleiri. Mörg staðarheiti verða mjög augljós þegar siglt er að þeim úr hafi. Þannig er helsta einkenni Kollsvíkur fjall það sem nú heitir Núpur. Útvíkurnar eru um margt áþekkar; með sæbröttum núpum beggja vegna og sandlengju á milli, en Núpurinn er eins og kollur á sköllóttu mannhöfði með ljóst skeljasandsskegg. Auðvelt er að álykta að fjallið hafi í upphafi heitið Kollur og víkin tekið nafn af því. Landnámsmaðurinn hefi heitið öðru nafni (t.d. Örn sbr Arnarboða), en hann fengið nafn af bæ sínum (t.d. nefnst Örn Kollur) líkt og mörg dæmi eru um. Við ritun Landnámu eru nofnin höfundu fjarlæg, bæði í tíma og rúmi, og þar er Kollur orðið eiginnafrá landnámsmannsins. Ekki verður um þetta fullyrt en möguleiki er það.

Líkt getur verið um uppruna nafnsins Hænuvík. Þegar siglt er inn Patreksfjörðinn kemur Hænuvíkurnúpurinn sérkennilega fyrir sjónir; lengra frá sjó en aðrir núpur og lægri. Hann gæti hafa verið nefndur Hæna. Annað er þó ekki síðri nafnskýring, því þegar siglt er aðeins innar í fjörðinn gægist áberandi hnúkur fram, sem er inni í víkinni. Þetta er Hnjóturinn, sem er notaður sem mið í firðinum og gæti sem best hafa nefnst Hæna fyrrum.

Rauðasandur er í Landnámu kenndur við Ármóð hinn rauða sem þar nam land. Hvergi er þó náttúrunafnaskýringin augljósari; enda liggur við að hinn rauði hörpuskeljasandur æpi nafnið að hverjum sem lítur sandlengjuna augum, hvort heldur er af sjó eða fjallabrúnum. Tilbúningur Landnámu um nafnið dregur mjög úr heimildargildi ritsins um önnur staðanöfn.

Tálkni nefnist sérkennilegur núpur milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Hvert gilið tekur við af öðru, svo tilsýndar minnir á fisktálkn. Fjallið er sagt heitið utani landnámsmanninn Þorbjörn tálkna sem var háseti á skipum Kolls eða Örlýgs. Líklegt er að nafn hans, eða a.m.k. viðurnefni, sé tilbúningur.

Geirseyri, sem nú er að mestu horfin, var líklega kennd við múla þann sem nú nefnist Geirseyrarmúli en hefur líklega fyrrum nefnst Geir, eftir lagi sínu. Bíldudalur er vafalaust kenndur við hinn áberandi berggang fremst í dalnum, sem minnir á hnífslað/bíld. Dýrafjörður er sagður numinn af landnámsmanninum Dýra. Líklegra er þó að fjörðurinn sé kenndur við dyr, með vísun til ásýndar fjarðarins úr hafi.

„Það má nú vera að þetta sé nú ekki beint náttúrunafn, heldur hafi sagan verið gerð utanum nafnið“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).

Náungi (n, kk) A. Nágranni; sá sem stendur manni nærri. (Gömul merking) B. Gæluorð um mann. „Þetta var dálítið furðulegur náungi“.

Návígi (n, hk) Náin viðureign. „Ekki fer á milli mála að þeir menn harðna og styrkjast sem einatt eru í návígi við náttúruöflin og bráðan dauða. Vermönnum fyrri tíðar var *ekki fisjað saman*“.

Nebbi (n, kk) Gæluorð um nef. „Skelfing ertu nú skítugur um nebbann, guttinn minn“!

Neðan (ao) Upp; neðanfrá. „Það tekur í að plampa neðan skriðuna með eggjakút og vað á bakinu“. „Mér líst verst á að koma þessum kvikindum neðan“ (Hafliði Halldórsson í aðdraganda björgunarinnar við Látrabjarg).

Neðan þilja (orðtak) Niðri í þilskipi/dekkbát.

Neðan (einhvers) virðingar (orðtak) Einhverjum ekki samboðið; einhver of vandur að virðingu sinni. „Honum fannst það neðan sinnar virðingar að eyða orðum á þessa bændakurfa“.

Neðanað (ao) Að neðan; neðanfrá. „Mér sýnist fæð vera að koma neðanað; það hefur ráfað í fjöruna“.

Neðanáfestingur (n, kk) A. Eiginleg merking: Sokkur sem gamall frambolur hefur verið skorinn af og nýr prjónaður í staðinn. B. Líking: Drullusokkur; ónytjungur; óvandaður maður. „Mér hefur nú alltaf fundist hann vera hálfgerður neðanáfestingur“. Eingöngu notað þannig í seinni tíð. Orðabækur gefa upp orðið neðanfestingur; án á, en vestra var þetta notað svona.

Neðanfrá (ao) Að neðan; uppeftir. „Jarðklakinn eyðist ekki síður neðanfrá en *ofanfrá*“.

Neðanimóti (ao) Upp/neðan á móti brekku. „Fjári er tafsamt að vaða snjóinn svona neðanimóti“.

Neðansjávarvirkjun (n, kvk) Orkuver/virkjun sem er neðan yfirborðs sjávar. Slík virkjun gæti nýtt orku sjávarstrauma/sjávarfalla; ölduorku eða vindorku, eða blöndu þessara orkugjafa. Enn er engin neðansjávarvirkjun starfrækt við Ísland en eitt fyrirtæki á landinu fæst við þróun á því sviði. Það er Valorka ehf, sem byggir á hugmyndum Kollsvíkingsins Valdimars Össurarsonar.

Neðantil (ao) Að neðanverðu. „Ég ætla að fara neðantil við hópinn og reka hann upp í ganginn“.

Neðanundir (ao) Undir; upp undir. „Mér heyrir vera eitthvað skrölt neðanundir jeppanum“.

- Neðanvert við / Neðanvið** (orðtak) Að neðanverðu; fyrir neðan. „Formmaðurinn er neðanvert við Axlarhjallann“. „Neðanvið Umvarpið handanmegin eru Handanbæjarmýrar“
- Neðanyfir / Neðanum** (ao) Að neðan og yfir. „Sandur fýkur oft úr Rifinu; neðanyfir Leira og Fit; yfir tún og bæi á Láganúpi og jafnvel útyfir Hnífa og Breið“.
- Neðarlega** (ao) Neðanvið miðju. „Strengbergshilla er neðarlega í Strengbergi; þar er nokkuð múkkavarp“.
- Nef** (n, hk) A. Líkamshluti í miðju andliti. B. Horn sem skagar fram eða upp úr klettum. C. Fremsti hluti flugvélar eða annars hlutar.
- Nefklemma** (n, kvk) Gæluyrði yfir ímyndaða klemmu sem sett væri á nef til varnar gegn stækri fýlu. „sæktu nú einhverja nefklemmu fyrir okkur ef þú ætlar að *reka* svona *fullt við* aftur“!
- Neflangur** (l) A. Með langt nef. B. Notað í Rauðasandshreppi um þá sem voru áberandi forvitnir og spurulir um alla hluti. „Hann er alltaf dálítið neflangur, svo þú skalt ekkert vera að nefna þetta“.
- Nefmæltur** (l) Talar þannig að hljóð virðist bergmála í nefinu. „Ég var dálítið nefmæltur útaf kvefinu“.
- Nefna** (n, kvk) Það sem varla stendur undir nafni. Oftast notað sem síðari liður heitis. „Hann snýtti sér í einhverja vasaklútsnefna; gauðrifna og skítuga“. „Þessi hrifunefna er alveg að verða ónothæf“.
- Nefna á nafn** (orðtak) Nefna; *hafna orð á; minnst á; taka í mál*. „Vertu ekki að nefna neina greiðslu á nafn; þú áttir þetta svo sannarlega inni hjá mér“! „Hann rær aldrei á sunnudögum; það þýðir ekki að nefna það á nafn“. „Ýmis hjátrú stýrði því hvernig talað var á sjónum. T.d. mátti aldrei nefna hval á nafn, því þá gæti illhveli komið og grandað bátnum“. „Nefndu mig á nafn *ef þér liggur lítið við*“.
- Nefna við** (orðtak) *Orða við; færa í tal; viðra við*; tala um málefni við einhvern. „Ég nefndi þetta aðeins við hann, og hann *tók* bara *vel* í það“.
- Nefnandi** (l) Sem má nefna/ er þess virði að nefna. „Ég held það væri alveg nefnandi við hann að skreppa í róður; nógu gott er veðrið og ekkert aðkallandi að gera annað“.
- Nefndastúss** (n, hk) Vinna við störf í nefndum og stjórnnum. Nokkuð notað orð á Láganúpsheimilinu um áratugaskeið, enda var Össura Guðbjartsson mikilvirkur í ýmsum stjórnnum og nefndum á sviði félagsmála og framfara. Hann var lengi hreppsnefndarmaður og oddviti í Rauðasandshreppi; sýslunefndarmaður í V-Barðastrandasýslu; fulltrúi í Stéttarsambandi bænda; fulltrúi á Búnaðarþingi; í forsvari framsóknarmanna á Vestfjörðum; hvatningarmaður að stofnun Orkubús Vestfjarða og í stjórn þar; í stjórn Sláturfélagsins Örlygs og um tíma kaupfélagsstjóri; kennari við barnaskóka Rauðasandshrepps; hvatamaður að stofnun héraðsskjalasafns; í stjórn sjúkrahúss o.fl.o.fl. Auk þess mkilhæfur bóndi og fjárræktarmaður.
- Nefnilega** (ao) Nánar tiltekið; semsé. Oftast notað sem áhersluorð í seinni tíð. „Ég er ekki sáttur við hann núna; hann lofaði nefnilega að aðstoða mig við smalamennskur, en sveik það“. Sjá *það er nefndilega það*.
- Nefndu ekki snöru í hengds manns húsi** (orðatiltæki) Ekki er ráðlegt að nefna málefni sem vekja upp sterkar tilfinningar áheyranda. „Ég var ekkert að rifja það upp fyrir honum hvernig gekk í síðasta róðrinum; það er kannski best að vera ekki að nefna snöru í hengds manns húsi“.
- Nefndu mig ef mikið liggur við / Nefndu mig ef þú þarft lítills við** (orðatiltæki) Mundu eftir að biðja mig um aðstoð ef þú ert hjálparþurfi. Komið úr þjóðsögum; vættur sem ávallt er til staðar ef eftir er kallað.
- Nefndu það!** (orðatiltæki) Upphrópun, notuð í ýmiskonar meiningu eftir því hvernig tóntegund og tilefni er. Oft sagt sem viðbrögð og undirtekir við einhverju sem viðmælandi hefur rifjað upp, og þá gjarnan með já á undan og áherslu á „það“; stundum hnýtt „nú“ á eftir. Stundum notað í miklum hneykslunartón um eitthver ummæli eða vangaveltur viðmælanda og þykja fráleit. Þá með mikilli áherslu á „nefndu“, og stundum já fyrir framan. Einnig oft notað þegar úr mörgu er að velja; valkostir svo margir að ekki hefur allt verið talið upp. „Hann nennti ekki að koma með okkur og bar öllu við: Hann væri með kvef, hálsbólbu, bakverki, hausverk og yfirleitt alla heimsins kvilla; nefndu það bara“!
- Nefndu það (nú) ekki! / Nefndu það ekki ógrátandi** (orðtak) Upphrópun. Þetta er svo yfiringilegt að varla er hægt að ræða það. Oft notað þegar viðmælandi minnst á það sem veldur mikilli hneykslun/sorg/reiði. „Nefndu það ekki“ var oft andsvar þegar viðmælandi minntist á að launa fyrir greiða sem gjöf skyldi vera.
- Nefndur utani** (orðtak) Skýrður í höfuðið á. „...og var farið fyrir neðan girðingu á Stekkjarmel, sem í daglegu tali var kallaður Kallamelur, utan í ábúandann“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Nefnilega** (ao) A. Semsé; nánar tilgreint. „Það er ekki undarlegt þó þú sæir ekki þetta fólk. Þetta var nefnilega huldufólk“. B. Merkingarlaust hikorð eða andsvar. „Það er nefnilega það“. (Oft frb. „nebblega“). „Sá varð nú heldur byrstur og sagði: „Fussum fei;/ ég fer víst ekki að leika mér við skvísu./ Það kemur ei til mála; nei og aftur nei;/ ég var nefnilega að horfa á hana Dísu“!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Nefrennsli** (n, hk) Rennsli úr nefi. „EKKI lagast hjá mér nefrennslið í þessum kulda“.

Nefskeraegg (n, hk) Egg úr *nefskera*. „Nefskeraegg er helst að finna í klettaslefrum, en einnig á stöllum“.

Nefskeri (n, kk) Uria lomvia. *Stuttnefja* var í Látrabjargi og nágrenni aldrei kölluð annað en nefskeri, og er svo enn. Það heiti var ekki notað annarsstaðar, en í Papey var fuglinn nefndur stuttvíi. Heitin stuttnefja og langvía eru dálítið villandi, enda eru nef þessara líku svartfuglategunda nokkuð álíka að lengd. Hinsvegar þekkt nefskerinn helst á áberandi hvítri rönd á jaðri efra goggs; sem líkist helst hníf að lögun, og af því dregið heitið nefskeri. Þá hefur hún annað höfuðlag en langvían; er háslengri og með hvítar síður. Annars er útlit nefskera áþekkt útliti langvíu í megindráttum. Varpvæði og lífshættir eru nokkuð ólík. Meðan langvían kys helst að verpa í þéttum hópum á berar klettasyllur kann nefskeinn best við sig í strjálbýli í klettaslefrum og jafnvel moldarflögum. T.d. var til skamms tíma nokkuð þétt varp nefnskera í neðri brún Stígsins í Bæjarbjargi, og fór orðasafnari þar árlega í egg forðum tíð. Nefskera hefur fækkað mjög í seinni tíð, og veldur þar einkum fæðuskortur.

Neftorta (n, kvk) Gæluheiti á nefi. „Nú hef ég gleymt klútnum mínum; áttu ekki eitthvað sem ég get snýtt úr neftortunni með“? Torta er víða þekkt sem gæluheiti á sitjanda/aftuenda/rassi, en þessi notkun er ekki þekkt utan Kollsvíkur og e.t.v. næstu bæja.

Neftóbak (n, hk) Fínskorið tóbak sem tekið er í nefið. Fyrrum notuðu menn *rjól*, sem gjarnan kom í þéttum upprúlluðum lengjum. Neyðarástand skapaðist hjá neftóbaksmönnum á árum síðari heimsstyrjaldar, þegar tók fyrir innflutning rjóls frá Danmörku. Þá var gripið til þess að flytja hrátóbak frá Bandaríkjunum og Kollsvíkingurinn/efnafræðingurinn Trausti Einarsson (höfundur „Kollsvíkurættarinnar“) var fenginn til að búa til skorið neftóbak sem líktist rjólinu frá Brödrene Braun, sem tóbaksunnendur könnuðust við.

Neftóbaksdolla / Neftóbakskrukka (n, kvk) Gler-, og síðar plastkrukka sem neftóbak var selt í um tíma. „Við röltum framundir Litlagil og týndum ber í tvær fullar neftóbaksdollur. Næst þurfum við eitthvað stærra ílát en neftóbakskrurkur“.

Neftóbaksdós (n, kvk) Dós til geymslu á nefntóbaki; hæfilega stór í vasa. „Guðbjartur afi gekk ævinlega með þrjár nauðsynjar í sínum vösom; vasahnífinn, neftóbaksdósina og tóbaksklútinn“.

Neftóbaksglas (n, hk) Sumir höfðu neftóbak sitt í litlum glerglösum en ekki dósnum eða pontum eins og flestir. Glösin voru t.d. undan bökunardropum eða öðru.

Neftóbaksmaður (n, kk) Maður sem neytir neftóbaks. Mikið var um neftóbaksmenn í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20.aldar í minni skrásetjara. Einkum voru það eldri menn, enda var síðurinn á hröðu undanhaldi. Konur notuðu ekki neftóbak að jafnaði.

Neftóbaksponta (n, kvk) Tóbaksponta; ílát sem er sérsmíðað til geymslu á nefntóbaki, af stærð sem fer vel í vasa. Vönduð ponta er úr málm; perulaga og flöt; með stungnum tappa í mjórri endanum sem þægilegt er að skammta sér úr, og skrófuðum tappa á breiðari enda þar sem fyllt er á. Guðbjartur á Láganúpi átti forláta neftóbakspontu, sem hann notaði nokkuð mikið.

Negla (n, kvk) Spons/tappi í neglugat í kjalsogi báts, og er neglan tekin úr til að hleypa niður sjó úr kjölsoginu þegar báturinn er settur. Venja var í Kollsvík, þegar negla var sett í bát, að banka létt á hana með stýrissveif bátsins til að festa hana í gatinu. Ekki var notaður neglusteinn eins og sumsstaðar mun hafa verið gert. Þess var vandlega gætt að hafa varaneglu um borð, því alltaf gat negla losnað og farið útbyrðis með austrinum. Neglugat er ávallt haft stjórnborðsmegin í báti, en sé það bakborðsmegin nefnist það hjákonugat. „Munið að setja negluna í áður en þið ýtið á flot“. „Óli á Nesi smíðaði bát úr krossviði fyrir Össur og Ingvar í Kollsvík kringum 1971, sem þeir nýttu einkum til grásleppuveiða frá Hænuvík og Gjögurum. Báturinn var *kostagripur* að mörgu leiti. Hann var með hálfgafla fyrir utanborðsvél, og var í fyrstu með 9ha Johnson en síðar 20ha Chrysler. Einn kostur bátsins var sá að ef neglan var tekin úr á ferð þá lensaði hann á skömmum tíma allan sjó úr bátinum vegna sogs af ferð bátsins“. „Arni var fyrstur að bátinum; stakk í neglunni og leit yfir bátinn; hvort allt væri með“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Neikvæður (l) Andsnúinn; ekki jákvæður. „Mér fannst hann fremur neikvæður í þessum efnum“.

Negla niður (orðtak) Fastsetja; ákveða. „Ég er ekki búinn að negla niður neina ákveðna dagsetningu“.

Neglingsfast (l) Um hlut sem erfitt er að losa; fast eins í góðri neglingu.. „Netið er neglingsfast í botni“.

Neip (n, kvk) Bilið milli kreppta fingra. „Sumir halda pennanum í neipinni þegar þeir skrifa“.

Neipa (s) Ná góðu taki á með neipinni. „Mér finnst best að neipa ristilinn þegar ég er að rekja hann“.

Neisko! (ao) Upphröpun sem lýsir undrun eða ákveðinni neitun. „Neisko; finn ég ekki þarna hnífinn minn“! Sjá *ska*.

Neistaflug (n, hk) Neistar sem skjótast út í loftið, t.d. þegar járn er slegið á steðja eða úr strompi við kyndingu. „Neistaflugið stóð uppúr púströrinu þegar hann gaf vélinni hressilega inn, og sást vel í rökkrunu“.

- Neita vendingu** (orðtak) Um siglingu skips; vill ekki taka vind á gagnstætt borð þegar sigldur er beitivindur. „Tvær voru aðferðir við að venda skipi. Mátti bæði *stagvenda* og hálsa, þ.e. *kúvenda*. Stagvending var miklu hentugri í alla staði og einatt viðhöfð þegar hægt var. En gangtrek skip *neituðu* stundum *vendingu*; fengust ekki til að falla yfir til annarrar hliðar þótt þeim væri beitt upp í vindinn. Þá neyddust menn til að beita hinni aðferðinni, að slá skipinu undan vindinum og sigla nær því í hring. Tafði það siglinguna og þótti verra í alla staði“ (GilsG; Skútuöldin).
- Nema hvað!** (orðtak) A. Upphrópun; andsvar sem lýsir hneykslun á að efast sé um það sem augljóst þykir. B. Innskot/hikorð í frásögn; iðulega notað í Kollsvík og nágrenni; stundum þó einungis fyrra orðið. „Nema að þau fara að tala saman...“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).
- Nema nærri / Nema við** (orðtak) Snerta; koma við; jaðra við. „Hafðu fríhólt á milli, þar sem báturinn nemur við hleinina“. „Nú fer að nema við háflæði“. „Það nemur nú nærri að maður fari að sigla í land, ef ekkert fer að rætast úr með veiðina“!
- Nema síður sé** (orðtak) Gæti verið þveröfugt/ á hinn veginn. „Þetta er alls ekki ofselt, nema síður sé“.
- Nema staðar** (orðtak) Staðnæmast; stöðvast. „Tvævetlan æddi eins og landafjandi fram allan dalinn, og nam ekki staðar fyrr en við Startjarnir“.
- Nema það...** (orðtak) Hiksetning eða innskot í frásögn, sem ekki hefur neina þýðingu í raun, en gefur sögumanni svigrúm til að t.d. byggja upp spennu. „Eftir þetta var siglingin tíðindalaus að mestu; nema það að þegar kom í Röstina var komið *hvítfossandi* norðurfall móti vindi“.
- Nema því aðeins** (orðtak) Einungis með því skilyrði. „Hann vildi alls ekki koma nema því aðeins að hann fengi að hafa hundinn með“.
- Nenna** (s) Hafa drift/framtak í; koma í verk. „Ég held ég nenni ekki að eiga meira við þetta í dag“.
- Nenna** (n, kvk) Löngun/uppburðir til að farmkvæma/gera. „Þú getur ekki búist við háum einkunum ef þú hefur enga nenna til að læra drengur“.
- Nennuleysi** (n, hk) Viljaleysi; framkvæmdaleysi. „Það er ekki eins og þeir hafi ekki fengið tíðarfar til að heyja eins og aðrir; þetta er bara nennuleysi og *skussaháttur*“.
- Nepja** (n, kvk) Það er *nepja*, eða *nepjukalt*, þegar hann er *napur* (kaldur).
- Nepjugjóra** (n, kvk) Kaldur vindur; *kuldagjóstur*. „Klæddu þig almennilega; það er nepjugjóra“.
- Nepjukuldi** (n, kk) Mikill kuldi; *napur* vindur; *nepjunæðingur*.
- Nepjulegur** (l) Kuldalegur í veðurútliti/viðmóti. „Ári er hann orðinn nepjulegur þessa dagana“.
- Nepjunæðingur** (n, kk) Kuldagjóstur; kalduog nokkuð stífur vindur. „Bölvaður nepjunæðingur er nú þetta“!
- Nesta** (s) Búa út með nesti/mat til ferðar. „Ég sé að konan hefur nestað mig vel eins og *endranær*“.
- Nestisbiti** (n, kk) Nesti; matur meðferðis. „Við erum vel búnir undir gönguferðina, eftir góðgerðir hjá bróður mínum og mágkonu og með nestisbita í vasa“ (IG; Sagt til vegar I). „Teygðu þig fram í lúkarinn og sæktu nestisbitann okkar“.
- Nestisbox / Nestisdallur / Nestiskassi / Nestisstokkur / Nestisskrína** (kk/kvk) Kassi/stokkur undir nesti. Sjómenn fyrr á tíð höfðu ekkert nesti með sér á sjó; hvorki vott né þurrt. Á tímum Kollsvíkurvers tíðkaðist að hafa sýrublöndu með sér, en engan mat. Síðar, t.d. þegar farið var að gera út á grásleppu seint á 20.öld, fóru menn að hafa með sér vel útlátið nesti á sjóinn; kaffi á hitabrúsa og mjólk á flösku; smurbrauð með því; múkka- eða svartfuglsegg og e.t.v. harðfiskstrengsli. Enda var útivera þá nokkuð löng. Brauðið var í stökk/kassa, en svo var öllu komi fyrir í nestisgjúðru/nestistuðru.
- Nestisskrína** (n, kvk) Skrína fyrir/með nesti. „Nestisskrínur voru upp teknar, og bar þar mest á þjóðarrétti okkar; hangikjötinu“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949). „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáslambinu“ (PG; Veðmálið).
- Nestisgjúðra / Nestistuðra / Nestispoki / Nestisskjóða / Nestistaska** (n, kvk/kk) Poki/skjóða undir nesti. „Teygðu þig nú í nestisgjúðruna þarna framí“. „Munið svo eftir nestistuðrunni þegar þið farið“.
- Net** (n, hk) A. Veidarfæri úr girni til veiða á fiski. Netaveiðar í sjó voru einungis stundaðar á *hrognkelsum* í Kollvík og nágrenni, og er netum nánar lýst þar.
- Netabauja / Netadufll** (n, kvk/hk) Bauja/dufl sem heldur uppi uppistöðu í enda strengs af netum og markar staðsetningu hans og legu. Baujur hafa þróast í tímans rás. Í fyrstu voru þær úr uppblásnum skinnbelgjum; síðar úr korki eða gúmmíi, en nú á tímum oftast úr plastbelgjum, holum plastkúlum eða frauðplastkúlum. Sumar eru með stöng uppúr og flaggi. Jafnan eru baujur merktar á einhvern hátt, oft með nafni eða númeri báts.

Netablý (n, hk) Blýhólkar sem þræddir voru upp á *steinapin*; *blýapin* á neti til að halda því við botn. Netablý þóttu mikil framför frá netasteinum sem notaðir höfðu verið frá örófi alda; sátu örugglega á teinum og *slógust* síður *inni*. Í fyrstu voru blýþynnur klemmdar um teininn, en fljótlega var farið að steypa blýin. Gerðu grásleppukarlar það sjálfir; bræddu upp blý úr ónýtum rafgeymum og mótuðu það í *blýatöng*, sem gekk milli manna. Það blý var hólkur sem þræddur var upp á teininn og benslaður/klemmdur við hann. Síðar leystu blýþinir blýin algerlega af hólmi, en í þá eru ofnir blýþræðir.

Netabúnt (n, hk) Nokkur fjöldi neta saman í pakkningu; oftast þá átt við netaslöngur sem ekki hafa verið felldar á þin/tein.

Netabæting (n, kvk) Lagfæring nets með því að brúa yfir slitna möskva með netagarni eða riða net í skemmdina. Á seinni tímum hafa menn lítt hirt um netabætingar, heldur endurnýjað netin við mikið slit.

Netadráttur (n, kk) Dráttur neta; vitjun um net. „Maður *hálflerkaður* eftir að hafa puðað í netadrætti *allan liðlangan daginn*“.

Netadrusla (n, kvk) Lélegt net. „Það þarf að skera þessar netadruslur af teinum“.

Netadræsa (n, kvk) A. Lélegt net; druslulegt net. „Það tekur því varla að leggja þessar netadræs“ B. Gæluorð um net. „Eigum við að draga nokkrar netadræs í viðbót áður en við förum í land“? C. Net sem kuðlast hefur saman í sjónum, oftast með teinum og innihaldi, stundum rekið á fjörur.

Netafelling / Netainnsetning (n, kvk) Felling nets á þin/tein. Tvær megináferðir voru við *fellingu/innsetningu* neta; *nálarfelling* og *bekkfelling*. Sú fyrri er vandaðri og meira notuð nú til dags, en sú síðari er fljótlegri. Sjá *setja inn net*; *fella net*.

Netafargan (n, hk) Gríðarlegt/ofboðslegt magn af netum. „Það er ekki furða þó stytta eitthvað upp í veiðinni þegar þetta ógnar netafargan er komið á þennan hlandkollublett! Það liggur við að megi hlaupa þurrum fótum eftir netabaujunum“!

Netafiskur (n, kk) Fiskur sem veiddur er í net. Þykir stundum lausari í sér en krókaveiddur fiskur; einkum ef net liggja lengi í sjó.

Netaflá / Netaflot / Netakorkur (n, kvk/hk/kk) *Flá*; *flot*; *korkur* sem notað er til að halda *flotteini/flotþin* á neti uppi í sjónum, og netinu opnu. Fyrstu flár voru tálgaðir tré- eða korkkubbar sem voru benslaðir við þininn. Síðar komu verksmiðjuframleiddir frauðkubbar með gati, sem þinurinn var þræddur í gegnum; síðan litlir hringir af harðplasti, en að lokum leysti *flotþinurinn/flotteinninn* flárnar/flotin/korkana af hólmi. Hann er ofinn af gerviefni sem hefur minni eðlisþyngd en sjórinn, og þar af leiðandi flotmagn.

Netaflækja (n, kvk) Net í flækju. Stundum þó notað um stóran *netahnút*.

Netafríður (n, kk) Fríður vegna veðurs til að vitja um net. „Hann er nú að hvessa svo að það er ekki meira en svo að það sé netafríður lengur“.

Netagarður (n, kk) Mikill fjöldi af netum/netastrengjum; *netastagur*.

Netagarn / Netapráður (nl hk) A. Garn til að riða net; efni í net. B. *Innsetningargarn*; *fellingagarn*; garn til að fella net á tein. Oftast notað í þeirri merkingu á seinni tíð.

Netagirðing (n, kvk) Mikill fjöldi af netum á sama svæði; *netagarður*; *netastagur*. „Ekki skil ég hvernig nokkuð *grásleppukvikindi* sleppur innfyrir þennan netagarð frammi í Flóanum“!

Netagrjót (n, hk) Netasteinar; steinar sem festir voru á *steinapin* neta til að halda þeim við botn, fyrir tilkomu *netalbýja* og síðar *blýtögs*. „Fariði strákar og tinnið saman heppilegt netagrjót; helst meira en hnefastórt og ílangt“.

Netahnútur (n, kk) A. Hnútur sem kemur í net, oftast við að veiði ólmast í því eða þari hefur *göndlað* því saman í straumi/báru. Netahnúta þarf að leysa til að netið verði afram *veidið*, en þeir eru misjafnlega *illvígir* viðureignar. Slæmir hnútar geta t.d. komið í grásleppunet sem rauðmági *ánetjast*. Voru oft miklar *yfirlegur* hjá grásleppukörllum að leysa hnúta og stundum hrökk þeim *ókrístilegt* orðbragð af munni. Sumir voru býsna lagnir við hnúta; *fingruðu* þá og *tönnuðu* og beittu stundum *úrgreiðslugogg*. Fyrir kom að *sýslumaður* var látinn ræða létt við þá þegar skorinn var stöku leggur, en slíkt var forðast í lengstu lög. B. Hnútur sem notaður er til að riða net. C. Net sem kuðlað er saman í hnút, oftast með teinum og innihaldi. Aldrei þó notað í þeirri merkingu í Kollsvík í seinni tíð. *Netadræsa* var notað um slíkt.

Netahnýting (n, kvk) Hnýting netahnúts; riðun nets. Ekkert var gert af slíku í Kollsvík eftir miðja 20.öld.

Netahreinsun (n, kvk) Hreinsun skíts/para/skeggs úr netum. Netahreinsun fór oft fram úti á sjó; ýmist um leið og net voru dregin eða með því að draga þau milli rúma í bátum. Ef mjög mikið var af skít í netum voru þau tekin í land; strengurinn lagður á þurran bala og tveir hreinsuðu á milli sín. Þá voru þau oft látin bíða þar til þarinn var skrælnaður, svo hann molnaði úr.

Netakubbur (n, kk) Netakorkur; korkur/flá sem festur var á flotþin neta til að halda því réttu í sjónum, fyrir tilkomu *flottógs*. „Það var töluverð framför þegar netakubbar urðu rúnnaðir; þeir köntuðu voru gjarnir á að flækjast og *ánetjast* í netinu“.

Netakúla (n, kvk) Kúla sem notuð er sem flot á net. „Töluvert hefur rekið af netakúlum í Kollsvík frá því þær tóku við af korki sem flot á net. Núorðið eru þær allar úr plasti, en áður voru þær ýmist úr gleri í netpoka eða álkúlur. Þær síðarnefndu nýttust ágætlega, t.d. sem fóður- eða vatnsílát“.

Netalagning (n, kvk) Lagning neta. Eftirfarandi lýsing á við verklagið meðan enn voru notaðir tvístafna bátar við veiðarnar. Fyrir fyrstu lögn voru netin lögð uppí bátinn í landi. Fláaþinurinn/korkaþinurinn/flotþinurinn var lagður niður í skutrúmið en steinaþinurinn/blýþinurinn í austurrúmið, þannig að netið sjálft lá yfir bitaþóftuna (sjá *rúm*). Þegar netin voru dregin stóð sinn maðurinn í hvoru þessara rúma og lagði netið niður á sama hátt. Framanaf var venja að *róa* netin út; þ.e. annar skipverja reri meðan hinn gætti þess að neti færi vel í lagningunni. Meðan steinar voru enn notaðir á þin þurfti að lyfta hverjum þeirra yfir borðstokkinn til að ekki smokkaðist úr lykkju eða skemmdist báturinn. Eftir að blý komu á teina héldu margir þeirri venju að kasta þeim útbyrðis; enda þá minni hætta á flækjum. Aðrir létu netið renna sjálft út. Í lok lagningar reru sumir út færið, en aðrir köstuðu hönkinni á eftir netasteininum/endasteininum. Eftir að vélar komu í báta og farið var að nota flotteina og blýteina var lagt á meiri hraða og hætta á *lagningarflækjum* minnkaði. Enn jókst hraðinn við lagningu þegar gaflbátar komu til sögunnar. Þá renna teinarnir aftur af bátum og netið fer yfir boga á milli þeirra. Með auknum hraða minnkaði sú hætta sem alltaf var á því að straumur bæri bátinn af fyrirhuguðu legustæði netastrengsins, og ekki varð lengur jafn mikil þörf á að taka tillit til straums og vindstöðu við lagninguna.

Netalagnir (n, kvk, fto) Svæði þar sem net eru lögð eða vænlegt/venja er að leggja net. Miklar netalagnir eru inn með sunnanverðum Patreksfirði; allt frá Kofuhleinum innundir Gjöggra. Sæmilegar netalagnir eru á Bótinni í Kollsvík, en *ekki náðarnærri* eins víðáttumiklar og í Breiðavík. Þar eru gríðarmiklar netalagnir utanfrá Vilhjálmsvör, suður á miðja vikina. Þá eru góðar lagnir undan Fjarðarhorni og við Landamerkjahrygg í Breiðnum.

Netamæti / Netamætingur / Netaskil (n, hk, fto/ kk) *Tengsli*; samsetning tveggja neta í *streng/trossu*.

Fragangur neta var oftast þannig að á enda hvors þins var lykkja og milli efri og neðri lykkju öflugt *stag*. Lykkjur *steinapina* beggja neta voru bundnar saman á netaskilum með tvöföldum flagghnútt, og sömuleiðis lykkjur *kubbateinanna/korkateinanna*. Hefði annar *lagt ofaní* af slysi þótti sjálfsagðir mannsiðir að draga það net að næstu netaskilum; leysa í sundur og binda saman undir. Væri um vítavert gáleysi að ræða var aðkomunet þverskorið og hnýtt með þverhnútt undir hinu. Argasti glæpur þótti að *skera í sjó*; þ.e. að hnýta endana ekki saman. „Það hefur orðið einhver snúningur á strengnum í lagningunni. Við drögum að næstu netamætum og lögum þetta“. Orðið „netamætingur“ í et.kk er líklega eldra í málinu, en var notað af sumum til skamms tíma. „Hér er netamætingur; þá getum við lagfært snúðinn á þessu“.

Netanál / Netnál (n, kvk) Sérstök nál til að fella net/ setja inn net. Netnál er um 20-30 cm löng og 2-3cm breið; flöt og oddlaga í annan enda en með kríu í inn í hinn. Framantil í nálinni er op og í því mjó nál. Fellingagarnið er þrætt í nálina þannig að brugðið er upp á nálina, niður í kríuna; uppá nálina hinumegin og þannig koll af kalli eins og þarf. Nálinni er síðan brugðið í gegnum netið/teininn þar sem þörf er á, og undið ofan af henni um leið. Netnálar voru áður úr beini eða tré, en eru núorðið einkum úr plastefnum. Kollsvíkingum var fyrrum tamara að hafa orðið án „a“ í miðju.

Netapláss (n, hk) Staður/mið þar sem venja er að leggja net/grásleppunet/rauðmaganet. „Ólarnir gerðu ekki neina kröfu um að eiga sín netapláss, en menn létu það samt vera að leggja í þau“.

Netaslanga (n, kvk) Net sem búið er að riða en eftir að fella/setja inn á tein. „Ég fékk kassa af netaslöngum“.

Netastagur / Netapvarg / Netastappa (n, kk) Mikið af netum í sjó sem eru þétt saman. „Það er þvílíkur netastagur framundan Helminum að þar er *ekki drepani niður fæti*“. Netapvarg er fremur notað í niðrandi merkingu. „Ekki undrar mig þó menn leggi hver yfir annan í þessu netapvargi; það er varla glenna á milli strengja“!

Netasteinn (n, kk) Kljasteinn; steinn sem festur er neðan á *steinapin/steinatein* nets til að halda því við botninn. Netasteinar voru um hnefastórir *hnefjusteinar/hnefahnúllungar*, sem safnað var í fjörunni í kring þegar net var *steinað niður* í bátinn. Þurftu þeir helst að vera ílangir til að tolla sem best í bandinu, en um þá var *tvíbrugðið* snæri; hnýtt þétt að og snærið bundið tvöfalt um tvo netateininn, en þó haft 2-3“ bil milli steins og þins. Tvívafið var um þininn og farið í öðrum hringnum milli þátta, svo ekki rynni til. Líklega hefur verið tæpur faðmur milli steina (man það þó ekki), þannig að allmikil þyngsli urðu í bátum af hverju neti. Stærri steinar voru hafðir í *niðristöður* í enda strengsins og stundum á *netaskilum*. Litill bátur var því fljótt þunghlaðinn af fáum netum. Þó vandlega væri steinað var alltaf eitthvað um að steinar hefðu tapast þegar vitjað var, einkum eftir slæma tíð. Því var alltaf nokkuð af aukasteinum haft með í hverja *vitjun*. Mikið var um að steinar væru *slegnir inni* þegar vitjað var; einkum eftir mikinn óróa, og stundum höfðu steinarnir flækt

netið allmikið. Þótti grásleppukörllum það mikil bylting þegar farið var að nota *netabljý* sem gengu utanum teininn og losnuðu þá við helstu vandamál netasteinanna. Önnur bylting, en þó minni, varð með tilkomu blýteina, þar sem blýið er þætt inn í þininn. Netasteinar voru notaðir í fyrstu grásleppuróðrum sem ég fór með pabba og Ingvari bróður hans, og hafði ég m.a. það hlutverk að safna steinum og binda á þá. (VÖ).

Netastrengur / Netatrossa (n, kk) Nokkur net sem samsett eru á endum í eina lengju. Málvenja var að tala einungis um „streng“ eða „trossu“, og var það fyrra almennara. Misjafnt var hve mörg net menn höfðu í streng, en þeim fjölgaði að jafnaði eftir því sem framfarir urðu í netagerð, þinum og bátum. Á tímum grásleppuútgærdarinnar miklu, um 1970-1990, var algengt að menn hefðu 5-6 net í streng, enda á sú lengd víða vel við breidd þaragarðsins sem lagt var á. Í strengnum eru *þinir* netanna bundnir saman; annaðhvort með flagghnútt eða réttum hnút. Í hvorum enda strengsins er *niðristaða/færi*. Neðri endi færísins er bundinn í stein, og er stutt frá honum í steinþin/blýþin netsins, en á efri enda færísins er dufl/bauja. Lengd færísins fer nokkuð eftir dýpinu sem lagt er á, en er alltaf höfð allnokkru meiri, til að átak baujunnar á steininn verði sem mest til hliðar en ekki beint upp. Umframlengdin er nefnd *yfirvarp* eða *kast*.

Netateinn / Netapinur (n, kk) Taug/lína sem notuð er sem *flotteinn/korkateinn* eða *steinapinur/blýteinn* á net. Oftast stýtt í *teinn* eða *þinur*, sjá þar.

Netaútgærd (n, kvk) A. Það umstang og sá búnaður sem fylgir netaveiðum. B. Sú atvinna að veiða í net.

Netaveiði (n, kvk) A. Veiðiskapur með net sem veiðitæki. B. Afli sem fæst í net.

Netgarmur (n, kk) Léleg net. „Við erum ekkert að leggja þennan netgarm með tálguðu flotunum“.

Netháls (n, kk) Endi þinar/teins á neti. Frágangur í enda nets er yfirleitt þannig að þinurinn er látinn ná dálítið útyfir enda netsins. Þar er gerð á hann lykkja eða gert fyrir endann til að ekki rakni upp. Sama er get bæði við korkatein/flottein og steinatein/blýtein, Þessi umframendi teinsins nefnist netháls, og er notaður til að hnýta tvö net saman í streng eða festa neti við niðristöðu/færi. Í enda netsins er oft þrædd taug úr sama efni og þinirnir, og hún splæst við efri og neðri þin. Nefnist hún *endastag*.

Nethelgi (n, kvk) *Netlög*; svæði innan línu sem dregin er 60 faðma út frá stórstraumsfjöruborði, en í nethelgi ríkir eignarréttur landeiganda, t.d. gagnvart veiðum. Orðið var almennt notað í Kollsvík og nágrenni en annarsstaðar virðast hafa verið notuð orðin „*netlög*“ og „*landhelgi*“ um sama hugtak. Rebekka Hilmarsdóttir frá Kollsvík ritaði meistaraþrófsritgerð um þessi efni árið 2010, í lögfræðinámi sínu.

Netja (n, kvk) Mörinn utanum vömbina. „Netja garnmör og nýrmör eru sett saman í mörva“. Sjá *mör*.

Netlengd (n, kvk) Lengd á neti til veiða. Sjá *hrognkelsi*.

Netlög (n, hk, fto) *Nethelgi*; það svæði sjávar fyrir hverri jörð sem tilheyrir henni og hennar eignarrétti. Netlög eru innan línu sem hugsast dregin um ystu punkta, 60 föðmum frá stórstraumsfjöruborði, skv „Lagasafni handa alþýðu“ eftir Magnús Stephensen o.fl, og er sú regla enn í gildi. „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn, tuttugu möskva djúp, að fjöru og komi þá flár upp úr sjó“ (Jónsbók, útg. árið 1280).

Netpoki (n, kk) A. Poki úr neti. B. Poki í neti. Sjá *poka sig*.

Netský (n, hk) Þunn gísín skýjahula.

Netstubbi / Netstubbur / Netstúfur (n, kk) Gæluorð yfir net. „Gaman væri nú að eiga einhvern rauðmaganetsstubba“.

Netthentur (l) Með fingerðar/smáar hendur.

Nettlega (l) A. Á finlegan/fimlegan hátt; nákvæmlega; sniðuglega. „Ansi var þetta nettlega gert“. „Þetta var nettlega orðað“. B. Nærri því; um það bil; tæplega; nálega. „Þetta gæti verið nettlega í eina tunnu“.

Nettur (l) Lítill; smágerður; finlegur; nákæmur; sniðugur. „Mariuerlan finnst mér mikið nettari fugl en sólskríkjan“. „Það var nett háð í vísunni; þó alls ekki meiðandi“.

Nettvaxinn (l) Fíngerður; smávaxinn; smábeinóttur.

Netveiði (n, kvk) A. Veiðar í net. Sjá *hrognkelsi*. B. Afli í net.

Neyð (n, kvk) A. Neyðarástand; alvarleg vandræði; lífsháski. „Það má nota þetta í neyð“. B. Nauðung; plága. „Það er alger neyð að þurfa að hlusta á svona leiðindaraus; gátu þau ekki fengið betri ræðumann“?!

Neyða (s) Þvinga. „Ég ætla ekki að neyða þig til að borða þetta ef þér líst ekki á það“.

Neyðarbrauð (n, hk) Neyðarúrræði; verstí kosturinn. „Það er algjört neyðarbrauð að þurfa að nota ljósavél, en þess getur þurft ef veitulínan bregst“.

Neyðarflaut (n, hk) Flaut skips í neyð. „1912 strandaði erlendur togari utantil við Látravöll undir Bjarginu. Heyrðist neyðarflaut til Keflavíkur“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

- Neyðarkall** (n, hk) Kall/hjálparbeiðni frá þeim sem er í *neyð*. „Ekki barst neyðarkall frá Croupier þegar hann strandaði á Blakknesboða, enda voru loftskeytataeki þá ekki komin í öll skip og vöktun lítil“.
- Neyðarlega** (ao) Vandræðalega; ömurlega; hjákátlega. „Það vantaði neyðarlega lítið uppá að þetta hefðist“.
- Neyðarlegt** (l) Vandræðalegt; skrýtið; skammarlegt; hjákátlegt. „Mér finnst það hálf neyðarlegt að þurfa að leita til læknis útaf svona smámunum“. „Hann var stundum neyðarlegur í orðum“.
- Neyðarréttur** (n, kk) Rétturinn til lífsbjargar, sem getur upphafið önnur lög í neyðartilvikum. Orðið hefur einnig verið notað í þjóðréttarlegum skilningi. A sama hátt ættu eigendur sjávarjarða, *ad réttu lagi*, að hefja aftur óheftar veiðar á sínum grunnmiðum; svo sem að fornu var. Stjórnvöldum var óheimilt að hrifsa þann rétt og gefa hann í hendur kvótabraskara á öðrum stöðum. Neyðarrétt má nota gegn svo augljósu óréttlæti.
- Neyðartalstöð** (n, kvk) Talstöð til sendinga neyðarkalls. Á fyrstu áratugum talstöðva voru þær dýrir gripir og fágætir. Eftir strand Dhoons á Langurðum var byggt björgunarskýli í Keflavík og sett þar upp neyðartalstöð.
- Neyðartilfelli / Neyðartilvik** (n, hk) Atvik/staða sem skapar tímabundna neyð.
- Neyðarúrræði** (n, hk) Það sem gert er til að losna úr/ forða frá neyðartilviki/neyð. „Það var neyðarúrræði hjá okkur að nota *nestisdallinn* til að ausa með“.
- Neyðast til** (orðtak) Vera tilneyddur/ þvingaður til. „Ég neyddist til að hætta vegna veðurs“.
- Neyðin kennir nakinni/naktri konu að spinna (og svöngum að vinna)** (orðatiltæki) Menn venjast fljótt því sem gera þarf; neyðist þeir til að gera það sjálfir. Menn verða jafnan að leysa úr aðstæðum sem upp koma.
- Neyma** (s) Ná taki á; fingra; klípa. „Þetta er svo smátt að ég neymi það varla með berum fingurgómunum“.
- Neyma af** (orðtak) Taka örlítið af; klípa af. „Það er svo lítið eftir af tertunni að *það tekur því ekkert* að neyma af henni. Hana! Skelltu þessu bara í þig“!
- Neyma við** (orðtak) Snerta örlítið; nema við. „Galdurinn við að egna músafellu er að láta pinnan neyma nógu laust við agnhaldið“. „Sigla þarf þétt framhjá klaknum, en þó gæta þess að neyma ekki við hann“.
- Neyslugrannur** (l) Nægjúsamur; aðhaldssamur; þarf lítils með. „Þetta er meira en nóg fyrir mig; ég er svo neyslugrannur“.
- Neysluvara** (n, kvk) Oftast er átt við matvöru, fatnað eða hráefni í þetta tvennt þegar rætt er um neysluvöru sem framleidd var í Rauðasandshreppi frá fornu fari til skamms tíma. Nú er ferðaþjónustan að taka við af framleiðslu neysluvöru sem helsta stoð byggðar í hreppnum.
- Neyta aflsmuna** (orðtak) Nýta meiri krafta til að hafa hinn veikari undir. „Hættu nú þessu bölvuðu pikki; ég vil helst ekki þurfa að neyta aflsmuna til að berja í þig skynsemina“!
- Neyta allra bragða/ráða** (orðtak) Gera allt sem unnt er; *leita* allra *leiða*; beita öllum ráðum. „Nú þurfum við að neyta allra bragða til að afstýra þessu“.
- Neyta allrar orku** (orðtak) Taka á af öllum kröftum. „Ég þurfti að neyta allrar orku til að koma steininum upp í vegginn“. „Nú mun allra orku neytt;/ engin vægð né blíða:/ Teknar sveiflur, brögðum beitt/ brölt um hellinn víða“ (JR; Rósarímur).
- Neyta matar** (orðtak) Borða; matast. „Ég var orðinn sársvangur; enda kom ekki til greina til að neyta matar fyrr en þetta var afstaðið“.
- Neyta sín** (orðtak) Nota krafta/hæfileika sína; gera; framkvæma. „Ég er að reyna að spenna tannhjólíð af öxlinum, en aðstaðan er svo þröng að það er erfitt að neyta sín við þetta“.
- Neyta skal meðan á nefinu stendur** (orðatiltæki) Grípa skal tækifærið meðan það býðst. Máltækið er upphaflega sagt sótt í ævintýrasögu um karl og kerlingu sem eignuðust tunnu af sméri og létu geyma hana í kóngsgarðinum. En konan freistaðist til að sækja sér af og til í tunnuna þar til hún var tóm. Upp úr henni flaug fluga, sem kerling sakaði um að hafa stolið smérinu. Þegar hún settist á nefið á karli viðhafði hann þetta orðatiltæki; kerling sló hann í hausinn með kylfunni og urðu þetta því hans síðustu orð.
- Né heldur** (orðtak) Ekki heldur; aukin áhersla á „né“. „Mér finnst þetta heldur snautleg smalamennska hjá þeim. Þeim tókst hvorki að ná öllu fénu; né heldur koma því í rétt sem þeir þó fundu“!
- Nibba** (n, kvk) Ójafna; nef (í klettum). „Fremsta nef Blakksins nefnist Nibba og heiman við það er Nibbugjá“.
- Nið** (n, hk) A. Núningur; nudd; nugg; ið; hreyfing. „Í næturkyrrðinni mátti heyra niðið í grásleppunni sem hékk til sigs undir þakskegginu; þegar golan hreyfði við henni“. B. Nöldur; tuð. „Hættu nú þessu eilífa niði“! C. Nýtt tungl; myrkur. „Það *skiptast á ný og nið* í þessum efnunum sem öðrum“.
- Niða** (s) Suða; hvína. „Eitthvað hefur hann snúið sér í áttinni, fyrst farið er að niða á þessum glugga“.
- Niðaandskotansþoka / Niðadéfilþoka** (n, kvk) Köpuryrði um þoku sem glepur sýn. „Hann er að hella yfir einhverri niðaandskotans þoku; það verður *óglæsilegt* að koma strengnum rétt í sjóinn aftur“! „Það var slík

niðadéfilspoka þarna á fjallinu að maður varð bara að þræða kindagötur til að villast ekki“. Alltaf er spurning hvað sé orð og hvað sé ekki orð, en í ljósi þess að þessi og annar eins samsetningur hraut oft af vörum Kollsíkinga; og í ljósi þess að orðabækur tilgreina samsett orð engu merkilegri, fær þetta að fljóta í registrið.

Niðamyrkur (n, hk) Algert myrkur; hvorki stjörnu- né tunglþjart. „Nú var jörð auð að mestu; niðamyrkur og þoka...“ (MG; Látrabjarg).

Niðanótt (n, kvk) Dimmt að nóttu. „Það er nú rétt að fara að draga sig í rúmið; enda komið fram á niðanótt“.

Niðapoka (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Niðapoka var á, og náttmyrkur, og lentu þeir í villu á fjallinu“ (MG; Látrabjarg). „En þegar bátarnir höfðu skamma stund verið á fiski, gerði niðapoku svo að hvergi sá til lands“ (ÖG; Þokuróður). Einnig *niðadimm þoka* og *kolniðapoka*.

Niðdimma (n, kvk) Mikið myrkur; svartamyrkur. „Maður sér ekki neitt í þessari niðdimmu“.

Niðdimma (s) Verða mjög dimmt. „Það þýðir lítið að fara af stað þegar farið er að niðdimma“.

Niðdimmur (l) Mjög myrkur/dimmur. „Það var orðið svo niðdimmt að við sáum varla *handaskil*“.

Niðra (s) Lítillækka; lasta. „Hún var blessunarlega laus við að niðra eða baktala nokkurn mann“.

Niðrifyrir (ao) Í sjálfum sér. Eingöngu notað nú í orðtakinu að vera *mikið niðrifyrir*; vera æstur/*óðamála*. „Honum var svo mikið niðrifyrir að hann kom varla upp eiu einasta orði“.

Niðrilega (n, kvk) A. Sjóskrýmsli sem liggur á hafsbotni, en kemur upp á sjó ára fresti. „Þetta var gríðarstórt sjóskrýmsli sem svam þarna í Patreksfirðinum; á að giska um tuttugu fadmar á lengd; með tvo fjallháa hnúka uppúr hryggnum; líkt og fjallið sem hann benti mér á og heitir Kryppa; rétt fremst í Örlygshöfninni. Hann sagði mér að hann hefði heyrt frá gamalli tíð, að þessi niðrilega kæmi upp á sjó ára fresti og hún hefði lítið um sig. En hættulegt mundi bátum að vera nálægt henni, því það væru dæmi til að hún hefði grandað bátum. Að öðru leyti gerði hún ekki neitt mein“ (MG; Úr Vesturbýggðum Barðastrandasýslu; frásögn GJH). B. Niðrilega þekktist einhversstaðar á landinu sem heiti á niðurstöðu veiðarfæra (sbr LK; Ísl.sjávarhættir)

Niðristaða (n, kvk) Færi á neti/lóð; *niðurstaða*. „Nú fór ég að afla mér efnis í lóðir, belgi, niðristöður og dreka; og svona ýmislegt sem þurfti til útgerðar“ (KÖ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Niðristöðusteinn (n, kk) Stjórasteinn; steinn í botnenda niðristöðu, sem enda steinþinsins/blýþins nets eða enda fiskilínu er fest við (sjá *hrognkelsi* og *niðristaða*).

Niðrifrá (ao) Fyrir neðan; þarna niðri. „Ég var niðrifrá; það er rekið feiknamikið tré í Bótinni“.

Niðrí (ao) Týnt; finnst ekki. Óvíst er hvað þetta var útbreitt en Jón Hákonarson, kaupfélagsstjóri á Hnjóti og af Kollsvíkurætt notaði þetta oft, t.d. ef hlutir eða pappírar fundust ekki: „Það er niðrí“. Ekki er vitað til að þetta hafi verið í notkun annarsstaðar í þessari merkingu. Jón hélt vel á lofti sérkennilegu máli.

Niður (ao) Ofan; stefnan að ofan. Fyrrum var fremur notað „ofan“ þar sem í seinni tíð er notað „niður“. „Fardu varlega þegar þú kemur ofan stigann“. Þegar róið er á djúpmið er talað um að fara niður („ofan“ áður fyrr). „Á tímabili þurfti að róa niður á Skeggja eða lengra til að fá í soðið. Það var ekki *murða* af fiski á grunnslóð“.

Niður (n, kk) Suð; kliður; fjarlæggt hljóð. „Í kyrru veðri eða sunnangolu heyrst stundum til Kollsvíkur niður af stórsjó undir Látrabjargi“.

Niðurámilli (ao) Niður í millum. „Ég tapaði vasahnifnum niðurámilli í fjárhúsinu og þurfti að rífa spel úr grindinni til að ná í hann“.

Niðurávið (ao) Í áttina niður. „Til að komast í Nafargjá úr ganginum þarf fyrst að fara niðurávið; niður brík sunnan við gjána“.

Niðurbrotinn (l) A. Brotinn; rústaður; malaður. Garðurinn var niðurbrotinn á kafla, þar sem brimið hafði lamið á honum“. B. Beygður; harmþrunginn; *eyðilagður*. „Hann var niðurbrotinn maður eftir þetta slys“.

Niðurbrunnið (l) Brunnið niður. „Það hefur gleymst að slökkva á kertinu, svo það er alveg niðurbrunnið“.

Niðurbrytjaður (l) Brytjaður/saxaður niður. „Niðurbrytjaður mör var notaður í blóðmör og bjúgu“.

Niðurbræddur (l) Bræddur niður. „Niðurbræddu blýinu var svo hellt úr deiglunni í mótið“.

Niðurburðarrúst (n, kvk) Lág grjótrúst þar sem *niðurburður* hefur verið festur niður með því að leggja steina ofan á hann, svo tófa geti síður dregið hann til“.

Niðurburður (n, kk) A. Æti sem egnt er fyrir við tófuþús. Vanalega slátur af sjálfdaudu fé eða álíka. Niðurburðurinn var rústaður þannig að tófan næði ekki að draga hann í burtu, og gjarnan beðið með það nokkra daga að liggja fyrir henni til að venja hana við“. B. Æti sem skorið er niður á hákarlamiðum í nokkurn tíma áður en veitt er, til að venja hákarlinn á slóðina.

Niðurbældur (l) Bældur/þvingaður/lagður niður. „Sjá mátti af niðurbældu grasinu hvar kýrnar höfðu legið um nóttina“.

- Niðurdreginn** (l) Dapur; ekki í góðu skapi. „hversvegna ert þú svona niðurdreginn lambið mitt“?
- Niðurdrepandi** (l) Til þess fallið að draga úr kjark/baráttuhug. „Skelfilega er þetta niðurdrepandi ræða“.
- Niðurdrepinn** (l) Haldið niðri; bældur; eyðilagður. „Nú á dögum er allt framtak niðurdrepið; þeir sem vilja gera betur en aðri, og hafa eitthvað fram að færa, eru skotnir í kaf af kerfinu; hafi þeir ekki réttan prófstimpil á rassgatinu og noti þeir ekki „viðurkenndar“ aðferðir“!
- Niðureftir** (ao) Ofan; í áttina niður. „Leysingavatnið rennur niðureftir veginum og grefur í hann rásir“.
- Niðurfali** (n, hk) A. Samanfall/niðurbrot húss/mannirkis. „Kofinn var orðinn ansi hrörlegur og að niðurfalli kominn“. B. Svelgur sem vatni er ætlað að renna niðurum. „Niðurfali var í gólfinu og hallaði að því“.
- Niðurfallinn** (l) Fallinn niður/saman. „Hagamannabúð er niðurfallin fyrir nokkrum árum“.
- Niðurferð** (n, kvk) Ferð niður. „Það eru seiglingslangir lásarnir í Stóðin. Maður er búinn eftir eina niðurferð“.
- Niðurfreðinn / Niðurfrosinn** (l) Frosinn fastur í klaka/ís á jörðinni. „Hurðin frá kofanum er alveg niðurfreðin“. „Ég sá hrifu liggjandi frammi á sléttu; hún er náttúrulega niðurfrosin núna“
- Niðurfyrir** (ao) Að ofan og neðar en viðmiðið; ofanfyrrir. „Komum okkur í skjól niðurfyrir brúnina“.
- Niðurganga** (n, kvk) A. Ganga niðurímóti; niðurferð. „Niðurgangan úr Ölduskarði á Vellina veitist sumum nokkuð örðug, en hún er þó smámunir ávið púlið í uppgöngunni“. B. Staður þar sem gengið er niður. „Hér er niðurgangan á þennan eggjastað“.
- Niðurgangspes** (n, kvk) Umgangspes sem veldur niðurgangi/skitu. „Ég hef ekki enn fengið þessa niðurgangspes, en þeir eru víst margir sem til á kamrinum þessa dagana“.
- Niðurganga** (n, kvk) Staður þar sem farið er niður, t.d. af klettabrún.
- Niðurgangur** (n, kk) Skita; steinsmuga; renniskítur; veggspýtingur. „Þeir kalla þetta sumir niðurgang“.
- Niðurgjöf** (n, kvk) Slökun sigmanns eða annars niður í bjarg, sem stjórnað er af *undirsetumönnum* á brún. „Sigið gekk ágætlega, en niðurgjöfin hefði mátt vera töluvert liðugri“.
- Niðurgrafinn** (l) Um veg; stunginn inni hlíð eða niður í landslagið í kring. „Vegirnir söfnuðu milum snjó meðan þeir voru enn niðurgrafnir. Það lagaðist þegar þeim var ýtt upp“.
- Niðurgróinn** (l) Um hlut; gróð yfir; sokkinn í jörð. „*Skítadreifarin* var síðast notaður sem *útjafa* fyrir kálfa, og er orðinn nánast niðurgróinn við Grundahliðið“.
- Niðurhalari** (n, kk) A. Reipi sem notað er til að fella segl á seglskipi. B. Búnaður til að draga niður hliðarrúðu á bíl“.
- Niðurímóti** (ao) Niður; ofan; undan (halla). „Eftir að komið er uppá Kjöllinn fer strax að halla niðurímóti“.
- Niðurfafna** (s) *Jafna niður*; um það starf hreppsnefndar að ákveða réttmæta greiðslu hvers íbúa í sameiginlega sjóði og skyldur hvers bónda til sameiginlegra verkefna, s.s. haustsmölunar. Sjá *niðurfjöfnun*, *niðurfjöfnunarfundur* og *niðurfjöfnunarseðill*.
- Niðurfjöfnun** (n, kvk) Dreifing íþyngjandi áлага á hóp; oftast átt við opinber gjöld/útsvar eða *fjallskilaskyldu*. „Ef fjallskilaskyldur aðili hefur engum færum manni á að skipa... skal hann tilkynna það hreppsnefnd áður en niðurfjöfnun fjallskila fer fram; eða leitarstjórn“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). Sjá *jafna niður*.
- Niðurfjöfnunarfundur** (n, kk) Fundur sveitarstjórnar til að jafna niður á hreppsbúa og jarðeigendur; annaðhvort hreppsgjöldum (t.d. útsvari) eða fjallskilum. Sjá *aðalniðurfjöfnun*.
- Niðurfjöfnunarseðill** (n, kk) Tilkynning sem gjaldendur fengu um álögð gjöld þeirra til sveitarsjóðs.
- Niðurkominn** (l) Staðsettur; staddur. „Hvar í veröldinni ert þú núna niðurkominn“? „Þegar ég kom niður úr þokunni vissi ég í fyrstu ekki hvar ég var niðurkominn“.
- Niðurlag** (n, hk) Endir/síðasti hluti kvæðis/sögu. „Ég kann upphafið á kvæðinu en er ekki viss um niðurlagið“.
- Niðurleggja fyrir sér** (orðtak) Skipuleggja; koma lagi/reglu/skikk á í huganum; skilja. „Ég er enn að niðurleggja fyrir mér hvernig við getum haft þetta á morgun“.
- Niðurleystur** (l) *Ofanleystur*; búinn að *leysa/taka niður um sig*. „Ertu ennþá niðurleystur stubbur minn; komdu hérna og leyfðu mér að girða þig“.
- Niðurlútur** (l) Óhress; leiður; skömmustulegur. „Þeir voru víst dálítið niðurlútir þegar þetta komst upp“.
- Niðurlægning** (n, kvk) Skömm; háðung; smán. „Sjaldan hefur niðurlægning íslenskra stjórnvalda orðið meiri en þegar þau rændu fiskimiðum sjávarjarða og færðu þau pólitískum góðvinum að gjöf“.
- Niðurlægja** (s) Lítillækka; smána. „Mikið vildi ég að mannfjandinn hætti að niðurlægja íslenskt mál með þessu endemis hnoði sínu í popplögum“!

Niðurneglt / Niðurnjörvað (l) A. Naglfest; bundið; fest niður með neglingu eða taug. B. Líking um málefni; endanlega ákeðið. „Við ræddum um ýmsar lausnir, en það var ekkert niðurnjörvað í þeim efnum“.

Niðurníðsla (n, kvk) Veðrun og slit þess sem ekki er haldið við. „Þegar séra Björn Halldórsson kom að Sauðlauksdal árið 1752 voru öll hús staðarins í niðurníðslu“ (RÍ; Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal).

Niðurnjörvað / Niðurneglt (l) Fest; *i gadda slegið*; ákveðið/frágengið mál. „Þetta er kannski ekki svo niðurnjörvað enþá; það má ræða það enn“. „Báturinn er svo niðurnjörfaður að hann fýkur ekki fyrstur“.

Niðurrifskjafstaði / Niðurrifstal (n, hk) Neikvæð/skaðleg umræða; úrtölur. „Það er kannski ekki að furða þó landsbyggðin láti undan síga, eins og þetta niðurrifskjafstaði hefur fengið að vaða uppi í fjölmiðlum“!

Niðurrifsmaður (n, kk) Sá sem vinnur að því að skemma/eyðileggja/tala niður. „Sumir eru voða hrifnir af þessum nýju hugmyndum, en mér hefur alltaf þótt hann fremur niðurrifsmaður en hitt“.

Niðurrifsstarfsemi (n, kvk) Verknaður sem miðar að því að skemma/draga úr þrótt/leggja í auðn. „Það verður nú að fara að stöðva þessa niðurrifsstarfsemi gagnvart samvinnuhugsjóninni“.

Niðurrignður (l) Blautur vegna rigningar. „Ég þurfti að hafa *alfataskipti* þegar ég kom heim; ég ar alveg niðurrignður og skítaldur eftir fyrirstöðuna“.

Niðurröðun (n, kvk) Röðun; skipan; fyrirkomulag. „Niðurröðun *sláturdaga* er alltf umdeilanleg“.

Niðursagaður (l) Sagaður niður. „Í þessum kassa er einn niðursagaður skrokkur“.

Niðursaltað (l) Um saltket; búið að *salta niður*. „Ég seldi honum fötu af niðursöltuðu keti“.

Niðursetja (s) A. Ákveða. „Ég er ekki búinn að niðursetja það fyrir mér hvernig best er að standa að þessu“. B. Slá af verði vöru. „Ætli við verðum ekki að niðursetja verðið á þessum beygluðu dósun“?

Niðursetning (n, kvk) Það að leggja kartöflur í jörð til að fá nýja uppskeru. „Ég er með hálfgerðan bakverk eftir bogrið við niðursetninguna“.

Niðursetningur (n, kk) Sá sem lenti í þeirri aðstöðu á fyrri tíð að vera ráðstafað á bæ af yfirvöldum. Heimahreppur var skyldugur að sjá þeim fyrir vist og nauðpurftum sem lentu á vonarvöl (bjargarleysi/allsleysi) t.d. vegna upplausnar á heimili; fráfalls fyrirvinnu; foreldramissis; sjúkdóma eða annars. Þeim var komið fyrir á bæ sem taldist geta haldið þeim á lífi og húsbændum greidd lítilsháttar meðgjöf. Vist niðursetninganna var yfirleitt verri en annarra heimilismanna, einkanlega þegar fátækt og kúgun var almenn. Húsbændur *muldu* ekki alltaf *undir* niðursetninga: „... Naut hann þess að níða og slá / niðursetningana“ (GÖ; Hlekkir hugarfarsins). Sjá *ómagi* og *manneldi*.

Niðurskorinn / Niðursneiddur (l) Búið að skera/sneiða niður. „Fiskurinn er niðursneiddur og kominn í pott“.

Niðurskrifað (l) Ritað/skrifað niður; skrifað á blað eða annað. „Ég á þessa vísu einhversstaðar niðurskrifaða“.

Niðurskurður (n, kk) A. Það að skera/sneiða eitthvað niður eða stytta/minnka. B. Slátrun búfjár í stórum stíl, t.d. vegna alvarlegra sjúkdóma eða búskaparloka. Niðurskurður hefur valdið mörgum bændum búsisfjum í gegnum tíðina, en reynst nauðsynlegur til viðhalds stofninum. C. Mikið aðhald í peningamállum/fjárframlögum. Títt deiluefni á Alþingi við fjárlagagerð. D. Frákast hákarls/hákarlsúrgangs á hákarlamíðum. Var illa séð af mörgum á tímum hákarlaveiða, þar sem lifandi hákarl lagðist þá í át hræjanna og leit ekki við beitu á meðan.

Niðursláttur (á sjóarfalli) (n, kk) Hægir á sjávarfalli fyrir fallaskipti. „Heldurðu að það væri ekki rétt að við skryppum suður á Víkina um niðursláttinn? “ (BJ; Brimlending í Kollsvík). „Þar erum við um niðursláttinn á norðurfalli; liggjandann og upptöku á norðurfalli“ (IG, Niðjatal HM/GG). „Var nú haldið þangað; allt suður á Bæi, en það er mið sem er um það bil fram af Hnífafloðu. Var ætlunin að taka þar niðursláttinn á suðurfalli“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).

Niðurslútandi (l) Sem slútir/vísar niður. „Við leituðum skjóls undir niðurslútandi klettanefi efst á höfðanum, á meðan skúrin gekk yfir“.

Niðursokkinn (l) Búinn að gleyma sér í verki/lestri. „Ég var svo niðursokkinn í lestur að ég missti af fréttum“.

Niðurstaða (n, kvk) A. Málalok; úrslit máls. B. *Niðristaða*; lína úr bauju í endastein/dreka á neti. Bæði orð; niðurstaða og niðristaða, voru notuð vestra. „Þegar því var lokið voru niðurstöðurnar gerðar upp; belgirnir innbyrtir og róíð í land.“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveri).

Niðursuða (n, kvk) „Niðursuða matvæla var talsvert stunduð á Laganúpi. Mamma sauð niður nýtt kjöt í stórum glerkrukkum með þéttu loki. Kom sér vel að grípa til þess þegar miklar annir voru á bænum, svo sem við heyskap eða *aftekt*. Minnir mig að hún hafi líka soðið niður litlar kjötbollur. Svo sauð hún niður rabbarbara, sem síðar var snæddur með þeyttum rjóma sem eftirrétur á sunnudögum. Þótti mér það meira sælgæti en nokkur önnur niðursuðvara. Sulta var soðin úr rabbarbara og bláberjum. Jafnan var vel birt af heimagerðri

niðursuðuvöru í búrinu á Láganúpi. Töluvert var einnig keypt af verksmiðjuvöru; niðursoðinni í dósum. Dósirnar voru ekki síður hlunnindi en innihaldið og nýttust sem ílát í margvíslegum tilgangi. Ekki var til siðs að henda því sem nýst gæti, og enn eru geymslur nokkuð birgar af þannig nytjahlutum“ (VÖ).

Niðursuðukrukka (n, kvk) Glerkrukka sem kjöt er soðið niður í. Einatt með gúmmíhring til þéttingar og spennu til lokunar“.

Niðursögun (n, kvk) Sögun efnis í búta; stytting efnis. „Ég fyrirbýð alla niðursögun á þessum fjöllum; ég þarf að nota þær í jötubönd“.

Niðurtraðkaður (n, kk) Niðurtroðinn; marinn undir fótum. „Kálfarnir hafa komist inn í rófugarðinn og það sem ekki er étið er alt niðurtraðkað og ónýtt“.

Niðurundan (ao) Fyrir neðan. „Sandhellirinn er niðurundan Stórhólum. Segir sagan að göng séu þar á milli“.

Niðurundir / Niðurvið / Niðrivíð (ao) Niðri hjá. „Það hefur hvítnað niðurundir sjó í nótt“. Ég skildi við féð niðurvið girðinguna“. „Kvíslarnar eru niðrivíð hlöðu“.

Niðurúr (ao) Alveg niður; niður í gegn. „Féð kom niður Flötina og hélt áfram niðurúr; það er ágætt að það snapi eitthvað í fjörunni“. „Mér sýnist að það sé fært þarna niðurúr ganginum“.

Niflheimur (n, kk) Úr norrænni goðafræði; Niflheimur er fimbulköld veröld norðan þess sem áður var Ginnungagap en er nú mannheimur. Þangað kastaði Óðinn Hel við fæðingu, og þar ríkir hún yfir níu undirheimum. Stundum notað í líkingamáli. „Búðu þig almennilega; það er kaldara en í Niflheimi“.

Niggari (n, kk) Gæluheiti á blökkumanni/negra. Notað í líkingamáli; „Þvoðu nú aðeins framanúr þér skítinn; þú ert alveg eins og niggari“!

Nikka (s) Kinka kulli. „Hann hlustaði þögull á frásögnina og nikkaði *öðru hvoru* til samþykkis“.

Ninnuhræðsla (n, kvk) Heigulsháttur gagnvart öðru fólki; minnimáttarkennd. „Það var einhver ninnuhræðsla í honum, svo hann þorði ekki að segja hvð honum bjó í brjósti“. Heimatilbúið orð í Kollsvík; til orðið á fyrrihluta 20. aldar. Staðbundin notkun um allan Rauðasandshrepp.

Nirfill (n, kk) Sá sem er óþarflega/hneykslanlega nískur/aðhaldssamur; nískupoki. „Óttalegur nirfill getur karlinn nú verið; að sjá eftir örfáum krónum til að styðja þetta málefni“!

Nirfilsháttur / Níska (n, kk/kvk) Óþörf/hneykslanleg aðhaldssemi fjármuna; rótgróin höfnun eyðslu. „Skelfingar nirfilsháttur er þetta; þér veitir ekkert af því að þynna veskið örlítið“!

Nirfilslegur (l) Aðhaldssamur úr hófi fram; nískur.

Nissi (n, kk) Dvergur; þjóðsagnapersóna; gæluorð um strákpolla eða skrýttinn mann.

Nit (n, kvk) Egg lúsar. Lúsin límir nitina, sem er 2-3mm, neðst á hár, þar sem þau klekjast út á 9-10 dögum.

Níð (n, hk) A. Niðrandi ummæli/kveðskapur. „Þetta er nú bara argasta níð“. B. Mikil þyngsli; erði; tyrfinn texti. „Við ráðum lítið við þetta níð án aðstoðar“. „Ekki gæti ég lært þetta níð þó ég *ætti lífið að leysa*“.

Níða (s) Fara illa með; niðurlægja. „... Naut hann þess að níða og slá / niðursetningana“ (GÖ; Hlekkir hugarfarsins).

Níða niður (orðtak) A. Um mann; baktala; tala illa um; úthúða. B. Um hlut; fara illa með; vanhirða; skemma.

Níða niður af skóinn af (einhverjum) (orðtak) Fara illa með einhvern með því aðbeita hann rangindum/illu umtali. „Ég tek ekki þátt í að níða niður skóinn af honum með þessum hætti“.

Níðangurslega (ao) Bölvanlega; þrælslega. „Spurningarnar voru níðangurslega erfiðar“.

Níðangurslegur (l) Mjög erfiður/mótdrægur/bölvaður; þrælslegur. „Það var bara níðangurslegur andskoti að ná netunum upp; svona kökkuðum af skít“.

Níðast á góðvild (orðtak) Notfæra sér velvilja annarra úr hófi fram; ganga á greiðasemi. „Þitt góða boð er freistandi, en ekki vil ég níðast á góðvild þinni“.

Níðhastur (l) Um hest eða annað farartæki; harður að sitja á/i; ekki mjúkur.

Níðingsháttur (n, kk) Níðingslegt framferði; óþverraháttur; óþokkabragð. „Ég kann ekki að meta sona níðingshátt“!

Níðingsverk (n, hk) Glæpur; óþverraháttur. „Það er níðingsverk að hjálpa ekki þeim sem ósjálfbjarga eru“.

Níðingslega (ao) Eins og níðingur; með níðingslegum hætti. „Mér fannst níðingslega að honum vegið“. „Þetta er níðingslega þungt“.

Níðingslegur (l) Ótuktarlegur; vondur. „Mér finnst hann ári níðingslegur við konugreyið; að ætla henni að sjá um búverkin hjálparlaus meðan hann er í ferðalaginu“.

Níðingssskapur (n, kk) Ótuktarháttur; mannvonska; illska. „Svona níðingssskap get ég ekki sætt mig við“!

- Níðingsverk** (n, hk) Fólksuverk; níð; mjög slæm meðferð. „Það er auðvitað algert níðingsverk að opna ekki vegi vikum saman, svo börn þurfi að ganga tugi kílómetra til skóla“!
- Níðingur** (n, kk) Þrjúotur; ótukt; sá sem fer mjög illa með menn/skepnur/land. „Það eru auðvitað ekki annað en níðingar sem umbylta fornum bæjarhólum með stórvirkum vinnuvélaum“!
- Níðlatur** (l) Mjög latur/framtakslaus. „Hann er svo níðlatur að hann nennir varla að draga andann“!
- Níðskrif** (n, hk, fto) Ritað mál sem inniheldur meiðandi fullyrðingar/ níð.
- Níðskældinn / Níðkvæðinn** (l) Sem yrkir níðkvæði/níðvísur. „Nokkuð finnst mér hann níðskældinn, en að öðru leyti er þetta bara nokkuð áheyrilegt“. „Hann gat verið háðskur í sínum kveðskap, en þó aldrei níðskældinn“.
- Níðsterkur** (l) Um hlut/efni; mjög sterkur/endingargóður/pólinn; úr mjög góðu efni. „Þetta tóg er níðsterkt, þó það sé svona laúflétt. En það mætti vera stamara til að það sé gott lásband“.
- Níðstöng** (n, kvk) Galdratæki til að vinna þeim mein úr fjarlægð sem manni er illa við. Sú trú er komin aftan úr grárrí forneskju að unnt sé að hafa áhrif á aðra úr fjarlægð með ýmiskonar kukli, og eru særingar, galdrastafir og níðstangir hluti slíks búnaðar. Var þetta við líði framundir raun trúarhyggju 20. aldar. Ekki er vitað til þess að níðstöng hafi verið reist í Kollsvík, en fólk þekkti til hennar. Elsta lýsing níðstangar er í Egils sögu Skallagrímssonar, er hann reisti stöng gegn Eiríki konungi blóðöx. Á stönginni hafði hann hrosshöfuð, en síðar tíðkaðist einkum upprifið lönguhöfuð og steinbitshaus. Síðast er vitað af notkun níðstangar árið 2006 er bóndi í Otradal reisti stöng gegn manni á Bíldudal sem hann taldi sig eiga sökótt við“. Sjá *vindgapi*.
- Níðvísa / Níðkvæði** (n, kvk/hk) Vísa/kvæði með meiðandi ummælum í garð manns; vísa ort til ófrægingar manni. „Hann var ágætt skáld en orti lítið, og þá helst níðvísur ef hann taldi að með þyrfti“.
- Níðyrði** (n, hk) Niðrandi ummæli; formælingar; skítur í orðum. „Aldrei vissu menn til að honum félli níðyrði af munnni í garð nokkurs manns“.
- Níðþrengslí** (n, hk, fto) Mjög mikil þrengslí; örtröð. „Það voru slík níðþrengslí þarna í salnum að maður varð dauðfeginn að komast út“! „Það er erfitt að athafna sig í þessum níðþrengslum“.
- Níðþröngur** (l) Mjög/óþægilega þröngur. „Þessi skyrti er ljóta andskotans *ólánið*; *hólkvíð* utanum mann, en svo níðþröngar ermar að þær *standa manni á beini*“!
- Níðþungur** (l) Klettþungur; mjög þungur; *erði*. „Bókakassinn er orðin níðþungur“.
- Nílhestur** (n, kk) Flóðhestur. „Þessi byssugerð var notuð til að skjóta ... nílhesta o.fl.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Nískupúki** (n, kk) Nánös; nirfill; smásál. „Vertu nú ekkíþessi nískupúki drengur; bjóddu hinum með þér“!
- Nískur** (l) Síngur; helst til aðhaldssamur; nánös. „Ég er nískur á saltíð; það er farið að *sneyðast* dálítið *um* það“. Mjótt bil milli augna þótti fyrrum vísbending um að maður væri nískur.
- Nísta/skera í gegnum merg og bein** (orðtak) Um kulda/óhljóð; mjög óþægilegt; finnst í öllum skrokknunum. „Góði búðu þig nú almennilega; þessi næðingur nistir í gegnum merg og mein“!
- Nístandi** (l) Bitur; stingandi; tilfinnanlegur. „*Áransári* getur frostið orðið nístandi í svona golu“.
- Nístingsgaddur / Nístingsfrost / Nístingskuldi / Nístingsnepja / Nístingsveljandi** (n, hk) Mjög mikið frost; firnakuldi. „Hann hefur hlaupið í nístingsgadd í nótt“. „Mikið er notalegt að komast inn úr þessum nístingsveljanda“.
- Nístingskaldur** (l) Mjög kaldur; meira en *hrollkaldur* og töluvert meira en *napur*.
- Nístingur** (n, kk) Mjög kaldur vindur; allnokkur kaldur og verulegt frost. „Það er bölvaður nístingur bara“!
- Njarðarvöttur** (n, kk) Algengur svampur við strendur, m.a. undan Kollsvík. Þar rekur hann iðulega á fjörur. Njarðarvöttur er hvítleitur og útlítið er sérkennilegt; framúr fremur þunnum bol standa nokkurskonar fingur. Að útliti og stærð minnir svampurinn því oft á afskorna mannshönd eða hvítan vettling. Njarðarvöttur var mikið notaður til þvotta áður fyrr, meðan aðra svampa var ekki að fá, og er ágætur til þeirra hluta. Hann var svo hugstæður biblíuþýðendum fyrrum að mörgum er minnisstæður sá hluti píslarsögunnar er rómverskur hermaður vætti njarðarvött í ediki til að væta varir Krists á krossinum.
- Njálgur** (n, kk) *Enteroribius vermiculris*. Lítil ormur sem er algengasta sníkjudýrið í meltingarvegi manna. Algengastur er hann hjá börnum, og er mjög smitandi.
- Njóla** (n, kvk) Nótt. Sjaldan notað nema í kveðskap. „Njóla hnuggin fetar frá,/ flýja skuggar voga./ Skúta ruggar ósi á,/ austurgluggar loga“ (JR; Rósarímur).
- Njóli** (n, kk) A. *Rumex longifolix*; heimulanjóli; *himinnjóli*. Planta sem vex gjarnan í kringum bæi og á öskuhaugum; getur orðið gróskumikil og stórvaxin; talin illgresi en einnig lækningajurt. B. Fræberandi stöngull af annarri jurt, s.s. rófu, kartöflu, rabbarbara eða hvönn. C. Gæluheiti á vindli. „Hann púaði vindli í öðru munnvikinu; risastóran njóla“.

- Njósn** (n, kvk) Vitneskja; pati. „Einhverja njósn hafði hún fengið af ferðum mínum, því á vegamótunum stóð hún og spurði hvort hún fengi ekki far“.
- Njóta** (s) Hafa gott af; vera aðnjótandi. „Júlli naut mikillar virðingar meðal sveitunga sinna...“ (PG; Veðmálið).
- Njóta ávaxtanna af (einhverju)** (orðtak) Njóta hagræðis/arðs af því sem unnið hefur verið eða *búið* hefur verið *í haginn*. „Honum auðnaðist þó aldrei að njóta sjálfur ávaxtanna af sínu starfi“.
- Njóta sannmælis** (orðtak) Fá sanngjarna umfjöllun/ sanngjarnt umtal. „Ekki er smíðin vönduð, en hann verður þó að njóta sannmælis fyrir framtakssemina“.
- Njóta sín** (orðtak) Sýna/geta sitt besta. „Hann er ekki mjög lipur, en ómissandi þar sem kraftar hans fá að njóta sín“. „Mér finnst þessi mynd ekki njóta sín þarna í horninu; hún þyrfti að vera á miðjum vegg“.
- Njóta skal byrjar þá býðst** (orðatiltæki) Best er að grípa tækifærið þegar það gefst.
- Njóta við** (orðtak) Vera til staðar. „Við verðum að nýta þurrkinn vel meðan hans nýtur við“.
- Njörva** (s) Binda/festa mjög þétt; *súrra*. „Ég njörvaði *battinginn* við stíuna svo hrútfjandinn spændi þetta ekki í sundur fyrirhafnarlaust“.
- Njörva niður** (orðtak) Binda niður; fergja; festa. „Spilið stóð á tveimur þóftum bátsins og var njörvað fast við þær“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Nokk** (ao) Nokkurnveginn; dálítið. „Mér er nokk sama hvað verður“. Hann er nokk drjúgur með sig“.
- Nokk sama** (orðtak) Gildir einu; skiptir ekki máli. „Honum var nokk sama um þessar spýtur“.
- Nokkrusinni / Nokkurntíma** (ao) Ekki í neinn tíma; í engan tíma. „Ég hafði aldrei nokkrusinni heyrt á þetta minnst“. „Hefurðu nokkurntíma prófað þetta“?
- Nokkuð ber til hvernar sögu** (orðatiltæki) Einhver tildrög eru að hverri sögu; hver atburðarás/saga hefur sinn aðdraganda og sínar skýringar.
- Nokkur** (l) Allmikill; verulegur; töluverður. „Það er enn nokkuð mikið frost“. „Þetta kostaði nokkur hundruð þúsund“. „Þetta fannst mér nokkuð skrytið“. „Hún hefur nokkuð til síns máls“. „Þú segir nokkuð“! „Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið). „Með í för voru tveir nemendur úr Arnarfirði, sem þekktu sig nokkuð á heiðinni“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Nokkur (skapaður) hlutur / Nokkurhlutur** (orðtak) Áhersluliður í neitunarsetningum. „Ég vissi ekki nokkurn hlut hver það var...“ (TÖ; viðtal á Ísmús 1978). Til aukinnar áherslu var oft bætt við „skapaður“. „Ég var ekki nokkurn skapaðan hlut að stríða honum“. „Ég veit ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta“. Orðin „nokkur hlutur“ voru iðulega borin fram sem eitt orð væri; jafnvel oft svo að stöfum væri sleppt: „Þaðna var ekki nokkunlut að sjá“.
- Nokkur möguleiki / Nokkur sjónarvegur / Nokkur tilsjón** (orðtök) Einhverjar líkur. Eingöngu notað í spurnar- og neitunarsetningum. „Það var ekki nokkur möguleiki að ná þessum villingum í hús“! „Heldurðu að það sé nokkur sjónarvegur að þið klárið þetta í dag“? „Það er ekki nokkur tilsjón að róa í dag“! Sömu heiti eru einnig notuð með fororðunum „ekki“ og „einhver“.
- Nokkur ögn** (orðtak) Áhersluliður í neitunarsetningum. „Ég veit ekki nokkra ögn um það“ Stundum stytt í „ögn“. „Skammi sú ögnin að ég veit“. Eða: „Ég veit öngva ögn um það“.
- Nokkurhundruð** (n, hk, fto) Nokkur hundruð. Iðulega framborið í einu orði og á því að ritast sem slíkt. „Í þessum rekstri var allmargt; líklega nokkurhundruð fjár“.
- Nokkurnveginn / Nokkurnvegininn** (ao) Um það bil; hér um bil. „Við vorum nokkurnveginn á miðinu“. Oftar framborið án þess að v heyrðist; „nokkurnveginn“. Einnig áttu sumir til að skjóta inn hikatkvæði; „nokkurnvegininn“. „Ég held að mér sé nokkurnvegininn að takast þetta“. „Nokkurnvegin beint uppaf þeim stað sem togarinn strandaði...“ (HÖ; Fjaran).
- Nokkurskonar / Nokkurslags** (l) Einhverskonar; einskona. „Við bjuggum okkur til nokkurskonar sleða eða snjóþotu úr gamalli járnplötu“.
- Nokkurstaðar** (ao) Einhversstaðar; neinsstaðar. „Sérðu nokkurstaðar gleraugun mín“? „Nei, ég get ekki fundið þau nokkurstaðar í mínu herbergi“.
- Nordan** (ao) Norðan; norðanátt. Vestfirskur framburður (sjá áttir). Þennan þátt íslensks máls vantar í orðabækur, og er það til vansa. Notað sem forskeyti við ýmis orð; ofast um vindstyrk.
- Norðanaftök / Norðanastórbrim / Norðanastórsjór** (n, hk, kk) Aftaka norðanbrim; mjög grófur norðansjór. „Skyldi hann ekkert ætla að fara að lina þessi norðanaftök“? „Enn er hann ekkert að gefa eftir með þennan norðanastórsjó. Það er ekki mikið fyrir féð að hafa í fjöru þessa dagana“.

Norðanáhlaup / Norðanbylur / Norðanhrið (n, hk) Skyndilegur norðangarður: norðanhvassviðri, oft með hriðarbyl.

Norðanátt / Norðanbál / Norðanbelgingur / Norðanblástur / Nordangardur / Norðangarri / Noraðangjóna / Norðangjóstur / Norðanhvassviðri / Norðankaldi / Norðankalsi / Norðankæla / Norðannæðingur / Norðanofsi / Norðanrok / Norðansperra / Norðansperringur / Norðansteytingur / Norðanstormur / Norðanstórviðri / Norðanstrekkingur / Norðansvarri / Norðansveljandi / Norðanvindur / Norðanþræsingur. Norðanáttin er e.t.v. mesti áhrifavaldurinn í Kollsvík, a.m.k. varðandi búskap og útgerð á fyrri tíð. Henni fylgdu mestu kuldarnir; mesta brimið og mesta sandfokið, en einnig gat hún verið besti hugsanlegi þurrkurinn. Mikilvægt var að átta sig á fyrirboðum norðanáttar. Þar var öruggasta merkið *bakkinn til hafsins*. „Þegar mökkur var á Blakknesi og Kóp var von á norðanátt.“ (LK; Isl.sjávarhættir III). „Tíðast var það norðanáttin sem hamlaði sjósókn. Norðanstormur gat oft blásið linnulaust dögum saman; jafnvel heila viku. Ýmsir töldu að norðanáttin varaði lengur ef hún byrjaði á vissum dögum; t.d. á þriðjudag eða föstudag“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hann er að leggja upp árans norðansperru“

Norðanbakki (n, kk) Dökkur skýjabakki til hafsins í norðurátt er óbrigðult merki um að norðanátt sé annaðhvort í aðsigi eða viðvarandi í Kollsvík. Oftast var þetta þó aðeins nefnt „bakki“ eða „bakki til hafsins“. Þegar bakkin verður óljósari eða hverfur er norðanátt á undanhaldi fyrir öðrum áttum og boðar jafnvel óþurrk. Þá er sagt að hann sé „eyddur til hafsins“.

Norðanbál / Norðanbálviðri / Norðanbruni / Norðanhörkur (n, hk/kk/kvk) Mjög hvöss norðanátt, en henni fylgja gjarnan frosthörkur að vetri. „Féð hefur ekkert að gera út í þetta norðanbál og hörkufrost“.

Norðanbára (n, kvk) Ylgja/alda af norðri. „Enn eru eftir nokkrar leifar norðanbárunnar, einkum þar sem eða meðan straumur liggur með bárunni“ (KJK; Kollsvíkurver).

Norðanbrim / Norðanbræla (n, hk) Stórsjór af norðri. Hvítar þá verulega á grynningum sunnantil í vikinni, en minna undir Blakk. Í vestanbrimi brýtur hinsvegar verulega undir Blakk.

Norðanbæir (n, kk, fto) Bæirnir norðantil í Kollsvík; Kollsvíkurbærinn; Stekkjarmelur; Tröð og aðrir sem í byggð eru á hverjum tíma. „Bæir sunnantil í vikinni hétu handanbæir en hinir norðantil voru norðanbæir“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Norðaneftir (ao) Að norðan og yfireftir/suðureftir. „Mér sýnist hann vera að koma norðaneftir Rifinu“.

Norðanflæsa (n, kvk) *Norðangjóstur* sem nýtist til heyþurrkunar; *þurrkflæsa*.

Norðanfrá (ao) Að norðan; frá norðri. „Komstu gangandi norðanfrá“?

Norðangarður / Norðanrosi (n, kk) Langvarandi og stíf norðanátt með sverum norðansjó og oft töluverðu *sandfoki*. Norðanáttin gat orðið hvítleið í Kollsvík. Henni fylgdi yfirleitt kuldi, ógæftir, sandfok og önnur óáran. „Ýmsir töldu að norðanáttin varaði lengur ef hún byrjaði á vissum dögum, t.d. á þriðjudag eða föstudag“ (KJK; Kollsvíkurver). „...útsunnan er suðvestan og norðangarður er vitanlega hvöss norðanátt“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Norðangarri / Norðangassi (n, kk) *Norðangarður*; *norðanáhlaup*; hvöss norðanátt. „Hann er kominn með bölvadan norðangassa“.

Norðangeljandi / Norðansveljandi / Norðannæðingur (n, kk) Allhvass *norðanvindur*; *norðankaldi*. „Það er enn sami norðangeljandinn“. „Ansi er hann kaldur í þessum norðansveljanda“!

Norðangustur / Norðankaldi (n, kk) Allnokkur vindur af norðri; þó ekki hvassviðri.

Norðangutlandi (n, kk) Nokkur norðansjór, ekki þó rosi/garður. „Það var kominn leiðinda norðangutlandi þegar við drógum strengina við Kofuhleinarnar“.

Norðanhallt (ao) Þar sem hallar norðuraf. „Gáðu vel þarna norðanhallt á Blakknum; í Kjammanum“. „Bragi tekur stefnuna norðanhallt við klettabeltið...“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu).

Norðanhroði (n, kk) Gróft brim af norðri. „Hann ætlar enn að halda þessum norðanhroða“.

Norðankast (n, hk) Norðanátt yfir nokkurn tíma. „Hann gerði leiðinda norðankast í nokkra daga“.

Norðankæla (n, kvk) Fremur hæg norðanátt; þurrkur. „Hann er að *leggja upp* dálitla norðankælu“.

Norðanlegur (l) Um veðurútlit; litur út fyrir norðanátt; merki um norðanátt. „Veður var gott; austankaldi, dálítið frost og sjólaust, en norðanlegur til hafsins,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Norðanrembingur / Norðanspæna / Norðanstrambi / Norðansvarri / Norðansveljandi / Norðansvæla / Norðanveður (n, kk) Norðanstormur; stífur norðanvindur. Norðanátt verður hvað köldust og hvössust í Kollsvík, og líklegust til að spilla gæftum á sjó. „Ekki slær hann neitt enn á þennan norðansvarra“. „Það var mjög tregt, og illt í sjóinn. Það lagði á norðanspænu með hálfgerðum brimhroða“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Norðanrenningur (n, kk) Skafrenningur af norðanátt.

Norðansjór /Norðanbrim/Norðankvika/Norðanruddi / Norðansúgur (n, kk) Mesta brim í Kollsvík verður af norðansjór, þó einnig geti hann orðið sver af vestri. „Norðansjór var krappari og óðari og þegar ofan á honum var *lifandi kvika* þá var norðanveður skammt undan“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). „Aðeins fór að bera á norðansjór þegar suðurfallinu tók; þótti öllum það illt viti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Norðanspá (n, kvk) Veðurspá um eindregna norðanátt. „Ekki veit ég hvort þessi norðanspá gengur eftir“.

Norðansperringur (n, kk) Hvass/stífur vindur af norðri. „Enn heldur hann sama norðansperringnum og í gær“.

Norðanstrengur (n, kk) Norðanrok sem sýnilega er hvassast á mjóu og löngu svæði. „Stundum má sjá norðanstrenginn liggja eins og strekktan trefil frá Trumbum og suðuryfir. Hann þeytir þá særóki úr brimföldum suður alla Bótina og spænir síðan sandinn í háaloft þegar kemur upp á Rifid: Leggur síðan þennan vegg langt uppeftir Leirum og Litlufit, og jafnvel má sjá móstuna suðuryfir Hjalla þegar mest er“.

Norðanstroka (n, kvk) Sterk vindhviða af norðan; norðanstrengur.

Norðantil (ao) Norðarlega í; að norðanverðu. „Er þetta ekki kind þarna norðantil í Höfðunum“?

Norðantilvið (fs) Fyrir norðan; norðanvið. „Það var rekið *boldangsmikið* tré norðantilvið Gatkletinn“.

Norðanundir (ao) Undir og norðanvið. „Það liggur eitthvað af timbri norðanundir fjárhúsveggnum“.

Norðanverður (l) Norðantil; vísandi í norður. „Norðanvert við hlöðuna á Melnum var sett upp útjata“.
„Jafnframt smöluðu Kollsvíkingar Breiðavíkurbáls og norðanverða Breiðuvík á leið sinni til réttar“ (PG; Veðmálið).

Norðanvið (ao) Fyrir norðan. „Á vorin var sett upp jata norðanvið Melsfjárhúsin til að *hára lambfönu* úti“.

Norðanvindur (n, kk) Vindur af norðanátt.

Norðanyfir (ao) Að norðan og yfir. „Mér sýnist þau séu að koma gangandi norðanyfir Melarandir“.

Norðari / Norðasti (l, est) Meira/mest í norður. Málvenja var í Kollsvík að tala þannig í efsta stigi (ekki „nyrstur“). „Settu svo tvílemburnar inn í norðasta karminn“. Einnig; „Kollsvík er *norðari* bærinn í Víkinni“ (ekki „nyrðri“). „Norðariklettur er í Kollsvíkurverri“. Þetta var þó ekki alveg einhlítt. „Það sama haust og þessi hleðsla var gerð voru fjárhúsin hér á Láganúpi kláruð; þ.e. 2 þau norðari“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Norðarlega (ao) Norðantil; nærri norðast. „Höfðar eru norðarlega í Blakknum“.

Norðaustan (ao) Um vindátt. A. Vindur af norðaustri. B. „*Landnyrðingur* (sunnanátt); *útsynningur* (suðvestanátt); *hafnyrðingur* (norðanátt); *austnorðan* (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og *norðaustan* (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM).

Norðlægur (l) Af norðri. „Hann hefur legið í norðlægum áttum það sem af er mánuðinum“.

Norður (ao/l) Norðurátt. Fyrri framburður; „nordur“. Vestra var stigbeygingin þannig norður-norðari, norðastur (ekki norður-nyrðri-nyrstur).

Norður á bóginn (orðtak) Til norðurs; í norðurátt. „Ég held að við ættum að sigla aðeins norður á bóginn; kannski er hann líflegri norður á Hyrnunum“.

Norður og niður (orðtak) Til helvítis. Orðtakið vísar í þjóðsögu um mann sem lenti í villum og gekk norður og niður langalengi. Þar sá hann óvætt mikinn sem steikti nokkurskonar flugur við heljarmikið bál; voru þó flugurnar með einhverju lífi. Hrærði hann í öllusaman með ógnvænlegum gogg eða krók. Hjá einni flugunni frétti aðkomumaður að þarna væri satan sjálfur að refsfa fordæmdum sálum, og loginn væri Víti. Honum lánaðist við illan leik að komast burt, en eftir það hafa menn óskað þeim norður og niður sem þeim er í nöp við. Líklega er þó hér fremur um að ræða gæluorð þeirra sem af *pempiuskap* vilja ekki nefna Helvíti.

Norðuraf (ao) Norður og yfir; handanvið til norðurs. „Fjárhópurinn er horfinn norðuraf Blakknum núna“.

Norðurá / Norðurávið (ao) Norður á við; til norðurs; í norðurátt. „Þeir *tóku* því *bóg* norðurá; eins nærri vindi og unnt var, þeir *tóku* því *bóg* norðurá, eins nærri vindi og unnt var“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Norðurátt (n, kvk) Höfuðáttin norður. „Norðurátt, séð frá Láganúpi, er ljóst fyrir Blakkinn“.

Norðureftir (ao) Í áttina norður; að sunnan/handan. „Hann er norður í Kollsvík; ég skrepp norðureftir að sækja hann“.

Norðurfall (n, hk) Sjávarfall til norðurs. „Á Kollsvík gæti sjávarfalla í tvær áttir; þar er ýmist norðurfall eða suðurfall, og er norðurfallið mun sterkara. Einnig munar miklu á styrk hvort stórstreymt er eða smástreymt. Þá er sjólag breytilegt eftir samspili vinds; ríkjandi báruáttar og vindátt. T.d. er Blakknesröstin mjög úfin og hættuleg smábátum ef stórstraumsnorðurfall liggur undir stífa norðanátt, og þeim mun verri ef ríkjandi er sver norðansjór. Hraði fallastrauma hefur ekki enn verið vísindalega mældur á þessum slóðum, en líklega fer

hann yfir ½ m/sek í Blakknesröstinni í stórstraumsnorðurfalli“ (VÖ). „Byrjað var að draga línuna á ný strax við straumaskipti. Nú var dregið móti norðurfalli“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þar erum við um niðursláttinn á norðurfalli; liggjandann og upptöku á suðurfalli“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „För nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi. Jók það báru mjög fljótt, þannig að farið var að falla af báru og sjá í hann hvítan“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Norðurfallsupptaka (n, kvk) Byrjun á *norðurfalli*. „Það sýnist með öllu ófært fyrir Blakk nú. Enda erum við hér á versta tíma norðurfallsupptakanna, en fárra kosta er völ“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Norðurfyrir (ao) „Það fór gríðarstórt skemmtiferðaskip fyrir vikina áðan. Nú er það komið norðurfyrir“.

Norðurheimskaut / Norðurhjari / Norðarpóll / Norðurskaut (n, hk/kk) Norðari endi hins ímyndaða mönduls sem jörðin snýst um; 90. breiddarbaugur. Punktur sem er eins langt til norðurs og hugsast getur; um 2700 km norður af Kollsvík. Seinni liður orðsins „norðurhjari“ merkir hjör/löm, og vísar til mönduls jarðar. Það er oft ranglega notað um norðurslóðir almennt.

Norðurljós (n, hk, fto) Glóð sólvindarins þegar hann fellur eftir segullinum jarðar í átt að pólsvæðunum. Rafhlaðnar eindir sólvindarins jóna frumeindir loftsins svo þær senda frá sér ljós; niturfrumeindir rautt og fjólublátt; súrefnisfrumeindir grænt. Norðurljós voru áður talin geta spáð fyrir um veður. Væru þau stillt boðuðu þau stillur og góðviðri, en væru þau mjög kvik og marglit boðaði það storm. Bestu aðstæður til skoðunar norðurljósa eru að vetrarlagi í heiðskíru veðri; fjarri ljósmengun af jörðu niðri. Óviða verða þær aðstæður betri að jafnaði en á sunnanverðum Vestfjörðum, t.d. í Kollsvík og nágrenni. Þjóðtrúin segir að ef ólétt kona horfir á norðurljós muni barnið tina. (JÁ; Þjs).

Norðurloft (n, hk) Himininn í norðurátt. „Hann er orðinn skafinn í norðurloftið“!

Norðurmeð (ao) Norður og meðfram. „Við rákum féð norðurmeð sjó“.

Norðurrek (n, kvk) Rek báts eða annars með norðurfalli. „Ég fer dálítið suðurfyrir miðið; það er komið eitthvað norðurrek“. Sjá *suðurrek*.

Norðurum (ao) *Norðuryfir*. „Ætlar þú að hjálpa mér með reksturinn af Breiðavíkurrétt norðurum“?

Norðurundir (ao) Undir því sem er í norðurátt. „Það er ári mikið tré rekið norðurundir Hryggjum“. „Við rerum norður á Bætur, svokallaðar. Það var norðurundir Blakknesinu; grunnt nokkuð, og þar var tekið til að skaka“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Norðurundan (ao) Í norðurátt. „Það er að sjá töluvert af borgarís hér norðurundan“.

Norðurvíkur (n, kvk, fto) Heiti sem Árni Magnússon notar yfir Útvíkurnar, þ.e. Látravík; Breiðavík og Kollsvík. Ekki er vitað um aðrar heimildir fyrir því nafni. (Jarðabók ÁM/PV).

Norðuryfir (ao) Yfir til norðurs; norðurum. „Féð hljóp upp í Gjárdalsskarð og er á hraðferð norðuryfir“. „Hann er eitthvað að léttu hér norðuryfir“.

Norðvestlægur (l) Vindur af norðvestri. „Hann er orðinn norðvestlægur núna“.

Normal (l) Venjulegur; eins og fólk er flest. „Ferðu inn á skónum krakki? Þú ert nú bara ekki normal“!

Nornahár (n, hk) Fingerðar langar glernálar úr bergi, sem myndast þegar gasrík kvika kemur uppúr gosopi við eldgos; líkar ull að útliti. Mikið féll t.d. af nornahári á gossvæðum í Skaftáreldum. Á erlendum málum er myndunin kennd við hár eldfjallagyðjunnar Pele á Hawai-eyjum.

Norp (n, hk) Hím/hangs í kulda. „Það er óþarfi að vera að þessu norpi lengur; féð kemur sér bara heim þegar fellur meira að“.

Norpa (s) Vera kalt; þreyja kulda. „Farðu frekar inn í hús en að vera norpandi úti svona illa klæddur“.

Norræna (n, kvk) A. Norðan vindátt. „Þegar norrænur ganga og skýjabakkar sjást í austri og vestri, merkir þráviðri. Og svo lengi sem hvorugur skýjabakkinn eyðist og gengur hvorki upp né niður helst hinn sami móttþrói“ BH; Atli). B. Skandinavísk mál; forníslenska; dönsk tunga. Um nokkur hundruð ára skeið eftir landnám var talað nokkurnvegin sama mál á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum. „Á 14. og 15. öld breyttust mál annarra Norðurlandþjóða mikið, en mál Íslendinga hélst lítt breytt. Því gáfust Íslendingar að lokum upp á því að kalla mál sitt norrænu, og fóru að tala um íslensku í staðinn“ (heim: Gunnar Karlsson; Íslandssaga).

Norrænn (l) Af Norðurlöndum; úr norðurhluta Evrópu.

Norvegur (n, kk) Noregur. Var stundum ritað svo, af einstaka manni í Rauðasandshreppi. „Eftir að jeg kom heim frá Norvegi 1910 hafði jeg löngun til þess að koma á fót félagi á Rauðasandi“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Nostra við (orðtak) Vera smámunasamur/vandvirkur. „Smiðurinn hefur nostrað mjög við hvert smáatriði“.

Nostrari (n, kk) Sá sem nostrar við/ dekrar/dundar. „Hann er einstakur nostrari í þessum efnunum“.

- Nostur** (n, hk) Mikil smámunasem/vandvirkni þegar unnið er að verkefni. „Það gengur lítið að hreinsa netin með þessu nostri“.
- Nostursamur** (l) Gefinn fyrir dund/nostur/gauf. „Þú ert alltof nostursamur núna; þetta er ekki svo nákvæmt“.
- Nosturþrifinn** (l) Mjög þrifinn; kattþrifinn. „Það er ekki óværan í hennar húsum; eins nosturþrifin og hún er“.
- Not** (n, hk, fto) Nytjar; gagn. „Ég er ekki alin upp við mikil not af fugli...“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Á Vestfjörðum urðu einnig nokkur not af hvalrekum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Nota/nýta byrinn þegar hann býðst** (orðtak) Nota/nýta tækifærið; *grípa gæsina þegar hún gefst*.
- Nota/nýta fyrsta tækifæri til** (orðtak) Gera við fyrstu möguleika. „Hún notaði fyrsta tækifæri til að svíkjast frá okkur, svo við urðum að gelta eins og hundar“ (IG; Æskuminningar).
- Nota má flest í neyð/nauðum** (orðatiltæki) Sjá flest má nota í neyð/nauðum.
- Nota til uppkveikju/reykningar** (orðtök) Um eldivið/brenni/tað o.fl. „Haltu þessu til haga; það gæti nýst til uppkveikju í haust“
- Nota/nýta tækifærið** (orðtak) Hagnýta sér aðstæður.
- Notadrjúgur** (l) Kemur að góðum notum; notast vel. „Vasahnífurinn hefur oft reynst mér notadrjúgur“.
„Ólafur sagði síðar að allt væri notadrjúgt á Rauðasandi; jafnvel hægt að koma sandi í verð“. (Frásögn í Niðjatali Ólafs og Halldóru frá Krók, um ullarsölu Ólafs Ólafssonar á Stökkum).
- Notagildi** (n, hk) Gæði; hagkvæmni; nýtingarvirði. „Þessi þekking getur haft töluvert notagildi“.
- Notalega** (ao) Þægilega; vel. „Þetta kemur notalega á óvart“!
- Notalegheit** (n, hk, fto) A. Þægileg/hlýtt/viðkunnanlegt umhverfi. B. Hlýtt viðmót; umhyggja; hlýja. „Þau eru aldrei annað en notalegheitin við allt og alla“.
- Notalegur** (l) A. Um umhverfi/hlut; þægilegur; hlýr. „Þetta er afskaplega notalegur koddur“. B. Um manneskju; viðmótsþýð; vingjarnleg; hlý. „Hún var alltaf notaleg í okkar garð“.
- Notast við** (orðtak) Nota; nýta; bjargast með; komast af með. „Það má notast við þetta í hallæri“. „Ég var fötulaus og varð því að notast við hjálminn fyrir eggjallát“.
- Nothæfur** (l) Nýtanlegur; sæmilegur til brúks. „Það er á mörkunum að þessi ljár sé nothæfur lengur“.
- Notkun** (n, kvk) Nýting; not; nytjar. „Ljárinn var slitinn upp í bakka af langvarandi notkun“.
- Notkunarleysi** (n, hk) Engin notkun. „Vélin er farin að stirðna af notkunarleysi“.
- Nóafloð** (n, hk) A. Arfsagnir ýmissa trúarbragða heims um ógnarmikið flóð á forsögulegum tíma. Ein þessara sagna er í gamla testamenti Biblíunnar. Þar segir af Nóa sem fékk boð frá Guði um að smíða frinamikið skip til að bjarga sér, sinni fjölkyldu og sýnishornum helstu dýrategunda heims, þar sem hann (Guð) þyrfti að útrýma syndugu mannkyni. Nói gerði það og bjargaðist, en jörðin fór á kaf í úrhellisrigningu. Þegar sjatna tók strandaði skipið/örkin á fjallinu Ararat. Svipuð saga er í Gilgamesh-kviðu Súmera. Margat kenningar hafa verið settar fram til skýringar á þessum sögnum. Sú líklegasta þeirra er að sagan geymi minni um hin gríðarlegu flóð sem urðu þegar Miðjarðarhafið flæddi inn á lágrent og fjölþýlt svæði í kjölfar ísaldar; þar sem nú er Svartahaf. Fornleifarannsóknir síðustu ára sýna leifar byggðar djúpt undir yfirborðinu. B. Líkingamál um gríðarmikla rigningu eða mikið flóð. „Rignir hann enn; þetta er meira nóaflóðið“!
- Nóg** (ao) Hæfilegt; nægilegt. „Honum þótti alveg nóg um“. „Þetta er nóg í bili“.
- Nóg að bíta og brenna** (orðtak) Nægur matur og nægt eldsneyti; allsnægtir. „Almennt má segja að tekjuöflun hafi gengið mjög vel, svo allir hafa nóg að bíta og brenna í kuldanum nú um áramótin“ (ÞJ; Árb.Barð 1973).
- Nóg boðið** (orðtak) Ofboðið; mælirinn fullur; mislíka. „Þegar þessi síðasta móðgun bættis við, var mér alveg nóg boðið; ég mótmælti kröftuglega“.
- Nóg er til** (orðatiltæki) Nægur er forðinn; ekki er komið að þrotum. „Fáðu þér meira kaffi; nóg er til“.
- Nóg hefur sá sem/sér nægja lætur** (orðtak) Matsatriði er hvenær nægt er; hinn nægjusami þarf ekki mikið.
- Nóg komið (af svo góðu)** (orðtak). „Ég er búinn að sýna honum ansi mikla biðlund, en nú er nóg komið af svo góðu“.
- Nóg um það** (orðtak) Ekki þarf meira að segja um það; segi ekki meira um það. Íðulega notað í frásögn, þegar upp gæti hafist sjálfstæður millikafli, en sögumaður vill ekki lengja frásögnina eða kys að halda dulúð.
- Nógsamlega** (ao) Nægilega; nóg; til fullnustu. „Þetta verður seint nógsamlega þakkað“. „Það verður seint nógsamlega brýnt fyrir mönnum að fara varlega á þessum stað“.
- Nógur** (l) Nægur; fullnægjandi. „Þetta er alveg nóg fyrir mig“.
- Nógur/nægur er tíminn** (orðatiltæki) Viðhaft þegar ekkert liggur á; engin þörf á flýti.

Nóló (n, kvk) Sögn í spílinu vist. Í þeirri sögn vinna þeir sem fæsta hafa slagi.

Nón (n, hk) Eitt hinna gömlu eyktarmarka sólarhringsins; kl 15.00. Við Nónvörðu var miðað nón frá Grundum.

Nónbiti (n, kk) Málsverður sem snæddur var um *nónið*. „Þegar skugginn af Nónskegginu er kominn á grasteig er farið að borða nónbitann“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).

Nónvarða (n, kvk) Varða sem er eyktamark. Nónvarða er á Hjallabruninni ofan Brunnsbrekku, og er hún eyktamark frá Grundum.

Nótað timbur (orðtak) Unnið timbur; heflað og með falsi (nót) á öðrum jaðrinum en nefi (tappa) á hinum. Oftast notað sem gólfjalir, þannig að tappinn fellur inn í nótina og gólfíð verður meiri heild en ella.

Nóstokkur (n, kk) Ílát með vatni til að herða/kæla járn sem hitað hefur verið í afli.

Nót (n, kvk) A. Rás/rauf í timbur eða annað efni. Nót getur verið eingöngu til skrauts eða til að fella efni nákvæmlega saman. Hana má t.d. gera með nóthefli. B. Áður fyrr notað um net af öllu tagi en nú eingöngu um þéttriðið net til fiskveiða, t.d. hringnót, flotnót og snurvoð. Nót er ekki gerð til að fiskurinn ánetjist heldur til að smala honum saman. Því er hún eingöngu notuð við veiðar á fisktorfum.

Nótað (l) Um efni/við; með rás/rauf. „Í gólfín var notað nótað timbur, og þurfti að gæta þess að tappinn félli vel í nótina“.

Nótera (s) Skrifa/punkta hjá sér; skrifa til minnis. „Ég nóteraði það helsta sem sagt var á fundinum og skrifaði svo fundargerð eftir“.

Nóthefill (n, kk) Áhald/verkfæri til að gera *nót* í við.

Nótnabók / Nótnefði (n, kvk/hk) Bók með lögum, skrifuðum með nótum.

Nótt (n, kvk) Tíminn milli tveggja daga. „Í misseristalínu var nóttin talin heyra til þess dags er á undan fór, en eftir kirkjulegum reglum taldist nóttin tilheyra næsta degi á eftir“ (Þorsteinn Sæm; stjórnufræði-rímfræði).

Nótt sem nýtan dag (orðtak) Um nætur jafnt sem daga. „Það má segja að ég hafi hugsað um þetta nótt sem nýtan dag“.

Nuð (n, hk) Tuð; nöldur; nudd. „Hann var alltaf að þessu endalausnuði, þangað til ég lét þetta eftir“.

Nuða (s) Tuða; nöldra, sífra; nudda. „Hættu nú að nuða svona í mér með þetta“!

Nudd (n, hk) A. Þéttar strokur; núningur; nugg. B. Nöldur; sífur; þrábeiðni. „Skelfing er ég orðinn leiður á þessu eilífa nuddi“!

Nudda (s) A. Núa; nugga. „Það er ágætt að nudda júgursmyrslu á eymslin“ B. Sífra; klifa á; þrábeiðja. „Vertu nú ekki að nudda um þetta lengur; ég er búinn að neita“ C. Bjástra. „Ætli við verðum ekki að nudda við að hreinsa meira úr þessum netum“ D. Slá tún. „Ég ætla að fara að nudda af Gamlatúninu“ E. Þoka; reka í rólegheitum. „Það tekur tíma að nudda kúnum heim; þið ættuð að fara að leggja af stað að sækja þær“.

Nudda saman nefjum (orðtak) Talast við; draga sig saman. „Þeir eru að byrja að nudda saman nefjum um stjórnarmyndun“ „Þau voru fairn að nudda saman nefjum á þeim tíma, en samt ekki gift ennþá“.

Nudda/núa (einhverjum) uppúr (einhverju) (orðtak) Minna einhvern endurtekið á missögn/mistök sem hann gerði. „Hann gerði þetta alveg óvart og í bestu trú; það ern nú alveg óþarfi að nudda honum uppúr því“!

Nufa (n, kvk) Bóla; arða; varta. „Mér finnst eins og það sé einhver nufa aftan á öxlinni á mér“.

Nugg (n, hk) Núningur; nudd. „Það þarf að gæta þess að vaðurinn skemmist ekki af nuggi þar sem hann liggur yfir hvassa brún“.

Nugga (s) Núa; nudda. „En neðar geta svo verið bríkur sem vaðurinn nuggast við“ (MG; Látrabjarg).

Numinn (l) Tekinn. Oftast í orðasamböndum; *frá sér numinn*.

Nunna að (orðtak) *Tala utan að*; biðja/nefna óbeint; *ámálga*. „Ég nunnaði að því við hann hvort ég fengi far“ „hann hefur ekki nunnað að því einu orði“.

Nurða / Nurta (n, kvk) Arða; ögn. „Músin hafði étið sigarettarnar svo í pakkanum sást ekki nurða af tóbaki“ „Það er varla nokkur nurða í fjöru núna fyrir féð“ Bæði orðin heyrðust notuð í Kollsvík. Orðið „nurða“ sést ekki í orðabókum, en gæti hafa orðið til þar eða annarsstaðar við samruna orðanna „nurta“ og „arða“.

Nurl (n, hk) Sparsemi; samtíningur; aðhaldssemi. „Með þessu nurlu tókst honum að spara sér fyrir hjóli“.

Nurla (s) Skrapa saman; sníkja. „Mér tókst að nurla saman nægilegu fé fyrir þessari útborgun“.

Nurta (n, kvk) Smábiti; tægja; ögn. „Hann gaf sér góðan tíma til að tálga hverja nurlu utanaf beininu, og þegar hann hafði lokið sér af var það eins kjötlaust og skínandi og það hefði legið úti í mannsaldur“.

Nus (n, hk) Þef; hnus. „Hvaða nus er þetta í kúnum, út í loftið“?

Nusa (s) Þefa. „Féð nusar varla af þessu síðslegna heyi þegar það kemst í fjörubeit“.

Nú (ao) A. Núna. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína; hníf, reislú og önnur nauðsynleg áhöld. Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í snatri og gert til“ (PG; Veðmálið). IB. Oft notað sem nnskotsorð til fyllingar á setningu, eða til áhersluauka. „Það eru nú ekki hundrað í hættunni þó þú blotnir örlítið í rigningunni“! „Ég veit nú ekki hvað skal segja“. C. Stundum notað í upphafi setningar sem hikorð, eða til að fá hljóð áður en sagt er frá. Gjarnan þá tvítekið: „Nú nú; áfram hélt þessi viðureign við drauginn, og mátti ekki á millisjá hvorum vegnaði betur...“

Nú! (uh) Upphrópun sem getur gefið ýmislegt í skyn; allt eftir því í hvaða tóntegund er. *Sjá nú nú.*

Nú á tíð/tímum/dögum / Nú um stundir (orðtak) Núna; í seinni tíð; í nútímanum. „Nú á tíð er þetta með öðrum hætti“. „Nú um stundir er þetta alveg óþekkt“.

Nú ber nýrra við (orðatiltæki) Upphrópun; þetta er óvanalegt; *aldrei þessu vant.* „Strákarnir fóru óumbeðnir að sækja kýrnar. Ja, nú ber nýrra við“!

Nú ber vel í veiði (orðatiltæki) Nú er ég heppinn; þar *hleypur á snærið hjá mér; nú hittist vel á.* „Nú sýnist mér að beri vel í veiði hjá okkur; þarna er stór mávahópur að koma norðuryfir Garðsendann“!

Nú dámar mér ekki! (orðatiltæki) Upphrópun sem lýsir undrun eða hneykslun. *Sjá dáma.*

Nú detta mér allar dauðar lýs úr höfði! (orðatiltæki) Nú er ég aldeilis hissa/hlessa!; nú dámar mér ekki!

Nú einusinni (orðtak) Reyndar; *vel að merkja.* „Honum ber að taka á svona málum; hann er nú einusinni sýslumaður í þessu héraði“!

Nú er (annaðhvor/bara) að duga eða drepast! / Nú er (annaðhvort) að hrökkva eða stökkva! / Nú er annaðhvort af eða á! (orðtak) Upphrópanir til að auka sjálfstraust/ *stappa stálinu* í menn; nú þarf að framkvæma eða hætta við. „Nú er bara að duga eða drepast; takið róðurinn drengir“!

Nú er annaðhvort að gera (orðtak) Nú eru tveit kostir í boði; nú þarf að velja. „Nú er annaðhvort að gera; að sækja þessar bykkjur aftur fram í dalbotn eða húa þeim inn í Hænuvík; *það er ekki nema tvennt til*“.

Nú er Bleik brugðið (orðatiltæki) Upphrópun/líking sem notuð er um það sem er nýlunda; um það að einhver hagar sér öðruvísi en vant er; *nú ber nýrra við.* „Nú er Bleik brugðið, þykir mér; ef hann þiggur ekki í staup til hátíðabrigða“! „Heldur þótti mér Bleik brugðið, þegar hann gafst svona fljótt upp við að ná kindinni“! Ekki er ljós uppruni máltaksins, en e.t.v. er vísað til tiltekens hests í ákveðinni sögu eða sjá *bleik brugðið.*

Nú er heima! / Nú er lagið á! (orðatiltæki) Nú þykir mér eitthvað vera farið útskeiðis; þetta er óeðlilegt. Ljótt er að heyra! „Nú er lagið á! Kálfastóðið er allt komið í sléttunarnar“! „Nú er heima! Þetta var alveg eftir þeim“!

Nú er félegt/laglegt/térlegt/þokkalegt ástandið“! (orðatiltæki) Upphrópun í hneykslun, stundum með neitun á eftir. „Nú þykir mér þokkalegt ástandið, eða hitt þó heldur! Haldiði ekki að kýrnar séu komnar í garðinn“!

Nú er lag á Læk! (orðtak) Upphrópun um slæmt ástand. „Nú er lag á Læk! Kálfafjandarnir eru komnir útfyrir og eru að djöfla niður göltunum á Fitinni“!

Nú er stand á (bænum) (orðtak) Upphrópun um slæmt ástand. „Nú er stand á bænum; haldiði ekki að það sé gjörsamlega kaffilaust“!

Nú er vandi vel boðnu að neita (orðtak) Viðkvæði þegar girnilegt er fram borið. *Sjá vandi er vel boðnu að neita.*

Nú eru allir sótraftar á sjó dregnir (orðatiltæki) Nú er öllu tjaldað til; nú eru allir orðnir þátttakendur. „Er nú þessi kominn í smalamennskur? Já, nú eru allir sótraftar á sjó dregnir, þykir mér“! Sótraftur var í þessari merkingu notað yfir lélegt skip.

Nú eru góð ráð dýr (orðtak) Nú ber vanda að höndum; nú er *úr vöndu að ráða.*

Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar (orðatiltæki) *Sjá öll vötn falla til Dýrafjarðar.*

Nú/þar/hér fór í verra / Nú fór verr en skyldi / Nú er það slæmt! (orðtök) Upphrópanir sem viðhafðar eru þegar eitthvað gengur miður eða kemur uppá. „Nú fór í verra; sparibuxurnar *flengrifnuðu* á girðingunni“!

Nú kárnar gamanið (orðtak) *Nú versnar í því; ekki batnar það.*

Nú líst mér á! (orðtak) Upphrópun í mikilli undrun/hneykslun/vandlætingu. „Nú líst mér á! Ég held að allt hundastóðið úr hreppnum sé komið í kringum þessa lóðatík“!

Nú nú (orðtak) Upphrópun. Stundum notuð sem hikorð eða kaflaskipti í frásögn og þá í hárrí tóntegund og samféllt. Stundum sem andsvar í undrun, og þá fyrra orðið í hærri tóntegund. Stundum andsvar í vandlætingartóni, og þá síðara orðið mun langdregnara með niðurdregnum tóni. Sama tóntegund sem viðbragð við einherju sem fer skyndilega öðruvísi en ætlað er. *Sjá nú.*

Nú orðið / Núorðið (orðtak/ao) Núna; *nú til dags; nú um stundir*. „Núorðið er sjaldgæft að sjá slíkar fannir“.

Nú rýkur moldin í logninu! (orðatiltæki) Nú er gert of mikið úr málunum að ástæðulausu; úlfaldi úr myflugum.

Nú sem stendur (orðtak) *Um þessar mundir; núna; á þessum tíma*. „Hér er ágætt veður, nú sem stendur“. Sjá *rétt sem stendur; sem stendur*.

Nú skjöplast skýrum (orðatiltæki) Nú hefur sá gáfaði/vitri rangt fyrir sér. „Nú skjöplast skýrum heldurbetur, þykir mér“!

Nú til dags / Nútildags (orðtak/ao) Í dag; á þessum tímum. „Mörg orð í þessu *registri* eru lítið notuð nú til dags“.

Nú um stundir (orðtak) *Nú til dags; nú á tímum; núna*. „Nú um stundir er sjaldnar gengið á reka í Kollsvík“.

Nú versnar í því (orðatiltæki) Nú versnar ástandið; mér líst ekki á blikuna; *ekki batnar það*. „Nú versnar í því; slóðinn horfinn; vaðandi fiskur og engin sakka aukalega um borð“.

Nú væri gott að hafa handbókina (orðatiltæki) Sjá *hlaupu eftir handbókinni*.

Nú þykir mér moldin (vera) farin að rjúka í logninu (orðtak) Nú þykir mér óþarflegt fjargviðri gert úr smámáli; nú þykir mér farið offari.

Nú þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn (orðatiltæki) Nú þykir mér (einhver) sýna full mikla frekju/tilætlunarsemi; nú ofbýður mér. „Nei nú þykir mér skörin vera farin að færast fullmikið upp í bekkinn; hann getur ekki ætlast til að við samþykkjum þetta hljóðalaust“!

Nú þykir mér týra (á tíkarskottinu)! (orðatiltæki) Nú ber eitthvað nýrra við; nú er ég hissa. Oft, og e.t.v. upprunalega, var upphrópanin lengri: „Nú þykir mér týra á tíkarskottinu“! Heyrst hefur annarsstaðar orðalagið „...týra á tíkarskarinu (eða skarinu)“ en það var ekki notað í Kollsvík.

Núna um nasir (orðtak) Ásaka; bendla við. „Honum verður seint núið því um nasir að vera krati“.

Núna (einhverjum) uppúr (einhverju) (orðtak) Benda á slæmar forsendur/aðdraganda. „Það er nú ekki endalaust hægt að núna honum uppúr því að hafa sofnað undir stýri og strandað bátnum“.

Núinn (l) Nuddaður; máður. „Stafirnir á baujunni voru núnir og ógreinilegir“.

Nújá / Núnú (u, ao) Upphrópanir eða hikorð sem töluvert voru notuð í samtölum vestra. Í þeim gat legið töluvert meining hjá sumum; allt eftir því tóntegund, þögnum og samhengi hverju sinni.

Nújæja / Nújæjabá (u) Upphrópanir sem venjulegast eru notuð sem andsvör. Nújæja er annaðhvort andsvar í undrun yfir því sem sagt er eða sem eftirgjöf við beiðni; nújæjabá er eingöngu notað í síðara tilfelli.

Núlifandi (l) Sem er á lífi núna; lifandi. „Enginn núlifandi maður hefur leikið þetta eftir“.

Núll (n, hk) A. Tölustafurinn núll; ekkert. B. Dund; gauf. „Þetta er óttalegt núll hjá honum“.

Núll og nix (orðtak) Lítið sem ekkert. „Ég var bara núll og nix í þessari atkvæðagreiðslu“.

Núlla (s) Dunda; slóra. „Alltaf er hann eitthvað að núlla kringum útgerðina þó lítið verði úr verki“.

Núllari (n, kk) *Dundari; gaufari*; sá sem fer sér hægt við vinnu; er afkastalítil. „Hann er óttalegur núllari karlgreyið, en alltaf er hann samt að“.

Númera (s) Merkja með númeri. „Ég númeraði baujurnar eftir lagningardegi“.

Númerabók (n, kvk) Bók sem í er skráð númer lambs eftir að það hefur verið markað og merkt að vori. Bókin var meðal innihalds í *merkjatösku*, og úr henni voru upplýsingarnar oft færðar í *ærbók*.

Númerastimpill (n, kk) Járnstöng með talnamóti í annan endann; notuð til að meitla tölu á álræmu sem síðan var formuð til að nota í eyrnamerki sauðfjár. Gerð eyrnamerkja var hluti af undirbúningi sauðburðar. Merki voru tekin af sláturfé og notuð aftur, en alltaf urðu einhver afföll sem þurfti að bæta upp.

Núna áðan (orðtak) Rétt áðan; fyrir mjög stuttum tíma.

Núna fyrst (orðtak) Fyrst nú. „Ertu núna fyrst að vakna? Þvílíkur dómadagssvefn er þetta“!

Núningur (n, kk) A. Nudd; viðnám. „Þú skalt vera með vettlinga á vaðnum; þú getur annars brennt þig af núningnum við vaðinn þegar gefið er hratt niður“. B. Deilur; ósamkomulag. „Einhver núningur hefur verið á milli þeirra“.

Núorðið / Nútildags (ao) Núna; í seinni tíð. „Núorðið þykir ekki tiltökumál að ferðast milli landshluta“. „Á sjósókn þarf vart að minnast, því vart er báti hrundið úr vör til aflafanga núorðið“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Núpsbrún (n, kvk) Klettabrún á núp. „Tvævetluskrattinn sperrti sig inn Eyjaskorarnúp; þræddi núpsbrúnina og setti sig á rassaköstum niður gjána; ofaní Lambahlíð“!

Núpur (n, kk) Gnúpur; fjall með tilteknu lagi, sem gengur stakt/afmarkað fram úr hálendi, fram í sjó eða láglandi. Núpur er allajafna með háu klettabelti ofantil með skarpri efri brún; skriðuhlíðum neðantil og oft klettabelti neðst, ef hann stendur við sjó eða vatnsfall. Sameiginlegt svípmót núpa stafar af því að þeir eru að jafnaði mótaðir af skriðjökli sem runnið hefur meðfram þeim, ásamt því sem brim hefur sumsstaðar komið við mótunarsöguna. Mikið er um núpa í Rauðasandshreppi. Núpurinn í Kollsvík er sumsstaðar nefndur Sandnúpur í eldri heimildum. Ekki er ólíklegt að hann sé nafngjafi Kollsvíkur, sé náttúrunafnakenningin tekin framyfir fullyrðingu Landnámu. Lag hans minnir ekki síður á koll en núpana í nágrenninu.

Nykur (n, kk) Kynjakvikindi úr þjóðsögum, sem sagt er líkjast hesti að því frátöldu að hófarnir snúa aftur og hófskegg fram. Hann býr í vatni og kemur stundum uppúr og er á beit í nágrenninu. Nykurinn hefur þá ónáttúru að stökkva í vatn ef maður er sestur á bak, og leitast íð að drekkja honum; einkum ef nafn hans er nefnt, en hann gengur líka undir heitinu „nennir“. Svipuð dýr er að finna í þjóðtrú Noregs og Orkneyja.

Nyt (n, kvk) A. Afnot. „Höfðu þeir nytjar af Blakknunum í nokkur ár“. B. Mjólkurframleiðsla úr kú eða á; nyta. „Búkolla er í hæstri nyt þennan mánuðin“.

Nytja (s) Nota; hafa afnot af; nýta. „Lítið er nú nytjað af því sem áður þóttu verðmæt hlunnindi“.

Nytjafiskur (n, kk) Fiskur sem veiddur er til nytja; til neyslu eða sölu. Ekki gamalt orð í málinu.

Nytjagripur (n, kk) Nothæfur hlutur; nýtilegt áhald. „Það er varla hægt að kalla þetta nytjagrip lengur“.

Nythá (l) Um kú; mjólkur vel/mikið; er í hárra nyt. „Hún var nythæst þetta árið, blessunin“.

Nythæð (n, kvk) *Mjólkurlagni*; afurðir kýr í formi mjólkur. „Í sambandi við þetta má nefna nythæð kúnna, sem er hærri en nokkru sinni áður; 3000 kg að meðaltali úr kúnni í aðalskýrslu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Nytjagripur (n, kk) Hlutur sem kemur að notum. „Áðurfyrr varð ýmislegt að nytjagripum sem gagnslaust varð síðar. Tíminn var hið ágætasta skeini á kamrinum og umbúðir hans nýttust sem teikni- og minnisblöð“.

Nytsamlegur (l) *Notadrjúgur*; *þéanlegur*. „Þetta er nytsamlegur gripur og eigulegur“.

Nytsemdarskepna (n, kvk) Gagnlegt húsdýr. „Dalli var frábær smalahundur og hin mesta nytsemdarskepna“.

Ný bóla (orðtak) Nýjung; ný tíðindi. „Það er nú engin ný bóla þó ósætti komi upp milli þessara bæja“.

Nýafstaðinn (l) Sem er nýgenginn um garð/ nýbúinn. „Þetta gerðist á nýafstöðnu þorablóti“.

Nýaftekin (l) Um kind; nýbúið að taka af/ rýja. „Ég sá þarna fjórar nýafteknar og tvær í reyfinu“.

Nýársdagur (n, kk) 1. janúar, að núverandi tímatali flestra þjóða. Það viðmið má rekja aftur fyrir Krists burð; til valdatíma Rómverja. Nýársdagur hefur alltaf verið mikill hátíðisdagur. Gegnum aldirnar hafa þó stundum aðrir dagar markað upphaf ársins um tíma. Katólska kirkjan á Íslandi ákvað t.d. árið 1314 að árið skyldi byrja á jóladegi. Skyldu menn þá taldir svo margra vetra sem þeir hefðu lifað margar jólanætur. Það viðmið hélst nokkuð lengi.

Nýársnótt var magnþrungin nótt samkvæmt þjóðtrúnni. Þá áttu kýr að geta talað mannamál, og var talið að engum væri hollt á það að hlýða.

Nýborin (l) Um kind/kú; nýbúin að bera. „Ég fann tvær nýbornar norður í Langamelaskarði“.

Nýbreytni (n, kvk) Nýjung í verklagi/aðferð/siðum. „Hann fitjaði fyrstur upp á þessari nýbreytni“.

Nýbrýndur / Nýdengdur (l) Nýbúið að brýna/dengja. „Gættu þín á hnífnum; hann er nýbrýndur“!

Nýbúinn (l) Rétt lokinn við; var að klára. „Ég var nýbúinn að skipta um peruna og hún er ónýt“!

Nýbygging (n, kvk) Nýleg bygging; bygging sem er yngri en aðrar í nágrenninu.

Nýbýli (n, hk) Nýtt býli; nýr sveitabær. „Stekkjarmelur var stofnaður sem nýbýli fyrir rúmri öld“. „Þá bjuggu foreldrar mínir á Grund, sem er smá nýbýli úr Láganúpslandi sem Samúel Eggertsson skrautritari og kennari hafði stofnað og búið á í nokkur ár“ (IG; Æskuminningar).

Nýbæra (n, kvk) Nýlega borin kýr. „Það þarf að velja gott hey fyrir nýbæruna“.

Nýbærumjól (n, kvk) Mjólur úr nýbæru. „Gefðu kálfinum vel af nýbærumjólkinni“.

Nýdauður (l) Nýlega dáinn/sálaður. „Þessi kind er ekki alveg nýdauð“.

dáinn / Nýdrepinn / Nýfenginn / Nýfermdur / Nýflattur / Nýfluttur / Nýfrystur / Nýfundinn / Nýfæddur / Nýgerður / Nýgiftur / Nýgotinn / Nýhafinn / Nýháttalur / Nýhlaðinn / Nýjarðalur / Nýkjörinn / Nýkominn / Nýlegur / Nýliðinn / Nýmalaður / Nýmjólkuð / Nýorðinn / Nýopnaður / Nýrakaður / Nýrekin / Nýruddur / Nýrunninn / Nýrúinn / Nýsaltaður / Nýsettur / Nýskriðinn / Nýslátraður / Nýsofnaður / Nýtekinn / Nýtíndur / Nýtyrfður / Nýupbyggður / Nýútsprunginn / Nývaknaður / Nývaskaður / Nýveiddur / Nýþrifinn / Nýþveginn (l) Dæmi um gegnsæ og mikið notuð lýsingarorð.

- Nýdreginn** (l) Um fisk; Nýveiddur. „Mikið er indælt að fá nýdregna lúðu; og súpu í ofanálag“.
- Nýfallinn** (l) Um snjó; nýlega snjóaður á jörð. „Tófusporin voru *auðrakin* í nýföllnum snjónum“.
- Nýfarinn** (l) Nýbúinn að yfirgefa staðinn. „Hann er bara rétt nýfarinn héðan“.
- Nýfenni** (n, hk) Nýfallinn snjór. „Það eru tófuför í nýfenninu uppi á túni“.
- Nýfennt** (l) Nýsnjóað; nýfallinn snjór. „Það var nýfennt í slóðina, en hún var samt víða greinileg“.
- Nýfæddur** (l) Nýkominn í heiminn. „Viðstaddir votta enn;/ var þar á meðal Steinn;/ allir ágætismenn;/ að hinn ungi sveinn/ bað um fullorðinsföt/ frat í reifa og lín;/ heimtaði hangikjöt/ hákarl og brennivín“ (JR; Rósarímur).
- Nýgenginn** (l) Um fisk; nýlega kominn á miðin. „Það er farið að veiðast nýgengin grásleppa úti í Flóanum“.
- Nýgotungur** (n, kk) Nýfætt/nýborðið lamb eða annað dýr. „Það er ekki von að svona nýgotungur sé alveg búinn að átta sig á tilerunni“.
- Nýgræðingur** (n, kk) A. Nýsprottið og kjarngott gras. B. Einstaklingur sem óreyndur er í starfi/verkefni.
- Nýgræðingsháttur** (n, kk) *Byrjendabragur; reynsluleysi*. „Skelfingar nýgræðingsháttur er nú þetta! Sagðistu ekki hafa gert þetta áður“?
- Nýhirt** (l) Um hey; nýbúið að hirða í hlöðu. „Það þarf að hafa gát á svona vel grænu heyi nýhirtu; uppá hitnun“.
- Nýir siðir fylgja nýjum herrum / Með nýjum herrum koma nýir siðir** (orðatiltæki) Auðskilið og oft notað.
- Nýir vendir sópa best** (orðatiltæki) Vendir voru hríknippi sem notuð voru til að sópa gólf. Hrisinn slitnaði fljótt. Líkingin er notuð um ýmislegt, t.d. um nýgræðing í starfi sem stundum er öflugri en sá sem fyrir var.
- Nýjabrum** (n, hk) A. Nýtt brum/ nýr vaxtarsproti á tré. B. Líkindamál um nýnæmi/ferskleika þess sem nýtt er. Strákarnir eru spenntir yfir traktorum; að minnsta kosti meðan nýjabrumið er enn á honum“.
- Nýjum herrum fylgja nýir siðir** (orðatiltæki) Nýr stjórnandi hefur oftast sínar eigin áherslur sem þeir verða varir við sem undir hann eru settir. Það gildir jafnt um kónga sem húsbændur/húsfreyjur á heimili.
- Nýjung** (n, kvk) Nýnæmi; nýr hlutur; ný aðferð/tækni. „Gömlu mennirnir tóku þessari nýjung af mikilli varúð“.
- Nýjungagjarn** (l) Áhugasamur um nýjungar; tilbúinn að hagnýta/prófa nýjungar.
- Nýkaraður** (l) A. Um lamb/kálf; nýbúið að kara/ sleikja slorið af. „Þarna var kind með tveimur nýkörüðum lömbum; ómörkuðum“. B. Líkingamál um *viðvaning*. „Ég held að menn ættu að láta það vera að þenja sig í ræðustól þingsins, svona nýkaraðir og *hlandvitlausir*“!
- Nýkominn** (l) Nýlega kominn. „Ég var nýkominn á fætur þegar hann hringdi“.
- Nýlagað kaffi** (orðtak) Kaffi sem nýlega hefur verið lagað/uppáhellt. „Mikið er indælt að fá nýlagað kaffi“!
- Nýlenda** (n, kvk) *Nýbýli*. „Rétt norðanvið Stekkjarmel var nýlenda og íbúðarhús sem Jens Sigurðsson og Henrietta Guðbjartsdóttir byggðu“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Nýlenduvara** (n, kvk) A. Upphaflega merkti orðið vöru sem flutt hafði verið um langan veg frá nýlendum heimsveldanna; t.d. kaffi, te, sykur, ávextir, krydd o.fl. sem ekki fékkst í Evrópu. B. Enn er orðið notað um ávexti, krydd og aðra söluvöru, þó sjaldnar heyrir.
- Nýlentur** (l) Nýkominn að landi. „Hljóp Jóna beina leið niður á Rifið til föður síns, sem þá var nýlentur“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Arb.Barð. 2003).
- Nýlunda / Nýnæmi** (n, kvk) Nýtt; einstætt; fréttuæmt. „Það þótti mikil nýlunda þegar menn fyrst gátu staðið á víðavangi í Kollsvík og talað við annan í órafjarlægð í gegnum talstöð. Nú þykir það ekki tiltökumál þó menn séu í hrókasamræðum við fólk í öðrum heimsálfum; sjálfir staddir á Landamerkjahrygg eða Haugamiðum“.
- Nýmeti** (n, hk) Nýr matur, þ.e. matur sem ekki hefur verið verkaður og geymdur um tíma. „Fyrsti rauðmaginn þótti alltaf kærkomið nýmeti snemma vors“.
- Nýmjólk** (n, kvk) A. Mjólk sem nýlega hefur verið mjólkuð. B. Mjólk sem ekki hefur verið meðhöndluð, t.d. ekki súrmjólk, rjómi, undanrenna eða þ.u.l. Mjólk er í dag nefnd nýmjólk þó hún hafi verið gerilsneydd, sem þó er ákveðin vinnsla og breytir bragði hennar.
- Nýmóðins** (l) Eftir nýjustu tísku/siðum/tækni. „Ég sé nú ekki að þessir nýmóðins búskaparhættir hafi gagnast til annars en leggja sveitirnar í eyði“.
- Nýmæli** (n, hk, fto) Fréttir; tíðindi. „Mér þykja það nokkur nýmæli ef þeir ætla að leggja skólann niður“.
- Nýorpinn / Nýverptur** (l) A. Um fugl; nýbúinn að verpa. „Ætli múkkinn sé ekki nýorpinn núna? B. Um egg; nýkomin úr fuglinum. „Alltaf er nú jafn gott að smakka nýorpin múkkaegg“.

- Nýrmör / Nýrnamör** (n, kk) Mör/ fita utan af nýrum. „Nýrmörinn er settur í *mörva*, ásamt netju og garnmör“.
- Nýrækt** (n, kvk) Land sem nýlega hefur verið brotið til ræktunar. „Ég girti nýræktina, og friðaði hana alveg fyrir beit fyrstu tvö árin“.
- Nýsaltaður** (l) nýlega saltaður. „Í þessari tunnu eru nýsöltuð hrogn“.
- Nýsilfur** (n, hk) Málmblanda sem í eru 2 hlutar af kopar, 1 af nikkel og 1 af sinki; notuð í ýmsa nytjahluti.
- Nýskeð** (ao) Stutt síðan skeði/gerðist. „Þetta var greinilega nýskeð þegar ég kom“. „Gerði hann síðan grein fyrir samtali sem hann nýskeð hefði átt við vegamálastjóra um hina ýmsu vegi í sveitinni“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).
- Nýskroppinn** (orðtak) Nýfarinn í stutta ferð. „Hann var nýskroppinn út“.
- Nýskúrað** (l) Nýbúið að skúra/þvo. „Farðu ekki inn á gólfid alveg strax; það er nýskúrað“.
- Nýslátrað** (l) Sem nýbúið er að slátra. „Sest var að borðum, og var þá stundum kjöt af nýslátruðu, en algengara var þó saltkjöt eða hangikjöt“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Nýslegið** (l) Nýbúið að slá. „Kálfarnir fúlsa varla við nýslegnu grasi“.
- Nýslægja** (n, kvk) Tún/slétta/gras sem nýbúið er að slá. „Það þyrfti að raka frá bökkunum í nýslægjunni“.
- Nýstaðinn/nýstigin upp / Nýuppstaðinn** (orðtak) Nýlega kominn á fætur/ról. „Ég var þá nýuppstaðinn úr flensu“.
- Nýstárlegt** (l) Nýjung; forvitnilegt og nýtt. „Honum þótti borvélin æði nýstárlegt tæki, en taldi að hún gæti verið nokkuð *brúklek til sins gagns*“.
- Nýta / Nytja** (s) Hafa hag/not/nytjar af; notfæra sér. „Liði kærði sig að minnsta kosti ekki um að taka lambskrokkinn með sér heim að Láttrum og varð að samkomulagi að Gummi nýtti hann“ (PG; Veðmálið).
- Nýta tímann** (orðtak) Vinna; halda sig að vinnu. „Við þurfum að nýta tímann vel til myrkurs“.
- Nýtilegur** (l) Nothæfur; brúklegur. „Það má lengi finna eitthvað nýtilegt í þessu drasli“.
- Nýting** (n, kvk) Notkun brúk; hagnýting. „Mér sýnist að nýting heyja gæti orðið með besta móti“.
- Nýtinn** (l) Laginn við nýtingu; gerir mikil not úr því sem tiltækt er. Nútímafólk kemst á fáum sviðum í hálfkvisti við fyrri tíðar fólk í nýtni og sparsemi. Þá voru allsnægtir ekki jafn miklar; vöruframboð af öllu tagi var fjarlæggt og verslunartilbeiðsla enn ekki hafin. Ekki var nóg með að fólk væri sérfræðingar í að nýta hverja örðu af sjávaraflla sínum og búfé, heldur einnig jarðargróður reka og landið sjálf. Fatnaður var endalaust nýttur; saumaður og stagaður upp, nánast í tætlur. Þegar vörur fóru að berast úr verslunum voru umbúðirnar gjörnýttar ekki síður en innihaldið; nánast engu var hent fyrir en það hafði verið nýtt á einhvern hátt. Fáu hefur hrakað jafn hratt á Íslandi síðustu hundrað árin og nýtninni.
- Nýtilkomið** (l) Nýlegt; nýtt af nálinni. „Þessi breyting er svo nýtilkomin að ég vissi ekki af henni“.
- Nýtni** (n, kvk) Lagni og útsjónarsemi við að nota hluti í stað þess að fleygja. „Kollvíkingar ólust upp við að nýtni væri eitt af frumskilyrðum þess að komast af. Ekki skal fleygja hlutum að ástæðulausu sem gætu nýst. Það lögmál gildir jafnt um veiði og búfjárafurðir sem matarleifar, umbúðir, garðaúrgang, reka, mykju og jafnvel safnþróna undir kamrinum. Alltaf skal hugsa áður en hent er. Þjóðfélagsbylting síðustu áratuga og ofnotkun umbúðaþjóðfélagsins á náttúrugæðum hafa svo orðið til þess að jafnvel hinir nýtnu Kollsvíkingar eru farnir að kasta í sorp umbúðum sem áður hefðu verið nýttar. Dagblöðum er nú fleygt sem áður hefðu sparað skeini; mannaáburður flýtur nú til sjávar eða rotnar í rotþró, engum til gagns; mjólkurfernur fara á sorphauga sem áður voru spírunarílát; sömu örlög bíða matarleifa sem áður nýttust til að fódra hænsni, kött, hund og hrafn; sviðakjálkum er hent sem áður urðu stólpagripir í hornabúi; klumbubeininu einnig sem áður varð að syngjandi heiðlóu eða fagurhvítum sel undir egginni á vasahnífnum afa; niðursuðudósinn hverfur í sorphauga sem áður var nýtt fyrir berjaílát og blómapotta, hveitipokinn úr bréfi er nú haugamatur en áður voru léreftspokar nýttir sem skjannahvít lök eftir meðhöndlun með grænsápu, notaðir nælonsokkar fara nú fyrir lítið sem áður urðu að hringflétuðum mottum; ljósaperum er fleygt eftir notkun en urðu áður að einstökum listaverkum sem fagurmálaðar jólakúlur á jólatré skreytt með eini og sortulyngi; hnyðjurnar fúna og sandverpast í flæðarmáli sem áður lifnuðu við sem máluð listaverk uppi á stofuvegg. Þannig mætti lengi halda áfram að nefna dæmi um nýtni fyrri tíðar, og var þá ekki farið að minnast á þá breytingu sem orðið hefur á nýtni fisks úr sjó og slátraðs búpenings.“
- Nýtt af nálinni** (orðtak) Nýtt; nýlega gert. Orðtakið vísar til nýsaumaðs fatnaðar.
- Nýtt tungl** (orðtak) Tunglið þegar það virðist alveg dökkt vegna afstöðu þess til sólar og jarðar; tungl á fyrsta k kvartili. Sjá *kvartilaskipti*.
- Nýtur** (l) Nothæfur; sem nýtist vel; kemur að góðum notum. „Hann reyndist mjög vel nýtur í smalamenskum; hann er svo *lappalangur* og fljótur að hlaupa“.

Nýtur birtu/dagsbirtu/sólar/skímu (orðtök) Birta/sólskin er fyrir hendi. „Okkur *veitir ekki af* að vinna í þessu meðan einhverrar birtu nýtur“. „Morgunsólar nýtur betur á Láganúpi en í Kollsvík“.

Nýtur fjöru (orðtak) *Bitffara* er fyrir hendi. *Fjörubeit* hefur í gegnum tíðina verið mjög mikilvæg fyrir fjárbúskap í Kollsvík. Féð nýtur þó ekki beitarinnar alltaf; hún er ekki tiltæk vema á útfalli/fjöru; hana getur tekið af í miklu brimi, þegar sjór gengur hátt upp, og hana getur tekið af í miklum hafis, er hann þekur allar fjörur. Þá er hættulegt fyrir fé í fjöru í hvössum afgangsvindi. „Útígangur er góður ef fjöru nýtur“.

Nýupphlaðinn (l) Nýlega hlaðinn. „Garðurinn er nýupphlaðinn á þessum kafla“.

Nýupptekinn (l) Sem nýlega hefur verið tekinn upp. „Mikið er gott að smakka nýupptekið myr með fiski og floti“!

Nývaknaður (l) Nýlega vaknaður; nýkominn á fætur.

Nýveiddur (l) Ferskur uppúr sjó. „Fátt er betra en nýveiddur sílspikaður þorskur með myri og floti“.

Nýverið (ao) Nýlega; *nýskeyð*. „Gat Þórður þess að hann hefði nýverið átt tal við Pál Hafstað...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Nýyrði / Nýyrðasmíð (n, hk/kvk) Sköpun nýrra orða, oftast lýsinga eða heita. Eitthvað er alltaf um það að ný orð séu sköpuð í málinu. Oftast er það vegna þess að nýjung kallar á nýyrði, en stundum festist í málinu heiti eða lýsing sem er snjallari eða liprari í munni en fyrra heiti. Nýyrðasmíð í hófi er málinu eðlileg og þörf. Ekki er heldur óeðlilegt að í lokuðu samfélagi verði með tímanum til nokkuð magn nýyrða sem ekki er að finna í meginstofni málsins annarsstaðar. Þetta er hluti skýringarinnar á miklu magni sérstæðra orða úr Kollsvík og Rauðasandshreppi sem greinst hafa við þessa skráningu. Aðrar skýringar eru varðveisla gamalla orða og sérstæð málmótun. Sumir eru færari en aðrir við nýsmíðar fleygra orða. Á síðari áratugum var Guðmundur Jón Hákonarson á Hnjóti sérlega snjall í þeim efnum, eins og sjá má á þessu orðasafni. Höfundur þessarar samantektar hefur þurft að búa til nokkur nýyrði vegna sinna starfa við þróun sjávarfallahverfla og vegna rannsókna á náttúrufrýrþærum, s.s. frostgígum.

Nýyrðasmíður (n, kk) Sá sem fæst við að finna ný orð þar sem slíkt er nauðsynlegt, og gerir það á vandaðan og hnyttinn hátt þannig að orðin séu þjál í munni, gagnleg og lifi áfram í munni almennings. Sjá *nýyrði*.

Næða (s) Um vind; gnauða; þjóta; gusta; blása. „Líklegt er að Kollur hafi reist bæ sinn þar sem Kollsvíkurbærinn stendur nú; þar sem minna næddi um hann að jafnaði en sunnar í víkinni“.

Næði (n, hk) A. Kyrrð; ró; afdrep frá trúflun. „Þarna fékk ég gott næði til að lesa og skrifa“. B. Um veiðiskap; unnt að vera að veiðum vegna sjólags eða veðurs. „Við fengum ekki lengi næði; hann var fljótt kominn með bölvæða kviku“. Sjá *ónæði*.

Næðingsfjandi (n, kk) Áhersluorð um næðing. „Manni er bara *hálfkalt* í þessum næðingsfjanda“.

Næðingssamt (l) Mikil hætta á næðingi; verulegur næðingur. „Það er hætt við að það sé næðingssamt þarna á fjallinu núna; þú skalt búa þig vel“.

Næðingur (n, kk) Kaldur vindur; *neþja*; *kuldagjóstur*. „...oft var kaldsamt á brúninni í norðan næðingi og þokusúld...“ (ÖG; Úr verbúðum í víking).

Næðisamt (l) Mikið um kyrrð/ró/næði. „Okkur varð ekki næðisamt um nóttina í þessu þrumuveðri“.

Næfra (n, kvk) Sjórekinn trjábörkur, vanalega upprúllaður í ca 1“ þykkri rúllu. Rekur oft á fjörur í Kollsvík. „Nýlegar næfrur voru stundum settar á heita eldavél til að fá góða lykt í hús“.

Næfur (n, hk) Þynnka; efni sem er mjög þunnt. „Þú þarft að hafa eitthvað öflugra í kringum hrútinn; þetta næfur heldur varla blæstrinum í honum, *hvað þá meir*“!

Næfurþunnur (l) Mjög þunnur; þunnur eins og næfur. „Veggirnir eru næfurþunnir“.

Nægilega / Nægjanlega (ao) Nóg; sem dugir. „Ég held að það ætti nú að vera nægilega fallið út til að fara að vísa fénu í fjöruna“. „Það fer alveg að koma nægjanlega mikið á þennan vagn“.

Nægilegur / Nægjanlegur (l) Nógur; sem dugir/nægir. „Þetta er varla nægjanlegt til að fylla tunnuna“. „Þetta ætti að vera nægilegt sement í hræruna“.

Nægja (s) Duga; vera nóg/nægilegt. „Við sækjum þá meira ef þetta nægir ekki“.

Nægjast með/við (orðtak) Láta sér duga/nægja. „Ég fann ekki meira af salti; við verðum bara að nægjast við þetta“. „Menn nægjast ekki með það lengur sem þeir áður gerðu“.

Nægjusamur (l) *Smáþægur*; hófsamur; lætur sér nægja lítið. „Fólk var nægjasamara fyrr á tíð“.

Nægjusemi (n, kvk) Lítilþægni; ánægja með hið smáa/óverulega. „Eitt sinn var nægjusemi talin dyggð“.

Nægt (n, kvk) Það sem er nóg. „Fólk sótti mjög í nægtirnar við sjávarsíðuna þegar harðnaði í ári“.

- Nægtaborð / Nægtabrunnur / Nægtabúr** (n, hk/kk) Allsnægtir; nóg af öllum nauðsynjum. „Kollur lét sér duga það nægtaborð sem Kollsvíkin er; hann þurfti ekki stærra landnám“. „Margir sækja í þann nægtabrunn“. „Yfirleitt eru grunnmið á vikunum og röstunum nægtabúr þegar líður á vorið“.
- Nægur** (l) Fullnægjandi; nógur. „Komdu og fáðu þér bita með okkur; hér er nægur matur á borðum“.
- Næla** (n, kvk) Þrjónn sem stunginn er í fatnað, ýmist til skrauts eða til að halda efni saman.
- Næla í** (orðtak) A. Krækja með nál/nælu í efni. B. Veiða; ná; fanga; stela. „Asskoti nældirðu þarna í fallegt lúðulok“! „Hann nældi sér í heimasætuna á næsta bæ“.
- Næli** (n, hk) Nál; mjög smár fiskur; kóð; branda. „Það er tilgangslaust að vera að draga þessi bölvuð næli“.
- Nælingur** (n, kk) Um tregfiski; reytingur; lítill afli. „Þann var *daudatregur* frammi, en dálítill nælingur af þyrsklingi grynna“.
- Nælon** (n, hk) Pólyamíð; flokkur gerviefna sem byggð eru af stórum sameindum. Fyrsta nælon var fundið upp 1935 af Wallace Carothers hjá DuPont. Nælon má draga út heitt í mjóa sterka þræði, sem síðan má nota, t.d. í allskyns vefnað og tóg, en einnig í plasthluti.
- Næmi** (n, hk) Oftast notað núorðið um sérlega mikla tilfinningu eða viðkvæmni fyrir áreiti, en var áður um námshæfileika. „Ég hef ekki mikið næmi fyrir svona hlutum“.
- Næmur** (l) Með næmleika/sans/tilfinningu fyrir einhverju. „Tófan er mjög næm á alla lykt“. „Fjandi er maður orðinn næmur fyrir öllum pestum í seinni tíð“.
- Næpa** (n, kvk) A. Hvít rófa; Brassica rapa. Einær planta af krossblómaætt með stórrí ætri stólparót. Næpa hefur um nokkurn tíma verið allmikið ræktuð í görðum sem matjurt. Kálið þykir gott til gripafóðurs. B. Líkingamál um manneskju sem er mjög föl yfirlitum. „Það verður hver maður að næpu á þessi *innihangsi*“.
- Næpulegur** (l) Fölleitur/hvítur í andliti; illa búinn/fataður. „Skelfing er að sjá þig svona næpulegan útivið drengur; hlauptu nú inn og sæktu þér úlpu“!
- Næpustýri** (n, hk) Gæluorð um næpu. „Viljið þið ekki fá ykkur næpustýri strákar“?
- Nær** Ýmis merking og orðflokkar eftir samhengi: A. miðstig af lýsingarorðinu *nálægt*: „Hann er nær takmarkinu en áður“. B. framsöguháttur af s. að *ná*: „Hann nær því þó varla“. C. stytting úr *skammarnær* (sjá þar). „Honum hefði verið nær að hlusta á mínar aðvaranir“. Oft var það notað stýtt í upphrópunum, þegar hneykslast var á mistökum/óförum: „Þér var nær“! „Honum var nær“! D. stytting á *hvenær*: „Nær heldurðu að þú komir“? „Nær var kúnni haldið undir nautið“? Líklega hefur þessi mynd verið mikið notuð í Kollsvík áður fyrr, og t.d. notaði GG á Láganúpi hana allmjög.
- Nær að halda** (orðtak) Held frekar; hallast frekar að. „Mér er nær að halda að þetta hafi verið í fyrra, frekar en að það hafi verið árið þar áður“.
- Nær ein aldan rís er önnur vís** (orðatiltæki) *Sjaldan er ein báran stök*; gera má ráð fyrir meiri erfiðleikum/óláni en orðið er. Vísar til þess að ólög koma oftast nokkur í röð, áður en lag verður á milli þeirra.
- Nær ekki nokkurri átt / Nær engri/öngri átt** (orðtak) Er alveg fráleitt; *ekki nokkur hemja/stæða*. „Það nær ekki nokkurri átt að þessir þingmenn hlaupi frá kosningaloforðunum um leið og þeir eru kosnir“! „Svona bollaleggingar ná öngri átt“! E.t.v. er orðtakið líking við það að menn villist og ná ekki áttum; geti ekki áttað sig. En einnig kann það að eiga við að vindur komi ekki úr einni ákveðinni átt, heldur mörgum, sem getur gert seglskipum erfitt fyrir.
- Nær ekki nokkurri/ engri/öngri átt / Nær engu lagi** (orðtak) Er ekki neitt vit í; fær ekki staðist. „Það nær ekki nokkurri átt að þú sért einn að snaga þarna í eggjum; reyndu nú að fá einhvern með þér“. Hið fyrra er líking við það að vera áttavilltur; skynja ekki neina átt. Hið síðara er líking við að bátur nái ekki að sæta lagi til landtöku.
- Nær er skinnið en skyrtan / Nær er skinnið skyrtunni** (orðatiltæki) Vísar til þess að í raun er mönnum kærari sín velferð og sinna nánustu, en veraldlegar eignir. Menn geta misst allar sínar eigur, og skyrtuna með, en sá skaði er smávægilegur við að týna eigin lífi eða missa þá sem eru manni kærir. Hugsanlega vísar þetta til þess að fyrr á tímum var mönnum refsað með þískun/húðláti. Þá var skyrtan fljót að fara, en þó skinnið færi illa þá greri það aftur; og er mannum mikilvæga.
- Nær sanni** (orðtak) Nokkurnvegin rétt/satt; sannara. „Ég held að það sé ofmælt að hann hafi hlaðið bátinn yfir snúninginn. Hitt gæti verið nær sanni að hann hafi önglað þetta upp á norðurfallinu“.
- Nær þá?** (orðtak) Hvenær þá. Oftast notað sem andsvar. „Sagðist hann ætla að koma á morgun? Nær þá?“
- Nær sanni** (orðtak) Sem næst því að vera sannleikur; *sönnu nær*. „Það mun vera nær sanni að 25 bátar hafi verið gerðir út frá Kollsvíkurveri þegar þar var mest umleikis á 20. öld“.

- Næra sig** (orðtak) Nærast; fá sér að borða. „Þegar það var búið þá var farið í land, hitað sér kaffi og soðinn fiskur og nært sig. Eftir það var farið í síðari róður dagsins“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvikurveiri).
- Nærbuxnavatn** (n, hk) Þunnt kaffi; *hlandkaffi*. „Það væri nú ofmælt að kalla það kaffi; þetta nærbuxnavatn“.
- Nærfellt** (l) Nálægt; nærri því; nær samfellt; *fast að; langt til*. „Skipbrotsmenn fengu til umráða tvær allstórar fjárbúðir og höfðust þar við í nærfellt þrjár vikur“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).
- Nærfærinn** (l) A. Kunnugur; hefur þekkingu; fer nærri um; gætinn. B. Nærgætinn.
- Nærfærni** (n, kvk) Glöggskyggni. „Í þessu máli hefur hann sýnt einstaka nærfærni“.
- Nærgætinn** (l) Umhyggjusamur; skilningsríkur; fer gætilega að. „Þú þarft að vera nærgætinn í orðum þegar þú segir henni frá þessu“.
- Nærgætni** (n, kvk) Umhyggja; skilningur; aðgát.
- Nærgætnisleysi** (n, hk) Skortur á nærgætni. „Svona athugasemdir eru bara algert nærgætnisleysi“!
- Nærgöngull** (l) Sem gengur nærri; skaðlegur; ágengur. „Að lokum varð draugur þessi svo nærgöngull Einari að honum þótti ekki lengur viðvært“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Nærhald / Nærskjól** (n, hk) Nærbuxur; nærbrók.
- Nærindis** (ao) Nærri; í nágrenninu. „Það vildi honum til að bátur var staddur nærindis sem kom til hjálpar“.
- Nærmið** (n, hk) Það mið í landi sem nær er, þegar miðað er við tvö mið af sjó. „Haugarnir eru *ffærmið* á samnefndum miðum, en Stekkavarðan er þá nærmið“.
- Nærþjónkur** (n, kvk, fto) Nærföt. „Eitthvað er nú orðið fátæklegt af nærþjónkum á þig núna“.
- Nærri** (l, mst) Miðstig lýsingarorðsins nálægt. Oft notað í orðtökum, en einnig til áhersluauka: „Mér þykir þetta ekki nærri því eins gott og hitt“.
- Nærri komið** (orðtak) Hérumbil; hafði nærri gerst. „Það var nærri mér komið að segja honum að halda sér saman, en ég stillti mig um það“. Sjá „*að komið*“, sem er tilbrigði við það sama.
- Nærri lagi** (orðtak) Nálægt; *hér um bil; um það bil; má heita; svo gott sem; því sem næst*. „Ég held að þín ágiskun sé nærri lagi“.
- Nærri má geta** (orðtak) Unnt er að ímynda/hugsa sér. „Nærri má geta undrun hans, er margir útlendir menn standa yfir honum við að gyrða sig“ (HÖ; Fjaran).
- Nærstaddur** (l) Staddur nálægt/nærri. „Það vildi til að ég var nærstaddur og gat komið honum til hjálpar“.
- Nærsvetitir** (n, kvk, fto) Sveitir/hreppar sem nálægt/að liggja.
- Nærskýni** (n, kvk) Algengur sjóngalli, sem felst í því að menn sjá best það sem nálægt þeim er en ógreinilega það sem er fjær.
- Nærtækur** (l) Sem er við hendina; nálægur; handhægur. „Ég get nefnt nærtækt dæmi...“. „Nú væri gott að fá aðstoð Grettis sterka, en hann er víst hvergi nærtækur“.
- Nærvera** (n, kvk) Nálægð; viðvera. „Var þinnar nærveru ekki óskað við baksturinn, litli stúfur“?
- Næst-** Forliður lýsingarorða; það sem er annað í röðinni. S.s. næstbestur; næstfremstur; næstsíðastur o.s.frv.
- Næst að halda** (orðtak) Geti trúað; held. „Ég sé kindurnar ekki þarna; mér er næst að halda að þær séu komnar heim að húsum“.
- Næsta** (ao) Áhersluorð; um það bil; nærri; því sem næst. „Þegar hugsað er til baka og jafnframt hugsað til kvenna nútímans, með öll þau þægindi sem nú bjóðast, finnst manni næsta óskiljanlegt hvernig hún gat annað öllum sínum störfum...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Ég tel þetta næsta öruggt“. „Ég var orðinn næsta blindaður af sjórokinu“.
- Næsta kastið** (orðtak) Á næstunni; í nánustu framtíð. „Ég las þannig yfir *hausamótunum* á honum að hann lætur örugglega ekki sjá sig hér næsta kastið“!
- Næstefstur / Næsthæstur / Næstneðstur / Næstlægstur** (l) Annar í röðinni *ofanfrá/ neðanfrá*. „Ég er búinn að tína í efsta og næstefsta gangi, en ætla að fara niður í þriðja gang“.
- Næstkomandi** (l) Sem næst kemur. „Það er fullt tungl næstkomandi laugardag, og þá stærstur straumur næstkomandi mánudag“.
- Næstliðinn** (l) Síðastliðinn. „Svona hefur þetta gengið næstliðin tvö ár“. Sjaldnar notað nú til dags.
- Næstum** (ao) Nærri því; hérumbil. „Ég var næstum búinn að gleyma erindinu“. „Þetta er næstum allt féð“.
- Næturbundur / Nætursvefn** (n, kk) Svefn að nóttu. „Næturbundurinn varð í styttra lagi útaf þessu“.

Næturfjara (n, kvk) Fjara að næturlagi. „Fyrst þegar ég var háseti; á fermingarárinu mínu, var veðrið ekki hlýrra en það að ís lagði á fjöruna þegar féll út; það var næturfjara“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Næturflóð (n, hk) Flæði að næturlagi. „Við skulum setja bátinn aðeins hærra; ég hef grun um að næturflóðið gæti orðið aðeins hærra en flæðin í dag“.

Næturfrost (n, hk) Frost yfir nótt þegar meiri hiti er að degi. Helst hætta á því í stilltu og heiðskíru veðri að haust- eða vorlagi. Kartöflugrös *falla* vanalega í fyrsta næturfrosti.

Næturgagn (n, hk) Náttgagn; hlandkoppur. Næturöggn voru í notkun þar til inniklósett komu í hús.

Næturgisting (n, kvk) Gisting/svefn yfir nótt. „Heldurðu að ég fái hjá þér næturgistingu“?

Næturgöltur (n, hk) Ráp/flakk/ferðir að nóttu. „Mundu nú að pissa fyrir svefninn svo þú þurfir ekki að vera að þessu næturgöltri“.

Næturkul / Næturkæla (n, hk) Kul/kaldi að næturlagi. „Féð hafði komið sér fyrir í skjóli fyrir næturkulinu“.

Næturkyrrð (n, kvk) Logn/kyrrð að næturlagi. Oft er logn að nóttu að sumarlagi, þó kulað geti yfir daginn. Þá er einnig svefntími manna og dýra og því oft mikil kyrrð.

Næturlangt (l) Yfir nótt. „Ég efast um að þetta logn standi, nema rétt næturlangt“.

Nöf (n, kvk) Snös; nef á/í klettum/bjargi. „Ég fór framá nöfina, en sá ekki neitt fé niðri í hlíðinni“.

Nögl (n, kvk) Hornskel fremst á fingri. Í Kollsvík og nágrenni tíðkaðist beygingarhátturinn „nöglur“ í fleirtölu, en ekki „neglur“ eins og nú er almennt sagt. „á ég að klippa á þér nöglurnar“?

Nöldra (s) A. Um mann; rella; sífra; tuða; kvarta. „Greyið mitt hættu nú að nöldra um þetta síknt og heilagt“!
B. Um hlut; suða; skröлта; tista; nuddast við. „Ég setti teygju á gírstangirnar svo þær væru ekki að nöldra“.

Nöldrari / Nöldurseggur / Nöldurskjóða (n, kk) Sá sem nöldrar/tuðar; nöldrari. „Vertu nú ekki þessi herjans nöldurseggur drengur“.

Nöldur (n, hk) Tuð; kvartanir; rell; sífur. „Ég er orðinn dálítið þreyttur á þessu nöldri“!

Nöldursamur (l) Gefinn fyrir að nöldra.

Nöldurseggur (n, kk) *Suðuskjóða; vælukjóði*; sá/sú sem mikið nöldrar/tuðar/suðar. „Ég hlusta nú takmarkað á þann nöldursegg“

Nöldurtónn (n, kk) Kvörtunartónn; væl. „Karlinn þusaði eitthvað yfir þessu í nöldurtón, en lét gott heita“.

Nösótt (l) Um lit á sauðfé; hvít með dökkan blett við nös/nasir. „Nös gamla bar nafn með rentu“.

Nötrandi (l) Skjálfandi. „Búðu þig betur krakki! Þú ert nötrandi af kulda“.

Nöturkalt (l) *Hrollkalt; skítalt*. „Búðu þig almennilega; hann er nöturkaldur“.

Nöturlega (ao) Kaldranalega; meinlega; óþægilega. „Þetta er kannski nöturlega sagt; en svona er sannleikurinn“.

Nöturlegur (l) Napurlegur; skelfilegur; fráhrindandi. „Aðkoman í brúnni var vægast sagt nöturleg þegar menn komust út í skipið eftir að veður gekk niður“.

Nöturleiki (n, kk) Hryllingur; kaldranaleiki; ömurleiki. „Líf fátæklinga er oft nöturleikinn uppmálaður“.

O var stundum notað í upphafi orða og setninga sem viðbót; einatt í andsvari og oftast sem hikorð eða til að milda það sem sagt er. „O ekki held ég það nú“. „O jujú“. „O jæjapá“. Ojá“. Sjá *offandinn; offárin*.

Obbinn af því (orðtak) Megnið af því; mestmegnis. „Obbinn af fénu skilar sér vanalega heim án smölunar“. Obbi mun þýða nef, goggur eða trjóna, og er t.d. stofninn í ybba, sbr *ybba gogg*.

Obboðlítill (l) Agnarsmár; *duggunarlítill; öggulítill*. „Það er ágætt að hafa obboðlitið af sykri útá þetta“.

Obbosi (u) Upphrópun sem gjarnan var notuð þegar börn voru tekin upp eða þeim lyft.

Obláta (n, kvk) Altarisbrauð; lítil bökuð skífa úr ósýrðu hveiti, sem við altarisgöngu er lögð á tungu fólks sem tákn um hold Krists. Á eftir er gefinn sopi af *messuvíni*, sem tákn um *blóð Krists*, og til að kyngja oblátunni. Saman eru þessir helgisiðir nefndir *sakramenti/náðarmeðul* og *altarisganga*; að *ganga til altaris*. Sjá *sakramenti*.

Oddaflug (n, hk) Hópflug sumra fuglategunda í ákveðnu mynstri, til að minnka loftviðnám á fluginu. Einkum er þetta áberandi hjá gæsnum og helsingjum. Fremsti fuglinn klýfur loftið og þeir sem á eftir koma nýta „*bógbylgjuna*“ frá honum til að létta sér flugið, svo hópurinn myndar v-laga mynstur í loftinu.

Oddbeita (n, kvk) A. Beita/agn sem beitt er fremst á odd önguls/króks, framanvið aðrar beitur ef um þær er að ræða. Helst tíðkaðist það á hákarlaveiðum að hafa margar tegundir beitu, og var þá sú girnilegasta höfð sem oddbeita. Oft var það biti úr hrossaketi, selspik, hnisuspik eða gallpungur (stykki úr hákarlslifur). B.

Ljósabeita sem skorin er í oddlaga lengju og beitt á bug öngulsins. Báðar merkingar orðsins voru þekktar í Kollsvík, en sú síðari meira notuð í seinni tíð.

Oddbeita (s) Beita öngul með *oddbeitu*. Sjá einnig *roðbeita*.

Oddbeittur (l) A. Um hníf eða annað áhald; beittur í oddinn. „Varaðu þig á breddunni; hún er svo ári oddbeitt“. B. Um krók/öngul sem búið er að *oddbeita*.

Oddafiskur (n, kk) Lúða sem veiðist á *flenniskuð*. „Á vorin var oft mikið af flenniskuði (hraunpussu, sæffli) í Látraröst og komu þá stundum tvö og þrjú á sama öngulinn í senn. Flyðra sem veiddist á flenniskuð var nefnd *oddafiskur* og var hlutarbót þess sem fyrir því henni varð“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; eftir Ó.E.TH Vatnsdal).

Oddamaður (n, kk) Sá sem úrslitum ræður í hópi, t.d. þegar atkvæði eru greidd. Fjöldi manna í nefndum og stjórnnum er oftast látinn standa á oddatölu, til að mál falli síður á jöfnum atkvæðum. Með oddamanni er þó stundum átt við tiltekinn mann í nefnd/hópi sem hefur meira vægi en aðrir eða starfar öðruvísi.

Oddatala (n, kvk) Önnur hver tala í réttri talnaröð heilla talna; tala sem ekki er jöfn tala; heil tala sem ekki er unnt að deila í með tveimur.

Oddbeita (s) Aðferð við beitningu á handfæraveiðum. „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri oddbeittur. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Sjá einnig *beita*; *bugbeita*; *roðbeita*.

Oddbogi (n, kk) Bogi sem er oddmyndaður í buginn. Algengur stíll á miðöldum, en víða má sjá kirkjuglugga, letur og annað með þessu lagi frá þeim tíma.

Oddbrotinn (l) Með brotinn odd. „Ég lána þér ekki aftur vasahníf ef ég fæ hann oddbrotinn til baka“!

Oddhagur (l) Góður útskurðarmeistari/myndskeri; laginn við beitingu oddjárna.

Oddhenda (n, kvk) Vísa með sérstökum bragarhætti. Oddhendur eru *hringhendur* þar sem endarím fyrstu og þriðju ljóðlínu rímar við annan braglið allra ljóðlína. Dæmi um oddhendu er þessi vísa Steins Steinarrs: „Lífs um angurs víðan vang/ víst er ganginn herði./ Eikin spanga í þitt fang/ oft mig langa gerði“.

Oddhvass / Oddmjór (l) *Oddbeittur*; skarpur/hvass í oddinn.

Oddlaus / Oddsljór (l) Án odds; sljór í oddinn. „Veistu eitthvað um oddlausu skærin“?

Oddsnera (n, kvk) Það þegar fiskur snertir við beitu á krók þannig að veiðimaður telur sig finna það; verða varan. „Einhver oddsnerta held ég að hafi verið hjá mér núna. Hann gæti verið að gefa sig til“. Einnig í neitunarsetningum um algert aflaleysi. „Skammi sú ögnin að hér sé nokkur oddsnerta“! „Við reyndum á nokkrum stöðum, en það var hvergi oddsnerta“.

Oddvitatið (n, kvk) Tími sem maður gegnir starfi oddvita í hreppsnefnd eða annarri stjórn. „Ég vélritaði nokkrar fundargerðir frá oddvitatið föður míns“.

Oddviti (n, kk) Einn hreppsnefndarmanna, og sá sem sinni daglegum sveitarstjórnarstörfum. „Í Rauðasandshreppi var þriggja manna hreppsnefnd. Össur Guðbjartsson á Láganúpi gegndi lengi vel störfum oddvita, eða þar til hann veiktist alvarlega. Stuttu síðar var stjórnsýslan sameinuð í Vesturbyggð. Össur var vinsæll oddviti, eins og sést af þakkarskjali sem sveitungarnir færðu honum að gjöf“.

Of eða/né van (orðtak) Of mikið eða of lítið. „Það er *ýmist of eða van* með þessa rigningu“.

Of/heldur fljótur á sér (orðtak) Of *bráður*; fljótfær; *hleypur á sig*. „Nú var ég heldur fljótur á mér að kasta út færinu; ég er hræddur um að það hafi slegist saman við þitt vegna ferðarinnar á bátnum“.

Of/heldur gefinn (orðtak) Of dýrt/verðmætt. „Ég fórna ekki harðviði í girðingarrengru; hann er heldur gefinn í slíkt“. „Ertu frá þér; að ætla að nota hamarshausinn í sökku! Hann er allt of gefinn til þess“!

Of/heldur/full mikið af því góða (orðtak) Yfirdrifið; of mikið. „Það er bara ánægjulegt að fá heimsókn. En þegar menn sitja frá morgni til kvölds og *halda manni frá verki*, þá er það of mikið af því góða“.

Of/heldur mikið af því góða (orðtak) Heldur mikið, þó vel sé þegið. „Það er alltaf vel þegið að fá í soðið, en þetta er kannski *heldur mikið af því góða*“.

Of seint er að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofaní (orðatiltæki) Orðatiltækið vísar til þess að sýna þurfi fyrirhyggju til að afstýra vandræðum eða slysum.

Of seint er að iðrast eftir dauðann (orðatiltæki) Skýrir sig sjálf. Mikið notað í þeim tilvikum að menn sjá eftir því sem gert hefur verið. „Ég hefði átt að asnast til að raka þetta upp í gærkveldi. En það er víst of seint að iðrast eftir dauðann. Hann var ekki svo rigningarlegur þá“.

Of seint er að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofaní (orðatiltæki) Auðskilið máltæki sem notað er í líkingum um að betra er oft að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir en taka afleiðingunum.

Ofalinn (l) Sem fengið hefur of mikið fóður/fæði. „Hundur og húsbóndi báru þess merki að hafa verið ofaldir“.

Ofan (ao) Niður; ofanfrá; undan. „Sú málvenja er nú nánast horfin sem áður var algild, að nota orðið „ofan“ um það þegar eitthvað kom niður eða farið var niður. Og sama gildir um orðið „neðan“, um það sem nú heitir „upp“. Þessi háttur var þó tamur eldra fólki á síðustu öld, t.d. GG á Láganúpi og ÖG notaði þetta einnig töluvert“. „Gáðu að þér þegar þú kemur ofan stigann“. „Kindin setti sig neðan alla kletta og upp á brún“.

Ofanafsleikjur (n, kvk, fto) A. Sláttur túns, þar sem einungis er slegið ofanaf grasinu en ekki við rót. B. Líkingamál; hroðvirknislega/illa unnið verk; taka efnis án þess að klára/hreinsa. „Ég kalla það ekkert annað en ofanafsleikjur; að sækja bara fjárhópa þar sem til þeirra sést en leita ekkert í lautunum“!

Ofanaftekin/óofnanaftekin ull (orðtak) Ull sem búið er að taka togið ofanaf, þannig að þelið er eftir. „Svo var send ull í Gefjun á Akureyri til að vinna úr henni lopa. Fólk gat fengið unnið úr sinni ull og þá ýmist *óofanaftekin ull* eða þel og var þá þó nokkur vinna að taka ofan af mörgum reyfum. (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Ofaná (ao) Uppá; efst á. „Saxaðu fyrir mig gott fang til að setja ofaná galtann“. „Ég datt ofaná prýðishugmynd til lausnar á þessu vandamáli“.

Ofaná allt (annað) / Ofaná allt saman (orðtak) *Þar á ofan*; til viðbótar; *ofaní kaupið*. „Svo kom hann með þetta fjárans hret ofaná allt saman“!

Ofanáliggjandi (ao) Sem liggur ofaná. „Vélin er með ofanáliggjandi knastás“.

Ofanásetur (n, hk) Hluti af skinnbrókum; sjá *skinnklæði*. „Í hverja brók þurfti fjögur skinn; eitt í setskauta, helst kálfskinn; eitt í hvora brókarskálum og eitt í ofanásetur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Ofanbylur / Ofandrifa / Ofanfjúk / Ofankafald / Ofanhrið / Ofanmyglingur / Ofansáldur (n) Snjócoma að ofan, til aðgreiningar frá skafrenningi; *ofankoma*. Endingin vísar til þéttleika og snjógerðar.

Ofandekks / Ofanpilja (l) Um dekkbát/skip; uppi á þilfari/dekki.

Ofaneftir (fs) Niðureftir. „Ertu að fara ofaneftir“? (niður í fjós/fjárhús). „Hann er koma þarna ofaneftir hlíðinni“. „Ég ætla að fara að víkja fénu ofaneftir“ (niður í fjöru).

Ofanfall (n, hk) A. Mikill *ofanbylur*; mikil *ofanhrið*; *steypiregn*; *úrhellisrigning*; *ofansóp*. Oftar var notað *ofansóp* um gríðarmikla úrkomu. B. Fugl undir fuglabjargi sem orðið hefur fyrir grjóthruni. Slík hlunnindi voru nýtt áður fyrr, t.d. frá Keflavík innan Keflavíkurbjargs.

Ofanfallinn (l) Fallinn niður. „Sá kofi er fyrir löngu ofanfallinn“.

Ofanferð (n, kvk) Sig/lás af brún niður í bjarg. „Mesta lofthræðslan fór af honum eftir fyrstu ofanferðina“.

Ofanfrá (fs) Að ofan; niðurímóti. „Það er farið í Sighvatsstöðin ofanfrá, þó þau nái niðurfyrirmiðja kletta“.

Ofanfyrir (fs) Niðurfyrir. „Það *snarhægði* um leið og við komum ofanfyrir brekkubrúnina“.

Ofanför / Ofanganga (n, kvk) Ferð niður. Stundum notað um það þegar farið er niður í kletta, t.d. til að sækja fé eða til eggja. „Ofanförin er nokkuð greið, þar til kemur að kletti í miðri gjánni“.

Ofangarðs og neðan (orðtak) Sjá *fara ofangarðs og neðan hjá*.

Ofangengt (ao) Gengt/fært niður ofanfrá. „Ofangengt er í flestið, en betri leið er þó neðanfrá“.

Ofangreindur (l) Sem nefndur er að ofan; framangreindur. „... Því betur sannfærast ég um að fóðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ofaní (fs) A. Niður í. „Settu skærin ofaní skúffu“. „Ætlarðu alveg ofaní mig drengur“?! B. Um sauðfé sem festir sig í feni/dýi. „Nú er ég hræddur um að einhver sé ofaní; hrafnarnir láta mikið þarna við Hestkelduna“. Sjá *fara ofaní* og *föst ofaní*.

Ofaní kaupið (orðtak) *Þar á ofan*; til viðbótar; *ofan á allt saman*. „Það var ekki nóg með að hann mætti í róður á strigaskóm; heldur var hann bara í anórakbleðli utanyfir sig ofaní kaupið“!

Ofaníburður (n, kk) Fremur fingerð mól sem sett er á veg til að slétta hann og mýkja til aksturs. „Námur ofaníburðar eru á Aurtjörninni; uppi á Núpnum og í Húsadal, en heldur er efnið þó auri blandið“. „Barðstrendingar geymdu báta sína fram að vertíð innst í Patreksfirði; við árosana á Skeiðseyri; sléttri grasigróinni eyri vestan fjarðarins, sem nú hefur að mestu verið tekin til ofaníburðar. Þeir standsettu bátana áður en þeir komu í Verið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Ofanídaudur (l) Um sauðfé; hefur *farið ofaní* (dý/fen) og drepist. „Það eru nokkrar ofanídaudar á þessu sumri“.

Ofanídyfing (n, kvk) Það að dýfa einhverju ofaní. „Þeir skýra víst með ofanídyfingu, eins og í sauðfjárböðun“.

- Ofanígjöf** (n, kvk) Skammir; ávítur. „Þeir fengu víst einhverja ofanígjöf hjá foreldrunum“.
- Ofanímilli** (fs) Niður á milli. „Ég missti peninginn ofanímilli sætanna í bílnum“.
- Ofanímokstur** (n, kk) Mokstur ofan í gróf/gryfju. „Við skulum sjá um ofanímokstur og frágang þegar kirkjugestir eru farnir“.
- Ofanímóti** (ao) *Niðurímóti*; niður. „Það er ósköp notalegt og fljótlegt að rölja hérna ofanímóti, en mosapemburnar eru fjárir leiðar þegar menn ganga fullklyfjaðir af eggjum hér neðan dalinn“.
- Ofanjarðar** (ao) Á yfirborði; ekki niðurgrafið. „Strengurinn liggur þarna ofanjarðar á löngum kafla“.
- Ofankletta** (ao) Fyrir ofan kletta. „Ég smalaði hliðina ofankletta, en hann gekk fjöruna“.
- Ofankoma** (n, kvk) Snjócoma, notað til aðgreiningar frá *skafrenningi*. „Það er töluverð ofankoma“.
- Ofanleystur** (l) Með buxurnar niðrum sig; ógirtur. „Þú ert dálítið ofanleystur ennþá anginn minn; biðu hann afa þinn að girða þig betur“.
- Ofanmýra** (ao) Fyrir ofan mýrar. „Þið skuluð fara með kýrnar upp á Umvarp; það er hægara að reka þær ofanmýra en í bleytuseylunum fyrir neðan“.
- Ofanreiddur** (l) Um *útslægjur* uppi á fjalli; reitt niður á hestum. „Mér var sagt af kunnugum að hjallinn hefði gefið af sér í bestu árum 100 hesta af heyi ofanreidda, ef hann var allur sleginn út í skækla“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Ofansjávar / Ofansjóar** (ao) Fljótandi á yfirborði sjávar. „Ég held að þessi bauja sé ekki lengur ofansjávar“.
- Ofansóp** (n, hk) Gífurleg úrkoma; úrhellisrigning; mikill moldbylur. „Þetta er sannkallað ofansóp; eins og hellt sé úr fötu“.
- Ofantekinn** (l) Tekinn niður. „Fönixnaustið mun hafa verið ofantekið í kringum 1970“.
- Ofantil** (ao) Ofanvið miðju; ofarlega; uppi. „Er þetta kind ofantil í Hæðinni“?
- Ofanum** (ao) Niður um. „Hann mun hafa druknað þegar hann fór ofanum ís á vatninu“. „Það hefur fennt dálítið ofanum gatið á þakinu“.
- Ofanundir** (fs) Niðrurindir; undir. „Það var gott að komast ofanundir mjúka sængina“. „Það hefur snjóað ofanundir miðjar hliðar“.
- Ofanúr** (fs) Niður úr. „Ef þið hættið ekki þessum óskapagangi strákar, þá er hætt við að hún Grýla fari að *finna til* sekkinn sinn og komi *askvaðandi* ofanúr fjöllum“!
- Ofanvið** (fs) Fyrir ofan. „Ofanvið Hjalla eru fyrst Flatir, en síðan Strympur og Ormar“.
- Ofanyfir** (fs) Yfir. „Settu svo balann ofanyfir fiskinn svo kvikindin fari ekki í hann“. „Nú *dettur ofanyfir* mig; hver haldiði að sé nú að koma í heimsókn“?!
- Ofanþilja** (ao) Uppi á dekki/pilfari á skipi. „Eftir að brotið reið yfir sást enginn lengur ofanþilja“.
- Ofaukið** (l) Umfram. „Mér sýnist að hér sé einni ofaukið í þessum karmi“.
- Ofarlega** (ao) Ofanvið miðju. „Mér sýnist þetta vera kind, þarna ofarlega í klettunum“.
- Ofát** (n, hk) Það að *éta yfir sig*/borða of mikið; *offylli*. „Hættu nú að ryðja svona í þig; þú getur annars ekki hreyft þig í smalamennsku af ofáti“!
- Ofbeit** (n, kvk) Beitarálag af sauðfé, sem er umfram beitarþols svæðis. „Þegar mest var af fé í vikinni, kringum 1960; *stappaði nærri* ofbeit á sumum stöðum í nágrenni hennar“.
- Ofbakað** (l) Of mikið bakað brauð/bakkelsi. „Kakan varð dálítið ofbökuð hjá mér“.
- Ofbarinn** (l) Um harðfisk; of mikið barinn. „Það er verra að hafa harðfiskinn í nesti ef hann er ofbarinn“.
- Ofbeit** (n, kvk) Álag á gróður af völdum beitar, í meira mæli en nemur endurnýjunargetu. Ofbeit var ekki í Kollsvík- eða Láganúpslöndum, að undanskildu tímabilinu í kringum 1960. Þá bjuggu þrír bændur í Kollsvík; hver með mun stærri fjárstofn en þekkt hafði áður. Þegar einn þeirra brá búi þótti nokkuð sjá á úthögum. Líklegt er að offjölgun ígulkersins skollakoppis eftir 1980 hafi valdið ofbeit þaraskógar á grunnsævi í Kollsvík og víðar. Þetta olli því að þarinn dró ekki úr afli grunnbrota í sama mæli og áður, þannig að brot æddu hærra á land svo rof hófst í Grundabökkum og spjöll urðu á Görðunum. Sandur á vikinni rótaðist í meira mæli í fjörur og olli auknu sandfoki. Þarabunkar hættu að sjást í fjörum í þeim mæli sem áður var. VÖ setti fram tilgátu um þetta orsakasambandi í ársbyrjun 2017, og lýsti í ritgerð.
- Ofbeldislaust** (l) Án ofbeldis/ofstopa/nauðungar. „Oft komu upp deilumál í verum, en ekki fer sögum af öðru en að þau hafi verið leyst ofbeldislaust“.

- Ofbjóða** (s) Yfirganga; ganga framaf; leggja of mikið á. „Jafnan var þess gætt heima, að ofbjóða ekki unglíngum með erfiðisvinnu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Mér ofbauð gjörsamlega þetta óhóf!“
- Ofboð** (n, hk) A. Skelfing; uppnám; flýtir. „Ég reyndi í ofboði að gogga fiskinn en náði því ekki“. B. Áhersluorð/ -forskeyti. „Sérðu hvað þetta er ofboð lítið og fínlegt?“
- Ofboðsfát** (n, hk) Fum/fálm í ofboði; ómarkviss viðbrögð við óvæntar aðstæður.
- Ofboðshræðsla / Ofboðsskelfing** (n, kvk) Hræðsla þegar óvænt atvik kemur upp; ofboðsfát.
- Ofboðslega** (ao) Afar/hræðilega mikið. „Hann flýtti sér svo ofboðslega að hann gleymdi erindinu“.
- Ofboðslegur** (l) Afar/hræðilega/feiknalega mikið. „Ekki var nú aflinn neitt ofboðslegur“.
- Ofborgaður / Ofgoldinn / Ofgreiddur** (l) Greiddur um of. „Svona greiði verður seint ofgoldinn“.
- Ofdirfska** (n, kvk) Fíldirfska; glannaskapur. „Mörgum þótti þetta fyrirhyggjulaus ofdirfska“.
- Ofdrykkja** (n, kvk) Of mikil neysla áfengis. „Bindindisfélagið bannaði ekki einungis alla ofdrykkju, heldur setti ströng viðurlög við því ef nokkur tíma vitnaðist um vinneslu af einhverju tagi“.
- Ofeldi** (n, kvk) Of mikil fôðrun; offita á skepnum vegna fôðurgjafar.
- Offari** (l) Sjá *fara offari*.
- Offeiti / Offita** (n, kvk) Of mikið spik á manni/skepnu. „Nú verð ég að hætta; áður en ég drepst hér við borðið úr offeiti“.
- Offermdur** (l) Um bát/skip; með of mikinn farm/flutning; hættulega hlaðinn/fermdur. „Sagt var að báturinn hefði verið offermdur, og ekki þolað ágjöfina“.
- Offermi** (n, hk) Ofhleðsla báts/skips; of mikill farmur/flutningur. „Talið var að offermi hefði verið orsök slyssins“.
- Offjölgun** (n, kvk) Of mikil fjölgun. „Uppúr 1980 fór að bera á því að þaragarðurinn hvarf á stórum svæðum á grásleppum vegna offjölgunar ígulkerja sem átu hann upp til agna. Sum svæði urðu verr úti en önnur, t.d. svæðið utan Selskers og utanverð Hænuvík“.
- Offlýtir** (n, kk) Asi; ras; það að flýta sér um of. „Oft tefur offlýtirinn“ (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1919).
- Offors** (n, hk) Ofsi; yfirgangur; fruntaháttur. „Þú nærð engu fyrr fram með svona offorsi“.
- Offra** (s) Fórna; farga/glata í einhverjum tilgangi; kosta til. „Ég er ekki alveg tilbúin að offra sníðaskærunum mínum í svonalagað“.
- Offur** (n, hk) Fórn; tilkostnaður. „Það væri nú ekki stórt offur af minni hendi þó ég hjálpaði ykkur við þetta“.
- Offylli** (n, kvk) *Ofát*; ofmettun af fæði/mat. „Mikið var þetta góður matur. Nú getur maður varla hreyft sig af offylli“.
- Ofgefinn** (l) Gefinn/greiddur umfram skyldu. „Það er síst ofgefið þó maður láti þig hafa þennan ketskrokk fyrir alla hjálpinu“.
- Ofgera** (s) Ofbjóða; misbjóða. „Það þótti ekki goðgá þó börn væru látin vinna áður fyrr, en þess var vandlega gætt að þeim væri ekki ofgert í vinnu“.
- Ofgera sér** (orðtak) Leggja/reyna of mikið á sig; ganga of hart fram í vinnu. „Gættu þess að ofgera þér ekki á öllu þessu puði“!
- Ofgnótt** (n, kvk) Kynstur; býsn; yfirdrifið. „Ég hef sjaldan séð álíka ofgnótt af berjum“!
- Ofgott** (l) Of gott. „Honum er ekki ofgott að bæta fyrir sín mistök“.
- Ofhaldinn** (l) Býr við of góðan kost/í vellystingum; er of vel gert við. „Það er nú enginn ofhaldinn af þessum smálarlaunum“.
- Ofharðna** (s) Verða of harður. „Ávallt snerust skálmarnar undan vindi, og blés þá inn í brókina svo að hún þornaði næsta fljótt, en mátti ekki ofharðna“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ofheimta** (s) Fá/heimta meira fé í haustmölun en búist var við. „Hann sagðist búinn að ofheimta; hann hefði fengið eina útigengna með tveimur lömbum“.
- Ofherða** (s) A. Um harðfisk/skreið; herða/þurka of mikið. „Það er ekki gott að ofherða grásleppuna, þá verður minna úr henni“. B. Um skrufbolta/ró; taka of mikið á við herslu.
- Ofhitna** (s) Hitna um of. „Svo illa vildi til að rauðmaginn ofhitnaði við reykinguna og lá við að hann soðnaði“.

Ofhlaðinn (l) Um bát; hlaðinn svo mikið að hann ver sig ekki gegn sjóum og getur sokkið eða hvolft. „Þegar þeir höfðu siglt um hríð og tekið var að gæta straumsins í Látraröst kom í ljós að skipið var ofhlaðið, og fóru hásetar að tala um að það mundi ekki geta varið sig“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Ofhleðsla (n, kvk) Of mikill/þungur farmur/aflí í skipi. „Sagt er að báturinn hafi farist vegna ofhleðslu“.

Ofhól / Oflof (n, hk) Of mikið hrós/hól/lof í garð einhvers. „Maður fer hjá sér við svona oflof“!

Ofinn (l) Um vefnað/fléttu; brugðinn; fléttadur. „Hjartaþráðurinn er ofinn inn í vaðinn“.

Ofilag (l) Of mikið lagt í; of miklu fórnað. „Það er kannski ekki ofilag þó þú farir í almennileg föt fyrir svona fina veislu“.

Ofjarl (n, kk) Sá sem hefur yfirburði/ er öðrum meiri. „Hann er alger ofjarl minn í þessum efnunum“.

Ofjandinn / Ofjárinn (u) Mild áhersluorð, oftast í andsvari og sögð rólegri röddu þegar ekki liggur mikið við. „Nei ofjandinn; það held ég ekki“. „Ofjárinn; heldurðu að það geti verið“?

Ofkeyptur (l) Keyptur of dýru verði. „Ég sé núna að þessi *hnífrók* hefur verið ofkeypt; þetta er *liðónýtt*“!

Ofkælast (s) Kólna um of; kvefast/dofna/veikjast af kulda. „Þú þarft að búa þig betur ef þú ætlar ekki að ofkælast í þessum kulda“.

Ofkæling (n, kvk) Það að *ofkælast*. „Talið var að heilahimnubólgan hefði stafað af ofkælingu“.

Oflauna (s) Launa um of; greiða of há laun. „Svona strit verður seint oflaunað“. Sjá *aldrei er gott oflaunað*.

Oflátungsháttur / Ofláeti (n, kk/hk) Mont; *ofætlan*; *mikilmennskubrjálæði*. „Svona oflátungsháttur hefur nú sjaldnast borgað sig. Það er nú *heillavænlegra* að hafa báða fætur á jörðunni“.

Oflátungur (n, kk) Sá sem þykist meiri/öflugri/betri en hann er. „Ég tek nú lítið mark á þeim oflátungi“!

Oflof (n, hk) Of mikið lof/hrós; *mærðarhjal*; *lofa í hástert*. „Ýmist hlýtur framtakið oflof eða fordóma“.

Oflæti (n, hk) Yfirborðsmennska; mont; *gort*; *belgingur*. „Hann var *raunsær* og laus við allt ofláeti“.

Oflætisfullur (l) Sýnir *ofláeti*; *raupsamur*; montinn; vindhani.

Ofmargt (l) Of mikill fjöldi. „Það er ofmargt í þessum dilk; við þurfum að draga í annan“.

Ofmeta (s) Gera of mikið úr; virða of mikils. „Ég hef ofmetið dýpið hérna; niðristaðan er alltof löng“.

Ofmetnast (s) Verða of montinn/sjálfsöruggur; líta of stórt á sig. „Mönnum hættir til að ofmetnast við svona upphefðir; þó þær séu í *rauninni* harla innihaldslausar“.

Ofmælt (l) Of mikið sagt; ekki svo mikið. „Það er ofmælt hjá honum að ég hafi lofað einhverju um þetta“.

Ofn (n, kk) A. Hitað hól til eldunar/bökunar. B. Hitaflötur á húsvegg, til hitunar á rými.

Ofnrör (n, hk) Pípa/rör til að leiða vatn að/frá ofni. „Leggðu vettlingana á ofnrörið svo þeir þorni“.

Ofnotað (s) Of mikið notað; *útgaskað*. „Orðið jafnræði er töluvert ofnotað af þeim sem virða það lítils“.

Ofraun (n, kvk) Of mikil áreynsla; hurðarás um öxl. „Það er honum engin ofraun að klára þetta í dag“.

Ofrausn (n, kvk) Of mikil gjafmildi; *óspilunarsemi*. „Skyldi það vera þeim algjör ofrausn, þessum háu herrum á þingi; að veita hingað einhverjum smáaurum svo vegirnir verði færir“!

Ofreyna sig (orðtak) Taka of mikið á; *ganga fram af sér*. „Vertu nú ekki að ofreyna þig á þessum átökum“.

Ofreynsla (n, kvk) Of mikil átök; of mikið álag. „Ég fékk tak í bakið; líklega af ofreynslu í þessum átökum“.

Ofríki (n, hk) Yfirgangur; undirokun; frekja. „Margir landnámsmenn Íslands eru sagðir hafa flúið ofríki Haralds hárfagra Hálfðánarsonar Upplandakóns. Það á þó líklega ekki við um Koll og Örylg. Þeir fóstbræður voru í söfnuði Patreks Suðureyjabiskups og hafa líklega komið hingað í trúboðserindum“.

Ofsabrim (n, hk) *Stólpabrim*; *aftakabrim*. „Það er ekki *þarablað* í fjörinni eftir þetta ofsabrim“.

Ofsaddur (l) Búinn að borða/éta sér til óbóta; of mettur. „Það er ekki betra að vera ofsaddur þegar maður er að fara í svona verk“.

Ofsafeginn (l) Mjög/afar feginn/kátur. „Mikið yrði ég ofsafeginn ef þú hættir að klifa á þessu í smástund“!

Ofsafenginn / Ofsafullur (l) *Ofstopafullur*; *fljótillur*; bregst óþarflega hart og illa við.

Ofsaferð (n, kvk) Mjög/of hröð ferð; mikill asi. „Bjargið æddi niður hliðina á ofsaferð; stutt frá okkur“.

Ofsagt (l) Of mikið sagt; ofsögum sagt. „Víst ar þetta ári mikill veltingur, en það er kannski ofsagt að við höfum verið í verulegri hættu“.

Ofsakæti (n, kvk) Mjög mikil kátína/gleði/kæti. „Þvílík ofsakæti í hundinum yfir að heimta húsbóndann“!

Ofsalega (ao) Mjög; afar; *fjaraskalega*. „Mig langar ofsalega mikið að biðja þig um þetta“.

- Osalta** (s) Salta of mikið. „Það þarf að gæta þess að ofsalta ekki *bútunginn*“.
- Ofsareiður** (l) *Fjúkandi illur; heitt í hamsi*. „Hann brást ofsareiður við þessum ásökunum“.
- Ofsarok / Ofsaveður** (n, hk) *Stórviðri; fárviðri*. „Kirkjan í Saurbæ fauk í þessu ofsaroki“.
- Ofsi/Ofsaveður/Ofsarok** Mjög hvasst og vont veður. „Stundum ber það við að menn fá ofsarok á sjó, svo naumast er annars kostur en að láta renna á reiðanum eða sigla með litlum bleðli.“ (HE; Barðstrendingabók). „Þegar líða tók að morgni fór að slá svolítið á mesta ofsann“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Ofsjónir** (n, kvk, fto) Missýning; sýnir sem ekki eru raunverulegar. „Ég hélt fyrst að ég væri að sjá ofsjónir, en það fór ekki á milli mála að þarna var sú útigengna komin“.
- Ofsoðinn** (l) Um mat; hefur fengið of langa suðu. „Eins og mér finnst fiskur mikill herramannsmatur, þá finnst mér fátt ólustugra en fiskur sem er ofsoðinn og kominn í mauk“.
- Ofsóknir** (n, kvk, fto) Áráttu til að gera persónu eða hópi skaða eða valda ótta; hrellingar; einelti.
- Ofstopamaður** (n, kk) Maður sem er um of bráður/árásargjarn. „Sumir vilja meina að Egill frændi vor Skallagrímsson hafi verið ofstopamaður. Aðrir telja að hann kunni að hafa verið ofvirkur og siðblindur“.
- Ofstopaveður** (n, hk) Ofsaveður; fárviðri. „Það er skolið á andskotans ofstopaveður og sér ekki útúr augum“!
- Ofstopi** (n, kk) A. Yfirgangur; æsingur; ógnun. „Það er óþarfi að nálgast þetta mál með einhverjum ofstopa“.
B. Mjög slæmt veður; *hifandi rok; bálviðri*. „Ég hef nú sjaldan vitað annan eins ofstopa“!
- Ofstuðlað** (l) Um ljóð/kvæði; með of mörgum stuðlum eða höfðuðstöfum. „Þetta er ágæt vísa hjá þér þó hún sé ofstuðluð í síðustu hendu“. Rétt stuðluð ferskeytla er með tveimur stuðlum í tveimur hákveðum í fyrstu ljóðlínu/hendu og samhljóða höfuðstaf í fyrstu hákveðu annarrar ljóðlínu. Þriðja og fjórða ljóðlína eru einnig með innbyrðis sama ljóðstaf/stuðul. Algengast er að ofstuðlað sé með endurtekningu á höfuðstaf í sömu ljóðlínu.
- Ofstæki** (n, hk) Kredda; blind trú á málefni; óbilandi/óhófleg sérviska/trú t.d. í stjórnmálaskoðunum eða trúmálum. „Þetta er farið að jaðra við ofstæki hjá honum“!
- Ofstækisfullur** (l) Haldinn miklu ofstæki. „Nokkuð þykir mér hann ofstækisfullur í pólitík“.
- Ofsæll** (l) Of vel haldinn; lifir í hóglífi. „Það verður enginn ofsæll af þessum launum“.
- Ofsögum sagt** (orðtak) Logið; ýkt; sagt meira en *fótur* er fyrir. „Ég held að þarna sé nokkrum ofsögum sagt, en einhver *flugufótur* er þó fyrir þessu“.
- Oft á tíðum** (orðtak) Oft; um ýmsa tíma; í mörg skipti. „Þetta hefur oft á tíðum gerst“.
- Oft bylur hátt í tómrí tunnu** (orðatiltæki) Sjá *bylur hátt í tómrí tunnu*.
- Oft er á botninum betra** (orðatiltæki) Oft er kjarnbetri matur á botni ílátsins/pottsins, t.d. þegar um súpu er að ræða. Nokkuð mikið notuð speki, en er í raun útlekking á annarri; *sjaldan er á botninum betra*.
- Oft er dári í dánumannsætt** (orðatiltæki) Oft er svartur sauður í fjölskyldunni; oft er einn auli/þrjótur í hópnum/ættinni. Dári merkir flón eða skúrkur.
- Oft er dyggð undir dökkum hárum** (orðatiltæki) Útlit segir ekki mikið um innri mann; sá sem er illilegur í útliti getur verið mesta gæðablóð. Aldrei skyldi dæma fólk af útliti, sbr *oft er flagð undir fögru skinni*.
- Oft er flagð undir fögru skinni** (orðatiltæki) Vísar til þess að útliti getur blekkt; bæði hjá fólki og öðru. Sja *flagð er undir fögru skinni*. Eldri gerð er lítt þekkt í seinni tíð; „oft eru hvinn undir hvítu skinni“ (sjá *hvinnskur*). Andstætt orðtak er *oft er dyggð undir dökkum hárum*.
- Oft er (það) gott sem gamlir kveða** (orðatiltæki) Allajafna býr eldra fólk yfir mikilli reynslu/þekkingu sem hinum yngri væri gott að leita eftir og taka tillit til. Töluvert notað í Kollsvík framá þennan dag.
- Oft er í holti heyrandi nær** (orðatiltæki) Holt merkir skógur í þessu gamla máltæki, en það er stundum viðhaft til að minna á að tala ekki of hátt um það sem aðrir mega ekki heyra; hljóðbærara getur verið en ætlað er.
- Oft er misjafn sauður í mörgu fé** (orðatiltæki) Vísar til þess að í stórum hópi manna er oftast einhver sem er óheiðarlegur eða á annan hátt úr takti við samfélagið.
- Oft er nöpur náttgjólan** (orðatiltæki) Vindur er jafnan kaldari að næturlagi, þar sem sól vermir ekki landið sem hann blæs yfir. Notað í líkingum um t.d. kalt viðmót.
- Oft er skammt milli hláturs og gráts** (orðatiltæki) Vísar til þess hve hamingja/gleði getur verið skammæ; hve tilfinningar geta verið fljótar að breytast.
- Oft er skjól undir skafli** (orðatiltæki) Bókstafleg merking er auðskilin, en er stundum notað til að lýsa mikilvægi þess að eiga sér víst athvarf/ vísa aðstoð annarra.
- Oft er tryggðin tarmild** (orðatiltæki) Menn og dýr sakna gjarnan þeirra sem mikil tryggð er við.

- Oft er það í koti karls sem kóns er ekki í ranni** (orðatiltæki) Vísar til þess að hinn fátæki/ illa menntaði veit/veitir oft eða áorkar því sem hinn betur stæði veit/getur ekki. Hefst stundum á „margt“ í stað „oft“.
- Oft er þras á þingum** (orðatiltæki) Mikið er oft deilt og skeggrætt þar sem margir koma saman.
- Oft er/var þörf en nú er nauðsyn** (orðtak) Nú er mun brýnni þörf en nokkurntíma áður.
- Oft fylgir böggull skammrifi** (orðtak) Sjá *böggull fylgir skammrifi*.
- Oft fær kötturinn það sem kónginum var ætlað** (orðatiltæki) Speki varðandi það að stundum fær annar en upphaflega var ætlað.
- Oft hlotnast hundi það sem hjúum er ætlað** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað fer öðruvísi en ætlað er, og þá á þann hátt að annar hafi hag af því en til stóð.
- Oft kemur góður þá getið er; illur þá um er rætt (svangur þá étið er)** (orðatiltæki) Mikið notuð og gegnsæ speki. Gjarnan viðhaft þegar einhver kemur/birtist sem verið hafði í umræðunni stuttu áður. Oftast heyrðist fyrsti hlutinn einn; stundum annar hlutinn með, en þriðji hlutinn sjaldan.
- Oft kemur illur þá um er rætt** (orðtak) Gjarnan við haft þegar einhver birtist sem illa var talað um rétt áður. Sjá *oft kemur góður þá getið er*.
- Oft kemur óveður í endaðan þey** (orðatiltæki) Veðurkaflí með hægum og mildum vindi endar oft í mun verra veðri, segir þjóðtrúin: „Austanvindar endast oft með hreggi og þar af er komið máltækið; oft kemur óveður í endaðan þey“ “ (BH; Grasnytjar).
- Oft kemur skin eftir skúr** (orðatiltæki) Sama speki og *öll él birtir upp um síðir*.
- Oft leiðir langt kif af lítilli þrætu** (orðtak) Smávægilegur ágreiningur getur spunnist upp í langvarandi og mikil illindi ef þverhausar eiga í hlut, og sáttavilji enginn.
- Oft má satt kyrrt liggja** (orðatiltæki) Vísar til þess að ekki er alltaf viðeigandi að tala um vissa hluti, jafnvel þó sannleikur sé; stundum er betra að *láta* sumt *ósagt*, fremur en vekja með því óhug/sorg/reiði eða önnur slæm viðbrögð „Það má vel vera að honum hafi orðið á þessi mistök, en ég sé enga ástæðu til að rifja þau upp; oft má satt kyrrt liggja“!
- Oft má vaskur víkja (þá vesæll skal ríkja)** (orðatiltæki) Sá sem er hæfur og hraustur verður oft að *láta í minni pokann* fyrir þeim sem er t.d. betur ættaður eða kemst í valdastöðu fyrir klókskap. Gjarnan einungis notaður fyrrparturinn: „Oft má vaskur víkja: Ekkert líst mér á þennan nýja forsætisráðherra“.
- Oft mælir fagurt sá sem flátt hyggur** (orðatiltæki) Vísar til þess að sumir eru undirförlur og tala mjúklega þó þeir hafi illt í huga.
- Oft njóta hjú góðra gesta** (orðatiltæki) Jafnan er gert betur í mat þegar gesti ber að garði; einkum til sveita þegar gestakomur eru meiri viðburður en í þéttbýli. Heimilisfólk nýtur þá að sjálfsögðu þess viðurgernings. Annað orðtak heyrðist einnig: *oft nýtur hundurinn herra síns*.
- Oft nýtur hundurinn herra síns** (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver húsbóndahollur; hundur eða maður, fær umbun fyrir að hafa verið herra sínum fylgispakur. Má vel heimfæra á *kjörðæmapot* þingmanna og fleira.
- Oft og mörgum sinnum / Oft á tíðum / Oft og tíðum** (orðtak) Margsinis; ítrekað; oft. „Þetta hef ég oft og mörgum sinnum séð“. „Það gerist oft og tíðum að flóð ná hingað upp“.
- Oft ratast kjöftugum rétt/satt á munn** (orðatiltæki) Oft flýtur sannleikskorn með ef mikið er bullað. „Það er yfirleitt ekki orð að marka þessa *ihaldspéa*, en oft ratast þó kjöftugum satt á munn, *eins og þar stendur*“.
- Oft rís bára af bröttum grunni** (orðatiltæki) Speki sem lýsir reynslu sjómanna; báru rísa gjarnan á yfirborði ofan grynninga og marbakka. Glöggt dæmi um slíkt má sjá á Kollsvíkinni í þyngslasjó, þegar brýtur á boðum þó sléttur sjór sé annarsstaðar. Þá var sagt um Snorralendingu, sem annars var talin neyðarlending, að hún væri varasöm þar sem bára rís gjarnan af bröttum marbakknum. Það varð manni að aldurtíla árið 1904. Notað sem líkingamál um það t.d. að ör maður þarf lítið til að æsa sig, eða þegar mikið er gert úr máli sem ekki sýnist stórvægilegt.
- Oft sér greiði til greiða** (orðatiltæki) Sá sem gerir einhverjum greiða má oft vænta greiða/velvild hans á móti.
- Oft sést það síst sem nefinu er næst** (orðatiltæki) Oft sér maður ekki það sem er við nefið á manni. Einnig notað um það að maður á erfitt með að greina kosti/galla/misgjörðir síns sjálfs eða sinna nánustu.
- Oft skjöplast skýrum** (orðatiltæki) Oft kemur fyrir að menn hafi rangt fyrir sér þó hann sé ágætlega greindur.
- Oft tefur offlýtirinn** (orðatiltæki) Speki í sömu merkingu og *ekki er flas til fagnaðar*. (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1919).
- Oft var þörf en nú er nauðsyn** (orðatiltæki) Viðhaft um það sem þykir nauðsynlegra en oftast áður.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlasi (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að lítilfjörlegasta atriði getur oft ráðið úrslitum um málalok stærri mála. Í bókstaflegri merkingu vísar þetta líklega til þess að lítil ójafna á vegi getur orðið til þess að maður/hestur dettur eða hjól fer undan vagni, þannig að flutningur steypist niður.

Oft verður góður hestur úr göldum/geldum fola (orðatiltæki) Speki sem yfirfæra má t.d. á mannfólk: Oft rættist vel úr því barni á fullorðinsárum sem ekki er mannvænlegt á unglingsaldri.

Oft verður löng deila af litlu efni (orðatiltæki) Ekki þarf alltaf mikið tilefni svo úr verði langvarandi misklið.

Oft verður mikið bál af litlum neista (orðatiltæki) Gegnsæ speki; notuð í ýmsum líkingum.

Oftaka sig (orðtak) Ofreyna sig; reyna of mikið á sig. „Vertu nú ekki að oftaka þig á þessu“.

Oftalið (l) Meira talið en raunverulega er; of mikill fjöldi ætlaður. „Það er engin *aukakind*; ég hafði oftalið í einum karminum“.

Oftar en ekki (orðtak) Oftast; í flest skipti. „Í Rauðasandshreppi er yfir þrjá fjallvegi að fara, sem gerir vetrarsamgöngur oftar en ekki erfiðar“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Oftari (l, mst) Miðstig lýsingarorðsins „oft“ var stundum höfð þannig að i var bætt aftanvið það sem algengast er í dag. „Að sjálf sögu var þessi vanalega fátækt fyrir hendi; sú sem oftari fylgdi þeim sem hófu búskap sem leiguliðar og áttu ekki til ríkra að telja, sem gætu veitt þeim aðstoð“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).

Oftastnær (ao) Oftast; vanalegast. „Oftastnær voru kýrnar búnar að stilla sér upp á stöðlinum fyrir mjaltir“.

Oftelja (s) Telja of mikið/margt; *mistelja*. „Mér hættil alltaf frekar til að oftelja en *vantelja* í svona hópi“.

Oftlega (ao) Oft; iðulega. „Það kom oftlega fyrir að hæna lét sig hverfa, og lagðist þá á egg í einhverri holu til að unga út. Stundum fannst hún ekki fyrir en hún kom með stóran unгахóp heim aftur“. „Oftlega gerðist það í róðri að hnísur komu að bátnum, einkum á siglingu“.

Oftnefndur (l) Oft nefndur á nafn; *margnefndur*; *tittnefndur*. „Hann er oftnefndur í þessari frásögn“.

Ofttrú (n, kvk) Of mikið traust; of mikil tiltrú. „Ég held að menn hafi haft ofttrú á þessari *lækningaaðferð*“.

Oftsagt (l) Sagt mjög oft. „Þetta er oftsögd speki sem enn er í fullu gildi“.

Ofurafli (n, hk) Ofurefli; óviðráðanlegur kraftur. „... að halda vörð um þá bresku þegna sem þarna höfðu látist í baráttunni við ofurafli storms og sjóa“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Ofurefli (n, hk) Of mikill styrkleiki; óviðráðanlegur liðsmunur/aflsmunur. „Ég sá strax að þarna var við *ofurefli* að *etja* og gaf glímuna“.

Ofurhugi (n, kk) Glanni; sá sem telur sig vera færari en aðrir. „Ég hef ekkert að gera með hetjur og ofurhuga í svona leiðangur; hér þarf að hafa reynda og gætna menn“.

Ofurhægt (l) Mjög hægt/silalega; löturhægt. „Við drögum ofurhægt meðan hann var að komast upp á brúnina“.

Ofurkapp (n, hk) Mjög mikil áhersla/viðleitni. „Við lögðum ofurkapp á að koma þurrheyinu í hlöðu fyrir rigninguna“.

Ofurlítill (l) Mjög lítill/smávarxinn; *pinullítill*; *svollítill*. „Í pollinum var ofurlítið hrognkelsaseyði“.

Ofurlúinn (l) Útkeyrður; mjög lúinn. „Hann var svo ofurlúinn eftir puðið að hann steinsofnaði“.

Ofurmannlegt (l) Meira en vænta má af manni. „Mér finnst það næstum ofurmannlegt að nokkur maður skuli hafa klifið þarna upp; það er hvorki hand- eða fötfestu að sjá og slútir heldur yfir sig, ef eitthvað er“!

Ofurmáta (ao) Mjög; afar. Notað til áhersluauka, sjá orðtök hér á eftir.

Ofurmáta eðlilegt (orðtak) Mjög eðlilegt. „Mér finnst það ofurmáta eðlilegt að hann hafi neitað þessu“.

Ofurmáta skiljanlegt (orðtak) Mjög skiljanlegt. „Honum þótti það ofurmáta skiljanlegt að henni hefði leiðst í borginni; það væri ekki nokkur staður til langdvalar“.

Ofurrólega (ao) Mjög hægt/rólega/varlega. „Ég læddist ofurrólega uppfyrir fjárhópin“.

Ofurseldur (l) Algerlega afhentur slæmum örlögum. „Strandað skipið var ofurselt reginafli brimsins“.

Ofurvald (n, hk) Mikið vald; ógn af valdi. „Kotbændur máttu sín lítills gegn ofurvaldi höfðingja og kirkju“.

Ofurvarlega (ao) Óskaplega varlega; undurhægt. „Fari maður ofurvarlega, má strjúka kollunni á hreiðrinu“.

Ofvaxið skilningi (orðtak) Skil ekki; get ekki skilið. „Það er gjörsamlega ofvaxið mínum skilningi hvernig hann getur étið þessi ósköp af eggjum“.

Ofverk/ Ofvirki (n, hk) Um megn; of mikið verk. „Það væri þeim nú varla ofverk að ganga almennilega frá hrifunum“! „Þessir þingmenn gætu nú lagt fram tillögur í vegabótum hérna. Það væri nú varla ofverkið þeirra“!

- Ofviða** (ao) Ofverk; of erfitt; gengur of langt. „Það er einum manni algerlega ofviða að draga marga fulla eggjakúta alla þessa löngu leið upp úr Stóðunum“. „Taldi hann að framkvæmd þessa máls myndi ekki verða okkur ofviða“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ofviðri** (n, hk) Snældubrijað veður; aftakaveður. „Kirkjan tókst á loft í ofviðrinu og f auk töluverðan spöl“.
- Ofviti** (n, kk) Sá sem veit meira en aðrir menn; sá sem er óeðlilega fróður/vís. „Ef hægt er að tala um ofvita, þá hlýtur það að eiga við hann“.
- Ofvökva** (s) Vökva plöntu/gróðri of mikið. „Mér hættir alltaf til, ýmist að ofvökva blómin eða drepa þau úr þurrki“.
- Ofpakka** (s) Þakka of mikið/vel fyrir. „Honum verður seint ofpakkað hans ómetanlega framlag“.
- Ofpakkaður** (l) Of mikið/vel þakkaður. „Svona vinargreiði verður seint ofpakkaður“!
- Ofþorna** (s) Þorna of mikið; skrælna. „Það er hætt við að sandsléttur fari að ofþorna í þessum þurrki“.
- Ofþreyta** (s) Þreyta einhvern of mikið. „Við skulum dóla hægt með féð yfir Breiðinn; það er ekki gott að ofþreyta þær *hægferustu* svo þær gefist upp á leiðinni“.
- Ofþreyta** (n, kvk) *Ofþreynsla*; of mikil áreynsla/þreyta. „Ég held að þetta sé ofþreyta en ekki pestin“.
- Ofætlan** (n, kvk) *Færast* of mikið í *fang*; *ætla sér um of*. „Þetta er ofætlan hverjum manni“.
- Ofætlunarverk** (n, hk) *Ofætlan*; of mikið *færst* í *fang*. „Ég held að það sé ekkert ofætlunarverk hjá okkur að klára að draga þessa átta strengi í dag“.
- Og** (ao) Einnig; líka. „Þá held ég og, að hann hafi átt þetta líka“. „Honum varð lítið fyrir að sporðrenna átta múkkaeggjum; *sem og* tveimur brauðsneiðum og stóru mjólkurglasi“. „*Það var og*“.
- Og meira til** (orðtak) Meira í viðbót; framyfir. „Þetta nægði til að fylla öll ílát, og meira til“.
- Oggulítill** (l) Agnarlítill; pínulítill; agnarsmár; örlítill. „Þú getur alveg étið oggulítinn hringorm“! Nokkuð notað í Kollsvík. Líklega myndað með hljóðbreytingu á *aggulítill*; sjá þar.
- Ogsvo** (ao) Dönskuletta (ogsá); einnig. Einstaka sinnum notað í máli sumra Kollsvíkinga framá þennan dag; annarsvegjar þegar bætt er við umræðu eftir nokkuð hik: „Ogsvo þetta; að hann er ekki sérlega glúrin í fjármálum“. Hinsvegjar í stakri áherslu- eða hiksetningu; „*Það var ogsvo*“.
- Ojá / Ojájá / Ojú / Ojújú / Ojæja** (uh) Upphrópanir sem þó eru eins langt frá því að vera upphrópanir og hugsast getur. Öll þessi orð eru jafnan notuð í mesta hæglæti, til að svara játandi og með gætni; oft með langdregnu o, en stundum með langdreginni áherslu á seinni lið eða miðlið. Oft er lögð áhersla á tóntegundina, og þannig getur orðið lýst fyrirliðningu, hneykslun, undrun, mæðu eða einungis hiki
- Ojæja** (u) Hikorð eða innihaldslaust andsvar. „Gleymdi hann nestinu? Ojæja; hann verður fljótlega kominn *eins og byssubrenndur* til aðsækja það; sannaðu bara til“!
- Oki** (n, kk) A. Slá til að taka við átaki hlutar. B. Klampi/fjöl/stafur sem er festur þvert á aðra hluta smíðisgripjar, t.d. hliðgrindar eða meiss, til að halda þeim saman. Sjá *skáoki*.
- Okkar á milli (að segja)** (orðtak) Sem enginn má vita nema við tveir.
- Okkur** (n, hk) Leirduft/leirsteinn sem inniheldur járnoxíð og er gulbrúnt eða stundum rauðleitt eða fjólublátt að lit. Okkur var fyrsta litarefni sem menn notuðu, eftir því sem næst verður komist, en með því eru máluð hin víðfrægu hellamálverk frá steinöld.
- Okra** (s) Selja á of miklu verði; græða óhóflega á sölu. „Láttu hann ekki okra á þér með bílhreið“.
- Okrari** (n, kk) Sá sem okrar. *Gniari* var jafnvel meira notað um slíka menn af Kollsvíkingum.
- Október** (n, kk) Tíundi mánuður ársins núna, en var sá tíundi á dögum rómaveldis. Okto er átta á latínu.
- Okurgjald / Okurleiga / Okurpris / Okurverð** (n, kk/hk) Alltof/hóflega hátt verð. „Þvílíkir okurprisar eru orðnir á bensíninu“!
- Olía** (n, kvk) Samheiti yfir margskonar lög, sem oftast nær er byggður af kolvetnasameindum; blandast ekki vatni og er léttari en vatn. Orðið er núna mest notað um olíu sem notuð er á vélar, annaðhvort sem eldsneyti eða smurningur. Hráolía er unnin úr jarðolíu, en hún kemur úr olíuríkum jarðlögum og er í raun jurtaolía frá forsögulegum tímum. Matarolíu hafa menn unnið mjög lengi úr jurtum, enda er orðið olía samstofna við orðið olífa. Langt er einnig síðan menn komust upp á lagið með að vinna dýraolíu eða *lýsi* úr lifur.
- Oíublautur** (l) Ataður olíu; með olíu á/í sér. „Olíublautir sjófuglar berast iðulega upp á fjörur í Kollsvík. Þeirra bíður vanalega ekkert nema dauðinn. Þó voru þeir ófáir sem Didda á Láganúpi tók upp á sína arma; hlyntti þeim og fódraði þar til þeir höfðu jafnað sig“.

- Oliubrennari / Oliufiring** (n, kk) Tæki til að brenna olíu; oftast notað um hluta kynditækja. Oliubrennarar voru settir í margar kolaeldavélar um miðja 20.öld, og þannig var gamla Láganúphúsið kynt með oliukyntri kolaeldavél og vatnsmiðstöð síðari hluta þeirrar aldar.
- Oliubrúsi / Olíudunkur** (n, kk) Brúsi/dunkur sem olía er eða hefur verið höfð í. Smurólía á vélar var oftast keypt á fjögurra gallona köntuðum blikkbrúsum síðla á 20.öld. Þeir voru síðan nýttir á ýmsan hátt, t.d. undir varabirgðir af bensíni þegar farið var í róður eða af börnum til bátasmíða.
- Oliúfat** (n, hk) Oliútunna. Oftast var átt við 150 l tunnu áður fyrr, en nú er oliúfat viðmiðun á heimsmarkaði olíu, og merkir 159 lítra. „Þannig átti Erlendur Kristjánsson á Látrum stundum 16 oliúföt með söltuðum fugli“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Oliuhaldari** (n, kk) Ílát og undirstaða oliulampa; byða fyrir lampaolíu. „Svo smíðaði hann pabbi oliulampa úr kopar, og ég á enn tvo af þeim. hann keypti á þá kransana sem glösin stóðu í, en kveikti saman oliuhaldarann og grind til að hengja hann upp“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Oliukálfur** (n, kk) Oliútankur á hjólum og með beisli til að festa aftaní ökutæki.
- Oliulampi** (n, kk) Lampi til lýsingar sem brennir olíu. „Ljós voru þá lýsislampar; eða þar til ég varð 10 ára. Fyrsti oliulampinn mun hafa komið í Kollsvíkina um aldamótin (1900)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Oliulugt** (n, kvk) Handlugt til lýsingar, með steinolíu fyrir eldsneyti og kveik í glerhólk. „Oliulugtir voru oftast notaðar hjá hænsnunum... Þegar ég man fyrst var notuð heimasmiðuð lugt, sem var nokkurskonar kassi með gleri í hliðum og týru til birtugjafar. Týran var úr blekbyttu með korktappa, en í gegnum tappann var mjó málmþípa. Gegnum þípana kom bómullarkveikur; olía var sett í byttuna og svo var um að gera að hafa kveikinn mátulega mikið upp úr þípunni svo ekki ósaði. ein hlið lugtarinnar var með renniloki svo hantera mætti týruna. Lítill rammi var í botni lugtarinnar sem passaði utanmeð týrunni, svo hún haggðist ekki ef hún var borin í hendi“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Oliustakkur** (n, kk) *Sjóstakkur*; regnstakkur. Oliustakkar voru notaðir í Kollsvíkurveiri eftir að þeir urðu almennir, og leystu þá af hólmi kinnklæðin sem hlíft höfðu sjómönnum um aldir. Með stökkunum notuðu menn barðastóra *sjóhatta*, bundna undir kverk; *sjóvettlinga* og klostígvél.
- Olnboga sig áfram** (orðtak) Ryðja sér leið; ýta öðrum úr vegi. „Ég þurfti að olnboga mig áfram til að komast að sviðinu“.
- Olnbogabarn** (n, hk) Barn sem *haft* er *útundan* á heimili sínu eða annarsstaðar; barn sem lagt er í einelti. Forliðurinn vísar til þess að barninu sé olnbogað/ýtt frá: að það sé óvelkomið. Nú hefur orðskrípið „eineltisbarn“ verið tekið upp í stað olnbogabarns.
- Olnbogabót** (n, kvk) A. Krikinn innanvert á milli fram- og upphandleggs. B. Bót/leppur sem sett er á gat sem myndast hefur á olnbogagat fatnaðar.
- Olnbogaskot** (n, hk) Það að reka olnboga í næsta mann til að gera honum viðvart. „Hún gaf karlinum olnbogaskot öðru hvoru, þegar hann var við það að sofna undir stólræðu prestsins“.
- Olnbogi** (n, kk) *Ölnbogi*; liðurinn milli fram- og upphandleggs. Oft er einungis átt við kúluna á utanverðum liðnum; olnbogakúluna. Upprunalegt heiti er *ölnbogi*, komið af *öln* er fornt nafn á framhandlegg, og af því dregin mælieiningin *alin*.
- Opið fyrir veðri og vindum** (orðtak) Um hús/byggingu; óþétt; galopið. „Hlerarnir höfðu fokið frá hlöðunni svo hún var opin fyrir veðri og vindum“.
- Opinbera** (s) A. Skýra/segja frá opinberlega. „Ég veigraði mér við að opinbera fávisku mína á þessu sviði, og tók því þann kost að þegja“. B. Um kærustupar; segja opinberlega frá gagnkvæmum tilfinningum.
- Opinmyntur** (l) Með opin munn. „Við strákarnir sátum dolfallnir og hlustuðum opinmyntir á lygasögur Arinbjarnar um marsbúana sem höfðu falið hausa sína í hrossastráum til að þeim yrði ekki stolið meðan þeir skoðuðu sig um í Kollsvíkinni. Síðan þusti allt liðið niður á Fit að leita“.
- Opinn bátur** (orðtak) Bátur sem ekki er með þilfari, og því berskjaldaðri fyrir ágjöf en dekkbátur.
- Opinn eldur** (orðtak) Óvarinn eldur; eldur sem ekki er í lukt, peru eða öðru skjóli. „Þið farið ekki með opinn eld inn í hlöðuna“!
- Opinskár** (l) Hreinskilinn; dylur ekki. „Hann talaði opinskátt um þetta mál við mig“.
- Opinskárlega** (ao) Á opinskáan hátt; hreinskilnislega. „Það er stundum betra að tala opinskárlega um svona hluti en byrgja þá inni“.
- Opna** (n, kvk) Staður milli blaða í bók/blaði; opið rit. „Ég sá þetta í frétt á annarri opnu í Tímanum“.

- Opna augu einhvers fyrir** (orðtak) *Leiða einhverjum fyrir sjónir/ í ljós; sýna einhverjum.* „Þetta slys opnaði augu manna fyrir nauðsyn þess að hafa björgunarbúnað tiltækan og nálægan“.
- Opna upp á gátt** (orðtak) Opna alveg (t.d. dyr eða glugga). „Ég opnaði dyrnar á reykkofanum upp á gátt til að reyna að sjá handaskil þar inni“.
- Ordrur** (n, kvk, fto) Fyrimæli; skipanir. „Hann sagðist hafa *fortakslausar* ordrur um að hefла ekki lengra en að Gjögurum. Það er alltaf sama sagan með þessa Vegagerð“!
- Orð að sönnu** (orðatiltæki) Alveg satt; sannleikur. „Kannski verða það orð að sönnu hjá spámanninum...“.
- Orð á gerandi** (orðtak) Er þess vert að minnst á; frásagnarvert; markvert. „Það skeði ekkert í ferðinni sem orð er á gerandi“.
- Orð eru til alls fyrst** (orðatiltæki) Máltæki sem minnir á að góðar uppástungur geta orðið vísir að þörfum framkvæmdum; einnig að velheppnað verk hefst á góðri skiplagningu. Hugsanlega biblíutilvitnun; „Í upphafi var orðið...“.
- Orð í eyra** (orðtak) Skammir; ávitur. „Sá skal fá orð í eyra þegar ég hitti hann næst“! *Sjá fá orð í eyra.*
- Orð í tíma töluð** (orðtak) Um það sem þörf er á að sagt sé. „Sumum fannst þessar umvandanir ekki við hæfi, en mér fannst þetta orð í tíma töluð“.
- Orð og efndir** (orðtak) Um efndir á loforðum. „Ekki er sama, orð og efndir“. Sitt er hvað orð og efndir“. „Hjá honum fara nú ekki alltaf saman orð og efndir“.
- Orð skulu standa** (orðatiltæki) Menn skulu efna sín heit/ sína samninga; það *verður ekki aftur tekið* sem sagt hefur verið.
- Orða** (s) A. Færa (hugsun) í orð/talmálsbúning. „Nú misskilurðu mig; ég ætti kannski að orða þetta öðruvísi“. B. Nefna; minnst á. „Þetta var orðað svona í mín eyru; meira veit ég ekki“.
- Orða vant** (orðtak) Skortir orð; *eiga ekki til orð*; orðlaus. „Ég varð svo hissa að mér var gjörsamlega orða vant í fyrstu“. „Honum varð ekki orða vant í þetta skiptið, fremur en endranær“.
- Orða við** (orðtak) A. *Nefna við; víðra við; færa í tal við; tala utanað við; brúa á.* „Þú skalt orða þetta við hann föður þinn og sjá hvernig hann *tekur í það*“. „Ég orðaði þetta aðeins við hann, og hann *tók því ekki fjarri*“. B. Tengja einhvern við í frásögn. „Hann hefur dálítið verið orðaður við forsetaframboð“.
- Orðabelgur** (n, kk) Málgefin manneskja; *blaðurskjóða*. „Ég tek nú lítið mark á þeim orðabelg“!
- Orðafátækt** (n, kvk) Skortur á tiltækum orðum. „Mestallt tal manna nú á dögum, bæði munnlegt og skriflegt, einkennist af sorglegri orðafátækt; sé miðað við það sem gerðist fyrir fáum áratugum“.
- Orðaflækja** (n, kvk) Málskrúð; flókin/óhöndugleg frásögn. „Það er óþarfi að hafa um þetta einhverjar orðaflækjur; við skulum bara segja þetta hreint út“!
- Orðaforði** (n, kk) Það úrval orða sem maður býr yfir til að orða frásögn sem skiljanlegast. „Eins og sést af þessu yfirliti var orðaforði Kollsvíkinga og þeirra nágretta all drjúgur“.
- Orðagjálfur / Orðaglamur / Orðaglingur / Orðahjal** (n, hk) Innantómt tal; bull; *skvaldur*. „Þetta var mestmegnis orðagjálfur um ekki neitt“. „Mér leiðist svona orðaglamur; skyldu menn ekkert læra í þessum háskólum“?! „Þetta er nú bara orðahjal sem ekkert mark er á takandi“.
- Orðahnippingar** (n, kvk, fto) *Orðaskak*; vægar deilur; *meiningarmunur*; *orðaskipti*. „Þessi orðaskipti höfðu nú vakið athygli þeirra sem næst stóðu, og þar sem allt benti til að þetta væri upphafið að skemmtilegum orðahnippingum þá þyrptust nú flestir réttarmenn að þeim félögum“ (PG; Vedmálið).
- Orðalag** (n, hk) Sá háttur sem orðum er raðað saman í máli; framsetning máls. „Þetta er skrýtið orðalag“.
- Orðaleppar** (n, kk, fto) Orðskrípi; orðatiltæki; orðhengilsháttur; skammir. „Hann hafði uppi einhverja orðaleppa um frammistöðu hreppsnefndarinnar og yfirgaf svo fundinn“.
- Orðasafn / Orðaskrá** (n, hk) Safn orða, oft með skýringum; orðabók; *orðasjóður*. „Þetta orðasafn er einungis yfirlit yfir sumt af því sem Kollsvíkingar ræddu sín á milli og við granna sína, en alls ekki tæmandi um þeirra málfar. Enda hefur höfundurinn einungis sína sýn á málfarið, bæði í stað og tíma, auk örfárra heimilda“.
- Orðasenna** (n, kvk) Rifriði; deila. „Sló í orðasennu milli þeirra út af þessu. neitaði Einar harðlega að láta laust neitt af því er hann hafði handfest“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Orðasjóður** (n, hk) Orðaforði; *orðasafn*; tiltæk orð; áunninn málkunnátta, oft mjög staðbundin fyrrum.
- Orðaskak** (n, hk) Rifriði; deilur; karp; *orðahnippingar*. „Það varð af þessu nokkuð orðaskak þeirra í milli“.
- Orðaskil** (n, hk) Bil á milli orða; einstök orð. „Ég heyrði samtalið *álengdar*, en greindi ekki orðaskil“.

- Orðaskipti** (n, hk) Samtal; rifrildi. „Þessi orðaskipti höfðu nú vakið athygli þeirra sem næst stóðu“ (PG; Veðmálið).
- Orðastaður** (n, kk) Viðræða deila. Eingöngu notað nútildags í orðtökum; *eiga orðastað við einhvern; í orðastað einhvers*.
- Orðatiltæki** (n, hk) Máltæki; málsháttur; speki. Orðatiltæki er í þessu orðasafni notað yfir það sem sumir skilgreina sem málshátt/máltæki. Oftast er það setning, svipuð að lengd og ljóðlína í kvæði og líkt og hún, með kveðum, hljómfalli og stuðlum. Undantekningarlítið lýsir orðatiltækið speki/heilræði sem byggir á reynslu. Hinsvegar er orðtak í þessu safni notað yfir ákveðna samsetningu orða; tiltekið orðalag, sem alltaf er/var notað á sama hátt líkt og um eitt orð væri að ræða. Það lýtur ekki sömu bragðfræðilegu lögmálum og fullskapað orðatiltæki, en er stundum hluti orðatiltækis.
- Orðavaðall** (n, kk) Kjaftæði; málæði; bull; innantómt raus. „Skelfing finnst mér þetta innantómur orðavaðall“!
- Orðaval** (n, hk) Val á orðum; orðalag. „Þú þarft að vera gætinn í orðavali um svona viðkvæm mál“.
- Orðfall** (n, hk) Skorta orð; mállaus. „Mér varð bara orðfall af undrun“.
- Orðfæri** (n, hk) Notkun orðanna í málinu og þekking á orðum. Hluti *málfæris*. „Hann hafði hljómmikla rödd og magnað orðfæri“. „Orðfæri manna var mun auðugra fyrir á tíð en nú er“.
- Orðhákur** (n, kk) Kjaftaskur; *bullukollur*. „Hann er skelfilegur orðhákur þegar hann er í ham“.
- Orðheldinn** (l) Efnir sín loforð; *sannorður*. „Engan veit ég orðheldari mann en hann“.
- Orðheldni** (n, kvk) Efnir á loforðum; áhersla á að standa við það sem lofað/sagt er.
- Orðhengilsháttur** (n, kk) Orðskrípi; markleysa. „Þetta var nú bara orðhengilsháttur og ekkert að marka“.
- Orðheppinn** (l) Laginn að koma orðum að því sem segja skal; talar gott mál. „Hún var einstaklega orðheppin“.
- Orðhittinn** (l) Fundvís á rétt orð til að lýsa því sem þarf; með góða tilfinningu fyrir málfari.
- Orðhvass / Orðhvatur** (l) Mikill skapmaður/orðhákur; stóryrtur. „Að jafnaði var hann rólyndismaður en gat verið orðhvatur þegar hann reiddist“.
- Orðið er laust** (orðtak) Viðhaft á fundum af fundarstjóra, þegar hann gefur fundargestum tækifæri til að tjá sig.
- Orðið fátt um fina drætti** (orðtak) Lítið fæst; fiskirí orðið tregt. „Ansi er farið að lækka í neftóbaksdósinni; þar fer að verða fátt um fina drætti“.
- Orðið framorðið** (orðtak) Orðið áliðið kvölds; komið framá. „Ansi er orðið framorðið; ég set vélina í gang“.
- Orðin tóm** (orðtak) *Innantóm orð*; innihaldslaus loforð/fyrirheit. „Þeir segja nú svo margt í kosningabaráttunni sem síðan reynist ekkert nema orðin tóm“!
- Orðinn langeygur eftir** (orðtak) Farið að lengja eftir; búinn að bíða mikið eftir; sakna. „Maður er nú farinn að verða langeygur eftir að ríkisstjórnin efni sín fyrirheit“.
- Orðinu halla** (orðtak) Segja neikvætt; lasta. „Það má ekki orðinu halla í garð þessa stórvinar hans“!
- Orðklápur** (n, kk) Sá sem talar glæfralega/ er grófur í tali; orðhákur; kjaftaskur.
- Orðkynngi** (n, kvk) Magnaður/mikill orðaforði; það að búa yfir miklum orðaforða. Einkum notað um góða ræðumenn eða skáld.
- Orðlagður** (l) Frægur; þekktur. „Hann var orðlagður fyrir sína málsnilld og færni sem ræðumaður“.
- Orðlaus** (l) *Á ekki til orð*; er mállaus; getur ekkert sagt. „Ég varð orðlaus af undrun“.
- Orðlengja** (s) Hafá langt/mikið mál um; vera *langorður* um. „Er nú ekki að orðlengja þessa sögu; nema ég náði þarna að hrekja fjörulallann niður í flæðarmálið og hann hvarf á haf út“.
- Orðljótur** (l) Blótar mikið; *óvæginn* í orðum. „Æstust leikar á fundinum og sumir gerðust helsti orðljótir“.
- Orðmargur** (l) Talar mikið um; segir mikið. „Hann var aldrei orðmargur um þennan atburð“.
- Orðrétt** (l) Eins og sagt/skrifað er/var; *eftir orðanna hljóðan*. „Ég er ekki að bæta neinu við; hann sagði þetta orðrétt svona“.
- Orðrómur** (n, kk) Kvis; slúður; sögusagnir. „Einnig gat hann um þann orðróm sem gengið hefur um að fresta ætti þessum framkvæmdum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Orðsending** (n, kvk) Boð; skilaboð. „Ég fékk orðsendingu frá honum þessa efnis“.
- Orðsnilld** (n, kvk) Málsnilld; mjög gott vald á málinu; lagni við að orða vel sína meiningu.
- Orðstír** (n, kk) Frægð; orðspor. „Deyr fé/ deyjja frændur;/ deyr sjálfur it sama./ En orstír/ deyr aldregi/ hvem es sér góðan getur“ (Hávamál).

Orðtak (n, hk) Tvö eða fleiri orð sem einatt eru sögð í einu, í sömu röð og sömu meiningu, sem eitt orð væri.

Orðtak er þannig skylt orðatiltæki/máltæki/málshætti, en er ekki sjálfstæð setning og hefur ekki sama bragfræðilega yfirbragð (sjá *orðatiltæki*). Orðtak er stundum hluti af orðatiltæki.

Orðum aukið (orðtak) Ýkt; *ekki* alveg *sannleikanum samkvæmt*. „Eitthvað held ég að aflinn hjá þeim sé orðum aukinn“.

Orðum fylgir ábyrgð (orðatiltæki) Mikill sannleikur sem þó er sjaldan rifjaður upp á seinni tímum. Skipti sköpum fyrir á tíð, þegar orð og handsal þóttu jafn trygg sem skriflegur samningur.

Orðvana (l) Mállaus; gat ekki talað; *átti ekki orð*. „Mér brá svo við þessi tíðindi að ég var alveg orðvana“.

Orðvar (l) Talar af gætni; gætir orða sinna; fámáll. „Hann var orðvar um það sem gerst hafði“.

Orétt (l) Andsvar þess sem tekur undir/samþykkir það sem sagt var; með áherslu á o. Líklega samruni orðanna „og það er rétt“. Nokkuð algengt viðkvæði í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar; ýmist stakt eða í upphafi frekara andsvars.

Orf (n, hk) *Amboð* sem notað var um aldri til að slá gras. Orf hafa verið af margvíslegum gerðum gegnum tíðina, en í Rauðasandshreppi og víðar voru þau svipuð að gerð þegar notkun þeirra lagðist að mestu af á 20. öld. Hlutar orfs eru; *orffjöl* og hæll sem haldið er um; ljár og hólkar (2) til að festa hann. Í seinni tíð voru hólkar úr jární, en fyrrum var ljá fest með þvengjum/ljáböndum. Að taka ljá úr orfi hét að *slá úr*. Mikilvægi orfa minnkaði mikið með tilkomu sláttuvéla. Í Kollsvík kom fyrsta dráttarvélin árið 1944, og með henni hófst véla-sláttur. Fá tún voru *véltæk* í byrjun og því var orfið áfram mikilvægt fyrstu árin. Eftir stórfellda *framræslu* á 6. og 7. áratugnum missti það alveg sitt mikilvægi. „Guðbjartur afi á Láganúpi lét þó ekki í minni pokann í þessu fremur en öðru. Hann *sá* alla tíð *ofsjónum yfir* því hve mikið láttuvélar skildu eftir af slægjum í dældum og toppum, og gekk því gjarnan á eftir traktornum og sló betur með orfinu sínu. Hann hélt einnig sínum vanalegu víglínunum sem sláttuvélarvesöldin náði ekki til; svo sem Urðunum, Túnbrekkunni og Sláttumýrunum. Þar *goggaði* gamli maðurinn öll sumur meðan kraftarnir entust og fékk okkur strákana til að bera grasið í föngum niður á þurrkvellina. Hann var listamaður við slátt eins og önnur búverk; *skárarnir* jafnir og reglulegir; bitíð í ljánum lygilegt og aldrei man ég eftir að slegið væri í stein eða þúfu. Þar sem það var unnt sló hann í múga; þannig að ekki sást eitt einasta strá í skárunum. Enn heyrir ég í huganum suðið í ljá á hverfisteini; taktfastan slátt brýnisins við eggina og silfurtæran söng ljásins í slægjunni, en inná milli einstaka tóbaksnýtu gamla mannsins. “ (VÖ).

Orffjöl (n, kvk) Sá hluti orfs sem haldið er um efri hönd (vinstri hönd hjá rétthendum) þegar slegið er. Orffjölin er vanalega breiðari þar sem hún er felld í orfið, en mjókkar í annan jaðarinn frá því. Á einstaka orfi var grópað handfang þversum yst á orffjölinu, en annars var haldið um fjalarendann þegar slegið var. „Stakk hann efri enda orfsins upp að orffjöl upp í rassgatið á nautinu og þannig stýrði hann því að drullupytti sem var í nágrenninu“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978)

Organistahella (n, kvk) Grjóthella sem Helgi Árnason, þá organisti Breiðavíkurkirkju, notaði til að hækka sig í sæti. „Það var áletraður kassi utan um grágrýtishellu sem organisti kirkjunnar til fjölda ára hafði í kirkjunni til að hækka sig í sessi, en hann var lágvaxinn“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).

Orfhólkur (n, kk) Hólkur úr jární fremst á orfi, sem ljánum er fest með. Fyrrum tíðkuðust skinnþvengir í stað hólka, en sérstaka lagni þurfti til að þeir héldu til lengdar.

Orfhæll (n, kk) Handfang á orfi, sem haldið er um þegar slegið er. Oft var í Kollsvík talað um einn orfhæll, en efri hællinn nefndur orffjöl (sjá þar).

Org (n, hk) Grenjur; öskur; óp; garg. „Han rak upp mikið org þegar hann hélt að steinninn stefndi á sig“.

Orga (s) A. Um barn; skæla; gráta. „Nú er stubburinn vaknaður og farinn að orga“. „Ég man að ég fór að orga þegar ég kom út í bátinn og var mjög hræddur“ (ÖG; glefsur og fyrsta sjóferðin). B. Æpa; kalla hátt.

Organisti (n, kk) Sá sem spilar á orgel.

Orgínal (l) Upprunalegur; í frumgerð. „Það er ekki að furða þó orgínal dekkinn séu orðin slitin á traktornum“.

Orka (s) Geta; hafa orku/kraft til. „Ég var svo uppgefinn eftir hlaupin að ég orkaði ekki strax að draga lambið uppúr forinni“. „Hann óð eins og hann orkaði, þá var hann bara kominn í axlir, og hrópaði í mig að henda tauginni til sín...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Orka (n, kvk) Afl; eiginleiki sem framkallað getur vinnu/hreyfingu/hita o.fl. „Fyrr á tímum voru Kollsvíkingar ekki háðir aðkeyptri orku, eins og nú er. Þeir nýttu sína eigin krafta eða hesta sína til vinnu; tóku upp mó og söfnuðu rekaviði til hitunar; reru sjálfir bátum sínum eða nýttu vindorku í segl; og nýttu sjávarfallaorku til að létta róður á mið. Í dag er Kollsvíkingur leiðandi meðal Íslendinga um nýtingu sjávarfallaorku“.

Orka tvímælis (orðtak) Leiða annaðhvort til góðs eða illis. „Það getur nú orkað tvímælis að leggja of snemma“.

Orkan (l) Firna; heljarmikill. „Mikið orkan fífl geturðu verið!“ „Það er orkan stórt, þetta skemmtiferðaskip“.

Orkanáhlaup / Orkanhvellur / Orkanstórviðri (n, hk, kk) Fárviðri; mikið óveður. „Það gerði orkanhvell um jólaleytið“. „Það var ekki að furða þó einhverjar þakplötur fykju í þessu orkanstórviðri“.

Orkansmikill (l) Mjög stór/umfangsmikill. „Þetta er orkansmikill jeppi“.

Orkar tvímælis (orðtak) *Gagnrýniverit; vafa undirorpið*. „Slík aðgerð hlýtur að orka mjög tvímælis“.

Orkubolti (n, kk) Kraftmikill/duglegur/öflugur maður. „hann er alveg magnaður orkubolti“!

Orkulaus / Orkulítill (l) Kraftlaus; getulítill; úthaldslítill. „Maður er hálf orkulaus eftir þessi átök“.

Orlof (n, hk) A. Frí frá störfum. B. Leyfi til að gera; orð/beiðni um. „Ég gaf honum ekkert orlof til að hreyfa við þessu“! „Hann sagðist gera þetta í orlofi sinna húsbænda“. Orðið er ekki sýnilegt í orðabókum í þessari merkingu, en var notað þannig af sumum í Rauðasandshreppi fram eftir 20.öld. Orðstofninn er „orðlof“ (loforð); stofnskyld þýsku; „urlaub“.

Ormabæli (n, hk) A. *Ormaveita*; staður með miklu af maðki/ormum, s.s. rotnandi hræ. B. Líkingamál um stað þar sem spilling eða önnur óáran af mannavöldum er talin ríkja. „Best er að koma ekki nærri því ormabæli“.

Ormafiskur (n, kk) *Hárafiskur / ormaveita*; fiskur sem undirlagður er af hringormi. „Ég hendi nú þessum ormafiski“.

Ormagryfja (n, kvk) Óþverramál; samansafn vandræðamála/haturs; pandóruaskja. „Ég held að mörgum brygði við sem sæi ofan í þá ormagryfju“.

Ormalyf / Ormameðal (n, hk) Lyf sem gefið er búpeningi og gæludýrum gegn iðraormum. Ormalyf sauðfjár var í töfluformi áður, og gefið inn með ormalyfsbyssu, en nú í vökvaformi og gefið inn með sérstakri dælu.

Ormalyfsbyssa (n, kvk) Síðari tíma orð; *inngjafarbyssa*; áhald til að koma ormalyfi ofaní kind. Töflunni, sem var ílöng, sívöl, ca 1“ löng, var komið fyrir fremst í grönnu plaströri sem síðan var rennt aftur fyrir tungurætur kindarinnar. Töflunni var ýtt úr með teini í rörinu. Síðar komu til dælu til að gefa inn ormalyf í fljótandi formi.

Ormapest / Ormar / Ormaveiki (n, kvk/ kk, fto) Veiki í sauðfé sem stafar af iðraormum. „Ormaveiki í sauðfé hefur oft gert mikinn usla hér á landi. Iðraormar valda skitupest sem magnast þegar fé er illa fôðrað. Þegar ormalyf kom fyrst til sögunnar, eftir 1930, skipti mjög um til hins betra með heilsufar á sauðfé. Lungnaormar valda líka vanþrifum í sauðfé og ormalyf eru líka notuð gegn þeim“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Ormalyf voru áður gefin fullorðnum kindum í uppleystu formi, og þá helld ofan í það úr lítilli glerflösku. Síðar komu til lyf í töfluformi. Aflangar töflur voru gefnar kindum með sérstökum *ormalyfsbyssum*. Í seinni tíð mun ormalyf aftur vera gefið í fljótandi formi og nú með byssum sem henta í það. „Ormaveikin hefur gjört vart við sig á stöku bæjum.. Ennfremur lystarleysi í ám og lömbum, þó orma hafi ekki orðið vart hjá þeim hinum sömu. Með *innsprautingu* hefur tekist að ráða bót á þessu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ormaveita (n, kvk) A. Fiskur eða annað með iðandi hvítmaðki. B. Fiskur með miklu af hringormi; *hárafiskur; hringormafiskur*.

Ormapoki (n, kk) Húðpoki sem myndast neðan á kjálkum kindar sem er illa haldin af *ormaveiki*.

Ormétið (l) Um tré/við; *maðkétíð; maðksmogið*; mjög gatað af maðki. „Staurinn var fúinn og ormétinn“.

Ormur (n, kk) A. Maðkur; stór flokkur lindýra. B. Líkingamál; óþekkur strákur; viðsjáll maður.

Orna (s) Hita; hitna. A. Um það að hlýja sér: „Mikið er nú gott að orna sér hérna við eldavélina eftir slarkið“. B. Um það þegar hitnar í heyi í hlöðu þegar það er hirt *linþurrt*. „Heyið hefur ornað verulega í efri hlöðunni, og er sumsstaðar kolað. Hér hefur legið nærri íkveikju“. C. Um fisk; sólbakast; hitna um of, þannig að hann verður linur. „Hengdu rauðmagann innarlega í reykkofanum svo hann orni ekki“.

Orna sér (orðtak) Hlýja sér; fá í sig hlýju/yl. „Mikið er gott að orna sér við eldavélina í þessu veðri“.

Ornað hey (orðtak) Hey sem náð hefur að orna. „Það er mun minni næring í heyninu svona ornuðu“.

Orpinn (l) A. Hulinn/næstum hulinn af sandi/jarðvegi. „Girðingin er nú svo sandi orpin að lítið stendur uppúr. B. Um fugl; *verptur*; búinn að verpa. „Kollsvíkingr orðuðu það þannig í seinni tíl að fugl væri orpinn, en stundum að hann væri *verptur*, og kann það að vera eldri beyging“.

Orrahríð (n, kvk) Stríð; orrusta; heiftarlegt rifrildi. „Eftir þessa orðahríð sló nokkurri þögn á viðstadda“.

Orrustugnýr (n, kk) Hávaði frá stríði/stríðsvélum. „Pabbi sagði að í seinni heimsstyrjöldi hefði einstaka sinnum mátt heyra orrustugnýnn; líklega sprengingar þegar þjóðverjar gerðu árásir á skipalestir. Til dæmis hefðu þeir bræður heyrt *dyn* af sprengingunni í Hood þegar honum var sökkt af Bismarck, þó í fjarlægð væri, en þeir voru þá í róðri frammi á Kollsvíkinni“ (VÖ).

Orsaka (s) Leiða til; verða valdandi. „Ég átta mig bara ekki á því hvað hefur getað orsakað lekann í bátnum“.

- Orsakast af** (orðtak) Leiða af; eiga skýringu í. „Kýr eru einnig vanfóðraðar í Kirkjuhvammi, sem orsakast af átleysi, sem áður fyr eftir óþurrkasumur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).
- Orsök** (n, kvk) Ástæða; það sem veldur; uppruni atviks/atburðarásar. „Einhver orsök er fyrir þessu“.
- Ort** (n, hk) Gjaldmiðilseining; sjá *ríkisort*.
- Ostur / Ostbiti / Ostsneið / Oststykki** Ostur var mikið notaður í Kollsvík sem annarsstaðar. Fyrr á tíð var hann heimagerður, en í tíð orðasafnara var hann aðkeyptur og hann því lítt í stöðu til að lýsa verkunaraðferðum.
- Ota** (s) Trana fram; ógna með. Oftast um ógnanir. „Vertu ekki að ota hnífnum framaní fólk“!
- Ota sínum tota** (orðtak) Vilja koma sínu fram; *skara eld að sinni köku*. „Það reynir hver að ota sínum tota í pólitíkinni“. Toti er gamalt heiti á trýni.
- Óaðfinnanlega** (ao) Sem ekki er hægt að setja út á; mjög vel. „Hann leysi þetta verkefni óaðfinnanlega“.
- Óaðgengilegur** (l) A. Á slæmum stað; erfitt að komas/ganga að. Kassinn er fremur óaðgengilegur þarna á bakvið staflann“. B. Óásættanlegur. „Mér finnst þetta atriði sammingsins alveg óaðgengilegt“.
- Óa** (s) Hræðast; finnast sér ógnað. „Mér óar öll þessi skefjalausa vopnasöfnun um allan heim“.
- Óa við** (orðtak) Vera hærddur við; skelfast. „Mig óar við því ef hvessti nú á alla þessa lausamjöll“.
- Óaðfinnanlega** (ao) Án þess að unnt sé að finna að/ gera athugasemdir; mjög vel. „Mér sýnist hann hafa skilað þessu verki óaðfinnanlega“.
- Óaðfinnanlegur** (l) Sem ekki er unnt að finna að. „Þessi frágangur er óaðfinnanlegur“.
- Óaðgát / Óaðgæsla** (n, kvk) Yfirsjón; skortur á varúð/athygli. „Þetta strand varð alfarið vegna óaðgæslu“.
- Óaðgengilegur** (l) Ekki greiður aðgöngu; erfitt að komast að. „Þetta er fjári gírnilegur eggjastallur, en mér sýnist hann fremur óaðgengilegur“.
- Óaðgerður** (l) Um fisk; *óslægður*.
- Óaðgæsla / Óaðgætni** (n, kvk) Skortur á varúð/aðgæslu; óvarkárni. „Þarna var óaðgæslu um að kenna“.
- Óaðskiljanlegur** (l) Sem ekki er unnt að skilja að/frá. „Hreinskilnin hefur verið óaðskiljanlegur hluti hvers Kollsvíkings til þessa, og óþarfi að skammast sín fyrir það“.
- Óaðspurður** (l) Ekki inntur álit; gengið framhjá. „Hann sagði mér þetta óaðspurður“.
- Óaflátanlega** (ao) Án afláts/hlés; án þess að stoppa. „Vindurinn og seltan sem næða óaflátanlega um bergið, hafa smám saman sorfið holur í mykri hluta þess, með milligerðum úr harðara bergi“.
- Óaflokið** (l) Ekki búið; ólokið; enn eftir. „Við getum ekki farið meðan fráganginum er óaflokið“.
- Óafmáanlega** (ao) Sem ekki verður máð af; sem ekki gleymist. „Margir Kollsvíkingar hafa skráð sín nöfn óafmáanlega á spjöld sögunnar“.
- Óafsakanlegt** (l) Ekki réttlætanlegt; verður ekki bætt í orðum. „Þetta finnst mér algjörlega óafsakanlegt“!
- Óaftekin** (l) Enn í reyfi/ullu; ekki verið tekið af. „Þarna er ein óaftekin, frammi í réttinni“. „Við sáum nokkrar óafteknar kindur niðri í hlíðinni“. Líklega ekki þekkt annarsstaðar í þessari merkingu; annarsstaðar „órúin“.
- Óafvitandi** (ao) Án þess að vita/verða var við. „Ég hafði, óafvitandi, rekið mig í kranann“.
- Óalandi og óferjandi** (orðtak) Um þann sem átti ekkert gott skilið. „Svona kónar eru óalandi og óferjandi“. Sjá nánar; *óferjandi*.
- Óaldarflokkur / Óaldarlið / Óaldarlýður** (n, kk) Óheiðarlegt fólk/pakk; *rumpulýður*. „Er nú þessi óaldarflokkur aftur mættur í túnið“?! „Kirkjur voru oft ólæstar áður, en ég held að hætt sé að hafa þær ólæstar nema þar sem fólk er á staðnum... þar sem óaldarlýður er víða á ferð“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).
- Óalgengt** (l) Ekki algengt; sjaldgæft. „Það er fremur óalgengt að fæ setji sig í svelt á þessum stað“.
- Óalmennilegur** (l) Slæmur; illskettur; leiðinlegur. „Hann var alls ekki óalmennilegur við hana“.
- Óargadýr** (n, hk) Villidýr; grimmt/skaðlegt dýr. „Minkfjandinn er óargadýr sem engu eyrir“.
- Óart** (n, kvk) Óeðli; óþokkaskapur. „Strákurinn launaði illa fyrir; var ekkert nema óartin við gamla manninn“.
- Óartarlegur / Óartugur** (l) Um þann sem fer illa með menn og skepnur; illa innrættur; kvikindi. „Hann var *helsti* óartarlegur við hana systur sína þó hún stjarnaði kringum hann“.
- Óartugheit** (n, hk, fto) Vanþakklæti; fyrirlitning; slæmur hugur. „Mér finnst lúalegt af honum að sýna gömlu hjónunum svona óartugheit“.
- Óathugað** (l) Ekki hugað að; ekki skoðað. „Það er alveg óathugað enn hvort hann kemst með í ferðina“. Sjá einnig að *óathuguðu máli*.

- Óáborið** (l) Um tún/ræktun; hefur ekki fengið áburð. „Efsta sléttan er óaborin“.
- Óábyggilegt** (l) Óáreiðanlegt; ótraust; ekki til að treysta á.
- Óábyrgt** (l) Ekki ábyrgt; ekki vel ígrundað. „Mér finnst óábyrgt af honum að setja ekki bátinn ögn hærra“.
- Óágjarn** (l) Ekki gráðugur/ósanngjarn í viðskiptum. „Mér hefur fundist hann heiðarlegur og óágjarn í öllum okkar viðskiptum“.
- Óáheyrilegur** (l) Sem ekki er skemmtilegt/notalegt að hlusta á. „Hann hafði eintóna og óáheyrilega rödd“.
- Óákveðinn** (l) Ekki ákveðinn; óviss. „Hann er enn óákveðinn í þessu“. „Fjöldinn er enn óákveðinn“.
- Óálitlegur / Óásjálegur** (l) *Ekki mikið fyrir augað*; ekki glæsilegur/fallegur. „Heldur fannst mér bátkoppurinn óálitlegur og lítilfjórlegur.“
- Óánægður** (l) Ekki ánægður; leiður; full. „Hann getur þá bara leitað annað ef hann er óánægður“.
- Óánægja** (n, kvk) Ekki ánægja; leiðindi; kurr; fýla. „Mikil óánægja var með þessa ákvörðun“. „...kom fram nokkur óánægja hjá Össuri Guðbjartssyni um það (snjómokstur)“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Óánægjurödd** (n, kvk) Kvörtun; aðfinnsla; óánægja sem látin er í ljósi. „Enn urðu nokkrar umræður um málið og komu fram margar óánægjuraddir með símaþjónustuna“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Óáran** (n, kvk) Hörmungar; slæmur tími; vandræði. „Það er búið að vera samfelld óáran hjá þeim frá áramótum; kolvitlaus tíð; afföll af skepnum og pest í mannfólkinu!“
- Óáreiðanlegur** (l) Ekki áreiðanlegur/traustur/tryggur. „Mér reyndist hann fremur óáreiðanlegur“.
- Óáreittur** (l) Í friði; ekki áreittur. „... en hestinn frá Láganúpi, sem Einar átti ekki, hafi draugurinn látið óáreittan“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Óárennilegt** (l) Ekki álitlegt viðureignar. „Mér finnst þetta heldur óárennilegt ferðaveður“.
- Óásjálegur** (l) Ekki álitlegur/fallegur/glæsilegur. „Ósköp ertu óásjálegur í tauinu drengur!“
- Óát** (n, hk) *Átleysi*; lystarleysi. „Ég skil ekki þetta óát í kúnni; það hlýtur eitthvað að vera að henni“.
- Óátalinn** (l) Án aðfinnslu; ekki gerðar athugasemdir við. „Þetta hefur verið *látið óátalið* hingað til“.
- Óátekinn** (l) Sem ekki hefur verið opnað/ hreyft við. „Ég á enn óátekið allt heyið í stöku gryfjunni“.
- Óáþekkur** (l) Ekki líkur; öðruvísi. „Mér finnst tíðarfarið núna ekki óáþekkt því sem var um þetta leyti í fyrra“.
- Óáþreifanlegur** (l) Sem ekki er unnt að handfjatla. „Hin óáþreifanlegu verðmæti eru stundum mikilvægust“.
- Óbagaður** (l) Háir ekki; ekki hindraður. „Hann sagðist alveg orðinn óbagaður af beinbrotinu núna“.
- Óbanginn** (l) Óhræddur; ósmeykur. „Strákurinn er alveg óbanginn við nautkálfa“.
- Óbarinn** (l) Ekki barinn/laminn. „Ef þú segir þetta upp í opið geðið á honum er óvíst að þú sleppir óbarinn“. *Sjá enginn verður óbarinn biskup.*
- Óbágur** (l) Ekki spar/fastheldinn; ósínkur; óragur. „Hann er óbágur á lofordin, en oft verður minna um efnidir“.
- Óbeðinn** (l) Sem ekki hefur verið beðinn; að eigin frumkvæði. „Hann gerði þetta alveg óbeðinn“.
- Óbehaganlegt** (l) Óþægilegt; *umhendis*. „Það er dálítið óbehaganlegt fyrir mig að gera þetta alveg strax“.
- Óbeinlínis** (ao) Með óbeinum hætti. „Þó ekki sé þetta honum að kenna þá á þessi vanræksla óbeinlínis stóran þátt í þessu óhappi“.
- Óbeinum orðum** (orðtak) Ekki skýrt; undir rós. „Með þessu sagði hann óbeinum orðum að hann væri óánægður“.
- Óbeit** (n, kvk) Andstyggi; viðbjóðstilfinning. „Eftir alla þessa yfirlegu var ég kominn með óbeit á skólaskræðum af þessu tagi“. Líklega hefur orðið upphaflega verið haft yfir það að ær beitti sér ekki í haga eins og eðlilegt þótti, e.t.v. vegna vannæringar, veiki eða elli. Þá var í henni óbeit.
- Óbeittur** (l) Um öngul/krók; ekki með beitu; ber. „Þú fiskar lítið á krókinn óbeittan“!
- Óbermi** (n, hk) Óvandaður maður; skúrkur; ódámur. „Óttalegt óbermi hefur hann verið þessi Hitler“.
- Óbermilega** (ao) Ótótlega; rustalega. „Skelfing ertu óbermilega til fara drengur! Girtu þig að minnsta kosti“!
- Óbermilegur** (l) A. Ruddalegur; óárennilegur. „Fremur fnnst mér hann óbermilegur í sínum málf lutningi“. B. *Ófnn*; druslulegur til fara; *ótótlegur*. „Skelfing ert þú eitthvað óbermilegur í tauinu“! Oftar í þeirri merkingu.
- Óbeygður** (l) Hefur ekki *látið bugast*. „Hann er merkilega óbeygður eftir allar þessar raunir“.
- Óbifandi / Óbifanlegur** (l) Óhagganlegur; sem ekki verður þokað. „Ég hef óbifandi trú á á þetta er framkvæmanlegt“. „Hann var alveg óbifanlegur og *lét sig* ekkert með þetta“.

Óbifur (n, kk) Ótrú; ýmugustur. „Afi hafði einhvern óbifur á þessum nýmóðins tækjum; fannst þau vinna illa“.

Óbilandi / Óbugandi (l) Sem ekki bilar/bregst; staðfastur. „Hann hafði óbilandi trú á spottanum, þó gamall væri og trosnaður“. „Hann var óbugandi í þessari afstöðu“.

Óbilgirni (n, kvk) Stífni/þrái/mótþrói gegn því að velja sanngjarna lausn; ósanngirni.

Óbilgjarn (l) Ósanngjarn; ósveigjanlegur í samningum/viðskiptum. „Honum fannst ég óbilgjarn í sinn garð“.

Óbjagað (l) Oftast notað um mál; skýrt; án afbökunar. „Hverskonar málfræðikennsla er þetta eiginlega orðin í þessum skólum?! Það liggur við að yngra fólk geti ekki komið einni setningu óbjagaðri útúr sér“!

Óbjargandi (l) Sem ekki er unnt að bjarga. „Skepnu sem þar villist niður í klettana er alveg óbjargandi“.

Óbjörgulegt (l) Sem illa lítur út með; uggvænlegt. „Það er heldur óbjörgulegt ástandið á bænum ef bæði skortir kaffi og tóbak“!

Óblandinn (l) Hreinn; sannur; fólksvalaus. „Ég sá, mér til óblandinnar gleði, að þarna var hrúturinn heimtur“. Einkum notað til áhersluauka með lýsandi og jákvæðum nafnorðum. Sjá til *óblandinnar ánægju*.

Óblið (l) Harðneskjuleg; óvægin. „Vissulega getur veðráttan verið óblið í Útvíkum eins og annarsstaðar, en sjaldnast þrýtur þar öll bjargráð“.

Óbliður á manninn (orðtak) Ekki kurteis/ljúfur í viðmóti. „Hann var fremur óbliður á manninn þegar hann skreið uppúr ánni, og sagði að þeir hefðu truflað sig vísvitandi við stökkið“.

Óboðinn (l) Sem ekki hefur verið boðið. „Ég kann ekki við að mæta óboðinn í afmælið“.

Óboðlegur (l) Sem ekki þykir frambærilegur/ við hæfi. „Hætt er við að flestum þætti þær vinnuáætlaðar óboðlegar í dag sem menn þurftu að búa við fyrir einni öld“.

Óborganlegur (l) Ómetanlegur; dýrmætari en metið verður. „Þetta fannst honum óborganleg skemmtun“.

Óborin (l) Um kind/kú; ekki borin enn. „Við skulum reka niður á Grundatún það sem óborið er af fénu“.

Óbotnandi skammir (orðtak) *Óbótaskammir*; reiðilestur. „Hann fékk óbotnandi skammir fyrir tiltækið“.

Óbotnandi skuldir (orðtak) Mjög miklar skuldir/fjárskuldbindingar. „Ég ætla ekki að steypa mér í óbotnandi skuldir fyrir svona bölvadan óþarfa“!

Óbólusett (l) Um lamb/sauðfé; ekki búíð að fá bólusetningu. „Lambið var ómarkað og óbólusett“.

Óbót (n, kvk) Skaði sem ekki/varla er unnt að bæta. Einatt í samsetningum; sjá *berja til óbóta*.

Óbótamaður / Óbótamanneskja (n, kk/kvk) Sakamaður; bófi. Mun upphaflega hafa átt við sakamann sem var rétttræpur án þess að manngjöld (sektir/skaðabætur) væru greidd fyrir hann.

Óbótaskammir (n, kvk, fto) Miklar/*óbotnandi* skammir; *róterskammir*; *húðarskammir*. „Karlinn fékk óbótaskammir frá kerlu þegar hann missti niður hespuna, svo allt fór í flækju“.

Óbótaþjófur (n, kk) Þjófur. Upphaflega þjófur sem var rétttræpur án manngjalda. Sjá *óbótamaður*.

Óbótaþræll (n, kk) Þræll sem er rétttræpur án manngjalda. Á síðari tímum notað um þann sem stritar fyrir lítil laun. „Hann neitaði að púla lengur við þetta eins og óbótaþræll, fyrir ekkert annað en vanþakklætið“.

Óbragð (n, hk) Slæmt bragð; *ókeimur*. „Nú er komið óbragð af mjólkinni“.

Óbragglegur (l) Veiklulegur; illa haldinn; hrörlegur. „Mér finnst hann ekki líta óbragglega út“.

Óbrákaður / Óbrotinn (l) Ekki beinbrotinn; heill. „Ég held ég sé óbrákaður, en fjandi var þetta slæm bylta“.

Óbrensla (l) Ekki afbakað/ruglað/afflutt. „Ég vona að skilaboðin komist óbrenslu til skila“.

Óbreyttur (l) Samur; ekki breyttur. „Hann spáir óbreyttu fram á morgundaginn“.

Óbrigðult (l) Traust; áreiðanlegt; sem bregst ekki. „Ég kann ekkert óbrigðult ráð í þessu efni“.

Óbrotgjarn (l) Sem ekki brotnar/eyðist. „Verk hans eru óbrotgjarn minnisvarði“.

Óbrúklegur (l) Ónothæfur; ekki nýtanlegur. „Þessi hrífa er orðinn tindalaus og alveg óbrúkleg“.

Óbugaður (l) Sem ekki er niðurbrotinn/bugaður. „Merkilegt er hvað hann er enn óbugaður eftir þetta“.

Óbundinn (l) A. Ekki festur í band. „Er kýrin óbundin á básnum“?. B. Um sigara; ekki festur í vað; laus. „Við sigurm óbundnir niður snarbrattan frerann, en héldum okkur í vand; í svokölluðum lás“ (Björgvin Sigurbj.son; Útkall við Látrabjarg). C. Óráðstafaður; ekki heftur. „Ég tel mig óbundinn af þessum samningi núna“. D. Um kveðskap; ekki stuðlaður eða rímaður.

Óburðugur (l) Illa fær um; illa í stakk búinn; ekki sterkur. „Strákurinn er fremur óburðugur í svona vinnu“.

Óbúandi við (orðtak) Ekki hægt að búa/una við; gengur ekki. „Það auðvitað óbúandi við það að þurfa að hella niður mjólk skipti eftir skipti vegna skorts á snjómokstri“!

- Óbyggður** (l) Ekki í byggð. „Byggð hefur líkast til verið samfelld í Kollsvík síðan Kollur kom þar fyrst að óbyggðu landi; líklega um miðbik landnáms á Íslandi eða nærri árinu 900“.
- Óbyrgður** (l) Ekki byrgður/hulinn/aflokaður. „Það fer enginn með óbyrgt ljós inn í hlöðu.“
- Óbærilega** (ao) Ekki bærilega; sem ekki er hægt að umbera. „Um hádegið var orðið nær óbærilega heitt niðri í bjarginu, í steikjandi sólinni“.
- Óbætandi** (l) Sem erfitt er/ ekki er hægt að bæta. „Sandfok hefur stundum valdið óbætandi spjöllum á landi“.
- Óbættur** (l) Sem ekki hefur verið bættur/lagaður/aukinn/greiddur. „Þú getur ekki verið í þessum buxum svona óbættum“. Sjá einnig að *liggja óbættur hjá garði*.
- Ódannaður** (l) Kann sig ekki; illa siðaður; óháttvís. „Maður er heldur ódannaður fyrir svona finar veislur“.
- Ódannelsi** (n, hk) Ókurteisi, skortur á mannsiðum. „Mér finnst það bara ódannelsi að reka við í kirkjunni“!
- Ódaunn** (n, kk) Fýla; ólykt; stækja. „Ferlegur ódaunn er nú af þínum freti; hvern fjandann varstu að éta“?!
- Ódámur** (n, kk) A. Óvandaður maður; skúrkur. „Og bévítans ódámurinn stökk í burtu frá konu og börnum“. B. Vægt blótsyrði; fjandinn; rækallinn. „Hver ódámurinn; nú gleymdi ég nestisskjóðunni í landi“! Sjá *dámur*.
- Ódeigur** (l) Óragur; duglegur. „Ekki þýddi fyrir aðra en þá sem ódeigir voru að sækja gull í greipar Ægis þar...“ (ÖG; minningargrein um AK).
- Ódó** (n hk) Óþokki; óhræsi. „Karlinn kom fram við hana eins og bölvad ódó“.
- Ódráttur** (n, kk) A. Fiskur sem kemur á færi og er ekki er nýtanlegur, t.d. marhnútur. B. Sluddmenni; þrjútur. „Það var sagt að karlinn hefði verið hinn mesti ódráttur á heimilinu“.
- Ódrekkandi** (l) Sem ekki/varla er unnt að drekka. „Helvítis hiti er á kaffinu; það er alveg ódrekkandi“.
- Ódregilega** (ao) Ekki heiðarlega/ af hreinskildi; skammarlega. „Mörgum þótti þessi framkoma ódregileg“.
- Ódreglyndi / Ódregskapur** (n, hk) Skúrsháttur; lítilmenska; svik. „Ekki bjóst ég við svona ódreglyndi af hans hendi“.
- Ódregur** (n, kk) Skúrkur; lítilmenni; svikahrappur. „Hann er *mistækur*, en samt enginn ódregur“.
- Ódrjúgur** (l) Endist illa; fljútur að eyðast; endasleppur. „Þegar tekið er tillit til þess að vetur hefur verið fremur góður er það sjáanlegt eftir mælingu á heyjunum í haust þá hafa þau almennt verið laus og því ódrjúg“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Ódrukkinn** (l) A. Um kaffi, te, mjólk, vatn o.fl; sem ekki hefur verið drukkið. „Ekki dugir að koma með kaffið ódrukkið í land aftur“. B. Um mann; ekki drukkin/ólvaður. „*Svonalagað* gerir enginn ódrukkinn“.
- Ódrýgindi** (n, hk, fto) Rýrnun; minnkun. „Þessi vorbeit á túnnum veldur náttúrulega ódrýgindum á heyjum“.
- Ódrýgja** (s) Gera endasleppt; klárast. „Jólakonfektíð vildi stundum ódrýgjast, væri það fyrir allra augum“.
- Óduglegur** (l) Ekki duglegur/röskur; latur. „Maður er óttalega óduglegur í svona óþarfa flandri“.
- Ódugnaður** (n, kk) Framkvæmdaleysi; leti. „Skömm er að sjá þetta hús *ónýtast* fyrir tóman ódugnað“!
- Óduldur / Ódulinn** (l) Meðvitaður; *vitandi vits*. „Menn skulu vera alveg óduldir um það að svona góðviðristið að vetri hefnir sín í bölvuðum hretum að vori; *vitiði* bara *til*“! „Ég gekk þess ekki ódulinn“.
- Ódyggð** (n, kvk) Mannlegur breyskleiki; synd; ótryggð; svik. „Ekki get ég *svarið mig af* öllum ódyggðum í þessu efni“.
- Ódyggur** (l) Ótryggur; svikull. „Heldur þykja mér nú ódyggir margir flokksmenn“.
- Ódæði / Ódæðisverk** (n, hk) Illvirki; heigulsháttur; glæpur. „Eitt mesta ódæði íslenskra stjórnvalda á síðari tímum var að svipta sjávarjarðir þeim heimamiðum sem þær hafa nýtt síðan land byggðist“.
- Ódæll** (l) Óþægur; baldinn; fyrirferðamikill. „Hann hefur spekst mikið; eins og hann þótti nú ódæll í æsku“.
- Ódælmi** (n, kvk) Óþægð; styggð. „Þú sendir bara hundinn fyrir féð ef það er með einhverja ódælmi“.
- Ódæma** (l) Firna; býsna; óvenju. „Það eru ódæma háir þarabunkar í fjörinni núna“.
- Ódæmamikill** (l) Firna mikill; afar mikill. „Við fengum þarna ódæmamikinn afla á stuttum tíma“.
- Ódæmi** (n, hk, fto) Ósköp; býsn; hellingur. „Þarna var lítið um fisk, en ódæmi af snarvitlausum ufsatittum“.
- Ódöngun** (n, kvk) Veiki; *lumbra*; ólag. „Mér finnst vera einhver ódöngun í mér núna; hiti og slappleiki“.
- Óðaferð** (n, kvk) Mjög mikil ferð; hraðferð. „Báturinn stefndi á óðaferð upp í fjörugrjótið“.
- Óðagot** (n, hk) Asi; flumbrugangur. „Í óðagotinu gleymdi ég alveg að taka með mér rakvélina“.

- Óðagotsháttur** (n, kk) Flumbrugangur; asi. „Það þýðir ekki að fara að fénu með svona óðagotshætti“!
- Óðakapp** (n, hk) Flýtir; asi. „Þeir eru í óðakappi að raka upp áður en fer að rigna“.
- Óðakjafta** (l) Óðamála; *bera ótt á; flaumósa*. „Hann var svo óðakjafta yfir þessu að kaffið kólnaði í bollanum“.
- Óðal** (n, hk) Jörð/jarðeign sem lýtur sérstökum reglum um eignarhald. Óðal gengur að erfðum; vanalega til elsta sonar eiganda. Lengi gildi sú regla að jörð hefði öðlast óðalshefð þegar hún hefði verið í eigu sömu ættar í 20 ár eða lengur. Þegar jarðalög voru endurskoðuð árið 1999 voru óðalsjarðir á landinu yfir 100 að tölu, og með þeim varð óheimilt að stofna nýtt óðal. Orðstofninn má líklega rekja til gotneska orðsins „atta“ sem merkir faðir. Stofnskylt því er líklega orðið „aðal“.
- Óðamála** (l) Talar mjög mikið og hratt; *veður á; berst ört á; er mikið niðrifyrir*; bullar. „Hann var svo óðamála að ég skildi varla hvað hann sagði“.
- Óðar / Óðara** (ao) Bráðum; fljólega. „Það er óðara komið myrkur“. „Þetta batnar óðara“. „Það fer nú óðar að líða að því að ég komi heim“. „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn./ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því“? ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Óðbær sjór** (orðtak) Brim, þannig að landing er varasöm. „Á sumum stöðum er langt á milli *ólaga* og þá um *lagabrim* að ræða. Þótti betra að reyna landingu á síðustu báru þess en öftustu *ólagsöldu* í óðbærum sjó. Þessi var reynsla víða um Vestfirði“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III).
- Óðfluga** (ao) Mjög hratt; með ógnarhraða. „Nú líður óðfluga að matartíma; við þurfum að drífa okkur“.
- Óðfús** (l) Mjög ákafur/áfjáður. „Hann vildi óðfús koma með okkur í róður“.
- Óðinshani** (n, kk) Skrifari; *Phalopus lobatus*. Lítil vaðfugl sem verpir á norðurslóðum heimsins en heldur sig á sjó í hitabeltinu yfir sumartímamann. Algengur í Kollsvík sem annarsstaðar á Íslandi. Gráleitur að ofan; fremur dökkur á sumrin en ljósari að vetrum; ljós að neðan. Í sumarþúningi hefur hann breiðan rauðgulan kraga um háls og hvítan blett í kverk. Litir kvenfugls aðeins skærari en karlsins. Goggur stuttur og svartur; fætur dökkgráir með sundblöðkum. Kvenfuglinn velur hreiðurstæði og maka og á frumkvæði að mökun. Eftir varp fer hún á braut en karlinn ungar eggjunum út. Hriðrið er gjarnan dæld á milli þufna eða í háu grasi. Ungar yfirgefa hreiðrið fljótlega; lappalangir og ljósbrúnir hnoðrar. Óðinshani sést oftast á sundi á grunnu vatni í ætisleit. Hann liggur hátt í vatninu; hringsnýst og dýfir goggi ótt og títt í vatnið þegar hann tínir upp skordýr sem gruggast upp í iðunni. Í Kollsvík hefur hann einatt verið nefndur skrifari. Skyldur óðinshana er þórshani, en hann er sjaldséður í Kollsvík. Það þótti boða storm ef óðinshani sást synda kringum bát úti á sjó, og var þá vissara að hafa strax uppi og koma sér í land.
- Óðs manns æði / Óðsmannsæði** (orðtak/ n, hk) Brjálæði; vitfirring; heimiska. „Það er algjört óðsmannsæði að fara í riður í þessu veðurútliti“! „Um hitt voru þeir sammála, að óðs manns æði væri að reyna þetta nú“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Óðslega** (ao) Með æðibunugangi/asa; í flaustri. „Hann fór sér ekki að *neinu óðslega*, og gaf sér góðan tíma“.
- Óðsmannsæði / Óðs manns æði** (n, hk/ orðtak) Brjálæði; vitleysa; fyrirhyggjuleysi. „Það er óðsmannsæði að leggja á fjallveg í þessu veðri“.
- Óðum** (l) Fljótt, brátt. „Ekkert bar nú til tíðinda fyrr en þeir félagar sjá bát er sigldi á eftir þeim, og nálgadist óðum“ (ÖG; Þokuróður). „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Óður** (n, kk) Lofgerðarkvæði; ljóð. Sjaldan notað og þá einkum við hátíðleg/ljóðræn tilefni. „Rym ég óð um Rósinkrans/ reginmóði vígur/ Kær með þjóð í kotum lands/ kappans hróður flýgur“ (JR; Rósarímur).
- Óður fiskur** (orðtak) Um veiðar; mikil *vild* á fiski; *stendur á hverju járn*; fiskur tekur krók uppi í sjó, oft um leið og hann kemur niður. „Við lentum þarna í óðum fiski yfir allan *snúninginn*“. „Fiskur var orðinn svo óður að *stóð á hverju járn* um leið og slóði komst í sjó“.
- Óður og uppvægur** (orðtak) Af miklum ákafa; mjög ákafur. „Hann vill óður og *uppvægur* koma með okkur í róður“.
- Óeðli** (n, hk) Það í fari manns eða skepnu sem ekki er eðlilegt; ónáttúra.
- Óeðlilega** (ao) Undarlega; ekki eðlilega. „Mér finnst lækka óeðlilega hratt í bensíntanknum“.
- Óeðlilegur** (l) Ekki eðlilegur/normal; undarlegur. „Mé finnst gangurinn í vélinni dálítið óeðlilegur“.
- Óefað** (l) Án vafa; eflaust. „Þar voru tóttaleifar gamlar og hefur þar óefað verið sel“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). „Hefur óefað verið sætt suðurfalli út fyrir Nesið“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Óefanlegt** (l) Sem ekki/varla verður efast um; óumdeilanlegt. „Ég held að þetta sé alveg óefanleg staðreynd“.

Óefni (n, hk) Þrot; úrræðaleyssi. Sjá *komið í óefni* og *stefna í óefni*.

Óefnilegur (l) Vonlaus; lítilsgildur; lítilsvirði. „Þetta er alls ekki óefnilegur strákur“.

Óeigingjarn (l) Ekki eigingjarn; fórnfús; gjafmildur. „Össur fékk viðurkenningu allra sinna sveitunga í Rauðasandshreppi fyrir mikið og óeigingjarnt starf að félagsmálum í þágu sinnar sveitar“.

Óeigulegur (l) Lítil virði; ómerkilegur. „Þetta er ekki óeigulegur gripur“.

Óeining (n, kvk) Ósamstaða; ósamlyndi. „Einhver óeining var í flokknum um þessa stefnu“.

Óeirð (n, kvk) Óróleiki; ókyrrð. „Það er einhver óeirð í fénu; það rásar bara um og lítur varla niður“.

Óeirðabelgur / **Óeirðarmaður** / **Óeirðaseggur** (n, kk) Slagsmálhundur; óróaseggur; vandræðamaður. „Hann er alltaf sami óeirðabelgurinn með víni; eins og þetta er mikill ljúflingur dagsdaglega“.

Óeirðabæli (n, hk) Ófriðsæll/róstusamur staður. „Enn berjast þeir í þessu óeirðabæli í Miðausturlöndum“.

Óeirinn (l) A. Óþolinmóður; óþreyjufullur; órólegur; tollir ekki lengi á sama stað. „Féð er eitthvað svo óeirð í dag, og gerir lítið annað en rápa“. B. Gefur ekki grið; eirir engu. Mjög sjaldan notað í þeirri merkingu.

Óeirni (n, kvk) Óþolinmæli; óróleiki; ráp. „Skelfingar óeirni er þetta í fénu; ég má fara og *standa hjá* því“!

Óeitradur (l) Ekki eitradur. „Þetta er engin matjurt, en ég held að hún sé alveg óeitruð“.

Óekta (l) Ekki ekta; ekki af því efni sem sýnist. „Steinninn í hringnum er gullfallegur þó hann sé óekta“.

Óendanlega (ao) Án afláts; eilíflega. „Ég er þeim óendanlega þakklátur fyrir þeirra umönnun“.

Óendanlegur (l) Ekki endanlegur; látlaus; sífelldur. „Skyldi þessi ótíð bara verða óendanleg“?!

Óendanleiki (n, kk) Sá eiginleiki að vera óendanlegur. „Ég nenni ekki að hlusta lengur þegar þeir voru farnir að ræða eilífðarmálin og óendanleika tilverunnar“.

Óétandi (l) Óætur; sem ekki er unnt að borða. „Fiskurinn var illa útvatnaður og óétandi með öllu“.

Óétinn (l) A. Hefur ekki verið borðaður/étinn. „Hvað *hljóp* í strákinn að fara frá grautnum óétnum“? B. Ekki búinn að borða/snæða. „Ég er alveg óétinn ennþá; ég þurfti að drífa mig af stað áður en maturinn var klár“.

Ófagur (l) Ekki fallegur/álitlegur; ljótur; ófrýnilegur. „Ekki veit ég hverju hann hreytti í þá, en ófagurt var það“. „Þetta er ófagur andskoti; hér hefur netið lent út á sandblett og er kkjafullt af óþverra“!

Ófagur/ljótur munnsöfnuður (orðtök) Bölbæni; blótsyrði; ragn. „Ég nenni ekki að hlusta á hans skoðanir á þessu; það er heldur ófagur munnsöfnuður“!

Ófarinn (l) Ekki farinn; enn á staðnum. „Ég var rétt ófarinn út þegar síminn hringdi“. „Hann er enn ófarinn“.

Ófarir (n, kvk, fto) Ófarnaður; ólán; slæm endalok. „Það er lítið vit að róa í þessu; ég ætla ekki að bera ábyrgð á einhverjum óföllum“! „Það er lítil upphæð í því að *hlakka yfir óföllum annarra*“!

Ófarnaður (n, kk) Ógæfa; ólán; hörmungar. „Hann taldi að þessu gæti fylgt einhver ófarnaður“. Sjá *leiða til ófarnaðar*.

Ófá skipti/tilfelli / **Ófáum sinnum** (orðtak) Oft; iðulega. „Þetta hefur líklega gerst í ófá skipti áður fyrr“.

Ófáanlegur (l) Sem ekki fæst. „Svona gúmmískór eru líklega ófáanlegir í dag“.

Ófár (l) Margur. „Þeir eru ófár steinarnir sem hann hefur lyft í veggheðslu“.

Ófeðraður (l) Um barn; ekki kunnugt um faðerni. „Barnið var fyrst í stað ófeðrað, þó margir vissu hið sanna“.

Ófeigur (l) Ekki feigur; ekki ætlað að deyja. „*Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið*“. Sjá þar. „*Skildi þar milli feigs og ófeigs*“. Sjá þar.

Ófeiminn (l) Ekki *banginn*/hræddur/hlédrægur. „Nú skulu þeir fá að heyrna skírnarnafnið sitt; ég er alveg ófeiminn við að *segja* þessum idiótum *til syndanna*“!

Ófeiti (n, kvk) Hor; grónn hold; uppdráttur. „Þeir sem bjuggu við sjávarútveg komust fremur af þegar harðindi herjuðu á landið, en hinir drápu úr ófeiti og kröm sem urðu að treysta alfarið á landið“.

Ófengin (l) Um kind/kú; ekki verið haldið undir hrút/naut. „Þeim fækkar óðum sem ófengnar eru“.

Óferðafær (l) Ekki hæfur til ferðalaga. „Billinn er óferðafær meðan keðjurnar vantar, eins og *færið* er núna“.

Óferjandi (l) A. Sem ekki má aðstoða við flutninga/ferðalög. Samkvæmt réttarreglu þjóðveldisaldar mátti dæma sakamenn til þess að þeir væru *óalandi* og *óferjandi*. Þýddi það þá útskýfun samfélagsins að enginn mátti aðstoða þá á nokkurn hátt; ekki gefa þeim að borða og ekki ferja þá yfir ár eða vísa til vegar. Nú á dögum er það skammaryrði um menn að þeir séu óalandi og óferjandi. B. Sagt er um vatnsfall að það sé óferjandi ef það er ófært báti t.d. vegna jakaburðar.

Ófégjarn (l) Ekki gráðugur í auð; fórnfús.

Ófénaður (n, kk) Slæmar skepnur. „Farið nú og reynið að koma þessum ófénaði úr túnunum“.

Ófėti (n, hk) Óhræsi; óvættur; þrjótur. „Ég er *handviss* um að þetta var fjörullalli eða annað eins ófėti“.

Ófétis (n, hk, ef) Óhræsis; *ótætis*; árans; áhersluorð sem notað var í neikvæðri merkingu. „Ófétis pest er þetta“.

Ófiskinn (l) Ekki fiskinn/fengsæll. Notað ýmist um menn: „Hann þótti dugandi sjómaður, en fremur ófiskinn“.
Eða um veiðarfæri: „Svona innsett net hlýtur alltaf að verða ófiskið“.

Ófinn / Ótérlegur í tauinu (orðtök) Illa til fara; larfalegur; ekki vel klæddur. „Skelfilega ertu ótérlegur í tauinu! Ég held að þú ættir að skipta um fót áður en gestirnir koma“.

Óflattur (l) Um fisk; sem ekki er búið að fletja. „Við setjum bara í bútung þennan smáfisk sem óflattur er“.

Ófleginn (l) Um skrokk; sem ekki er búið að flá. „Við förum ekki frá þessu óflegnu“.

Óflekkaður (l) Ekki syndugur; saklaus. „Mín samviska er alveg óflekkuð af þessum sökum“.

Óforbetranlegur (l) Um mann; sem ekki er unnt að siða betur. „Margir nasistar voru óforbetranlegir þrjótar“.

Óförgengilegur (l) Sem ekki eyðist/hrörnar. „Gullið er talið óförgengilegra en aðrir málmar“.

Óformlegur (l) Ekki formlegur/hefðbundinn/ samkvæmt reglu. „Þetta var óformlegur fundur“.

Óforsjáll (l) Ekki fyrirhyggjusamur. „Ári var ég óforsjáll; að taka ekki með mér fleiri ílát“!

Óforskammaður (l) Frekur; frakkur; dónalegur. „Skelfing gat maðurinn verið óforskammaður að gera þetta“!

Óforskömmugheit / Óforskömmun (n, hk, fto) Frekja; dónaskapur. „*Fyrr má nú vera* óskömmunin“!

Óforspurður (l) Ekki spurður; ekki fengið leyfi. „Þeir tóku þetta í algeru leyfisleysi; að mér óforspurðum“!

Óforstöndugur (l) Óaðgættinn; heimskur. „Mér finnst hann afskaplega óforstöndugur í þessum efnum“.

Óforsvaranlegt / Óforsvarandi (l) Óafsakanlegt; ekki verjandi. „Það er óforsvaranlegt að láta barn aka dráttarvél yfir hálsa“! „Mér finnst gjörsamlega óforsvarandi af ráðherra að segja svona nokkuð“.

Óforvarendis (ao) Af tilviljun; fyrirvaralaust. „Hann birtist bara óforvarendis og gerði engin boð á undan sér“.

Óforþétt (l) Óverðskuldað. „Ég þakka fyrir hrósið, en held að það hafi að mestu verið óforþétt“.

Óframfærinn (l) Feiminn; hlédrægur; hefur sig lítið í frammi. „Skelfing er hann alltaf óframfærinn, blessaður“.

Óframfærni (n, kvk) Feimni; hlédrægni. „Þessi óframfærni er honum stundum *ffjötur um fót*“. Óframfærni og femni voru umræðuefni á fundi Umf Vestra árið 1918.

Óframkvæmanlegt (l) Ekki unnt/auðvelt að framkvæma. „Mér sýnist þetta nánast óframkvæmanlegt, með ekki fleiri mönnum en hér eru“.

Ófrátekinn (l) Sem aðrir hafa ekki eignað/helgað sér. „Við leggjum við hleinina; sá staður er enn ófrátekinn“.

Ófrávíkjanlegt (l) Undantekningarlaust; þarft. „Mörgum var ófrávíkjanleg regla að signa sig fyrir svefninn“.

Ófrelsi (n, hk) A. Helsi; ánaud; höft. B. Kollsvíkingar og sumir aðrir í Rauðasandshreppi notuðu orðið í nokkuð óhlutbundnari merkingu en almennt gerðist; eða um einskonar álög/ofnautn. „Ertu enn að éta? Þetta er nú bara ófrelsi og ekkert annað“! Mikið notað þar enn en ekki annarsstaðar í þeirri merkingu.

Ófremdarástand (n, hk) Slæmt/óviðunandi ástand. Upphaflega notað um ástand sem enginn heiður/frami var að; skammarlegt ástand. „Á þessum tíma ríkti ófremdarástand um málefni félagsins“.

Ófreskja (n, kvk) Óvættur; skrýmsli; ógnvænlegt kvikindi.

Ófreskur (l) Skygg; sér það sem öðrum er hulið. Orðið er stofnskylt orðinu ófreskja, og var í upphafi notað um sjón villidýra, en þau sjá ýmislegt glegggra en mannfólkið. „Þann draug sáu bæði freskir menn og ófreskir“.

Ófriðarseggur (n, kk) Ribbaldi; sá sem veldur ófriði.

Ófriðhelgur (l) Ribbaldalegur; ruddalegur; forhertur. „Þessi minkfjandi er aldeilis ófriðhelgur; nú drap hann allar hænurnar í kofanum á einu bretti“! Lítið eitt önnur meining í máli Kollsvíkinga en annarra“.

Ófriðlega / Ófriðsamlega (ao) Með ófriði/ illum látum.

Ófriður (n, kk) A. Mikill sjór, þannig að illa er vært við veiðar. „Það fer nú bara að verða ófriður ef hann eykur báruna meira“. B. Stríð; *væringar*; ónæði. C. Ónæði til t.d. vinnu eða hvíldar. „Ansans ófriður er nú af ykkur strákar; farið nú og leikið ykkur úti“!

Ófrikka (s) Verða ófriðari/ljótari. „Þú hefur ekkert að gera með kaffi drengur; þú ófrikkar bara af því“!

Ófrískur (l) A. Ekki hraustur; veikur; lasburða. „Ég er búinn að vera heldur ófrískur síðustu dagana“. B. Um konu; barnshafandi. „Er hún ófrísk eina ferðina enn; aftur og nýbúin“?! Nær alfarið notað í þeirri merkingu í seinni tíð, og sýnir hve merking orða getur umturnast með einni kynslóð.

Ófrjór (l) A. Um dýr/plöntu; getur ekki eignast afkvæmi; geldur. B. Um jarðveg; ófrjósamur.

Ófrosinn / Ófreðinn (l) við hitastig undir frostmarki. „Jörð var víðast enn ófreðin niðri í byggð um áramót“.

Ófróður (l) Ekki fróður; þekki ekki til. „Ég er *alls ófróður* um svonalagað“.

Ófróður er sá sem einskis spyr (orðatiltæki) Sá veit lítið um málefni sem ekki innir eftir því.

Ófrómheit (n, hk, fto) Óheiðarleiki; þjófnaður. „Orð lá á um ófrómheit hans í þessari vist“.

Ófrómur (l) Óheiðarlegur; fingralangur; stelinn. „Lyginn var hann, en ekki ófrómur með annarra eigur“.

Ófrýnilegur / Ófrýnn (l) Ljótur; ógnvegkjandi; *úðalegur*. „Tuddinn var fremur ófrýnn og bölvaði hátt“.

Ófrægð (n, kvk) Niðurlægging; skömm; óorð; rögur. „Hann hafði sér það helst *til ófrægðar unnið* að bera litla virðingu fyrir pótintátum staðarins“. „Ég tel honum það nú ekki til ófrægðar“.

Ófrægja (s) Baktala; tala niðrandi um. „Þeir reyndu að ófrægja hann á alla lund“.

Ófrændrækinn (l) Sem rækir ekki vel ættartegsl; sem heldur ekki góðu sambandi við skyldmenni sín.

Ófrændrækni (n, kvk) Að vera ófrændrækinn. „Ég verð vist að teljast fremur ófrændrækinn“.

Ófullburða (l) A. Um nýfætt afkvæmi; ekki vel þroskað; veiklulegt. B. Líkingamál um málefni og annað; ekki vel frágengið/ígrundað/gert. „Ég legg til að þessari ófullburða tillögu verði vísað frá“.

Ófullgerður (l) Ekki fullgerður/frágenginn/lokið. „Ég fer ekki frá þessu ófullgerðu“.

Ófullkominn (l) Gallaður; hefur vankanta. „Aðstaðan var fremur ófullkomin, en hún gagnaðist samt“.

Ófullnægður (l) Ekki uppfylltur. „Hann slapp úr haldi meðan dómnum var enn ófullnægð“.

Ófullnægjandi (l) Ekki fullnægjandi/nægilegt; naumur. „Þetta eru ófullnægjandi upplýsingar“.

Ófullur (l) Ekki undir áhrifum áfengis; ekki ölvaður. „Þetta hefði hann aldrei sagt ófullur“.

Ófullveðja (l) Ekki fullorðinn/sjálfráða. „Þetta er ekki ætlandi ófullveðja unglíngi“.

Ófundinn (l) Ekki fundinn; enn týndur. „Hnífurinn er enn ófundinn“.

Ófundvís (l) Ekki fundvís; ekki laginn/heppinn að finna það sem týnt er. „Skelfing ertu nú ófundvís; hnífurinn var hérna uppi á hillu; beint fyrir framan nefið á þér“!

Ófúinn (l) Ekki fúinn/feyskinn. „Staurinn má nýta áfram; hann er nánast ófúinn“.

Ófús (l) Ekki viljugur; tregur. „Hann var fremur ófús að fylgja okkur eftir niður klettana“.

Ófyrirgefanlegt (l) Ekki unnt að afsaka/fyrirgefa. „Þetta var ófyrirgefanlegur klaufaskapur hjá mér“.

Ófyrirleitinn (l) Hortugur; kvikindislegur; óskammfeilinn. „Hann er ótrúlega ófyrirleitinn“.

Ófyrirleitni (n, kvk) Hortugheit; óskammfeilni; dirfska. „Ég hef sjaldan kynnst svona mikilli ófyrirleitni“!

Ófyrirséð (l) Ekki séð/greint fyrirfram. „Svona ófyrirséð atvik geta alltaf komið upp“.

Ófyrirsjáanlegt (l) Sem ekki er unnt að sjá/greina fyrirfram. „Þetta var algerlega ófyrirsjáanlegt“.

Ófyrirsjáll (l) Ekki fyrirhyggjusamur; fljótfær. „Það voru samt ekki ófyrirsjálnir ævintýramenn sem þessa ákvörðun tóku“ (MG; Látrabjarg).

Ófyrirsynja (n, kvk) Sem ekki verður synjað fyrir. Notað um það sem gert er að ástæðulausu og án sakarefna. „Þú mátt ekki berja bróður þinn svona alveg *að ófyrirsynju*“! Líklegt er að málfræðingar séu á villigötum varðandi upprunaskýringu, t.d. í Orðab.Menningarsj og Orðsifjabók HÍ.

Ófyrndur (l) Sem ekki er fyrndur að lögum. „Ég hygg að þessi réttur sé ófyrndur ennþá“.

Ófyrting (l) Ekki uppnæmur/fyrting þó verði fyrir áreiti/stríðni. „Ég er ekki eins ófyrting og hann“.

Ófýsilegt (l) Ekki aðlaðandi; sem ekki heillar/freistar. „Heldur finnst mér ófýsilegt að fara þarna niður í lás“.

Ófælinn (l) Ekki gjarn á að hræðast/fælast/styggjast. „Þegar fuglinn situr svona ófælinn á egginu er líklegt að það sé farið að unga“.

Ófær með öllu (orðtak) Allsendis/alveg ófær; kolófær. „Lending er oftast slæm eða ófær með öllu á þessum stað“ (HÖ; Fjaran).

Ófær sjór (orðtak) Ekki unnt að vera á sjó vegna sjólags. „Annað skipið, sem fyrr hélt af miðum, náði landi, og sýndist mönnum þá sjór ófær. Þetta var í fiskiróðri og reru skipin frá Láturdal“ (TÓ; Yfirlit sjólysna í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Ófæra (n, kvk) Hindrun. „Hver dj..., það er grunnbrot á Þembunni. Þetta er alger ófæra; eða hvað sýnist þér Sigurður“? “ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Ég ætla að biðja ykkur um að leggja ekki í neina ófæru“.

Ófærð (n, kvk) Slæm færð. „Það er enn ófærð í efra sniðinu“.

Ófærðarlítið (l) Lítil ófærð; sæmilega greiðfært. „Er sagt að presturinn í Sauðlauksdal hafi farið Prestahjalla ef hann fór til Breiðavíkur að vetrarlagi, því ófærðarlítið hafi verið á þessum hjalla; ekki fest snjó“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Ófært (ao) A. Vegir geta orðið ófærir vegna snjóa, veðurs, skriðufalla eða hruns. B. Ófært getur orðið á sjó vegna veðurs og sjólags. „Ófært reyndist á sjó sökum brims og einnig á landi vegna bleytu og klaka“ (GG um strand togarans Croupiers undir Blakk; EÓ; Skipsströnd í Rauðasandshreppi). „Svo horfa þeir út á Víkina. Margir bátar; vinir þeirra og kunningjar. Allt er þegar ófært. ... Það sýnist með öllu ófært fyrir Blakk nú“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Ófært veður (orðtak) Veður sem hamlar öllum ferðalögum; óveður. „Það er enn gjörsamlega ófært veður; við verðum að láta það bíða morguns með að gá að færð“.

Ófærufli (n, kk) Vegalengd vegar sem ófær er, t.d. vegna snjóa. „Það er langur ófærufli í Jökkladalshæð“.

Ófæruseil (n, kvk) Seil/forardý sem erfitt/hættulegt er að fara yfir. „Norðan við Uxadýsál er ófæruseil sem nefnd er Svartaseil“ (Örnefnaskrá Láganúps). Orðið seil virðist ekki hafa þekkt í þessari merkingu nema í Kollsvík og nágrenni.

Ófæruslefra / Ófæruslöður (n, kvk/hk) Sundurslitinn gangur í klettum, sem er sæmilega fær báðumegin við. „Það er kannski möguleiki að komast yfir ófæruslefruna með *bandstuðningi*“.

Ófæruurð (n, kvk) *Urð/helurð* sem ófær er gangandi fólki og skepnum. „Þú þarft að fara niðurfyrir ófæruurðina“.

Ófögnuður (n, kk) Viðbjóður; slæmska. „Marglytta í netunum verður ferlegur ófögnuður þegar kemur framá“.

Ógagn (n, hk) Til trafala/skaða. „Vertu ekkert að setja plástur á þetta sár; hann gerir bara ógagn“. „Ég held að þessar aðgerðir geri að minnsta kosti meira gagn en ógagn“.

Ógagnlegt (l) Sem ekki er gagn að; óþarft; til trafala/leiðinda. „Skelinni fylgdi oftast sandur, steinar og sitthvað annað ógagnlegt“ (KJK; Kollsvíkurver; sjá *kúskel*).

Ógagnsær (l) Ekki gagnsær; mattur. „Rúðan er að verða ógagnsæ af hélu“.

Ógaman (l) Óskemmtilegt; illt í efni; slæmt. „Það væri ógaman að missa fótanna þí snarbrattri skriðunni“.

Ógangur (n, kk) A. Hávaði; fyrirgangur; læti. B. Notað á síðari tímum um ójafnan gang í vél. „Nú er þessi ógangur byrjaður í vélarroknum aftur; skyldi vera einhver skítur í bensíninu“?

Ógangviss (l) Um vél; gengur ekki jafnt; er ekki örugg í gangi. „Heldur finnst mér hún ógangviss enn“.

Ógataður (l) Án gata. „Fatan lítur ekki vel út, en ég held hún sé samt ógötuð“.

Ógáfaður (l) Ekki vitur/hyggin. „Heldur var ég ógáfaður að hugsa ekki út í þetta“.

Ógáfulegt (l) Ekki hyggilegt/viturlegt. „Það var ógáfulegt að fara á sjóinn á gúmmískónum“.

Ógát (n, kvk) Óaðgæsla; hugsunarleysi; óvilji. „Í ógáti hellti ég úr röngu íláti“.

Ógeð (n, hk) A. Um geð/viðmót manns; andúð; reiði; móðgun. Sjá *fá ógeð á*. B. Í seinni tíð notað um hluti sem þykja viðbjóðslegir/fráhrindandi. „Þetta er algert ógeð“.

Ógeðfelldið (l) Ógeðslegt; óviðkunnalegt; fráhrindandi. „Svona háttalag fannst mér fremur ógeðfelldið“.

Ógeðugur (l) Fráhrindansi; ógeðfelldinn. „Þetta var alls ekki ógeðugur piltur“.

Ógegn (n, kvk) Ósköp; óhóf. „Það er hrein ógegn hvað maðurinn getur étið!“ „Þarna á hillunni var því lík ógegn af eggjum að við urðum að skilja eftir“. Líklega dregið af því að gegni engri skynsemi.

Ógegndaraflí / Ógegndarveiði (n, kk/kvk) Mokveiði; frábær aflabrögð. „Ekki get ég nú nefnt þetta ógegndarafla; en hann var vel við“. „Ég hef sjaldan vitað aðra eins ógegndarveiði; en hún var bara í blá grunnendann á netinu; alveg uppi í hleininni“!

Ógegninn / Óhlýðinn (l) Gegnir/hlýðir ekki vel. „Tikin getur verið gagnleg við smalamennskur, en hún er stundum ferlega ógegnin“.

Ógeltur (l) Sem ekki hefur verið geltur/vanaður. „Það er ábyrgðarhluti að hafa svona stálpaða nautkálfa ógelta í lausagöngu“.

Ógenginn (l) A. Um leið sem ekki hefur verið farin. „Ég átti bara örfá fet ógengin þegar ég sá grilla í brúnina í myrkrinu“. B. Um göngu fisks á mið. „Þorskur virðist enn ógenginn í fjörðinn, þó hann sé kominn upp á viku“.

Ógengur (l) Ófær; ekki hægt að ganga um. „En brátt hefur sig upp að nýju stakur berggröðull, uppmjór sem klakkur, og liggur niður hlíðarjadarinn sem þunnur kambur, frambrýndur, allt niður í fjöru, og endar í

strengbergi. Má í raun heita ógengur um þvert, en hefur þó verið klifinn en þykir glæfræföf“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Ógerð (n, kvk) A. Ódöngun; veikindi; ónot. „Það er einhver árans ógerð í mér ennpá“. B. Slæmt/hráslagalegt veður; oftast notað um ákafa slyddu sem bleytir mjög þegar hún sest á menn/skepnur. „Það er ekki hægt að hafa féð úti í þessari ógerð, enda gerir það ekkert til beitar“.

Ógerðarlegur (l) A. Um hlut; ólánlegur; ólaglegur; ljótur. „Ósköp finnst mér þetta hús ógerðarlegt í laginu“. B. Um veður; leiðinlegt; hráslagalegt. „Það er heldur ógerðarlegt veður; *slydduslitingur* og kalt“.

Ógerðarlegt veður / Ógerðarveður (orðtak/ n, hk) Leiðinlegt veður. „Úti var slydda og kuldaþræsingur: Fremur ógerðarlegt veður“. Oft styt: „Þetta er bévítans ógerð“. „Bölvæð ógerðarveður er nú þetta“!

Ógerðarskítur / Ógerðarslydda / Ógerðarslydduskítur (n, kk/kvk) Él/snjökoma af blautri slyddu, sem klinist í fatnað, bleytir og kælir það sem hún fellur á. „Það er enn sami ógerðarskíturinn“! „Við lentum í ógerðarslydduskít þegar við komum niður Hafnarlautirnar“.

Ógerla / Ógjörla (ao) Ekki í þaula; ekki til hlítar. „Ég vissi ógerla hvar ég var staddur þegar élinu létti“. Orðmyndin „ógerla“ var meira notuð í Kollsvík.

Ógerlegt (l) Óframkvæmanlegt; ómögulegt. „Það reyndist ógerlegt að ná ánni úr þessari sjálfheldu og því varð að skjóta hana niður“. Orðið finnst ekki í orðabókum en er mjög algengt vestra.

Ógerningur / Ógjörningur (n, kk) Ógerleg framkvæmd; ófæra. „... enda kom það fljótt á daginn að ógerningur var að halda fjelaginu saman til langframa“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi). Orðmyndin „ógerningur“ var meira notuð í Kollsvík.

Ógert (l) Óframkvæmt; kyrrt. „Þið ættuð að láta það ógert að stríða karlinum; þið vitið aldrei hvenær hann rýkur upp“! „Mér sýnist megnið af því ógert sem hann ætlaði að gera í gær“.

Ógervilegur / Ógjörvilegur (l) Ómyndarlegur; ekki álitlegur/aðlaðandi/vænlegur. „Þetta var alls ekki ógervileg stúlka“. Oftar með „e“ framburði í Kollsvík.

Ógetið (l) Ekki nefnt/orðað. „Hann lét þess ógetið að hann hefði sjálfur átt þátt í að svona fór“.

Ógilt (l) Ekki marktækt; ekki í gildi. „Hann dæmdi þessa glímu ógilda“.

Ógirtur (l) A. Um landsvæði/tún; ekki með heldri girðingu/ löglegum garði. „Það gengur ekki lengi að hafa nýræktina svona ógirta“. B. Um klæðaburð manns; ekki vel hysjað upp buxum utanyfir skyrtu. „Reyndu nú að þvo þér um hendurnar og girða þig drengur; þú sest ekki svona til borðs“!

Ógjarn (l) Ekki viljugur. „Ég er nokkuð ógjörn á að lána þér nýju skærin í svona verk“.

Ógjarnan (ao) Helst ekki. „Ég er kannski ekki allskostar ánægður með hann, en vil þó ógjarnan missa hann“. Orðið var alltaf með n í enda í máli Kollsvíkinga, en þannig rithátt er ekki að finna í orðabókum.

Óglaður (l) Ókátur; óhress. „Hann varð fremur óglaður við þessi tíðindi, sem vonlegt var“. Sjá *verða óglatt*.

Ógleði (n, kvk) Ælutilfinning; *velgja*. „Finnurðu enn til einhverrar ógleði“?

Ógleymanlegt (l) Sem ekki gleymist auðveldlega; eftirminnilegt. „Þetta varð mér ógleymanlegt“.

Ógleymdur (l) Ekki gleymdur. „Á manntalsþingið mættu tuttugu manns, að ógleymdum sýslumanni sjálfum“.

Óglæsilegt (l) Ekki viðkunnanlegt; skelfilegt; slæmt. „Þetta er fremur óglæsilegt útlit“. „Það var óglæsilegt að sjá lambhrútinn velta niður hlíðina, en það fór betur en á horfðist“.

Óglöggur (l) A. Almenn: Ekki viss; þekkir ekki. „Á þessum slóðum er ég fremur óglöggur á landamerkjum“. B. Um sauðfé: Ekki fjárglöggur; þekkir ekki sundur einstaklinga í fjárhópi. „Ósköp ertu nú óglöggur“!

Ógn (n, kvk) A. Hætta; yfirvofandi hörmung/slys. „Ég hreinsaði laust grjót úr brúninni, sem sigara gæti stafað ógn af“. B. Áhersluorð. „Henni þótti steinninn ógn fallegur“. „Manni þykir ógn vænt um sína fjölskyldu“.

Ógna (s) Hóta; láta hættu/illindi í veðri vaka. „Sandfok hefur löngum ógnað byggð á Láganúpi“. „Mér ógnar dálítið að leggja af stað í svona veðri“.

Ógnarafi / Ógnarkraftur (n, hk/kk) Gríðarlegt afl; fírna kraftur. „Maður á erfitt með að ímynda sér þá ógnarkrafta brimsins sem kastað hafa þessu bjargi hér upp“.

Ógnarfjöldi (n, kk) *Firn; akur; býsn; mygrútur*. „Slíkan ógnarfjöldi af fólki sagðist hann aldrei hafa séð“.

Ógnarmargt (l) Mýmargt; fjölmargt; aragrúi. „Við verðum að fara að setja eitthvað útaf af fénu; það er ekki hægt að hafa svona ógnarmargt á túninu um langan tíma“.

Ógnarkuldi (n, kk) *Fimbulfrost; helkuldi*. „Þessi ógnarkuldi hélst langt fram í Góu“.

Ógnarlengi (ao) Mjög lengi; heila eilífð. „Manni fanst tíminn ógnarlengi að líða á aðfangadag“.

Ógnarlæti (n, hk, fto) Fyrirgangur; brambolt; hávaði. „Ógnarlæti eru nú í ykkur strákar“!

Ógnarmikill (l) Heilmikill; mjög mikill. „Það er ógnarmikið bjarg á miðjum vegi á Fjörunum“.

Ógnarmyrkur (n, hk) Svartamyrcur; niðadimma. „Maður gerir ekkert af viti í þessu ógnarmyrkri“.

Ógnarraust (n, kvk) Mjög sterk/kraftmikil rödd. „Takiði nú rösklega á áraspýtunum“, öskraði hann með ógnarraust um leið og hann ýtti frá og vatt sér uppí bátinn“.

Ógnarskepna (n, kk) Mikil/stór/ógnarleg skepna. „Þetta skeljaskrímsli var ógnarskepna; ég er handviss um að það var á stærð við mókofann“!

Ógnarsmár (l) Pínulítill; agnarsmár. „Merkilegt er hvað svona ógnarsmár ungahnoðri getur hlaupið hratt“.

Ógnarstór (l) Hrikastór; gríðarmikill. „Þetta er ógnarstór isjaki sem þarna er að koma fyrir Blakkinn“.

Ógnarþungi (n, kk) Heljarþungi; mikið farg. „Brimskafllinn skall í bergið með ógnarþunga“.

Ógnvaldur (n, kk) Sá sem veldur ótta; skelfir; hrellir. „Hafisinn gat orðið ógnvaldur fyrir á tímum; þegar tók fyrir fjörubeit; jarðbönn voru í haga og ekkert nema fellir framundan“.

Ógoldinn (l) Ógreiddur. „Mér finnst enn vera ógoldin skuld mín við þau gæðahjón“.

Ógóður (l) Slæmur; vondur. „Heldur fannst mér sullið ógott til drykkjar“.

Ógreiðfær (l) Ekki greiðfær/ vel fær. „Leiðin niður Flosagjá var þá orðin ógreiðfær hestum“.

Ógreiði (n, kk) Óleikur; skráveifa. „Þú gerðir mér ógreiða með því að taka hnífinn“.

Ógreiðlega (ao) Ekki greiðlega/vel. „Heldur gekk honum ógreiðlega að fíkra sig niður til okkar“.

Ógreiður (l) Ekki greiður/greiðfær. „Þarna er fremur ógreið leið yfir urðina“.

Ógreiðvikinn (l) Ekki hjálpsamur/greiðvikinn. „Ekki er ég svo ógreiðvikinn að ég geti ekki tekið pakkann“.

Ógreiðvikni (n, kvk) Óliðlegheit; skortur á hjálpsemi. „Þetta finnst mér ógreiðvikni af honum“.

Ógreindarlega (ao) Ekki gáfulega; heimskulega. „Þetta fannst mér ógreindarlega orðað af menntamanni“!

Ógreindur (l) Heimskur; treggáfaður. „Hann er ekki ógreindur plturinn; og röskur til vinnu“.

Ógreinilega (ao) Óljóst; ekki glögglega. „Ég sá þetta fremur ógreinilega, en þóttist samt nokkuð viss“.

Ógreinilegur (l) Ekki greinilegur/skýr. „Gatan er ógreinileg þarna á holtunum, en vörður standa enn“.

Ógrynni (n, hk, fto) *Fæla*; *gomma*; gríðarlegur fjöldi. „Þvílíkt ógrynni af ígulkerjum hef ég ekki séð áður í einum netstubba“.

Óguðlega (ao) Ekki kristilega; léttúðlega. „Talaðu ekki svona óguðlega, blessað barn“!

Óguðlegur / Ókristilegur (l) Óhæfilegur; óviðeigandi. „Hver skyldi vera að hringja á svona óguðlegum tíma“.
„Það er nú varla kristilegt að setja svona þungt hláss á heivagninn“.

Ógurlega (ao) Gríðarlega; fírna; óhemju. „Nautið bölvaði ógurlega þegar ég nálgadist það“.

Ógurlegur (l) Ógnandi; gríðarlegur; afskaplegur. „Þarna er ógurlegur bratti og ófært bæði mönnum og fé“.

Ógæfa (n, kvk) Ólán; óheppni. „Hann varð fyrir þeirri ógæfu að missa konu sína“.

Ógæft (l) Gefst ekki; gefur ekki á sjó. „Þegar veður er ógæft (í Kollsvíkurveru) gengur ei nema eitt skip af hvörs bónda hendi, og fleyta þá hvörju því hásetar allir af bátunum“ (AM/PV Jarðabók).

Ógæftadagar / Ógæftakafli (n, kk/fto) Dagar/tími þegar ekki gefur til sjósóknar. „Þetta fer að verða ansi langur ógæftakafli. Það er hætt við að fiskur geti *lagst frá* í þessari ylgju“.

Ógæftasamt (l) Tíðar landlegur vegna veðurs eða sjólags. „Heldur hefur verið ógæftasamt það sem af er“.

Ógæftatið (n, kvk) Tímabil sem ekki gefur á sjó; landlega. „Það hefur verið samfelld ógæftatið í þrjár vikur“.

Ógæftir (n, kvk, fto) Óveðurskafli; ekki sjóveður. „Á sjó gat hann ekki flutt hvalinn vegna ógæfta, en vildi fyrir hvern mun ná honum sem fyrst heim til sín“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Ógæfulega (l) Illa; ófarsællega. „Mér list ógæfulega á að við náum þessum móðurlausu lömbum með heim“.

Ógæfulegur (l) Um mat á manneskju/hlut/fyrirbæri/verklagi; óheppilegur; getulítill; árangurslítill. „Heldur list mér hann ógæfulegur sem smalamaður“. „Mér fannst þetta ógæfulegar aðferðir til að setja bát“.

Ógæfumaður (n, kk) Ólánsmaður; maður sem lent hefur í vandamálum/ógæfu eða framið glæp.

Ógæfumerki (n, hk) Slæmur fyrirboði. „Það eru ýmis ógæfumerki á lofti fyrir þessari ríkisstjórn“.

Ógæfusamlega (ao) Ekki gæfulega/heppilega; ólánlega. „Svo ógæfusamlega vildi til að hann missti stýrið“.

Ógæfusamur (l) Ólánsamur; óheppinn. „Ég vorkenni þeim sem eru svo ógæfusamir að búa alla ævi í borgarskítum og *komast aldrei á græn grös*“.

- Ógætílega** (ao) *Gáleysislega*; óvarlega. „Farðu ekki svona ógætílega með hnífinn!“ „Mér finnst hann fara frekar ógætílega þarna í *þræðingnum*“.
- Ógætinn** (l) Óvarkár. „Hann var fremur ógætinn í peningamálum og *hélst illa á fé*“.
- Ógætni** (n, kvk) Flumbrugangur; yfirsjón; óvarkárni. „Þarna var einungis um að kenna ógætni minni“.
- Ógætt** (l) Ekki búið að gá/athuga/skoða. „Það er enn ógætt í flestið hér fyrir utan“.
- Ógöngur** (n, kvk) A. Svelti; sjálfhelda. „Nú verður vart fjár í ógöngum; og er þeim þá skylt er sér að tilkynna það oddvita...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). B. Afleidd merking; hverskyns vandræði.
- Óhafandi** (l) Ómögulegur; óhæfur; ópolandi. „Þetta fyrirkomulag er algjörlega óhafandi“.
- Óhaganlega** (ao) Ekki af lagni/verkhyggju. „Skelfing er þessu óhaganlega fyrirkomið“!
- Óhaggað** (l) Sem ekki hreyfist/bifast. „Hans verk á þessu sviði munu standa óhöggðu um alla framtíð“.
- Óhagganlegur / Óhræranlegur** (l) Án þess að hvíka/bifast. „Brotið náði okkur og braut á skutnum og baki formannsins; en það var eins og bátnum væri skotið áfram. Þannig sat hann í brotinu, óhagganlegur, þar til stóð; þá kom mikill sjór inn“ (BJ; Brimlending í Kollsvík).
- Óhagkvæmt / Óhagstætt** (l) Ekki hagstætt/arðbært; borgar sig ekki. „Búskapur á þessum stað var orðinn óhagkvæmur“.
- Óhagræði** (n, hk) Umhendis; sem ekki er sparnaður að. „Þeim þótti óhagræði að því að fara þennan krók“.
- Óhaltur** (l) Ekki haltur; *stingur* ekki við *fæti*. „Ég er farinn að geta gengið óhaltur og staflaus“.
- Óhappafleyta** (n, kvk) Ekki lánsamur bátur. „Títanik átti ekki að geta sokkið, en reyndist mesta óhappafleyta“.
- Óhappagat** (n, hk) Slysagat. „Ef óhappagat kom á brók var gert við á þann hátt að smíðaður var tappi með rauf í röndunum. Honum smeyft í gatið; svo vafið utanum raufina með finu bandi. Það var kallað að tappa brókina“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).
- Óhappagemlingur / Óhappagemsi** (n, kk) Sá sem er mjög óheppinn; hrakfallabálgur. „Varstu að flumbra þig aftur? Skelfingar óhappagemsi geturðu verið, greyið mitt“!
- Óhappalítið** (l) Með litlum áföllum/óhöppum/slysum. „Að öðru leyti gekk ferðin óhappalítið“.
- Óhappatilvik** (n, hk) Óheppni; ólán. „Þetta verður að teljast óhappatilvik, sem engum er um að kenna“.
- Óharðnaður unglíngur** (orðtak) Ungmenni sem ekki er fært um öll verk fullorðinna. „Hann fer ekkert með í svona *slarkferð*; þetta er bara óharðnaður unglíngur ennþá“.
- Óháður** (l) Ekki bundinn af; óskuldbundinn. „Við fáum einhvern óháðan til að skera úr um þetta“.
- Óheflaður** (l) A. Um við/fjöl/veg; ekki búið að hefja; ósléttur. B. Líkingamál um mann; ruddalegur; ókurteis.
- Óheftur** (l) A. Um kind/kú/hest; ekki bundinn með hafti. „Þessi kýr er svo spök að það má alveg mjólka hana óhefta“. B. Um mann, náttúruafl eða fleira; lausbeislað; villt. „Hún var alveg óheft í sinni listsköpun“.
- Óheilindamaður** (n, kk) Lygari; svikari; sá sem blekkir. „Hann hefur ekki verið talinn óheilindamaður“.
- Óheilindi** (n, hk, fto) Undirferli; lygar; fláræði. „ég kann ekki að meta svona óheilindi“!
- Óheillaákvörðun / Óheillarád / Óheillaskref / Óheillaspor / Óheillaverk** (n, hk) Óráð; ekki góð ráðstöfun/aðgerð. Þetta reyndist óheillaákvörðun, og afdrifarík“. „Það var óheillarád að loka *Þræðingnum*“.
„Ég held að það hafi verið óheillaskref fyrir byggð í Rauðasandshreppi að sameina hann öðrum hreppum“.
- Óheillakráka** (n, kvk) Lánlítill maður; slæmur fyrirboði. „Ekki list mér vel á nýja hásetann. Gæti trúað að hann verði okkur óheillakráka“.
- Óheillamerki** (n, hk) Slæmur fyrirboði. „Það er nokkuð óheillamerki að hvergi sér fugl á sjónum“.
- Óheillasending** (n, kvk) Ekki góður fengur. „Mér finnst að þessi sýslumannsnefna sé árans óheillasending“.
- Óheillavænlegur** (l) Ekki líklegur til að leiða til góðs. „Mér finnst þetta óheillavænleg þróun“.
- Óheilmæmur / Óhollur** (l) Ekki góður fyrir heilsu. „Heldur er það óheilmæmt þetta déskotans reykjarkóf“!
- Óheimskur** (l) Ekki heimskur; frekar gáfaður. „Hann er óheimskur þó sérvitur sé“.
- Óheimt** (l) Um fé sem ekki er heimt/ekki er komið af fjalli. „Áttu mikið enn óheimt“?
- Óhemja** (n, kvk) A. Það sem erfitt er að hemja/ hafa stjórn á. „Kerlingin lét eins og óhemja við karlinn þegar hún komst að því að hann hafði fengið sér neðan í því“. B. Mjög mikið; ósköp; ógengd. „Þarna var óhemja af ígulkerjum, en fjandann engin grásleppuveiði“.
- Óhemjugangur / Óhemjuskapur** (n, kk) Fyrirgangur; læti. „Skárri er það nú óhemjugangurinn! Ætlið þið að æra mig“? „Maður var nú bara hálf hræddur við óhemjuskapinn í kerlingunni“!

Óhemjumikill / Óhemjustór (l) Afar/mjög mikill/stór; gríðarmikill. „Það er óhemjumikill snjór í Kinninni“.

Óhemjusterkur (l) Gríðarsterkur; jötunn að burðum.

Óhentugur (l) Ekki hentugur/þéanlegur. „Þetta er fremur óhentugt ílát“.

Óheppilega (ao) Illa; slysalega. „Það vildi svo óheppilega til að réttarþilið gaf sig“.

Óhespuð (l) Um hurð; ekki lokuð með hespu. „Hurðin á syðsta karminum var óhespuð, en snöruð að innanverðu“.

Óheyrilega (ao) Gríðarlega; óhemju; afskaplega. „Þarna fékkst óheyrilega mikill afli fyrrum“.

Óheyrilegur (l) Gríðarlegur; afskaplegur. „Þetta er alveg óheyrilegur klaufaskapur“!

Óheyrt (l) Hefur ekki heyrst fyrr; áður óþekkt; dæmalaust. „Svona nokkuð er alveg óheyrt“!

Óhikað (l) Án hiks/vafa. „Þetta get ég óhikað fullyrt“.

Óhindraður (l) Án hindrunar. „Hann gleymdi að loka hliðinu svo féð gat óhindrað valsað í slægjuna“.

Óhirða (n, kvk) Reiðuleysi; hirðuleysi. „Þið eigid ekki að skilja amboðin eftir úti á túni í óhirðu“.

Óhirðandi (l) Um hey; ekki unnt að hirða í hlöðu. „Þetta er enn óhirðandi nema í súgþurrkun“.

Óhlaðinn (l) A. Um bát/bíl; ekki með hleðslu/þunga. B. Um byssu; ekki með virku skoti.

Óhlutdrægur (l) Hlutlaus; dregur ekki taum annars/eins aðilans.

Óhlutrænn (l) Ekki hlutbundinn; óáþreifanlegur. „...og ekki heldur glápa út í loftið á eitthvað óhlutrænt, sem við vitum ekki hvað er“ (EG; Vakandi æska).

Óhnykkur (l) Um nagla/saum; ekki hnykkur/beygður eftir að hafa verið rekinn í gegnum efni. „Það er ekki undarlegt þó þakplatan hafi losnað; hér er allt óhnykk á langböndunum“.

Óhnýttur (l) Ekki hnýttur/bundinn. „Þú gengur ekki langt á óhnýttum skónum“.

Óhollusta (n, kvk) Það sem er óhollt/óheilmæmt. „Vertu nú ekki að setja þessa óhollustu í nefið á þér“!

Óhóf / Óhófsemi (n, hk) Vellystingar; eyðsla umfram þarfir. „Ég kann ekki að meta svona óhóf“.

Óhóflegur (l) Í óhófi. „Hann lét biða eftir sér í óhóflegan tíma“.

Óhóflifnaður / Óhóflif (n, kk/hk) Lifað í óhófi/umframneyslu. „Þeir endast stutt á svona stað sem vanir eru óhóflifnaði í borgunum“.

Óhófsmaður (n, kk) Maður sem stundar einhverskonar óhóf. „Hann var óhófsmaður á vín og tóbak“.

Óhólfaður (l) Óskiptur; ekki stúkaður í sundur. „En uppi (á Lambavatni) var baðstofa, nokkuð rúmgóð; óhólfað sundur...“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Óhrakinn (l) A. Um manneskju/skepnu; ekki illa farin af útiveru/hrakningum. „Hann var þreyttur eftir gönguna, en óhrakinn og jafnaði sig fljótt“. B. Um hey; ekki veðrað svo að orka hafi tapast. „Galtarnir höfðu varið sig vel, svo heyið var alveg óhrakið“. C. Um fullyrðingu/kenningu; ekki afsönnuð.

Óhraustur / Óhress (l) Ekki hraustur/frískur. „ég hef verið fremur óhraustur síðustu dagana“.

Óhreinka (s) *Skíta út*; saurga. „Passiði að óhreinka ekki fötin ykkar áður en við förum í kirkjuna“.

Óhreinlyndi / Óhreinskilni (n, hk) Undirferli; *ófrómheit*; fals. „Mér líkar illa svona óhreinlyndi hjá fólki“.

Óhreinlyndur / Óhreinskilinn (l) Undirförrull; ófrómur; ekki traustur.

Óhrjálegur (l) Illa útlítandi; í slæmu ástandi. „Billinn er orðinn býsna óhrjálegur“.

Óhreint (l) A. Skítugt; sölugt; óþrifalegt. B. Reimt; með draugagangi. „Þar eru tveir balar með lægð á milli; var það nefnt Djöflapúfur. Þar var margt óhreint á ferðinni“ (Ók.höf; Örn.skrá Króks á Rauðasandi). „Ó, já já, hugsa ég; það er þá eitthvað óhreint hér; það er nú líklega betra að verða ekki á vegi þess“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar). „Átti hann að hafa grunað að eitthvað óhreint lægi á bakvið, og öruggast væri að eiga ekki neitt á hættu með því að hafa sauðinn til matar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Óhrekjandi / Óhrekjanlegt (l) Sem ekki er auðvelt/unnt að hrekja. „Þetta er óhrekjandi staðreynd“!

Óhrekkvís (l) Sem ekki hrekkir; hrekklaus. „Hann var heinlyndur og óhrekkvís“.

Óhreyfanlegur (l) Sem ekki hreyfist/ er unnt að hreyfa. „Það eru fá björg óhreyfanleg ef rétt er að farið“.

Óhreyfður (l) Ekki hreyfður/raskaður. „Það er varasamt að róta mikið í bæjarhólum sem staðið hafa óhreyfðir frá landnámstíð, líkt og líklega er bæði á Laganúpi og í Kollsvík“.

Óhrjálegur (l) Ótérlegur; hrörlegur; illa útlítandi; skítugur; *ósjálegur*. „Skelfing ertu orðinn óhrjálegur í taunin drengur; farðu nú og skiptu minnsta kosti um buxur“! (Sjá hrjálegur)

- Óhroði** (n, kk) A. Skítur; óþrif. „Netin eru full af óhroða eftir vestanveltinginn“. B. Slæmt umtal; nið; slúður. „Það er erfitt að verjast svona óhroða, sem enginn vill kannast við“.
- Óhróður** (n, kk) Slúður/lygar/áburður um manneskju. „Ég er lítið í að bera út svona óhróður um aðra“.
- Óhræddur** (l) Ekki hræddur/smeykur. „Hann gekk óhræddur að nautinu og greip í miðnesið“.
- Óhrærður** (l) Um skyr; ekki *úthært*/mjólkurblandað. „Hér er eitthvað af óhrærðu skyri“.
- Óhræsi** (n, hk) A. Skrýmsli; óvættur; ótukt; ribbaldi. „Hún lét eins og bölvæð óhræsi við karlkvikindið“! B. Gæluorð um dýr. „Krummi er að kroppa í beinið. Ég held honum sé ekki ofgott af því, óhræsinu atarna“.
- Óhræsisanginn / Óhræsisgarmurinn / Óhræsisgrevið / Óhræsisetrið / Óhræsisöttrið / Óhræsisgarmurinn** (n, m.gr.) Gæluorð í vorkunnartón um þann (mann/skepnu) á bágt og e.t.v. hefur orðið eitthvað á. „Hann gat nú ekki vitað það óhræsisetrið að þú ættir þennan kökubita; hann var nú bara að hreinsa af borðinu“!
- Óhuggandi** (l) Svo niðurdreginn/sorgbitinn að erfitt er að hugga/hughreysta. „Hann er alveg óhuggandi yfir að hafa tapað vasahnífnum“.
- Óhugnaður** (n, kk) Viðbjóður; voðaverk; það sem vekur óhug/ógn/skelfingu.
- Óhugnanlegur** (l) Ógnvænlegur; uggvænlegur; illilegur; skelfilegur.
- Óhugsað** (l) Sem ekki hefur verið ígrundað/ hugsað til hlítar. „Ég sló þessu fram, svona óhugsað“.
- Óhugsandi / Óhugsanlegt** (l) Sem ekki/varla er unnt að hugsa/ímynda sér. „Það er óhugsandi að fé sé mikið uppi eftir að komið er svona framá vetur og skafið í lautir“.
- Óhugur** (n, kk) Ótti; viðbjóður; óróleiki. „Það setur hálfgerðan óhug að manni við svona frétt“.
- Óhultur** (l) Úr hættu; öruggur. „Við vorum óhultur þarna í skútanum, fyrir grjóthruni úr bjarginu“. Ekki er á hreinu með upprunaskýringu orðsins, og hugsanlega hefur ritun þess eða merking breyst í aldanna rás. „Hultur“ merkir í raun það sama; þ.e. að vera öruggur með því að hyljast/ fara huldu höfði. „Ó“ið í forskeytinu hefur því e.t.v. verið „æ“ til áhersluauka eða að „óhultur“ hefur upphaflega merkt að geta hvergi dulist, t.d. fyrir hættu af óvinum. Hinsvegar má einnig benda á að forskeytið „ó“ er stundum notað til áhersluauka í í öðrum orðum, s.s. „hljóð“ og „óhljóð“; „læti“ og „ólæti“.
- Óhvikull** (l) Sem ekki hvíkar/ breytir um afstöðu/skoðun. „Hann var alveg óhvikull í þessu máli“.
- Óhýr** (l) Óhress; ekki hrifinn. „Ég var fremur óhýr með þessa ákvörðun“. „Þetta var *litið óhýru auga*“.
- Óhýstur** (l) Ekki búið að hýsa/ taka á hús. „Það gengur ekki að hrútar séu óhýstir á þessum árstíma“!
- Óhæfa** (n, kvk) A. Það sem alls ekki þykir við hæfi. „Svona óhæfu fremja menn ekki með fullu ráði“. B. Mjög mikið magn; ósköp. „Ég hef sjáldan séð slíka óhæfu af eggjum á einum stalli“.
- Óhæfilega** (l) Óhemju; óskaplega; of. „Hann setti óhæfilega mikið í kerruna og auðvitað brotnaði fjöðrin“.
- Óhæfuverk** (n, hk) Glæpur; óhæfa; verknaður sem ekki þykir við hæfi. „Það var óhæfuverk að ganga á bæjarhólinn með jarðýtu“!
- Óhægð** (n, kvk) Óþægindi; *óhagræði*. „Við náðum að bjarga trénu, en *sandrokið* var okkur til óhægðar“.
- Óhægt er að gera við ákveðnu** (orðatiltæki) Forn speki sem vísar í *örlagatru* í heiðni. Mönnum eru ásköpuð *forlög/örlög* af skapanornum sem ekki verður breytt. Í Kollsvík heyrðist afleitt orðtak; *óhægt við að gera*.
- Óhægt við því að gera** (orðtak) Ekki gott að ráða bót á því; ekki unnt að stöðva/bæta úr. Sjá orðatiltækið *óhægt er að gera við ákveðnu*. „Víst er það hundleiðinlegt að fara í það ljúfurinn, en það er óhægt við því að gera“.
- Óhægur** (l) Ekki auðveldur; erfiður. „Björgun var óhæg, því straumur var mikill og bára töluverð, en skip Ólafs hlaðið af fiski“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Láttramanna).
- Óhægt um vik** (orðtak) Erfitt; snúið. „Ég á fremur óhægt um vik með þetta núna“.
- Óhætt** (ao) Í lagi; án hættu. „Það er óhætt að fara að hleypa fénu út núna; hann er að birta alveg upp“.
- Óhönduglega** (ao) Klaufalega; *ankanalega*. „Honum fórst þetta fremur óhönduglega“.
- Óhönduglegur** (l) Illa heppnaður; illa gerður. „Kofinn varð frekar óhöndugleg smíði“.
- Óhöndugur** (l) Klaufalegur; ólaginn. „Ári ertu eitthvað óhöndugur við þetta; hana, ég skal sýna þér“!
- Óinnbundin** (l) Um bók; ekki bundin inn í harðspjöld. Almenn notað áður en fundið var upp orðið „kilja“.
- Óinnfærð** (l) Um kind; ekki búið að skrá í *ærbók*. „Surtla er enn óinnfærð; hún fékk með Óðni í gær“.
- Óinnkomið** (l) Ekki komið inn. „Við afskrifum þau félagsgjöld sem enn eru óinnkomin eftir þrjú ár“.
- Óígrundað** (l) Ekki vandlega íhugað/hugsað; óathugað. „Ég sló þessu fram, svona alveg óígrundað“.

- Ójafn** (l) A. Ekki eins; ólíkur. „Mér fannst fremur ójafnt skipt“. B. Óslétt; hrufótt; með *ójöfnum*. „Vegurinn er ári ójafn þar sem vatn rann á honum í sniðinu“.
- Ójafna** (n, kvk) Mishæð; hnúskur; það sem stendur uppúr. „Þetta er rennislétt; hvergi ójafna á“.
- Ójafnaðarmaður** (n, kk) Ófriðsamur maður; ribbaldi; skáلكur.
- Ójá** (uh) Upphrópun/andsvar með mismunandi meiningu eftir tóntegund og áherslu atkvæða.
- Ójú** (uh) Upphrópun/andsvar oftast samþykki við því sem viðmælandi á undan hefur sagt/spurt og oftast þá með viðbót á eftir. Fer eftir tóntegund, áherslum og samhengi, hvaða skapbrigðum orðinu er ætlað að lýsa.
- Ójöfnuður** (n, kk) Óréttlæti; yfirgangur; undirokun.
- Ókalinn** (l) Ekki kalinn/frostskemmdur á útlimum. „Hann var orðinn alveg dofinn en þó ókalinn“.
- Ókalkaður** (l) Ekki elliaer/farinn að tapa minni. „Alveg er hann ókalkaður ennþá, karlinn“.
- Ókannað** (l) Ekki skoðað/athugað/kannað. „Þetta svæði er alveg ókannað enn“.
- Ókarað** (l) A. Eiginleg merking; um lamb; ekki karað/sleikt af móðurinni. B. Líkingamál; óklárað.
- Ókaup** (n, hk, fto) Slæm kaup/viðskipti. „Þessi bílaviðskipti voru líklega mín mestu ókaup um ævina“.
- Ókaupandi** (l) Ekki hægt/ráðlegt að kaupa; oftast vegna verðs. „Tóbakið er orðið alveg ókaupandi“!
- Ókátur** (l) Vansæll; fúll; reiður. „Hann var fremur ókátur með þessa niðurstöðu“.
- Ókeimur** (n, kk) *Óbragð*; vont bragð. „Það er einhver árans ókeimur af þessum bita“.
- Ókenndur** (l) A. Óþekktur; sem ekki hafa verið borin kennsl á. B. Ófullur; ekki ölvaður/kenndur.
- Ókennilegur** (l) Óþekktanlegur; illþekktanlegur. „Þarna er einhver ókennilegur bíll niðri á beygju“.
- Ókeypís** (l) frítt; án þess að greiða fyrir. „Hris og lyng máttu menn fá ókeypis“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Ókind** (n, kvk) Skrýmsli; óvættur; þjóðsagnavera. „Guðmundur góði safnaði ókindunum á einn stað“.
- Ókíttaður** (l) Ekki þétt/fest með kíttri. „Ein rúðan í fjárhúsinu var ókíttað og skrölti í vindinum“.
- Ókjör** (n, hk) Griðarlegt magn; fæla; aragrúi. „Það er óþarfi að setja þessi ókjör af sykri á pönnukökuna“. E.t.v. komið af „ógjör“ sem ritdæmi eru um. Merking gæti þá verið „meira en vel er gerlegt“.
- Óklár** (l) A. Um mann; óviðbúinn; ekki tilbúinn. „Bíðið aðeins; sigarinn er óklár enn“. B. Um mann; ekki viss; þekkir ekki til. „Ég er óklár á miðunum á þessum slóðum“. C. Um band/vað/net/línu o.fl.; ekki greiður; ekki með réttu lagi. „Hver gerði þetta eiginlega upp? Hönkin er öll óklár“! „Það þarf að vanda sig við lagninguna; netið veiðir lítið ef það fer óklárt í sjóinn“!
- Óklárað** (l) Ekki lokið. „Verkið er enn óklárað“.
- Óklárast** (s) Um veiðarfæri/vað/línu; hlekkjast á, flækjast. „Nú ókláraðist netið eitthvað í lagningunni. Við þurfum að draga flækjuna inn aftur“. „Ég kastaði vaðnum niður en hann ókláraðist og náði ekki alla leið“.
- Ókleyft** (l) Ómögulegt; ógerlegt. „Vegna stöðugs grjóthruns reyndist ókleyft að halda girðingunni á Urðarhrygg *fjárheldri*“ (HÖ; Fjaran).
- Óklökkur** (l) Ekki með klökkva í röddinni. „Maður getur varla rætt þetta óklökkur“.
- Óknyttaormur** (n, kk) Hrekkjalómur; strákur sem *skammað* hefur *sig upp*; óþekktarangi. „Hvar eru þessir bévítans óknyttaormar“?!
- Óknyttur** (n, kk, fto) Hrekkur; óþverraskapur; kvikindisskapur. „Ekki var öll tómsundaiðja vermannanna í Kollsvíkurveri í ungmennafélagsandanum, og sögur hafa farið af óknyttum sem vart eru prenthæfir“.
- Ókominn** (l) Ekki kominn; vantar enn. „Svo fór að skyggja og enn var hún ókomin“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Ókostur** (n, kk) Galli; neikvæðir eiginleikar. „...mikið var af drápsdýjum í Láganúpsmýrunum. Það er tekið fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem mikill ókostur á jörðinni. Um sauðburðinn þurftum við að fara annan hvern dag út í Breiðavík, en þar gekk mikið af okkar fé. Nokkur ókostur var hve féð leitaði mikið í kletta; sérstaklega þegar snemma var sleppt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Ókristilega þenkjandi** (orðtak) Um þann sem ekki þótti sýna næga guðrækni í orðum og/eda athöfnum meðan trúarhiti var enn merkjanlegur hjá Íslendingum. Skammaryrðið hefur eflaust átt við marga Kollsvíkinga, enda var þeim brýnna að sinna raunsæi og brauðstriti við sínar aðstæður en *guðsorðastagli*.
- Ókristilegt athæfi** (orðtak) Ekki siðlegt/ við hæfi að gera. Ekki alltaf bundið trúarlegum efnum. „Er það ekki ókristilegt athæfi að fá sér snafs á þessum tíma dags“?
- Ókristilegt orðbragð** (orðtak) Orðalag sem guðhræddu fólki ofbauð. Sumum Kollvíkingum er gjarnt að grípa til sterkra áhersluorða þegar mikið lá við og uppskera þá stundum *umvandanir* þeirra sem hófstiltari eru.

Ókristilegur tími (orðtak) Óvenjulegur/óboðlegur/slæmur tími. „Það er komið framyfir miðnætti. Hver skyldi vera að hringja á svona ókristilegum tíma“?

Ókræsilegt (l) Ólystugt; fráhrindandi. „Ósköp finnst mér þetta ókræsilegur matur“. Veðrið er orðið dálítið ókræsilegt“.

Ókræsinn (l) Ekki vandlátur/fyrirtektasamur. „Hann var alveg ókræsinn á það þó egginn væru farin að unga“.

Ókunnandi (l) Ekki kunnandi; þekki ekki til; fávís. „Ég er alveg ókunnandi í þessum fræðum“.

Ókunnuglega (ao) Ekki kunnuglega; framandi. „Þetta hljómar ekki ókunnuglega í mínum eyrum“.

Ókunnugleiki (n, kk) Vanþekking; fákunnátta. „Ég verð að játa ókunnugleika minn á þessum slóðum“.

Ókunnugt fé (orðtak) Aðkomufé; fé sem ekki er af viðkomandi bæ. „Ókunnugt fé sem kom í réttina var látið í hús; það var svo rekið til réttar á mánudegi“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Ókunnur / Ókunnugur (l) Þekkir ekki til; hefur ekki þekkingu á. „En þeir voru alls ókunnir brimlendingunni í Kollsvík og öðrum Útvíkum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Ókurteis (l) Ekki kurteis/siðaður/tillitssamur; sýnir ókurteisi. „Mér fannst hann bara ókurteis“!

Ókurteisi (n, kvk) Tillitsleysi; skortur á mannsiðum. „Ég kann fremur illa við svona ókurteisi“.

Ókvíðinn (l) Ekki kvíðinn/áhyggjufullur. „Ég er alveg ókvíðinn yfir því“.

Ókvæða (l) Orðlaus. „Hann varð ókvæða við þegar hann heyrði fréttina“. „Ég brást ókvæða við“.

Ókvæðisorð (n, hk, fto) Köpuryrði; skammir; uppnefni. „Hann var varla kominn í kallfæri þegar hann helli ókvæðisorðum yfir þá“.

Ókvæntur (l) Ógiftur.

Ókærinn (l) Kærulaus; hirðulaus; hugsunarlaus. „Mér þykir hann alltof ókærinn um námið“. Orðið var og er talsvert notað í Kollsvík, en heyrir lítið almennt.

Ókyrr (l) A. Órólegur; iðandi. „Ansi er kýrin ókyrr meðan hún er mjólkuð; gæti hún verið að fá júgurólgu“? B. Um sjólag; ylgja; ófriður; nokkur sjór. „Hann gæi verið ókyrr hér utar við landið“.

Ókyrrast (s) A. Verða órór; sýna fararsnið. „Hann er farinn að ókyrrast og vill komast af stað“. B. Auka sjó. „... Þó reri hann hið þriðja sinn, því lygnði, en þegar hljóp á útnyrðingur með ylgju mikili og ókyrrðist mjög sjór við það, svo illlendandi var“ (TÓ, frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi).

Ókyrrð (n, kvk) A. Óróleiki í mönnum/skepnunum. „Það er bölvuð ókyrrð á fenu; það heldur sér illa til beitar“. B. Sjógangur; bára. „Mér sýnist vera heldur mikil ókyrrð til að leggja bátnum að hleininni núna“.

Ókænn (l) Ekki séður/gáfaður/fyrirhyggjusamur. „Mér fannst hann fremur ókænn í þessum viðskiptum“.

Ókærinn (l) Kærulaus; *hirðulaus*; *óvarkár*. „Skelfing geturðu verið ókærinn með flugbeittan ljáinn“.

Ókærni (n, kvk) Kæruleysi; fífliriska. „Ég teldi það bara ókærni að reyna að klífa klettana á þessum stað“.

Ókæti (n, kvk) Leiði; ami; þungt í skapi. „Mér finnst einhver ókæti hafa verið í honum síðustu dagana“.

Ól (n, kvk) A. Borði, oftast úr leðri fyrrum en nú oft úr gerviefnum. B. Taumur. „Um tíma var Láganúpsfæð flest í fjárhúsum á Melnum og þangað var hrútur leiddur daglega í ól meðan fengitími stóð“.

Óla (s) A. Binda með ól. B. Seila fisk upp á seilaról eða burðaról.

Óla fast / Óla niður (orðtök) Binda með ól. „Kassinn var ólaður niður á hvalbak bátsins“.

Ólafssúra (n, kvk) Oxyria digyna; súrblaðka; kálsúra; hrútablaðka; súrkál. Algeng jurtt af súruætt sem vanalega vex í sérstæðum hnúskum á skuggælum og rökum stöðum, þar sem beitar er ekki að vænta t.d. í klettum. Blöðin eru þykk og nýrnalaga; safarík og með mildum súrum keim. Jurtin er því bragðgóð og vinsæl til átu. Hún var notuð til matar og lækninga áður fyrr, t.d. gegn skyrbjúg. Blóm á stöngli eru græn, smá og mörg saman í klasa; fræin rauð. Mikið er af Ólafssúru í Kollsvík, t.d. í Hjöllum og Hnífaklettum.

Ólag / Ólagsalda / Ólagssjór (n, hk/kvk/kk) Brimalda við strönd; háskaleg við lendingu. „Eins og allir vita er ólagið þrjár búrur eða grunnskafar sem ganga hver eftir aðra á land, en síðan verður talsvert sléttari sjór á eftir“ (HE; Barðstrendingabók) Sú lýsing mun hafa átt við Breiðafjörð en um Kollsvík segir; „Ólagsöldurnar eru taldar 4-5 og í vaxandi brimi er ætíð styttra milli ólaga“ (JT Kollsvík; LK; Ísl.sjavarhættir III). „Ólagið nær þeim og bátnum hvolfir...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Nú gengu ólögin hærra en áður...“ (MG; Látrabjarg). „En þegar upp á Lægið (í Kollsvíkurveri) kom reið undir ólag af norðansjó og bátnum hvolfði“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Ólagaður (l) A. Um hlut; ekki búið að lagfæra; *ólagfærður*. B. Um kaffi; ekki búið að hella uppá.

Ólagasjór (n, kk) Sjólag þar sem hættu er á að ólög geti tekið sig upp.

- Ólagfærður** (l) Ekki búið að lagfæra; *ólagaður*. „Réttin er ónothæf meðan hún er enn ólagfærð“.
- Ólaghentur / Ólaginn / Ólagtækur** (l) Ekki laginn/*fingrafimur*; *klunni*; klaufi. „Heldur finnst mér hann ólaginn við þetta“. „Pilturinn er alls ekki ólagtækur“.
- Ólaglega** (ao) Ekki með góðu lagi; óhönduglega. „Honum fórst fremur ólaglega að leggja bátnum að“.
- Ólaglegur** (l) Ómyndarlegur; ljótur. „Þetta er alls ekki ólagleg stúlka“.
- Ólagsalda** (n, kvk) *Ólag*; stór og hættuleg brimalda í lendingu. „Á sumum stöðum er langt á milli *ólaga* og þá um *lagabrim* að ræða. Þótti betra að reyna lendingu á síðustu báru þess en öftustu ólagsöldu í *óðbærum* sjó. Þessi var reynsla víða um Vestfirði“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III).
- Ólarþöngull** (n, kk) Hrossapari; leggur hrossapara. Var nýttur til elduviðar þurrkaður áður fyrr.
- Ólaskaður** (l) Óbrotinn; óskemmdur. „Báturinn reyndist ólaskaður eftir áfallið“.
- Ólastaður** (l) Ekki lastaður/níddur/niðurlægður. „Að öðrum ólöstuðum er hann maður dagsins“.
- Ólastandi** (l) Sem ekki er lastað/niðurlægt/ gert lítið úr. „Svona framferði verður vart látið ólastandi!“
- Ólatur** (l) Duglegur; ósérhlífinn. „Strákurinn er ólatur, til dæmis við að reka úr túninu og halda á hrífu“.
- Ólán** (n, hk) A. Óheppni; ógæfa. „Hann varð fyrir því óláni að missa tvo slóða“. B. Slæmur/illa gerður hlutur. „Þessi hamar er bölvæð ólán; ég dauðsé eftir að hafa keypt hann“.
- Ólánast** (s) Mislánast; misheppnast. „Eitthvað hefur netalögnin ólánast hérna“.
- Ólanið ríður ekki við einteyming** (orðatiltæki) Líkingin er notuð um það þegar hvert óhappið virðist elta annað. Einteymingur er einfalt beisli á hesti; með einum taum og því erfitt til stjórnunar. Þarna er vísað til þess að óláninu sé beint rakleiðis gegnt manni.
- Ólánlega** (ao) Óhönduglega; illa; slysalega. „Það tókst svo ólánlega til að kýrin festist í skurðinum“.
- Ólánlegur** (l) Óheppilegur; ólögulegur; *óþéanlegur*. „Svo ólánlega tókst til að bátnum sló flötum í lendingunni“. „Peysuskraftin er verksmiðjuprjónuð og ólánleg í öllu sköpulagi“.
- Ólánsbuxur / Ólánspeysa / Ólánsstyrta / Ólánskör / Ólánsstígvél** (n, kvk) Fatnaður sem fer illa/ er óþægilegur/ passar ekki. „Mikið sé ég eftir að hafa keypt þessar ólánsbuxur; handa hvaða manntegund skyldi þetta vera framleitt“?! „Það er útilokað að vinna í þessari ólánsstyrtu; maður er eins og í spennitreyju“! „Skelfingar ólánsstígvél eru þetta! Þau eru níþröng um kálfann“.
- Ólánskepnna** (n, kvk) Húsdýr sem ekki gerir sitt gagn. „Þessi hrútkægill hefur verið hálfgerð ólánskepnna“.
- Ólánskinnið / Ólánsarmurinn / ÓlánsGREYIÐ** (n, m.gr) Gæluheiti um menn dýr í vorkunnartón. „Hann getur lítið að því gert ólánskinnið, þó hann kunni ekki að halda á hrífu; þeir læra það líklega ekki í háskólanum“!
- Ólánsveiðarfæri** (n, hk) Lélegt/afkastalítið veiðarfæri; veiðarfæri sem illa fiskast á/ spillir veiði. „Þó Kollsvíkingar á síðustu öld hafi staðið í þeirri meiningu að línuveiðar hafi hafist rétt fyrir þáliðin aldamót, benda ýmsar líkur til að á fyrri öldum hafi verið veitt með línu; þar sem annarsstaðar. hinsvegar hafi hún verið talin ólánsveiðarfæri þegar fiskgengd minnkaði, og menn helst viljað gleyma hennar tilveru“.
- Ólátangur** (n, kk) Ólæti; fyrirgangur, fíflagangur. „Hættiði nú þessum ólátangangi strákar“!
- Ólátaseggur** (n, kk) Óróaseggur; sá sem stendur fyrir ólátum/ er með ólæti.
- Ólátast** (s) Láta illa/órólega; vera með læti/fyrirgang; atast. „Hættið nú að ólátast svona með hundinn“!
- Ólegið** (l) Um egg; ekki orðið legið/ farið að stropa; nýrporið. „Þessi egg eru öll glæný og ólegin með öllu“.
- Óleiðitapur** (l) Ekki fylgispakur; lætur illa að stjórn; fer ekki að fyrirmælum.
- Óleikur** (n, kk) Hrekkur; bekkni. „Þú gerðir okkur árans óleik með því að gleyma aukasökkunum í landi“.
- Ólekja** (n, kvk) Nýtt skyr, ósíað. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Ólempinn** (l) Ekki lempinn/laginn; gengur illa að miðla málum/ höndla með hluti.
- Ólendandi** (ao) Ekki hægt, eða mjög hættulegt, að lenda vegna brims. „Þegar að lendingu er komið er brimið orðið mjög mikið, en ekki virtist þó ólendandi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ólafur Halldórsson frá Grundum taldi það með ólíkindum að menn væru undir Bjarginu þegar var ólendandi í Kollsvík“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík). „Við sáum fjölda manna koma hlaupandi niður í fjöruna. Áður höfðu þeir staðið uppvið búðir, því það er síður í verstöðvum vestra að fara ekki til sjávar þegar þeir telja ólendandi“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ólentur** (l) Ekki lentur; ekki kominn að landi.
- Ólesandi** (l) Ekki unnt að lesa; rugl; leiðinlegt. „Þessi þingtíðindi eru oftast alveg ólesandi“.

- Ólesinn** (l) A. Ekki búið að lesa; eftir að lesa. „Þetta moggapvaður fer oft ólesið í ruslið“. B. Illa lesinn; ekki búinn að *lesa sér til*. „Þú getur ekki farið ólesinn í skólann“.
- Óleyfi** (n, hk) Leyfisleysi; heimildarleysi. „Mér sýnist á sporunum að einhver hafi farið hér um í óleyfi“.
- Óleyfilegt** (l) Ekki leyfilegt. „Hann taldi sig ekki vera að gera neitt óleyfilegt með þessu“.
- Óleysandi / Óleysanlegur** (l) Ekki unnt að leysa. „Réttu mér sýslumanninn; þessi hnútur er algerlega óleysandi“! „Mér sýnist þessi mál vera komin í óleysanlegan hnút“.
- Ólétt** (l) Um konu; þunguð. Ekki notað um kvendýr.
- Óléttu** (n, kvk) Þungun; það að vera barnshafandi. „Það þýðir ekkert lengur hjá henni að reyna að klæða af sér óléttuna“.
- Ólga** (s) Um vökva; sjóða; bulla; hvirflast. „Vatn ólgaði þarna upp úr jörðinni í leysingunum“.
- Ólga** (n, kvk) A. Suða/iðumyndun/loftbólumyndun í vökva. B. Iðuköst/öldugangur í sjó. „Það er árans ólga þarna við hleinina“. C. Óróleiki í hópi manna. „NOkkur ólga er í mönnum vegna þessara verðhækkana“.
- Ólgra** (s) Ólga með loftbólum og tilheyrandi hljóðum. „Óskaplega ólgrar í maganum á mér núna; skyldi ég hafa farið óvarlega í nýja rúgbrauðið“. „Mér heyrir eitthvað ólgra í vatnslögninni“.
- Ólgra** (n, kvk) Ólga; það sem *ólgrar*. „Einhver árans ólgra er enn í vömbinni á mér“.
- Ólgusjór** (n, kk) Allmikill sjór/sjógangur; hverandi sjór. „Við lentum í bölvuðum ólgusjó í röstinni“.
- Óliðlega** (ao) Ekki með lagni/liðugheitum/mýkt/hjálpssemi. „Hann brást fremur óliðlega við þeirri bón“.
- Óliðlegheit** (n, hk, fto) Ástæðulaus tregða á aðstoð/hjálpssemi. „Það væru bara óliðlegheit ef við hjálpum ykkur ekki að setja bátinn“.
- Óliðlegur / Óliðugur** (l) A. Ekki liðugur; stirður í hreyfingum. „Fremur fannst mér þetta óliðlegar aðfarir“. B. Ekki hjálpsamur. „Ekki vil ég vera óliðlegur, en mér er þetta öldungis ókleyft á morgun“.
- Ólifað** (l) Eftir að lifa; ekki enn lifað. „Ætli maður verði ekki svona þrjóskur og þver það sem maður á eftir ólifað“.
- Ólifnaður** (n, kk) Slæmt/óholtt lífarni. „Svona ólifnaður lengir nú varla líf nokkurs manns“.
- Ólipur** (l) A. Ekki hjálpsamur; óliðugur að veita aðstoð. „Hann er ekki ólipur að hlaupa undir bagga ef með þarf, skarnið atarna“. B. Klaufalegur; stirður. „Heldur finnst mér hann ólipur sem bjargmaður“.
- Ólipurlega** (ao) Af lítilli lipurð; stirðlega. „Mér þykir þetta ekki ólipurlega kveðið, en af litlu viti“.
- Ólíðandi / Ólíðanlegt** (l) Ekki unnt að þola/líða/umbera. „Það er ólíðandi að hávær minnihluti ráðskist með félagið; það er bara með öllu ólíðanlegt“!
- Ólíft** (l) Ekki líft; ekki hægt að lifa. „Hættu nú þessum andskotans viðrekstrum! Það er að verða ólíft hér inni“! „Það verður að hafa rifu á fjárhúsdryrunum; það er annars ólíft hjá gemlingakvikindunum í þessum hita“.
- Ólífvænlegt** (l) Ekki lífvænlegt; ekki vænlegt til góðs lífs. „Nútímavæðing og mistök stjórnvalda hafa gert Kollsvíkina og fleiri staði ólífvænlega; a.m.k. eins og sakir standa“.
- Ólíkindabragur** (n, k) Yfirbragð lyga/ósennileika/ótrúlegheita. „Einhver ólíkindabragur fannst mér á þessari frásögn; mér er næst að halda að hann hafi logið þessu frá rötum“!
- Ólíkindafrásögn / Ólíkindasaga** (n, kvk) Ótrúleg frásögn/saga. „Mér fannst þetta hin mesta ólíkindafrásögn; svonalagað hefði aldrei getað gerst“.
- Ólíkindalæti** (n, hk) Yfirdrepsskapur; látalæti. „Það þýðir ekkert að vera með þessi ólíkindalæti, eins og ykkur komi þeta á óvart; ég veit að þið brutuð rúðuna“!
- Ólíkindaskepna** (n, kvk) Dýr sem erfitt er að reida sig á; skepna með óútreiknanlega hegðun. „Grásleppan hefur alltaf verið mesta ólíkindaskepna; maður veit aldrei hvenær hún gefur sig til“. „Það þaf mannskap til að handsama þá gráu í Lambahlíðinni; þetta er mesta ólíkindaskepna“.
- Ólíkindasvipur** (n, kk) Óræður svipur; „pókerfés“. „Maður veit ekkert hvað býr í svona ólíkindasvip“.
- Ólíkindi** (n, hk, fto) Ótrúlegheit; það sem er lygilegt/ótrúlegt. „Mér fannst það *með ólíkindum*“ að nokkur skepna hefði komist upp bjargið á þessum stað“.
- Ólíkindatól** (n, hk) Óútreiknanlegur; *viðsjárgripur*. „Hann gat verið mesta ólíkindatól“.
- Ólíklega** (ao) Ótrúlega; ósennilega. „Láttu mig vita ef svo ólíklega vill til að þú verður kindanna var“.
- Ólíklegur** (l) Ekki líklegur. „Mér finnst hann frekar ólíklegur sem hreppstjóraefni“. „Mér finnst það fremur ólíklegt, en ekki vil ég þó alveg *fortaka* það“.

Ólíkur (l) Ekki eins/líkur; frábrugðinn. „Þeir eru býsna ólíkir; bræðurnir“. „Það er ekki *alls ólíklegt* að féð leiti niður þegar kólnar svona í veðri“. „Mér finnst ólíkt skemmtilegra að vinna við þetta í þurru en í rigningu“.

Ólítill (l) Ekki lítill; allmikill; stór; drjúgur. „Það er ekki ólítið fóður sem þarf fyrir svona mikla *áhöfn*“!

Óljós (l) Óskýr; ekki greinilegur. „Ég sá þetta fremur óljóst í rökkrinu“. „Frásögnin var fremur óljós“.

Óljóslega (ao) Óljóst; ekki greinilega. „Hann sagði svo óljóslega frá atvikum að ég var litlu nær“.

Óljúft (l) Ekki þægilegt/gleðiefni/léttbært. „Mér er það afar óljúft að þurfa að slátra þessum hrút“.

Óljúgfróður (l) Sannsögull; trúverðugur. „Þetta fullyrðir sá óljúgfróði maður; efist svo hver sem vill“.

Ólmast (s) Láta illa/ófriðlega; hamast; slást. „Veriði nú ekki að ólmast hér inni strákar! Af hverju fariði ekki út í góðaveðrið“?

Ólmur (l) Ákafur; áfjádur; girugur; villtur. „Bragði snjöllu konan kná/ kann ei móti gætur./ Hana Rósi ofaná/ ólmur fallast lætur“ (JR; Rósarímur).

Ólmur fiskur (orðtak) Viljugur fiskur; *stendur á hverju járn*; fiskur hleypur strax á færi þegar í sjó kemur.

Ólofaður (l) A. Ekki frátekin; ekki búið að ánafna neinum. „Segir Össur strax að hann eigi eina búað ólofaða og allt sem henni fylgi; bæði reitur, hjallur og ruðningur aðgerðapláss eru við hvern læk“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri). B. Ekki trúlofaður/ á föstu. „Honum þótti merkilegt að svona kvenkostur skyldi vera ólofuð enn“.

Óloft (n, hk) Ólykt; óheilmæmt/þungt loft; skítalykt. „Bölvað óloft er nú hérna inni“!

Ólofthræddur (l) Ekki lofthræddur. „Það er mesta furða hvað hann er fær; og alveg ólofthræddur“.

Ólogið (l) Satt; ekki lygi. „Þetta er alveg ólogið hjá honum, þó svo sé ekki alltaf“.

Ólokið (l) Ekki lokið/búið. „Við eigum enn ýmsu ólokið áður en við hættum“.

Ólseigur (l) Mjög seigur/erfiður að tyggja. „Þetta kjöt er ólseigur andskoti; ég gæti alveg eins étið skósóla“!

Ólukka (n, kvk) Ólán; ógæfa. „Ólukka var að missa tvævetluna afvelta“!

Ólukkans (l) Mildasta útgáfa blótsyrðis; árans; fjárans. „Hvar lagði ég nú ólukkans gleraugun“? „Ólukkans vesen er þetta“!

Ólukkulega (ao) Óheppilega. „Þá vildi svo ólukkulega til að hnifurinn hrökk fyrir borð“.

Ólund (n, kvk) Fýla; slæmt skap. „Það er einhver ólund í honum núna vegna kosningaúrslitanna“. „Einhver bölvuð ólund er í ljósavélinni núna“.

Ólundarsvipur (n, kk) Fýlusvipur.

Ólundast (s) *Hafa á hornum sér*; illskast; agnúast. „Það þýðir vist lítið að ólundast yfir þessu“.

Ólúinn (l) Óþreyttur; úthvíldur. „Það er betra að halda áfram ólúnir við þetta á morgun“.

Ólyfjan (n, kvk) Slæmt meðal; óhollur drykkur; eitur. „Maður veit aldrei hvaða ólyfjan er í þessum flöskum sem rekur á fjörur“.

Ólyginn (l) Sannsögull; trúverðugur. „Hann þykir hvað ólygnastur af þeim bræðrum“.

Ólyginn sagði mér (orðtak) Samkvæmt öruggum heimildum; ég hef fyrir satt.

Ólykt (n, kvk) Slæm lykt; fýla; fnykur. „Bölvuð ólykt er nú af viðrekstrinum úr þér“!

Ólyst (n, kvk) Lystarleysi; átleysi. „Það er einhver ólyst í mér; bara hálfgerð *lumbra*, held ég“.

Ólystugur (l) A. Ekki girnilegur til átu; ógeðslegur. „Frekar er nú þetta ket orðið ólystugt“. B. Ekki með góða matarlyst. „Kýrin er eitthvað ólystugt eftir burðinn; hún gæti verið að fá súrdoða“.

Ólýsanlega (ao) Sem ekki er unnt að lýsa; óumræðilega. „Ég varð ólýsanlega feginn að sjá hann“.

Ólýsanlegur (l) Sem ekki er gott/unnt að lýsa. „Þetta var alveg ólýsanleg tilfinning“.

Ólæknandi / Ólæknalegur (l) Sem ekki er unnt að lækna. „Karlinn var haldinn ólæknandi stelsýki“.

Ólærður (l) Ekki menntaður. „Ég er ekki alveg ólærður í þessum fræðum, þó engin sé prófgráðan“.

Ólæs (l) Ekki lesandi; kann ekki að lesa.

Ólæsi (n, hk) Það að kunna ekki að lesa. „Ólæsi er óalgengt nú á tímum“.

Ólæsilegur (l) Sem ekki er unnt að lesa. „Þetta krot hans er ólæsilegt með öllu“!

Ólög (n, hk, fto) Óréttlát lög. „Standi þetta einhversstaðar á lögbók þá eru það bara andskotans ólög“!

Ólögfróður (l) Ekki kunnugur lögum. „Á þessu sviði er ég heldur ólögfróður“.

Ólöglega (ao) Ekki með lögformlegum/lögmætum hætti.

- Ólögulega** (ao) Ekki lögulega/laglega/reglulega. „Heldur fannst mér þetta ólögulega gert“.
- Ólöglegur / Ólögmaður** (l) Ekki löglegur. „Þetta reyndist vera ólöglegur gerningur“.
- Ólögulegur** (l) Óreglulegur; ljótur. „Þessi hrútur er nú heldur ólögulegur og ekki til ásetnings“.
- Ómaðkétíð / Ómaðksmogið** (l) Um rekavið/rekatre; ekki með götum eftir trjámaðk. „Tréð var algerlega ómaðkétíð innani“.
- Ómagi** (n, kk) Niðursetningur. Þeir sem á fyrri tíð lentu í því að geta hvorki unnið fyrir sér né eiga neina fyrirvinnu voru „settir á sveit“, en þá sá samfélagið fyrir þeim. Þeim var þá ráðstafað í vist á bæjum, sem sjá skyldu þeim fyrir lífsviðurværi. Á tímum fátæktar og naumhyggju gat sú vist skiljanlega orðið næsta ömurleg, og fer mörgum skelfilegum sögum af henni. Má þó gera ráð fyrir að þeir ómagar hafi mátt mestu happi hrósa sem lentu í vist nærri verstöðvum; þar sem matarvon var úr sjó. Sjá *manneldi*.
- Ómak** (n, hk) Fyrirhöfn. „Vertu ekki að gera þér ómak mín vegna“.
- Ómaka** (s) Gera fyrirhöfn. „Ég gat ekki verið að ómaka hann fyrir þetta lítilræði“.
- Ómaka sig** (orðtak) Gera sér ómak; hafa fyrir. „Hann var ekki að ómaka sig við að standa uppúr stólnum til að slökkva, heldur teygði sig í haglabyssuna og skaut á ljósið“.
- Ómaklega** (ao) Óverðskuldað; að tilefnislausu. „Mér finnst ómaklega vegið að honum í þessu máli“.
- Ómaklegt** (l) Óverðskuldað; ástæðulaust. „Mér fannst þetta allsendis ómaklegt af þeim“.
- Ómaksins vert** (orðtak) Þess virði; borgar sig. „Mér sýnist alveg ómaksins vert að fara niðuar á stallinn; þarna gætu verið tvö hundruð egg eða meira“.
- Ómaksvert** (l) Þess virði; fyrirhafnarinnar virði; borgar sig. „Það væri ómaksvert að rölta útá Stíg; það gæti hent sig að rollurnar hafi leitað þangað niður“.
- Ómakslaun** (n, hk, fto) Vinnulaun; laun fyrir viðvik/greiðasemi.
- Ómalað** (l) Ekki malað. „Kaffi var keypt í stórum strigasekkjum; óbrennt og ómalað“.
- Ómannblendinn** (l) Feiminn; útúrborulegur. „Frekar hef ég talið það dyggð að vera dálítið ómannblendinn“.
- Ómannblendni** (n, kvk) *Útúrboruháttur*; einræna; óbeit á félagsskap.
- Ómanneskjulegt** (l) Ekki mennskt/ af samúð/réttisýni; ekki hollt fólki. „Mikið hlýtur svona vinna að vera vélræn og ómanneskjuleg til lengdar“.
- Ómannfælinn** (l) Ekki mannfæla; mannblendinn; spakur. Oftast notað um villtar skepnur. „Eftir stuttan tíma var langvían orðin ómannfælin og farin að éta fisk úr hendi“.
- Ómannglöggur** (l) Ekki laginn að þekkja menn í sundur. „Ég er nú svo ómannglöggur að ég bara þekkti þig ekki; svo var ekki af ókurteisi að ég heilsaði þér ekki strax“.
- Ómannlegt** (l) Sem hæfir ekki manni; heigulsháttur. „Mér fannst ómannlegt að renna af hólminum; svo ég beið þess sem verða vildi“.
- Ómannúðlegt** (l) Ekki af miskunnsemi/mannúð.
- Ómannvanur** (l) Ekki vanur mönnum. „Hér mun enda af gnægtum hafa verið að taka til aflafanga. Já allsstaðar var fullt af lífi. Fullt af spökum, ómannvönnum lífverum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ómarinn** (l) Ekki marinn/meiddur. „Hann virðist hafa sloppið ómarinn frá þessari byltu“.
- Ómark** (n, hk) Það sem ekki er marktækt; *markleysa*. „Honum fannst það ómark og svindl að hafa svona orð í endarími þegar menn væru að kveðast á“.
- Ómarkað** (l) Ekki með marki. „Ég sá þarna eina hvíta kollóttu með tveimur ómörkuðum lömbum“.
- Ómarkglöggur** (l) Ekki glöggur á fjármörk; finnur lítinn mun á benjum og þekkir fáa markeigendur. „Það þýðir lítið að hafa svo ómarkglöggan mann fyrir réttarstjóra“.
- Ómarkverður** (l) Ekki markverður/merkilegur. „Það er nú heldur ómarkvert sem ég get sagt í fréttum“.
- Ómarkviss** (l) Ekki hnitmiðað/markviss. „Þessar aðgerðir finnst mér fremur ómarkvissar“.
- Ómálga** (l) Mállaus; ekki farinn að tala. „Í þessum efnum er hann eins og ómálga barn“.
- Ómáttugt** (l) Sem ekki er á færi/ í valdi. „Honum er fátt ómáttugt í þessum efnum“.
- Ómeðfærilegur** (l) Sem ekki er þægilegt/mögulegt að meðhöndla/lyfta/fara með. „Aðstöðaðu mig ögn við *rúmbálkinn*; hann er svo ómeðfærilegur fyrir einn“.
- Ómeðtækilegur fyrir** (orðtak) Ekki opinn fyrir; viðurkenni/meðtek/samþykki ekki. „Ég er afskaplega ómeðtækilegur fyrir svona kjaftæði“.

Ómegð (n, kvk) A. Barnahópur; barnafjöldi. Orðstofninn er „mega“ og vísar til þess að barn má/getur ekki jafn mikið og fullorðinn. Upphafleg merking á „ómagi“ er barn, sem „ómegð“ vísar síðan til. „Þau áttu barnaláni að fagna og því var löngum mikil ómegð á því heimili“. B. Barnsaldur. „Hann sagðist hafa verið farinn að yrkja frambærileg sléttubönd þegar hann var enn í ómegð“!

Ómegin (n, hk) Meðvitundarleysi; magnleysi. Orðstofninn er mega/geta, og eiginleg merking því skortur á getu. Sjá *hníga í ómegin*.

Ómegnugur (l) Ekki fær um; getur ekki. „Hann var alls ómegnugur að lyfta svo stórum steini“.

Ómeiddur (l) Ekki meiddur/slasaður. „Það er fyrir mestu að allir eru ómeiddir“.

Ómeltanlegur (sem ekki er unnt að melta. „Þessi maís er aldeilis ómeltanlegur fjandi“!

Ómengað (l) Ekki blandað/mengað. „Meðan ég var að alast upp var íslenskan enn tiltölulega ómengduð af enskuslettum sem síðar komu frá bíómyndum, tölvum og „alþjóðavæðingu“.

Ómeltur (l) Ekki meltur. „Í saur fuglanna var ómelt fræ, sem líklega var upphaf gróðurs á þessum stað“.

Ómenni (n, hk) Sá sem ekki er mannlegur; illmenni; varmenni; þrjótur.

Ómenning (n, kvk) Aðkomnir síðir sem eru til þess fallnir að eyðileggja menningu sem fyrir er. Ýmiskonar ómenning, bæði erlend og frá öðrum landslutum, hefur spilt verulega þeirri menningu sem einkenndi byggðir í Rauðasandshreppi frameftir 20. öld.

Ómenningarbragur (n, kk) Yfirbragð ómenningar. „Skelfilegur ómenningarbragur er nú á þessum andskotans fiðlalatúmi“!

Ómennska (n, kvk) *Drullusokksháttur; landeyðuháttur*. „Það þýðir ekki bara að liggja í leti og ómennsku“!

Ómenntaður (l) Ófróður; illa að sér í mannlegri hugsun/hegðun. Í seinni tíð hættir mönnum til að telja þann ómenntaðan sem ekki hefur lokið skólagöngu. Slíku fer víðsfjarri, enda eru flestar leiðir líklega betri til menntunar en löng skólaganga og glansandi prófgráður.

Ómerkingur (n, kk) Lamb sem ekki er markað. „Hver sá sem fjallskil innir af hendi.. skal leitast við að handsama.. ómerkinga sem vart kann að verða og auðkenna þá ef þeir fylgja móður“ (Fjallsk.reglg V-Barð). „Þegar menn voru búnir að borða og ræða málin var dregið í sundur, og boðið upp ef ómerkingar voru“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Ómerkilegheit (n, hk) Svik; lítilmennska; ræfildómur. „Skelfileg ómerkilegheit finnst mér þetta af honum; að reyna að ljúga upp á aðra til að *fría* sig sjálfan“.

Ómerkilegur (l) A. Ekki markverður/áhugaverður/merkur. „Mér fannst þetta heður ómerkilegur árangur“. B. Um mann; auvirðilegur; lítills virði; ómarktækur. „Ansi finnst mér hann nú ómerkilegur að koma svona fram við hana móður sína“!

Ómerkingur (n, kk) A. Lamb sem ekki er merkt/markað. „Ómerkingurinn var boðinn upp á réttinni“. B. Síðari tíma líkingamál; maður sem lítið er að marka; ómerkilegur maður.

Ómerkja (s) Gera marklaust; nema úr gildi. „Þessi úrskurður var síðar ómerktur af hæstarétti“.

Ómerkt (l) Um sauðskepnu; ekki merkt/mörkuð. „Mér sýnist sú einhyrnda hafa eignað sér ómerkta lambið“.

Ómerkur (l) A. Ómerkilegur; ómarktækur. „Þetta fullyrðir ekki ómerkari maður en Ari fróði Þorgilsson“. B. Ógildur. „Þessi orð falla dauð og ómerk í mínum eyrum“.

Ómetandi / Ómetanlegt (l) Mjög mikils virði/dýrmætt. „Þessi aðstoð er mér ómetanleg; ekki veit ég hvað ég gerði án þín“. „Hann veitti okkur ómetandi aðstoð“.

Ómetanlega (ao) Sem erfitt er að meta; á mjög dýrmætan hátt. „Hundurinn gagnaðist okkur ómetanlega“.

Ómetanlegur (l) Mikils virði; sem erfitt er að meta. „Háfurinn þótti ómetanlegur þegar farið var til eggja í Breiðnum. Hinsvegar þótti hann ekki gagnast eins vel í Blakknum“.

Ómeti (n, hk) *Óæti; hungurfæða*. „Það þýðir ekkert að bjóða mér svona ómeti“!

Ómildilega (ao) Ekki af miskunnsemi/mildi/vægð. „Hann las heldur ómildilega yfir þeim fyrir tiltækið“.

Ómildilegur / Ómildur (l) Ekki blíður/mildur. „Ég var kannski heldur ómildilegur við strákagreyin“. „Hann var ómildur á manninn þegar hann loksins mátti mæla fyrir mæði“.

Óminnishimna (n, kvk) Dökk himna innan á þunnildi fisks.

Óminnisveigar (n, kvk, fto) Vín; áfengi; það sem veldur minnisleysi/óminni. „Ég hef alla tíð látið þessar óminnisveigar nokkurnvegin í friði“.

Óminnugur (l) Gleyminn. „Um þetta atriði er ég fremur óminnugur“.

Ómissandi / Ómissanlegur (l) Sem ekki er unnt að vera án; nauðsynlegur. „Vasahnífur er ómissandi öllum vinnandi mönnum“. „Einn þeirra manna sem þóttu nánast ómissandi í Bjargleitina var Hafliði Halldórsson á Miðbæ á Látrum“ (PG; Veðmálið).

Ómjöltuð / Ómjólkuð (l) Um kú; sem ekki er búíð að mjólka. „Kvígan er enn ómjólkuð; ég þarf líklega einhverja aðstoð við hana“.

Ómjúklega (ao) Ekki mildilega; harkalega. „Hann tók víst fremur ómjúklega á móti þeim á brúninni“.

Ómjúkur (l) Ekki mildur/vægur/miskunnsamur/mjúkur. „Hann var heldur ómjúkur á manninn við þá sem áttu að standa fyrir“. „Ég lenti á steini á hinum bakkanum, svo lendingin var nokkuð ómjúk“.

Ómokað (l) Ekki búíð að moka/ryðja. „Flórinn er enn ómokaður“. „Þeir ruddu Fjörurnar, en Hálsinn er ómokaður“.

Ómótaður (l) Ekki mótaður/formaður. „Mínar hugmyndir í þessu efni eru enn ómótaðar“.

Ómótmælanlega (ao) Sem ekki er unnt að mótmæla/andmæla. „Þetta er ómótmælanlega stærsti þorskur sem dreginn hefur verið á þessu sumri“.

Ómótmælanlegur (l) Sem ekki er unnt að mótmæla/andmæla. „Þetta er ómótmælanleg staðreynd“!

Ómóttæðilegur (l) Sem erfitt er að standast/standa gegn. „Svona hákarl finnst mér ómóttæðilegur“.

Ómótt (l) Að verða ómótt er að fá ónotatilfinningu; hálfgerð yfirlit/andnaud/ógleði. „Mér varð hálf ómótt þarna inni; í þessari stækju“.

Ómóttækilegur (l) Ekki tilbúinn að samþykka; ekki hrifinn; viðurkenni ekki. „Hann reyndist algerlega ómóttækilegur fyrir okkar tillögum“.

Ómunablíða / Ómunaveðurblíða (n, kvk) Meiri veðurblíða en menn muna eftir áður. „Hér hefur verið ómunablíða síðasta mánuðinn“.

Ómunatíð (n, kvk) Lengri tími en munað verður. „Þetta hefur tíðkast hér frá ómunatíð“. „Undir fossinum (í Láturdalsá) var ofurlítill þró eða hylur í klapparskál, sem fossinn hefur verið að grafa niður í bergið frá ómunatíð. Var allur fiskurinn þveginn upp úr þessari þró. Er það eitt hið besta uppvottaker er ég hef þekkt í nokkurri veiðistöð“ (HO; Ævisaga).

Ómur (n, kk) Fjarlægð/lágvært hljóð. „Ég heyrði ekki nema óminn af því sem hann var að kalla“.

Ómynd (n, kvk) Um hluti sem eru illa útlítandi og/eða illa gerðir; ekki til fyrirmyndar. „Kofaskriflið er skelfingar ómynd“. „Það er nú hálfgerð ómynd á því að ekki skuli flaggað í þessu tilefni“.

Ómyndarfrágangur (n, kk) Slæmur/óvandaður frágangur/viðskilnaður.

Ómyndarlegur (l) Ólaglegur; ljótur. „Þetta var ekki ómyndarleg kona, og bráðvel gefin“.

Ómyndarskapur (n, kk) Leti; illa gert verk; framkvæmdaleysi. „Það er ekki ómyndarskapurinn þar á bæ“!

Ómyndugur (l) A. Um mann; umboðslaus; skortir vald. „Hann er alls ómyndugur til að taka þessháttar ákvarðanir“. B. Um ungling; ekki orðinn lögráða/ sjálfs sín ráðandi.

Ómyrkur í máli (orðtak) Talar skýrt; segir hlutina hreint út.

Óþýður (l) Hljómar vel; lætur vel í eyrum.

Ómæðinn (l) Úthaldsmikill; verður ekki fljótt mæðinn. „Hann var bæði sprettharður og ómæðinn“.

Ómælandi / Ómæltur (l) Getur ekki talað. „Hann var alls ómælandi á þýska tungu, en ég kundi eitthvað hrafl“.

Ómældur (l) Ekki mældur. „Ég sá mér til ómældrar ánægju að hrúturinn hafði lappað sig niður“.

Ómælanlegur (l) Sem ekki er unnt að mæla; óráður. „Með ómælanlegum hraða fleygist tíminn áfram og gerir það gamalt sem einu sinni var ungt“ (EG; Vakandi æska).

Ómögulega (ao) A. Útilokað; óframkvæmanlega. „Það getur ómögulega gengið að þarna sé ekki smalað“. B. Alls ekki. Sjálfstæð neitun í andsvari. „Ómögulega takk; ekki meira kaffi fyrir mig núna“.

Ómögulegheit (n, hk, fto) Fyrirstaða; það sem nær ómögulegt er að hrinda í framkvæmd.

Ómögulegt (l) Útilokað; ekki hægt. „Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvernig kýrnar komust yfir girðinguna“!

Ónafn / Ónefni (n, hk) Heiti sem ekki er við hæfi; niðrandi heiti. „Honum var nokk sama þó þeir helltu sér yfir hann og kölluðu hann ýmsum ónefnum; hann sagðist vera þarna í fullum rétti“.

Ónafngreindur (l) Ekki nefndur á nafn.

Ónauðsynjar (n, kvk, fto) Varningur sem er ekki nauðsynlegur; óþarfi. „Mér finnst óþarfi að eyða fé í einhverjar ónauðsynjar eins og utanlandsferðir“.

Ónauðsynlegt (l) Ekki nauðsynlegt/þarft. „Ég vildi ekki ráðast í einhverjar ónauðsynlegar framkvæmdir“.

Ónád (n, kvk) Óvinsældir; gremja. „Hræddur er ég um að ég sé *fallinn í ónád* hjá honum fyrir gleyskuna“.

Ónád (l) Ekki náð; ekki tekist að ná. „*Fjárheimtur* voru slæmar. Vetur kom snemma og harkalega; fé því víða um fjöll og ónád úr Bjarginu“ (ÞJ; Arb.Barð 1969).

Ónáða (s) Trufla; pirra. „Það er best að vera ekkert að ónáða hann að óþörfu“.

Ónád (l) Ekki fengið/heimt. „Enn er þessum skjátum ónád af Stígunum“.

Ónákvæmni (n, kvk) Ekki nákvæmni/vissa; skekkja. „Þarna gætir verulegrar ónákvæmni í frásögninni“.

Ónákvæmur (l) Óviss; óstyrkur; með skekkju. „Staðsetning hans var nokkuð ónákvæm“.

Ónátúra (n, kvk) Það í fari manns eða skepnu sem óeðlilegt/óviðeigndi er; óeðli. „Hann sagði að sig varðaði lítið um annarra álit; það væri ónátúra og ekkert annað þegar tveir karlmenn vildu verða hjón“.

Ónefndur (l) Sem ekki er nefndur á nafn. „Ónefnd manneskja *sagði* mér þetta í *óspurðum fréttum*“.

Ónefndur (n, kk) Sá sem ekki er nefndur; nafnlaus. „Ónefndur sagði mér þetta í trúnaði“.

Ónei (uh) Upphrópun; áhersla á neitun. „Þú hélt þú næðir þessu á kóngrafilinn?! Ónei karl minn: ástetrið er hærra“!

Óneitanlega (ao) Sem vart verður andmælt/neitað. „Þetta er óneitanlega betri kostur en hitt“.

Óneitanleg staðreynd (orðtak) Það sem ekki er unnt að neita.

Óniskur (l) Ekki spar/niskur; ósínkur. „Hann var óniskur á nestið við okkur“.

Ónot (n, hk, fto) Fúkyrði; skammir. „... var hann feikna þungur á brún og annað veifið hreytti hann úr sér ónotum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Ónotabeygur / Ónotakennd / Ónotatilfinning (n, kk) Uggur; ótti; kvíði. „Það er alltaf einhver ónotabeygur í manni að fara þarna um einsamall í myrkri“.

Ónotaður (l) Ekki notaður/nýttur. „Svona tækifæri lætur maður ekki ónotað“.

Ónotahrollur (n, kk) Óþægilegur hrollur/skjálfti. „Það er einhver ónotahrollur í mér núna“.

Ónotakuldi (n, kk) Óþægilegur kuldi. „Réttu mér peysuna; það er einhver ónotakuldi í mér“.

Ónotalega (ao) Óþægilega; illilega. „Mér brá ónotalega við þessar fréttir“.

Ónotalegur (l) A. Um föt; óþægileg; falla illa. B. Um veður/hitastig. „Hann er orðinn frekar ónotalegur í tíðinni“. C. Um framkomu: Hryssingslegur; ónægætinn. „Það var sérstaklega einn sem var ónotalegur við mig“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Ónotakrampi / Ónotapirringur / Ónotastingur / Ónotatak / Ónotaverkur (n, kk/hk) Líkamleg óþægindi af ýmsu tagi og misslæm. „Ég fékk ónotakrampa í kálfann eftir hlaupin“. „Einhver árans ónotapirringur hefur verið í auganu á mér í dag“. „Helvíti er að fá svona ónotatak í bakið“.

Ónotatilfinning / Ónotatilkennning (n, kvk) Slæm tilfinning; ælutilfinning; sjóveiki.

Ónothæfur (l) Ekki hægt að nota; ónýtur; *óbrúklegur*. „Hnífurinn er ónothæfur í þetta verk“.

Ónógur (l) Ekki nægur. „Það gengur ekki að hafa ónóg drykkjarföng á sjóinn“.

Ónógur sjálfum sér (orðtak) Leiður; einmana. „Maður er eitthvað svo ónógur sjálfum sér þegar veðrið er svona og vantar mestan hlutann af fjölskyldunni“.

Ónuminn (l) Um land; ekki búið að helga neinum. „Kollur kom að ónumdu landi. Hver sem tildrög þess urðu þá nam hann sjálfur ekki nema Kollsvíkina eina, en lét skipverjum sínum eftir alla Vestur-Barðastrandasýslu, að undanteknum Rauðasandi og Barðaströnd, sem aðrir höfðu numið“.

Ónytjaður (l) Ekki nýttur. „Bjargið hefur verið að mestu ónytjað í seinni tíð“.

Ónytjungsháttur (n, kk) *Landeyðuháttur; slæpingsháttur*; leti. „Það gengur lítið heyskapurinn með svona ónytjungshætti“!

Ónytjungsbjálfi / Ónytjungsgrev / Ónytjungsræfill / Ónytjungstuska / Ónytjungur (n, kk/kvk) Maður sem er til lítils gagns; auli; væskill. „Þetta er ónytjungsbjálfi sem aldrei hefur nennt að vinna“.

Ónytsamlegt (l) Ekki til nota; óþarfi. „Margt hefur verið keypt ónytsamlegra en þetta verkfæri“.

Ónýta (s) Eyðileggja; skemma; gera gagnslaust. „Þessi gestagangur ónýtti fyrir mér daginn“.

Ónýtast (s) Eyðileggjast; glatast. „Skipið ónýttist með öllu“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Ónýti (n, hk) Það sem ónýtt/duglaust er. „Nýju hrífusköftin eru ljóta ónýtið; standa varla undir sjálfur sér“!

Ónýtilegur (l) Ekki vel nothæfur; ónothæfur. „Þessi hnífur er alls ónýtilegur í svona verk“.

- Ónýttur** (l) Ónotaður; ekki nýttur. „Engn *flæsa* var látin ónýtt til heyskapar“.
- Ónýtur** (l) Ónothæfur; eyðilagður. „Mér sýnist að þessi net megi heita ónýt með öllu“.
- Ónýtur við (eitthvað)** (orðtak) Óduglegur við eitthvað. „Hann er ansi ónýtur við smalamennskur, en hann gettur vel nýst til að standa fyrir“.
- Ónæði** (n, hk) A. Rask á næði/friði. „Ég vildi ekki *gera* þér *ónæði* svona seint að kveldi“. B. Um veiðiskap; veltingur/ókyrrð. „Það var komið bölvað ónæði þarna frammi, svo ég færði mig grynna“.
- Ónæðissamt** (l) Ókyrrð; hávaði; veltingur. „Það var orðið fjári ónæðissamt að vitja um síðustu strengina“.
- Ónæmi** (n, hk) Skortur á næmi; hæfileiki líkamans til að hafna endurtekinni smitun/sýkingu. „Flestir á bænum höfðu fengið þessa pest áður og voru því líklega komnir með ónæmi fyrir henni“.
- Ónæmur** (l) A. Sýkist ekki af smitsjúkdómi vegna fyrri mótéfnamyndunar. B. Gengur illa að læra; *tornæmur*.
- Ónærfærinn / Ónærgætinn** (l) Ekki tillitssamur; höstugur. „Þú þarft að gæta þess að vera ekki svona ónærfærinn við hann; hann var jú að reyna að gera sitt besta“!
- Ónærfærni / Ónærgætni** (n, kvk) Það að vera 'nærfærinn/ónærgætinn. „Svona ónærfærni aflar fárra vina“.
- Óofanaftekin** (l) Um ull sem ekki hefur verið *tekið ofan af*. „Fólk gat fengið unnið úr sinni ull og þá ýmist óofanaftekin ull eða þel og var þá þó nokkur vinna að taka ofan af mörgum reyfum“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Óofaníborinn** (l) Um veg; ekki með ofaníburði/finni mól; ófrágenginn á yfirborði. „Annars er mikið af vegum í Rauðasandshreppi enn óofaníbornir; eru eins og ýtustjórar gengu frá þeim“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).
- Óopnaður** (l) Ekki opnaður. „Hér er óopnað jólakort“.
- Óorð** (n, hk) Slæmt/neikvætt umtal. „Hann hafði fengið á sig óorð í sinni heimabyggð fyrir þessa hvinnsku“. „Svona fyllibyttur *koma óorði á brennivínið*“!
- Óorðheldinn** (l) Svikull; svíkur það sem hann lofar. „Nokkuð fannst mér hann óorðheldunn um þetta“.
- Óorðinn** (l) Ekki skeður. „Merkilegt var hvernig hann gat séð fyrir óorðna atburði“.
- Óorpinn** (l) Um fugl; ekki orpinn/verptur. „Það þýðir ekkert að fara núna á Þórðarbrandshöfðann; þar er bara álka, og hún er óorpin ennþá“.
- Óp** (n, hk) Hróp; öskur. „Það þýðir ekkert að fara að fénu með ópum og köllum“!
- Óperugaul** (n, hk) Niðrandi heiti á óperusöng og jafnvel annarri klassískri sönglist. „Slökktu nú á þessu bévítans óperugauli í útvarpinu“! Lélegar útvarpsútsendingar og ofspilun þessháttar tónlistar hefur ekki aflað þessu listformi vinsælda, þó vissulega kunni margir að meta það.
- Óplokkaður** (l) Um fugl; ekki búíð að plokka/reyta. „Hér eru enn fáeinir fuglar óplokkaðir“.
- Óplægður** (l) A. Um akur/túnblett; ekki plægður með plógi til ræktunar. B. Um við; ekki rásaður í jaðar til að falla betur. „Reisifjöl var slétthefluð borð, óplægð, sett innan á sperrur í gömlum baðstofum helluþökum; stundum aðeins yfir rúmunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Ópraktískt** (l) Ekki hagkvæmt/gagnlegt. „Mér finnst fremur ópraktískt að gera þetta svona“.
- Óprestlegur** (l) Ekki eins og prestur á að vera. „Einhverjum fannst séra Jón nokkuð óprestlegur í mörgu“.
- Óprúðmannlegur / Óprúður** (l) Ekki snyrtilegur/vandaður. „Hann var óprúður í orðavali í bréfinu“.
- Óprúttinn** (l) Ekki heiðarlegur/frómur. „Einhverjir óprúttir náungar höfðu stolið færunum“.
- Óprýða** (s) Gera ljótara/ósnyrtilegra; lýta. „Mér finnst þetta stýrishús óprýða bátinn mikið“.
- Óprýði** (n, kvk) Lýti; bagi. „Mér finnst frekar óprýði að þessum sólpöllum utaní hverju húsi“.
- Ópuntuð** (l) Ekki snyrt/förðuð/ með skartgripum. „Hún sagðist ekki fara ópuntuð í svona vína veislu“.
- Óra fyrir** (orðtak) Gruna; renna í grun; vita fyrirfram. „Engan gat órað fyrir því þá að svo snögg yrði byltingin; að svo gjörsamlega yrði kollvarpað þeim lifnaðarháttum sem litlum breytingum höfðu tekið um hundruð ára“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).
- Órabelgur** (n, kk) Draumóramanneskja; rugludallur. „Hann getur nú verið svoddan órabelgur stundum“.
- Órabið** (n, kvk) Mjög löng bið. „Það varð órabið á því að mér bærist svar“.
- Óradýpi** (n, hk) *Firnadýpi*; mjög mikið dýpi. „Það þarf alllöng færi á þessu óradýpi sem þarna er“.
- Órafjarlægð** (n, kvk) Firna langt í burtu. „Ég greini nú ekki hvaða bátur þetta er, í svona órafjarlægð“.
- Órafjarlægur** (l) Mjög fjarlægur/ langt í burtu. „Þetta er órafjarlægur möguleiki“.
- Óragur** (l) *Hvergi banginn; óbanginn*; óhræddur; frakkur. „Hann er alltaf óragur við að þrila, þó tæpt sé“.

- Órahæð** (n, kvk) Mjög mikil hæð. „Það þýðir ekkert að hlamma á máfynn í þessari órahæð“.
- Órakaður** (l) A. Um slægjublett; ekki búið að raka hey saman. B. Um mann; ekki búinn að raka sig.
- Óralangur** (l) Mjög langur. „Mér finnst kominn óralangur tími síðan þeir ætluðu að vera komnir“.
- Órar** (n, kk, fto) Grillur; hugmyndir/langanir sem eru óraunhæfar/rangar; hugarburður; vitleysa. Orðið er talið stofnskyt orðunum „ærsl“ og „ær“, einnig enska orðinu „weary“ (þreyttur). „Þetta eru bara órar sem aldrei verða að veruleika“. Sjá *draumórar*.
- Óraskaður** (l) Óhreyfður; ekki eyðilagður/skemmdur/bjagaður. „Ingvar ákvað að láta Biskupsþúfuna vera áfram óraskaða þegar hann slétti þúfurnar kringum hana undir tún“.
- Óratími** (n, kk) Mjög langur tími; eilífð. „Ég skil nú ekki hvaða óratíma þetta tekur“!
- Óraunhæfur** (l) Ekki framkvæmanlegur/sannur. „Mér finnst þessar hugmyndir óraunhæfar með öllu“.
- Óraunsær** (l) Hugsar ekki rökrétt; lifir í draumaheimi/tálsýnum. „Mér finnst hann stundum svo óraunsær“.
- Óravegur** (n, kk) Mjög löng leið/ mikil fjarlægð. „Ég nenni ekki að fara að sigla einhvern óraveg niður á Skeggja núna“.
- Óráð** (n, hk) A. Ráðleysa; röng ákvörðun; vitleysa; bjánagangur. „Ég held að þetta sé ráð hjá ykkur; að ætla að sigla niður á Skeggja þegar svona er áliðið dags“. B. Rugl sem talað er upp úr meðvitundarleysi eða algeru hugsanaleysi. „Heldurðu að þú fái að aka traktornum krakki? Ég held þú sért bara með óráði“!
- Óráðið** (l) Ekki ákveðið; óákveðið. „Það er enn alveg óráðið hvenær af þessu getur orðið“.
- Óráðlegt** (l) Ekki ráðlegt/skynsamlegt. „Mér finnst óráðlegt að leggja af stað í svona útliti“.
- Óráðsbull / Óráðsblaður / Óráðshjal / Óráðskjafæði / Óráðsraus / Óráðstal / Óráðsþvaður / Óráðsþvæla** (n, hk, kvk) Algert bull; mjög heimskulegt/óábyrgt tal. „Skelfingar óráðsbull er þetta“! „Ég hlusta nú ekki á neitt óráðsþvaður um þessa hluti“!
- Óráðstafaður** (l) Sem ekki er búið að ráðstafa/ ætla stað/örlög; laus; óseldur.
- Óráðsflan** (n, hk) Það sem framkvæmt er í hugsunarleysi/ að óathuguðu máli. „Auðvitað var það ekki annað en óráðsflan; að róa í uppgangsveðri“!
- Óráðsia** (n, kvk) Óráðleg hegðun; eyðslusemi. „Þessu hefur öllu verið eytt í óráðsíu sem engum gagnast“.
- Óráðvendni** (n, kvk) Óheiðarleiki; hvinnska. „Hann hafði aldrei fyrr orðið uppvis að neinni óráðvendni“.
- Óráðþæginn** (l) Þiggur ekki ráðleggingar annarra. „Hann er stundum ansi óráðþæginn“.
- Óráðþægni** (n, kvk) Það að vilja ekki heyra/þiggja annarra manna ráðleggingar.
- Órefsað** (l) Ekki refsað/hegnt. „Svona brot er ekki hægt að láta órefsað“!
- Óregla** (n, kvk) A. Óreiða; ruglingur. „Það kemur fljótt niður á nytinni ef óregla er á mjöltum“. B. Fíkn í áfengi; drykkjuskapur. „Það ku hafa verið einhver óregla á honum í seinni tíð“.
- Óreglulega** (ao) Ekki í reglu/röð. „Póstur hefur borist hingað mjög óreglulega í vetur, vegna færðar“.
- Óreglulegur** (l) Ekki reglulegur. „Þú þarft að fara til læknis ef hjartslátturinn er eitthvað óreglulegur“.
- Óreglugemi / Óreglumaður / Óreglupési / Óreglupevi** (n, kk) Sá sem drekkur í óhófi; drykkjumaður. „Ég nenni ekki að hlusta á rausið í þessum óreglupésu lengur og sagðist ætla að fara að sofa“.
- Óreiða** (n, kvk) Ruglingur; skortur á reglusemi. „Skelfingar óreiða er á þessum fatnaði þínum“! „Sagt var að einhver óreiða hefði verið á bókhaldinu hjá þeim“.
- Óreiðumaður** (n, kk) Sá sem stundar óreiðu; sá sem hefur ekki/slæma stjórn á fjárhag.
- Óreyktur** (l) Um matvæli; ekki búið að reykja. „Mér finnst rauðmaginn líka ágætur óreyktur“.
- Óreyndur** (l) Ekki reyndur/sjóaður; reynslulaus.
- Órétti** (n, hk) Óréttlæti; kúgun. „Maður á erfitt með að setta sig við að vera beittur þessu órétti“.
- Óréttlátur / Óréttvis** (l) Ósanngjarn. „Mér fannst óréttlátt að fá ekki að fara með í þessa ferð“.
- Óréttlæti** (n, hk) Það sem er óréttlátt gagnvart einhverjum.
- Óréttmæti** (n, hk) Það sem er gert á óréttlátan/óheimilan hátt. „Óréttmæti uppboðsins fólst í því að hann var ekki formlegur réttarstjóri“.
- Óréttmætt** (l) Það sem gert er á óréttlátan/óheimilan hátt. „Uppboðið reyndist því óréttmætt, og þurfti að endurtaka það síðar“.
- Óréttisýnn** (l) Óréttlátur; sem sér/gerir ekki það sem rétt er. „Í þessu máli finnst mér hann afar óréttisýnn“.

- Óréttur** (n, kk) Óréttlæti; óréttσύni. „Maður verður auðvitað sár þegar maður er órétti beittur“. „Guðmundur Arason var talinn hafa með órétti sölsað undir sig Láganúp og Vesturbotn, ásamt fjölda annarra jarðeigna“.
- Órifinn** (l) Ekki rifinn/skemmdur; heill. „Best er að gotan komist heil og órifin alla leið í pottinn“.
- Órifjað** (l) Um hey; ekki rifjað. „Ég er búinn að *snúa* í neðri flekknum en sá efri er órifjaður“.
- Órifanlegur** (l) Um samning/formskjal. „Hann taldi að samningurinn væri órifanlegur nema með dómi“.
- Órigndur** (l) Um hey; ekki blotnað í rigningu. „Það er *fyrir miklu* að ná heyinu saman órigndu“.
- Órímað** (l) Um skáldskap/ljóð; ekki með rími í enda eða innan. „Nú tíðkast mest að yrkja órímað; og menn telja það skáldskap ef einhver tyllir saman tveimur orðum; sama hver þvættingurinn er“!
- Óríon** (n, kk) Risinn; veiðimaðurinn; stjörnumerki sem vel sést af norðlægum slóðum og eitt auðþekktasta stjörnumerkið á himni. Það er í suðri á miðnætti um miðjan desember. Bjartasta stjarnan í því er Rigel en Betelgás nefnist sú næstbjartasta. Stjörnurnar þrjár sem mynda belti veiðimannsins nefnast fjósakonurnar, en fiskikarlar þeir sem mynda sverðið. Með sjónauka má sjá hina frægu sverðþoku í sverðinu; þar sem nýjar stjörnur eru að verða til. Öll nöfnin eru sótt í grísku goðafræðina, eins og margt fleira í stjörnufræðinni.
- Órjúfandi / Órjúfanlegur** (l) Sem ekki verður auðveldlega rofið/sundurslitið. „Kollsvíkingar verða alla ævi tengdir vikinni sinni með órjúfanlegum böndum; sérilagi þeir sem þar eru uppaldir“.
- Órofinn** (l) Ekki rofinn/sundurslitinn. „Kollsvíkurætt má rekja órofna til nokkurra nafnkenndra manna í Íslandssögunni á fyrri tíð, svo sem Sæmundar fróða; Ragnheiðar á rauðum sokkum; Guðmundar ríka Arasonar; Haraldar konungs gullskeggs í Sogni; Ingólfs Arnarsonar Reykjavíkurbónða; Egils Skallagrímssonar Borgarbónða; Brunda-Bjálka; Hjörleifs Hörðakonungs kvensama; Jösurs Ögvaldssonar Rogalandskonungs; Þorleifs Björnssonar hirðstjóra; Sturlu Þórðarsonar sagnaritara; Þorgeirs ljósvetningagoða lögsögumanns; Þórólfs smjors (háseta Hrafna-Flóka), og fjölda annarra“. (heimild; TÓ; Kollsvíkurætt).
- Óróabelgur / Óróagepill / Óróaseggur** (n, kk) Sá sem lætur ófriðlega; *friðarspillir*; *vandræðaseggur*.
- Óróasamt** (l) Róstursamt; ófriðlegt. „Tíðarfarið hefur verið nokkuð óróasamt síðustu vikuna“.
- Órói** (n, kk) A. Sjógangur. „Ég held hann sé að auka þennan óróa“. B. Ókyrrð/óróleiki/fararsnið á manni ;er orðinn órór. „Er kominn einhver órói í þig“? C. Búnaður í klukku/úri, með m.a. fjöður og hjóli, sem heldur ákveðinni sveiflu, og kemur í stað pendúls í pendúllukku.
- Óróinn** (l) A. Um bát; ekki farinn í róður. B. Um vettling; ekki þæfður eftir átök á árahlum. „Fjögur lýsingarstig voru höfð um róðrarvettlinga; óróinir; hálfróinir og *svellróinir* sama og kútróinir“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Órólegur / Órór** (l) Uggandi; iðandi; spenntur. „Ég var að verða nokkuð órólegur þegar kominn var klukkutími fram yfir áætlaðan komutíma þeirra“. „Mörgum var órótt yfir afdrifum þeirra“.
- Óruglaður** (l) Ekki elliaer/kalkaður/bilaður á geði. „Alveg er karlinn óruglaður enn, þó orðinn sé aldraður“.
- Óróinn** (l) Um sauðkind; ekki aftekin. „Óaftekinn“ var mun oftar notað.
- Órætt** (l) Sem ekki hefur verið rætt/umtalað. „Enn er eitt mál órætt á þessum fundi“.
- Óræður** (l) Sem ekki verður ráðið í. „Hann svaraði engu en setti upp óræðan svip, svo útilokað var að sjá hvort honum líkaði betur eða verr“.
- Órækt** (n, kvk) Svæði sem ekki er ræktað/haldið í rækt. „Þetta er allt fallið í órækt í seinni tíð“.
- Óræktarblettur / Óræktarkargi / Óræktarmelur / Óræktarmói / Óræktarmýri / Óræktarstykki** (n, kk/kvk) Svæði/skiki sem ekki er ræktaður/ erfitt er að rækta.
- Óræktarhýjungur** (n, kk) Lítilfjörlegt skegg, t.d. á unglingi. „Skaftu nú af þér þennan óræktarhýjung drengur; ég efast um að hann gagnist nokkuð á stelpurnar“!
- Órækur** (l) Óhrekjandi; trúverðugur. „Lurkarnir í Mýrunum eru órækur vitnisburður um að í Kollsvík var verulegur skógur; líklega á hlýskeiðum fyrir nokkur þúsund árum“.
- Óræktarlegur** (l) Sem lítil rækt er í; illa gróinn. „Fjári er þessi slétta að verða óræktarleg“.
- Óræsti** (n, hk) Illyrmi; ótukt; óskapnaður; plága. „Minkurinn er bölvæð óræsti og hefur valdið miklum skaða“.
- Órökstuddur** (l) Ekki sannað með rökum. „Þetta eru bara órökstuddar fullyrðingar og blaður úti loftið“!
- Ósa** (s) Um það þegar svartan reyk leggur upp af eldi eða glóð; oftast notað um kerti, lampa eða reykjarpípu. Ekki þykir gott að ósi inni í húsum, þar sem af því verður óloft. „Olía var sett í byttuna og svo var um að gera að hafa kveikinn mátulega mikið upp úr pípunni svo ekki ósaði“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Ósagt** (l) Ekki búið að segja/greina frá. „Ég læt það alveg ósagt“. „Í þessu riti er fjölmargt ósagt“.

- Ósamansettur** (l) Ekki settur saman. „Dráttarvéln var keypt og flutt út í Kollsvík innpökkuð í stóran rammgerðan trékassa, og var að miklu leyti ósamansett“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Ósamboðið** (l) Ekki við hæfi; ekki sæmandi. „Ef þessum frambjóðendaræflum finnst félagsskapur kotbændanna sér ósamboðinn, þá hlýtur það að vera gagnkvæmt þegar kemur að kosningunum“!
- Ósamfelldur** (l) Ekki samfelldur/samhangandi. „Vorið 1968 var ishella langt útfyrir bryggjuna á Gjögurum, en þar utar nokkuð ósamfelldari ís. Þórður bóndi á Suðureyri kom á skektu sinni til að sækja tvo drengi sem þá gengu í skóla í Fagrahvammi. Hringsólaði hann nokkra stund frammi á firðinum án þess að komast uppað. Á endanum gafst hann upp, og voru strákarnir sendir á flutningum landleiðina norður á Tálknafjörð“.
- Ósamhljóða** (l) Ekki samhljóða; rímar ekki við. „Hennar álit var nokkuð ósamhljóða bónda hennar“.
- Ósamhljómur** (n, kk) A. Um tónlist/sönglist; ekki góður heildarhljómur þar sem margir spila/syngja saman. B. Um skoðanir manna; ekki sammála; mismunandi álit.
- Ósamkvæmur** (l) Ekki í takti við; stemmir ekki við. „Þetta er nokkuð ósamkvæmt fyrra álit hans“. Sjá *sjálfum sér ósamkvæmur*.
- Ósamlyndi** (n, hk) Óeining/ósamstaða/illindi í hópi.
- Ósammála** (l) Ekki sammála; ekki á eitt sáttir. „Karlarnir urðu heiftarlega ósammála um þetta og töluðust lítið við það sem eftir var róðursins“.
- Ósamrýmanlegt** (l) Fer ekki saman með; stenst ekki með tilliti til. „Mér fannst að þessi trúarkredda væri afskaplega ósamrýmanleg þrautsönnuðum náttúruvísindum“.
- Ósannað** (l) Ekki sannað/sannreynt. „Þó margir hallist að því að í Kollsvík hafi fyrrum verið Papabyggð þá er það enn ósannað. Fáir staðir væru þó heppilegri fyrir slíka einsetumunka, auk þess sem nafnið segir sitt“.
- Ósannferðugur / Ósannfærandi** (l) Ekki sannfærandi/trúverðugur. „Afskaplega fannst mér þessi frásögn ósannferðug. Trúað gæti ég að þetta væri haugalygi frá rötum“!
- Ósanngirni** (n, kvk) Óréttur; óréttlæti. „Mér finnst þetta árans ósanngirni sem Reykjavíkurlandið sýnir dreifbýlinu, síknt og heilagt“.
- Ósanngjarn** (l) Ekki réttisýnn/sanngjarn. „Mér fannst þessi framkoma ósanngjörn í hans garð“.
- Ósannindamaður** (n, kk) Sá sem lýgur/segir ósatt. „Fyrst svo er gef ég eftir; ekki vil ég vera ósannindamaður“.
- Ósannindi / Ósannindavefur** (n, hk, fto/ kk) Lygi/lygavefur. „Þetta eru helber/rakin ósannindi“!
- Ósannspár** (l) Sem ekki spáir rétt fyrir um atburði. „Hann reyndist ósannspár um þetta atriði“.
- Ósannsögli** (n, hk) Lygi; skreytni; tilbúningur. „Ég hef aldrei fyrr staðið hann að ósannsögli“.
- Ósannsögull** (l) Segir ekki sannleika; lygin. „Landnáma kann að vera ósannsögull um ýmis atriði eins og nöfn landnámsmanna, en ástæðulaust er að rengja hana um megindrætti“.
- Ósar** (n, kk, fto) Upptök vatnsfalls. „Árósar heitir svæðið norðan Hestkeldu, sem Áin sækir mest vatn sitt til í upphafi“. Þessi upprunalega merking orðsins hefur varðveist í þessu örnefni, og er ekki vitað til að svo sé annarsstaðar. Gamalt orðtak segir „á skal að ósi stemma“, og þar er sama forna merkingin. Í almennu máli í dag hefur orðið allt aðra merkingu; þ.e. útfall ár til sjávar. Sjá *árósar*.
- Ósatt** (l) Ekki satt; lygi. „Það er algerlega ósatt mál að ég hafi att hundinum á fêð“! „Hann hefur ekki verið þekktur að því að segja ósatt“.
- Ósauðglöggur** (l) Ekki fjárglöggur/sauðglöggur. „Hann er ágætur smali þó ósauðglöggur sé“.
- Ósár** (l) Ekki meiddur/særður. „Ég fékk ansi mikla byltu en ég held að ég sé ósár“.
- Ósáttfús** (l) Ekki tilbúinn að sættast/semja. „Hann var ósáttfús og vildi *halda* sínum rétti *til streitu*“.
- Ósáttur** (l) Ekki sáttur; óánægður. „Ég er ósáttur við þessi skipti“.
- Óseðjandi** (l) Sem ekki verður saddur/mettur; sem heldur sífellt áfram neyslu. „Ég hef verið haldinn óseðjandi fróðleiksþorsta frá því að ég fyrst fór að geta lesið mér til gagns“.
- Ósegjanlega** (ao) Meira en orð fá lýst; *óumræðilega*. „Mér létti ósegjanlega þegar ég var kominn á brún“.
- Óseilað** (l) Um afla; ekki seilað út fyrir lendingu. „Eitt sinn um vorið er við komum af sjó mjög vel *fiskjaðir* var talsvert brim komið, svo engin *tiltök* voru að lenda með óseilað“ (HO; Ævisaga; róið úr Láturdal).
- Ósekja** (n, kvk) Sakleysi. „Ég mátti *að ósekju* sitja undir ákúrum fyrir þetta“.
- Ósennilegt** (l) Ekki trúlegt/líklegt. „Mér finnst ósennilegt að fêð sé komið að húsunum strax“.
- Óséd** (l) Án þess að sjást/sjá. „Kindinni tókst að lauma sér ósédri útúr hópnum og leyndi sér í gilinu“. „Ég vildi ekki kaupa þetta óséd“.

- Ósérhlífinn** (l) Hlífir sér ekki í vinnu; kemur ekki verki yfir á aðra. „Mangi var einn ósérhlífnaði maður sem ég hef kynnst, og þekkti ég þó margt slíkt fólk í uppveitinum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Ósérhlífni** (n, kvk) Dugnaður; fórnfýsi. „Sýnir þetta e.t.v. betur en flest annað fórnarlund hans, ósérhlífni og drengskap“ (ÖG; minn.grein um AK).
- Ósérplæginn** (l) Ekki eigingjarn; setur sinn eigin hag ekki í forgang.
- Ósérplægni** (n, kvk) Fórnfýsi; hjálpseni; óeigingirni. „Hann gerði þetta af stakri ósérplægni og umhyggju“.
- Ósétlað** (l) Um deilumál; ekki komnar á sættir; ekki leitt til lykta. „Báðir ruku burt í fússi, svo þetta mál er enn ósétlað“.
- Ósiðlega** (ao) Dónalega; óheflað; hneykslanlega. „Gakktu ekki svona ósiðlega að matnum drengur“!
- Ósiðlegur** (l) Ekki háttvís; óheflaður; dónalegur. „Henni fannst karlinn ósiðlegur; að míga utani húshornið“.
- Ósiðsemi** (n, kvk) Hneykslanlegt athæfi; dónaskapur. „Hún sagðist ekki vera hrifin af svona ósiðsemi hjá ógiftu fólki“
- Ósiður** (n, kk) Venja/athöfn sem þykir ekki til fyrirmyndar. „Skelfingar ósiður er þetta að þurfa að reka við í tíma og ótíma; og það með þessum andskotans hávaða og eiturbrælu“!
- Ósiginn** (l) A. Um fisk; ekki búinn að síga/hanga. „Grásleppan er enn helst til ósigin“. B. Um hey í hlöðu/gryfju; ekki búð að hitna og síga. „Það er enn nokkuð ósigið í efri gryfjunni“.
- Ósigndur** (l) Ekki búinn að signa sig; ekki búð að signa. „Ekki var venja að fara ósigndur í róður úr Kollsvíkurveru, og hafa Kollsvíkingar haldi þeim ævafora sið að biðja sjóferðabæn“.
- Ósínkur** / **Ósínjarn** (l) Óspar; ekki nískur/sínjarn. „Hann var ósínkur á nestið sitt“. „Þeir eru oft ósínkir á annarra manna fé fyrir kosningar; blessaðir þingmennirnir“. Sínkur er af orðstofninum „sinn“.
- Ósjaldan** (ao) Ekki sjaldan; oft. „Ósjaldan *vék* hann *að* okkur súkkulaðibita úr kistunni“.
- Ósjálegur** (l) Óhrjálegur; illa útlítandi; lítilfjörlegur. „Ansi er þetta ósjálegur lambkægill“!
- Ósjálfbjarga** (l) Geta ekki bjargað sér; vera háður öðrum um aðstoð. „... en þegar hann átti eftir 4 mílur í Bjargtanga riður brotsjór yfir skipið; brýtur stýrið og tekur af skorsteininn, svo skipið er alveg ósjálfbjarga“ (ÁE; Ljós við Látraröst; Jería-strandið).
- Ósjálfrátt** (l) Án eigin atbeina/frumkvæðist/hugsunar; umhugsunarlaust.
- Ósínkur** (l) Óspar; ekki nískur/aðhaldssamur. „Strákurinn er alveg ósínkur að gefa með sér af sælgætinu“.
- Ósjóaður** (l) Óvanur veltingi/sjómennsku. „Maður er alltaf með hálfgerða *velgju* í fyrstu vitjunum; meðan maður er ósjóaður“.
- Ósjófær** (l) Um bát; ekki hæfur til siglinga/sjóferða. „Rutin var ósjófær eftir að stefnið á henni klofnaði. Til stóð að Andrés Karlsson gerði við hana, en af misgáningi lenti hún á áramótabrennu meðan hún stóð upp á Patreksfirði“.
- Ósjór** (n, kk) Mikill veltingur/sjógangur/gutlandi. „Við lentum í bölvuðum ósjó og ágjöf þarna í röstinni“.
- Ósjúkur** (l) Ekki veikur. „Hann sagði allt gott að fréttu; allt væri *mannheilt og ósjúkt* af sínu fólki“.
- Óska (einhverjum) árs og friðar / Óska gleðilegs árs** (orðtak) Óska einhverjum alls hins besta á nýju ári.
- Óska gleðilegra jóla** (orðtak) Votta innileika/væntumþykju á jólum.
- Óska til hamingju** (orðtak) Óska þeim góðrar framtíðar sem stendur á tímamótum, t.d. um afmæli eða varðandi nýtt hús/ nýjan bíl o.s.frv.
- Óskabjörn** (n, kk) Stór þanglús, sem festir sig stundum á roð fiska með sterkum klóm á framlimunum. Getur einnig synt á milli hýsla. Hann er þó í raun hrææta eins og marflóin. Sú þjóðsaga er um óskabjörninn að hann hafi í fyrndinni verið með stærstu hvalfiskum. Eitt sinn þegar hann elti bát Péturs postula og ætlaði að granda honum, kastaði Pétur vaðsteini sínum í gin hans og sagði um leið að hann skyldi verða hið vesælasta kvikindi í sjó og skriða um á sporðum annarra fiska. Ef óskabjörn er þurrkaður heill og síðan krufinn finnst í honum steinn eins í lögun og klappaður vaðsteinn. Sá sem ber hann á sér á aldrei að fá sinatægjur. Sá getur óskað sér hvers sem er sem lætur lifandi og afvelta óskabjörn bíta sig fastan við tunguræturnar. Sé óskabjarnarsteinn hafður í buddu dregur hann að peninga. Gott þótti að drekka seyði af steininum við hjartaverk.
- Óskabyr** (n, kk) *Kjörbyr*; sá meðvindur á siglingu sem hentar best.
- Óskaddaður** (l) Ómeiddur; óskemmdur. „Ég mátti þakka fyrir að sleppa óskaddaður frá hruninu“.
- Óskammfeilinn** (l) Frakkur; djarfur. „Mér þykir þú skratti óskammfeilinn að koma með svona ásakanir“!
- Óskammfeilni** (n, kvk) „Þvílík óskammfeilni er þetta í strákrassgatinu“!

- Óskammtað** (l) Ekki skammtað/útdeilt á hvern og einn. „Búðing fékk hver í sinni skál sem ábót á sunnudögum, og var þeyttur sjómi með; óskammtaður“.
- Óskandi** (l) Æskilegt; vonandi. „Það væri nú óskandi að hann færi að lægja þetta *norðanbál*“.
- Óskapa** (n, hk, fto, ef) Óskaplega. Orðið „ósköp“ er oft notað sem forskeyti þegar býsnast er yfir einhverju. „Óskapa tíma tekur þetta hjá þeim“. „Hættið nú þessum óskapa hávaða strákar“! „Óskapa fjöldi er þetta“!
- Óskapagangur / Óskapalæti** (n, kk) Læti; fyrirgangur; gauragangur. „Hættið nú þessum óskapagangi strákar“!
- Óskapast** (s) Fjargviðrast; fírást; vera með læti. „Ég nenni ekki að óskapast meira útaf þessu máli“.
- Óskapaveður** (n, hk) Mjög vont veður; vitlaust veður. „Þú ferð ekki út í þetta óskapaveður og niðamyrcur hundlaus og ljóslaus“!
- Óskapfelld** (l) Ekki að skapi; andstætt. „Honum var þetta nokkuð óskapfelld, en varð vel að líka eins og á stóð“.
- Óskaplega** (ao) Afar; mjög; gríðarlega. „Óskaplega fer þetta kjaftæði í taugarnar á mér“!
- Óskaplegur** (l) Gríðarlegur; mjög/óhemju mikill. „Sjórinn var orðinn óskaplegur og fór versnandi“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Óskapnaður** (n, kk) Um það sem er afkárlegt; ólögulegt; ómynd og illa gert.
- Óskaspá** (n, kvk) Veðurspá eins og best yrði á kosið. „Þetta er engin óskaspá, en ætli við verðum ekki samt að halda áætlan með verkið“.
- Óskastund** (n, kvk) Stund þegar unnt er að fá óskir uppfylltar. Þjóðtrúin segir að óskastund sé á hverri nýársnótt, ásamt fleiri furðum. Sama er sagt um Jónsmessunótt. En kunnáttu og nákvæmni þarf til að geta nýtt sér hana.
- Óskeð** (l) Ekki orðið. „Það er óþarfi að ímynda sér hið versta um það sem enn er óskeð“.
- Óskeikull** (l) Hefur alltaf rétt fyrir sér; hittir alltaf í mark. „Ég viðurkenni að í þessu er ég ekki óskeikull“.
- Óskemmdur** (l) Heill; óskaðaður; ólasaður. Notað fyrrum jafnt um dauða hluti sem fólk og skepnur. „Jónína var óskemmd“ (Eftir snjóflóðið í Kollsvík 1857) (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Óskemmtilegt** (l) *Ógaman*; leiðinlegt. „Það væri óskemmtilegt að lenda í svona aðstöðu“.
- Óskertur** (l) Ekki skertur/niðurskorinn. „Strákurinn fær auðvitað óskertan hlut, enda stóð hann sig ekkert síður í eggjaferðinni en aðrir“.
- Óskikkanlega** (ao) Ekki við hæfi; ósæmilega. „Henni fannst hann haga sér fremur óskikkanlega í veislunni“.
- Óskilafé / Óskilafénaður / Óskilakindur / Óskilalömb** (n, hk/kk/kvk, fto) Fé sem enginn á; enginn dregur sér á rétt eða ókunnugt fé sem heimtist eftir haustsmölnun. „Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin sér í dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum tekur hreppstjóri þau, og annað óskilafé sem ekki finnst eigendur að, í sína vörslu og skal því þegar lógað í sláturhúsi. Aður en því er lógað skal hann skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra auðkenna er eigendur gætu helgað sér eftir. Beti enginn helgað sér eignarrétt á slíku fé rennur andvirði þess í sveitarsjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Óskilafé sem fram kemur eftir réttir og ekki finnst eigendur að, skal fara með á sama hátt. Andvirði óskilafjár sem fargað er skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar ef eigandi finnst“ (29.gr Fjallskilareglugerðar V-Barð; Stjtið. B, nr 239/1982). „Heimalönd annarra en Breiðvíkinga voru smöluð sunnudaginn fyrir gangnadaginn og óskilafé rekið til skilaréttar að Breiðuvík“ (PG; Veðmálið).
- Óskilgetinn** (l) Um barn; fætt utan hjónabands. Á tímum strangtrúnaðar var það *litið* nokkru *hornauga* af samfélagi og kirkju ef barn fæddist óskilgetið, þó nú þyki slíkt ekki tiltökumál.
- Óskiljanlegt** (l) *Hulin ráðgáta*; *fyrirmunað* að skilja. „Mér er alveg óskiljanlegt hvernig þetta er hægt“.
- Óskiptur** (l) Ekki skiptur/deildur; heill. „Bátshluturinn var tekinn af óskiptum afla“.
- Óskipulagður** (l) Ekki skipulagður/ í föstum skorðum. „Netalagnir í Kollsvík voru á þessum tíma mun óskipulagðari en inni á Hlíðum, enda mun færri strengir“.
- Óskipulega** (ao) Ekki með reglu/skipulagi. „Heldur þykir mér óskipulega staðið að þessu verki“.
- Óskoðaður** (l) Ekki skoðaður; óséður. „Ég fer nú ekki að að kaupa þetta óskoðað“!
- Óskoraður** (l) Óumdeildur; óskertur. „Hann var óskoraður aflakóngur á þessari vertíð“.
- Óskólagenginn** (l) Ekki menntaður í skóla. „Oft skara þeir óskólagengnu framúr gráðusöfnunum; einkum í því sem frumleika og áræðni snertir. Margt má læra án langskólagöngu. Með því er ég alls ekki að gera lítið úr þeirri skólagöngu sem hæfir hverjum og einum“.

- Óskráð lög** (orðtak) Meginregla/hefð sem almennt er viðurkennd en þó hvergi skráð sem lög. „Það eru óskráð lög meðal sjómanna að hnýta ávallt saman aftur þegar skera þarf veiðarfæri vegna yfirlagningar“.
- Óskrifað blað** (orðtak) A. Bókstafleg merking; blað sem ekki er búið að rita á. B. Líkingamál um mann/málefni eða annað sem ekki er komin reynsla af. „Hann er enn óskrifað blað í þessu starfi“.
- Óskrifandi** (l) Kann ekki að skrifa svo meining sé í. Menn voru almennt ekki skrifandi fyrr á öldum, meðan skólaganga var ekki almenn. Þegar kom framá 20.öld varð slíkt fátítt. Síðasti maður vestra sem var gersamlega óskrifandi og viðurkenndi það fúslega var Guðbjartur Þórðarson 12.07.1931-30.11.2002) sem lengi var virtur vörubílstjóri og rak um tíma stórfyrirtæki á því sviði á Patreksfirði. Þyrfti hann að skrifa nafn sitt undir skjal setti hann X, og treysti öðrum til að skrifa textann.
- Óskreytinn** (l) Ólyginn; sannsögull. „Dálítið var talað um huldufólk þegar ég var á Láganúpi og erfitt var að efast þegar óskreytið fólk sagði frá þessu“ (Guðný Ólafsd. frá Láganúpi; upptaka Ísmús 1970).
- Óskuldbundinn** (l) Ekki skyldugur/skuldbundinn; frjáls. „Ég tel mig óskuldbundinn af loforðum annarra“.
- Óskundi** (n, kk) Usli; ógagn. „Þú mátt ekki gera þann óskunda að koma með fiskinn óslægðan í land“! „... hvolpurinn tók að gerast ódæll; hanga í sokkum og pilsföldum fólks...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Óskurmað** (l) Um egg; ekki með skurni. „Þarna var óskurmað egg í hreiðri, sem ég lét vera“.
- Óskyggn** (l) Ekki skyggn; sér ekki huldur verur. „Flestir menn eru sagðir óskyggnir. En þjóðtrúin segir að óskyggn maður geti orðið skyggn við það að horfa undir hönd á skyggnum manni“.
- Óskygnt** (l) Um egg; ekki búið að *skyggna* (sjá þar).
- Óskyldugur til** (orðtak) Ekki skyldugur/skuldbundinn til; þarf ekki. „Ég er alls óskyldugur til að smala þessu fé“.
- Óskyldur** (l) Ekki skyldur/ tengdur blóðböndum. „Þessir menn voru óskyldir“.
- Óskynsamlegt** (l) Ekki skynsamlegt; heimskulegt. „Mér finnst óskynsamlegt að róa í þessu útliti“.
- Óskynsamur** (l) Ekki skynsamur; heimskur; vitgrannur. „Þetta er alls ekki óskynsamur piltur“.
- Óskýr** (l) Ógreinilegur; þokukenndur. „Ég sá þetta fremur óskýrt, en saskrýmsli var það örugglega“!
- Óskýrast** (s) Verða óskýrt; mást. „Sumt er kannski farið að óskýrast í minni mínu, en annað er ljóslifandi“.
- Óskýrmæltur** (l) Þvoglumæltur; ógreinilegur í máli. „Settu nú í þig *tönnurnar*; þú ert svo fjári óskýrmæltur“!
- Ósköp** (l) A. Mjög; afar. „Hvað ætti ég að geta frætt þig um góði minn? Ég er ósköp hrædd um að það verði lítið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Mikið magn; *gomma*; hellingur. „Þeir fengu þarna einhver ósköp af fiski á stuttum tíma“.
- Ósköpin öll** (orðtak) Mjög mikið; firn; býsn. „Þegar ísinn kom uppundir Útvíkur, árið 1968, rak ósköpin öll af timbri og trjáviði; bæði sæmileg tré, unninn við og firn af spreki“.
- Óslasaður** (l) Ekki slasaður/meiddur. „Við vissum það eitt að þeir væru óslasaðir“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Ósláandi** (l) Ekki hægt að slá. „Túnið er nærri ósláandi fyrir grjóti, eftir að flæddi yfir það í leysingunum“.
- Ósleginn** (l) Ekki búið að slá. „Melsléttarnar eru enn óslegnar“.
- Ósleitilega** (ao) Samfellt; hvíldarlaust; án afláts. „Gömlu karlarnir stungu saman nefjum á réttarveggnum og tóku ósleitilega í nefið“.
- Óslétta / Ósléttublettur** (n, kvk/kk) Svæði/blettur sem ekki er vel slétt. „Gættu þín á ósléttublettinum framarlega á stykkinu; þar þarf að fara hægt um á vélinni“.
- Óslitinn** (l) A. Samhangandi; ekki rofinn/slitinn sundur. „Búskapur hefur verið óslitið í Kollsvík frá landnámi Kolls til ársins 2001 þegar Hilmar Össurason brá búi“.
- B. Um fatnað; ekki snjáður. „Þessi skyrta er stráheil og óslitin, þó hún sé dálítið *tóbakug* að framanverðu“.
- Óslítandi** (l) A. Um flík/taug o.fl.; slitnar ekki hratt við notkun. „Þetta nýja gerviefni er óslítandi“.
- B. Sleitulaust; óþreytandi. „Hann hefur haldið óslítandi tryggð við heimahagana“.
- Óslægður** (l) Um fisk; ekki búið að slægja/ taka innanúr. „Ég er ekkert að fara með þetta óslægt í land“.
- Óslægja** (n, kvk) Gras/svæði sem ekki er búið að slá. „Reynið að ganga sem minnst yfir óslægjuna“.
- Óslægjujaðar / Óslægjukantur** (n, kk) Jaðar/kantur svæðis óslegið er. „Ég leitaði að ungunum í óslægjujaðrinum“.
- „Við skulum girða spottakorn frá óslægjukantinum“.
- Óslökkvandi** (l) Sem ekki er unnt að slökkva/ drepa niður. „Ég lá yfir hverri bók sem á heimilinu fannst, af óslökkvandi fróðleiksþorsta“.

- Ósmalað** (l) Ekki búið að smala. „Enn er ósmalað á Stígunum“.
- Ósmátt** (l) Ekki lítið. „Það er ósmátt sem tapast af almannafé með þessu móti“!
- Ósmekklegur** (l) Ekki við hæfi; ókurteist. „Henni þótti þetta ósmekklegt athugasemd“.
- Ósmekkvís** (l) Þykir ekki hafa smekkvísi/næmni. „Hún sagði að ég væri afskaplega ósmekkvís í fatavali“.
- Ósmeykur** (l) Óhræddur; ófeiminn. „Ég er alveg ósmeykur við að segja þeim mína skoðun á svonalöguðu“!
- Ósmiðslegt** (l) Ekki eins og fagmaður hafi unnið. „Svona frágangur er nú frekar ósmiðslegur“.
- Ósmíði** (n, kvk) Klambur; illa smíðaður gripur. „Skelfingar ósmíði er þetta nú“!
- Ósmurt** (l) Um brauð; ekki smurt; þurr; *þurrætt*. „Ætlarðu að éta brauðið ósmurt“?
- Ósnertur** (l) Ekki hreyfður. „Kýrin er lítið að lagast; heyið hjá henni er nær ósnert frá því í morgun“.
- Ósnið** (n, hk) Óheppilegt lag á fatnaði. „Bölvað ósnið er nú á þessari skyrtu sem ég keypti“!
- Ósnortinn** (l) A. Ósnertur. B. Ekki hrifinn; áhugalaus. „Fegurð Kollsvíkurinnar lætur engan ósnortinn“.
- Ósnotur** (l) Ekki fallegur/laglegur. „Þetta er ekki ósnotur bátur, en *burðarmikill* er hann ekki“.
- Ósnoturlega** (ao) Á ósnotran/ólaglegan hátt. „Þetta var alls ekki ósnoturlega gert hjá honum“.
- Ósnyrtilega til fara** (orðtak) Ekki snyrtilega klæddur. „Skelfing fannst mér hann ósnyrtilega til fara“!
- Ósoðinn** (l) Ekki soðinn; hrár. „Stærri kartöflurnar eru enn ósoðnar“.
- Ósofinn** (l) Ekki búinn að sofa í einhvern tíma. „Óttalegt *rugl* er þetta; að ætla að fara ósofinn í róður“!
- Ósogið** (l) A. Um júgur/kind; hefur ekki verið sogið. „Mér sýnist hún vera ósogin öðrumegin og orðin verulega misjúgra/halljúgra“. B. Um lamb; ekki búi að sjúga. „Gimbrin var alveg nýgotin og ósogin“.
- Ósoltinn** (l) Ekki soltinn/svangur. „Ég er nýbúinn að éta nestið svo ég er alveg ósoltinn“.
- Ósopið** (l) Ekki sopið/étið. „Enn er kálið ósopið, þó í ausuna sé komið“.
- Ósorterað** (l) Ekki flokkað. „Taktu frekar egg úr hinni hrúgunni til suðu; þar er allt ósorterað“.
- Ósómi** (n, kk) Skömm; vanvirða; þrjótur. „Hvað er þessi ósómi að vilja í framboð hér“? Meira notað í samsetningum: „Hvað í ósómanum er hundurinn nú að éta“?
- Óspakur** (l) A. Um dýr; ekki mannelst; ekki hænt að mönnum. B. Um mann; ódæll; baldinn.
- Óspar** (l) Ekki sparsamur/aðhaldssamur. „Hann hefur nú löngum verið óspar á annarra eigu“.
- Ósparlega** (ao) Ekki í hófi; sóun. „Farið ekki svona ósparlega með sykurrinn; þetta er það eina sem til er“.
- Óspektir** (n, kvk, fto) Ófriður; óeirðir; slagsmál. „Árans óspektir eru nú í drengjunum“!
- Óspennandi** (l) Sem lítið er varið í; leiðinlegur; ekki aðlaðandi. „Það er heldur óspennandi að hanga hér öllu lengur, þegar ekki er *oddsnerta* hvað þá annað. Við skulum kippa aðeins suðurávið“.
- Óspenntur fyrir** (orðtak) Ekki hrifinn af; finnst lítið til koma. „Ég er heldur óspenntur fyrir svona veislum“.
- Óspillt veður** (orðtak) Gott/sæmilegt veður. „Ég held að við ættum að fara að koma okkur í land meðan enn er óspillt veður“.
- Óspilunarsamur** (l) Eyðslusamur; galgopalegur í fjármálum.
- Óspilunarsemi** (n, kvk) Eyðslusemi; galgopaháttur í fjármálum. „Hann fór á hausinn fyrir óspilunarsemi“.
- Óspíruð** (l) Um kartöflu; ekki komin með spíru.
- Ósporrækt** (l) Ekki unnt að rekja fótspor/för. „Ósporrækt var þar sem lágarenningur hafði fyllt í slóðina, en á köflum var hún greinileg“.
- Ósprottin** (l) Um tún; ekki í mikilli sprettu. „Tún eru að stórum hluta ósprottin eftir þessa kulda- og þurrkatíð“.
- Ósprunginn** (l) Ekki sprunginn. „Sprunga var í farborði bátsins eftir áreksturinn, en önnur borð virtust vera ósprungin“. „Ég fann eitt sinn torkennilegan fetlangan álhólk rekinn á fjörur í Kollsvík; lokaðan í báða enda og með vírum útúr. Ég sagaði þetta í sundur með járnsgög og fann dökkan kekkjaðan massa innani, en rafeindabúnað í endanum. Taldi þetta sprengju. Síðar sögðu mér sprengjusérfræðingar að þetta myndi hafa verið svonefndur „marker“, en það er merkiblys fyllt með fosfór sem á að kvikna í þegar blysið kemur í sjóinn. Sögðu þeir mildi að ég hefði ekki stórslasað mig við þessar rannsóknir“.
- Óspurður** (l) Ekki spurður; sniðgenginn; ekki *inntur eftir*. „Ég var óspurður um þetta“ „Hann sagði mér þetta í *óspurðum frétum*“.
- Óst** (n, kvk) *Hóst*; holan ofan við bringubeinið á skepnum og fólki. „Kúnum finnst fátt *makindalegra* en að láta klóra sér í óstinni og í hnakkanum“. Oftar var talað um óst en hóst í Kollsvík.

- Óstabíll** (l) Óstöðugur; ekki treystandi á. „Hann hefur vinnu öðru hvoru, en hún er mjög óstabíl“. Nýleg sletta; d: „ustabil“; e: „unstable“.
- Óstaðfastur** (l) Ístöðulaus; *vingulslegur*; *laus í rásinni*. „Það þýðir ekkert að láta svona óstaðfastan aula sjá um þessa samninga; hann gengur að hverju sem þeir bjóða honum“!
- Óstaðfestur** (l) Um orðróm; ekki staðfestur/vottaður. „Ég hef bara fyrir mér þessa óstaðfestu frásögn“.
- Óstaðið** (l) Í spilum; sögn t.d. í bridge sem ekki nást slagir uppí. „Þessi tvö grönd eru óstaðin hjá ykkur“.
- Óstaðinn/óstiginn upp** (orðtak) Ekki risinn/stiginn á fætur. „Ég var rétt óstaðinn upp til að fara til dyra, þegar ég áttaði mig á að strákarnir voru að gera at í mér“.
- Óstaðlyndi** (l) Vingulsháttur; óstaðfesta; ístöðuleysi; geðsveiflur.
- Óstaðsettur í hús** (orðtak) Býr ekki á einum ákveðnum stað; heimilislaus. „Það má segja að ég hafi verið óstaðsettur í hús á þeim tíma“.
- Óstand** (n, hk) Slæmt ástand; ófni. „Það hefur bara verið bölvað óstand á kúnum hjá þeim“.
- Óstappaðar** (l) Um kartöflur; ekki stappaðar/marðar/maukaðar í *kartöflustöppu*.
- Óstálpaður** (l) Um barn/ungling; ekki fullorðinn/ kominn á legg/ harðnaður. „Það gengur ekki að setja óstálpaðan unglíng í svona ábyrgðarstöðu“!
- Óstillilega** (ao) Í geðshræringu/reiði; harkalega; heiftúðlega. „Hann tók þessu ekki óstillilega“.
- Óstilltur** (l) Baldinn; illur/slæmur viðureignar; vanstilltur. Notað m.a. um fólk, fénað, veðráttu og sjólag. „Tíðarfarið hefur verið ansi hreint óstillt upp á síðkastið“.
- Óstokkaður** (l) Um spil/spilastokk; ekki búið að stokka/rugla. „Spilin eru óstokkuð eftir síðasta spil“.
- Óstraffað** (l) Órefsað; refsilaust. „Svona glópsku er ekki hægt að láta óstraffaða“!
- Óstropað** (l) Um egg; ekki farið að *stropa*. „Ég kalla þetta alveg nýtt og óstropað; þó rauðan sé komin úti“.
- Óstuddur** (l) Án stuðnings/aðstoðar. „Stýrimaðurinn ... gekk alveg óstuddur heim að Tungu“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Óstuðlað** (l) Um kveðskap; ekki með stuðlum og höfuðstöfum. „Eitthvað rímaði þessi samsetningur, en óstuðlaður var hann með öllu“.
- Óstundvís** (l) Ekki stundvís/ næmur á tíma. „Skelfing er hann óstundvís núna“!
- Óstundvísi** (n, kvk) Það að gera ekki verk/ mæta ekki á réttum tíma. „Ég þoli ekki svona óstundvísi“!
- Óstyggur** (l) Ekki styggur/mannfælinn; spakur. „Fuglinn er óstyggari í rigningu en þurru veðri“.
- Óstyrkur** (l) Ekki sterkur/stöðugur; skjálfandi; hikandi; veiklulegur. „Heldur þykir mér þakviðirnir óstyrkir“.
- Óstýrilátur** (l) Lætur illa að stjórn; óhlýðinn. „Drengurinn er sagður nokkurð *kjafifor* og óstýrilátur“.
- Óstýrilæti** (n, hk) Óþægð; óhlýðni. „Hann var rekinn fyrir *þvermóðsku* og óstýrilæti við yfirmenn“.
- Óstætt** (l) Ekki unnt að standa vegna veðurofsa, dýpis, sjólags eða annars. „En þegar þangað kom var veðurofsinn svo, að óstætt var og sjódrifið svo mikið að lítið sást frá sér“ (MG; Látrabjarg). „Mér skaut fljótt upp aftur, en þarna var alveg óstætt vatn; líkast til svona 10-15 faðma dýpi“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans).
- Óstöðugleiki** (n kk) Það að vera ekki stöðugur; ókyrrð; órói. „Bölvður óstöðugleiki er þetta í tíðarfarinu“!
- Óstöðugur í rásinni** (orðtak) A. Um mann; kvikur/ómarkviss í skoðunum og gerðum. B. Um bát/skip; rásar; leitar; ekki stefnufast. „Ef skip þótti *skima* mikið; vera óstöðugt í rásinni var það kallað að *elta lambær*...“ (LK; Ísl. sjávarh. ÓETH).
- Óstöðvandi** (l) Ekki auðvelt að stöðva; linnulaus. „Hann fékk óstöðvandi hóstakast í miðri messunni“.
- Ósumarlegur** (l) Ekki sumarlegur; vetrarlegur að sumarlagi. „Heldur finnst mér hann ósumarlegur; komið þetta langt framá“!
- Ósundurleyst** (l) Ekki leyst/losað í sundur. „Við drógum netin óhreinsuð og ósundurleyst inn í bátinn“.
- Ósundurliðað** (l) Um reikningshald; ekki aðskilið/sundurgreint. „Þetta var ósundurliðað í bókhaldinu“.
- Ósundurslitið** (l) Ekki sundurskilið; órofið. „Þær eru búnar að halda línunni með þessu kjafæði ósundurslitið í nærri tvo klukkutíma“!
- Ósúr** (l) Ekki súr/súrsaður. „Mér finnst bringan alltaf heldur betri ósúr, en langbest er hún reykt“.
- Ósvangur** (l) Ekki svangur; langar ekki í mat. „Ég var ósvangur, en orðið nokkuð kaldur og þreyttur“.
- Ósvarað** (l) Ekki svarað. „Mörgum spurningum er enn ósvarað um fyrstu búskaparár Kolls“.

- Ósveigjanlegur** (l) Þver; ekki tilbúinn að gefa eftir skoðun/meiningu. „Hann var alveg ósveigjanlegur með verðið“.
- Ósviðinn** (l) Ekki búið að sviða. „Hausarnir eru ósviðnir í poka úti á hlaði“.
- Ósvikinn** (l) Ekki svikinn/falsaður; ekta. „Réttast væri að þessi skrattakollur fengi ósvikið kjaftshögg fyrir að láta svona nokkuð útúr sér“!
- Ósvinna** (n, kvk) Heimska; fávísi; bjánagangur; óhæfa. „Mér finnst það árans ósvinna að leggja veginn þarna“. Orðstofninn er „svinnur“ sem merkti vitur/kænn, en er fallið úr notkun.
- Ósvinnur** (l) Heimskur; óvitur. *Seint koma ósvinum ráð í hug*.
- Ósvipaður** (l) Ólíkur. „Hann er ekki ósvipaður bróður sínum“. Oftast notað með neitun.
- Ósvífinn** (l) Ófyrirleitinn; djarfur; móðgandi. „Mér finnst hann ansi ósvífinn ef hann ætlar að halda þessu til streitu“!
- Ósvífni** (n, kvk) Óskammfeilni; frekja. „Ég hef sjaldan heyrt álíka ósvífni“!
- Ósyfjaður** (l) Ekki syfjaður; *úthvildur*. „Það er betra að geyma verkið til morguns og koma að því ósyfjaður“.
- Ósykrað** (l) Ósætt. „Ætlarðu að borða skyrið ósykrað“?
- Ósyndur** (l) Kann ekki að synda. „Mörg banaslys hafa eflaust orðið í Kollsvíkurfjörum sem rekja má til þess að menn voru lengst af ósyndir. Það síðasta árið 1904, þegar Torfi Jónsson drukknaði í Snorralendingu. Ástandið í þeim efnun lagaðist stórum þegar Valdimar Össurason (eldri) hóf sundkennslu um miðja 19.öld. Menn settu það ekki fyrir sig á þeim tíma að synda í köldu mýrarvatninu í Miðlæknum“. „Torfi var ósyndur, eins og reyndar allir hinir; en þar sem hann náði aldrei taki á bátnum, varð honum allra bjargráða vant“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ósynja** (l) Ónaðsyn; þarfleysa. „Við erum ekkert að fara þetta að ósynju; ef þarna er ekkert fé“.
- Ósýnilegur** (l) Sem ekki sést. „Huldufólkið er ósýnilegt öðrum en skyggnu fólki“.
- Ósýnt** (l) Ekki séð; ófyrirséð. „Lengi vel var glíman jöfn og ósýnt hver myndi vinna“.
- Ósýnt um** (orðtak) Ekki laginn við; hirðir ekki um. „Bændum í dag er ósýnt um hirðingu ullar; enda kannski fátt sem hvetur þá til þess eins og ullarverðið er orðið“. „Honum er *helst til* ósýnt um útlitið“.
- Ósýrður** (l) Ekki súr/sýrður. „Smjör var ýmist geymt sýrt eða saltað og ósýrt; eftir að salt fór að flytjast“.
- Ósæmandi** (l) Ekki sæmandi/ við hæfi. „Svona kjaftæði er ósæmandi manni í hans stöðu“!
- Ósæmilega** (ao) Ekki við hæfi. „Þeim fannst hann víst haga sér fremur ósæmilega“.
- Ósæmilegur** (l) Óviðeigandi; meiðandi; móðgandi. „Skoðun fór engin fram hjá Ólafi Ólafssyni í Krókshúsum. Hann vissi að skoðunarmaður væri á leið frá Naustabrekku en vildi ekki halda fé inni vegna þess að langt væri liðið á dag, en klukkan var 10 f.h. er þeir skildu. Ekki vildi Ólafur heldur ná í féð, sem ekki var langt í burtu. Hafði hann heldur ósæmileg orð um skoðunarmann“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).
- Ósærður** (l) Ekki meiddur/sár. „Hrafninn var að *mynda sig til* að kroppa í kindina, en ég held að hún hafi þó verið ósærð þegar ég náði henni uppúr“.
- Ósætt** (l) A. Ekki sykrað. „Ég drekk kaffið alltaf ósætt“. B. Ekki unnt að sitja/vera. Sjá *ósætt á sjó*.
- Ósætt á sjó** (orðtak) Ekki hægt að vera á sjó. „Aftur á móti var ósætt á sjó þegar grunnbrot féll á Giljaboða og Pembu, að minnsta kosti með landtöku í Kollsvíkurveru í huga“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ósættanlegur** (l) Ekki unnt að sætta/ miðla málum. „Þessi andstæðu sjónarmið eru alveg ósættanleg“.
- Ósætti** (n, hk) Deilur; misklið. „Þarna hefur lengi verið ósætti á milli bæja“.
- Ósökkvandi** (l) Ekki unnt að sökkva. „Menn trúðu því í byrjun að Títanik væri ósökkvandi með öllu“.
- Ósölnað** (l) Um gróður; ekki fölnaður/fallinn. „Féð hefur það ágætt þarna; allavega meðan gróður er enn ósölnaður“.
- Ósöluhæfur** (l) Ekki hæfur til sölu; ekki söluvara. „Fiskur gat orðið ósöluhæfur ef svo mikið barst í hann af sandi að ekki næðist að þvo hann úr“.
- Ótakmarkaður** (l) Án takmarkana; endalaus; takmarkalaus. „Ég hef ekki ótakmarkaðan tíma“.
- Ótal** (n, hk) Það sem ekki er unnt að telja. „Þarna í klettunum á ég ótal spor“. Orðið hefur í upphafi eflaust stýrt eignarfalli, en er í dag oftast notað nánast sem atviksorð.
- Ótalað** (l) Ósagt; vantalað. „Ég á ýmislegt ótalað við hann ef ég hitti hann“.
- Ótalandi** (l) Getur ekki talað/mælt. „Ég tálkaði, þar sem hann var nánast ótalandi á ensku“.

- Ótalinn** (l) Ekki (upp) talinn. „Það eru minnst tuttugu fjár á Djúpadal og Kynngilöndum, og þá er ótalið það sem er á Stígnum“.
- Ótalmargt** (l) Mjög margt; urmull; fjöldi. „Ég gæti talið upp ótalmargt þessu til sönnunar“.
- Ótalsinnur** (ao) Margoft; mjög mörgum sinnum. „Þetta hef ég gert ótalsinnur, án nokkurra vandkvæða“.
- Ótekið** (l) Ekki búið að taka/tína/hreinsa. „Það er búið að tína öll egg af höfðanum, en enn er ótekið úr ganginum þar neðanundir“.
- Óteljandi** (l) Sem erfitt/útilokað er að telja vegna fjölda/skilgreininga. „Óteljandi ísmolar höfðu brotnað úr borgarísnum og borist uppá fjöruna“.
- Óteljanlegt** (l) Sem ekki er unnt að telja. „Farið nú uppúr dilknunum í smástund. Féð er óteljanlegt þegar það er allt á hreyfingu“.
- Ótemja** (n, kvk) Skepna (oftast hestur) sem ekki er tamin.
- Ótenntur** (l) Ekki með tennur. „Það er lítið hægt að saga með þessari *sagargeiflu*; hún er nánast ótennt!“
- Ótepptur** (l) Ekki tepptur; óstíflaður. „Vegurinn er ótepptur út í Hænuvík, en nokkur ófærð í Brekkunum“.
- Ótérlegur** (l) Ótótlegur; óhrjálegur. „Skelfing var karlinn ótérlegur á þorablótinu“.
- Ótilhafður** (l) Ekki uppabúinn/snyrtur/fullfrágenginn. „Ég get ekki mætt í veisluna svona ótilhafður“.
- Ótilhlýðilegur** (l) Óviðeigandi; á ekki við; hentar ekki. „Mér fannst ótilhlýðilegt að nefna þetta við hann þarna í veislunni“. „Er það ekki dálítið ótilhlýðilegt að strákurinn físki miklu meira en skipstjórinn?“
- Ótilkominn** (l) Ekki orðinn/kominn til. „Meðan brúin á Ánni var ótilkomin var farið á vaði, aðeins neðar“.
- Ótilneyddur** (l) Ekki neyddur/knúinn til. „Þessa leið sagðist hann aldrei fara aftur ótilneyddur“.
- Ótiltekinn** (l) Ótilgreindur; ekki nefndur sérstaklega. „Ótiltekið er hver þeirra gerði þetta“.
- Ótiltækur** (l) Ekki í handaða/kallfæri/nánd. „Ég varð að nota skiptilykil þar sem sakkann var ótiltæk“.
- Ótíð** (n, kvk) Langvarandi slæmt tíðarfar. „Það er nú varla hægt að kalla þetta annað en bölvada ótíð“.
- Ótíðarkafli** (n, kk) Tímabil erfiðrar veðráttu. „hann fer nú að verða fjári langur, þessi ótíðarkafli“.
- Ótíðindi** (n, hk, fto) Slæmar fréttir. „Þetta finnst mér hin verstu ótíðindi“.
- Ótíður** (l) Sjaldgæfur; sjaldséður. „Æðarkóngar eru ekki ótíðir gestir í Kollsvík“.
- Ótímabær** (l) Sem ekki ætti að vera komið að/ kominn tími á. „Mér finnst ótímabært að kalla strax eftir aðstoð; hugsanlega klárum við þetta án þess“.
- Ótímgun** (n, kvk) Órækt; kyrkingur; slæmur framgangur; slæm heilsa; pest. „Ekki veit ég hvaða ótímgun er í þessari kind; hún horast þó hún fái nóg af góðu fóðri“.
- Ótími** (n, kk) Óheppilegur tími; of seint/snemmt. „Við skulum ekki leggja af stað í ótíma; biðum þar til smalarnir koma framanúr vikinni“. „Hættu nú að bora í nefið á þér í tíma og ótíma“!
- Ótíndur** (l) Óvandaður; óvalinn. Nú oftast notað sem áhersluorð á undan niðrandi heiti. „Það eru auðvitað ekki annað en ótíndir þjófar sem ræna aldagömlum veiðirétti sjávarjarða og afhenda það sínum útvöldu vinum“!
- Ótjölduð** (l) Um sjóbúð; veggir ekki huldur að innanverðu ofan rúmstæða með tjöldum/dúk. „Þegar komið var í verið var fyrsta verkið „að búða sig“: Hreinsa búðirnar; tjalda veggir upp af rúmstæðum (þótt sumir létu það ógert); búa um rúm; koma fyrir matarskrínum og eldunartækjum og bera þurran skeljasand á gólfinn“ (KJK; Kollsvíkurver). Búðir á þingstöðum voru einnig tjaldaðar til forna, en þá var líklega átt við að yfir tóftina var tjaldað þaki af líni.
- Ótó** (n, hk) Ótukt; óhræsi. „Bannsett *ekkisen* ótó getur karlinn verið; að fara svona með kálfana“!
- Ótótlegur / Ótútlegur** (l) Illa til fara; tættur; skítugur. „Þú ættir nú að skipta um fót; þú ert heldur ótótlegur í þessu“. „Bretarnir voru afskaplega ótótlegir og illa á sig komnir“ (Anna Hafl.dóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Ótrauður** (l) Einbeittur; ákveðinn; ekki hikandi/trauður. „Færðin var þung, en ég hélt ótrauður áfram“.
- Ótraustur ís** (orðtak) Ís sem ekki er öruggur til yfirferðar.
- Ótroðinn** (l) Ekki þjappaður/troðinn. „Bíllinn leitaði útúr förunum; úti ótroðna mjöllina“.
- Ótrú** (n, kvk) Tortryggni; vantraust; lítill trú. „Í byrjun ríkti hin megnasta ótrú á þessu apparati“. „Af einhverjum ástæðum hef ég dálítla ótrú á að þetta lánist“.
- Ótrúlega** (ao) Ósennilega. „Þetta tókst ótrúlega vel, miðað við aðstæður“.
- Ótrúlegur** (l) Ósennilegur; lygilegur. „Þetta finnst mér nokkuð ótrúleg frásögn“.
- Ótryggilega** (ao) Ekki tryggilega; lauslega; óvandað. „Heldur fannst mér þessu ótryggilega fest“.

- Ótryggur** (l) Ekki alltaf öruggur. „Lendingin er fyrir opnu hafi, og því ótrygg; sérstaklega í norðanátt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ótryggt útlit** (orðtak) Válegar veðurhorfur. „Mér líst ekkert á að róa í svona ótryggu útliti“.
- Ótræða** (n, kvk) Ófæra; ekki fær gönguleið/tröð. „Þá var aldrei farið með stórgripi um sandinn undir Múlanum, heldur eftir hestagötu uppi í miðri hliðinni. Hitt var oftast ótræða, nema það er sjór féll yfir“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Ótt** (l) Ört; fljótt. „Og þótt fjelögum (í Umf Vestra) fækki nú ótt, þá vona ég að hann haldi í horfinu“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi).
- Ótt og títt / Hart og títt** (orðtak) Hratt og endurtekið. „Hann *drap titlinga* ótt og títt“.
- Ótta** (n, kvk) Tími sólarhrings samkvæmt gamla tímatalinu. Oftast er átt við kl 3.00 að næturlagi, en eyktin ótta taldist vara frá miðnætti, kl 12.00, til kl 3.00 að nóttu.
- Óttalaus** (l) Óhræddur. „Ég er alveg óttalaus í þeim efnunum“.
- Óttasleginn** (l) Hræddur; skelfdur. „Ég viðurkenni fúslega að ég var hálf óttasleginn þegar mest gekk á“.
- Óttalega** (ao) Skelfilega; mjög; verulega. „Gamla þinghúsið var óttalega lítið og hálfgerður hjallur, en smt voru haldin böll þarna“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Óttalegur** (l) Skelfilegur; ferlegur; mikill. „Óttalegur klaufi geturðu verið við þetta“. „Um morguninn ég uppdagaði óttalega þraut;/ ég alsettur var heljarmiklum bólum./ Með þessar rosaskellur til Þóris læknis þaut./ ég þreyttur var og linnti ekki gólum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Óttast** (s) Skelfast; hræðast. „Ég óttast mest að þeir hafi farið að fíkta í klettunum“.
- Óttast um** (orðtak) Lengja eftir; verða hræddur um. „Ég fer nú að óttast um þá; ef þeir fara ekki að skila sér“.
- Ótukt** (n, kvk) Óhræsi; slæm manneskja; fantur. „Ég er hræddur um að hann sé óttaleg ótukt við krakkana“.
- Ótuktarlegur** (l) Óartarlegur; slæmur; fer illa með. „Hún hefur stundum sætt ótuktarlegri meðferð, blessunin“.
- Ótuktarskapur** (n, kk) Ódrengskapur; óart. „Svona hrekki kalla ég nú bara ótuktarskap og ekkert annað“!
- Ótvílinn / Ótvílráður** (l) Óhikandi; óhræddur; ekki á báðum áttum. „Hann var alveg ótvílinn í þessu“.
- Ótvíraður** (l) Án vafa/efa; óumdeildur. „Hann var ótvíraður aflakóngur á þeirri vertíð“. „Mér finnst ótvírað að þetta hafi skeð með þessu móti“.
- Ótyrfður** (l) Ekki búið að tyrfa. „Hugsanlegt er að búðir fyrr á tíð hafi verið ótyrfðar að hluta eða öllu leyti“.
- Ótæk lending** (orðtak) Lýsing á lendingarskilyrðum. Gat átt við varanleg skilyrði, líkt og segir í Jarðabók ÁM: „Lending er þar (í Láganúpsfjöru) ótæk sökum brims og grynninga“. Einnig var talað um að lengding gæti orðið ótæk ef mikið brimaði. Einnig var talað um *ótrygga lendingu*, þar sem landtaka var ekki örugg.
- Ótækt** (l) Ómögulegt; gengur ekki; óþolandi. „Það er ótækt að láta féð ganga svona í túninu“! „Vermatan var þá farin að ganga til þurrðar hjá sumum, enda ótækt að geyma brauðamat svo lengi“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Ótæmandi** (l) Óþrjótandi; endalaus. „Það geta verið ótæmandi möguleikar í þessu“.
- Ótæpilega / Ótæpt** (ao/l) Í óhófi; ekki sparlega. „Helvíti hefur hann sopið ótæpilega á flöskunni; hún er *linlega* hálf“! „Taktu bara ótæpt af sandinum; nóg er af honum“!
- Ótæti** (n, hk) Óhræsi; ónýti; meinvættur; garmur. „Þessi þeytari er bölvæð ótæti“!
- Ótætis** (n, hk, ef) Óhræsis; árans; áhersluorð sem notað var í neikvæðri merkingu. „Þær eru þá komnar inná eina ferðina enn; ótætis túnrollurnar“.
- Ótætisflokkur / Ótætislýður** (n, kk) Slæmur hópur/stjórn mála flokkur. „*Það skal nú úr því teygjan* áður en ég kys þann ótætisflokk; þeir mega éta sína hatta uppá það“! „Nú er þessi ótætislýður kominn aftur inná túnin“!
- Óumbeðinn** (l) Án þess að vera beðinn. „Hann færði mér hrútinn, alveg óumbeðinn“.
- Óumbreytanlegt** (l) Sem ekki er hægt að breyta; endanlegt. „Hann sagði að þessi ákvörðun væri óumbreytanleg hvað hann snerti“.
- Óumbúinn** (l) Ekki búið að búa um. „Sárið var óumbúið, og blæddi nokkuð úr“.
- Óumdeilanlega** (ao) Sem ekki/varla verður deilt um. „Telur fundirinn það óumdeilanlega menningarlega afturför að láta útgáfu Árbókarinnar falla niður“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Óumdeildur** (l) Óvæfengjanlegur. „Össur var óumdeildur forystumaður sinnar sveitar meðan hann starfaði sem oddviti; og jafnvel allrar Vestur-Barðastrandasýslu“.

- Óumflýjanlegt** (l) Ekki hjá komist; verður yfir að ganga. „Er þar á nokkrum stöðum hægt að komast upp í hlíðina, enda er það óumflýjanlegt nokkru norðar, þar sem sjávarklettarnir heita Bekkur og ganga í sjó á nokkuð breiðum kafla“ (HÖ; Fjaran).
- Óumræðilega** (ao) *Ósegjanlega*; sem orð fá ekki lýst. „Mér finnst þetta óumræðilega leiðinlegt“.
- Óumrætt / Óumtalað** (l) Sem ekki hefur verið um rætt/ á minnst. „Það deilumál var óumrætt á fundinum“.
- Óumsamið** (l) Ekki búið að semja um. „Enn er óumsamið um kaupverðið“.
- Óungað** (l) Um egg; ekki byrjað að unga. „Eggið var örlítið *setið*, en alveg óungað“.
- Óuppdreginn** (l) Illa siðaður; ókurteis; forhertur. „Alveg er það merkilegt hvað þessir þingmenn geta stundum verið óuppdregnir þegar þeir koma í ræðustólinn og tala yfir alþjóð“!
- Óuppperður** (l) A. Vaður/færi sem ekki hefur verið hankað/gert upp. „Ég þarf að ganga frá færnum sem enn eru óuppperð“.
- B. Ógreiddur. „Mér sýnist að þessi skuld sé enn óuppperð“.
- Óuppkomin** (l) Enn á barnsaldri. „Þau eiga tvö óuppkomin börn“.
- Óupplesinn** (l) Ekki lesinn upp. „Þá er fundi að verða lokið, en enn er fundargerðin þó óupplesin“.
- Óupplýstur** (l) A. Óútskýrður; ekki vitað um. „Þetta mál er enn óupplýst“. B. Ekki fróður/lærður. „Menntapostular fyrir á tímum drógu gjarnan skýra línu milli sín og óupplýsts almúgans“.
- Óuppnæmur** (l) Æsir sig ekki yfir; fæst ekki um. „Ég er alveg óuppnæmur fyrir svona stríðni“.
- Óupprifinn** (l) Ekki búið að rífa upp. „Enn er eitthvað óupprifið af saltfiskstæðunni“.
- Óuppsett** (l) A. Um hey; ekki uppsett í galta eða hey. „Við náðum að galta megnið af sléttunni, en eitthvað rigndi óuppsett“. B. Um hár; ekki uppsett í hnút/tagl eða annað.
- Óupptalinn** (l) Ekki talinn/listaður upp/tilgreindur. „Þá er óupptalið það sem mikilvægast er...“.
- Óupptekið** (l) Um garðávexti; ekki búið að taka upp. „Það er enn óupptekið úr norðasta beðinu“.
- Óútkljáð / Óútrætt** (l) Ekki leitt til lykta. „Þetta mál er enn óútkljáð“. „Hér er margt enn óútrætt“.
- Óútskýrt** (l) Ekki útskýrt. „Enn er óútskýrt hvernig hrúturinn komst lifandi niður í fjöru á þessum stað“.
- Óvanalega** (ao) Öðruvísi en vant er. „Það er komið óvanalega mikið af marglyttu á þessum árstíma“.
- Óvandabundinn** (l) Ekki skyldur/tengdur/venslaður. „Hann er mér óvandabundinn, eftir því sem ég best veit“.
- Óvandaður** (l) Ekki vandaður/heiðarlegur. „Einhver óvandaður maður hefur stolið þessu“.
- Óvandvirkni** (n, kvk) Flaustursleg vinnubrögð; *klunnaskapur*; fljótfærni.
- Óvandvirkur** (l) Ekki vandvirkur/natinn; hroðvirkur. „Hér hefur einhver óvandvirkur komið að verki“.
- Óvani** (n, kk) A. Ósiður; slæmur ávani. „Þú þarft að venja þig af þessum óvana“. B. Skortur á vana/þjálfun. „Það má að mestu kenna þetta óvana hans, að fást við svona hluti“.
- Óvaningur** (n, kk) Sama merking og viðvaningur, en sjaldnar notað.
- Óvanur** (l) Ekki vanur; reynslulaus. „Ég er óvanur að fást við svonalagað“. „Það er ekki fyrir óvana að komast slysalaut frá þessháttar *vandaverki*“.
- Óvarðaður** (l) Um veg/leið; ekki með vörðum. „Þarna liggur óvarðaður slóði niður á brúnina“.
- Óvarfærinn / Óvarkár** (l) Gálaus; fer ekki varlega. „Mér finnst hann helst til óvarfærinn í klettum“. „Mér finnst hann *helst til* óvarkár í klettum“.
- Óvarfærni / Óvarkárni** (n, kvk) Ókærni; aðgæsluleysi. „Það væri óvarfærni að fara á sjó í þessu útliti“. „Hann þótti djarfur í sókn, án þess nokkur tíma að sýna glannaskap eða óvarkárni“.
- Óvar um sig** (orðtak) Óvarkár; ekki á verði; *ugga ekki að sér*. „Tófan var upptekin við hræið og óvör um sig“.
- Óvarlega** (ao) Ekki varlega/gætilega/ af fyrirhyggju/gætni. „Aktu ekki svona óvarlega með eggin“!
- Óvart** (l) Að ósekju; án fyrirvara. „Ég felldi kertið óvart um koll þegar ég stóð upp“. „Þau komu mér á óvart með þessari gjöf“. Sjá *koma á óvart*.
- Óvarkærnislega** (l) Óvarlega; léttúðlega. „Mér finnst þið fara óvarkærnislega á traktornum þarna í hallanum“.
- Óveðrasamur** (l) Um tíðarfar; mikið um óveður. „Þorrinn hefur verið ansi snjóþungur og óveðrasamur“.
- Óveður** (n, hk) Mjög slæmt veður; mjög hvasst og mikil úrkoma. „Er hann ekkert að *gangna niður* með þetta ansvítans óveður“?!
- Óveðurskráka** (n, kvk) Sá sem er óheppinn með veður/ á sök á slæmu veðri. „Ansans óveðurskráka er þessi nýi háseti; það hefur bara verið landslega síðan hann kom“!

Óveðursspá (n, kvk) Spá um illviðri. „Miðað við þessa óveðursspá er líklegt að maður verði bara heima“.

Óvegur (n, kk) Slæmur/úfínn/torfær vegur. „Þetta er bölvaður óvegur; þú verður bara að aka í litlu stöngunum“.

Óveiðinn (l) Ekki veiðinn. „Gættu þín að fella netið ekki of lítið, þá verður það óveiðið“.

Óveill (l) Ósjúkur; heilbrigður. „Nú þurfa allir að hjálpast að; þeir sem eru heilir og óveilir“.

Óvel (ao) Ekki vel; *miður vel*; illa. „Ýmsum þótti óvel hafa til tekist“.

Óvendilega (ao) Óvandlega; ekki vel; illa. „Þetta þykir mér frekar óvendilega gert“!

Óvendni (n, kvk) Óvandvirkni; slæleg vinnubrögð. „Þú mátt ekki venja þig á svona óvendni í vinnubrögðum“!

Óvenjufljótur (l) Óvanalega fljótur. „Þú varst óvenjufljótur í förum“.

Óvenjugóður (l) Óvanalega góður. „Þetta eru óvenjugóðar appelsínur; annað en *vatnsgjúgurnar* síðast“.
„Tíðin hefur verið alveg óvenjugóð það sem af er vetri“.

Óvenjuharður (l) Óvanalega harður; *gríðarharður*. „Veturinn var ansi rysjóttur, en ekki held ég að hann hafi verið neitt óvenjuharður“.

Óvenjuhár (l) Óvanaulega hár. „Sjór hefur *flanað* óvenjuhátt í þessum stórstraumi“.

Óvenjukaldur (l) Óvanalega kaldur. „Vorið var óvenjukalt framanaf“.

Óvenjulangur (l) Óvanalega langur. „Þetta tók óvenjulangan tíma“.

Óvenjulítill (l) Óvanalega lítið; *furðulítið*. „Það er óvenjulítill spretta á þessari sléttu núna“.

Óvenjumikill (l) Óvanalega mikill. „Það hefur sest óvenjumikill snjór í Kinnina“.

Óvenjuskæður (l) Óvanalega skæður/illvígur. „Það er víst að ganga einhver óvenjuskæð flensa“.

Óvenjustór (l) Óvanalega stór. „Þarna veiddum við óvenjustóra grásleppu í sumar“.

Óvera (n, kvk) Ögn; lítilræði; smávegis. „Ég er að verða saltlaus; það er bara óvera eftir í pokanum“.
„Vertu nú ekki að þakka fyrir meðlætið; þetta var *svoddan* óvera“. Orðið var aldrei notað í merkingunni „óvættur“.

Óverandi (l) Ekki verandi/vært; ekki unnt að vera. „Það er óverandi utandyra í svona veðri“.

Óverðskuldaður / Óverðugur / Óverður (l) Sá sem ekki verðskuldar/er ekki verðugur. „Svona þakkir í minn garð eru alveg óverskuldaðar“. „Þessi skjöl sýnir hann ekki óverðugum“.

Óverjandi (l) Ekki verjandi; *óforsvarandi*. „Það er óverjandi að láta meira fé í þetta verkefni“.

Óverkaður (l) Ekki verkaður/unninn. „Það er lítið varið í grásleppuna óverkaða“.

Óverulega (ao) Ekki að ráði; mjög lítið. „Það hefur eitthvað óverulega dregið úr veðrinu“.

Óverulegur (l) Ekki verulegur; hverfandi; mjög lítill. „Aflinn var afskaplega óverulegur“.

Óvéfengjanlega (ao) Sem ekki verður hrakið/dregið í efa. „Þetta er óvéfengjanlega hans mark“.

Óviðbúinn (l) Ekki viðbúinn/reiðubúinn. „Þessu var ég gjörsamlega óviðbúinn“.

Óviðeigandi (l) Sem ekki passar/ á við. „Mörgum þótti þetta óviðeigandi athugasemd í stólræðu“.

Óviðfelldinn (l) Fráhrindandi; ógeðslegur; óviðkunnanlegur. „Heldur fannst mér hann óviðfelldinn og ruddalegur í framkomu“.

Óviðjafnanlegur (l) Án hliðstæðu; einstakur. „Alltaf er það óviðjafnanleg tilfinning að aka framá Núpinn og líta yfir heimahagana“.

Óviðkunnanlegt (l) Ekki við hæfi/viðeigandi. „Mér fannst óviðkunnanlegt að hringja svo seint að kvöldi“.

Óviðunandi (l) Ekki viðunandi/hægt að búa við. „Mér finnst alveg óviðunandi að þetta finnst ekki í orðabók“!

Óviðurkvæmilega (ao) Ótilhlýðilega; ekki viðeigandi. „Ætli ég verði kannski ekki að kannast við það að hafa hugsanlega í einhvern tíma talað óviðurkvæmilega um hinn háæruverðuga söfnuð akademíunnar“.

Óviðurkvæmilegur / Óviðurkvæmur (l) Óviðeigandi. „Þetta voru kannski óviðurkvæmar athugasemdir“.

Óvild / Óvildarhugur / Óvildarþel (n, kvk) A. Hatur; þungur hugur. „Ég ber þó enga óvild til hans“. „Ég held að þetta hafi fremur verið af vanþekkingu sagt en óvildarhug“. B. Tregða fisks við að taka agn. „Það er óttaleg óvild á honum í svona veðri og þegar nóg æti er í sjónum“.

Óvildarmaður (n, kk) Óvinur; sá sem vill illt. „Hann átti fjölda tryggðarvina en óvildarmenn afar fá“.

Óvildarorð (n, hk) Hallmæli; styggðaryrði; rógur. „Ég hef ekki lagt honum til eitt einasta óvildarorð“.

Óvilhallur (l) Hlutlaus; óhlutdrægur; sanngjarn. „Hann var fenginn til að úrskurða í málinu, enda talinn óvilhallur og sanngjarn af þeim sem til hans þekktu“.

- Óviljandi** (ao) Án ásetnings/vilja. „Ég hellti óviljandi niður úr glasinu“.
- Óviljaverk** (n, hk) Óhapp/slys sem verður án ásetnings; ekki *ásetningsverk*. „Þetta var algjört óviljaverk“.
- Óvilji** (n kk) Tregða; neikvæðni. „Nokkur óvilji var til þess hjá bændum að tileinka sér þessi vinnugbrögð“.
- Óviljugur** (l) Tregur; ekki áfjáður um; ófús. „Fremur er ég óviljugur að taka þetta að mér“.
- Óvinafagnaður / Óvinafögnuður** (n, kk) Það sem kemur andstæðingi vel. „Það yrði heldur en ekki óvinafagnaður ef ég léti þessu ómótmælt“.
- Óvinátta / Óvinskapur** (n, kvk) Fjandskapur; misklið. „Ég held að þeirra óvinátta sé öll að baki núna“.
- Óvingast** (s) *Komast upp á kant við*; verða andvígur einhverjum. „Ég hef engan áhuga á að óvingast við hann fyrir útaf svona lítilræði“.
- Óvingjarnlegur / Óvinsamlegur** (l) Fjandsamlegur; andsnúinn. „Hann kom vel fyrir og var ekki óvingjarnlegur í okkar garð“.
- Óvinnandi vegur** (orðtak) Ekki unnt; ómögulegt. „Það er óvinnandi vegur að draga féð án þess að þrengja að því í réttinni“.
- Óvinnufær** (l) *Frá vinnu*; getur ekki unnið; frá vinnu t.d. vegna slyss eða annarrar upptöku.
- Óvinsældir** (n, kvk, fto) Almenn andúð/óánægja með. „Óvinsældir Halldórs Laxness meðal eldra fólks þarna vestra má eflaust rekja til skrifa hans um verbúðalífið, sem mönnum fannst lítið annað en rakalaus rógur og þvættingur; skrifað af hreinni vanþekkingu“.
- Óvinsæll** (l) Ekki vinsæll/dáður. „Af þessu varð hann fremur óvinsæll í byggðarlaginu“.
- Óvinveittur** (l) Ekki vinsamlegur; andvígur. „Sá þingmaður er ekki að líta við á óvinveittum bæjum“.
- Óvirða** (s) Sýna óvirðu/óvirðingu; lítilsvirða. „Það er óþarfi að óvirða gamlar hefðir í þessum efnum“.
- Óvirða / Óvirðing** (n, kvk) Fyrirlitning; skömm. „Ég geri minni ætt ekki þá óvirðu að horfa á fótboltaleiki!“ „Hinir kappsömu vermenn í Kollsvíkurlögum kunnu ýmis ráð til að sýna þeim óvirðingu sem þeir öttu kappi við í sjósókn og veiðimennsku. Eitt þeirra var það að sá formaður sem fyrir var á sjóinn en annar sýndi hinum óvirðingu með því að setjast ofangirtur á borðstokkinn og snúa sitjandanum að þeim sem varð *höndum seinni* að *setja fram*. Annar hrekkur var sá að snúa bát keppinautarins öfugt í skorðum sínum; þannig að afturstefni vissi upp á land. Þótti það sínu verra þegar bátinum var sýnd óvirðing en þó áhöfnin væri niðurlægð“ (VÖ eftir ÖG og GÖ).
- Óvirðulega** (ao) Án *tilhlýðilegrar* virðingar; niðrandi. „Talið nú ekki svona óvirðulega um látinn mann!“
- Óvirðulegur** (l) Niðurlægjandi; án *tilhlýðilegrar* virðingar. „Einn vermanna fékk það óvirðulega hlutverk að gæta þrifa þar sem menn gengu örna sinna, en sem sárabót hafði hann hið virðulega heiti „*sýslumaður*“.
- Óvirkjaður** (l) Um orkugjafa; ekki nýttur til raforkuframleiðslu. „Mestu orkuauðlindir Íslendinga eru enn óvirkjaðar, en það eru hafstraumar og ölduorka allt í kringum landið. Sá eini sem unnið að úrbótum á því sviði er Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason, en skilningur stofnana og sjóða hefur lítill verið“.
- Óviss** (l) Ekki viss/öruggur; hikandi; *á báðum áttum*. „Ég er óviss um að þetta takist“.
- Óvissa** (n, kvk) Vafi; óöryggi. „Enn er allt í óvissu um mokstur hingað úteftir“.
- Óvistlegt** (l) Ekki gott að vera/búa í. „Nútímafólki þætti líklega vistin í verbúðunum nokkuð óvistlegt“. „Bauð Össur okkur að koma með sér yfir að Láganúpi, því óvistlegt myndi verða hjá okkur að nóttu til í slíku veðri“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).
- Óvit** (n, hk) A. Vanþekking; þekkingarleysi. „Ég held að þetta hafi fremur verið af óviti gert en illvilja“. B. Fyrirhyggjuleysi glannaskapur. „Ég teldi það mesta óvit að róa í þessu útliti“. C. Ön gvit; meðvitundarleysi.
- Óvitaaldur** (n, kk) Aldur ungbarns sem ekki hefur vit fyrir sér. „Þetta tel ég mig muna rétt, þó ég hafi enn verið á óvitaaldri á þeim árum“.
- Óvitað** (l) Ekki vitað/þekkt/kunnugt. „Það er *allsendis* óvitað hvað af þessari bók hefur orðið“.
- Óvitaskapur** (n, kk) Kjánaháttur; hugsunarleysi; barnaskapur. „Ég hellti þessu niður af tómunum óvitaskap“.
- Óviti** (n, kk) A. Ungbarn sem enn hefur ekki vit fyrir sér. „Hann er nú bara óviti ennþá, þessi stubbur; það er ekki von að hann skilji þetta“. B. Líkingamál um glópskan mann. „Hverslags óvitar geta þetta verið“?!
- Óvitlaus** (l) Ekki fráleitur/heimskulegur. „Krummi er alveg óvitlaus. Það sýnir sig best þegar hann er að ná æti af hundinum“. „Ég held að það væri óvitlaust hjá ykkur að sækja kýrnar áður en hann fer að rigna“.
- Óviða** (ao) Ekki víða; á fáum stöðum. „...en hitt mun líka *sanni næst* að víða séu þau í lausara lagi, því óviða mun hafa hitnað í heyjum svo neinu nemi“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1923).

- Óvígður** (l) Ekki blessaður/vígður. „Guðmundur góði lét Heiðnukinnina óvígða þegar hann vígði Látrabjarg, svo þar mætti verða friðland vætta. Sá góði biskup taldi ástæðulaust að hrófla við lífríki vætta í björgunum kringum Kollsvík, þegar hann dvaldi þar; enda hafa þær þá líklega lifað í meiri sátt við mannlega íbúa. Því er enn nábyli trölla og huldufólks í Stórhól og Tröllkarlshelli í Hnífum, og tröllkarlinn hefur enn óhindruð undirgöng að skessu sinni í Tröllkonuhelli í Blaknum. Sömu leiðis kemst huldukötturinn enn sinna ferða neðanjarðar úr Kattarholu í Blaknum í Kattarholu í Urðahjalla“.
- Óvílsamur** (l) Hræðist ekki; kvartar ekki; *miklar* ekki fyrir sér. „Hann var áræðinn og óvílsamur; sama hvað á gekk“.
- Óvon** (n, kvk) Engin/lítill von; engar/litlar væntingar. „Ég nennti ekki að biða eftir honum í einhverri óvon“. Sjá *uppá von og óvon*.
- Óvottaður / Óvottfestur** (l) Ekki staðfestur af vitnum/vottum. „Þessi samningur er lítills virði ef hann er óvottfestur“.
- Óvæður** (l) Ekki unnt að vaða. „Mjótt sund er milli lands og Arnarboða, og þari kemur þar víðast úr sjó á stórstraumsfjöru, en þó er það algerlega óvætt“.
- Óvægilega** (ao) Án vægðar/miskunnar; óvarlega. „Farið ekki svona óvægilega að fénu í réttinni strákar“!
- Óvæginn** (l) Harður; miskunnarlaus. Notað ýmist um veðurfar, fólk og fleira. „Þorrinn hefur verið fremur óvæginn, það sem af er“. „Hann var víst nokkuð óvæginn þegar hann skammaði strákana fyrir tiltækið“.
- Óvægur** (l) Óþreyjufullur; spenntur; ákafur. „Við strákarnir vildum óvægir komast í róður“.
- Óvæni** (n, hk) Óvættur; óboðinn gestur. „Þá birtist eitthvað óvæni uppúr fjörunni“. Var í síðari tíð oftast notað um ketti sem líkingamál. „Þarna kemur þetta *kattaróvæni*“. Annarsstaðar heyrðist orðmyndin „óvæmi“ og hefur það verið talið samstofna orðinu „vomur“.
- Óvænkast** (s) Horfa til verri vegar; líta verr út. „Heldur þótti mér óvænkast um minn hag þegar hrundi úr ganginum“.
- Óvænt** (l) A. Óviðbúið; óundirbúið; fyrirvaralaust. „Það var óvænt ánægja að fá þau í heimsókn“. B. Ógnarlegt; hættulegt; *óefni*. Sjá *sjá sitt óvænna*.
- Óværr** (l) Órólegur; pirraður; uggandi. „Mér þykir barnið nokkuð óværr í svefninum núna“. „Hann var óværr yfir fénu þegar fór að falla að, og taldi vissara að fara og líta eftir því“.
- Óværa** (n, kvk) A. Það sem pirrar/ er til leiðinda. „Árans óværa er þessi túnrollufjandi“! B. Lús. „Ekki var óalgenget fyrirum að menn þyrftu að búa við óværu á sínu skinni“.
- Óværd** (n, kvk) Órói; óþreyja; værdarleysi; spenna. „Það kemur óværd í féð að vera innilokað á túnnum þegar hagar eru farnir að *taka* svona vel við sér“.
- Óvættur** (n, kk) Ófreskja; ógnarleg vera; tröll. „Óvættur er talinn hafast við á Látraheiði. Líklega er eitthvað af honum dregið í seinni tíð, en síðast réðist hann á ferðalang í byrjun 20.aldar“.
- Óyfirstíganlegur** (l) Sem ekki verður komist yfir/ sigrast á. „Þessar reglur gætu skapað mönnum óyfirstíganlega örðugleika“.
- Óyggjandi** (l) Sem ekki verður efast um/ dregið í efa. „Ég tel mig hafa óyggjandi sannanir fyrir þessu“.
- Óyndi** (n, hk) Leiði; heimþrá; ókyrrð. „Ég kvaldist af óyndi þennan tíma; fjarri fjölskyldu og heimahögum“.
- Óyndisráð / Óyndisúrræði** (n, hk) Aðgerð/framkvæmd sem þykir slæm/ er óvinsæl; neyðarúrræði. „Við þurftum að grípa til þess óyndisúrræðis að skilja eggjafötuna eftir“.
- Óýkt** (l) Engar ýkjur; lygilaust; satt. „Ég segi þér það alveg óýkt að þarna hefði draugurinn haft mig undir, hefði ég ekki kunnað sitthvað fyrir mér“!
- Óþakkað** (l) Ekki búið að þakka fyrir. „Enn er óþakkað allt hans mikla starf á þessu sviði“.
- Óxu** (s, þt) Uxu. „Á Ýlflöt óxu grös, sem hægt var að blása í röndina á; ýlustrá“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Óþarfabruðl / Óþarfaeyðsla / Óþarfainnkaup / Óþarfakostnaður / Óþarfaútgjöld / Óþarfaspred** (n, hk/kvk/kk) „Mér finnst það óþarfabruðl að kaupa þetta jólaskraut“! „Ég er ekki mikið fyrir svona óþarfainnkaup“. „Þetta eru auðvitað þínir peningar, en mér finnst þetta óþarfaspred“!
- Óþarfarask / Óþarfarót** (n, hk) Umrót/jarðrask sem talið er nauðsynjalaust.
- Óþarfátímaeyðsla / Óþarfatóf / Óþarfaverk** (, kvk/hk) Famkvæmd sem talin er teftja/nauðsynjalaus.
- Óþarfavesen** (n, hk) Óþörf vinna/fyrirhöfn. „Vertu ekki með neitt óþarfa vesen útaf minni heimsókn“.
- Óþarfi** (n, kk) Það sem ekki er nauðsynlegt/þarft. „Það er alger óþarfi að koma með meðlæti fyrir mig“. „Eyddu þessu nú ekki öllu í óþarfa“!

Óþarflega (ao) Umfram þarfir; óhóflega; of mikið. „Þú hefur gefið óþarflega mikið í gær; féð *stóð yfir* þegar ég kom í húsin í morgun“.

Óþarft er að kvíða fyrir en á dettur (orðatiltæki) Ástæðulaust er að fjargviðrast yfir því sem ekki er orðið til baga. „Ég er ekki viss um að þetta lánist hjá honum einum, en óþarft er að kvíða fyrir en á dettur“.

Óþarfur (l) A. Ekki nauðsynlegur/þarfur. „Þessi langi vaður er óþarfur fyrir svona stutt snag“. B. Til skaða/ama. „Hann hefur reynst flokknnum heldur óþarfur með öllu sínu andófi“.

Óþefur (n, kk) Fnykur; ólykt. „Skelfingar óþefur er nú af þessu“!

Óþekkjanlegur (l) Ekki þekkjanlegur; mjög breyttur. „Þú ert næstum óþekkjanlegur svona nýklypptur“!

Óþekkt (n, kvk) Óhlýðni; stífni; óþjálni. „Það var bölvuð óþekkt í kindunum sem voru fremst í dalnum“.

Óþekktarangi / Óþekktarormur (n, kk) Gæluorð um óþekkan krakka. „Hættu þessu, óþekktaranginn þinn“!

Óþekktur (l) Ekki kunnugur/þekktur. „Svona nokkuð trú ég að sé alveg óþekktur“.

Óþekkur (l) Ódæll; óhlýðinn; baldinn. „Ef þú ætlar að vera áfram svona óþekkur er hætt við að Grýla fari að finna pokann sinn“!

Óþesslegur (l) Óíklegur; ekki líklegur til. „Hann er ennþá ári slappur og heldur óþesslegur að hann sé að fara í göngur í dag“.

Óþéanlegur (l) Óhentugur; *ólánlegur*. „Þetta er heldur óþéanlegt verkfæri í svnalagað“.

Óþéttur (l) Ekki þéttur/heldinn; lekur. „Tunnan er enn óþétt; hún þarf að vatnast dálítið lengur“.

Óþiðnaður (l) Um snjó; óbráðinn. „Enn eru einhverjir óþiðnaðir skaflar í giljum“.

Óþjakaður (l) Ekki þjakaður/plagaður/mæddur. „Hann er alveg óþjakaður af feimni“.

Óþjáll (l) Ekki þægilegur/passlegur/lipurlegur; liðlegur. „Óttalega finnst mér þessi skæri vera óþjáll“.

Óþjóðalýður (n, kk) Ribbaldar; skálfar. „Þessi óþjóðalýður er búinn að koma sér vel fyrir í stjórnkerfinu“.

Óþokkabragð (n, hk) *Óþverraháttur*; slæmur hrekkur; *kvikindisháttur*. „Þetta finnst mér nú vera algjört óþokkabragð; að setja salt í vodkaflöskuna hjá karlanganum“!

Óþokkalegur (l) Óþverralegur; óþrifalegur. Þar sem Klein var í þjóðbraut fékk margur óþokkalegt það þegar ís var ótraustur“ (SE; Örn.skrá Stakkadal).

Óþokkapör (n, hk, fto) Fólksuverk; illur verknaður; skandall. „Það ætti að dæma menn í fangelsi fyrir svona óþokkapör“!

Óþokki (n, kk) Skálfur; ribbaldi; skelmir. „Ég er ekki slíkur óþokki að ég reyni ekki að aðstoða nauðstadda“.

Óþolandi (l) Sem erfitt er að umbera/þola. „Slökktu nú á þessu óþolandi *sinfóníusargi* í útvarpinu“!

Óþoli (n, kk) Gamalt heiti á eyrugga fískis, s.s. þorsks og spröku. Þjóðtrúin segir að ef þunguð kona borðar óþola af steinbít muni barnið aldrei verða kyrrt eftir að það fæðist. (JÁ; Þjs).

Óþreyja (n, kvk) Eftirvænting; erfið bið; óþol. „Ég bið með óþreyju eftir skýringu á þessu“.

Óþreyjufullur (l) Eftirvæntingarfullur; spenntur. „Ég fer nú að verða nokkuð óþreyjufullur“.

Óþreyttur (l) Ekki lúinn/þreyttur. „Hann virtist alveg óþreyttur eftir öll þessi hlaup“.

Óþrif (n, hk, fto) A. Óhreini. „Vertu nú ekki að bera þessi óhreini inn í húsið“. B. Niðurgangur; skita. „Það eru einhver óþrif í fénu. Það þyrfti líklega að fá ormalyf“. C. Skítaveður; oftast haft um slyddu eða frostlaust kóf sem settist á fólk og skepnur; seig inn í föt og gerði óþrifalegt á gólfum í skepnuhúsum og mannbústöðum. „Það verður að hleypa fénu inn; það verður bara gegnblautt í þessum óþrifum“. Einnig talað um *óþrifatið* og *óþrifaél/óþrifaveður*.

Óþrifablöti (n, kk) A. Skammvinn hlýindi sem ekki ná að bræða snjó heldur gera hann að krapa sem frýs í svell. B. Slydda sem bleytir menn og fénað.

Óþrifaél (n, hk) Snjóél með blautri slyddu sem klessist á og bleytir. „Ég lendi í þvílíku óþrifaéli að ég er eiginlega blautur innur“.

Óþrifalegur (l) Skítugur; óhreinn. „Ári er maður eitthvað óþrifalegur eftir svona verk“.

Óþrifatið (n, kvk) *Hrakviðristið*, oft með blota og frostum á víxl. „Það er enn ekki lát á þessari óþrífatið“.

Óþrifaveður (n, hk) Mikil og þétt slydda. „Við þurfum að drífa féð inn úr þessu óþrifaveðri“.

Óþrifaverk (n, hk) Verk sem fylgja mikil óþrif; skítavinna. „Einhver verður að vinna þessi óþrifaverk“.

Óþrifaverk / Óþrifavinna (n, hk/kvk) Skítverk; vinna í óhreinu/óheilmæmu umhverfi; erfiðisvinna.

Óþrifnaður (n, kk) A. Skítur; kám; óhreini. „Þessu fylgir nokkur óþrifnaður“. B. Skita í fé.

- Óþrjótandi** (l) Endalaus; sem ekki þrýtur. „Hann var óþrjótandi viskubrunnur í þessum efnum“.
- Óþurft** (n, kvk) Óþarfi; skaði. Sjá *til óþurftar*.
- Óþurftarverk** (n, hk) Illur verknaður; skaði; hryðjuverk. „Það var mikið óþurftarverk að bera þetta á bál“.
- Óþurkkakafli / Óþurkkatíð** (n, kk) Rigningatímabil; votviðriskafli. „Þessi óþurkkakafli hefur sett strik í reikninginn“. „Maður gerir lítið í heyskap í svona óþurkkatíð“.
- Óþurkkasamur** (l) Einkennist af óþurkkum. „Hjá *allflestum* munu hey vera *lakari* en í meðallagi, því sumarið var óþurkkasamt...“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).
- Óþurkkasumar** (n, hk) Sumar án góðra þurra til heyskapar. „Kýr eru einnig vanföðraðar í Kirkjuhvammi, sem orsakast af átleysi, sem áður fyr eftir óþurkkasumar“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).
- Óþurkkur** (n, kk) Votviðri; rigningatið. „Hann spáir óþurkki alla næstu viku“. „Heyin kunna að vera ekki góð sökum óþurkks undanfarið sumar, og verða *þar fyrir mikilgæfari*“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).
- Óþveginn** (l) Ekki þveginn; óhreinn. Sjá einnig *láta fá óþvegið*.
- Óþverrabragð** (n, hk) Kvikindisleg aðferð; lúalegur hrekkur. „Mér fannst það óþverrabragð að setja vatn í stólinn hjá honum“.
- Óþverraél / Óþverraslydduél** (n, hk) Niðrandi heiti á *slydduéli/bleytukafaldi*. „Við skulum bíða af okkur þetta óþverraél“. „Ég lendi í óþverraslydduéli þegar ég var *hálfnaður* heim“.
- Óþverragepill / Óþverragerpi** (n, hk) Niðrandi orð um mann; óþverri. „Það þyrfti að kjöldraga þennan óþverragepill; hverjum dettur svona ótugtarskapur í hug“?!
- Óþverraháttur** (n, kk) *Lúaleg* framkoma; *kvikindisskapur*; skandall. „Mikill óþverraháttur er þetta af honum“!
- Óþverralegur** (l) Lúalegur; skítlegur; mjög slæmur/óhreinn. „Við lentum í ansi óþverralegu éli“.
- Óþverraveður** (n, hk) Skítaveður; slæmt veður; oft notað um hvassviðri og slyddu eða dimmt él/kóf.
- Óþverraskammir** (n, kvk, fto) Miklar skammir/ávitur; óbotnandi skammir; húðarskammir. „Ég er þá ekkert að hjálpa honum við smalamennskur oftar; ef maður fær bara óþverraskammir fyrir“!
- Óþverri** (n, kk) A. Skítur; ógeð; viðbjóður. „Hvaða illa lyktandi óþverra hefur hudnurinn dregið heim“?. B. Óvandaður maður; skáلكur; ótukt. „Hann kom fram við hana eins og algjör óþverri“.
- Óþynntur** (l) Ekki útvatnaður/þynntur. „Maurasýran er hættuleg ef hún kemur á hörund; sérstaklega óþynnt“.
- Óþyrmilega** (ao) Vægðarlaust; harkalega; hryssingslega. „Mér brá óþyrmilega við þetta“.
- Óþýði** (n, hk) Illþýði; ribbaldlýður. „Ég ætla að stökkva og reka þetta óþýði úr túninu“.
- Óþýður** (l) Án þúfna; þúfulaus. „Túnið er tiltölulega óþýft á þessu svæði“.
- Óþægðarbykkja** (n, kvk) Niðrandi heiti á kind sem reynst hefur mjög erfið í smöln og/eða er strokgjörn; vanvirðir girðingar, jötubönd eða þ.h. „Hún er gjörsamlega óþolandi þessi óþægðarbykkja“!
- Óþægð** (n, kvk) Óhlýðni; mótlþrói. „Einhver óþægð er enn í vélarfjandanum“.
- Óþægðarbykkja / Óþægðargerpi / Óþægðarkvikindi** (n, kvk/hk) Niðrandi heiti á kind sem reynst hefur mjög erfið í smöln og/eða er strokgjörn; vanvirðir girðingar, jötubönd eða þ.h. „Hún er gjörsamlega óþolandi þessi óþægðarbykkja“! „Ég gafst upp við þetta óþægðargerpi og skildi hana eftir“.
- Óþægðast** (l) Sýna óþægð/mótlþróa. „Varstu eitthvað að óþægðast við hana móður þína“?
- Óþægilega** (ao) Ekki þægilega; óhægt. „Nú er að verða óþægilega heitt í bjarginu“.
- Óþægilegur** (l) Ekki þægilegur/passandi. „Mér fannst nýju skórnir dálítið óþægilegir í fyrstu“.
- Óþægindi** (n, hk, fto) Það sem ekki er þægilegt. „Mér finnst þetta dálítið til óþæginda“.
- Óþægur** (l) Ódæll; erfiður viðureignar; óhlýðinn. „Féð var óþægt, og nokkur hlaup við það“.
- Óþægur ljár í þúfu** (orðtak) Um það sem er illt viðureignar; grir mönnum erfitt fyrir. „Þessi vélarfjandi ætla að reynast okkur heldur óþægur ljár í þúfu“. Líkingin dregin af því þegar sláttumaður festir ljá sinn ítrekað í þúfu, og kennir honum um fremur en sjálfum sér.
- Óþökk** (n, kvk) Vanþakklæti; skortur á þökk. Sjá í *óþökk*.
- Óæðri endi** (orðtak) Rass; sitjandi; *gumpur*. „Mér sýnist buxurnar þínar vera *flengrifnar* á óæðri endanum“.
- Óæti** (n, hk) Vondur/óætur matur; *fátækrafæða*; *ómeti*; *hungurfæði*. „Í fæði síðari kynslóða er að finna allskonar óæti, svo sem hvítlauk, gúrkur og pasta“.
- Óætur** (l) Ekki ætur/unnt að borða. „Þessi pastaþjandi er óætur með öllu“!
- Óöfundsverður** (l) Ekki öfundsverður/sæll. „Hann er óöfundsverður af þessu hlutverki, þykir mér“.

Óöld (n, kvk) Mjög slæmir tímar.

Óöld í heiðni (orðtak) Mikil harðæri og hungursneyð sem gengu yfir í Noregi kringum 970. Flosnuðu þá margir upp og glæpir jukust stórum. Þá fjölgaði sekum *skógarmönnum* svo mikið að lögtekið var að hver gæti frelsað sig sem dræpi þrjá seka; nema um stórglæpi væri að ræða. Sjá *Skóggangur*.

Óöruggur (l) Ekki viss/öruggur. „Vertu ekkert að fara þetta ef þú ert eitthvað óöruggur“.

Óöryggi (n, hk) Skortur á öryggi/*eðlilegheitum*. „Auðvitað þykir það nokkuð óöryggi nú á tímum að búa á stað sem getur verið lokaður langtímum saman frá aðgengi að læknum, verslun og öðru“.

Pabbabarn / Pabbadrengur / Pabbastelpa / Pabbastrákur (n, hk/kk/kvk) Um börn sem þykja verulega hænd að föður sínum. „Hún sagðist alltaf hafa verið mikil pabbastelpa og meira fyrir útiverkin en inniveru“

Padda (n, kvk) A. Skordýr. „Hvaða padda skyldi þetta nú vera“. B. Líking um mann; kvikindi; viðbjóður. „Hann er stundum bölvuð padda í svona málum“. Sjá *eiturpadda*.

Pakk (n, hk) A. Skráll; óþjóðalýður; hyski. „Það þarf að reka þetta pakk úr túninu sem fyrst“. B. Þéttiefni; pakknig. „Mér sýnist að hér vanti eitthvað pakk á milli“.

Pakka inn (orðtak) Setja hlut í umbúðir. „Ég átti eftir að pakka inn einni jólagjöf“.

Pakka niður (orðtak) Ganga frá hlutum í kassa til geymslu eða í tösku til ferðalags.

Pakka saman (orðtak) Ganga frá; hætta verki. „Ég held að mjólkurbændur geti þá farið að pakka saman, ef þeir ætla að breyta mjólkurflutningunum svona“!

Pakka sig saman (orðtak) Taka saman sinn farangur og setja í tösku/kassa fyrir ferðalag/flutning.

Pakka upp (orðtak) Taka upp úr kössum/töskum.

Pakkhús (n, hk) Vöruhús; vörugeymsla. Eitt elsta pakkhús landsins er Pakkhúsið á Vatneyri á Patreksfirði, en það var reist 1897 af Péttri J. Thorsteinssyni. Húsið rúmaði 500 tonn af ís sem tekinn var úr Vatninu. Við það var frystihús sem rúmaði 200 tonn af síld, og elsta þurrkúsi landsins, byggt 1906 til þurrkunar á saltfiski með kolakyndingu. Stutt frá var byggt salthús uppúr aldamótum, og við það vélsmiðja enn síðar.

Paksaddur (l) Vel mettur; alveg saddur; *sprengsaddur*. „Nú er ég svo paksaddur að ég get varla hreyft mig“.

Pall (n, hk, lint l) Hak í vélbúnaði sem heldur hreyfanlegum vélarhluta á sínum stað, oft með gormi. „Gírstöngin á Farmalnum hrökk stundum úr palli sínu í gafflinum; til að laga það þurfti að opna girrkassann“.

Pallbill (n, kk) Vörubíll. Var áður notað um stærstu vörubíla, t.d. í vegagerð, en nú oftast um sendiferðabíla eða jeppa með palli.

Pallborð (n, hk) A. Orðið merkti upphaflega notað um pall í hinum fornu skálum. Langeldur var á gólfi og autt svæði kringum hann, en pallur/pallborð með veggjum. Á pallborði sátu einungis húsbændur og þeir sem mestrar virðingar nut, en vinnumenn og aðrir sátu á skör/prepi pallsins; voru *skör lægra settir; áttu ekki upp á pallborðið*. Settist það fólk upp á pallinn þótti sumum að *skörin væri að færast upp á pallinn*. B. Í seinni tíð er orðið notað um háborð í veislum; t.d. brúðkaupsveislu þar sem brúðhjón sitja, eða um borð í ráðstefnusal þar sem þeir sitja sem svara fyrirspurnum úr sal.

Palletta (n, kvk, lint l) Lítið vörubretti. Ekki gamalt í málinu.

Pallgólf (n, hk) Gólf klætt timburfjölum á gólfbita.

Pallietta (n, kvk, lint l) Gljáandi doppa til skrauts á kvenklæðnaði.

Pallur (n, kk) A. Almennt um slétt gólf; stall; upphækkun. B. Timburklætt gólf í baðstofu. Pallur var jafnan upphækkun frá moldargólfinu, og þar var baðstofa heimilisins, þar sem sofið var og unnin ýmis verk, s.s. tóvinna. Sumsstaðar var pallurinn einskonar 2. hæð í húsinu, og þá stundum hafðar kýr undir til upphitunar og hagræðis. Nefndust það fjósbaðstofur. C. Flutningaskúffa aftaná vörubíl.

Pamfill (n, kk) Nafn á laufgosa í spilinu þúkki. Sjá *lukkunnar pamfill*.

Panelklætt / Panelþiljað (l) Þiljað með panel.

Panell / Panill (n, kk) Þiljuviður; oftast úr þunnum grenifjölum; felldur saman í nótt og iðulega einnig strikaður.

Panna (n, kvk) A. Grunnt ílát út málni til eldunar/bökunar. B. Neðsti hluti bílvélar; olíubyða.

Pansari (n, kk) Hlífðarfatnaður/brynja úr efni sem vopn bíta treglega á.

Panta (s) Biðja um/ falast eftir til eignar. Fyrirrennarar kaupfélaga voru pöntunarfélög, en þau byggðu á að hvert býli pantaði sér vörur hjá sameiginlegum starfsmanni, sem síðan sá um að senda sameiginlega pöntun til heildsala. Með því náðist hagkvæmni í innkaup frá því að hver og einn verslaði við kaupmann. Eftir tilkomu síma og kaupfélaga með vörulager á staðnum (Hænuvík, Gjögurum, Hvalskerri) hringdi hver bær sína

pöntun inn; hún var tekin til; færð í reikning og send með næstu ferð, sem oft var landpósturinn eða mjólkurbíllinn.

Pantur (n, kk) Veð. Fyrrum tíðkuðust pantleikir barna og var orðið mest notað í þeim.

Papar (n, kk, fto) Írskir einsetumunkar fyrr á öldum. Nafnið „papa“ er latína og merkir „faðir“. Nokkrar líkur benda til þess að á Íslandi hafi verið einhver byggð þegar landnám víkinga hófst, á 9.öld. Til þess bendir m.a. Landnáma; höfuðheimildin um landnám, en þar hefur Ari fróði eftir Beda prest (d. 735) að hér hafi verið eitthvað írskt landnám fyrir. Segir svo í Landnámu: „En áðr Ísland byggðist af Noregi váru þar þeir menn er Norðmenn kalla Papa. Þeir váru menn kristnir, ok hyggja menn at þeir hafi verit vestan um haf“. Og stuttu síðar: „Í þann tíð var Ísland víði vaxit milli fjalls ok fjöru. Þá váru hér menn kristnir, þeir er Norðmenn kalla Papa, en þeir fóru síðan á braut af því at þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn, og létu eftir bækr sínar ok bjöllur ok bagla. Af því mátti skilja at þeir váru menn írskir“. Undir þetta renna stóðum sagnir af írsku dýrtingnum Brendan, sem samkvæmt þeim sigldi til Íslands kringum árið 548; gagnert til að hafa samband við írsku einsetumenn sem hér höfðu aðsetur. Ýmislegt fleira bendir reyndar til að siglingar um heimshöfin hafi orðið fyrr og umfangsmeiri en áður var talið. Þar á meðal eru hinar óljósu heimildir um gríska sæfarann Pytheas sem kann að hafa siglt hingað frá Marseille í Frakklandi árið 325 fyrir Krist. Ekki er vafi á að haffær skip voru til á þeim tíma, víðsvegar um Evrópu, og allnokkur þekking á úthafssiglingum. Hafi verið víðtækt papalandnám á Íslandi fyrir hið norræna, þá má heita öruggt að Kollsvík hefur verið álitleg til búsetu fyrir einsetumunka sem þurftu að lifa af landsins gæðum. Þar er sauðhagi góður; fiskimið við land; ágæt lending; reki og mór til eldiviðar; egg í klettum og mjög skjólasælt norðantil í víkinni; að ekki sé minnst á hina guðlegu náttúrufegurð. Líklegt er að papar hefðu þá, líkt og Kollur síðar, valið sér búsetu norðantil í víkinni; og þá sennilega á svipuðum stað og gamli Kollsvíkurbærinn stóð síðar um aldir. Hér er rétt að glugga í vangaveltur Árna Óla fræðimanns, sem vildi færa rök fyrir því að Kollur sjálfur hafi verið papi, og skrifaði árið 1979 í bók sína „Landnámið fyrir landnám“: „Kollur hefur áreiðanlega verið kristinn og má vera að honum hafi verið falin trúboðsstörf, eins og Örlygi. Hann braut skip sitt í vík þeirri sunnan Patreksfjarðarfloa er enn heitir Kollsvík og við hann er kennd. Þarna settist hann að, en nam ekkert land nema víkina; örlítinn blett sem ekki líktist neinu landnámi, meðan enn var af nógu að taka. Gæti það bent til þess að hann hafi hugsað meira um trúboð en búskap. Vel má vera, þótt þess sé ekki getið, að hann hafi reist kirkju í Kollsvík. (Þarna var kirkja í kaþólskum sið, og var bærinn þá nefndur Kirkjuból). Kollsnafn kemur nokkuð víða fyrir í örnefnum, og eins í samsettum viðurnefnum, svo sem Ólafur jafnakollur, Þorgrímur hærुकollur, Ásgeir æðikollur, Óssur slagakollur. Slíkur viðurnefnum fjölgar þegar framí sækir. Í Noregi er Þorgeir afráðskollur um þær mundir er Ólafur Tryggvason kemur til ríkis. Þorgeir átti heima í Niðnesi og mun hafa verið fróður maður (lærður?). Ari fróði hafði fróðleik sinn um Noregskonunga eftir Oddi Kollssyni, Hallssonar á Síðu, en Oddur nam af Þorgeiri afráðskoll. Þar kemur „kolls“-nafnið fyrst fyrir í Noregi svo vitað sé. Að öllu athuguðu tel ég lítinn vafa leika á því að Kollur hafi merkt sama og Papi á landnámsöld, og að Kollafirðirnir þrír hér á landi og Kollabúðir sé við Íra kennd, og á þessum stöðum hafi verið Papaver, þegar norrænir landnemar komu hingað“. Svo segir í bók Árna Óla. Allt er þetta áhugavert umhugsunarefni, fyrir þá sem eru tilbúnir að efast um bókstaflega meiningu Landnámu þar sem haldið er fram m.a. að Kollur hafi heitið á Þór í sínum hrakningum. Forvitnilegt væri að horfa yfir öxl síðari tíma fornleifaræðinga þegar hafist verður handa að greina hinar miklu hleðslur og aðrar mannvistarleifar í Kollsvík. Þar kann margt að koma á óvart. (VÖ).

Pappakassi / Pappastokkur (n, kk) Kassi úr pappa. Oftast eru kassar nútildags úr bylgjupappa, en áður oft úr massívum pappa. Þannig voru t.d. *molasykurskassar* sem þóttu mjög gagnleg ílát á sinni tíð, eftir upprunalega notkun. Mjög lítil pappakassi nefnist pappastokkur.

Pappaspjald (n, hk) Spjald úr pappa. Þau voru til margvíslegra nota; t.d. sem undirlag sláturvarnings. Handhæg pappaspjöld voru notuð til skrásetningar á staðnum, t.d. númer lamba þegar markað var í haga; fengnar ær þegar farið var með hrút og númer fugls þegar farið var í *fuglamerkingaleiðangur*.

Pappi / Pappír (n, kk) A. Pappír er safnheiti um hvaðeina blað eða spjald sem gert er úr pappírskvoðu. Pappi er notað um þykkann pappír; hvort heldur er gegnheilan eða bylgjupappa. B. Pappír er einnig notað um skjal, og gæluorð um mann; „Hann er nú ekki merkilegur pappír í mínum augum“.

Pappírslað / Pappírörk (n, hk) Blað/örk úr pappír. „Áttu pappírslað sem ég get fengið“?

Pappírbréf / Pappírslappi / Pappírssnifsi / Pappírsmiði (n, kk) Pappír; pappírssnifsi; bréfmíði. „Finndu einhvern pappírslappa til að hafa með í fjárhúsin, þegar við förum með hrútinn“.

Par (n, hk) A. Tvenna; tveir hlutir sem eiga saman, s.s. kærustupar, skópar, hnífapar, bollapar o.fl. B. Ögn, arða, það sem er lítilfjörleg. „Ég er ekki par hrifinn af þessum hugmyndum“. „Hann sagði ekki par“.

Para (s) Búa til par. „Fuglarnir eru farnir að para sig saman“.

Para (n, kvk) *Bumbur*; hamur; húð á fugli. Heitir oftast *bumbur* í Kollsvík.

- Paradísarsæla** (n, kvk) Sérlega góð vist; blíða. „Það mátti hanga á þessu í vestangutlandanum, þó ekki væri það nein paradísarsæla“.
- Parrak** (n, hk) Þrengsli; örtröð. „Féð ruddist út úr réttinni; fegið að sleppa úr parrakinu“. Parrak mun áður hafa verið notað um ól/taum.
- Parraka** (s) Yfirleitt um fé; hnappa saman; hafa í þröngum hópi. „Það er vont að þurfa að parraka féð lengi í vona þröngu hólfu meðan það bíður slátrunar“.
- Parruk** (n, hk) Hárkolla.
- Parta** (s) Skipta upp í parta/hluta/búta. „Þegar bæjum fjölgaði voru túnin pörтуð í smáskækla“.
- Partur** (n, kk) Hluti; bútur. „Túninu var skipt í tvo parta“. Sjá einnig *á pörtum*; *sér á parti*; *mestanpart* ofl.
- Partí** (n, hk) Safn hluta; fjárhópur. „Leyfið okkur að komast allavegana norður á Hallinn með Kollsvíkupartíið áður en þið hleypið Látrapartíinu úr réttinni“. „Kaupfélagið var að fá nýtt partí af gúmmískóm“.
- Partur** (n, kk) Hluti; stykki. „Túnið á Láganúpi hét ýmsum nöfnum eftir því hver parturinn var. Þessir voru helstir: Túnshali, Þrjótur, Hólar, Svunta, Bæjarbrekka og Urðir“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Pass** (uh) Sögn í spilum, s.s. vist. Merkir að maður taki ekki afstöðu; hafi enga sögn. Sjaldnast er heimilt að segja pass í förhönd.
- Passa** (s) A. Gæta; sjá um. „Passaðu að féð sleppi ekki út um hliðið“. B. Segja pass í spilum. „Ég held ég passi þetta bara“. C. Duga; nægja. „Ég átti fimm krónur og það passaði fyrir skíðum“ (IG; Sagt til vegar II).
- Passandi / Passlegur** (l) Sem passar/fellur. „Mér sýnist þessi peysa vera alveg passandi“.
- Passasamur** (l) Aðgættinn; á verði. „Hann er mjög passasamur í peningamálum“. Meira notað af Kollsvíkum en orðið „pössunarsamur“ sem annarsstaðar þekktist.
- Passasemi** (n, kvk) Aðgæsla; aðhaldssemi. „Það er nú dálítið annað passasemi með peninga en hrein níska“.
- Passi** (n, kk) A. Ákveðin regla/venja/*rútína*. Sjá *viss passi* og *pass* í spilum. „Þetta er passinn hjá kúnum; byrja á því að gá hvort hliðið sé lokað á garðinum“! B. Vottorð; vegabréf. C. Það sem passar/ er hæfilegt/venjulegt. „Þetta er að verða passinn hjá okkur; hálf tunna í róðri“.
- Passíusöngur** (n, kk) A. Söngur um krossfestingu og þjáningar Krists. B. Kirkjulegur söngur, og þá helst það sem er sönglað/tónað og er einkum áberandi í kaþólskum messum.
- Passklossi** (n, kk) Kubbur í veggþykkt sem hafður er í steypumótum til að halda þeim sundur þar til steyp er.
- Passlega** (ao) Mátulega; hæfilega. „Þú kemur passlega; ég var að hella uppá“. „Ketið er passlega saltað“.
- Passlegur** (l) Hæfilegur. „Ég þjakkkaði svo hingað, á piparsveinamót./ Passlegan ég vildi hafa drenginn./ Ég er nú reyndar hvorki lagleg eða ljót/ á liðnum árum vildi mig þó enginn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Pasturslítill** (l) Mannlýsing; *veigalítill*; *lítill að manni*; *veiklulegur*. Þetta er nú óttalegur *rýringur* greyið og ég er hræddur um að hann verði pasturslítill við dráttinn“.
- Pat** (n, hk) A. Bending/sveifla með höndum. „Vertu ekki að þessu pati út í loftið; ég sé ekkert hvað þú ert að benda mér á“! B. Vandræði; vesen. „Það var allt í pati hjá þeim; netið í skrufunni og stýrið bilað“.
- Pata** (s) Benda ótt og títt; baða út höndum. Sjá *hafa pata af*.
- Patent** (n, hk) A. Sniðug lausn; snjöll hönn. „Mikið asskoti er þetta mikið patent“. B. Einkaleyfi. „Eina íslenska patentið sem fengist hefur fyrir hverfli er í höndum Kollsvíkings“.
- Pati** (n, kk) Hugboð, grunur. Sjá *hafa/fá pata af*.
- Patína** (n, kvk) A. Diskur undir *oblátur*. B. Líkingamál um lítinn disk; *platur*.
- Patró** (n, sérn) Stytting á nafninu Patreksfjörður, og á styttingin eingöngu við þorpið sem áður var Geirseyrri og Vatneyri. Patró varð til sem sjálfstætt sveitarfélag með klofningi úr Rauðasandshreppi árið 1907, en var svo sameinað aftur ásamt fleiri sveitarfélögum þegar Vesturbyggð varð til. Eldra folki þótti styttingin gárungsháttur og héldu sig ýmist við Vatneyri“ eða „Patreksfjörð“. „Ég þarf að skreppa inn á Patró“.
- Patróna** (n, kvk) Skoþhylki. „Eftir skytterið söfnuðum við saman tómunum patrónum; sorteruðum þær eftir tegundum og geymdum eins og dýrgripi. Var illa séð af húsmæðrum að finna birgðirnar undir rúmunum“.
- Patt / Pattstaða** (n, hk/kvk) Staða sem getur komið upp í skák, þegar hvorugur getur leikið og skákinni því lokið. Notað í líkingamáli um svipaða læsta stöðu í öðrum tilefnum.
- Pattaralegur** (l) Feitur; kubbslegur. „Hann er nærri óþekktanlegur; svona feitur, pattaralegur og með skalla“.
- Patti** (n, kk) Snáði; lítill drengur. „Ég var bara patti þegar þetta skeði“. Sjá *smápatti*.

Pauf (n, hk) Puð; þóf; erfiði. „Ég gafst loks upp á þessu paufi og kallaði eftir aðstoð“.

Paufa (s) Bisa við; dragnast með; draga með erfiðismunum. „Einhvernvegin tókst mér að paufa trénu uppúr fjörunni einsamall“.

Paufast (s) Ganga með erfiðismunum, t.d. í myrkri, mótvindi og/eða ófærð. „Hvað ertu að paufast þetta í myrkrinu? Hafðu frekar vasaljós“.

Paufi (n, kk) Litill poki; posi; *pokaskjatti*; *gjúðra*. „Hann hélt á litlum paufa með föggum sínum“.

Paur (n, kk) A. Náungi; maður. „Þarna kemur paurinn, þá getum við farið að setja niður“. B. Fjandinn; djöfullinn. „Paurinn sjálfur! Ég gleymdi nestinu minu heima!“ „Ja, hver paurinn“!

Pausi (n, kk) Litill poki. „Nesti höfðu menn með sér á sjóinn í litlum pausa; kaffi, smurbrauð, fýlsegg og stundum ávexti“.

Páfagaukalærdómur (n, kk) Utanað-/utanbókarlærdómur án skilnings á efninu.

Páfaskák / Páfatafl (n, kvk/hk) Sá almenni verknaður að kúka/ *hafa hægðir* á klósetti, *kamri* eða í *guðsgrænni náttúrunni*. Dregið af því að *tefla við páfa*. Það orðasamband var þó mun meira notað en þessi nafnorð.

Pálegg (n, hk) Álegg; ostur, kæfa eða annað sem sett er á smurbrauð. Dönskuletta sem var sumum töm, en er líklega hvorki gamalt né almennt í máli Kollsvíkinga.

Páll / Pálreka (n, kk/kvk) Stungureka af gamalli gerð, með þykku blaði. Pállinn var undanfari nútíma stungureku; forðum einatt úr tré en egg/var járnslégin.

Pálmasápa (n, kvk) Handsápustykki sem framleidd voru um tíma af sápugerðinni Sjöfn á Akureyri. Líklega hefur verið notuð í þau pámaolía sem þá var vinsæl.

Pálmasunnudagur (n, kk) Næsti sunnudagur fyrir páska ár hvert. Haldinn heilagur vegna þess að þá átti Kristur að hafa riðið inn í Jerúsalem, og íbúar að hafa stráð pálmagreinum á leið hans.

Pálsdagur / Pálsmessa (n, kvk) 25 janúar. Þann dag á Sankti Páll að hafa snúist til kristni eftir að hafa mætt Jesu Kristi á veginum til Damaskus, og eftir það stundað trúboð í stað ofsókna á kristnu fólki. Pálsmessa var merkur veðurspáðómsdagur, því eftir henni var talið að myndi víðra um vorið; a.m.k. í aprílmánuði. Allt til loka 20. aldar höfðu eldri menn í Rauðasandshreppi yfir þuluna; „Ef heiðríkt er og himin klár/ á helga Pálsmessu/ mun þá verða mjög gott ár/ mark skalt taka á þessu“.

Pápíska (n, kvk) Rótgróin íhaldsemi/forneskja/*forstokkun* í siðum. „Þótti sumum þetta *jaðra* við pápísku“

Pápískur (l) Íhaldssamur/forneskjulegur/*forstokkaður* í skoðunum og afstöðu. „Hann þykir dálítið pápískur varðandi þessa siði“. „Það mun hafa verið venja eftir siðaskipti að óvirða pápískar kirkjur og kirkjugarða með því að byggja þar gjarnan fjós og önnur útihús enda hefur fjósið og fjóshlaðan staðið þarna í aldir“ (SG; Rústír; Þjhd.Þjms).

Pár (n, hk) Ógreinileg/ólæsileg/lítillfjörleg skrift; krot. „Eitthvað pár sýnist mér vera hér á blaðinu“.

Pára (s) Gæluorð um að skrifa/rita. „Ég páraði eitthvað um þetta á blað“.

Párandi (l) Skrifandi.

Pása (n, kvk) Síðari tíma sletta um hvíld/vinnuhlé.

Páskafasta (n, kvk) Langafasta; sjöviknafasta; fasta kristinna manna fyrir páska. Páskafastan var haldin á fyrri tíð, og hófst hún sunnudaginn 7 vikum fyrir páska. Strangt föstuhald var þó ekki fyrir en með öskudegi, og stóð þá í 40 virka daga til páska.

Páskafrí (n, hk) Frí frá vinnu og skóla um páskatímamann.

Páskar (n, kk) Elsta hátíð kristinna manna og sú mikilvægasta; haldin til minningar um dauða og upprisnu Krists. Hátíðin og nafnið er þó mun eldra og á rætur í minningarhátíð Gyðinga um það að Drottinn hlífði Ísraelsmönnum í Egyptalandi þegar hann deyddi frumburði Egypta. Nafnið er á hebresku „pesakh“ sem merkir framhjáhaup/sniðganga. Í fyrstu héldu kristnir menn páska á sama tíma og Gyðingar, þ.e. um fyrstu tunglfyllingu eftir vorjafndægur. Síðar var ákveðið að páskadagur skyldi alltaf vera sunnudagur um það leiti.

Pedali (n, kk) Fótstig; *ástig*. „Það þarf að herða pedalan á reiðhjólínu“. „Hafðu bremsupedalana samlæsta á Farmallnum“.

Peðra (s) Dreifa; sáldra. „Vertu nú ekki að peðra sykrinum um allt borðið“!

Peðringur (n, kk) Það sem dreift/sáldrað er; dálítið. „Það var nokkur peðringur af smáufsa en lítið af þorski“.

Pekill (n, kk) *Pækill*; saltupplausn til söltunar á matvælum. Venja var að segja og skrifa orðið með „e“ í Kollsvík, en annarsstaðar virðist „æ“ hafa verið algengara. Sjá má dæmi um þetta m.a. í viðtali Hallgerðar Gísladóttur á þjóðháttadeild Þjóðminjasafns við Sigríði Guðbjartsdóttur á Láganúpi, um reykingu matvæla,

en það er birt á vef þjóðháttadeildarinnar. Styrkur pekils er talinn hæfilegur ef í honum marar meðalstór kartafla, en sumir vildu þó að hann fleytti stærri kartöflu með *tútommunagla*.

Pekilsaltaður (l) Saltaður í *pekil*/saltupplausn. „Rauðmaginn var stundum pekilsaltaður fyrir reykingu“.

Pekilsöltun (n, kvk) Söltun matvæla í *pekil*; ekki *þurrsöltun*. „Sumir velja pekilsöltun framyfir þurrsöltun“.

Pekilmælir (n, kk) Mælir til að mæla styrkleika pekils/saltlausnar, annaðhvort kvarðaður flotmælir eða kartafla af hæfilegri stærð sem í er stungið nagla.

Pelabarn (n, hk) A. Barn sem notar pela. B. Mannlíking í niðrandi merkingu.

Pelamál (n, hk) Kanna til að mæla vökva í *pelum*. Orðið var meira notað áður fyrr, þegar vín var flutt til landsins á tunnum og látið renna úr þeim í pelamál áður en hellt var á flöskur eða annað.

Pelastikk (n, hk) Hnútur af sérstakri gerð. Sé pelastikk rétt hnýtt er það mjög tryggt. Það er m.a. notað af bjargmönnum þegar festa þarf vað tryggilega um festu.

Peli (n, kk) A. Fjórðungur úr potti/lítra. B. Lítil flaska; brennivínspegi; barnapeli. C. Tolla; ræði; þollur. „Band var í pokunum; tilsníðið að smokka ofanyfir pelann framan, og láta þá svo leggjast undir kinnungana á bátnum,, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Pell (n, hk) Dýrt fínofið fataefni/klæði, líkt silki. Einungis fordildar- og fyrimenn fyrri tíma klæddust „pelli og purpura“, og var notað sem háðsyrði um aðra.

Pelk / Hóstapelk (n, hk) Hósti; þrálátur hósti; *bopp*. „Mér list ekkert á pelkið í þér; hefurðu prófað að taka mixtúrana“? „Það heyrðist ekki mannsins mál fyrir hóstapelkinu í karlinum“.

Pelkja (s) A. Hósta. „Ég er búinn að vera pelkjandi í allan dag; gæti trúað að ég sé að kvefast“. B. Ganga; einkum við erfiðar aðstæður; í mótvindi eða ófærð. Hugsanlega stofnskyllt við verkfærið pál, þannig að menn stingi fótum í fönn líkt og pál í jarðveg eða hósti með svipuðu hljóði og ef páll væri notaður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar o.fl.).Notað í mæltu máli til þessa dags í Kollsvík en virðist ekki þekkt annarsstaðar. Merking orðsins er önnur í Orðab.Menn.sj. en þar þýðir það „að háma í sig“; sú var aldrei merkingin vestra.

Pelsa (s) Síðari tíma orð um það að flá loðdýr sem alin hafa verið í búri, og gera söluvöru úr skinninu/pelsinum. Notað á þeim tímum þegar refarækt var í Kollsvík á 9.áratug 20.aldar.

Pempía (n, kvk) Aumingi; tilgerðardrós. „Óttaleg pempía ertu! Að þola ekki þó maður leysi ölitinn vind“.

Pempiuháttur / Pempíuskapur (n, kk) Ofurviðkvæmni; tilgerð; aumingjabragur. „Óttalegur pempiuháttur er þetta; að geta ekki snert á hrífu eða kvísl vettlingalaus“!

Pempiulegur (l) Tilgerðarlegur; aumingjalegur. „Vertu nú ekki svona andskoti pempiulegur; taktu innanúr fiskinum, fyrst þú varst að veiða hann“!

Pendúll (n, kk) A. Kólfur sem sveiflast til beggja hliða í taug. Pendúll hefur tilhneygingu til að halda sveiflu sinni meðan ekkert hindrar hann; vegna jarðsnúningsins virðist frjáls pendúll því snúa sveiflu sinni í hring á einum sólarhring. „Pendulus“ á latínu merkir „hangandi“. B. Kólfur í klukku/pendúllklukku.

Penheit (n, hk, fto) Fínheit; tilgerð; *smurfus*. „Það er ekki hægt að vera með gaffal eða önnur penheit þegar svið eru étin. Langbest er að halda á þessu í greipinni og kroppa það uppí sig með hnífnum“.

Peningaastur (n, kk) Eyðsla/sóun fjármuna. „Svona verklag við vegagerð er bara peningaastur“.

Peningaleysi / Peningaskortur (n, hk/kk) Fátækt; fjárskortur; blankheit. „Þeir kvarta um peningaleysi“.

Peningalítill (l) Með lítill fjárráð; blankur. „Undir vorið voru skóladrengir orðnir peningalítillir“.

Peningaplokk (n, hk) Óréttmæt innheimta fjár; okur. „Þetta er nú ekkert annað en peningaplokk“.

Peningasóun (n, kvk) Eyðsla á fé. „Ég held að þessi kaup séu hrein peningasóun“!

Peningaveski (n, hk) Seðlaveski.

Peningseign (n, kvk) Eign í búfé/búpeningi. „Peningseign bænda rýrnaði mjög í fellinum“.

Peningsfellir (n, kk) Fjárfellir; mikill dauði búfjár. „Peningsfellir af harðindum hefur ekki orðið á síðari tímum“.

Peningshirðing (n, kvk) Umhirða búfjár. „Um þá er sérstaklega fódra vel, s.s. bændurna á Lambavatni, er öðru máli að gegna. Þar verða lítill mistök; hvorki í heyverkun né peningshirðingu. Er ekki annað hægt að segja en að afkoman þar sé í besta lagi; svo góð að þar er sú fyrimynd sem vert er að fara eftir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1933).

Peningshús (n, hk, fto) Útihús fyrir búfé; fjós, hlöður, hesthús o.fl.

Peningur (n, kk) A. Fémæt mynt; gjaldmiðill; peningaseðill. B. Upphæð. „Þetta er allmikill peningur“. C. Búfé, s.s. kindur, kýr, hestar, hænsni o.fl. Sjaldnar notað í þeirri merkingu á síðari tímum. „Ég ræð því

almennt *til* að spara *hey fyrirhluta* vetrar handa þeim pening er notið getur beitar...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1929). „*Undanskil* ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er *verka* betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu *umdæmi*. Samfara því er frábær *hirðing* hjá þeim á öllum pening“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Penn (l) Finn; vel klæddur. „Mikið ertu pen í tauinu núna; ertu að fara á ball“? Framborið með dn-hljóði.

Pennadó (n, kvk) Blikkdós sem í eru geymdir pennar, þ.e. endar sem settir voru framaná pennastöng og dýft í blekbyttu fyrir daga sjálfblekungspenna og kúlupenna. Nefndust slíkir pennar einnig *fjaðrir/pennaþaðrir*.

Pennadropi (n, kk) Lítil dropi; lítið magn af vökva. Oftast notað í neitunarsetningum. „Það er ekki pennadropi eftir í könnunni“.

Pennafeill / Pennavilla (n, kk) Misritun; mistök við ritun/stafsetningu. „Ég sé að hér hefur orðið slæmur pennafeill hjá mér“.

Pennafjöldur (n, kvk) A. Flugfjöldur af fugli sem notuð er sem penni. Þetta voru löngum skriffæri Íslendinga, m.a. þau sem skinnhandrit voru rituð með. B. Yddað stálblað sem sett er framaná pennastöng og síðan notað sem hin náttúruleg fjöldur til skriftar. Í notkun frameftir 20. öld, eða þar til sjálfblekningar og kúlupennar komu til. Sjá *pennadó*.

Pennafær (l) Lipur skrifari; skrifar læsilega hönd; rétt málfar og áhugaverða framsetningu efnis.

Pennaglaður (l) Skrifar mikið; ekki *pennalatur*.

Pennahnífur (n, kk) Lítil lipur hnífur; notaður fyrrum til að ydda *fjaðurpenna* þegar hann varð sljór.

Pennalatur (l) Lítið fyrir skriftir; skrifar lítið. „Maður hefur verið frekar pennalatur í seinni tíð“.

Pennaleti (n, kvk) Það að vera pennalatur. „Þú verður að afsaka pennaleti mína“.

Pennalipur (l) Viljugur/duglegur/ að skrifa; vel ritfær. „Fáir voru pennaliprari en Össur á Láganúpi. Bæði skrifaði hann listagóða rithönd og hafði snilldarleg efnistö, og var þar á ofan mjög rökfastur“.

Pennaljós (n, hk) Vasaljós með tveimur mjóum rafhlöðum; líkt og penni í útliti og stungið í brjóstvasa.

Pennastokkur (n, kk) Tréhirsla sem algeng var áður til geymslu á ritföngum, einkum hjá skólabornum.

Pennastöng / Pennaskaft (n, kvk) Fyrirrennari *lindarpenna*; stöng/skaft sem pennafjöldur úr stáli var stungið í. Þess háttar pennum var dýft í blekbyttu áður en skrifað var. „Seinna skiptum við á stykkinu og góðri pennastöng, en hún ætlaði að hætta að skrifa eftir fermingu“ (IG; Æskuminningar).

Pennavilla (n, kvk) Villa/ rangt skrifað orð með penna; *pennafeill*.

Penni (n, kk) A. Skriffæri til ritunar með bleki. Í fyrstu, og um aldir, flugfjöldur fugls með afskornum oddi, síðar stöng með stáloddi sem einnig var dýft í blek, síðar sjálfblekningar/lindarpennar og nú eru algengastir kúlupennar/tússpennar. B. Gæluorð um mann sem þykir vel pennafær/ er pennalipur.

Penta (n, kvk) A. Lítil heyflekur. „Afraksturinn eftir þennan orfaslátt okkar afa bárum við niðurá nýslegið túnið í smáflekki sem afi kallaði pentur og rifjuðum þá með gamla laginu“. (GÖ; Míningabrot frá Láganúpi). Penta mun sumstaðar hafa verið notað um skítahlass, eða klessu af öðru tagi. B. Síðari tíma orð yfir bátavél af gerðinni penta, en pentur voru í einhverjum bátum í Kollsvíkurveri.

Pensill (n, kk) Áhald með handfangi skafti í annan enda en þéttum hárum í hinn, notað til að mála eða bera á. Notað yfir ýmskonar pensla; allt frá hárfinum listmálarapenslum upp í nokkurra tommu breiða þakpensla.

Pensla (s) Mála/ bera á með pensli.

Pentudúkur (n, kk) Munnþurrka sem höfð er hjá hverjum gesti þegar fram er borinn veislumatur á fínum vetitingastað; servíetta úr taui. Þvældist almennt lítt fyrir borðhaldi bænda.

Pergament (n, hk) Bókfell; skinn sem verkað hefur verið til að rita á það; sútað skinn. Oftast er þá helst átt við skinn af ungum geitum og sauðfé, sem mikið var notað erlendis, en síður kálfskinn sem mest var notað hérlandis. Þó nota útlendingar orðið yfir efnið í okkar handritum, sem við köllum vanalega skinn. Notkun pergaments til ritunar mun hafa staðið frá því um 200 árum fyrir Kristsburð, og er það kennt við borgina Pergamon í Litlu-Asíu.

Perla (n, kvk) A. Lítil hvít/skelplötugljáandi kúla sem verður til innaní sumum skeljum, s.s. ostrum. B. Lítil skartgripur með gati sem þræddur er upp á festi/perlufesti. Sjá *kasta perlum fyrir svín*.

Perla (s) Glitra eins og perlur; safnast í perlur. „Vatnið perlaði á bónuðum bílnum“.

Perlufesti (n, kvk) Band sem perlur hafa verið dregnar uppá og notað sem skartgripur kvenna.

Perlugler (n, hk) Öryggisgler; gler sem brotnar í finan sand þegar það brestur, en ekki stórar flísar. Perlugler er því jafnan notað í bílrúður í dag, en þar er það einnig laminerað; þ.e. með plastfilmu á milli, sem heldur glerbrotunum saman þó rúðan brotni.

Perlugljái / Perlumóðurgljái (n, kk) Gljái hlutar sem líkist gljáa perlu; skeljagljái.

Perlulím (n, hk) Lím sem er í formi perla þegar það er keypt, en síðan brætt upp og notað heitt til límingar á ýmsu, t.d. pappír. Mikið notað t.d. við bókbönd.

Perlumöl (n, kvk) Möl sem sorfin er í vatni/sjó/jökli, þannig að hún er rúnnuð. Á oft fremur við fingarða möl.

Perluskel (n, kvk) Skel sem perlu vaxa í. Stærstar verða þær í ostruskelinni Petria margaritifera, sem lifir í Inlandshafi. Hún verður allt að 25 cm og er mikið veidd og ræktað vegna perlanna.

Perm (n, hk?) A. Áhald til útsaums: „Svo var áhald sem margar konur áttu sem hét perm. Það var rennt úr beini; a.m.k. það sem ég á (mynd), og notað til að gera göt þegar saumaður var svokallaður enskur saumur“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms). B. Jarðsögulegt tímabil; síðasta tímabil fornaldar; fyrir 299-251 milljón árum.

Permanent (n, hk) Krullur í hári, sem settar eru í með t.d. hárrúllum eða annarri aðferð.

Persía (n, kvk) Forn nafn á því landsvæði sem nú er nokkurnvegin Íran. Þar stóð hið mikla Persaveldi fyrrum.

Persónubundið (l) Háð persónu; bundið við einstakar persónur.

Persónufylgi (n, hk) Kjörfylgi eins manns í flokki, sem er e.t.v. ekki það sama og flokksins.

Persónugera (s) Binda umræðu um málefni við eina persónu; forma málefni í myndlíkingu manneskju.

Persónulega (ao) Sem persóna/manneskja. „Ég græði ekkert á þessu persónulega, heldur félagið allt“.

Persónulegur (l) Með persónusérkenni; sem beinist að manneskju. „Þetta verður að vera með almennara orðalagi; þú mátt ekki leyfa þér að vera svona persónulegur“! „Þann 17. apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar árásar í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Persónuleiki (n, kk) Það að vera einstök/sérstök persóna; mjög litríkur/áhrifaríkur karakter. „Hann var afskaplega sérkennilegur persónuleiki“.

Pertlína (n, kvk) Akkerisfesti; stjórafæri. „Við drekann var fest svonefndum *forhlaupara*, en það var mjó og liðlega keðja, 20-30 faðmar að lengd. ... Síðan kom *stjórafærið*, eða hin svonefnda pertlína; gildur kaðall úr besta hampi. Stjórafærið var 300-350 faðmar á lengd (sem akkeri á skútum)...“ (GG; Skútuöldin).

Perudós (n, kvk) Blikkdós með niðursoðnum perum, en fyrrum var þessi ávöxtur eingöngu fáanlegur þannig.

Pervisinn (l) Rýr; aumingjalegur. „Strákurinn var óttlega lítill og pervisinn þegar hann kom fyrst í sveitina“. Ekki er augljós skýring á orðinu. Líklega hefur það upphaflega verið „bervisinn“ og þá í sömu merkingu og *beinaber*. B í upphafi orðs verður svo sterkara í framburði með tímanum.

Pest / Pestarsótt (n, kvk) Smitsjúkdómur; *smitpest*. Notað fyrir yfir mannskæða smitveiki, en mun víðtækara síðarmeir. „Einhver árans pestarskítur er að hellast í mig“.

Pestardrulla / Pestarfjandi / Pestarfýla / Pestarmolla / Pestarskítur / Pestarstand (n, kvk/kk) Lýsandi orð yfir veikindi af *smitpestum*. „Það er að hellast í mig einhver pestardrulla“. „Ég er ekki orðinn góður af pestarskítinum enn“. „Það er eitthvað árans pestarstand þar á bæ“.

Pestargemlingur / Pestargemsi / Pestarungi (n, kk) *Pestsækin* manneskja. „Óttalegur pestargemlingur geturðu nú verið, greyið mitt“. „Hann er svoddan pestarungi grípur allan ófögnuð sem er á ferðinni“.

Pestarket (n, hk) Ket af sótt dauðum gripum, t.d. úr bráðapest, en það er ekki talið hæft til neyslu.

Pestarlossi (n, kk) ...óviss merking... (e.t.v. sama og pestargemlingur; VÖ) Orðið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Pestaróvera / Pestarvottur (n, kk) Væg einkenni *pestar*. „Einhver fjárans pestaróvera er þetta líklega“. „Ég er ekki frá því að þetta sé einhver pestarvotur“.

Pestnæmur / Pestsækinn (l) Hætt við að sýkjast af pestum/farsóttum. „Maður er orðinn svo skolli pestsækinn í seinni tíð“.

Pestveikur (l) Veikur af umgangspesit/smitsjúkdómi. „Hann liggur enn pestveikur heima“.

Petti (n, hk) Blettur; lítið svæði/reitur; í seinni tíð notað um lítinn stall eða vik í klettum. „Hér inni í gjanni er dálítið petti sem auðvelt er að komast í. Þar má oft ná dálitlu af eggjum“.

Pex (n, hk) Þras; rifrildi; *múður*. „Vertu nú ekki að þessu *béuðu* pexi alla tíð, krakki“.

Pexa (s) Jagast; deila; þræta; nöldra. „Ég nenni ekki að pexa meira um þetta“!

Peyi (n, kk) Gæluorð um mann í milt niðrandi merkingu; náungi; gripur; kóni. „Ég held að sá peyi ætti bara að halda sig á mottunni“!

Peys / Peysa (n, kk/kvk) Þrjúnuð ytri flik ofan mittis. . „Réttu mér peysinn minn; hann liggur þarna á stólnum“.

Peysuföt (n, hk, fto) Íslenskur kvenbúningur sem samanstendur gjarnan af peysu, pilsu, svuntu, slifsi, peysubrjósti og skothúfu. Hefur líklega fyrst farið að tíðkast í lok 18.aldar.

Peysugarmur / Peysugopi / Peysulufsa / Peysuræfill (n, kk/kvk) Gæluorð um peysu. „Sérðu nokkuð hvar ég lagði af mér peysulufsuna mína“?

Peysufatasvunta (n, kvk) Svunta sem tilheyrði peysufötum kvenna. „Fyrir ein jól man ég eftir að hún saumaði mér kjól úr peysufatasvuntunni sinni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Peysugarmur / Peysugopi (n, kk) Gæluorð um peysu; léleg peysa. „Ætli sé ekki rétt að fara í peysugarminn ef hann er að kólna“. „Réttu mér peysugopann þarna af stólnum“.

Pési (n, kk) A. Bæklingur; þunn bók. B. Gæluorð um lítilfjörlegan mann eða strákhnokka.

Pétur og Páll (orðtak) Safnheiti um hvern sem er. „Ég er ekkert hrifinn ef hann er að lepja þetta slúður í Pétur og Pál“! „Hann gekk þegjandi út og kvaddi hvorki Pétur né Pál“.

Pétursbeita (n, kvk) Lubbi; kverksigi á þorski. Hann var talin *tálbeita* fyrir þorsk og var skorinn úr með svipuðum hætti og *gellan*, nema að úr varð skálmarað stykki. Kennd við Pétur postula vegna þess að á henni er *pétursskeggið*.

Pétursblettur / Pétursrák Svartur blettur aftan við auga ýsu og svört rák aftur eftir búknun. Sagt draga nafn af því að Pétur postuli vildi grípa ýsu og náði góðu taki þar sem bletturinn er, en ýsan rann samt úr greip hans og er rákin ummerki um það. Orðin finnast ekki í orðabókum en hafa, ásamt sögunni, lifað góðu lífi í munnlegri geymd Kollsvíkinga. Sagan er annarsstaðar sögð á annan hátt: „Eitt sinn þreyttu skolli og Sankti-Pétur fiskdrátt. Dró skolli þá ýsu or er hún kom að borði sagði Pétur; Sleppi það sem heldur“. Losnaði ýsan þá af önglinum, en skolli brá hendinni útfyrir borðstokkinn og tók um ýsuna fyrir aftan eyruggana, en hún straukst úr greip hans. Sagði þá skolli; „Sleip er ýsan“. Eftir fingur hans; skollatakið, ber ýsan svarta bletti við eyruggana og svarta tauma langs með síðunum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Heitið Pétursfiskur yfir ýsu vísar í þessa sögu.

Péturslamb (n, hk) Lamb sem löngum tíðkaðist að fódra fyrir sóknarprestinn, og talið í gustukaskyni. Kirkjan hafði fyrrum kverkatak á öllu þjóðlífi og blóðþíndi bændur eins þeir framast þöndu. Ekki var nóg með að hver bóndi sem grasnyt hafði var skyldugur að fódra svokallað *prestlamb*, hvernig sem áraði, heldur var í kaþólsku tekinn upp sá siður að bændur fódruðu bæði eða annaðhvort Péturslamb og Maríulamb. Kvöðin mun lengst hafa haldist sumsstaðar á Norðurlandi og Snæfellsnesi, og var ekki endanlega afnumin fyrr en 1909. Ekki er vitað hvort eða hvenær hún hvíldi á bændum í Saurbæjarsókn og nágrannasóknum.

Pétursmessa (n, kvk) Einn af messudögum kaþólsks siðar. 22.febrúar. Til minningar um það þegar Pétur postuli stofnaði biskupsstól í Antíokkíu í Sýrlandi. Sú þjóðtrú var við hana bundin að talið var að svo víðraði næstu 40 daga sem víðraði á Pétursmessunótt.

Pétursmessa og Páls (orðtak) 29.júní ár hvert. Til minningar um postulana tvo.

Pétursmold (n, kvk) Barnamold; kísilgúr. „Fremst í Hvangröðum var á bletti hvít mold sem kölluð var pétursmold“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Pétursskip / Pétursbudda (n, kvk) Egg skötunnar, en þau eru sægræn/svört að lit, ferhyrnd, fremur flöt og með festiþræði í hornunum. Pétursskip rak oft á fjörur í Kollsvík meðan skatan var algeng á Vestfjarðamiðum. „Sankti Pétur átti eitt sinn að segja hvaða fiskakyn hann áltí helgast og eðlisbest í sæ. Bað hann þá Guð að sýna sér það; varpaði síðan út öngli sínum og dró þegar skötu. Sankti Pétri þótti fiskurinn ljótur og fleygði honum út aftur. En svo fór þrem sinnum að hann dró skötu. Slægði hann hana þá og fann í henni buddur þær sem Pétursbuddur eru kallaðar... Sérstakt happ þótti að finna pétursbuddu með steini í, sem þá var óskasteinn. Maður átti að láta hann á tungu sér og óska sér einhvers, en óskasteinn var hann aðeins í það eina skipti. Úr því átti að geyma hann í buddunni; sem dró þá að sér fé svo lengi sem aurar voru hafðir í henni. Því var almennt trúað að sá sem geymdi pening í pétursbuddu hefði peningaheill“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Pétursskegg Skegg; þráður neðan á trjónu þorsks. Kennst við Pétur postula en tenging þess óviss.

Pétursspor (n, hk) Lóðrétt felling framan á höku; mismundi greinilegt eftir persónum. Kennst við Pétur postula en ástæða þess mun nú týnd. „Sumir eru með áberandi pétursspor í höku“

Pikkfastur (l) Alveg fastur; *þrælfastur*. Algengt í seinni tíð að nota um bíla sem gjarnan sátu fastir í ófærð yfir Hænuvíkunháls eða aðra fjallvegi. Einnig um annað: „Kýrin *álpaðist* ofan í skurðinn og sat þar pikkföst“. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Pikkfalur (n, kk) Dragreipi úr enda pikks á loggortusegli. Pikkfalur gengur í gegnum blökk í sjálfu mastrinu, og þannig er auðvelt að hækka og lækka pikkinn að vild.

Pikkreist (l) Um seglabúnað; annar endi seglrár þversegls/loggortusegls mun hærri en hinn. Sjá *pikkur*.

Pikkur (n, kk) Halli/hæðarmunur sem myndast á reistri rá á báti með þversegli, en þó einkum loggortusegli þar sem pikkurinn er um 2/3 hlutar seglrárinnar. „*Dragreipið* var fest nokkuð fyrir framan miðju á ránni og á skektum var þriðjungur hennar fyrir framan rábragðið. Seglráin reis því miklu hærra að aftan, enda seglið sniðið þannig. Hæðarmunur þess hét pikkur, og seglið *pikkreist*“ (LK; Ísl sjávarhættir II).

Pilja (n, kvk) Trénaður gróður; stöng eða sina. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Pilkur (n, kk) Sakka á færi til skakveiða. „Í Kollsvík heyrði ég (VÖ) orðið notað um heimasmíðaðar sökkur sen smíðaðar voru í mínu minni. Þá var bráðnu blýi rennt í járnhólk og *sigurnagli* í enda. Á þá voru ekki festir krókar. Annarsstaðar á landinu virðist pilkur einungis eiga við sökkur með áföstum krókum“.

Pilla / Pillast (s) Tína; velja úr. „Ætlaðu að pilla þetta uppí þig með puttunum“? „Ertu ekki sofnaður enn strákur? Pillaðu þig uppí eins og skot“! „Ætli við förum nú ekki bara að pillast *heimáleið*; þetta er orðið gott í dag“. St-endingin er þarna notuð eins og í „komast“, „drattast“ og víðar. Hún er stytting af „sig“ og var fyrrum „sik“; „komask“; „drattask“.

Pilla sig (orðtak) Hypja sig. „Pillið ykkur strax í rúmið strákar“! „Ætli maður fari ekki að pilla sig af stað“.

Pilla af/inn/i/upp/úr (orðtök) Tína. „Vertu nú ekki að pilla hýðið af nýjum kartöflum“! „Við pillum sláturlömbin inn í dilkinn“. „Bíddu meðan ég pilla mig í sokkana“. „Perlufestinn slitnaði, og það var handleggur að pilla perlurnar upp úr gólfinu“. „Ertu að pilla rúsinurnar úr kökunni drengur“?

Pilludót / Pilludrasl / Pilluhaugur (n, hk/ kk, ft) Niðrandi heiti á töflum/ ofgnótt taflna. „Það er ekki nokkur lífsins leið að lifa á þessu pilludrasli alla sína hundstíð“! „Læknirinn lét mig hafa einhvern pilluhaug til að koma þessu í lag“.

Pilsasláttur / Pilsapytur (n, kk) Kraftur/flýtir í kvenmanni; vargagangur. „Það var naumast pilsaslátturinn á þeirri gömlu á þorrablótinu“!

Pilsgarmur / Pilsgopi (n, kk) Gæluorð um pils; lélegt/hlífðarlítið pils. „Og svo var stelpuskátan illa búin í þokkabót; húfulaus, *berleggjuð* og í einhverjum pilsgopa sem náði varla niðurfyrir klof“!

Pilsvargur (n, kk) Skammaryrði um ákveðna/illskeytta konu. „Vesalings karlinn; að búa við þennan pilsvarg“!

Piltungur (n, kk) Gæluorð um strák/pilt. „Svona öflugur piltungur getur verið á við fullorðinn í smalamenskum“.

Pinkill (n, kk) Böggull; lítill pakki. „Pinkillinn var í maskinupappír og bundið að með seglgarni“.

Pinnfastur (l) Alveg fastur/festur; niðurnegldur. „Réttu mér kúbeinið; þetta er alveg pinnfast“.

Pinni (n, kk) Tittur; lítill nagli; smáspík.

Pinkulítið (l) Örlítið; pínulítið. „Varstu pinkulítið hræddur að ganga þetta einn í myrkrinu, stúfurinn minn“?

Piparjúnka / Piparkarl / Piparkerling / Piparmey / Piparsveinn (n, kvk/kk) Háðungarheiti yfir einstaklinga sem ekki eru í sambúð/giftir. „Ég er á sextugsaldri, og silfra tekið há/ en samt ég vildi hamingjunnar leita. Því piparkerling hef ég verið alltaf þessi ár/ en ætla að finna hnossið upp til sveita“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Pipra (s) A. Nota pipar í mat. B. Vera ekki í sambúð. „Eg fer að halda að hann ætli að pipra alla ævina“.

Pirra (s) Ergja; ama; fara í taugar/*pirrur*. „Það pirrar mig dálítið að hafa misst af lúðunni, svona rétt við borðið“. „Veriði nú ekki að pirra karlangann svona síknt og heilagt strákar“. „Maður getur bara pirrast af því einu að sjá myndir af þessari þingmannsnefni“!

Pirraður (l) Argur; úrillur; fúll. „Það gagnast víst ekkert að vera pirraður yfir veðrinu“.

Pirrandi (l) Ergilegt; til leiðinda; ertandi. „Svona tuð er afskaplega pirrandi *til lengdar*“.

Pirringur (n, kk) Kurr; ami; ergelsi. „Það er einhver pirringur í mönnum vegna aflaleysis“.

Pirrur (n, kvk, fto) Ergelsi; ami. „Þetta eilífa suð fer svo óskaplega í pirrurnar á mér“

Pissa í skóinn sinn (orðtak) Sjá *eins og að míga/pissa í skóinn sinn*.

Pissa/míga á/í sig (orðtök) Pissa í buxurnar. „Nú sýnist mér að sá stutti sé búinn að pissa í sig“.

Pissa/míga undir (orðtök) Pissa óvart í bóliðs sitt; missa þvag í svefni. Stundum notað sem vísun til ungbarnaaldurs. „Hverskonar bjánaskapur er þetta í mönnum; eru þeir ekki hættir að pissa undir“?!

Pissa upp í vindinn (orðtak) Um einstrengingshátt sem þykir mjög kjánalegur; berja hausnum við steininn. „Það er eins og að pissa upp í vindinn að halda þessu til streitu“. Í seninni tíð notað um verkfræðinga, en líklega mun eldra í málinu en sú stétt.

Pissa utaní (orðtak) Koma sér í kynni við/ mjúkinn hjá; eltas við. „Strákurinn hefur eitthvað verið að pissa utaní stelpuna af næsta bæ“.

Pisserí (n, hk) Klósett á almenningssalerni fyrir karlmenn að pissa í; *mígildi*; hlandskál. „Svo voru sett upp tvö dýrindis pissarí á strákaklósettinu í nýja skólanum; nú held ég að menn geti slysaust migið standandi“! Líklega má eigna GJH heiðurinn af þessu nýyrði eins og fleirum, en orðið var almennt notað eftir byggingu nýs skóla í Fagrahvammi, ásamt orðinu *mígildi*.

Pistill (n, kk) A. Kafli í biblíunni/ritningunni; í þröngri merkingu notað um bréf postulanna. B. Í síðari tíð notað einkum um blaðagrein eða ræðu. Stundum um skammarræðu. „Ég las honum pistilinn og sagði honum umbúðalaust mitt álit á þessu“.

Pítsa / Pítsufjandi (n, kvk/kk) Flatbaka; pítsa. Kollsvíkingar báru fæstir mikla virðingu fyrir þessum ítalska þjóðarrétti þegar pítsuæðið brast á hérlendis síðla á 20. öld. „Það verður enginn vinnandi maður saddur af þessum pítsufjanda; næfurþunnum hveitibleðli með tómatsósulepju“!

Pía (n, kvk) Dönskuletta yfir stúlku; pige. „Hvaða píu var hann með *upp á arminn* á ballinu“?

Píkuskærkir (n, kk, fto) Hvell óp/hróp; hvíur. „Skárri eru það nú andskotans píkuskærkirni í ykkur“!

Píla (n, kvk) A. Ör. „Ég hljóp eins og píla og náði að komast fyrir fjárhópinn“. B. Magapína; niðurgangur. „Ég fékk einhverja árans pílu í magann“.

Pílagrímsganga (n, kvk) Ferðalag af hugsjón/þrjúsku án mikilla vona um árangur. „Ég gæti trúað að þessi smalamennska verði bara pílagrímsganga, en það er nú kannski rétt samt að fara þetta“.

Pílatusarþvottur (n, kk) Viðleitni til að *hvítþvo* sig af slæmum málarekstri/niðurstöðum. „Ég er hræddur um að þessi pílatusarþvottur hjá ríkisstjórninni blekki engan“.

Pílári (n, kk) Spelur. Oftast notað um rennda mjóa spítu sem ásamt mörgum slíkum mynda grindverk, t.d. í stiga eða fyrir kirkjualtari.

Pílaraverk / Pílaragrindverk (n, hk) Grindverk úr pílarum.

Pílusending / Píluskot (n, kvk/hk) Örvarskot. Oftast notað sem líkingamál um skammaryrði eða athugasemdir sem fara á milli manna. „Það eru ennþá einhverjar pílusendingar á milli þeirra útaf þessu“.

Pína (n, kvk) Kvöl. „Það var alger kvöl og pína að sitja á þessum bekkjum“.

Pína (s) Kvelja; *pynta*. „Vertu ekkert að pína þig til að borða þetta ef þér líkar það ekki“.

Pína/þvinga til sagna (orðtak) *Ganga hart að einhverjum til að hann segi frá/ leysi frá skjóðunni*.

Píningarbekkur (n, kk) Upphaflega píningartæki; nú notað í afleiddri merkingu um slæma/neyðarlega aðstöðu eða það að þjarmað sé að. „Ég játa það aldrei fyrr en á píningarbekknum að hafa kosið þennan flokk“!

Píningsdómur (n, kk) Dómur sem Diðrik Píning höfuðsmaður kvað upp á Býjaskerjum á Suðurnesjum árið 1490, þar sem mörkuð voru lok vetrarvertíðar ár hvert. Segir þar m.a.; „So oc dæmdum vier j sama dome at vertid skyllidi wera ute a faustudagen þa ix nætr ero af sumre oc setia þa upp skip oc bua vel um og seigia af sina abyrgd“. Dómurinn fjallaði einnig um skuldir Norðlendinga við Sunnlendinga og lúkningu þeirra, þó nú sé ekki ljóst hvernig þær voru tilkomnar. Svonefndur *skipadómur* árið 1564 varðaði einnig vertíðarlengd.

Pínlegt (l) Neyðarlegt; afkáralegt. „Honum þótti dálítið pínlegt að sitja undir þessu slúðri um sitt nánasta fólk“. „Það yrði pínlegt ef flokkurinn neyðist til að framfylgja stefnumálum fyrri stjórnar, sem hann barðist gegn“.

Pínsaddur (l) Búinn að borða ærið nóg; pakksaddur. „Ekki meira fyrir mig, þakka þér fyrir; ég er alveg pínsaddur“.

Pínsfullur (l) *Sneisafullur; troðfullur; smekkfullur*. „Við setjum ekki meira í þennan dílk; hann er pínsfullur“.

Pínsfylla (s) *Kjafsfylla; troðfylla; yfirfylla; fleytifylla*. „Vertu ekki að pínsfylla fötuna; þá er bara erfiðara að koma henni upp á brún á handlegg“.

Pínshlaðinn (l) Um hleðslu á báti; hlaðinn eins og framast er unnt. „Mér finnst ekkert vit í því þegar menn eru að koma með bátana svo pínshlaðna í land að ekki megi slá af vél án þess að fljóti inn“.

Pínulítið (l) Mjög lítið; örlítið. „Mér finnst það pínulítið skrítið“. „Svo setjum við pínulítið af salti í þetta“.

Pípa (n, kvk) A. Fremur mjótt rör. B. Reykjarpípa. Sjá *pípustertur*.

Pípa (s) Tuða; nöldra. „Það þýðir ekkert að vera að pípa um þetta“.

Pípandi (l) Um niðurgang/skitu; rennandi; ákafur. „Ég er búinn að vera með pípandi drullu í allan dag“!

Pípubarningur / Pípusláttur (n, kk) Það að berja reykjarpípu í sterkan öskubakka til að ná úr henni ösku síðustu reykinger. Slíkur barningur gat verið langvarandi og hávaðasamur; einkanlega ef pípukóngurinn var orðinn þröngur og kolaður að innan. Veikari öskubakkar þoldu slíkt illa og því voru öskubakkar reykingamanna sterkbyggðir. Össur á Láganúpi notaði lengi vel holustein af Hnífunum fyrir öskubakka.

Pípubræla / Pípusvæla / Pípureykur (n, kk) Reykur/reykjarkóf úr reykjarpípu. „Bölvuð pípubræla er nú hérna inni; datt engum ykkar í hug að opna glugga“?!

Pípuhlóð (n, kvk) Glóð í tóbaki í pípu meðan verið er að reykja. „Hann sat nokkra stund í mykrinu og hugsaði eftir að hann hafði slökkt á luktinni; og var pípuhlóðin eina týran þarna á fóðurganginum“.

Pípuhaus / Pípuhákur (n, kk) Fremsti hluti reykjarpípu, sem tóbak er reykt úr. Pípuhákur var algengara heiti vestra. „Ári er nú að verða þröngur pípuhákurinn hjá mér.“

Pípuhreinsari (n, kk) Mjór vír eða annað sem unnt er að nota til að hreinsa reykjargöng pípu af pípusósu og öðrum óhreiningum. Sérstakir pípuhreinsarar voru til skamms tíma seldir í búðum; vír sem í var snúð mjúku filti. Voru þeir einnig nokkuð notaðir í fönður af ýmsu tagi.

Pípusósa (n, kvk) Sterkur svartbrúnn lögur sem gjarnan safnaðist í reykjargöng reykjarpípu. Samanstóð líklega af munnvatni, tjöru og öðru sem féll út úr reyknum. Pípusósa var vanalega hellt út um munnstykki pípu, en stundum þurfti að hreinsa með pípuhreinsara.

Pípuskafa (n, kvk) Áhald sem notað er til að skafa innanúr pípuháki, en með mikilli notkun hætti þeim til að kolast að innan.

Pípusteinn (n, kk) Kol sem safnast innanum pípuhausinn/pípuhákin við margendurtekna reykjar. Var stundum hreinsaður út með pípusköfu, vasahníf eða öðru áhaldi. En það þurfti að gera varlega því oft var kóngurinn sjálfur orðinn veikari en pípusteinninn og sprakk þá út.

Pípustertur (n, kk) Gæluorð um reykjarpípu. „Pípureykingar voru nokkuð almennar í Útvíkum um og eftir miðja 20. öld, eingöngu þó meðal karlmannna, og margir settust varla svo niður að ekki væri pípusterturinn kominn á loft; bæði við útivinni og inni í húsum. Pípur voru í ýmsum gerðum og mislangar; sumar með beinum legg en aðrar bognar, þannig að kóngurinn var neðar munnstykkinu. Minni hætta var þá á því að pípusósan rynnir í munn reykjarmanns. Nokkuð viðhald var á pípum; innan í pípuhákin vildi safnast pípusteinn og sumum hætti til að bita illyrmislega í munnstykkið ef pípa var í munn og mikið var umleikis, eða mönnum hitnaði í hamsi. Pípuhreinsarar; flosaður vír, voru notaðir til hreinsunar á pípum, en stundum þurfti að nota grannan vír eða puntstrá ef þeir voru ekki við hendina þegar pípa stíflaðist. Undir aldamótin voru pípureykingar svo að segja aflagðar, enda stöðugur og trúverðugur áróður rekinn gegn þeim. Nú kemur enginn lengur inn í íbúðarhús þar sem ilmandi pípureykur hlykkjast í lofti líkt og ský í miðjum hlíðum. Ekki heyrir lengur slegið úr pípu eða eldpýta dregin við stökk. Menn dunda sér ekki lengur við að troða í kóng meðan mál eru brotin til mergjar. Án þess að dreginn sé í efa óhollusta reykja, þá má geta þess að enginn okkar Laganúpsbræðra hefur beðið tjón af því að alast upp við allmiklar óbeinar reykjar, og fæstir okkar hafa nokkrusinni notað tóbak“ (VÖ).

Píputott (n, kvk) Niðrandi orð yfir reykjar; það að reykja/totta pípu. „Maður er hálf feginn að vera laus við þetta píputott og vesenið sem því fylgir“.

Píputóbak (n, hk) Tóbak sem notað er til pípureykinga; reykjtóbak. Í Gjögubúð voru einkum seldar tvær tegundir af píputóbaki; mest af Prince Albert en einnig nokkuð af Half and half“.

Píra (s) A. Skammta mjög lítið; mjatla. „Það er til bóta að píra örlitlu lýsi í föðrið hjá fénu fyrir burð“. B. Stara með kipruð/nær lukt augu. „Með því að píra augum upp í særakið gat ég grillt í ströndina“.

Píreygur (l) Með kipru/nær lukt augu. „Ósköp verður maður píreygur af reyknum í kofanum“.

Píringur (n, kk) A. Smáskammtar; mjatla. „Það væri nú betra að greiða þetta árlega heldur en að vera að þessum píringi í hverjum mánuði“. B. Lítilshattar snjócoma; lítið fjúk. „Það er lítilshattar píringur úr lofti“.

Pírumpár (n, hk) Afkárleg/ofhlaðin skreyting/teikning; krot. „Hvað skyldi svo þetta pírumpár eiga að vera“?

Pírumpára (s) Krot; rissa. „Hvað ertu að pírumpara á þetta blað“?

Píska (s) Lemja með vendi/svipu/ól eða öðru, hýða.

Píska út (orðtak) Niðast á; lemja áfram; jaska út. Sjá útpísikaður.

Pískra (s) Hvíslast á; tala saman í lágum hljóðum. „Hvað eruð þið að pískra“?

Pískur (n, hk) Hvískur; hvísl í hálfum hljóðum. „Ég heyrði eitthvað hvískur um þetta; ég veit ekki meira“.

Pískur (n, kk) Svipa; vöndur.

Písl (n, kvk) A. Lítilfjörlegur maður eða skepna; rýringur. „Þessi tvílembingur er óttaleg písl“. B. Þjáning. Heyrist lítið notað í þeirri merkingu nema í trúarlegum tilliti.

Píslarganga (n, kvk) A. Ganga sem menn fara í trúarlegum tilgangi til að gera yfirbót vegna synda sinna. B. Þung spor; erindi sem erfitt er að reka. „Ætli hamn verði ekki að leggja í þessa píslargöngu og tala við bankastjóran“.

Píslarvættissvipur (n, kk) Andlitssvipur sem sýnir armæðu/uppjöf. „Hvaða píslarvættissvipur er þetta“?

Plampa (s) Ganga; *labba*. „Ég lét mig hafa það að plampa alla heiðina í rigningunni“.

Plokkunarkutti (n, kk) Hnífur til að plokka fugl. „Notaðir voru sérstakir hnífar, kallaðir plokkunarkuttar. Þeir voru með sérstöku lagi og liprir í hendi; heimasmiðaðir, venjulega úr ljáblöðum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Pjakka (s) A. Pikka/stinga, t.d. í fastan jarðveg. „Það verður verk að pjakka niður úr klakanum“. B. Ganga; röлта. „Hann pjakkaði eitthvað niður á Bakkana“. „Ég pjakkaði svo hingað, á píparveinamót./ Passlegan ég vildi hafa drenginn./ Ég er nú reyndar hvorki lagleg eða ljót/ á liðnum árum vildi mig þó enginn“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Pjakkur (n, kk) Stubbur; kútur; gæluorð um smástrák. „Varstu að detta á hausinn pjakkurinn minn“?

Pjara (s) Lappa uppá; lagfæra; bæta. „Ætli maður verði ekki að pjara eitthvað við þetta sprungna dekk“.
„Potturinn var orðinn lekur en ég pjaraði við það með *kjarnorkukítu*“.

Pjaskast (s) Basla; rísla; burðast. „Ég nenni ekki að pjaskast með alltof mikið af ílátum; við höfum líklega ekki mikið af eggjum upp úr svona *snagi* í byrjun varps“.

Pjatt (n, hk) Tilhald; óþarfa finheit. „Þetta má nú kalla óþarfa pjatt“.

Pjatla (n, kvk) A. Bútur af klæði; bót. B. Gæluorð um fatnað.

Pjattaður (l) Sá sem viðhefur pjatt. „Heldur ertu nú pjattaður; að draga fram blankskó fyrir þetta tilefni“.

Pjattrófa (n, kvk) Tilhaldssöm manneskja. „Hún hefur nú alltaf verið dálítill pjattrófa í sér“.

Pjási (n, kk) Lítill poki; malur. „Ég setti hvítu ullina í stóran balla en sú dökka komst í lítinn pjása“.

Pjátrari (n, kk) Blikksmiður. Stundum notað sem gæluorð um óhönduglegan smið; *klastrari*.

Pjatur (n, hk) Blikk; tinhúðuð málmþynna; ónýti. „Óttalegt pjatur er nú í þessum kínversku vörum“.

Pjaturdós (n, kvk) Blikkdós; t.d. niðursuðudós eða neftóbaksdós.

Pjaturdiskur (n, kk) Diskur úr *pjátri*. „Ég þreif vekjaraklukkuna af pjaturdiskinum er ég staðsetti hana venjulega á til að fá hljóm hennar sem mestan“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Pjönkur (n, kvk, fto) (et „pjanka“ aldrei notuð) Töskur; farangur; *hafurtask tjönkur*. „Ertu þá kominn með allar þínar pjönkur“? Var oft notað með t í stað p í Kollsvík.

Plaga (s) Ama; há. „Það er einhver kverkaskítur a plaga mig núna“. „Fátæktin hefur löngum plagað hann“.

Plagg (n, hk) A. Skjal. „Ég þurfti að undirrita eitthvað plagg, þessu til staðfestingar“. B. Fatnaður. Á ég ekki að þvo af þér sokkaplöggin“? C. Farangur. „Eitthvað týndist af plögum hans í ferðinni“.

Plagsiður (n, kk) Slæmur siður, vond venja. „Það er orðinn plagsiður að segja að menn éti og skepnur borði“.

Plamp (n, hk) Erfið/þunglamaleg gönguferð; *þramm*. „Það er óttalegt plamp alla leið upp á Kóngshæð“.

Plampa (s) Ganga; kjaga; þramma. „Hætt er við að nútímabörn hefðu talið það eftir sér að plampa daglega frá Láganúpi út í Breiðuvík um sauðburðinn til að fylgjast með lambánunum, en það gerðu börn á fyrrihluta tuttugustu aldar“.

Plan (n, hk) A. Áætlun; *bígerð*. „Hefurðu einhver plön um framhaldið“? B. Sléttur flötur/svæði; bílastæði.

Plana / Planera / Planleggja (s) Skipuleggja; áætla; gera ráð fyrir. „Ég er nú ekki búinn að planera þetta í þaula“. „Eitthvað þurfum við að planleggja ferðina“.

Plankabraut (n, kvk) Braut sem lögð er úr battingum/timburplönkum. „...og látinn rúlla á sverum rörbútum sem lagðir voru þvert á plankabrautina“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Plankabútur / Plankastubbur / Plankastúfur (n, kk) Bútur/endi af planka. „Þarna fann ég rekinn plankastubb úr rauðviði sem mætti nýta í ýmislegt“.

Plankabyggður (l) Smíðaður úr plönkum. Oftast notað um bát/skip sem er *sléttbyrt/stokkbyrt*; þ.e. ekki er skarsúðað, heldur gert út þykkum borðum/plönkum sem felldir eru saman á jöðrum.

Planki (n, kk) Battingur; þykk fjöl. „Ótrúlega stórir eru sumir steinarnir sem þar eru, en hjálpertæki voru ekki nema járnkarl, skófla og planki sem notaður var sem vog“ (IG; Sagt til vegar I).

Planleggja (s) Skipuleggja; áætla. „Eigum við að planleggja þetta með smalamennskur á morgun“?

Planlagt (l) Skipulagt; áætlað. „Ég er ekki með neitt sérstakt planlagt um helgina“.

Planta (n, kvk) Jurt; gróður. „Veistu latneska heitið á þessari plöntu“? B. Gæluorð um mann. „Alveg er hann einstök planta“!

Planta (s) A. Gróðursetja plöntu. Þarna plantaði ég fáeinum birkiplöntum á sínum tíma“. B. Staðsetja; koma fyrir. „Ég plantaði mér á aftasta bekk í salnum“.

Planta út (orðtak) Grisja; gróðursetja plöntur gisnara en verið hefur; gróðursetja plöntur í garð sem komið hefur verið til í bakka.

Plast / Plastik (n, hk) Þegar plast fór að verða algengt í flestum munum á síðari hluta 20.aldar voru jöfnum höndum notuð yfir það orðin plastik og plast. Það síðara hefur svo orðið allsráðandi.

Plastdót / Plastdrasl / Plastrusl (n, hk) Ónýtir hlutir úr plasti. „Skelfing er þetta plastdót leiðinlegt á fjörunum“!

Plastfata (n, kvk) Fata úr plasti. „Plastfötunarnar eru léttari í meðförum sem eggjafötur, en höldurnar á þeim *eiga það til* að vera varasamar“.

Plastkúla (n, kvk) Kúla úr plasti. Oftast notað um holar plastkúlu/netakúlu sem rekið hefur í miklu magni á fjörur í seinni tíð.

Plasttunna (n, kvk) Tunna úr plasti. Plasttunnur fóru að tíðkast undir hrogn grásleppukarla í Rauðasandshreppi á 8.áratug 20.aldar, og á nokkrum árum leystu þær af hólmi trétunnurnar. Varð af því allmikið hagræði, þar sem bæði voru þær mun léttari á höndum og ekki þurfti lengur að útvatna/þétta tunnur tímanlega fyrir notkun og loka þeim með gjarðaslætti. Fyrstu plasttunnurnar voru sívalar, en síðar urðu þær kantaðar og röðuðust þá betur í rými.

Plat (n, hk) Blekking; skrök. Oftast mildara/saklausara en lygi, prettir og svik. „Ég sá öngva kind þarna; þetta var bara allt í plati hjá honum“. „Ég er hræddur um að þetta sé eitthvað plat“.

Plata (s) Skrökva; blekkja; ljúga. „Maður lætur nú ekki plata sig í þessu fyrir hverjar kosningar“.

Plata (n, kvk) A. Skífa; hlutur sem er að lögun þunnur og úr hörðu efni, t.d. málm, tré eða plasti; getur verið í ýmsum stærðum. T.d. krossviðsplata, þakplata o.fl. B. Styttlingur úr „hljómplata“.

Platross / Platrófa (n, kk/kvk) Gæluheiti um þau sem plata/blekkja án þess að skaða mikið. „Nú léstu mig hlaupa í erindisleysu; platrossinn þinn“! „Hún á það til að vera skelfileg platrófa, með allt sitt ímyndunarafl“.

Plattfiskur (n, kk) Fornt nafn á skreið sem flött er; kaupstaðarskreið. „Á verslunarmáli nefndist útflutningsskreiðin plattfiskur, en á máli landsmanna malflattur fiskur/ kvíðflattur fiskur/ reithertur fiskur“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV). Mjög líklegt er að plattfiskur hafi forðum verið verkaður í Láganúpsveri til útflutnings, en ekki verður sagt um það nú hvaða nafn var heimamönnum tamast um hann. Á dönsku nefnist plattfiskur „Platfisk“ en á þýsku „Flachfische“. Sjá skreið

Plattfötur (n, kk) Illsig. „Þeir sem eru með plattföt þurfa oft sérstakt innlegg í sína skó“.

Platur (n, hk) Lítill diskur eða skál, einkum ætlað gæludýrum. „Komdu hérna með patrið kattarins fyrir afgangana“. Stundum þó um aðra diska: „Réttu mér eitthvað platur undir lifrina“. Orðið virðist ekki þekkt utan svæðisins, en var þar mikið notað; finnst ekki í orðabókum. Líklega sami stofn og í mörgum germönskum málum, s.s. „plate“ (e); gæti því verið mjög gamalt á svæðinu.

Plága (n, kvk) A. Almenn um mannskæða faraldra s.s. smitsóttir/drepsóttir, náttúruhamfarir eða annað. Einnig drepsóttir/faraldra í bústofni. T.d. sögn bibliunnar um sjö plágur Egyptalands. B. Líkingamál um manneskju sem þykir mjög uppáþrengjandi/friðspillandi/*leiðigjörn*. Sjá einnig *plágan mikla*.

Plágan mikla / Plágan síðari Heiti á skæðri drepsótt sem geisaði á Íslandi 1494-95. Heitið „plágan mikla“ er oft notað um *svartadauða* (sjá þar) og er þessi faraldur því oft nefndur „plágan síðari“. Þessi síðari drepsótt er talin hafa borist með kaupskipi til Hafnarfjarðar sumarið 1494 og breiddist fljótt út um landið, en mun þó ekki hafa náð til Vestfjarða. Enn hefur ekki tekist að ráða í hvaða sjúkdómur þetta var í raun og veru. Mannfall varð gríðarmikið, svo að sumir hreppar lögðust nánast í eyði. Biskupsannálar greina frá því að konur hafi fundist látnar við skjóluna undir kúnum; ungbörn fundist sjúgandi látnar mæður sínar og þeir sem báru lík til grafar enduðu þar jafnvel sjálfir í ferðinni. Þó mannfallið hafi verið minna en í svartadauða áður var það gríðarlegt og lamaði samfélagið töluvert.

Pláneta (n, kvk) Reikistjarna; himinhnöttur sem gengur um sólstjörnu. Orðið er þó ekki notað um litla hnetti, s.s. smástirni, halastjörnur og loftsteina. Vísindamenn komu sér saman um skilgreiningu hugtaksins árið 2006. Þá féll Pútó í flokk dvergreikistjarna, en hafði áður talist níunda reikistjarna okkar sólkerfis. Með síendurbættri sjónaukatekni hefur komið í ljós að plánetur fylgja líklega flestum sólstjörnum, og margar þeirra hafa ýmis grundvallarskilyrði þess að líf geti þróast á þeim. Fyrrum var almennt talið að staða greinilegustu plánetanna á himinhvolfinu hefði spásagnargildi, og enn eru stjörnuspádómar tíðkaðir.

Plánetugír (n, kk) Gírun með tannhjólum, á þann veg að nokkur smá tannhjól ganga í kringum stórt tannhjól, sem nefnt er sólhjól.

Pláss (n, hk) A. Rúmmál; rými. „Þessi sófi tekur alltof mikið pláss í stofunni“. B. Gæluorð um kaupstað. „Ég leitaði árangurslaust í öllum búðum í plássinu“. C. *Eggpláss; fles*; staður í bjargi þar sem farið er til eggja. „Eigum við ekki að fara í hitt plássid á morgun“? D. Netapláss; línupláss; staður á miðum þar sem vænlegt

er að leggja net/fiskilínu. „Tvö góð pláss eru á Landamerjahleininni, þó fleiri strengir hafi oft verið þar. Torfi Jónsson var gjarnan í öðru plássinu en við í hinu“.

Plássfrekur (l) Tekur mikið rými/pláss. „Þessi *ullarballi* er skratti plássfrekur“.

Plásslaus (l) Skortir pláss/rými. „Það er orðið plásslaust í þessum dilk, við verðum að nota Hafnardilkinn“.

Plássleysi (n, hk) Skorur á rými/pláss. „Það er orðið dálítið plássleysi í þessu hólf“.

Plástra (s) Setja plástur/bót á. „Þetta er bara *smáskeina*; ég held það sé engin þörf að plástra þetta neitt“.

Plíkt (n, kvk) A. Skylda. „Ætli maður reyni ekki að *standa sína plíkt*. B. Virðing; respekt; lotning. „Ég ber nú ekki mikla plíkt fyrir svona kónum“!

Plíkta (s) Skikka; skylda; neyða. „Það ætti auðvitað að plíkta menn til að gera fjallskil“.

Plíktugur (l) Skyldugur. „Ég er víst plíktugur til að smala þetta þó ég eigi þar ekki eina einustu kind“.

Plitta (s) Gera plitta í bát; ganga frá plittum í bát.

Plittur (n, kk) Laus pallur í botni báts, sem felldur er að byrðingnum og hvílir á botnröngunum. Einn plittur er í hverju rúmi, og eru þeir teknir úr þegar báturinn er þrífinn. Plittir eru hluti af *farviði* báts. „Svo fengum við aðra báru og þá kom talsvert mikið í. Flutu upp plittarnir og svona hálf leið í þóftur, sjórin“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „Hann dró letilega upp færði sitt; lét lóðið detta á plittinn; sló af sér vettlingum niður á þóftuna...“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Plíserað (l) Um fatnað; með finum skörpum brotum. „Hún var í hálsíðu plíseruðu pils“.

Plokk (n, hk) Það að plokk. Oftast notað um fjárlógsstarfsemi/peningaplokk.

Plokka (s) A. Reyta fiður af fugli. Til þess voru stundum sérstakir plokkunarhnífar. Í sængur, kodda og dýnur var notað fiður og dúnn af svartfugli, máf, æðarfugli (pokaönd) og öðrum þeim sem í náðist. „Í 16.-17. viku sumars var farið í fýlunga og veiddist oft mikið. Fýllinn var plokkaður en fiðrið þurfti að geymast lengi til að losna við lyktina áður en það var notað. Mikið af því var selt. Svo var fýllinn fleginn og saltaður; það sem ekki var borðað nýtt. Laukurinn (fitan undir bumbunni) var bræddur til ljósmetis á kolum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Það var mikið verk sem beið kvenfólksins, að plokkja allan þann fugl sem veiddur var...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Líkingamál um að hafa fê af manni. „Alltaf ná þeir að plokkja eitthvað af manni með þessum aukagjöldum“. C. Spila á strengjahljóðfæri með því að slá hvern streng sérstaklega.

Plokkfiskur (n, kk) Soðinn fiskur og soðnar kartöflur sem skorið er í bita, hitað í mörflotti/feiti og borið þannig fram sem einn réttur. Ýmist nýr fiskur eða saltfiskur. Það sem í dag kallast almennt plokkfiskur var í Kollsvík kölluð *fiskstappa*, en reyndar var þá ekki vanalegt að hveitisull og pipar væri uppistaðan í réttinum.

Plokkun (n, kvk) Sú vinna að plokkja. „Eftir plokkun var máfurinn sviðinn lauslega yfir eldi“.

Plokkunarhnífur / Plokkunarkutti (n, kk) Hnífur sem notaður er til að plokkja fugl. Hentugast er að nota blaðstuttan hnif sem fer vel í hendi, með hæfilega sljörri egg. „Notaðir voru sérstakir hnífar, kallaðir plokkunarkuttar. Þeir voru með sérstöku lagi og liprir í hendi; heimasmiðaðir, venjulega úr ljáblöðum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Plomp (n, hk) Gusugangur/skellur þegar hlutur fellur á yfirborð. „Bjargið féll í sjóinn fyrir framan okkur með miklu plompi og öldugangi“.

Plompa (s) Falla/hlunkast skyndilega niður. „Hann sá ekki í myrkrinu að grindin var uppi og plompaði því rakleiðis niður í forina í fjárhúskjallaranum“.

Plógbátsmaður (n, kk) Maður í áhöfn plógbáts (sjá *spilbátur/plógbátur*). „Það gat skeð að plógurinn fengi festu aftur um stund. Annars fóru plógbátsmenn strax að hnakkabandinu og drógu plóginn upp“ (KJK; Kollsvíkurvei).

Plógbein (n, hk) Bein í höfuðkúpunni; (vomer). Myndar neðri afturhluta nasaskilveggar.

Plógarfar (n, hk) Far í jörð eftir plóg. „Enn eru plógarfarin á sléttunni til nokkurra vandræða“.

Plógræsa (s) Ræsa/þurrka ræktarland með *kilplóg*; *kilræsa*.

Plógstrengur (n, kk) A. Umvent jarðvegsmön sem rist hefur verið upp með plógi. „Plógstrengir voru löngum til baga í sléttum í Kollsvík eftir djúpplægingu“. B. Strengur/vír/lína úr spili í kúfiskplóg. „Enn var og sú aðferð við þessa beituöflun viðhöfð að spili; ýmist handsnúnu eða *gangspili*, var fest á landi og plógur fluttur út. Komist varð af með einn bát, plógbátinn, en ef til vill nokkru lengri lengri plógstreng“ (KJK; Kollsvíkurvei; sjá *kúfiskur*).

Plógspil (n, hk) Spil sem notað er til að draga skelfiskplóg. Sjá *spilbátur*.

Pluma sig (orðtak) Spjara sig; duga; komast af. „Þau pluma sig bærilega þarna á nýja staðnum“.

Plundra (s) Ræna; stela. Dönskusetta sem enn heyrðist á 20.öld.

Pluss (n, hk) Flosvefnaður; flauel.

Plussering (n, kvk) Yfirbreiðsla, einkum segl yfir bát, ekru eða þessháttar. Virðist ekki þekkt utan svæðisins.

Plús (n, kk) A. Merki í stærðfræði sem táknar samlagningu talna. B. Í rafmagnsfærði; jákvætt skaut; jákvæð hleðsla; hleðsla róteindar. C. Í eðlis- og veðurfræði; hiti yfir frostmarki. D. Líkingamál; kostur; ávinningur.

Plögg (n, hk, fto) Fatnaður; föt, einkum sokkar. „Það þarf að stoppa í eitthvað af þessum sokkaplöggu“.

Plöntureitur (n, kk) Lítið verndað og skjólsælt svæði þar sem plantað er litlum trjáplöntum sem síðar verða grisjaðar. „Um 1970 fengu Össur og Ingvar nokkrar trjáplöntur til að gera tilraun til ræktunar í Kollsvík. Þær voru settar niður í plöntureiti; annan í Urðunm framan Bæjarhólsins á Láganúpi og hinn hjá Kryppukarli í Kollsvík. Lenti í útideyfu að sinna þeim plöntum sem lifðu, og því rann þessi tilraun út í sandinn, en líklegt er að einhverjar plöntur hefðu spjarað sig ágætlega þarna í Urðunum með nægri vernd fyrir beit.“

Plötubútur / Plöturæfill / Plötuskækill (n, kk) Bútur/afklippa/ræfrildi af plötu, t.d. bárujárnsplötu eða krossviðarplötu. „Það má vel nota þennan plötuskækil til að sviða hausa á honum“.

Poka (s) A. Um net; poka sig; verða pokamyndað í straumi í stað þess að leggjast flatt, þannig að fiskur *ánetjist* frekar. Í þeim tilgangi er stundum sett *stag* milli teinanna. B. Um ull o.fl; setja í poka. Stundum voru kindur pokaðar, t.d þegar þeim var bjargað úr sveltí eða þær fluttar í bíl.

Poka sig (orðtak) Um net; pokamyndun í netinu þegar straumur leggst í hlið þess. Mikilvægt er að innsetning netsins sé rétt til að það nái að poka sig hæfilega. Sömuleiðis er mikilvægt að það sé dregið frá réttum enda miðað við straum, til að hvolfa ekki þeim grásleppum úr pokanum sem eru illa ánetjaðar.

Pokaband (n, hk) A. Band sem notað er til að hnýta fyrir poka. „Landpósturinn flutti póstin í hnakktöskum meðan hestar voru notaðir; en þar ofaní var honum pakkað í önnur ílát. Sendibréf voru í bréfatösku, en dagblöð voru í þéttofnum strigapokum, sem bundið var fyrir með pokaböndum“. B. Band í poka skelfiskplógs sem liggur úr pokanum fram í plöggrindina.

Pokabragð (n, hk) Bragð úr nýsaumuðum kaffikönnupoka. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Pokabuxur (n, kvk, fto) Buxur sem eru áberandi víðari að ofanverðu en að neðanverðu.

Pokadráttur (n, kk) A. Það að draga poka. B. Nafn á leik sem fyrrum var stundaður, m.a. af vermönnum í landlegum. „Pokadráttur er ekki ósvipaður *hráskinnaleik* þar sem tekist er á um blautt skinn. Þá sitja menn flötum beinum á jörðinni, hvor á móti öðrum með strigapoka sín á milli og takast á um hann. Sigur fékkst með því að ná til sín pokanum eða með því að rífa hinn úr sætinu“ (PJ; Vermannaleikir).

Pokagarn (n, hk) Þráður sem áður var notaður til að saums fyrir sekki, s.s. áburðarsekki o.fl. Pokagarn var gjarnan notað í þarfabönd og m.a. vinsæl hjá börnum til girðinga í hornabúum.

Pokadula / Pokagarmur / Pokakægill / Pokalús / Pokarytja / Pokaræfill / Pokapiási / Pokaskjatti / Pokaskaufi / Pokasnigill / Pokastertur / Pokataddi / Pokatuðra / Pokatuska (n, kk) Gæluorð um poka; lítill poki. „Farangurinn kemst allur í þennan pokakægil“. „Hann sagði að þorri hefði ekki verið byrjaður þegar karlinn kom röltandi með pokatuðruna sína og bað um fáein strá; hann væri að verða heylaus“.

Pokahlaup (n, hk) Keppni í því hver er fljótastur að hlaupa/stökkva ákveðna vegalengd með því að hafa fæturna í poka sem hann heldur uppi fyrir framan sig. Oft eitt skemmtiatriði á útisamkomum, t.d. í Fagrahvammi á 17. Júní hátíðarhöldum.

Pokahnútur (n, kk) Hnútur sem notaður er til að hnýta fyrir poka botnvörpu/trolls. Fljótlegt er að leysa hann eftir að varpan er komin um borð, til að hleypa veiðinni úr henni.

Pokanál (n, kvk) *Rúllupylsunál; fjaðurnál; stór saumnál*; ætluð til frágangs matvöru og var einnig notuð til að sauma saman strigapoka, t.d. til að loka *ullarböllum*.

Pokaprestur / Pokaklerkur (n, kk) Niðrandi heiti á presti sem þykir ekki mikill andlegur kennimaður og/eða lélegur í messuhaldi/messugerð. Uppruninn er óljós en líklegast vísar orðið til þess að lélegum presti gæti fremur hæft lélegur strigapoki en vönduð hempa. Ólíklegra er að það vísi til þess þegar hinum illræmda biskupi Jóni Gerrekssyni var drekkt í Brúará árið 1433. Hugsanlega tengist því orðið að vera *forpokaður*, og orðatiltækið *allt verður fyllt nema pokinn prestsins*.

Pokaönd / Pokönd (n, kvk) Annað heiti á æðarfugli; til komið vegna þess að þrátt fyrir bann var hann stundum skotin til matar og þótti óviðkunnanlegt að segja frá því berum orðum. Enginn þurfti þó að tegundargreina þær andartegundir sem hann hafði óséðar í poka. „Jæja; selurinn hló að mér úr vognum en á hleininni sat fugl sem ég segi þér ekki hvað hét, en var kallaður pokaönd. Þennan fugl skaut ég en hann valt í sjóinn“. (IG; Sagt til vegar).

Pokast (s) Um efni/net; verða pokalaga. „Mér líkar ekki hvernig peysan pokast um herðarnar“. „Sumir telja betra að staga netin, þannig að þau pokist betur í straumnum“.

- Poki** (n, kk) Notað um ílát úr mjúku efni af ýmsu tagi og til ýmissa nota; sekkur; posi; *pjási*.
- Pokurinn** (n, kk, m.gr) Skrattinn; fjandinn. „Pokurinn hirði þessa ríkisstjórn“. „Ja, hver pokurinn“!
- Pollí** (n, kk) A. Gæluorð um strák; hnokki; stubbur; stúfur. B. Stautur/*pollur*/festa/hæll fyrir tóg eða vír.
- Pollhægur** (l) Mjög/alveg lygn. „Það var komin bölvuð *fjarðarbára* frammi, en uppundir var hann pollhægur“.
- Pollrólegur** (l) Alveg rólegur; slakur. „Hann var pollrólegur og deplaði ekki auga þegar hann var dreginn aftur upp í bátinn“.
- Pollslétt** (l) Sjólaust; *renniblíða*. „Það er ekki hægt að hanga í landi í svona pollsléttu: Nú *förum* við *fram*“.
- Pompólabrauð** (n, hk) Brauð sem *fransmenn* höfðu með sér í nesti á skútum sínum í Íslandsveiðum. kennt við borgina Pompól í Frakklandi. Líklegt er þeir hafi m.a. átt viðskipti við Kollsvíkinga og látið þá pompólakex og *biskví* í staðinn fyrir vettlinga og annað þrjónles, líkt og þeir gerðu annarsstaðar.
- Pompúlerast** (s) Basla með. „Hann kemur þarna kjagandi og pompúlerast með einhverja dúnka“. Orðið virðist bundið við Rauðasandshrepp. Óviss uppruni, en e.t.v. tengt frönskum sjómönnum frá Pompól.
- Pommsa / Pompa** (s) Detta; hlunkast. „Ég átti *erfitt með mig* þegar karlinn pommsaði á rassinn í forinni“.
- Ponta** (n, kvk) A. Baukur undir nef/munntóbak; ílangur og flatur, með töppum í enda og fer vel í vasa. Oft úr horni. *Tóbaksponta*. B. Ræðustóll. „Hann sté í pontu og ávarpaði fundinn“.
- Poplín** (n, hk) Fínofið efni sem um tíma var vinsælt í fatnað, dúka, áklæði o.fl. Fyrrum úr silki, nú fremur úr bómullarefnum.
- Poppkorn** (n, hk) Máis sem hefur verið hitaður/blásinn, þannig að hann springur út í hvítar frauðkenndr kúlur. Vinsælt hjá sumum sem naslmatur frá síðari hluta 20.aldar.
- Popptónlist** (n, kvk) Rokktónlist síðari tíma, einkum notað eftir tilkomu Bítlanna. „Afi kunnir illa að meta popptónlistina; sagði að hún væri engu betri en fjárans djassinn og þetta eilífa símfóniugaul“.
- Porra** (s) Síðari tíma gæluorð um að kæta/hressa/vekja. „Það mætti nú fara að porra hann; það er komið langt framá morgun“. Líkt orð, „*púrra*“ sem líklega er samstofna, var notað um það þegar varir eru lagðar að húð og blásið, svo heyrir líkt og prumphljóð. „Barnið hló dátt þegar það var púrrað í hálsinn“.
- Porra (einhvern) upp** (orðtak) Kæta; hressa við. „Og tókst þá að porra hann dálítið upp úr þunglyndinu“.
- Port** (n, hk) A. Forgardur; lokaður garður við hús. B. Á dekkudu skipi; kluss; gat á lunningu, þar sem sjór rennur út af dekkinu; op fyrir byssur á herskipi. C. Loft í húsi, þannig að bil er frá lofti/loftbitum upp að sperrufótum. „Er húsið stórt og vel vandað; ein hæð með porti“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).
- Portbyggt hús** (orðtak) Hús með nýtanlegu risi, sem byggt er þannig að bil er frá loftgólfi upp að sperrufótum.
- Portæð** (n, kvk) Vena porte). Stór bláæð í líkamanum sem liggur frá meltingarfærum til lifrar.
- Posagrýta / Posakægill / Posalús / Posapísl / Posapiási / Posasnigill / Posaskaufi / Posaskjatti / Posatuðra** (n, kk) Litill poki; smásekkur. „Þhu! Þeir létu mig hafa þennan ómyndar posaskjatta undir póstin. Þetta tekur varla öll bréfin; hvað þá heldur þessi ódæmi af Tímanum sem fara á hvern bæ“!
- Posi** (n, kk) Litill poki; smásekkur; *pokaskjatti*. „Við tíndum þarna í *dágóðan* posa af fjallagrösnum“.
- Posjón** (n, kvk) Slatti; slumpur; skammtur. „Við þurfum að klára síðustu posjón af eggjunum fyrst“. Enskusletta, „portion“, sem töluvert var notuð í máli sumra Kollsvíkinga í lok búsetu þar.
- Postilla** (n, kvk) Húslestrarbók. Sjá *húslestur*.
- Postulahestar** (n, kk, fto) Um ferðamáta; mannsfætur. „Hentugustu farskjótararnir þarna eru postulahestarnir“.
- Postulatala** (n, kvk) Talan tólf. „Við förum nú fjandakornið ekki heim fyrr en við erum í það minnsta komnir með postulatöluna; við getm ómögulega *komið í land með öngulinn í rassinum*“
- Postuli** (n, kk) Lærisveinn Jesú Krists. Oftast er þó átt við þá tólf sem voru honum nánastir.
- Postulín** (n, hk) A. Postulínsleir; fingerður leir sem notaður er til að steypa borðbúnað og skrautmuni, oft íblandaður öðrum efnum. B. Leirtau og skrautmunir úr postulínsleir. Jafnan brennt í ofni, með miklum gljáa og gjarnan fagurlega skreytt. Postulín þótti fyrrum nokkuð stöðutákn hinna efnameiri.
- Postulínsdúkk** (n, kvk) Ofurviðkvæm manneskja. „Nú ég keyri bara eins og venjulega. Þessar postulínsdúkkur að sunnan geta þá bara haldið sig heima ef þær þola ekki landsbyggðavegina“!
- Postulínshvítur** (l) Um mann; mjög fölur; náhvítur. „Hann kom æðandi inn, postulínshvítur í framan og hriðskjálfandi og fullyrti að það væri draugur í hlöðunni“.
- Postullegur** (l) A. Blessunarorð prests í kirkju; kristileg blessun. „Takið hinni postullegu kveðju“. B. Hátíðlegur; heiðarlegur. „Hann setti upp postullegan svip og sagði að þetta væri *hreinasatt*“!

- Pot** (n, hk) A. Það þegar ýtt er við einhverju með mjóum hlut eða fingri, eða bent í átt að einhverju. B. Líkingamál; veiðiskapur, einkum með veiðistöng. C. Líkingamál; þegar reynt er að koma sínum skoðunum á framfæri eða sér sjálfum.
- Pota** (s) A. Ýta við með mjóum hlut eða fingri; benda í áttina. B. Stunda veiðar, einkum með veiðistöng. C. Koma sér eða sínum skoðunum á framfæri; afla sér fylgis.
- Pota inn** (orðtak) Gælumál um að setja búfé inn í hús; hleypa/láta/setja inn. „Ætli maður fari ekki að pota fénu inn hvað úr hverju“.
- Pota niður** (orðtak) Gælumál um að setja niður kartöflur. „Ég potaði þarna niður nokkrum kartöflulufsum“.
- Pota sér** (orðtak) Trana sér fram; reyna að komast frammar öðrum með óviðurkvæmilegum hætti.
- Pota sér í** (orðtak) Klæða sig; koma sér í fót. „Ætli maður þurfi þá ekki að pota sér í einhverja skárri leppa; ef við ætlum til kirkju“.
- Potast** (s) Þokast; gaufa; mjakast. „Þetta potast þó hægt fari“.
- Potast við** (orðtak) Gaufa við; gera *óhönduglega*/með litlum afköstum „Það gengur ekki að potast við þetta með svona *handarbakavinnubrögðum*“!
- Pottaleppur** (n, kk) Efnisbútur sem notaður er til að verja fingur við bruna þegar tekið er á heitum potti.
- Pottaska** (n, kvk) Efnasamband kalíums og karbónats. Var fyrrum unnið úr viðarösku eða þara. Hefur frá fornu fari verið nýtt m.a. til að gera gler og sápu; einnig í tilbúinn áburð. Stundum í stað lyftiduftu í matargerð, og til að koma í veg fyrir ystingu mjólkur.
- Pottbrauð / Pottkaka** (n, hk) „Pottbrauð (pottkaka eða drymbi) er (seytt) rúgbrauð bakað í eða undir potti, oft í hlóðum við glóð. Áður en eldavélar komu, voru rúgbrauðin bökuð undir pottinum. Það krafðist mikillar kunnáttu og nákvæmni ef vel átti að takast, þ.e. að hafa glóðina jafna um pottinn og byrgja hann síðan á þann veg, að ekki gæti dregið úr hitanum á einum stað frekar en öðrum. Ekkert súrdeig var haft í pottbrauðin, en oft bleytt í þeim með mysu eða sýrublöndu í stað vatns, og bökuð svo rauðseydd, og voru þá lin og ilmandi. Stundum voru pottkökur kryddaðar með kúmeni. Algengast var að baka þau með að leggja járnhellu yfir glæður og setja brauðdeigið á það og hvolfra svo potti yfir og skara svo að glóð. Þaðan er komið orðatiltækið "að skara eld að sinni köku". Pottkökur voru oft skreyttar öðru megin með flúri sem konur teiknuðu með spónarskafti eða stíl. Stundum voru þær flattar út á brauðmóti með spegilskrift svo að úr mátti lesa málshætti eða vísuparta. Slíkar kökur voru oft bakaðar til vinargjafa og voru algengar orlofsgjafir á 19. öld“ (Þjhd.Þjms).
- Potteyra / Potthalda** (n, hk/kvk) Eyra/halda/hanki utaná barmi potts til að ná á honum taki. Potteyru voru fyrrum oftast steiptur hluti af pottjárnspottum þeirra tíma. Síðar tíðkaðist að hafa þau áskrófuð úr gerviefnum.
- Pottflaska** (n, kvk) Flaska sem tekur einn pott af vökva.
- Pottgrýta** (n, kvk) Gæluheiti um lítinn pott. Vísar líklega til uppruna potta, en þeir voru upphaflega klappaðir úr grjóti. Fundist hafa héraendis innfluttur pottar úr klébergi.
- Pottthlemmur** (n, kk) Pottlok. „Pottthlemmar eru á stærri pottum; pottlok á þeim litlu“.
- Pottjárn** (n, hk) Steypujárn; járn með miklu kolefnisinnihaldi (yfir 2%). Það er venjulega stökkt og ekki unnt að hamra það til eins og mýkra smíðajárn, og vandasamara er að sjóða við það. Það er vanalega steipt í endanlegt form í verksmíðju, og notað til margra hluta.
- Pottlok** (n, hk) A. Lok á potti. B. Derhúfa; sixpensari. „Hvar er nú pottlokið mitt“?
- Pottormur** (n, kk) Óþekktarangi; hrekkjalómur; grallari. „Hvar skyldi þessi pottormur nú halda sig“?
- Pottrör** (n, hk) Röð úr *pottjárn*/steypujárn, en þau voru algeng um tíma í lögnum; t.d. frárennislögnum“.
- Pottur** (n, kk) A. Ílát. Oftast notað um ílát úr málm sem ætlað er til að sjóða í eitthvað matarkyns. Sjá *viða er pottur brotinn*. B. Lagarmál sem algengt var fyrrum en er enn nokkuð notað. Einn pottur er oftast í dag talinn vera sama og einn lítri/10 rúmdesimetrar en í raun jafngildir hann 0,9661 lítrum. Einn pottur er sama og 1/32 tengingsfet; 2 merkur; 4 pelar og 1/8 kútur; 1/120 tunna. C. Styttling á *pottjárn*. „Það er líklega pottur í þessu röri“. D. Pottormur; patti; drengstauli. „Hvað eru pottarnir nú að bralla“? E. Næturgagn; koppur. „Hleddurdu að þú nennir að skvetta fyrir mig úr pottinum útfyrir hlaðið“? „Réttu mér nú pottinn minn“.
- Pottur brotinn** (orðtak) Sjá *viða er pottur brotinn*.
- Potturinn og pannan í** (orðtak) Stjórnandi/ höfuðpaur í. „Hann er potturinn og pannan í þessu félagi“
- Pottþétt** (l) Alveg þétt; án þess að leki. Orðið var notað í bókstaflegri merkingu til skamms tíma vestra, enda var mikilvægt að eldhúsáhöld og borðbúnaður væru án leka. „Konurnar ... komu töltandi til pabba ef gat kom

á pott hjá þeim eða bilaði halda, og hann sauð í þetta... Alls staðar var gert við leirtau; það var saumað saman; boruð göt og þrætt saman. Þetta var alveg pottþétt. Ef diskur brotnaði í tvennt datt engum annað til hugar en að gera við hann“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Pólítí (n, hk) Gæluorð um lögreglu/lögreglumann; dönskuletta.

Pólítík (n, kvk) Stjórnsmál og það sem þeim viðkemur.

Pólítíkus (n, kk) Stjórnsmálamaður; sá sem fæst við stjórnsmál.

Pólítískur (l) Af stjórnsmálalegu tagi; sem hefur vísun í stjórnsmál; sem hefur skoðanir á stjórnsmálum.

Pólítískt viðrini (orðtak) Niðrandi heiti á þeim sem er óákveðinn í pólitík/ fellur illa undir ákveðinn flokk/ hefur mótsagnakennda stefnu; flokkahlaupari. „Ekki veit ég hvað hann kys þetta árið, og líklega veit hann það ekki sjálfur. Hann hefur löngum verið pólitískt viðrini“.

Pólnorður (ao) Réttvísandi norður; landfræðilegt norður; í átt að norðari snúningspól jarðar.

Pólriða / Pólvelta (n, kvk) Óregla á möndulhalla jarðar. Pólveltan lýsir sér þannig að hinn hugsaði snúningsmöndull jarðar fer í hring á 26 þúsund árum. Þannig vísar möndullinn alls ekki alltaf á Pólstjörnuna. Veltu stafar af því að jörðin er ekki nákvæmlega kúlulaga, svo aðdráttarafls tungls og sólar hafa þessi áhrif. Pólriðan er aftur á móti vaggandi hreyfing jarðmöndulsins á þessari hringferð.

Pólsjór / Pólstraumur (n, kk) Kaldur hafstraumur sem liggur suðurmeð austurströnd Grænlands. Í Grænlandssundi, milli Vestfjarða og Grænlands, liggur hann samsíða hlýrri golfsraumnum sem gengur í gagnstæða átt norður fyrir land. Styrkur þessara strauma ræður miklu um hlýndi og lofslag á landinu, og kann að hafa verið veigamikil orsök kuldaskiða á fyrri tímum.

Pólskekkja (n, kvk) Segulskekkja; mismunur meilli stefnu á landfræðilegan norðarpól annarsvegar og stefnu á segulskaut jarðar hinsvegar. Pólskekkja er mismunandi eftir stöðum og breytileg með tíma.

Pólskipti (n, hk, fto) Víxlun á segulpólum jarðar, þannig að suðurskaut verður norðurskaut og öfugt. Þar sem ýmis jarðlög sýna stefnu segulviðsins á myndunartíma þeirra er núna unnt að sýna framá að pólskipti hafa iðulega orðið í jarðsögunni. Að meðaltali skeður þetta minnst 8-10 sinnum á hverjum milljón árum. Líklegt er að pólskipti hafi orðið minnst þrisvar sinnum síðan þau jarðlög mynduðust sem nú eru neðst sýnileg í jarðlagastafla Kollsvíkur. Ástæður pólskipta telja menn vera breytingar á kvikuflæði í kjarna jarðar.

Pólskór (n, kk) *Geymisskór*; sjá þar.

Pólstjarnan (n, kvk) Norðurstjarnan; Stella polaris; stjarna á himinhvolfinu sem sést sæmilega með berum augum í heiðskíru lofti, og er nokkurnvegin yfir norðarpól jarðar. Bjartasta stjarnan í stjörnumerkinu Litlabirni (Ursa Minor). Er í raun fjölstirni nokkurra sólstjarna í 325-425 ljósára fjarlægð frá jörðu. Fyrir á tímum voru stjörnur mjög notaðar til miðunar í úthafssiglingum, og gegndi pólstjarnan þá mikilvægu hlutverki.

Pósitífur (l) Jákvæður; samþykktur. Sletta sem nokkuð var notuð á síðari hluta 20.aldar. „Mér heyrðist að margir væru pósitífir gagnvart þessari tillögu“.

Póstafgreiðsla (n, kvk) Bréfhirðing; staður þar sem póstur er móttækinn, flokkaður og sendur áfram til viðtakenda. Helsta póstafrgreiðslan fyrir Rauðasandshrepp var á Patreksfirði, en bréfhirðing fyrir ytri bæina var löngum á Hnjóti, í umsjá Ólafs Magnússonar. Þaðan var póstur fluttur til notenda með *landpósti*.

Póstbíl (n, kk) Bíll landpóstsins. „Mér sýnist að þetta sé póstbílinn sem þarna kemur“.

Póstferð (n, kvk) Ferð með póst; útburður póst. „Gott væri að fá þetta með næstu póstferð“. Póstferðir landpósts voru lengst af tvisvar í viku.

Pósthstur (n, hk) Hestur landpóstsins. „Lítið nú eftir pósthestunum strákar, meðan Kitti fær sér kaffi“.

Pósthirðing (n, kvk) Bréfhisriðin; staður (bær) þar sem póstmíðstöð; póstur flokkaður, seld frímerki o.fl. „Pósthirðing var lengi á Hnjóti, og var Ólafur Magnússon póstmeistari. Hún var starfsstöð frá pósthúsinu á Patreksfirði“.

Pósthús (n, hk) *Póstafgreiðsla*; flokkunarstöð og dreifingarmiðstöð póst.

Póstkaffi (n, hk) Kaffi sem boðið var landpósti. „Kristinn Ólafsson í Hænuvík gegndi störfum landpósts í Útvíkum allan síðari hluta 20.aldar; af einstakri samvisskusemi og elju. Það var til síðs að póstur þægi kaffi; nánast á hverjum bæ, og *tæki af sér gust* meðan póstur var afgreiddur og *spurt var frétta*. Undantekningarleust var þá reitt fram kaffi og meðlæti. Kittu þótti lítið varið í ef mjólk vantaði í kaffið eða meðlæti með því; nefndi hann slíkt *berrassað kaffi* með fyrirlitningu“ (VÖ).

Póstkassi (n, kk) Póstkassar þekktust lítt við bæi í Rauðasandshreppi fyrir en á síðustu áratugum 20.aldar. Þá þótti einhverjum skriffinum ástæða til að kassavæða þar sem annarsstaðar. Þetta var *litið hornauga*, bæði af notendum og ekki síður af fyrri tíma landpósti. Enda var póstpjónustan ekki síður félagslegt

samfélagsfyrirbæri en eiginlegt póststarf. Pósturinn var allt í senn heimilisvinur; félagsleg tilbreyting og nauðsynleg fréttamiðlun.

Póstleið (n, kvk) Fyrirfram ákveðin leið sem landpóstur fer, með viðkomu á vissum stöðum. „... ég var eina barnið á póstleiðinni sem fékk að fara á bak pósthestinum, því ég hélt í hestana á meðan frændi minn fór inn og fékk kaffi“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Póstlúður (n, kk) Lúður sem landpóstur höfðu til að gera vart við sig á bæjum áður fyrr. „Dagbjartur Björgvin Gíslason frá Koti var um tíma landpóstur í Útvíkum. Hann hafði þann sið að blása í póstlúður sinn uppi á Kálfskletti í Húsadal þegar hann kom niður í Kollsvík“.

Póstpoki / Pósttaska (n, kk/kvk) Hirslur landpóstsins. Að jafnaði voru bréf flutt í pósttösku, sem var skjaltaska úr leðri. Dagblöð, pakkar og slíkt var í sérstökum póstpökum úr þéttum striga. Hvortveggi var lengst af sérstaklega merkt, og virðulega var farið með þær ríkiseignir. Meðan landpóstur var á hestum var þetta reitt í hnakttöskum. „Hefur nú kattarfjandinn *hjassað* í póstpökann“?

Póststimpill (n, kk) Stimpill með dagsetningu og heiti pósthirðingar sem bréf voru stimpluð með þegar þau voru póstlögð. Sérstakur póststimpill var í bréfhirðingunni á Hnjóti, sem nú er eftirsóttur af söfnurum.

Póstur (n, kk) A. Bréf sem berast milli manna með sérstöku flutningskerfi; nær einnig stundum yfir dagblöð, böggla og annað. B. Sá sem ber út póst; landpóstur; bréfberi. Getur einnig orðið að sérheiti/uppnefni þess sem lengi gegnir; t.d. gekk Kristinn Ólafsson landpóstur að jafnaði undir viðurnefninu Kittu póstur eða einfaldlega „Pósturinn“. C. Atriði/þáttur málefnis/útgjalda. „Raforka er allstór póstur í útgjöldunum“. D. Glugga-/dyrastöð = gluggapóstur; dyrapóstur. vatnshani/vatnsdæla = vatnspóstur. E. Tölvupóstur/-skeyti.

Póststeinn / Póstvarða (n, kk/kvk) Síðari tíma heiti sem gárungar í Rauðasandshreppi gáfu lausum staksteinum sem sumsstaðar mátti sjá á vegum í upphafi bílaaldar; einkum í brekkum. Tilkoma þeirra var sú að menn sem á fullorðinsaldri höfðu tekið bílpróf, en voru vanari hestum og traktorum, voru fremur óöruggir að taka af stað í brekkum þegar þar hafði verið þörf á að stoppa, s.s. til að binda upp keðjuhlekk eða kasta vatni. Var þá steinn, einn eða fleiri, settur aftan við hjól bílsins svo ekki rynni afturábak meðan kúplað var að; bremsu létt af og gefið inn. „Ég er ekki með þrjá fætur til að stjórna þessu öllu í einu“ sagði þáverandi landpóstur, en þáverandi kaupfélagsstjóra fannst við hæfi að nefna steina þessa í höfuðið á honum. Pósturinn notaði þetta úrræði nokkuð, en það gerðu einnig fleiri. Ef brósulega hafði gengið upp brekku mátti stundum sjá fjölda slíkra steina í henni á eftir“.

Pótintáti (n, kk) Hrokagikkur; *burgeis*. „Ég umgengst lítið þessa hvimleiðu pótintáta“. Úr dönsku; „potentat“, og latínu „potentatus“; merkir sá sem hefur vald/stöðu (potus).

Prakkaralega (ao) Eins og prakkar; með spenningi/ánægju yfir óláni/hrekk/ópægð o.fl.

Prakkaralegur (l) Hrekkjalegur; glottleitur/laundrjúgur yfir óláni/hrekk/ópægð o.fl.; líklegur til að fremja skammarstrik.

Prakkaraskapur / Prakkarastrik (n, kk) Hrekkir; *glenna*; *bekkni*. „Við gerðum þetta auðvitað í prakkaraskap og hálfkæringi“.

Prakkarast (s) *Bekkjast*; gera óleik/glennu; hrekkja; láta illa. „Nú hafa strákarnir enn verið að prakkarast“!

Prakt (n, kvk) Virðing. Oftast notað sem liður orðtaksins með *pomp og prakt*.

Praktísera (s) Vinna við; framkvæma; starfa. „Hann praktíseraði lengi sem dýralæknir í sveitinni, þó ekki væri hann skólagenginn í þeim efnum“.

Praktuglega (ao) Með viðhöfn; virðulega. „Kaffið var praktuglega fram borið í viðhafnarstelli“. „Hann lifði víst í *vellystingum praktuglega* eftir þetta“.

Prang (n, hk) Ágeng sölumennska; sala í óleyfi; niðrandi heiti á verslun.

Pranga (s) Stunda prang.

Pranga inná (orðtak) Fá/blekkja/tæla til að kaupa; stunda ágenga sölumennsku/ prang. „Léstu hann virkilega pranga þessari bíldrúslu inná þig“?!

Prangari (n, kk) Sá sem stundar prang; ágengur sölumaður.

Prat (n, hk) Mont; gort; glorragangur.

Prata (s) Hreykja sér; monta sig; gorta. „Þetta er nú ekkert til að prata af“.

Pratalegur (l) Um hest; fælinn. Um mann; grobbinn; hress. (Orðsafn Ingvars Guðbjartssonar).

Predika (s) A. Flytja predikun í kirkju. B. *Predika yfir*; skammast; gefa skipanir; hafa vit fyrir; flytja ræðu.

Predika yfir (einhverjum) (orðtak) *Segja einhverjum til syndanna; leggja einhverjum lífsreglurnar*; flytja ræðu á yfirlætislegan hátt.

- Predika/lesa yfir hausamótunum á** (orðtak) Skamma; ávíta; *messa yfir*. „Sneri hefillinn við í Dalnum?! Nú þarf ég *heldur betur* að predika yfir hausamótunum á verkstjóranum“.
- Predikun** (n, kvk) A. Stólræða prests í kirkju. B. Skammir; reiðilestur; langloka. „Þeir þurftu víst að hlusta á töluverða predikun þegar landeigandinn *greip þá glóðvolga* á brúninni“.
- Preláti** (n, kk) Gæluheiti á presti/ prestvígðum manni.
- Premía** (n, kvk) A. Verðlaun/uppbót/ábót ofaná vinnulaun eða fyrir greiðasemi. B. Bónusgreiðsla/aukagreiðsla af sérstöku tagi, sem greidd er ofaná laun.
- Prent** (n, hk) Það sem prentað er; prentað mál. „Ég trúí nú ekki öllu sem stendur á prenti“!
- Prent hæft** (l) Um efni/ummæli; hæft til prentunar/birtingar; ekki klúrt/meiðandi/vaðandi í villum. „Það var víst ekki allt prent hæft sem hann ruddi út úr sér af því tilefni“.
- Preseiningur** (n, kk) Þykk yfirbreiðsla; segl til yfirbreiðslu. „Preseiningur var strekktur yfir bátinn, svo ekki snjóaði í hann, og gengið var frá með búkkum og sigum“.
- Pressa** (s) A. Almennt; þrýsta; ýta á. B. Um fatnað; strauja.
- Pressa við** (orðtak) Rembast við; gera með átökum. „Við urðum að draga okkur upp í hvern gang af öðrum. Við pressuðum okkur við þetta upp á efsta gang“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Prestakall** (n, hk) Umdæmi sem allajafna er þjónað af einum presti. Prestakall getur tekið yfir nokkrar fámennar sóknir. Með auknum fólksflutningi úr dreifbýli í þéttbýli hafa mörg dreifbýlisprestaköll verið sameinuð og fjölmennum prestaköllum í þéttbýli hefur verið skipt og/eða er þjónað af fleiri en einum presti.
- Prestakragi** (n, kk) Hvítur pípukragi sem tilheyrir embættisskrúða prests.
- Prestastefna** (n, kvk) Þing presta, þar sem þeir ræða kirkjuleg málefni.
- Prest lamb** (n, hk) Lamb sem hver bóndi var fyrrum skyldugur til að ala fyrir sinn sóknarprest; oft nefnt heyttollur. Lambinu skyldi hann skila presti í sémilegum holdum á *eldaskildaga*; þ.e. eftir að vetrareldi var lokið en sauðburður enn ekki hafinn. Sjá einnig *þéturslamb*.
- Prestlegur** (l) Eins og presti hæfir. „Séra Jón Ísleifsson var á margan hátt sérkennilegur kvistur, og ekki fannst öllum hann prestlegur í hvívetna. En þjarkur var hann til margra veraldlegra verka“.
- Prestlingur** (n, kk) Guðfræðinemi. „Þórður taldi prestlinginn þokkalega brúklegan í smalamennskur“.
- Prestnefna / Prestskepna** (n, kvk) Gæluorð um prest. „Ekki fannst mér honum mælast neitt sérlega vel í dag, prestskepnu; þetta var ekki hans besta ræða“. „Það eru víst ekki allir sáttir núna við þessa prestnefna“.
- Prestsetur** (n, hk) Aðsetur/bújörð prests. Sauðlauksdalur var löngum prestsetur í Rauðasandshreppi. Meðan hreppurinn laut ægivaldi Saurbæjarhöfðingja höfðu þeir prest á sínum vegum á jarðarskika á Lambavatni.
- Prestskyld** (n, kvk) Skattur fyrir messusöng sem leiguliði kaþólsku hálfkirkjunnar í Kollsvík þurfti að standa skil á til Saurbæjarprestis. „Í skiptabréfi Ólafar Loftsdóttur frá 1480 er getið um Kirkjuból í Kollsvík, en sú jörð var þá meðal eigna hennar. Liggur beint við að álykta að hér sé um að ræða jörð þá, sem nú er samnefnd vikin, að vitað er, að Lágínúpur var um þetta leyti í Bæjarkirkju, en Grundir voru hjáleiga frá Lágánúpi. Af bréfi einu frá 1509 má ráða, að guðshús hefur staðið á jörð þessari, en þar er skýrt frá leigumála jarðarinnar, og skyldi leiguliði m.a. "svara prestsskyld" af henni. Prestskyld þessi hefur sjálfsagt verið kaup fyrir að syngja messu við guðshúsið“ (Lýður B. Björnsson; Guðshús í Barðastrandasýslu“).
- Prestur** (n, kk) Embættismaður kirkju, sem vígður hefur verið af biskupi og gegnir hlutverki kennimanns í guðdómnum, auk þess að sjá um sálgæslu síns safnaðar og kirkjulegar athafnir s.s. messu, altarisgöngu, skírn, fermingu, giftingu og jarðarför. Orðið er komið úr grísku; „presbýteros“ sem merkir „sá eldri“. Fyrst eftir kristnitöku þjónuðu hérlendis einkum erlendir prestar, en höfðingjar byggðu gjarnan kirkjur á jörðum sínum; tóku prestvígslu og nefndust þá kirkjugoðar. Bann var sett við vígslu þeirra árið 1190. Fyrrum tíðkaðist nokkuð að prestar væru leigðir af höfðingjum til þjónustu á kirkjum þeirra, og nefndust þeir leiguprestar eða þingaprestar. Sumir höfðingjar kostuðu presta til náms og voru þeir síðan skyldugir að þjóna á kirkjum þeirra. Staða presta styrktist síðar, við upptöku tíundar og með vaxandi sjálfstæði kirkjuveldisins gagnvart höfðingjum t.d. eftir staðamálin. Prestum í kaþólskri tíð var bannað að kvænast, en þeir tóku sér oft frillur og barneignir þeirra voru ekki óalgengar. Leiða má að því líkum að fyrsti prestur hérlendis hafi verið Kollur í Kollsvík. Þeir fóstbræður Örlygur og Kollur komu í trúboðserindum og varð Kollur fyrri til fastrar búsetu. Líklega hefur hann þegar reist fyrstu kirkju landsins (sjá *kirkjuból*) fyrir sig og áhöfn sína og orðið sjónarmun á undan Örlygi, sem kom að Esjubergi ári síðar og reisti þar kirkju. Báðir voru þeir lærðir í Kólumbusarklaustrinu á Iona og hafa eflaust séð um kirkjulegar athafnir hvor á sínum stað.
- Pretta** (s) Svíkja; svindla; blekkja.

- Prettir** (n, kk, fto) Hrekkir; blekkingar; óþverraháttur. „Ég kann nú ekki við svona pretti í viðskiptum“!
- Prettvís** (l) Ótraustur/viðsjárverður í viðskiptum. „Maður skyldi varlega treysta þeim prettvísu *pröngurum*“.
- Prettvísi** (n, kvk) Hneigð til pretta; hrekkvísi; undirferli. „Það þurfti dálítið að verast prettvísi karlsins“.
- Prik** (n, hk) Stöng; skaft. „Hæurnar sátu á prikum í hæsnakofanum, sem stungið var í holur í hlöðnum veggjunum“.
- Prika** (s) Stinga/þreifa með priki. „Ég prikaði inn í holuna eins og skaftið náði, en fann engan botn“.
- Prikstúfur** (n, kk) Stutt prik; brot af priki. „*Áraspaðinn* var krossviðsbútur, festur á prikstúf“.
- Prinsipmaður** (n, kk) *Þverhaus*; *þvergirðingur*; á sem stendur fast á sínum skoðunum/framfylgir reglum í æsar. „Víst má kalla hann prinsipmann; þetta stendur víst svona í Biblíunni. En mér finnst þetta *þverhausaháttur*“!
- Pril** (n, hk) Glannalegt klifur; *tildur*; *klöngur*. „Vertu nú ekki að þessu bölvuðu prili fyrir fáein egg“.
- Príla** (s) Klifra glannalega; klöngrast. „Við vorum ekki háir í loftinu þegar við fórum að príla í sjávarklettum“.
- Príla** (n, kvk) Stigi; trappa yfir girðingu/garð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Prímsigna** (s) Gera krossmark fyrir heiðnum manni, en það var fyrrum talin nauðsynlegt til að hann gæti verið samneytum við kristna menn.
- Prímus** (n, kk) Tæki til eldunar/hitunar með steinolíu. „Heimamönnum færður grautur, mjólk og soðning, en eftir að þeir fengu prímus, suðu þeir sjálfir soðninguna í Verinu á prímus“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Sofið var í tjöldum og eitt tjaldið notað sem eldhús. Tvo prímus hafði ég til eldamennsku“ (SG; Vegavinna; Þjhd.Þjms). „Þá var prímus, kaffiketill, kanna og fantar til að drekka úr; blikkfata eða pottur til að sjóða soðninguna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Ætlarðu ekki að hafa þig í að kveikja á prímusnum drengur; það er naumast að þú hefur sofnað“! kvað aftur við í formanninum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Prímusnál** (n, kvk) Sérstakt áhald til að hreinsa stíflu úr mjög þröngri rás, t.d. spiss í prímus eða gaslukt. Spaði með grannri nál hornrétttri útúr öðrum endanum.
- Prís** (n, kk) A. Verð; endurgjald. „Hann kvartaði yfir því að karlfjandinn væri stöðugt í því að sprengja upp prísana hjá stelpunni“. B. Hrós; hól; þökk. „Guði sé lof og prís“.
- Prísa sig sælan** (orðtak) *Þakka sínum sæla*; *hrósa happi*. „Ég prísa mig sælan fyrir hvern dag sem ég get styttdvölina í borginni. Ekki skil ég hvernig menn una við það alla ævi“.
- Prívat** (ao) Sérstaklega. „Hún bað mig að skera stóra sneið með mikilli fitu; privat fyrir sig“.
- Prívatskoðun** (n, kvk) Persónulegt álit. „Þú mátt auðvitað hafa þína prívatskoðun á þessu“.
- Prjál** (n, hk) Tildur; óþarfa glingur/skraut. „Ekki veit ég hvaða tilgangi svona prjál á að þjóna“!
- Prjón** (n, hk) A. Það sem verið er að prjóna; hálfprjónuð flík. „Réttu mér prjónið mitt“. B. Aðferð við að prjóna; t.d. garðaprjón, sokkaprjón. Prjón er upprunnið í Austurlöndum en barst til Íslands á 16.öld ásamt hinum löngu bandprjónum. Síðan hafa Íslendingar verið allra þjóða duglegastir að prjóna, enda hentuðu prjónaflíkur vel í íslensku loftslagi og húsakosti.
- Prjóna** (s) A. Vefa fatnað með því að lykkja saman þráð með prjónum. B. Um hesta; reisa sig upp á afturfætur og slá framfötum upp og niður. C. Um farartæki; rísa upp að framanverðu.
- Prjóna við** (orðtak) A. Bæta við fatnað með prjóni. B. Bæta við hlut/byggingu/sögu/ljóð o.fl. „Ég heyrði þessa sögu síðar, og þá var *heldur betur* búið að prjóna við hana“.
- Prjónaband / Prjónagarn** (n, hk) Það efni sem prjónað er úr.
- Prjónaflík** (n, kvk) Fatnaður sem prjónaður er. Prjónaflíkur taka forskeytinu prjóna-, s.s. prjónapeysa; prjónahúfa; prjónapils o.fl; eða prjón-; s.s. prjónhúfa.
- Prjónakona** (n, kvk) Yfirleitt hefur prjónaskapur verið kvenmannsverk svo langt sem heimildir greina, en á því hafa líklega alltaf verið undantekningar. Sögur fara af miklum prjónakonum sem aldrei sátu auðum höndum, og ekki þótti tiltökumál að nýta tímann til prjónaskapar meðan gengið var á stöðul eða á milli bæja.
- Prjónaklukkan** (n, kvk) Undirföt stúlkna fyrr á tíð; ullarpils með mislitum röndum og hlýrum. „Prjónaklukkan á stelpur voru úr hárfínu tvinnuðu bandi eða einspinnu; þær voru prjónaðar með klukkuprjóni“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Prjónaskapur** (n, kk) Það að prjóna; prjón. Þótti það mikil dyggð hverrar konu að vera dugleg við prjónaskap.
- Prjónavél** (n, kvk) Vél sem unnt er að prjóna með. Prjónavélar fóru að flytjast til landsins á 20.öld og komu í einhverri mynd á mörg heimili. Sumar prjónuðu klæði í vissri breidd en aðrar voru svonefndar hringprjónavélar eða sokkprjónavélar og prjónuðu í hólk.

Prjónles (n, hk) Prjónaður fatnaður af öllu tagi. Orðið var mikið notað til skamms tíma en heyrir nú varla. „Svotil hið eina innlegg bænda var fiskur og prjónles...“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Við systkinin smíðuðum okkur prjóna og mér fannst mun meira gaman að framleiða prjónana en prjónlesið“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Prjónn (n, kk) A. Hverskonar grönn stöng. B. Áhald, yddað í báða enda, sem notað er við prjónaskap; jafnan þá tvö eða fleiri saman. „Fyrstu prjónar sem ég man eftir voru stálprjónar, og svo man ég eftir kopar- eða eirprjónum sem ég held að hafi verið heimasmiðaðir. En aðallega voru notaðir tréprjónar, heimasmiðaðir. Voru þeir úr bambuslegg sem mikið rak af á Rauðasandi. Þetta var einstaklega heppilegt efni í prjóna. Leggirnir voru klofnir niður og skornir til eftir því hvað þeir áttu að vera grófir. Notað var ysta lagið á leggnum. Svo voru prjónarnir skafnir vel og vandlega og pússaðir með sandpappír þar til þeir voru alveg örðulausir og hálir. Við systkinin smíðuðum okkur prjóna og mér fannst mun meira gaman að framleiða prjónana en prjónlesið! Þessir tréprjónar þóttu fara mun betur með hendur prjónakvenna en stálprjónarnir sem voru taldir orsaka handadofa. Prjónakonur geymdu gjarnan prjónana í prjónastokkum. Ég hef ekki vitað prjónað á fleiri prjóna en fjóra-fimm. Tínur voru til og notaðar undir hnykla og annað smádót. Þær voru gerðar úr þunnum fjöllum sem voru sveigðar í aflangar öskjur milli oka sem voru á endum tinnanna; lok voru smellt“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Próf (n, hk) A. Þolraun sem leiðir í ljós getu, úthald, seiglu o.fl.. B. Samræmd þraut sem lögð er fyrir nemendum til að mæla frammistöðu þeirra.

Prófa (s) A. Reyna; kanna. „Leyfðu mér að prófa hvernig þetta er“. B. Leggja próf fyrir nemendum.

Prófalestur (n, kk) Undirbúningur/upprifjun nemanda fyrir próf.

Prófastsdæmi (n, hk) Umdæmi prófasts.

Prófastur (n, kk) A. Prestur sem er yfir öðrum prestum í prófastdæmi; fulltrúi biskups á tilteknu svæði. Heitið er komið úr latínu; „præpositus“, þ.e. „sá sem er hærra settur“, og var upphaflega notað um aðstoðarmann ábóta í klastrum. Í kaþólskum sið voru prófastar fremur aðstoðarmenn biskupa en að þeir hefðu tiltekin svæði. B. Gælunafn á lunda. Tilkomi vegna virðulegs yfirbragðs og vegna þess að litir minna á mann í kjólfötum.

Prófblað (n, hk) Blað sem próf nemanda er ritað á. „Fyrsta prófið mitt var hraðlestrarpróf, en venja var að kanna lestrargetu barna áður en þau hófu skólagöngu. Prófblaðið var lítil A5 örð með texta og stökum stöfum sem lesa átti upp; greinilega og á sem stystum tíma. Prófað var heima á Láganúpi; ég sat einn á móti kennara sem var faðir minn og prófdómara sem var Júlíus í Tungu, og hafði hann skeiðklukku í hendi. Halldóra amma fékk að vera áheyrandi, en hún átti drjúgan þátt í minni lestrarkunnáttu. Ég þótti komast ágætlega frá þessu prófi, en ekki *nándarnærri* eins og Guðbjartur bróðir, sem varð fljótt afburða vel læs. *Lestrartilsögn* heima þótti sjálfsögð þá, en virðist hafa hnignað mjög á síðustu árum“ (VÖ).

Prófdómari (n, kk) Maður sem, ásamt kennara, situr yfir nemendum meðan þeir þreyta próf; yfirfer prófin og metur frammistöðu til einkunna. „Össur á Láganúpi var löngum prófdómari skólabarna í Rauðasandshreppi“.

Prófessor (n, kk) A. Kennari við háskóla. B. Líkingamál um mann sem er í þungum þöngum/ *utan við sig*.

Prófraun (n, kvk) Eldskír; álagspróf. „Báturinn hefur reynst listasmíð og staðist allar prófraunir“.

Prósessía (n, kvk) Fylking; hópganga; gönguhópur. „Hvaða prósessía er að koma þarna niður Hjallana? Ég hélt að féð væri allt frammi í Vík“.

Prótókkollur (n, kk) A. Fundargerðabók; embættisbók. B. Regluverk, einkum í stjórnsýslu og réttarfari. „Ég bara geri þetta eins og mér finnst best við eiga, þó það sé ekki alveg eftir prótókollinum“.

Próventa (n, kvk) A. Gjöf/innistæða sem afhent er gegn því að viðtakandi sjái gefandanum fyrir framfærslu í veikindum eða elli. Nokkuð var um slíkt á fyrri öldum, og má segja að það hafi verið liður í almennatryggingakerfi þess tíma. Sá sem átti bústofn, lausafé eða jardeign gaf það þá oftast velmegandi bónda; höfðingja; kirkju eða klaustri gegn framfærsluskyldu. Má ætla að mikið af jardeignum kirkju og klaustra hafi verið þannig til komnar. B. Tekjur/jardeignir kirkju.

Próventukarl / Próventukerling / Próventukona (n, kk/kvk) Manneskja sem er í umsjá annarra vegna elli eða lasleika, en leggur með sér eignir eða innkomu til framfærslu.

Prufa (s) Prófa; reyna.

Prufa (n, kvk) Sýnishorn; lítilsháttar reynsla. „Hann vissi ekki hvort ketið af hvalnum væri í lagi, en ákvað að taka bita og sjóða, *til prufu*“.

Prufukanna (n, kvk) Kanna með svörtu millispjaldi sem var notuð til prófunar á jógurbólgu í mjólkurkúm. Dregin var buna af mjólk á spjaldið, og sátu kekkir á því ef mikil jógurbólga var. Áður var prófað með því að mjólka bunu í flórinn, en síðar voru teknar upp efnafræðilegar aðferðir.

Prufukeyra (s) Aka bíl/traktor til reynslu; sigla vélbát til að prófa vél áður en vertíðarnotkun hefst. „Þegar hægt var að komast á sjó að prufukeyra, þá var strákunum venjulega lofað með“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).

Prufusigling (n, kvk) Sigling báts til prófunar, oft í byrjun sumars/vertíðar, eða eftir viðgerð. „Okkur strákunum var leyft að koma með í prufusiglinguna“.

Prump (n, hk) A. Það að reka við/ leysa vind. „Vertu nú ekki að þessu prumpi við matborðið“!. B. Búkvindur; viðrekstur. C. Í líkingamáli; bull; staðleysa; fánýti. „Þetta er algjört prump“!

Prumpa (s) Freta; reka við; leysa vind. „Hver var að prumpa svona ferlega fúlt“?

Prumphænsni (n, hk, fto) Niðrandi heiti á hópi fólks. „Á þetta að heita háskólagengið fólk sem svona talar?! Þvílíkt samansaft prumphænsna“!

Prumplykt (n, kvk) Lykt af freti/viðrekstri; *búkloft*; *viðrekstrarfýla*. Getur verið svæsin og ertandi í nefjum þeirra sem ekki eiga. „Út með þig og þína skollans ekkisen prumplykt; Hvað varstu eiginlega að éta“?!

Prúðbúa sig (orðtak) Klæða sig uppá; fara í fin föt. „Ég er nú ekkert að prúðbúa mig fyrir svona samkomu“.

Prúðbúinn (l) Vel/snyrtilega klæddur; í sparifötum.

Prúðlyndur (l) Skapgóður; vel skapi farinn; hæglátur; *jafnflyndur*.

Prúðmannlega (ao) Kurteislega; snyrtilega. „Þið hagið ykkur svo prúðmannlega í kirkjunni strákar“.

Prúðmenni (n, hk) Rólegur/prúðlyndur maður. „Hann var mesta prúðmenni í allri framgöngu“.

Prúðmennska (n, kvk) Kurteisi; góðmennska; háttvísi. „Hún þvældist ekkert fyrir honum prúðmennskan í þeim viðskiptum“.

Prúður (l) Kurteis; stilltur; hæglátur. B. Snyrtilegur; virðulegur. Sbr. *hárprúður*.

Prúskinn (l) Kotroskinn; mannalegur. Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Prútt (n, hk) Þjark/deilur um verð; tilraun til að gera góð kaup.

Prúttá (s) Deila/þráttá um verð; reyna að fá verð lækkað.

Prýddur (l) Skreyttur; fegraður. „Búningurinn var stífprensaður og prýddur gylltum tölum og borðum“.

Prýða (s) Fegra; skreyta; gera fállegra.

Prýði (n, kvk) Fegurð; skreyting. „Ekki finnst mér svona glingur til mikillar prýði“.

Prýðilega (ao) Óaðfinnanlega; vel; ágætlega. „Nýi presturinn stendur sig alveg prýðilega“.

Prýðilegur / Prýðisgóður (l) Ágætur; fyrirtaksgóður; ljómandi. „Þetta er hinn prýðilegasti farkostur“. „Þessi matur finnst mér bara prýðisgóður“.

Prýðisafli (n, kk) „Þetta verður nú að teljast prýðisafli“.

Prýðisfallegur / Prýðislaglegur (l) Mjög fallegur/laglegur. „Hér er prýðislaglegur gripur“.

Prýðisgripur (n, kk) Fyrirtaks gripur/-áhalð /-nautpeningur. „Þessi hrútur er alveg prýðisgripur“.

Prýðisdrengur / Prýðisnáungi / Prýðiskona / Prýðisstúlka (n, kk/kvk) Lofsyrði um gott fólk/fyrirmyndarfólk. „Hann reyndist hinn mesti prýðisnáungi“.

Prýðisgóður (l) Mjög/fyrirmyndar/framúrskarandi góður. „Þetta er prýðisgóður hákarl“.

Prýðisveður (n, hk) Fínviðri; gott veður; blíðviðri. „Hér hefur verið prýðisveður í allan dag“.

Prýðisvel (ao) Mjög vel; ágætlega. „Bárurinn er fallegur og gengur prýðisvel“.

Prýkka (s) Frikka; verða fállegri/laglegri. „Ekki fannst mér báturinn prýkka við þessa breytingu“.

Puð (n, hk) Erfiðisvinna; basl. „Það var bara þó nokkuð puð að ná þessum bol uppúr fjörunni“.

Puða (s) Basla; erfiða. „Ekki veit ég til hvers þú ert með vél í bátnum;og þarft svo að puða við landróður“!

Puðra (s) Dreifa; skjóta. „Vertu nú ekki að puðra sykrinum um borðið“. „Ég puðraði á rebba á stuttu færi“.

„Ekki botna ég baun í bala í þessum vitleysingum sem kvarta og kveina undan peningaleysi en puðra svo upp flugeldum fyrir svimandi fjárhæðir um hver áramót“.

Puðvinna (n, kvk) Strit; erfiðisvinna. „Ég hef það alveg ágætt, en *skrokkskömm*in er orðin lítlfjörleg til puðvinnu eða langhlaupa“.

Pukra/pukrast með (orðtak) Fara laumulega með; leyna. „Hvern skrattan er nú hundurinn að pukrast með“.

Pukur (n, hk) Leyndarmál; leyndardómur; það sem farið er dult með; sá háttur að pukrast/leyna. „Mér líkar ekki þetta pukur í kringum svona málefni“!

- Pukurslegur** (l) Eins og sá sem vill halda leyndu/ pukrast; líklegur til að pukrast. „Óttalega eruð þið eitthvað pukurslegir á svipinn strákar; hvaða skammarstrik eru nú í bígerð“?!
- Pumpa** (n, kvk) Dæla; áhald til að dæla með. „Pumpan á bensínankinum er alveg að gefa sig; hún pumpar bara dropa í hverju slagi“.
- Pumpa** (s) A. Dæla. „Svo kemur þú héra afturfyrir Siggi, og tekur pumpuna ef með þarf“ (PJ; Brimlending í Kollsvík). B. Ganga hart eftir upplýsingum. „Ég reyndi að pumpa hann um þetta atriði, en varð lítið ágengt“.
- Pumpustokkur / Pumpustöng / Pumpubulla** (n, kk/kvk) Hlutar dælu; svonefndrar *stokkpumpu* sem algeng var í bátum. Sjá þar.
- Pumpulið** (n, hk) Hópur; lið; notað í lítilsvirðandi merkingu. „Það er akur af fê kominn inná sléttunna. Farið þið nú og rekið þetta pumpulið útaf og skoðið girðingarnar“.
- „Ljóta pumpuliðið þessi þingmenn núna“.
- Sjá: *allt er það eins, pumpuliðið hans Sveins*.
- Pund** (n, hk) A. Þyngdareining; mismunandi að gildi eftir tíma og stað. Er héralendis í dag ýmist talið vera 0,5 kg eða 0,498 grömm. Fyrrum taldist eitt pund vera 2 merkur; eða 16 únsur; eða 32 lóð; eða 128 kvintín; eða 512 ort. Enskt pund, skammstafað lb (dregið af libra, sem var massaeining rómverja), er 453,5924277 grömm. *Skipfund* er önnur mælieining, einatt höfð um fisk. Það er 600 kg óslægður fiskur með haus; eða 500 kg slægður fiskur með haus; eða 400 kg flattur fiskur; eða 250 kg fullstaðinn saltfiskur. „Heldurðu ekki að hann leggi sig bæmilega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? „Nei fari það í helvíti. Það kemur ekki til mála að þessi kettlingur hafi 35 punda skrokk. Það þori ég að veðja um“! (PG; Veðmálið). B. Ensk mynteining, táknud með £ (sem var merki rómverja yfir libra). Upphaflega var verðgildi hennar hið sama og í 454 g silfurs sem var 92,5% að hreinleika en blandað kopar; svonefnds „sterling silfurs“. Af því er dregið orðið „sterlingspund“. Fyrir 1971 var undirmynt pundsins 20 shillingar, en í einum shilling voru þá 12 penny/pence. Eftir þann tíma jafngilti pundið 100 penny/pence. C. Óskilgreind verðmæti eða eignir. „Gott er að ávaxta vel sitt pund“.
- Punda** (s) Hlaða; demba á. „Gilti einu hvaða spurningum var pundað á hann; alltaf átti hann svör“.
- Pundari** (n, kk) A. Vog sem til forna var notuð til að vega og meta lögmæta mynt. Í Grágás er talað um „lögfundara“, sem enginn vissi lengi vel hvað vera skyldi. Við uppgröft í Álaborg kom m.a. upp munur sem menn telja vera fundara. Á stutt lóðrétt skaft er festur láréttur teinn með þolinmód; hann er með spaða á öðrum enda en hinn nær lengra frá þolinmæðinum. Væri mynt af réttum þunga lögd á spaðann hélt teinninn jafnvægi. B. Í dag er heitið haft um litlar gormavogir; m.a. þær sem notaðar eru af laxveiðimönnum.
- Punga út** (orðtak) Borga; greiða; *leggja út*. „Ætli maður verði ekki að punga út fyrir þessu eins og öðru“.
- Pungapróf** (n, hk) Nýyrði um skipstjórnarréttindi á smábáta.
- Punghlaðinn** (l) Drekkhlaðinn; mikið hlaðinn. „...þegar þeir komu að landi með punghlaðinn bát...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; heim; ÓETH). Orðið var notað í Kollsvík en finnst ekki í orðabókum.
- Punguveittur** (l) *Löðursveittur; rennsveittur; kófsveittur*. „Maður verður punguveittur í svona puði“.
- Pungsvitna** (s) Svitna mjög mikið; verða rennsveittur. „Mér pungsvitnaði við að hamast svona í sólinni“.
- Pungur** (n, kk) A. Hluti æxlunarfæra karla og karlskepna. B. Niðrandi uppniefni á manni; drullusokkur. C. Niðrandi heiti á bát; *bátpungur*.
- Punkta** (s) A. Teikna með punktum. B. Skrifa. Sjá *punkta niður / punkta hjá sér*. C. Sjóða málm með litlum suðupunktum til að halda stykkjum saman.
- Punkta hjá sér / Punkta niður** (orðtök) Skrifa á blað til minnis.
- Punktaletur** (n, hk) Blindraletur; Braille-letur; letur úr upphleyptum stöfum.
- Punktera** (s) Um dekk; springa; verða loftlaust. „Það punkteraði hjá mér á háfjallinu“.
- Punktur** (n, kk) A. Depill. Í stærðfræði; óendanleg smæð rýmis. B. Setningarkerki sem notað er á eftir setningu. C. Áhersluatriði í máli. Sbr. vendipunktur.
- Punktur og basta** (orðtak) *Búið og gert*; lok málsins. „Þetta verður svona og ekki öðruvísi; og það með punktum og basta“!
- Punt** (n, hk) Skraut; skreyting; snyrting. „Frúin var með glæsilega uppsett hár og hlaðin punti og glingri“.
- „Þessi steinn er svo skondinn í laginu að það mætti hafa hann *uppá punt*“.
- Punta** (s) Gera fint; snyrta; skreyta. „Ég var lítið að punta fyrir þessi jólin“.
- „Hún er eitthvað að punta sig“.
- Puntaður** (l) A. Skreyttur. „Salurinn var mikið puntaður“.
- B. Kenndur; fullur. „Nú er karl orðinn puntaður“.

Puntgras / Puntstrá / Puntur (n, hk/kk) A. Ættkvísl grasaættar (*descampsia*); plöntur af grasaætt með leggjúð smáöx. B. Húsapuntur; *Elymus repens*). Vex víða um land, og reyndar um norðurhvel jarðar; algengur í Kollsvík. Barst til landsins eftir landnám; var algengur á bæjarhlöðum og húsbökum fyrri tíma, og dregur nafn af því. Myndar gjarna þétta og harða hnúska og getur verið erfitt að uppræta hann. Blöðin eru löng og mjó; hörð á efra borði en mjúk undir. Axíð er grænt; smáöxin þrí- til fimtblóma. Skriður með hvítum sterklegum neðanjarðarrenglum. C. Orðið puntur er oft notað um öx ýmissa jurtategunda og þá einkum með blómskipun punts.

Punthandklæði (n, hk) Dúkur; oftast útsaumaður, sem húsmæður hengdu gjarnan á vegg í eldhúsi; oft undir hillu með skrautmunum. „Svo var mikið saumað í punthandklæði oftast með kontorsting...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms). Sumsstaðar tíðkaðist orðmyndin „puntuhandklæði“.

Pura (n, kvk) „Pura var húð fuglsins undir fiðrinu kölluð, stundum líka *laukur*, og þótti lostæti“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Purka (n, kvk) A. Fornt heiti um svín/gyltu. Sú var ein hjátrú sjómanna að ekki mátti nefna svín á sjó, því þá væri verið að ákalla svínhvelið, sem var illhveli hið mesta. Þess í stað var notað orðið purka. B. Líkingamál um mann sem þykir rólegur/latur. Einnig í samsetningunni *svefnpurka*.

Purpa (n, kvk) Tægja; tuska; tjása. „Hér eru einhverjar purpur af fugli; skyldi kattarfjandinn nú hafa náð í maríuerluna í garðinum“?

Purpa í sundur (orðtak) Trosna í sundur; tyggja í sundur. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Purpuri (n, kk) A. Hárauður eða rauðfjólublár litur. B. Klæði í purpuralit; oftast úr dýrum vefnaði. Purpuri varð því einkenni höfðingja og kónaga; talað var um pell og purpura sem óhófsvarning.

Pus (n, hk) *Ágjöf*; skvetta; *sædrif*. „Það verður töluverður *austur* í þessu pusi. Settu lensidæluna í gang“.

Pusa (s) A. *Gefa á bát*. „Það pusaði hressilega á okkur þarna í Röstinni“. B. Skvetta; ausa. „Pusaðu nógu vatni í kerruna til að skola skítinn úr“. „Ég ætla að pusa dálítið innanum bátinn áður en hann er settur upp“.

Pusi (n, kk) Niðrandi heiti á seinfærum manni; letingi; gaufari. „Sá pusi hefur lítið að gera í smalamennskur“!

Pussa (s) A. Slægja steinbít. „Næst kom til kasta *pussarans*, sem oft var hálfdrættingur, en verk hans var fólgið í að hreinsa allar innyflaefar, munnamaga, lifraaragnir að framan en garnarendann að aftan og kera burt gotraufina, en í henni var oft skel og sandur sem tók bitið úr flatningshnífnum og óhreinnaði fiskinn. Var þetta kallað að *pussa* eða grúnsa“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV) (sjá *pussari* og *steinbítur*). B. Vinna óhönduglega/slæga. „Það dugir ekki að pussa þessu bara einhvernvegin saman; þú verður að vanda þig“!

Pussari (n, kk) Sá sem slægir steinbit (sjá *pussa* og *steinbítur*).

Pussuhnútur (n, kk) Ótryggur hnútur; illa hnýttur „réttur hnútur“. „Gæta þarf þess þegar hnýttur er réttur hnútur að síðara bragðið sé rétt, annars verður úr því pussuhnútur“.

Pussverk (n, hk) Illa unnið verk; ómyndar frágangur. „Þetta er ljóta pussverkið“.

Putta (s) Fingra; pota; eiga við með puttum/putum. „Það er erfitt að putta við þetta í myrkrinu“.

Putalingur (n, kk) Gæluorð um smástrák. „Komdu hérna putalingur; það þarf að þurrka á þér *nebbann*“.

Puti (n, kk) A. Gæluorð um putta/fingur. B. Litill maður/drengur. „Ég var bara litill puti á þessum tíma“. Sjá *smáputi*.

Puttafar (n, hk) Fingrafar; far eftir putta. „Það átti að gera skákross í mörtöflurnar. Þetta er bara venja; pabbi gerði þetta alltaf. Setti puttafar í hornin og miðja vegu. Það voru sem sagt 5 fingraför; eitt í hverju horni og eitt í miðjunni og rákir á milli. Ég geri þetta alltaf þegar ég er að hnoða“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Puttaferðalangur / Puttalingur (n, kk) Sá sem ferðast „á puttanum“; þ.e. gangandi en með því að sníkja sér far með bílum. Gefur hann þá merki með því að veifa fingri á sína stefnu. „Það getur verið *stórvarasamt* að taka þessa puttalinga upp í bílinn“.

Putti (n, kk) A. Fingur. B. Gæluorð um lítinn mann/dreng/fisk.

Pú (n, hk) Mås; blástur. „Við heyrðum púíð í honum þegar hann nálgadist brúnina“.

Púa (s) A. Blása; anda; vera móður. B. Reykja. „Ertu farinn að púa vindla“?

Púa í skeggið (orðtak) Blása lengdregið um nær lokaðar varir; gjarnan gert þegar menn þurfa að *hugsa sig um* áður en svarað er erfiðri spurningu, eða til að lýsa vanþóknun. Notað um skeggjaða sem skegglausa. „Þórður svaraði þessu ekki strax, heldur púaði um stund í skeggið eins og hans var gjarnan vandi“.

Púdda (n, kvk) Gæluorð um hænu. „Það þyrfti að kasta einhverju fódri í púddurnar og sækja egginn“.

Púðaver (n, hk) Klæði utanum púða.

- Púði** (n, kk) A. Koddi/svæfill sem hafður er til þæginda og skrauts, t.d. í stofusófa. B. Hverskonar þófi til að mýkja högg/átak, t.d. við fjöðrun farartækja. C. Niðrandi heiti á manni. Skítapúði.
- Púðra** (s) A. Dreifa púðri; reykja. B. Skjóta me byssu. „Það þýðir ekkert að púðra á hann í þessari hæð“.
- Púður** (n, hk) A. Hverskonar fóngert duft. B. Duft til að dreifa á húð til mýkingar/snyrtingar. C. Kornað sprengiefni sem notað er m.a. í byssuskot. D. Fjör; skemmtun. „Það er eitthvað púður í þessu“!
- Púður í** (orðtak) Varið í; bragð af. „Honum þótti lítið púður í þessum samkvæmisleikjum; hann vildi helst sjá almennileg slagsmál; allavega glímu“. Hér er púður líkl. í merkingunni krydd.
- Púðurfýla / Púðurlykt / Púðurreykur / Púðurstækja / Púðursvæla** (n, kvk/kk) Rykur/lykt af púðri/byssuskoti. „Púðurfýlan sat eins og ský í Byrginu og jók á veiðigleðina“.
- Púðurkerling** (n, kvk) Lítil sprengja; knalletta; kínverji. Sprengd til skemmtunar, t.d. um áramót.
- Púðurskot** (n, hk) Skot sem hlaðið er púðri en ekki kúlu.
- Púðursnjór** (n, kk) Mjög fingerður og léttur snjór; laus á jörðu og rokgjarn. „Það verður augalaus bylur þegar hann hreyfir þessum púðursnjó“.
- Púkablístra** (n, kvk) Hljóðfæri úr þjóðtrúnni; notað til að kalla púka til þjónustu. Gjarnan notað um uppruna á einhverju óþægilegu eða torkennilegu hljóði. „Úr hvaða árans púkablístru skyldi nú þessi síbylja koma“?
- Púkalegur** (l) Hallærislegur; ómerkilegur; nískur. „Vertu nú ekki svona púkalegur við yngri bróður þinn“!.
- Púkaskapur** (n, kk) Hrekkvísi; gárungsháttur. „Hann gerði þetta af tómunum púkaskap“.
- Púki** (n, kk) A. Ári; skratti. Púkar eru í þjóðtrúnni taldir vera vistmenn satans sjálfs. Þeir búa allajafna í neðra, en ganga stundum erinda satans þegar hrella þarf mannfólkið. Er þá einungis á færi slyngustu galdramanna að hafa hemil á þeim. Sumir þeirra, eins og Sæmundur fróði í Odda, eru þekktir fyrir að hafa tekið þá í þjónustu sína. Sagt var að púkar nærðust á blóti og illmælgju manna. Þeir fitnuðu og færðust allir í aukana þegar mikið var bölvað og sóttu í félagsskap þeirra sem það gerðu. Þeir voru þannig nauðsynlegur hluti af hreintrúarhyggju fyrri tíma. Í seinni tíð fer minni sögum af þeim, þó ekki ætti að há þeim næringarskortur. B. Líkingamál um hrekkjóttan mann. Stundum notað um småstrák/peyja.
- Púkk** (n, hk) A. Sérstakt spil, sem spilað er með venjulegum spilastokk. Oftast spilað upp á peninga eða ígildi þeirra, s.s. eldspýtur eða kvarnir. Spilarar geta verið 2-7; hver spilari velur sér spil; tíur, mannspil og ása. Einn fær laufgosann sem nefnist pamfill. Lágspil eru tekin úr stokknum; frá tvísti til fimmu; stundum líka sexur og sjóur. Allir leggja í púkk þegar gefið er; hver fær 5 spil; bunkanum svo hvolt og eitt uppíloft hjá honum; sá litur er tromp. Nánar verður spilinu ekki lýst hér, en það gengur auðvitað útá að græða sem mest. B. Líkingamál um sjóð sem menn leggja í; *leggja í púkk*. C. Undirstaða úr grófu efni, t.d. grjótfylling undir veg eða grjóthaugur sem frárennsli er leitt í.
- Púkka uppá** (orðtak) Eiga með; viðhalda; halda uppá. „Ég held að það sé nú varla hægt að púkka upp á þessa ríkisstjórn lengur; hún hlýtur að falla í kosningunum“.
- Púkkenholt** (n, hk) Lignum vitae; mjög hörð, dökk, seig og eðlisþung viðartegund Guaiac-trjáa. Í viðnum er mikið af harpíx, sem gerir hann vatnsfælinn, og eðlisþyngd hans er slík að hann sekkur í vatni. Viðurinn var m.a. notaður í legur, t.d. í stefnisrör skipa og í vindmyllulegur.
- Púl / Púlsvinna / Púlverk / Púlvinna** (n, hk/kvk) Erfiðisvinna; puð. „Það var púl að draga (línuna)“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Maður svitnar mikið við svona púlverk í sólarbreyskjunni“.
- Púla** (s) Puða; erfiða. „Maður verður þyrstur á að púla svona í sumarhitunum“.
- Púls** (n, kk) Hjartsláttartíðni; regluleg dæling blóðs um æðar. Heilbrigður maður á besta aldri í hvíld hefur u.þ.b. 60-80 hjartslög á mínútu; þ.e. púlsinn er 60-80. Hann hægist yfir svefn, en eykst með áreynslu og geðshræringu.
- Púlshestur** (n, kk) Hestur sem notaður er við erfiðisverk, t.d. drátt á kerru eða plógi, en ekki til reiðar.
- Púlsæð / Púls** (n, kvk/kk) Slagæð. Einkum notað um slagæðina í úlnið manns.
- Púlt** (n, hk) Geymslukassi með hallandi loki, oft hólfaður; hentugur til að hafa á hnjám sér undir skriftum.
- Púlver** (n, hk) Duft; púður. „Mundu eftir að kaupa fyrir mig gerpúlver“.
- Púntera** (s) Um bíldekk/slöngu; springa; fara að leka. „Það púnteraði hjá mér og varadekkið var loftlaust“.
- Púpa** (n, kvk) Þroskastig skordýrs; frá lirfu til fullþroskaðs dýrs. Þegar skordýr púpar sig fer það í nokkurskonar hýði, og leggst þá oft í tímabundinn dvala.
- Púra** (l) Hreint; skíra. „Það sprettur ekki mikið í púra skeljasandi“. „Það er púra gullhúð á þessu“.

Púrri (s) Leggja varir að húð og blása, svo myndast prr-hljóð; stundum notað til að ærslast í börnum. „Viltu að ég púrri þig aftur í hálsakotið stubbur“? Annarsstaðar var notað um þetta orðið „purra“, skv orðabókum, en „púrri upp“ merkir þar að hressa við. Um það var gjarna notað að *porra* eða orðtakið „*porra upp*“.

Púsl / Púsluspil (n, hk) *Myndakotra*; dægradvöl sem felst í því að raða saman bútum úr mynd sem skorin hefur verið niður, þannig að þeir falli rétt og sýni myndina.

Púsla (s) A. Kotra; setja saman *púsl/púsluspil/myndakotru*. Sjá *kotra*. B. Líkingamál um að koma einhverju brotakenndu/vandamáli/verki í heillega lausn. „Það verður erfitt að púsla þessu öllu saman“.

Púss (n, hk) A. Upphaflega lítill poki/pyngja. Í seinni tíð einungis notað í yfirfærðri merkingu; „að eiga eitthvað í pússi sínu“. „Að skilnaði gaf hann mér vasahníf sem hann dró úr pússi sínu“. B. Fín föt; skartklæði. „Þá (á álfadansinum) gengu álfakóngur og drottning um Sandinn í finasta pússi og með kórónur...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Pússa (s) A. Slípa; glatta; slétta. „Hér hefði mátt pússa gólfíð betur“. B. Gefa saman; gifta. „Það eru tíu ár síðan þau létu pússa sig saman“.

Pússning (n, kvk) Múrhúðun. „Gamla húsið var orðið lélegt og pússningin farin að losna frá“.

Pússningabretti (n, hk) Áhald sem notað er til múrhúðunar; flöt slétt plata með handfangi.

Pússningasandur (n, kk) Sandur sem hentar vel til múrhúðunar.

Púst (n, hk) A. Það að hvíla sig/ *kasta mæðinni*; hvíld/hlé frá vinnu til að kasta mæðinni. „Við skulum nú aðeins tylla okkur og taka smá púst; brekkan er ansi mikið á *fótinn*“. B. Mæði; blástur. „Hann kom ekki upp orði *fyrst í stað*, fyrir pústi og púi“. C. Styttung á „púströr“; rör sem leiðir útblástur frá sprengihreyfli. D. Sprenging/viðbragð vélar/sprengihreyfils. „Vélin tók nokkur púst í byrjun en vildi svo ekki í gang aftur“.

Pústa (s) A. Kasta mæðinni; ná að hvílast og anda eðlilega; *taka púst*. „Leyfðu mér nú aðeins að pústa áður en ég segi þér ferðasöguna“. B. Um vél/sprengihreyfil; þeyta frá sér afgasi; ganga; fást í gang; *taka púst*. „Það pústar aðeins út við hljóðkútinn“.

Pústgrein (n, kvk) Greinótt rör sem tekur við afgasi/útblæstri sprengihreyfils og safnar í eitt púströr.

Pústkerfi / Púströr (n, hk) Rör sem leiðir afgang/útblástur sprengihreyfils frá vélinni.

Púta (n, kvk) Hæna; *púdda*. „Ætla þú að skreppa og *kasta í púturnar* og taka egginn“?

Pútugrey / Pútuskarn (n, hk) Gæluorð um hænu. „Óskaplega er hún orðin rytjuleg, pútugreyið“.

Pútuþópur / Pútuskari (n, kk) Hópur af hænsnum/púddum. „Er nú ekki allur herjans pútuskarinn kominn í moldarbað í rófubeðinu“?!

Pylsa (n, kvk) A. Bjúga. B. Í seinni tíð notað um mjónur þær, fylltar fitu, ketsulli og rotvarnarefnum, sem menn leggja sér gjarnan til munns nú á tímum, ásamt sérstaklega löguðum brauðum og sósugumsi. Afleitar matvenjur sem þjóðin hefur tileinkað sér frá danskinum; sem nefnir fyrirbærið „pölse“, en Bretar kalla „heitur hundur“ sem er skiljanlegra nafn. Innflutningurinn hefur þó ekki lánast betur en svo að deilt er um hvort i- eða u-hljóð sé í orðinu.

Pylsubrauð (n, hk) Brauð það sem pylsur eru jafnan étnar úr nú til dags. Sú erlenda hefð hefur fest sig í sessi að pylsur megi helst ekki éta nema með brauði af vissri gerð og með stöðluðu lagi. Það skal vera hvítleitt og *aflangt*; í það skorin *þuma* öðrumegin og þar í látin pylsan ásamt *gumsi* af ýmsu tagi. Allt skal það vera af svipaðri *óhollustu* og pylsan; brauðið af hvítu hveiti og sósurnar *eitursterkar*.

Pyngja (n, kvk) Lítill sekkur/posi. Oftast er átt við leðurpyngju/peningapyngju/buddu sem notuð er til að geyma í peninga/mynt. Stundum yfir veski almennt, eða fjárhag. „Það hlýtur eitthvað að hafa linast hjá honum pyngjan við þessi kaup“.

Pynta (s) Pína; kvelja. „Vertu nú ekki að pynta okkur með þessu gargi í útvarpinu“!

Pynting (n, kvk) Píning; slæm meðferð. „Alveg er ég *handviss* um að þessi hálsbindi hafa upphaflega verið fundin upp til pyntinga“!

Pyntingataeki (n, hk) Tæki til pyntinga. „Kirkjubekkirnir voru í raun hálfgerð pyntingataeki“.

Pysja (n, hk) Það sem er létt/loftkennt í sér; *fiða*. Mun hafa verið notað um mosakenndan jarðveg, t.d. ofaná mólaga í jörð. Aldrei notað um lundaunga vestra, líkt og í Vestmannaeyjum; vestra nefnast þeir *kofa*.

Pysjulegur (l) Slappur; veiklulegur. „Mér fannst hann ári pysjulegur og *ekki til stórræðanna*“

Pyttla (n, kvk) Uppspretta vatns. „Mikkupyttlan á Stekjarmel er gott vatnsból ef varin er ágangi Árinnar“.

Pyttur (n, kk) Djúpt dý; djúp hola, stundum með vatni/for. „Harðatorfspyttur er uppsprettulind í Melaröndum“.

Pýrrusarsigur (n, kk) Dýrkeyptur sigur; sigur sem ekki er varanlegur/raunverulegur. Vísar til sigurs gríska herforingjans Pýrrosar frá Epíros á Rómverjum í orrustunni við Heracleu árið 280 f.Kr og orrustunni við

Asculum árið eftir. Í báðum orrustum misstu Rómverjar fleiri menn og Pyrrhos fagnaði sigri. En í raun sigruðu Rómverjar þar sem þeir gátu stöðugt endurnýjað lið sitt en Pyrrhos hafði einungis það lið sem komið var til Ítalíu.

Pýþagórasarregla (n, kvk) Regla í flatarmálsfræði/stærðfræði sem kennd er við forngríska heimspekinginn og stærðfræðinginn Pýþagóras, þó hún hafi í raun verið uppgötvuð fyrr. Reglan segir að samanlagðar lengdir tveggja skammhliða þríhyrnings í öðru veldi séu jafngildar lengd langhliðarinnar í öðru veldi. Reglan er allmikið notuð í verklegum efnum til að finna rétt horn, t.d. við húsbýggingar.

Pæ (n, hk) Sulta; marmelaði. Tökuorð úr ensku sem GJH notaði óspart, eins og fleiri gæluorð. „Það er svo ljómandi gott að hafa pæið með þessu“.

Pækill (n, kk) *Pekill*; saltlögur; vatn sem mettað er uppleystu salti að tilteknu marki. Var oftast borið fram með e- fremur en i-hljóði í Kollsvík, þó hvorttveggja heyrðist. Sjá *pekill*.

Pækilsalta (s) Pækilsalta; salta í pækil/pekil/saltlög. „Ég pækilsaltaði bútunginn“.

Pækilsaltaður (l) Um fisk/kjöt; pækilsaltað; saltað í saltlupplausn en ekki þurrsaltað. Ýmist var þetta orð notað eða „pækilsaltaður“. „Ég neita því ekki að söltun verður jafnari sé hangikjötið pækilsaltað“.

Pækla (s) Pækilsalta matvæli; bæta pækli á ílát með pækilsöltuðum matvælum.

Pækilun (n, kvk) Ábót pækils/pekils á ílát sem pækilsaltað hefur verið í.

Pæla (n, kvk) A. Stinga upp jarðveg; losa um jarðveg fyrir ræktun. Orðið er stofnskylt orðinu páll, sem er fornleg gerð stungureku. B. Síðari tíma líkingamál um að vinna í verki; hugsa; gruflla.

Pæla (n, kvk) Staður/lægð í jörð þar sem torf hefur verið skorið af. Orðið var ekki notað í Kollsvík í seinni tíð, og skal ekki fullyrt hvort það hafi verið notað þar áður.

Pæna (n, kvk) Þunn fjöl; *spækja*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Pæla (n, kvk) Grasflöt þar sem torf hefur verið skorið. „Það rigndi svo að vatn settist í polla í pælunni“.

Pöddufullur (l) Ofurölvi; *mígandi fullur*; *augafullur*. „Í bílum var hver einasti maður pöddufullur“.

Pöddutegund (n, kvk) Tegund skordýrs/*pöddu*.

Pökkun (n, kvk) Það að pakka/ setja í umbúðir. „Ég þarf víst að mæta í pökkun í sláturhúsinu í fyrramálið“.

Pönnukaka (n, kvk) Þunn kaka sem bökuð er á sérstakri pönnu/pönnukökupönnu, úr hveiti, eggjum og mjólk. Pönnukökur eru yfirleitt annaðhvort stráðar sykri og borðaðar upprúllaðar, eða með sultu og rjóma. Íslenskar pönnukökur eru þynnri en þær sem tíðkast í öðrum löndum.

Pönnusteiktur (l) Um fisk eða annan mat; steiktur á pönnu. „Pönnusteikt grásleppa er *sælgætismatur*“.

Pöntun (n, kvk) Beiðni til seljanda um vöruúttækt. „Sveitaverslun í Rauðasandshreppi, eftir tilkomu pöntunarfélaga og kaupfélaga, var mestmegnis með þeim hætti að frá hverjum bæ var lögð inn pöntun, oftast símleiðis. Vörurnar voru teknar til í versluninni og skuldfærðar með nótu á viðskiptareikning kaupanda. Oft sáu landpóstur eða mjólkurbíl um að flytja vörurnar til bæjanna, t.d. í Útvikum. Oft gerðu menn sér þó ferð í verlsunina og tóku vörurnar heim sjálfir“.

Pöntunarfélag (n, hk) Félag sem menn stofna til að auðvelda sér innkaup vöru og nýta fjöldainnkaup til að fá hana á lægra verði. Pöntunarfélag Rauðasandshrepps var stofnað árið 1908. Félagsmenn gerðu áætlanir um vöruinnkaup og keyptu inn sameiginlega í stórum pöntunum, gegn loforði um innlegg sinna afurða. Pöntunarfélög urðu fyrirrennarar kaupfélaganna, sem voru í fastara formi. Kaupfélag Rauðasands var stofnað 1933 með aðsetur á Hvalskeri og 1936 var stofnað Sláturfélagið Örlygur sem hafði aðsetur á Gjögurum, og einnig um tíma í Hænuvík.

Pöntunarlisti (n, kk) Bæklingur sem verslun sendir í pósti inn á heimili, með vörum sem unnt er að panta. Fyrstu almennu pöntunarlistarnir hafa líklega verið svonefndir „Hagkaupslistar“ sem verslunin Hagkaup sendi inn á öll heimili á fyrstu starfsárum sínum. Var þeim víða flett og úr þeim pantað.

Pöpull (n, kk) Lýður; fólk; almenningur. „Pöpullinn í dag lætur almennt stjórnast af fjölmiðlaruglinu“.

Pöróttur (l) Hrekkjóttur; hrekkvís; baldinn. „Ýmsar sögur gengu af vermönnum í Kollsvíkurveiri. Virðast þeir hafa verið uppáfinningasamir og pöróttir í meira lagi, þegar drepa þurfti tímann í landlegum“.

Pörupiltur (n, kk) Óþekktarormur; misindismaður; þrjótur. „Það þarf að loka svona pörupilta inni“!

Pössun (n, kvk) Gæsla; eftirlit. „Ég er með árans túnrollurnar í stöðugri pössun“.

Rabarbaragarður (n, kk) Garður/reitur þar sem ræktaður er rabarbari. „Kýrnar eru uppi við rabarbaragarð“.

Rabarbaragrautur (n, kk) Grautur soðinn úr niðurbrytjuðum rabarbara í vatni og sykri; með kartöflumjöli til þykkingar. Ef of mikið er af kartöflumjöli vill grauturinn vera hlaupkenndur og samhangandi.

Rabarbarasaft / Rabarbarasulta (n, kvk) Saft/sulta úr rabarbaraleggjum (sjá *safta*).

Rabarbari / Rabarbarablaðka / Rabarbarahnaus / Rabarbaraleggur Rabarbari (tröllasúra; Rheum rhabarbarum) og hlutar hans. Rabarbaragarður var við hvern bæ. Rabarbarinn var einkum nýttur í sultugerð, en einnig í grauta, kökur o.fl; og etinn nýr. Mikið er af oxalsýru í rabarbara sem gerir hann súran, og því sækja skepnur ekki í hann. Vestra tíðkaðist að tala um rabarbarahnaus en ekki rabarbararót eins og heyrst annarsstaðar. „Gott er að stinga rabarbararótina í sundur þegar hún eldist, og bera vel á af skít til að halda góðum vexti“.

Rabb (n, hk) Skraf; viðræður. „Við áttum þarna ágætt rabb um allt og ekkert“.

Rabba (s) Ræða; skrafa; tala við. „Þegar þær fara að rabba má reikna með að línan sé upptekin þann daginn“.

Rabbat (n, hk) Ágóði; hagnaður; arður. „Og svo fengum við tvö lúðulok í rabbat“.

Raddblær / Raddbrigði (n, kvk, hk/fto) Breyting í röddinni eftir skapi, t.d. við uppnám. „Ég þóttist heyra það á raddbrigðum hans að ekki væri allt í lagi“.

Raddlaus / Raddlítil (l) Búinn að missa röddina; háls; ekki raddmikill. „Ég er orðinn raddlaus af að kalla á ykkur“.

Raddmikill / Raddsterkur (l) Með hljómmikla rödd. „Hann var raddmikill og mátti vel greina tautið í honum í land í logninu, þegar fiskur tapaðist við borðið“.

Radíóvíti (n, kk) Mastur með öflugu loftneti sem sendir frá sér radíóbylgjur í merkjum sem skip og flugvélar geta miðað stefnu sína og staðsetningu við. „Árið 1965 var bætt við vita á Bjargtöngum, og settur radíóvíti sem þótti þýðingarmikið; ekki sist gagnvart fluginu“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Radísa (n, kvk) *Hreðka* (sjá þar).

Radísubeð (n, kvk) Beð í matjurtagarði, þar sem radísur/hreðkur eru ræktaðar.

Raða (s) Koma í skipulag; setja í röð/halarófu. „Hausunum var raðað á tóma fóðurbætispoka á grindunum, og stráð dálitlu salti í stjúpann“.

Raða í sig (orðtak) Borða mikið og samfellt. „Ertu enn að raða í þig? Mikið andskoti geturðu étið“!

Raða niður netum (orðtak) Leggja mörg net á samliggjandi svæði.

Raf (n, hk) *Rafabelti*; uggar á lúðu. „Allar lúður sem minni voru en svo að tekin yrðu af þeim fjögur flök og rafabelti, voru stofnaðar sem kallað var. Þær voru þá flattar; tekinn úr þeim hryggurinn og höfuð skorið af; sitt rafið var látið fylgja hverri kápu“ (PJ; Barðstrendingabók

Rafabelti (n, hk, fto) Uggastykki af lúðu. Feitur matur og þótti gómsætur; oftast hert. „Þegar búíð var að rista fyrir uggum; rafabeltum, var rist fyrir flökum... Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd upp til þurrks. Þetta var talinn hátíðarmatur er þau höfðu hlotið verkun, enda þótt komið væri fram á næsta vetur“ (KJK; Kollsvíkurvef). (Sjá nánar um „vaðhorn“ og „riklingur“).

Raffinera (s) Sletta sem merkir í raun að heinsa, t.d. jarðeldsneyti eða matarolíu. Stundum notað um að finnstilla eða gera snyrtilegt. „Aðeins þyrfti nú að raffinera ganginn í *vélarroknum*“.

Rafgirðing / Rafmagnsgirðing (n, kvk) Girðing með einum eða fáum strengjum sem bera rafspennu frá spennu/spennugjafa, þannig að skepna/maður sem snertir streng og leiðir strauminn til jarðar fær óþægilegt rafstuð í stuttan tíma. Skepnur eru fljótar að læra að forðast slíkar girðingar. Spennan frá rafgirðingu getur verið um 3000 volt en stuðið varir um 0,2 millisekúndur. Fyrstu rafgirðingar komu í Kollsvík kringum 1970-80 og voru notaðar sem léttar færanlegar girðingar við kúahaga. Síðar voru girt með þeim tún.

Rafhitun / Rafkynding / Rafmagnskynding / Rafmagnshitun (n, kvk) Húshitun með rafmagnskyntri miðstöð. Rafkynding húsa varð fyrst möguleg í Kollsvík með tilkomu dísilrafstöðva laust fyrir 1970. Fram að þeim tíma höfðu íbúðarhús um nokkurra áratuga skeið verið kynt með olíueldavélum; en þar áður með viðar- og kolaofnum. Með rafmagnskyndingu komu önnur þægindi, s.s. rennandi heitt vatn úr krana og baðker.

Rafhlaða (n, kvk) Batterí. Um tíma var Kollsvíkingur einn stærsti innflytjandi rafhlaðna á Íslandi; Sigurvin Össurason sem flutti inn Helleesen batterí.

Raflýsing (n, kvk) Líklega hefur fyrsta raflýsingin í Kollsvík verið frá vindmyllu sem um tíma var uppi á Stekkjarmel eða frá myllu sem þar var í Ánni. Ekki skal fullyrt um ártalið, en líklega hefur það verið öðruhvorumegin við 1940. Meginverkefni þessara orkustöðva var þó að hlaða rafgeyma fyrir útvarp sem í fyrstu var einungis á Stekkjarmel. Síðar komu litlar 12 volta ljósavélar á Kollsvíkur- og Láganúpsbæi, en Ingvar Guðbjartsson byggði stíflu fyrir 12 volta vatnsvirkjun í Ánni. Arftakar þessara véla voru 220 volta dísilvélar, og þá fyrst var farið að nota rafmagn til eldunar og kyndingar en ekki eingöngu til ljósa og útvarps. Veiturafmagn var lagt yfir Hænuvíkurháls 1973.

Rafmagnaður (l) Hlaðinn stöðurafmagni/rafhleðslu. Sé tveimur hlutum af ákveðnum mismunandi efnum núíð saman myndast stöðurafmagn; þannig að rafeindir færast af öðru efninu yfir á hitt. Slíkt gerist t.d. þegar þurrt hár er greitt lengi með plastgreiðu og þegar gler er núíð með ull. Sé greiðan eða glerið boríð að léttum hlut, t.d. bréfnifsum á borði eða mjórri vatnsbunu dragast þessir hlutir að hinum hlaðna hlut líkt og að segli. Gangi maður lengi á teppalögðu gólfi getur myndast stöðurafmagn sem síðan losnar sem neisti þegar t.d. hurðarhúnn er snertur. Stöðurafmagn myndast í lofthjúpi jarðar við ákveðnar aðstæður, og er það orsök eldinga. Raf er eitt þeirra efna sem unnt er að hlaða stöðurafmagni og er þar af komið orðið „rafmagn“.

Rafmagnsleysi (n, kvk) Skortur/rof á rafmagni. Rafmagnsleysi háði aldrei byggðunum áður en rafmagn varð aðgengilegt. Hinsvegar er það hvítleitt og jafnvel skaðlegt þegar heimili og rekstur treysta á stöðugt rafmagn og eðlilegt líf miðast við aðgengi að því. Eftir að veiturafmagn var lagt í Kollsvík á 8. áratug 20.aldar settist þessi húsdraugur að, og lætur iðulega á sér kræla; einkum í slæmum veðrum.

Rafmagnskapall / Rafleiðsla / Rafmagnsleiðsla / Rafmagnssnúra / Rafmagnsvír / Rafstrengur / Raftaug (n, kk/kvk) Vírlleiðari sem oftast er einangraður, til flutnings á rafmagni. „Ég setti *ísóleringaband* á skemmdina í rafmagnssnúrunni“.

Rafstöð (n, kvk) Vél sem framleiðir raforku úr öðru orkuformi. Fyrstu rafstöðvar í Rauðasandshreppi voru litlar vindmyllur og vatnsmyllur sem einkum voru notaðar til að hlaða batterí fyrir fyrstu útvörpin, en einnig lítilsháttar til ljósa. Síðar voru á sumum bæjum settar upp öflugar vatnsaflsvirkjanir, og um leið fóru að koma bensín- og síðar dísilknúnar rafstöðvar. Veiturafmagn kom í Rauðasandshrepp á 8. áratug 20.aldar. Í framtíðinni verða eflaust rafstöðvar í sjó sem nýta hina orkumiklu sjávarfallastrauma við strendur víða í hreppnum. Að því vinnur höfundur þessarar samantektar.

Raftur / Raftviður (n, kk) A. Tré; trjábólur; burðarviður; burðarbiti. „Ég bjargaði tveimur brúklegum röftum undan sjó“. B. Raftur er líkingamál um vinnheigðan/drukinn mann; fylliraftur.

Rafveita (n, kvk) Rafkerfi sem dreifir rafmagni til margra notenda, og rekstur þess. Einn helsti hvatamaður þess að stofnuð væri rafveita fyrir alla Vestfirði; Orkubú Vestfjarða, var Össur Guðbjartsson á Láganúpi. Var hann í undirbúningsnefnd Orkubúsins og lengi stjórnamaður“.

Rag (n, hk) A. Sortering; flokkun; niðurröðun. „Það var bara byrjunin að ná fénu í rétt. Nú er allt ragað eftir“. Sjá *fjarrag*. B. Líkingamál; vesen; fyrirhöfn; umsýsla.

Raga (s) A. Flokka; raða niður. „Við þurfum svo að raga féð í karmana“. B. Muna. Sjá *ragar hvorki til né frá*.

Ragar hvorki til né frá (orðtak) Munar engu; skiptir ekki máli. „Það ragar hvorki til né frá með þessar krónur sem þú skuldar mér; vertu ekkert að hafa áhyggjur af þeim“.

Ragast í (orðtak) Vinna í; beita sér fyrir. „Fjármál félagsins skýrðust eftir að hann fór að ragast í þeim“.

Raggeit (n, kvk) Heigull; bleyða. „Bölvuð raggeit er hann ef hann þorir ekki að standa fyrir máli sínu“!

Raggeitarháttur (n, kk) Heigulsháttur; aumingjadómur; bleyðuskapur. „Ég kalla það bölvaðan raggeitarhátt ef hann þorir ekki að mæta mér og standa fyrir máli sínu“!

Ragmenni (n, hk) Óþokki; skíthæll; svikari. „Ég er ekki slíkt ragmenni að ég láti mína sök falla á aðra“.

Ragn (n, hk) Bölbæmir; blót; *ljótur munnsöfnuður*. „Eitthvað verður nú ragnið í karlinum þegar hann kemst að þessu“!

Ragna (s) Blóta; bölv. „Ætli maður sé nokkuð bættari með að ragna yfir þessu“?

Ragnarök / Ragnarökkur (n, hk, fto) A. Heimsendir samkvæmt norrænni trú. Orðið merkir örlög goðanna (rögn = goðmög). Í Gylfaginningu Snorraeddu er þeim lýst þannig m.a. að í byrjun komi Fimbulvetur; orrustur verði um heim allan; úlfurinn sem elt hefur sólina nær henni og gleypir; sömu örlög fær tunglið; stjörnur hverfa; jörð skelfur; Fenrisúlfr losnar úr fjötri sínum; Miðgarðsormur gengur á land og spýr eitri yfir allt; Múspellssynir ríða af himnum með eldjötuninn Surt fremstan í flokki; Bifröst brotnar undan þeim; orrusta verður milli þeirra og ásanna; Fenrisúlfr gleypir Óðin; Þór deyr af eitri Miðgarðsorms; Týr fellur einnig; Surtur slær eldi yfir jörð og brennir allan heiminn. Eftir Ragnarök rís jörðin úr hafinu; grænni og fegurri en áður; mannfólkið Leifþrasi og Líf komast af og geta nýtt mannkyn. Fáein goð komast einnig af og einnig dóttir sólarinnar. „Þessu færi verst í vök/ veldið trölla forna./ Þaðan koma ragnarök;/ reiði skapanorna“ (JR; Rósarímur). B. Líkingamál um óskapagang/eyðileggingu. Einnig notað í viðkvæðinu; „Ætlarðu að *bíða* með þetta alveg *fram* í ragnarökkur“?

Ragmennska (n, kvk) A. Linkind; hræðsla; óframfærni. „Það er kannski ragmennska af mér, en ég legg ekki í að klórast eftir svona tæpum gangi“. B. Óþverraháttur; Óþokkabragð „Mér finnst svona framkoma vera ragmennska af versta tagi“!

Ragur er sá er við rassinn glímur (orðatiltæki) Sá er huglaus sem ræðst aftan að manni. Mikið notað orðtak í Kollsvík ef lýsa þaft heigulshætti og sviksemi.

- Rak** (n, hk) A. Dreifar af heyi sem raka þarf af túnum. Jafnan notað í þeirri merkingu í Kollsvík í seinni tíð, og þá einatt í fleirtölu. „Það borgar sig að hirða rökin við garðaendana“. B. Þráður/kveikur í kerti. Í heimaunnin tólgarkerti fyrri tíma var notað rak úr fifu, lérefti, bómul eða hrosshári, eftir því hvað tiltækt var.
- Raka** (s) A. Taka saman hey eða dreifar af heyi með *hrífu*. B. Skafa skeggbrodda af húð, einkum andliti karla. C. Í líkingamáli; raka saman fé/peningum, um það að auðgast/hagnast.
- Raka af túnum** (orðtak) Raka umframskít af túnum, sem hafður hefur verið til áburðar. „Fyrir slátt var túnið hreinsað; þá var skíturinn sem ekki vannst niður rakaður í hrúgur. Það var svo starf okkar krakkanna að tína þær upp í trog og hella þeim í poka. Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður. Heldur þótti okkur leiðinlegt verk að taka hrúgur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Raka/skara eld að sinni köku** (orðatiltæki) Sjá *skara eld að sinni köku*.
- Raka frá** (orðtak) Raka hey með hrífum frá skurðbökkum, steinum, girðingum o.fl. til að unnt sé að beita rakstrarvél til að *raka saman* á túni/sléttu. Kom til á vélaöld og var yfirleitt hlutverk barna og unglinga.
- Raka/taka saman** (orðtök) A. Raka saman hey með hrífu eða rakstrarvél. „Ég fer að raka saman ef þið *setjið upp*“. „Ég treysti ekki ve þessu útliti; ætli við förum ekki bara óðara að taka saman“. B. Tína mikið saman á stuttum tíma; græða. „Á Bæjarvellinum er fljótlegt að raka saman eggjum í hvern kútinn eftir annan“.
- Raka slæður** (orðtak) Raka dreifar af heyi, t.d. eftir rakstur með rakstrarvél; söfnun með vél eða fok.
- Raka upp** (orðtak) Raka saman hey. „Allt gras var rakað saman í flekki; misstóra eftir sprettu. Rifjað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Hann er að ljókka fjári mikið núna; við verðum að raka upp í *hveli*“.
- Raka utanað** (orðtak) Raka jaðar á heyfleck, þannig að hann verði minni og því minna verk að vinna við hann, t.d. rifja og taka saman. Einnig notað um það að *raka frá*. „Eruð þið til í að fara og raka utanað á litlu sléttunni strákar“?
- Raka utanúr** (orðtak) Raka með hrífu niður uppsett hey t.d. í galta eða á heyvagni, til að taka lausar *slæður* sem annars myndu falla/fjúka af og fara til spillis.
- Rakalaus** (l) A. Sem er laus við raka/sagga. „Kartöflurnar þarf að geyma í rakalausum stað“. B. Sem ekki styðst við rök/sannindi; sem ekki er *fótur fyrir*. „Þetta er bara rakalaus þvæla“!
- Rakalaus þvættingur** (orðtak) *Staðlausir stafir*; uppspuni frá rótum; lygasaga; slúður.
- Rakasamt** (l) Um jörð/tún; raklent; blautt um. „Þarna var mjög þunnur jarðvegur og rakasamt...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Rakblað** (n, hk) Stálþynna með eggbrýndum jöðrum; sérstaklega löguð til að falla í rakvél, og notuð til að raka skeggbrodda af manni.
- Rakbolli** (n, kk) Bolli með vatni sem *hafður* er við *hendina* þegar maður rakar sig með rakvél og raksápu; til að skola burstann og væta raksvæðið. Nýtist oft til geymslu á rakáhöldum þess á milli.
- Rakbursti** (n, kk) Lítil bursti/kústur, notaður einkum til að bera raksápu úr stauk/bolla á neðra andlit manns fyrir rakstur.
- Raketta** (n, kvk) Flugeldur; lítil eldflaug með stýripriki sem skotið er á loft til skemmtunar; einkum á áramótum. Misstórar og sumar með ljóskúlum sem springa þegar upp er komið. Fremur var talað um rakettur en flugelda vestra, eftir að þessi fyrirbæri fóru að tíðkast á síðari hluta 20.aldar. Sjá *ýluraketta*.
- Rakettubúnt / Rakettupakki** (n, kk) Búnt/pakki af rakettum. Gjarnan var keypt búnt af litlum rakettum fyrir hvert barnmargt heimili, og fáeinar stórar. Um tíma voru rakettur seldar á vegum Sláturfélagsins Örlygs.
- Rakettuprik** (n, hk) Prik á rakettu, sem gegnir því hlutverki að stýra henni upp í loftið og uppí vind.
- Rakettuskot** (n, hk) Það að skjóta upp rakettu.
- Raki í rót** (orðtak) *Væta í rót*; rök jörð/ neðst í gróðri þó þurrt sé á yfirborði. „Það er að *þorna af*, en það er enn raki í rót“.
- Rakið sjóveður** (orðtak) Einsýnt sjóveður; fyrirsjáanlega unnt að róa vegna veðurs. „Það er ekki hægt að liggja svona í landi þegar er rakið sjóveður *hvern daginn eftir annan*“.
- Rakinn** (l) A. Eindreginn; einsýnn; fyrirsjáanlegur. „Mér heyrir á spánni að það verði rakið sjóveður næstu daga“. B. Einboðinn; liggja beint við. „Það er alveg rakið að nýta sér þetta tækifæri“.
- Rakin norðanátt** (orðtak) Eindregin og einsýn norðanátt. „Ég held áfram að *slá allt niður*; hann spáir rakinni norðanátt eins langt og séð verður“.
- Rakinn þurrkur** (orðtak) Einsýnn/eindreginn þurrkur; góð þurrktíð; þerrir. „Samkvæmt spánni ætti að vera rakinn þurrkur næstu daga“.

- Rakka niður** (orðtak) Niðurlægja í orðum; tala niður; gagnrýna ótæpilega. „Það er alltaf bjargráð þeirra sem ekkert geta og engu nenna; að rakka niður allt framtak annarra“!
- Rakkaband** (n, hk) *Rakki*; sigluband; mastursband; band sem bundið er í hring utanum mastur/siglu báts og jaðar/lík segls, og gegnir því hlutverki að halda seglinu við mastrið. Það er haft nægilega rúmt til að geta runnið upp og niður mastrið þegar segl eru reist og lækkuð. Mörg rakkabönd eru á hverjum segljaðri.
- Rakkarapakki** (n, hk) Niðrandi heiti á hópi manna/fólks.
- Rakki** (n, kk) A. Annað heiti á hundi. B. *Rakkaband*; bandhólkur sem hefur það hlutverk að halda rá seglbáts að mastrinu. Sjá *rakkaband*.
- Rakleiðis** (ao) Beina leið; í beina stefnu. „Sú svarta *strauaði* rakleiðis út á Bjarg aftur, með sitt lamb“.
- Rakleitt** (ao) Beint; *beint strik*. „Kýr fara jafnan rakleitt á sína réttu bása þegar þær koma í fjós; einkum þær sem komnar eru af kálfs aldri“.
- Raklent** (l) Um landsvæði/tún; blautt um; rakasamt. „Grásteinsslétturarnar voru fremur raklendar, lengi eftir að þar var ræst fram“.
- Rakna upp / Rakna sundur** (orðtak) Um flík; dragast út garn/þráður svo losni í sundur þrjón/saumur. Einnig *rekja upp*.
- Rakna úr** (orðtak) Greiðast úr; rætast úr; lagast. „Eitthvað er að rakna úr með fjármálin hjá þeim“.
- Rakna við / Rakna úr rotu** (orðtök) Komast til meðvitundar eftir djúpan svefn eða meðvitundarleysi. „Það var *mikið* að maður raknaði úr rotinu; mikill andskotans *syndasvefn* er þetta“!
- Raksápa** (n, kvk) Freyðandi og sápukennt efni sem borið er á skeggvaxna húð fyrir rakstur, til að mýkja hana og auðvelda raksturinn. Raksápa var löngum seld í stykkjum eða í *rakbollum*, en er nú jafnan í þrýstibrúsum.
- Rakspegill** (n, kk) Lítil handhægur spegill með fæti, notaður þegar maður rakar sig. Slikir speglar sjást lítt í dag, en voru algengur hluti af rakáhöldum fyrri tíma.
- Rakstrarlag** (n, hk) Aðferð við að að raka heyi með hrífu. „Þetta er ómögulegt rakstrarlag; að skilja eftir mikinn hluta af heynu; það mætti halda að þið hefðuð aldrei snert á hrífu fyrir“!
- Rakstrarfólk / Rakstrarmaður / Rakstrarkona** (n, hk/kk/kvk) Fólk sem vinnur við rakstur túna. „Nú þyrfti ég að fá með mér öfluga rakstarmenn til að raka slæður á eftir vélinni“.
- Rakstrarvél** (n, kvk) Heyvinnutæki sem dregið er af traktor (hestum fyrrum) til að raka saman hey af túni. „Á Láganúpi var dragtengd Bambford rakstrarvél sem bæði gat rifjað hey í litlum gördum, líkt og með hrífu, en einnig rakað því saman með mismikilli skekkingu“. Ólafur Ólafsson Thorlacius í Saurbæ fékk sér sláttuvél og rakstrarvél, fyrstur manna í Barðastrandasýslu; líklega stuttu eftir aldamótin 1900, er hann bjó í Saurbæ.
- Rakstur** (n, kk) A. Það að raka saman hey á túni. B. Það að raka skegg af kjamma manns.
- Rakstursáhöld / Raktau** (n, hk, fto/ hk) Rakvél, *rakbursti*, *rakbolli*, *rakspegill* og önnur áhöld sem maður notar þegar hann rakar sig.
- Rall** (n, hk) A. Söngur; söngl; raul. „Í logninu heyrðist ralið í karlinum þar sem hann sat á traktorum og rifjaði“. B. Skemmtun; *ústaðelsi*. „Hann kom víst seint heim af rallinu“. C. Á síðari tímum haft yfir torfæru- og hraðaksturskeppni.
- Ralla** (s) Raula; syngja; tralla. „Hann rallaði við sjálfan sig meðan hann fékkst við hnútinn“.
- Rallfullur / Rallhálfur / Rallandi fullur / Rallandi hálfur** (s/orðtök) Kenndur/ölvaður af vindrykkju.
- Ramakvein** (n, hk) Hátt/skerandi óp. „Það þýðir lítið að reka upp ramakvein síðar; vitlegra er að fyrirbyggja að svona fari“.
- Ramba** (s) A. Reika; ganga; vaga; lötra. „Ég ætla að ramba norður Mýrar og gá hvað er *um fyrir* hrafninum“. „Fjarri leiðum fengsældar; frá því snemma á hausti/ rambar nú mitt frostafar/ fram úr vetrarnausti“ (JR; Rósarímur). B. Velta/sveiflast fram og til baka um fastan punkt. „Mér list illa á steininn sem rambar þarna á brúninni“.
- Ramma** (s) A. Setja í ramma; ramma inn. B. Finna; hitta á; rekast á. „Ætli ég rammi þetta ekki einhvernvegin, þó myrkur sé“.
- Rammasta alvara** (orðtak) *Fúlasta alvara*; mjög mikil alvara. „Mér er rammasta alvara með þetta“!
- Ramba á / Ramma á** (orðtak) Finna; rekast á. „Einhvernvegin rambaði ég á rétta leið í þokunni“. „Tilviljun og óveður réðu því að Kollur rammaði á Kollsvík“.
- Rambald** (n, hk) A. Ás sem kirkjuklukka hangir í, en á honum getur hún sveiflast/rambað fram og til baka þegar henni er hringt; og slæst þá kólfurinn í hlið hennar. B. Umbúnaður kompass/áttavita sem gerir honum

kleift að sveflast og haldast láréttur í veltungi. C. Hvaðeina annað sem sveiflast; t.d. stundum notað um leiktæki barna sem almennt nefnast „vegasalt“.

Rammbeiskur (l) Mjög beiskur. „Bjóddu mér þennan fjanda ekki aftur; þetta er rammbeiskt“!

Rambundinn (l) Súrraður; mjög tryggilega/vel bundinn; mjög háður/upptekinn. „Ég kemst ekki með í þetta; ég er alveg rambundinn í gegningum“.

Rambúkki (n, kk) A. Sterkur planki/battingur sem hafður er innaná jötum og milligerðum í hrútastíu, til að hlífa viðkvæmari fjölum við eilífu stangi og hnibbi hrútanna; að þeir „smíði ekki allt í sundur“. B. Algengari merking: Þungt tré sem til forna var notað í bardögum til að brjóta inn í virki óvina. C. Tré framúr stefni stríðsskipa, neðan sjólinu, til að laska óvinaskip sem siglt er á.

Rammygg (l) Tryggilega/sterklega byggt.

Rammyggilega (ao) Sterklega; sterkbyggt; tryggilega. „Þótti með ólíkindum þegar þessi rammyggilega kirkja sviptist af grunninum í einni vindkviðu og brotnaði í smátt“.

Rammfalskur (l) Alveg laglaus/tónvilltur. „Ekki datt mér í hug að taka undir; eins rammfalskur og ég er“.

Rammfang (n, hk) Tanacetum vulgare. Fjölær garðaplanta af aster-ætt, upprunnin af hlýsvæðum Evrópu og Asíu. Blöðin eru fjölgreinótt, verða 10-15 cm að lengd en plantan verður 50-150 cm há. Blómin eru gul og hnapplega; vaxa í klösum. Blómgun er frá miðju sumri framá haust. Ilmurinn líkist kamfóru. Laufin eru eitruð ef þau eru étin í miklu magni, og forðast skepnur þau. Jurtin var víða ræktuð við bæi fyrrum, og langt frameftir 20.öld öx hún enn í gömlum beðum, t.d. í Tröðinni. Hún var notuð sem lækningajurt, gegn iðraorum, meltingatruflunum, hita og fleiru. Einnig var því trúað að hún hefði hreinsunarmátt væri hún notuð til andlitsþvotta. Jurtin mun enn vera notuð til lyfjagerðar.

Rammflæktur (l) Kyrfilega/illilega flæktur. „Hvernig gerðirðu línuna eiginlega upp? Hún er rammflækt“!

Rammforn (l) Ævagamall; úr grárri froneskju. „Þessi siður er líkastil rammforn“.

Rammger / Rammgerður (l) Sterkbyggður; traustur. „Dráttarvélín var keypt og flutt út í Kollsvík innþökkuð í stóran rammgerðan trékassa“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Rammgöldróttur (l) Mikill galdramaður; fjölkunnugur. „Svona afla fær enginn á einni dagstund nema hann sé rammgöldróttur“.

Rammheiðinn (l) Alveg heiðinn; ekki kristinn. „Líklega eru þorablótinn uppahaflega rammheiðinn siður“.

Rammhnýttur (l) Tryggilega hnýttur; súrraður. „Hliðið var svo rammhnýtt aftur að ég ætlaði aldrei að geta opnað það“.

Rammíslenskur (l) Hreinn Íslendingur; íslenskur að öllum uppruna. „Þetta er rammíslenskur siður“.

Rammkatólska (n, kvk) Mikil pápíska/kapólsk trú. „Á hólnum hafa staðið hús a.m.k. frá rammkatólsku“.

Rammkatólskur (l) Haldin kapólskri trú; pápískur. „Hann ruglaðist eitthvað og er nú sagður rammkatólskur“.

Rammlega (ao) Traustlega; vel; vandlega. „Kofinn er svo rammlega byggður að hann þolir nánast allt“.

Rammneglt (l) Mjög mikið/ryggilega neglt. „Borðin voru rammnegld á bitann“.

Rampólítískur (l) Með mjög sterkar skoðanir í stjórnmálum/pólítík.

Rammsaltur (l) Mjög/of saltaður. „Grauturinn var rammsaltur og algerlega óætur“.

Rammskakkur (l) Mjög skakkur/misvísandi/bjagaður. „Það dugir ekki að hafa grunninn rammskakkan“!

Rammskorðaður (l) Mjög vel skorðaður. „Báturinn var rammskorðaður og tryggilega frá honum gengið“.

Rammsterkur (l) A. Um mann; mjög sterkur/öflugur. B. Um mat/drykk; *rótsterkur*.

Rammstuðlað (l) Um kvæði/ljóð/vísu/mælt mál; með áberandi stuðlum. „Þetta er rammstuðlað hjá þér“.

Rammsúr (l) Mjög súr; *gallsúr*. „Ég helli þessari mjólk niður; hún er orðin rammsúr“.

Rammur (l) A. Aflmikill sterkur; *ramur*. B. Um bragð; beiskt; sterkt. „Skelfilega er rammur keimur af þessu kaffi“! „Marga hlaut hann ramma raun á rán að kannu/ bestu meðal barningsmanna“ (JR; Rósarímur).

Rammur að afli (orðtak) Mjög sterkur; kraftajötn. „Brynjólfur Eggertsson var rammur að afli. Þegar hann reri að Brunnum sótti hann niðþunga hellu fram á útfiri og rölti með hana í fötlum upp að búðunum, þar sem hún skyldi nýttast; líklega sem soðhella eða dyrahella. Steinninn er þykk hella; 281 kg að þyngd, og er notaður sem aflraunasteinn. Þykir sá fullsterkur sem getur látið vatna undir helluna“. „Rammur“ merkir göldróttur.

Rammvilltur (l) Þegar maður er svo *villtur* að hann veit ekki hvar hann er staddur eða hvert skal halda.

Rampur (n, kk) Skábraut. „Hlaðinn var rampur upp að töðugatinu á nýju hlöðunni“.

- Ramur / Rammur** (l) Sterkur. „Hann var ramur að afli“. Ýmist sagt með tveimur eða einu emmi. „Á togara tók sér far./ traust reyndist barnsins mund./ Óðar af öðrum bar/ að afli og víkingslund./ Hvar sem á knæpu var/ kvenna og drykkju von;/ rammastur reyndist þar/ Rósinkrans Ívarsson“ (JR; Rósarímur).
- Rand** (n, hk) Ráp; óþörf/endurtekin stutt ferð; flakk. „Veriði nú ekki að þessu eilífa randi út og inn strákar“!
- Rand og ráp** (orðtak) Tíðar stuttar ferðir; mikill umgangur. „Veriði nú ekki sífellt að þessu randi og rápi strakar; annaðhvort leikið þið ykkur inni eða úti“!
- Randa** (s) Rápa; flakka; fara endurteknar/óþarfar stuttar ferðir. „Ég vil helst ekki þurfa að randa í kaupstað í hverri viku yfir heyskapartímann“!
- Randir** (n, kvk, ft) Fleirtala af „rönd“ var áður “randir“, en er nú oftast „rendur“. Því er í Kollvík örnefnið Melarandir, ofan Leira; neðan Stekkjarmels og norðureftir; og Holtarandir, ofan Nautholts og neðan Holta.
- Ranga** (n, kvk) Úthverfa; *ranghverfa*; öfug hlið. „Farðu nú ekki í peysuna á röngunni drengur“!
- Ranga** (s) A. Mjaka; hnika til „Okkur tókst að ranga bjarginu af veginum“. B. Velta á rönginni (um tunnu). Sjá *hallranga*.
- Rangali / Ranghali** (n, kk) Afkimi; útúrgöng. „Þegar kemur inn í Sandhelli er ranghali til hægri sem heitir Þumall“. H heyrir ekki í framburði, og ekki er fullljóst hvort orðið er nafngerð af „rangur“ eða hvort það vísar til hala.
- Rangarauki** (n, kk) Viðauki við band/röng í bát. Á bátum fyrr á tíð voru bönd stundum í nokkrum hlutum; t.d. bunkastokkur í botni og síðubönd á síðum. Rangarauki, sem einnig nefnist áfella/eyra/rangargrís er framlenging á síðubandi og nær að hluta til hliðar við það.
- Rangarfullur** (l) Um hleðslu á báti; fullt rúm upp að röng/langýsu, sem liggur undir þóftunum.
- Rangeygur** (l) Skjálgur; með misvísandi horf augna/ horfir í sína stefnuna með hvoru auga. Jafnan án ð í framburði Kollsvíkinga, en sumir segja orðið „rangeygður“.
- Rangfeðraður** (l) Ekki kenndur við raunverulegan föður í heimild. Eflaust hefur meira verið um það að börn væru rangfeðruð fyrr á tímum; t.d. í þeim tilvikum að húsbændur, höfðingjar eða prestar höfðu átt vingott við vinnukonur eða aðrar lágstéttarkonur og þvinguðu fram ranga feðrun barnsins. Því er valt að treysta rituðum kirkjubókum og ættarskrám. Jafnvel hafa sibir borð brigður á bók allra bóka; Kollsvíkuret, í einhverjum tilvikum.
- Rangfæra** (s) Fara rangt með; segja rangt frá. „Segja skal hverja sögu eins og hún gengur fyrir sig; ég ætla ekkert að fara að rangfæra þettaeða fegra“!
- Rangfærsla** (n, kvk) Rangt sagt frá/ ritað. „Helmingurinn af bókinni er rangfærslur og hinn helmingurinn lygi“!
- Ranghermi** (n, hk) Rangt eftir haft/vitnað í. „Það er algjört ranghermi að ég hafi komið þessari sögu á flot“.
- Ranghermt** (l) Ekki rétt haft eftir/ vitnað í. „Það var ranghermt hjá honum; þetta sagði ég aldrei“.
- Ranghugmynd** (n, kvk) Rangur skilningur; afbökun hugsýn. „Mikið ber á ranghugmyndum hjá borgarbúum um lífsbaráttu forfeðra þeirra í sveitalífi fyrri alda“.
- Ranghverfa** (n, kvk) Ranga; úthverfa. „Hann er hinn vænasti maður dagsdaglega, en ekki langar mig að sjá ranghverfuna á honum þegar hann reiðist“!
- Ranghvolfa** (s) Um augnarád; renna augum öfgafullt upp, t.d. í reiði eða vanþóknun.
- Ranghverfur** (l) Um fátnað; úthverfur; umsnúinn. „Ætlaðu að fara í buxurnar ranghverfar drengur“?
- Rangindi** (n, hk, fto) Ranglæti; órétti; rangar sakargiftir; *áfærni*. „Maður verður að verja sig þegar maður er beittur svona rangindum“.
- Rangl** (n, hk) Rölt; ról; hæg, stefnulítill ganga. „Síðast sá ég hann á rangli að gá að lambfé“.
- Rangla** (s) Rölta; ganga í rólegheitum; eigna. „Hann er eitthvað að rangla um og huga að lambfé“.
- Ranglátur** (l) Óréttlátur; ekki byggður á sannindum/réttlæti. „Taldi Ívar það mjög rangláta skattlagningu...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Ranglátur** (n, kk, sérnafn) Heiti á garði þeim sem Björn Halldórsson, Sauðlauksdaldprestur, lét hlaða neðan við tún sín til varnar sandfoki. Kóngur gaf út sérstaka orðrúð sem skyldaði sóknarbörnin að hlaða garðinn í þegnaskylduvinnu. Því óréttlæti var erfitt að una og því gáfu hinir kúguðu garðinum þetta nafn. Enn má sjá dálitið slitur af rústum Rangláts.
- Í riti Björns, Atla, má e.t.v. finna helsta hvatann að byggingu Rangláts. Kóngur Íslands og Dana hafði árið 1776 gefið út tilskipun/forordningu um garða og þúfnasléttun, þar sem jarðeiganda er heitið 16 skildingum í skenk/verðlaun fyrir hvern faðm sem hlaðinn er á jörðinni umfram hleðsluskyldu sem þar er tilskilin (6 faðmar grjótgardis árlega). Þetta skyldi í boði fyrir bændur og „þau allra fátækustu prestköll“. Garðarnir

skyldu vera löglega hlaðnir; þ.e. minnst 2ja álna háir og svo breiðir að fullvaxinn maður geti vel gengið um þá. Harðar fésektir voru lagðar við því ef einhver óhlýðnaðist „yfirboðurum“ um garðhelsluskyldu. Má svo velta því fyrir sér hvort Björn hafi fengið greitt fyrir Ranglát útá „sjálfböðavinnu“ sóknarbornanna. Björn kann að hafa verið mikill fræðimaður og ræktunarfrömuður, en tæpast verður hann talinn boðberi mannjöfnuðar og lítillætis á nútíma mælikvarða.

Ranglega (ao) Ekki með réttu; öfugt. „Ég sagði þetta ranglega og biðst velvirðingar á því“.

Ranglæti (n, hk) *Rangindi*; óréttur. „Ef þetta er þeirra réttlæti; má ég þá fremur biðja um þeirra ranglæti“!

Rangnefndur (l) Nefndur röngu nafni/heiti. „Hann er rangnefndur í bókinni“.

Rangnefni (n, hk) Nafn sem ekki passar/ekki er rétt. „Það má vel vera að Langisjór sé rangnefni, en það er ekki heldur rétt að kalla hann drullupoll“.

Rangsinna / Rangsinnaður (l) Á villigötum; með rangar skoðanir; ruglaður. „Að flestu leyti kann ég ágætlega við þennan náunga, en mér finnst hann dálítið rangsinna í byggðamálunum“.

Rangskreiður (l) Um skip eða annað farartæki sem helst illa á beinni stefnu. „Andrés smíðaði allmarga báta en það orð fór af sumum að þeir væru dálítið rangskreiðir“.

Rangsléitinn (l) Hefur rangt við; beitir óréttlæti. „Það má margt um hann segja, en rangsléitinn er hann ekki“.

Rangsléitni (n, kvk) Rangindi; óréttlæti. „Það verður að bregðast við þegar manni er sýnd svona rangsléitni“.

Rangsnúa (s) Snúa öfugt; láta horfa illa við; afbaka; snúa útúr. „Þú mátt ekki rangsnúa bátum svona“!

Rangsnúinn (l) Öfugsnúinn; illa fyrir komið; óskiljanlegur. „Mér finnst þetta mjög rangsnúin hugmynd“.

Rangstæður (l) Er á röngum stað þegar verið er að smala fé eða standa fyrir því. „Þetta gat ekki farið öðruvísi fyrst karlbjánínn var rangstæður“! Notað í annarri merkingu í einhverjum boltaleikjum.

Rangstæður (l) Stendur á röngum stað, t.d. þegar staðið er fyrir fé. „Þú varst alveg rangstæður þarna við skriðufótinn; féð leitar alltaf með klettunum á þessum stað“.

Rangskýnn (l) Óréttlátur; hættir til að misskilja/taka rangar ákvarðanir. „Í þessu máli finnst mér hann rangskýnn“.

Rangselis (ao) Um snúningsátt; á móti sólangangi.

Rani (n, kk) A. Trjóna á dýri. Einkum átt við rana á fil, ranabjöllu o.fl. B. Aflangt holt í landslagi; hryggur; barð. Rani er heiti á grónu sandbarði sem gengur niðureftir Grundatúni. Ördumegin hans voru Grundabæir en hinumegin áveitur. Allt er það gróið tún sem slegið ver til skamms tíma.

Ranka við sér / Ranka úr roti (orðtök) Komast til meðvitundar; taka við sér; vakna upp af djúpum hugleiðingum; muna eftir. „Ég ranglaði áfram í þungum þönkum og rankaði ekki við mér fyrr en ég var kominn langt af leið“.

Rannsaka (s) Grannskoða; athuga gaumgæfilega. „Þetta þarf að annsaka eitthvað betur“.

Rannsókni / Rannsökun (n, kvk) Grannskoðun; gaumgæfileg athugun.

Rannsóknaert (l) Þarfnast nánari skoðunar; athugavert. „Það væri rannsóknaert þetta brúðl ráðamanna í utanlandsferðir. Ég get ekki séð neina þörf á þessu í þágu almennings“.

Rappa (s) Um múrverk; kasta þunnri *sementslögum/sandsteypu* á vegg til að múrhúða hann. Oft er þá búið að setja á vegginn múrhúðunarnet/rappnet til að halda múrhúðinni og styrkja hana.

Rapport (n, hk) Skýrsla; greinargerð; frásögn. „Ég þurfti að gefa honum nákvæmt rapport um leiðangurinn“.

Rapporta / Rapportera (s) Gefa skýrslu; segja frá; gera grein fyrir. „É þarf sko ekkert að rapporta það fyrir neinum hvernig þetta vildi til; þetta bara fór svona, og *ekkert meira með það*“!

Rart (l) Fágætt; skeður sjaldan. „Þetta kalla ég alveg rart; svonalagað sér maður ekki dagsdaglega“!

Rarítet (n, hk) Fágæti; nysamur hlutur. „Svo tók hann sig til og smíðaði heyragn sem þótti mikið rarítet. Sá var á fjórum járnhjólum, fremur litlum en breiðum. Stýringar voru á framhjólunum og tveimur hestum beitt fyrir“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Ras (n, hk) Fljótferni; flaustur; hras. „Við skulum nú forðast allt ras í þessum efnunum“.

Rasa að (orðtak) Flýta sér um of; gera í fljótferni. „Ég held það væri ráð að rasa ekki að neinu í þessu máli“.

Rasa um/fyrir ráð fram (orðtak) Framkvæma í fljótferni; gera í hugsunarleysi. „Nú megum við ekki rasa um ráð fram. Ég held að við ættum að bíða með landtöku meðan svona mikill súgur er við hleinina“. Sjá *illt er að rasa um ráð fram*.

Rasa út (orðtak) Fjargviðrast/þusa um stund. „Hann verður að fá að rasa út; svo jafnar hann sig á þessu“.

Rasandi (l) Mjög reiður; *saltvondur*; *bálillur*. „Alveg er ég rasandi yfir þessum andskotans vinnubrögðum“!

Rask (n, hk) A. Slóg úr fiski; innyfli, hrogn, og annað aukmeti af fiski. „Heiter á Vestfiordum allra handa trosfiske; ludur, steinbitar, keilur, qvod alibi *matfiske*..... Rask og das. Id est höfuðkinnar, steinbitskinnar, þorskhöfuð, slóg fyrir utan lifur. Kallast öðru nafni *dasfiski*“ (Jarðabók ÁM, PV). Rask úr fiski var vel nýtt í Kollsvík fyrr á öldum. Það sem ekki ver nýtt til beitu var annaðhvort nýtt til skepnuföðurs eða sem áburður á tún. B. Umrót; umturnun. „Ég hef reynt að forðast allt rask á þessu svæði; ég vil að það haldist eins og verið hefur“.

Raska (s) Róta; hreyfa við. „Ingvar ákvað að raska ekki Biskupsþúfunni þegar hann sléttaði kringum hana“.

Raska ró (einhvers) (orðtak) Ýta við; gera einhverjum ónæði/rúmrusk. „Stjakaðu kettinum bara úr sófanum; ég held það sé í góðu lagi að raska hans ró“.

Raspa (s) Sverfa með raspi/þjöl. „Það þarf að raspa gúmmið vel áður en límið er sett á“.

Rasphúsið (n, hk) Vinnufangelsi í Kaupmannahöfn, stofnað 1662 og starfaði í einni eða annarri mynd til 1928. Lengi framanaf var það ætlað karlkyns lífstíðarföngum sem þar unnu m.a. að því að raspa niður litunartré frá austurlöndum til framleiðslu á litarefnum. Þangað voru sendir þeir Íslendingar sem framið höfðu alvarlegustu afbrotin. Vistin í rasphúsinu var slæm, í dimmu rykfylltu húsi og slæmri hreinlætisaðstöðu; enda hrundu menn unnvörpum niður. Meðal kunnra íslenskra fanga í Rasphúsinu voru Sigurður Gottsvinsson Kambránsmaður og Sölvi Helgason flækingur og listamaður.

Raspur (n, kk) Gróf þjöl með göddum. Notuð t.d. til að sverfa við/klaufir/hófa eða við límingar á gúmmíi.

Rassakastast (s) Andskotast; fara um með látum. „Nú er hundfjandinn að rassakastast í fénu enn einusinni“.

Rassaköst (n, hk, fto) Fyrirgangur; asi; flýtir. „Hann fór á rassköstum niður að sjó og helkti sér yfir þessa vitleysinga sem voru þarna að skjóta út í loftið í leyfisleysi“. „Byrinn hvass í reiða og rá/ rymur bassa köldum./ Fokku-assan furðu kná/ fer með rassaköstum þá“ (JR; Rósarímur).

Rassast í / Rassakastast í (orðtök) Vesenast í; vinna með látum; hefja verk að óþörfu/ þannig að skaði hljótist af. „Við förum ekkert að rassast í þessu án þess að ráðgast við hann áður“. „Farðu nú og kallaðu á hundinn; hann er að rassakastast í fénu“.

Rassast með (orðtak) *Bramboltast/braudhöfast/vesenast* með; fara með í óleyfi. „Vorud þið eitthvað að rassast með eldspýturnar strákar“?

Rassbaga (n, kvk) Ambaga; málvilla; afbakað orð. „Skelfing kann ég illa við þær rassbögur sem *vaða uppi* í mæltu máli nú til dags, bæði hjá ungum sem öldnum“. „Skelfing er nú að heyra svona rassbögu“!

Rassbeltingur (n, kk) Draugur sem einnig gekk undir nafninu Hringsdalsdraugur og Brjánslækjardraugur. Maður nokkur, nefndur Árni blót, lagði á Þingmannaheiði á bleikri hryssu með brennivínskúta tvo. Hann var varaður við veðurútliti en sinni því engu; sagðist sennilega verða kominn til Vítis áður en dagur væri á enda. Um vorið barst lík hans fram í Kjálkafjörð. Einar bóndi á Auðshaugi vakti Árna upp og sendi hann til Hringsdals í Arnarfirði til að drepa Sturlu sem fengið hafði konu; Guðrúnar, sem Einari var meinað að eiga. Margir urðu draugsins varir og sögðu hann vera á mógárrí úlpu, með slapahatt á höfði og ólarbelti um sig; sigið mjög niður á rassinn. Hlaut hann því nefnið Rassbeltingur. Hann var skaðræðisgripur fyrst eftir vakninguna; drap fólk og fénað og gerði ýmsum skráveifur sem hann fylgdi. Um tíma var hann á Brjánslæk og truflaði mjög prest í messugerðum, svo hann varð iðulega að þagna fyrir altarinu. Löngu síðar var Bjarni skáld Þórðarson til grasa á Þingmannaheiði og fann þá stafi úr brennivínskútum Árna og beinagrind af merinni. (Endurs. frás. í Vísi 146. tbl 1960).

Rassblautur (l) Blautur á rassinum eftir að setjast í bleytu, t.d. á blautan mosa. Einnig orðað „rassvotur“ en það var minna notað í Kollsvík. „Við sátum þarna í brattri brekkunni á klakanum. Maður varð fljótt rassblautur“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Rassbora (n, kvk) A. Rass; endaparmur. Sjá *bora*. B. Þröngt rými/stía/herbergi/íbúð, eða hvaðeina sem þrengir að sínu hlutverki; jafnvel föt og skór. „Verkfærahúsið er ágætt til ýmiskonar smíða, en það er hálfgerð rassbora til að lagfæra bil þar inni“.

Rassborulegur / Rassgatslegur (l) Þröngur fyrir það sem um er rætt. „Skelfing finnst mér þessi bíll vera rassborulegur þegar eitthvað þarf að flytja“. „Rúmið fer nú að verða dálítið rassborulegt þegar strákurinn stækkar meira“. „Óskapslega eru þessir nýju uppþvottaburstar rassgatslegir; þetta er bölvæð rusl“!

Rassbreiður / Rassmikill / Rasstór (l) Með fyrirferðarmikinn rass; *mittismikill*. „Á þennan bekk komast varla nema þrjár rassbreiðar *fraukur*“.

Rassbrotinn (l) Með beinbrot eftir fall; rófubeinsbrotinn.

Rassbögulegt (l) Um málfar/orð. Lætur illa/kjánalega í eyrum. „Þetta er nú ansi rassbögulegt orðalag hjá þér“.

- Rassbögusmiður / Rassbögumeistari** (n, kk) Sá sem kemst iðulega illa að orði eða *klæmist á* orðum. „Skelfingar rassbögusmiður geturðu nú verið; hér á bæ segir þú ekki „mér langar“ heldur „mig langar““. Sjá einnig *ambögusmiður* og *koma afturábak/öfugt úttúr*.
- Rassbögustagl** (n, hk) Talað/ritað mál með miklum málvillum; bull. „Ég hef sjaldan lesið annað eins rassbögustagl! Svona málleysur skrifa engir aðrir en hálærðir menn eða algerir tossar“!
- Rassfar** (n, hk) A. Sæti; þar sem maður situr. „Færðu þig um eitt rassfar svo ég geti setið hér á milli ykkar“. B. Far í snjó/ lausan jarðveg þar sem maður getur/hefur setið. „Ég krafsaði í skriðuna til að fá rassfar og viðspyrnu, meðan hann losaði lausagrjót frá brúninni“.
- Rassgat** (n, hk) A. Eiginleg merking; endaþarmur. B. Afleidd merking; það sem lítur illa út eða þjónar illa sínu hlutverki. „Þessi hnifur er hálfert rassgat til þessara nota“. C. Í blótsyrðum/heitingum. „Fari þær þá bara í rassgat; þetta eru snarvitlausar *bykkjur*!“ „Þú átt ekki rassgat í þessum vasahníf; ég á hann“! „Fjandann eru þeir að senda mér Moggann, þessir heiðingjar; þeir geta nú bara stungið honum í rassgatið á sér“. D. Niðrandi heiti á mjög afskekktum stað. „Þeir lögðu net á einhvern hólfjanda; lengst úti í rassgati“.
- Rassgatslegt** (l) Umhendis/erfitt að nota/ *koma fyrir sig*; þröngt; lítið. „Mér finnst þessir háu bollar eitthvað svo valtir og rassgatslegir“.
- Rassgörn** (n, kvk) Endaþarmur; rassgat.
- Rasshandarlag** (n, hk) Sleifarlag; slæmt vinnulag; klaufaskapur. „Skelfingar rasshandarlag er nú þetta“!
- Rasshönd** (n, kvk) A. *Bakhönd*; sá sem síðastur lætur út í hópspili, s.s. vist eða bridds. B. Klaufalegt vinnulag. „Mér sýnist að þetta hafi nú mest verið unnið með rasshöndinni; þvílík vinnubrögð sem þetta eru“!
- Rassía** (n, kvk) Átak; skurk; tiltekt. „Það þyrfti að gera rassíu í endurnýjun girðinga á þessum kafla“. „Ætli maður geri nokkra rassíu í þessu fyrir en árans pestin lagast“.
- Rasslaus** (l) Aumur í sitjandanum; rasssár. „Maður verður alveg rasslaus að sitja á varadekkinu aftir í jeppanum í þessum fjandans *holukarga*“
- Rassmótor** (n, kk) Gæluheiti um utanborðsvél á bát.
- Rasssár** (l) Aumur í rassi/sitjanda. „Það er hætt við að menn verði rasssárir að sitja lengi á þessum bekkjum“.
- Rasssíður** (l) Seinn/tregur til; latur; óduglegur; *drumbsíður*; *vögusíður*; *draugsíður*; *rassþungur*. „Ætli maður veri ekki fremur rasssíður í fyrramálið eftir að puða svona fram á nóttina“.
- Rassskella** (s) A. Flengja. B. Róa bát með látum/ í flaustri, þannig að árar skelli við hafflötinn. C. *Flandra*; flakka; *steðja*. „Ég rassskelli norður á Ísafjörð til að sækja þetta. Líklega dregið af B.“
- Rassskellandi** (l) *Blaðskellandi*; í miklum flaustri. „Þarna kemur einhver rassskellandi yfir víkina“.
- Rassskelling** (n, kvk) A. Flenging. B. Niðurlæging; hnekki. „Þeir fengu þarna viðeigandi rassskellingu“.
- Rassskellur** (n, kk) A. *Rassskelling*. B. Áfall; óhapp. „Þessi hlöðubruni var *herjans* rassskellur fyrir þau“.
- Rasstorta** (n, kvk) Afturendi; *gumpur*; rass; *rumpur*; *torta*. „Settistu á rasstortuna ofan í skítahlassið krakkakjáni?! Vintu þér strax úr buxunum svo ég geti þrifið þær“.
- Rasssæri** (n, hk) Eymsli í sitjanda; sár á rasskinn. „Maður fær bara rasssæri af því að sitja svona mikið“.
- Rassvasi** (n, kk) Vasi á buxum aftanverðum.
- Rassvasabókhald** (n, hk) Ónákvæmt bókhald/reikningshald; óreiða á bókhaldi.
- Rassvotur** (l) Sjá *rassblautur*.
- Rassþungur** (l) Sjá *rasssíður*.
- Rastastraumur** (n, kk) Annnesjaröst; sjávarfallastraumur við annes, sem er stríðari en á svæðunum í kring. „Við skulum kippa aðeins; okkur hefur rekið hér norður á mesta rastastrauminn“.
- Rastarstrengur** (n, kk) Mjótt svæði í annesjaröst; bogamyndað fyrir annesið og út frá því; þar sem *straumgöndull* veldur meiri straumhraða. Oft sýnilegt á yfirborði vegna meiri brotsjóa; einkum þegar fellur undir vind. Rastarstrengur sést stundum í Blakknesröst; í norðurfalli undir norðanátt og nokkrum sjó.
- Rata** (s) Þekkja leiðina. „...þoka er mikil á fjallinu... Það er erfitt að rata“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Rata á sinn bás** (orðtak) A. Um kú; fara á sinn venjubundna bás þegar hún er látin inn í fjós. Kýr eru afskaplega vanafastar; einkum varðandi stað sinn í fjósi eða á stöðli. Gömul kýr bregst mjög illa við ef t.d. yngri kýr stelur bás hennar í ógáti. B. Líkingamál um það að þekkja sín takmörk/ sína stöðu.
- Rataháttur** (n, kk) *Aulagangur*; *glópska*. „Ferlegur rataháttur er þetta í þér; að gleyma að loka fjárhúsunum“!
- Ratalegur** (l) Aulalegur; einfeldingslegur. „Ósköp ertu nú ratalegur; penninn var hérna rétt við nefið á þér“!

Rataskaft (n, hk) Kjánaleg mistök; aulaháttur; axarskaft. „Þetta var ljóta rataskaftið hjá mér“!

Rataskapur (n, kk) Sjá *rataháttur*.

Ratast rétt/satt á munn (orðtök) Hafa rétt fyrir sér; segja rétt frá. „Hann er stundum ansi ýkinn, en þarna held ég að honum hafi ratast rétt á munn“.

Ratast til/á (orðtak) Aulast til; slampast á. „Einhverneveginn rataðist ég til að finna fêð í hriðinni“. „Oft ratast kjöftugum satt á munn“.

Ratatoskur (n, kk) Nafn á íkorna í norrænni goðafræði, sem hleypur í stofni Asks Yggdrasils; milli drekans Níðhöggs sem nagar rætur asksins og arnar sem situr í efstu greinunum, með haukinn Veðurförni milli augna sér. Ratatoskur er í Gylfaginningu sagður bera slúður og nið á milli þeirra og magna þannig öfund og hatur.

Rati (n, kk) Auli, bjálfi. „Óttalegur rati geturðu verið krakki; að týna vettlingnum“!

Ratljóst (l) *Göngubjart*; ratfært; þegar sést til að ganga/rata vegna myrkurs/dimmviðris. „Það fer að verða ratljóst“. Mun meira notað en ratfært, þó það heyrðist einnig.

Ratt (n, hk) Gæluheiti á stýri, t.d. báts, bíls eða dráttarvélar. „Ég man vel að sjá roska bændur ríghalda um „rattið“ og leggja sig fram um að ná árangri við stjórnina“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Ratviss / Ratvís (l) Um þann sem á auðvelt með að rata/ er öruggur að átta sig. „Það var með ólíkindum hvað hundurinn var ratvís í þokunni“.

Ratvísi (n, kvk) Sú list/gáfa/næmni að rata betur leiðar sinnar en aðrir. „Furðaði okkur á ratvísi Össurar, að hann skyldi hafa ratað þessa leið (að Lágánúpi) á móti veðrinu“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Ratt (n, kvk) Gæluheiti yfir stýri á bát/skipi; þá helst hjólstýri. Sjá einnig *rór* og *rör*.

Rauð jól (orðtak) Um það þegar jörð er snjólaus á jólum. Hvít jól þegar snjór er á jörð á jólum.

Rauð jörð (orðtak) Auð/snjólaus jörð. „Ég man nú ekki eftir því að á þessum tíma vetrar hafi verið rauð jörð vikum saman“! Sjá *dökkur dill*.

Rauðaberg (n, hk) Rauð steintegund í millilögum í blágrýttisstafla Vestfjarða. Rauðabergið er að mestu pressuð og ummynduð eldfjallaaska; oft með blágrýttismöl í bland. Það er mjög misjafnt að áferð, lit og hörku. Sumsstaðar er það prýðilegur tálgesteinn, þó hann vilji fljótt veðrast og molna.

Rauðabergslag (n, hk) Rauðleitt millilag í stafla gosbergs; sjá *rauðaberg*. Hreinasta rauðabergslagið í grennd við Kollsvík er líklega í Pallanámmum, norðantil á Bekk undir Hryggjunum.

Rauðablástur (n, kk) Vinnsla járn úr mýrarauda. „Einar í Kollsvík mun síðastur Íslendinga hafa stundað rauðablástur; líklega um eða eftir aldamótin 1800“. „Rauðablástur fer þannig fram, að þurrkuðum mýrarauda er blandað saman við viðarkol sem unnin eru með því að brenna viði í kolagröf þannig að loft komist ekki að. (Sjá *gera til kola*.) Síðan er kveikt í blöndunni í ofni. Við brunann afoxast járníð úr (vötnuðu) járnoxíði í járnalm sem er bráðinn og seytlar niður í botn ofnsins og er síðan „hleypt undan“. Eftir verða efnasambönd (steindir) sem ekki bráðnuðu, og nefnast sori eða gjall. Öllu máli skiptir hlutfallið milli járnoxíðs og kísils í hráefninu; sé það 1:1 gengur ekkert járn af. Sorinn er fayalít (Fe₂SiO₄) (Vísindavefur HÍ). „Rauðinn er bræddur í einföldum jarðofnum... Grafín er hola í jörðina og fóðruð innan með steinum eða leir. Rauðinn var mulinn og raðað í ofninn lagskipt sitt á hvað við viðarkol. Síðan lagður eldur í kolin og flásið að með físelg. Þá bráðnaði járníð og settist sem járnkaka eða klumpur á botninn. Var ofninn síðan rofinn, og járnkakan, sem nefndist blástursjárn, tekin og hituð á afli í smíðju og lamin með hamri eða sleggju á smíðjusteini. Hraut þá sorinn eða sindrið úr járninu, og eftir varð járnköggull sem nefndist fellujárn eða fellt járn. Við endurtekna hitun og barning hreinsaðist járníð smám saman og skýrðist. Þetta íslenska járn mun þó aldrei hafa orðið vel gott smíðajárn; enda gáfu viðarkolin ekki nægilegan hita til að bræða járníð fullkomlega vel. Það var mun lélegra en járn sem unnið er úr járngrýti með steinkolum.... Talið er að þurft hafi fimm lítra af rauða í eitt kíló af járn og tíu sinnum meira rúmmáls af viðarkolum; eða fimmtíu lítra kola í járnkílóíð“ (Þór Magnússon; Málmsmíðar/Þjóðminjasafn) „Járníð vann hann úr mýrum á jörð sinni með rauðablæstri. Mælt var að hann hefði fengið járn er nægði í einn hestskónagla úr hverri hitun. Má af því marka hve erfitt var að afla sér smíðajárns með rauðablæstri í þá daga. Einar mun hafa verið hinn síðasti sem vann járn með þessari aðferð hér í Vestursýslunni“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). Sjá einnig *járnbrák* og *mýraraudi*.

Rauðabruni (n, kk) Rauðleitt og blöðrótt blágrýti í millilögum; oft frauðkennt og brothætt. „Það er hæpið að fara yfir rauðabrunann í ganginum til að sækja þessi örfáu egg sem þarna eru“.

Rauðabýti (n, hk) Eldsnemma; mjög árla dags; *rauðamorgunn*. „Hann vakti okkur í *rauðabýtið* og sagði að nú væri þetta fina sjóveður“. Forliðurinn vísar líklega til morgunróðans. Sjá *býti*.

Rauðagrjót (n, hk) Rautt millilag í blágrýtisklettum; glerjuð gosaska. „Rauðagil er allbrött skriða, og nokkuð í henni af rauðagrjóti...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

- Rauðamorgunn** (n, kk) *Rauðabýti*; eldsnemma; árla dags. „Við komum ekki í land fyrir en undir rauðamorgun“. Meira notað í Kollsvík en rauðabýti. Sjá *rauðanótt*.
- Rauðamyrkur / Rauðanótt** (n, kvk) Langt fram á nótt; mjög seint að kvöldi. „Svo var harmonikkan þanin fram á rauðanótt“. „Nú fer að verða *sjálfhætt* þessari vinnu; það er komið rauðamyrkur“.
- Rauðamýrarforæði** (n, hk) *Rauðamýrarseil*; mýrardrag með hættulegum rauðamýrardýjum. „Mýrin frá Engi inn að Byttulæk heitir Fagramýri; rauðamýrarforæði, en mikið gras“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).
- Rauðamýrarlitur** (n, kk) Rauðleitur litur. Oftast notað um lit á ljósleitu fé sem hafði greinilega sokkið að meira eða minna leyti í rauðamýri. „Þessi hefur greinilega *farið ofaní*; með rauðamýrarlit upp á bak“.
- Rauðamýrarseil** (n, kvk) Mýrardrag með *rauðamýri*. „... á milli hólmanna eru rotnar rauðamýrarseylar...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Rauðamýri** (n, kvk) Mýri./dý þar sem áberandi mikið er um mýrarauga (ryðlit járn sambönd), stundum svo að mýrin er öll fagurrauð.
- Rauðanótt** (n, kvk) Langt liðið á nótt. „Það var komin rauðanótt þegar þeir loksins komu heim“.
- Rauðaviður** (n, kk) Rauðleitar viðartegundir. „Stöku sinnum rekur ágæta rauðaviðarbolí“.
- Rauðáta** (n, kvk) *Calanus finmarchicus*. Svifdýr af ættbálki krabbaflóa. Eitt 170 svifdýra af þeim ættbálki hér við land; algengasta átan hér við land, og eitt algengasta svifdýr í Norður-Atlantshafi. Nafnið er dregið af rauðu karótíni sem er forðanæring dýrsins. Fullvaxin um 4 mm, og ein stærsta krabbaflóin. Líkaminn skiptist í höfuð, frambol og afturbol. A höfði eru tveir langir fálmarar og tveir minni aftar. Hefur aðeins eitt auga. Líkaminn er umlukinn kítnskel. Síar smáar fæðuagnir úr sjónum. Rauðátan heldur sig í dýpri lögum sjávar á veturnum, en leitar upp í yfirborðið snemma vors. Hún gegnir mikilvægu hlutverki í vistkeðju hafsins vegna magns hennar í hafinu. Áhrif viðkomubrests rauðátu geta því verið mikil hjá lífverum ofar í fæðukeðjunni, svo sem fiskum og skíðishvölum.
- Rauðbarði** (n, kk) Ungur kúffiskur. „Pabbi minnst þess að Torfi Jónsson bóndi í Kollsvík hafi smíðað kúffiskplóg úr skeifnajárni og með honum var m.a. reynt að plægja undir Breiðavíkurrífi, en skel sú sem þar fékkst var aðallega rauðbarði (GG; Lóðir í Kollsvíkurvei; skrá EÓ)
- Rauðbiður** (n, kvk, fto) Rauðrófur. „Ég læt nú frekar lítið í þessar rauðbiður“.
- Rauðbirkinn** (l) Oftast um húðlit manns; rauðleitur á hörund/ í andliti. Stundum notað um rauðhærðan mann.
- Rauðegni** (n, hk) Slang; rauðleit beita fyrir fisk; svo sem nýtt fuglaket, selgarnir, silungur, sauðainnyfli eða annað slíkt. Orðið notar LK í Ísl. sjávarhátum, en það var ekki notað í Kollsvík í seinni tíð og óvíst með notkun þess þar fyrir. Líklega hefur fremur verið notað orðið „slang“ um þvílíka beitu í Kollsvík. Hinsvegar var þar talað um ljósabeitu, sem er afskurður úr fiski sem beitt er.
- Rauðeygur** (l) Með rauð augu; rauðleitur um augu. „Hann var orðinn rauðeygur af reyknun“.
- Rauðglóandi** (l) Mjög heitur. „Passaðu þig á eldavelinni; hún er rauðglóandi heit eftir baksturinn“.
- Rauðgreni** (n, kvk) *Picea abies*. Sigrænt barrtré af þallarætt. Fullvaxið tré nær 35-55 m hæð og allt að 1,5 m þvermáli stofns. Útbreitt í Evrópu, frá Norður-Noregi suður á Balkanskaga, og austur til Úralfjalla. Getur náð 1000 ára aldri. Ein þeirra viðartegunda sem reka á fjörur í Kollsvík.
- Rauðhaus** (n, kk) Gæluorð um þann sem er rauðhærður.
- Rauðhita** (s) Hita þar til orðið er rauðglóandi. Oftast um járn eða járnmoni. „Ég þurfti að rauðhita boltann til að ná rónni af“.
- Rauðhærður** (l) Með rautt hár.
- Rauði** (n, kk) Járn sem fallið hefur út úr járnriku vatni; mýrajárn. Úr rauða var unnið járn með hitun/*rauðablæstri*, en síðastur til þess hérlendis var Einar Jónsson í Kollsvík.
- Rauðir hundar** (orðtak) Heiti á veirusjúkdómi. Nokkuð smitandi, en ekki jafn ágengur og mislingar og hlaupabóla og leggst misjafnlega þungt á fólk. Á síðari tímum er bólusett gegn rauðum hundum á barnsaldri. Veiran smitast með smásæjum dropum í andardrætti. Byrjar gjarna sem eymsli í eitlum í hnakkanum en síðar koma rauðleit útbrot á handleggi, fætur og jafnvel bók. Gengur oftast yfir á fáum dögum. Sjúkdómurinn getur verið hættulegur þunguðum konum og valdið fósturláti.
- Rauðkynda** (s) Hita hitunartæki/hús mjög mikið. „Það er óþarfi að rauðkynda húsið í svona veðurbliðu“.
- Rauðleitur** (l) Rauður á lit; með rauðu yfirbragði; rjóður.
- Rauðmagaflís** (n, kvk) Sneið af reyktum rauðmaga. Reyktur rauðmagi er yfirleitt notaður sem álegg á brauð á síðari tímum, eða eintómur sem sælgæti. Fyrrum var hann þverskorinn, og skar hver maður hrygg úr á sínum

diski, en í seinni tíð er hann gjarnan skorinn af hrygg í sneiðar/flísar áður en borið er á borð. „Gefðu mér nú rauðmagaflís“.

Rauðmagahnútur (n, kk) Hnútur/flækja í neti, tilkominn vegna þess að rauðmagi hefur ánetjast, stungið sér oft í gegnum netið og flækt það. Rauðmagahnútar verða því oftár í grásleppunetum en rauðmaganetum, og getur orðið tafsamt að greiða þá ef um lítinn og fjörugan rauðmaga hefur verið að ræða.

Rauðmagahvelja (n, kvk) Hvelja/rask af rauðmaga. Rauðmagahveljur á fjörum, sem mávur og hrafn höfðu dregið upp og kroppað, voru vanalega fyrstu merki um að hrognkelsi væru farin að ganga á grunnmið“.

Rauðmagakippa / Rauðmagaspyrða (n, kvk) Spyrða/kippa af rauðmaga, oftast 4 spyrtir saman, en stundum 5 eða 6. Var reynt að velja þá saman eftir stærð, þannig að ekki hallaðist á þegar spyrðan var hengd á rá.

Rauðmagakvikindi / Rauðmagastýri (n, hk) Gæluorð um rauðmaga. „Nennirðu að skera til þessi rauðmagastýri og koma þeim í salt“?

Rauðmagalagnir / Rauðmagamið (n, kvk/hk, fto) Netalagnir/mið í þaragarði, oftast á grunnsævi nærri landi. Ekki er alltaf jafn góð veiði af rauðmaga og grásleppu þó kjörsvæði séu þau sömu. Góðar rauðmagalagnir eru á Bótinni í Kollsvík. Einnig innmeð Hænuvíkurhlíðum; við Bænjótu, Láturdal og Helma.

Rauðmagalifur (n, kvk) Lifur úr rauðmaga. „Mundu svo eftir að taka rauðmagalifur til að sjóða með þessu“.

Rauðmaganet (n, hk) Net til veiða á rauðmaga. Rauðmaganet eru jafnan *smáriðnari* en grásleppunet; oft með 7“ til 8“ möskvastærð.

Rauðmaga slang (n, kvk) Rauðmaganet sem ekki er búið að *fella*.

Rauðmaga strengur (n, kk) Nokkur rauðmaganet bundin saman enda í enda í streng/tengsl. Í hverjum streng eru oft 3-5 rauðmaganet. Einnig er stakt rauðmaganet oft haft í enda grásleppustrengs.

Rauðmagasúpa (n, kvk) Súpa sem gerð er af rauðmaga og rauðmagalifur um leið og þau eru soðin. Oft með rúsinum, méli, lárviðarlaufi, salti og e.t.v. dálitlu ediki og sykri.

Rauðmagaverkun (n, kvk) Verkun rauðmaga til neyslu. Sjá *rauðmagi*.

Rauðmagi (n, kk) Karlfiskur hrognkelsis; *Cylopterus lumpus*. Töluvert veiddur og nýttur; sjá *grásleppa*. Bæði veiddist hann sem meðafli í grásleppunet, en einnig voru lögð sérstök rauðmaganet sem varu finríðnari. Borðaður nýr, saltaður og reyktur. Um skurð og reykingu á nýveiddum rauðmaga: „Það var byrjað aftantil og skorið aftan við kambinn, skorið fram með, niður með hausnum og svo kviðhveljan aftur að uggunum, ekki aftur að sporði heldur aftur að gotraufinni. Þetta var tekið bara í einum skurði. ... Hann var pekilsaltaður og svo var hann látinn þorna lengi og eiginlega þykja mönnum svolítið vafasamar aðferðir sem manni virðist vera sumsstaðar notaðar, að passa að láta hann ekki þorna of mikið, því þá verður hann náttúrulega léttari. En hérna vildu menn hafa hann vel þurran og hanginn. Svo var þetta bara reykt; hengt upp og reykt í dálitinn tíma; ekki mjög lengi, en þó svona aðeins. Og þetta var gjarnan reykt við tað, ef hægt var að fá þurrt sauðatað; og alltaf var einhver viður líka, svona í uppkveikjuna: Gjarnan ef að menn, það var nú kannski hálfgerft feimnismál; ef þeir náðu í klær af krækiberjalyngi, þá þótti það mjög gott til að gera gott bragð. Og svo var þetta byrgt með torfi til þess að ekki logaði uppúr, því að ekki mátti rauðmaginn hitna.“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms). Sjá *hrognkelsi*. „Stundum var reynt að veiða rauðmaga í fjörupollunum“ (IG; Æskuminningar).

Rauðmálaður (l) Litaður/málaður í rauðum lit. „Húsaþök eru gjarnan rauðmáluð“.

Rauðnefjaður af kulda (orðtak) Skýrir sig sjálft; nef roðnar gjarnan í kulda.

Rauðsendingur (n, kk) A. Íbúi í Rauðasandshreppi. Í raun réttir nefnist það fólk „Rauðasandshreppsþúar“, en er oft notað þetta heiti um íbúa þessa vestasta samfélags Evrópu. B. Heiti íbúa á Rauðasandi, sem er byggðahluti í Rauðasandshreppi. Samfélaginu í Rauðasandshreppi er skipt upp í svæði, og hefur svo verið eins langt aftur og menn vita gerst. Þessi svæði lúta öðrum lögmálum en hinir stjórnskipulegu hreppar og hinar trúarlegu sóknir. Hér ræður einkum landfræðileg skipting; lega hálsa og núpa og hagkvæmni fjársmölnunar og annars samstarfs. Svæðin eru þessi (stuttheiti innan sviga, en þau voru gjarnan notuð): 1. Rauðisandur (Sandur), frá Stálfjalli að Bjargi. Til Sandsins töldust jaðarbæirnir Skor, Naustabrekka og Keflavík, þó stundum væru áhöld um þann síðastnefnda. Greiðari gangur er milli Melaness, Móbergs, Kirkjuhvamms, Saurbæjar, Stekkadals, Grafar, Stakka, Kröks og Lambavatns. 2. Útvíkur (Víkur), frá Látrabjargi að Blakki. Víkurnar eru skýrt landfræðilega afmarkaðar og í byggð eru þrjár; Látravík, Breiðavík og Kollsvík. Fjölbýlt var löngum í hverri vík. T.d. voru á Látrum Heimabær, Húsabær, Miðbær og fleiri; tvíbýlt löngum í Breiðavík. Í Kollsvík eru Lágínúpur og Kollsvík, auk smærri býla um lengri og skemmti tíma. Í öllum Útvíkum voru mikil útver, og fylgdi þeim mikil byggð á fyrri tíð. Hin fjórða af Útvíkum er Seljavík sem er óbyggð. 3. Bæir er fábýlasta svæðið; frá Blakk að Gjögryhynu. Til þeirra teljst byggð í Hænuvík og Sellátraness. 4. Örlygshöfn (Höfn) er svæðið frá Gjögryhynu að Hafnarmúla. Þar er blómleg samliggjandi byggð, líkt og á Sandinum; helstu bæir Tunga, Geitagil og Hnjótur. 5. Innfjörður (Fjörður) nær

yfir svæðið frá Hafnarmúla að Altarisbergi. Jarðir eru þar nokkrar en aðskildar; Kvígindisdalur, Sauðlauksdalur, Hvalsker, Skápadalur, Vesturbotn, Hlaðseyri og Raknadalur. 6. Eyrar er samfélagshutinn frá Altarisbergi að hreppaskilum í Tálknatá. Eina byggðin þar er á hinum samliggjandi jörðm Geirseymi og Vatneyri, en þar er reyndar þéttbýlið mest í hinum forna Rauðasandshreppi. Þar hefur risið upp kaupún sem nafn dregur af firðinum í daglegu tali, með nokkurhundruð íbúa byggð og all fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Eyrar urðu stjórnskipulega sjálfstætt sveitarfélag frá Rauðasandshreppi árið 1907; Patreksahrepp, en 1994 voru hrepparnir aftur sameinaðir í sveitarfélagið Vesturbbyggð, ásamt Barðaströnd og Bíldudal (sem þá var sameinaður Ketildalahreppi).

Orðið Rauðsendingur merkir í máli heimamanna það að búa á Rauðasandi eftir þessari skiptingu, en í máli margra annarra það að búa í hinum forna Rauðasandshreppi.

Rauðskjömbótt (l) Með rauða flekki/ rauðar skellur. „Hún Píla er öll rauðskjömbótt að neðanverðu; hún hýtur að hafa farið ofaní dý“. „Ári er þakið orði rauðskjömbótt; maður þyrfti að fara að mála það aftur“.

Rauðspretta (n, kvk) Annað nafn á kola/skarkola, tökuorð úr dönsku (rödspætte). Dregið af rauðum dílum í roði á dökku/efri hliðinni.

Rauðvinstunna (n, kvk) Tunna með rauðvíni. „Þegar ég var stálpaður fannst rauðvinstunna á reki. Hún var flutt á land í Kollsvík. Hreppstjórinn kom og lét bjóða í. Þetta var ekki sterkt vín“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Rauður (l) A. Litaður/málaður í rauðum lit; með rauðum blæ. B. Um stjórnmalaskoðun; mjög vinstrisinnaður í skoðunum; styður róttæka/kommúniska flokka. „Hann var talinn rauður í gegn“.

Rauðviður (n, kk) Rauðleitur viður. Orðið er notað í ýmiskonar merkingu, og líklega mismunandi milli manna. Nokkuð er um rauðleitun við í rekaviði á fjörum. Sumt af því er viður sem allajafna er ljós en hefur tekið í sig salt og fengið rauðari blæ. Annað er þéttur viður, s.s. mahogný, sem góður er til hverskonar finsmíða, jafnvel í mublur og útskurðarverk. Rauðviður er annað heiti á lerki í munni sumra; risafuru hjá öðrum.

Rauðvík (n, hk) Hugtak í stjórnufræðinni yfir *doppleráhrif* sem verða við það að stjarna fjarlægist áhorfanda.

Rauf (n, kvk) A. Rifa; bil; skora; klauf. B. Endaþarmsop, sbr *raufaruggi*.

Raufaruggi (n, kk) Kviðuggi; uggi á fiski sem er framan endaþarmsopsins. Oftar notað *kviðuggi* vestra.

Raul (n, hk) Söngl; lágvær söngur manneskju fyrir sjálfa sig eða nærstadda.

Raula (s) Syngja með sjálfum sér; ekki alltaf svo hátt að aðrir heyri. „Frá því ég man eftir mér heima á Lambavatni varst þú alltaf raulandi og syngjandi, og það gerðir þú fram á grafarbakkan“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Raun (n, kvk) A. Raunveruleiki; reynd. „Í *rauninni* átti ég einskis annars kost“. „Hann reyndist mér *vinur í raun*“. B. Erfiður atburður; sorg; mæða. „Honum var raun að þessum sífelldu hrekkjum strákanna“. „Þeir lentu þarna í allmiklum raunum og villtust um tíma í hríðinni“.

Raun ber vitni um (orðtak) Reynslan sannar; kemur í ljós. „Þetta tókst allt með ágætum, eins og raun ber vitni um“.

Raun orðin á (orðtak) Hefur skeð/ komið í ljós. „Enginn hefði fyrir hálfri öld getað spáð þeirri fólksfækkun í Rauðasandshreppi sem nú er raun orðin á“.

Raunabót / Raunaléttir (n, kvk/kk) Linun/úrþót/mildun rauna/vandræða. „Okkur þótti það *hábolvað* að komast ekki á sjó, í aflahrotuna sem nú virtist standa; en var þó nokkur raunabót og huggun að því að aðrir þyrftu að bíta í það sama epli“.

Raunalegur (l) A. Sorgmæddur; dapur. „Ósköp ertu eitthvað raunalegur á svipinn“. B. Dapurlegur; sorglegur. „Rutin hlaut þau raunalegu endalok að lenda á áramótabrennu Patreksfirðinga“. „Næst fór ég á Rauðasand/ þar rýringur er einn./ raunalegt að hann skuli ekki fitna./ Í kvenna og ástamálum er hann mjög svifaseinn/ í sína ævi byrjaði að vitna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Raunamæddur (l) Áhyggjufullur; sorgmæddur; niðurdreginn. „Ósköp ert þú raunamæddur núna“.

Raunar (ao) Reyndar; á hinn veginn; í raun og veru.

Raunarlegur (l) Sorglegur; dapurlegur. „Sögulokin urðu dálítið raunarleg“. „Hann var raunalegur á svip“.

Raunasaga (n, kvk) Sorgarsaga; frásögn af slæmum/dapurlegum málefnum.

Raunasvipur (n, kk) Sorgarsvipur; dapurlegt yfirbragð. „Óttalegur raunasvipur er nú á þér unginn minn; hvað er nú að“?

Raungóður (l) Reynist vel; þrautgóður; traustur.

Raunhæfur (l) Stenst raunverulega; fær staðist; kemur að notum. „Nú þarf þessi blessaða ríkisstjórn að fara að gera eitthvað raunhæft í málunum“.

Raunsær (l) Rökvis; sem horfir á það sem er raunverulegt fremur en ágiskanir og langanir.

Raunsæismaður (n kk) Sá sem lítur á mál af raunsæi/sanngirni; sá sem bæði metur kost og löst/ rétt og rangt varðandi málefni; sá sem ekki er óhóflega bjartsýnn eða svartsýnn.

Raunverulegur (l) Sannur; ekki ímyndun/uppspuni/tálsýn.

Raunveruleiki (n, kk) Staðreynd; ekki ímyndun/uppspuni/tálsýn. „Ég held að menn verði að horfast í augu við raunveruleikann með þetta“.

Raunvísindi (n, hk, fto) Orðskrípi sem ekki var notað af Kollsvíkum nema til að skopast að því. Orðið er fundið upp og notað af þeim langskólagnengnu mönnum sem vilja upphefja sig yfir glöggskyngt fólk og telja sínar rannsóknir og skoðanir vera meira virði og sannari en annarra. Ekki eina dæmið um misnotkun monthana á íslensku máli.

Raup (n, hk) Mont; gort; ýkjur. „Helvítis raup og raus er þetta í karlfuglinum“!

Raup (s) Gorta; guma; hreykja sér. „Ég held að hann ætti nú ekki að vera að raupa mikið um þessa frammistöðu sína“!

Raupgjarn / Raupsamur (l) Montinn. „Hann þótti alltaf nokkuð raupsamur og góður með sig.

Raus (n, hk) Þus; þvaður; blaður; rugl. „Óttalegt bólvað raus er þetta nú“!

Rausa (s) Þusa; blaðra; masa. „Þú getur rausað svona endalaust, en mig langar að heyra eitthvað sem vit er í“.

Rausn (n, kvk) A. Höfðingsskapur; gjafmildi. „Alltaf veittu Kollsvíkingar af rausn ef gesti bar að garði, jafnvel þó af misjöfnum efnunum væri“. B. Lausabófta í barka báts. „Þegar róð var í steinbít í Víkum norðan Látrabjargs voru hákarlaskip endrum og sinnum mönnum með tveimur áhöfnum venjulegra vertíðarbáta. Tveir unglingar voru þá oft látnir róa á lausabóftu frammi í barka og við lausa keipa. Þessi lausabófta kallaðist rausn. Lítil fremd þótti í að vera þar, enda tíðum sagt í niðrandi merkingu: „Hann er þá kominn á rausn““ (frás ÓETH; LK; Ísl. sjávarhættir.)

Rausnarbragur (n, kk) Höfðingsskapur; gjafmildi; sýnilegur vilji til að veita vel. „Þarna skorti ekki veisluföngin; þar var rausnarbragur á öllu“.

Rausnarheimili (n, hk) Gestrisið heimili; þar sem veitt er af myndarskap.

Rausnarkarl / Rausnarkona (n, kk/kvk) Gestrisið/gjafmilt/veitult fólk.

Rausnarlegheit / Rausnarskapur (n, kvk) Gestrisni; höfðingsskapur. „Ekki spyr ég nú að rausnarskapnum á því heimili“.

Rausnarlegur (l) Myndarlegur; vel útlátinn; höfðinglegur. „Sumir voru svo rausnarlegir að þeir létu okkur hafa steinbítinn af hverjum háseta, svo við vorum allbirgir þarna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Rausnast til/við (orðtak) Sýna örlæti/stórhug. Oft notað í kaldhæðnistóni á síðari tímum. „Þeir ætla víst að rausnast til að moka fyrir kosningarnar; *aldrei þessu vant*“! Einnig heyrðist orðalagið „rausnast við“.

Raust (n, kvk) Hávær rödd; sterkur málrómur. „Hann kvað við raust meðan hann þæfði vettlingana“. „Ég þurfti dálítið að brýna raustina til að fá hljóð í fundarsalinn“.

Rá (n, kvk) A. Tréstöng sem fiskur er hengdur á til þurrks/herslu/signingar (sjá *þurrkhjallur* og *harðfiskur*). B. Þvertré í reiðabúnaði skips (sjá *sigling* og *pikkur*). C. Sérstakt skýjafar, skýjarönd yfir bjargbrún sem líkst rá á bát. „Þegar ský setti á loft í Gilsfirði, en á Látrabjargi mynduðust hnoðrar eða *lausapykkni*, var slíkt veður nefnt rá, eða hann væri að búa til rá“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). Þetta er haft eftir breiðfirskum sjómönnum. Líkur eru á að orðið hafi verið notað í Útvikum, þar sem þeir sóttu mikið þangað til útróðra.

Ráband / Rábandshnútur (n, hk/kk) Band/snæri sem dregið er í gegnum jaðar/lík segls og hnúturinn sem festir það við rána.

Rábragð (n, hk) Hnútur sem notaður var til að festa *dragreipi* seglbáts við rána. „Dragreipið sem lá í gegnum *húnboruna* var lagt yfir rána og síðan tvíbrugðið svo vel hertist að; kallað rábragð“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).

Ráð (n, hk) A. Heilræði; ráðlegging; tillaga; lausn; úrræði. „Ég kann ágætt ráð við þessu“. „Hann er mikið að draga úr rigningunni; ég held það væri ráð hjá okkur að fara að leggja af stað núna“. „Það er ekki nokkurt ráð að róa í svona útliti“! B. Vit; skynsemi. „Ég held að þú sért *ekki með réttu ráði*; að láta þér detta svonalagað í hug“! C. Hegðun; ákvörðun; hjúskapur; örlög. „Hann lofaði að *bæta sitt ráð* og gera betur eftirleiðis“. „Hann er búinn að *festa sitt ráð* og þau búa fyrir sunnan“. „Ríkisstjórnin hefur öll ráð bænda í hendi sér“. D. Umráð; yfirráð. „Hún hafði öll ráð innanstokks á því heimili“. E. Fámennur hópur ráðamanna. T.d. stjórnarráð; ríkisráð; bankaráð o.fl.

Ráð er undir rífi hverju (orðatiltæki) Til eru mörg úrræði þegar vandi steðjar að; a.m.k. jafn mörg og rífin í manni eru.

Ráð í tíma tekið (orðtak) Tímabært úrræði. *Sjá ekki er ráð nema í tíma sé tekið.*

Ráða (s) A. Hafa völd/umráð; ákveða. „Hann verður að ráða þessu; þetta er hans fé“. „Áin ræður merkjum milli Kollsvíkur og Láganúps“. B. Fá til verks/vinnu. „Ég er búinn að ráða þá í tímabundið starf“. C. Leysa þraut. „Ég réði myndagátuna strax á öðrum degi“. D. Ráðleggja; veita ráðgjöf. „Ef ég á að ráða þér heilt þá held ég að þú ættir að gefa þetta frá þér“. E. Ríkja. „Þetta gerðist meðan kóngur réði hér ríkjum“.

Ráða af (orðtak) Lesa í; merkja af/eftir; skilja af. „Hún sagði ekkert, en ráða mátti af svipnum að henni mislíkaði“.

Ráða af dögum (orðtak) Myrða; lífláta.

Ráða á (einhvern) veg (orðtak) Ráðstafa með (einhverjum) hætti. „...hafi ekki á fimm ára tímabilinu viðskipta- og félagsmálum sveitarfélagsins skipast á þann veg að sveitarstjórn og framkvæmdastjórn félagsins verði sammála um að ráða þessum málum á annan veg...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Ráða bót á (orðtak) Bæta; lagfæra; færa til betri vegar. „...Ormaveikin hefur gjört vart við sig á stöku bæjum. ... Með innsprautingu hefur tekist að ráða bót á þessu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ráða (einhverjum) frá (orðtak) Ráðleggja (einhverjum) að gera/fara ekki. „Ég réði þeim eindregið frá því að leggja á fjallið í þessu útliti og svona ófærð“.

Ráða framúr (orðtak) *Komast til botns í*; skilja. „Það er erfitt að ráða framúr þessari skrift“.

Ráða fyrir (orðtak) Stjórna; stýra. „Fór þá Gestur Jónsson frá Látrum af stað í land, en hann réði fyrir einum þeirra fimm báta er róið höfðu“ (ÖG; Þokuróður). „Þeir voru búnir að fá 30 fiska, frétti ég seinna, á bátnum sem Karl réði fyrir...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Hver ræður fyrir því að féð er komið inná gegnum opið hliðið“?

Ráða í (orðtak) Giska á; *botna í*; finna skýringu á; gruna. „Það er erfitt að ráða í hvaða þýðingu þetta hefur“.

Ráða lögum og lofum (orðtak) Ráða öllu; ráðskast með allt. „Réttarstjóri ræður lögum og lofum á réttum“. Vísar til þess að ráða banni (lögum) og heimildum (lofum).

Ráða niðurlögum (orðtak) Verða að aldurtíla/bana; drepa niður. „En þó átti hann að hafa ráðið niðurlögum draugsins með kunnáttu sinni, og eftir það náði hann fullum bata“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Ráða ráðum sínum (orðtak) Ráðgast við; skiptast á skoðunum; *bera saman bækur sínar*. Hreppsnefndin hittist á fundi til að ráða ráðum sínum um þetta“.

Ráða sér ekki (fyrir veðri) / Ráða ekki við sig (orðtak) Hafa ekki stjórn á sér í óveðri/uppnámi; vera í fohættu. „Það er orðið svo *aftakahvasst* að maður ræður sér varla óstuddur“.

Ráða skipi (orðtak) Vera skipstjóri/formaður. „Ég bað Guð að hjálpa mér þegar ég sá bátinn snúa hér að landi; nema Árni Dagbjartsson ráði þar skipi. Og létti stórlega er ég kenndi bátinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Ráða (einhverjum) til (orðtak) Gefa einhverjum ráð; ráðleggja. „Ég ræð því almennt til að spara hey fyrrihluta vetrar...“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1929). „Að lokum ræð ég flestum þeim til er gefa *flóðhey*; jafnvel þó vel verkist, að gefa með þeim steinefni; salt. Efnarannsókn hefir leitt í ljós einmitt steinefnavöntun í þessum heyjum“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ráða bát/skipi til hlunns (orðtak) Setja skip upp á hlunnum.

Ráða sér ekki (orðtak) Geta ekki stjórnað gerðum sínum, t.d. vegna æsings, ofsaveðurs eða annars. „Hundurinn réði sér ekki fyrir kæti þegar húsbóndinn kom heim“. „Það f auk svo í mig að ég réði mér varla“. „Farðu ekki nærri brúninni í þessu veðri; það er svo hvasst að þú ræður þér ekkert í hviðunum“!

Ráðabreytni (n, kvk) Framferði; ákvörðun. „Þetta fannst mörgum furðuleg ráðabreytni“.

Ráðabrugg / Ráðagerð (n, hk) Launráð; samráð. „Mér list ekkert á þetta ráðabrugg þeirra“.

Ráðagóður (l) Úrræðagóður; ráðugur; snjall. „Hann hefur oft reynst mér ráðagóður þegar mikið liggur við“.

Ráðahagur (n, kk) Gifting; trúlofun; makaval. Vísar til þeirra tíma þegar giftingar réðust af stétt, og voru ákveðnar af foreldrum eða öðrum forráðamönnum með tilliti til hagkvæmni og sæmdar.

Ráðamaður (n, kk) Sá sem ræður/stjórnar. „Ég er enginn ráðamaður um þetta“.

Ráðast (s) A. Ráða sér; *fara sem fara vill*. „Það verður bara að ráðast hvernig þetta fer; ég get engn áhrif haft á það“. B. Láta ráða sig. „Hann réðist til trésmíðafyrirtækis þegar suður kom“.

Ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur (orðtak) Velja ekki auðveldustu verkefni. Vísar líklega til hernaðar. Þegar menn sóttu að víggirtum andstæðingi reyndu menn auðvitað að finna veikan stað á víggirðingunni; hvort sem það var skíðgarður eða hleðsla.

Ráðast í (orðtak) Hefja; byrja á; hella sér í. „Þau ætla víst að ráðast í húsbyggingu“.

Ráðast í vist til (einvers) (orðtak) Koma til einvers til lengri eða skemmri veru.

Ráðdeild / Ráðdeildarsemi (n, kvk) Hyggindi; góð ráð/úrræði; fjármálavit. „Hann var þekktur fyrir ráðdeild í fjármálum“.

Ráðdeildarkona / Ráðdeildarmaður (n, kvk/kk) Einstaklingar sem sýna mikla *ráðdeild*.

Ráðdeildarsamur (l) Hefur fjármálavit; hygginn í fjármálum.

Ráðfæra/ráðgast við (orðtak) Hafa samráð við; tala við. „Ég ráðfærði mig við hann áður en verkið hófst“.

Ráðgáta (n, kvk) Gáta; óskiljanlegt mál/atvik. „Okkur var ráðgáta hvernig þetta hefði getað gerst“.

Ráðgera (s) Áætla; skipuleggja; hafa í huga. „Ekkert varð af ferðinni sem ráðgerð hafði verið“.

Ráðhollur (l) *Hollráður*; góður ráðgjafi; gefur góð ráð. „Hann reyndist mér oft hjálpsamur og ráðhollur“.

Ráðinn (l) A. Festur í vinnu/starfi. „Ég var ráðinn kennari við Iðnskólann á Patreksfirði eftir að ég hafði lokið fyrri tveimur bekkjunum, enda kennaraskortur mikill“. B. Staðráðinn; ákveðinn. „Ég er ekki alveg ráðinn í því hvað ég geri í þessu máli“.

Ráðkænska (n, kvk) Kænska; hyggindi; klókindi. „Ráðkænska hans kom okkur að góðum notum í þetta sinn“.

Ráðlaus (l) Úrræðalaus; ráðvilltur. „Fjandi fannst mér hann ráðlaus að átta sig ekki á þessu“!

Ráðlegging (n, kvk) Ráðgjöf; hollráð. „Ég þáði hans ráðleggingar í þessu efni“.

Ráðleggja (s) Veita ráð; benda á úrræði/lausnir. „Ég kann lítið að ráðleggja þér um þetta“.

Ráðlegt (l) Rétt; skynsamlegt. „Mér finnst nú ekki ráðlegt að leggja af stað í svona útliti“.

Ráðleysa (n, kvk) Ekki vænlegt/gott ráð; óskynsamleg lausn. „Ég held að það sé ráðleysa að setja þennan hrút á þó hann sé fallegur. Þú verður að athuga að þetta er *einlembingur*“.

Ráðleysi (n, kvk) Heimska; fyrirhyggjuleysi; úrræðaleysi. „Óttalegt ráðleysi er þetta; að fara á sjó án þess a hnífur sé *um borð*“!

Ráðleysisfát / Ráðleysisflaustur (n, hk) Fát/flaustur sem kemur á menn sem ekki eru búnir að átta sig á aðstæðum og gripa til skipulegra úrræða, þegar atvik verða. „Þetta var í einhverju ráðleysisflaustri gert“.

Ráðleysisgauf / Ráðleysishik (n, hk) Hik/aðgerðarleysi manna sem skortir ákveðni/áræði.

Ráðleysisrugl (n, hk) Algert ráðleysi; mikið fyrirhyggjuleysi. „Svona háttalag er auðvitað ráðleysisrugl og ekkert annað“!

Ráðning (n, kvk) A. Það að fá mann til starfa. „Ráðning mín var tímabundin“. B. Refsing; hirting. „Það þyrfti að veita þessum bjálfum duglega ráðningu einu sinni; þá kannski fara þeir að hugsa“! C. Lausn á gátu. „Ég var nokkurn tíma að átta mig á ráðningu þessarar gátu“.

Ráðríki (n, hk) Yfirgangur; stjórnsemi; frekja. „Hún þoldi ekki ráðríkið í karlinum“.

Ráðríkiseggur (n, kk) Frekjudallur; sá sem vill öllu ráða/ er með yfirgang. „Hann hefur löngum verið árans ráðríkiseggur og rusti“.

Ráðríkur (l) Yfirgangssamur; frekur; stjórnsamur.

Ráðrúm (n, hk) Svigrúm; tækifæri. „Ég þarf að fá ráðrúm til að íhuga þetta aðeins“.

Ráðsettur (l) Skynsamur; yfirvegaður; ráðagóður.

Ráðskona (n, kvk) Kona sem ráðin er til bústjórnar/heimilishalds, en er að jafnaði ekki heimililmaður.

Ráðslag (n, hk) Breytni; gerðir; úrræði; hættir. „Hverskonar ráðslag er það að blóðga ekki fiskinn strax“?

Ráðslaga (s) *Ráða framúr*; ákveða; skipuleggja. „Það er alltaf *viðsjárvert* þegar þessir háu herrar fara að ráðslaga með byggðapróun í dreifbýlinu“.

Ráðsmaður (n, kk) Maður sem ráðinn er til bús til að annast verk, s.s. skepnuhald og e.t.v. bústjórn; ýmist með bónda eða í hans stað. „Hallgrímur á Dynjanda var ráðsmaður á Láganúpi, meðan Össur var á búnaðarþingi“.

Ráðsmennska (n, kvk) A. Það að vera ráðsmaður. B. Ráðslag; breytni; umsýsla. „Mér líkar ekki hans ráðsmennska í þessum efnum“.

Ráðsmenskast (s) A. Vera ráðsmaður. B. Ráðslaga; hafa umsýslu; sýna yfirgang; höndla án samráðs. „Karlinn ráðsmenskaðist einn með sjóðinn í fjölda ára, án nokkurs aðhalds“.

Ráðsnilld / Ráðsnilli (n, kvk) Hugkvæmni; sniðugheit. „Með þess sýndi hann einstaka ráðsnilld“.

Ráðstafa (s) Koma hlutum/málefnum í ákveðið horf; stjórna; hlutast til um. „Ég hef enga heimild til að ráðstafa þessu án samráðs við meðeigendur“.

Ráðstefna (n, kvk) Samkoma manna til ráðagerða/samráðs. Uppruni; mönnum er stefnt saman til ráðagerða.

Ráðstöfun (n, kvk) A. Gerð; ráðslag; breytni; úrræði. „Ég þarf að gera einhverjar ráðstafanir varðandi þessa heimsókn“. B. Afhending; umsýsla. „Ráðstöfun fjárens í þessu skyni var mjög umdeild“.

Ráðstöfunarréttur (n, kk) Réttur til að ráðstafa; umráðaréttur. „Hann hefur allan ráðstöfunarrétt á þessu“.

Ráðugur (l) Úrræðagóður; snjall. „Fjandi varstu ráðugur að leysa úr þessu“.

Ráðunautur (n, kk) A. Ráðgjafi. „Hann var minn ráðunautur í þessum málum“. B. Sérfræðingur sem starfar á vegum búnaðarfélagis eða annars aðila, m.a. við að veita bændum sérfræðiaðstoð.

Ráðuneyti (n, hk) A. Aðstoð; það að veita ráðleggingu/ráðgjöf. „Ég var honum til ráðuneytis um þetta“. B. Starfsmannahópur/skrifstofa undir stjórn ráðherra; s.s. landbúnaðarráðuneyti; sjávarútvegsráðuneyti o.fl.

Ráðvandur (l) Heiðarlegur; sem breytir/gerir hyggilega/rétt.

Ráðvendni (n, kvk) Heiðarleiki; það að breyta rétt/hyggilega. „Hann var þekktur að ráðvendni og sannsögli“.

Ráðvilla (n, kvk) Úrræðaleysi; vingulsháttur. „Óttaleg ráðvilla er nú á þeim; ætla þeir að missa féð“?!

Ráðvilltur (l) Úrræðalaus; ringlaður; ruglaður. „Það þarf aðeins að *tauta utaní* þessa ráðvilltu þingmenn“.

Ráðvænlegt (l) Ráðlegt; gott/vænlegt úrræði/ráð. „Mér finnst það ekki ráðvænlegt að róa í þessu útliti“.

Ráðþrota (l) Úrræðalaus; ráðalaus. „Við erum kannski ekki alveg ráðþrota ennþá“.

Ráðþæginn / Ráðþægur (l) Tilbúinn að þiggja ráð; opinn fyrir ráðgjöf. „Hann er ekki alltaf ráðþæginn, blessaður“.

Ráf (n, kvk) Stefnulaus ganga; rjatl; reik. „Féð er lítið að beita sér; þetta er mest eirðarleysi og ráf“.

Ráfa (s) Ganga í rólegheitum, e.t.v. stefnulaust; eigna. „Kýrnar hafa kannski ráfað út á Hnífa“.

Ráfa (n, kvk) Auli; bjálfi. „Óttaleg ráfa geturðu verið að taka ekki betur eftir“.

Ráfast til (orðtak) Slysast; álpast. „*Fyrir hendingu* ráfaðist ég til að opna skápinn, og þar svaf þá kettlingkvikindið“. Stundum notað sem kammeryði: „Hann hefði nú getað ráfast til að loka hliðinu“. Ætlarðu ekki að fara að ráfast til að raka frá skurðunum drengur“?

Ráfesta (s) Um fisk; hengja upp á rá til herslu; þurrkunar.

Ráfugangur / Ráfuháttur (n, kk) Aulaskapur; gleymaska; afglöp. „Ég skil ekki svona ráfugang“! „Endemis ráfuháttur er þetta; að gleyma sökkunum í landi“!

Ráfulegur (l) Utangarna; viðutan; hugsunarlaus. „Skelfing geturðu nú verið ráfulegur“!

Ráhertur fiskur (orðtak) Skreið; harðfiskur (sjá *skreið*).

Rák (n, kvk) A. Strik; rönd. B. Heiti á rönd á hlið fisks. Skynfæri sem skynjar hreyfingu og titring. Samkvæmt þjóðtrú er rák ýsunnar far eftir klær fjandans, er hún rann úr höndum hans. C. Skora í klöpp þar sem ísaldarjökull hefur rispað hana. Jökulrákir sýna skriðstefnu jökulsins sem svarf bergið.

Ráka (s) Strika. Víða má finna rákaðar klappir í grennd við Kollsvík.

Ráma í (orðtak) Muna óljóst; *hilla eftir*. „Mig rámar í að hafa haft húfu þegar ég kom, en finn hana hvergi“.

Rámur / Rámraddaður (l) Dimmraddaður; háas; með surgandi rödd. „Ég er enn fjári rámur eftir pestina“.

Rámúlband (n, hk) Heiti *rábandsins* þar sem það er fest við *rámúlann*.

Rámúli (n, kk) Ráarendi; ráarhnokki. Utarlega á enda seglrár voru oft skorur, til að fá festu fyrir rábandið/rámúlbandið. Endi rárinnar þar utanvið nefnist rá múli.

Rán (n, kvk) Annað heiti á hafi. Oftast notað í skáldskap.

Rán (n, hk) Stórfelldur stuldur/þjófnaður; miklar gripdeildir.

Rán og rupl (orðtak) Gripdeildir; rifs og hrifs; þjófnaður. „Hver hefur nú farið með ráni og rupli um mína verkfærakistu“?!

Rándýr (l) Svo dýr að líkja má við rán; fokdýr. „Maður brúðlar ekki með áburðinn; síst af öllu meðan hann er svona rándýr“.

Rándýr / Ránfiskur / Ránfugl / Ránhveli (n, hk/kk) Dýr ofarlega í fæðukeðjunni sem drepa lifandi bráð sér til matar; einnig tamin dýr sem upprunalega voru þess eðlis. „Minkfjandinn er vafalítið skæðasta rándýr sem nú lifir hér á landi, en háhyrningurinn er stórvirkasta ránhvelið hér við land“.

Ránið í Saurbæ Eitt þekktasta mannrán hérlendis fyrir á öldum, framið 1579. Um 70 erlendir ribbaldar, undir forystu fálkakaupmannsins Jón Falek, fóru þá að Eggerti Hannessyni, fyrrverandi lögmanni í Saurbæ á Rauðasandi. Þeir komu að landi í Hænuvík og neyddu bóndann til að vísa sér leiðina að Saurbæ. Þar rændu þeir bæ og kirkju og höfðu Eggert á brott með sér út Víknafjall, í skip á Hænuvík. Eggert var síðar leystur út af þýskum kaupmanni, og flutti alfarið til Hamborgar árið 1580. Jón taldi sig eiga Eggert grátt að gjalda

fyrir að hafa tekið af honum fálda veturinn áður. Margir ránsmanna voru síðar handteknir og líflátnir. Þetta rán varð Magnúsi prúða, tengdasyni Eggerts, tilefni til þess að kveða upp *vopnadóm* sinn í Tungu árið 1581 (sjá þar).

Ráp (n, hk) Flakk; flandur; ókyrrð; stjákl. „Vertu nú ekki að þessu rápi; vertu annaðhvort úti eða inni“!

Rápa (s) Fara endurtekið/þarflaust; flakka um; flandra; þvælast. „Ég rápaði af rælni niður að sjó“.

Ráptuðra (n, kvk) Ferðaskjóða; innkaupapoki. „Það er ágætt að hafa ráptuðru meðferðis í búðina“.

Rás A. (n, hk) Ráp/hlaup fjár. „Það er mikið rás á fénu núna eftir að kónaði í veðri“. B. (n, kvk) Farvegur vatns. „Það eru komnar rásir yfir veginn í leysingunum“.

Rása (s) A. Um fé; vera eirðarlaust og mikið á ferðinni; fara langt. „Þær hafa verið rásandi hér um allan dalinn“. B. Um bát; erfitt að stýra í setta stefnu, t.d. vegna lögunar eða rangrar hleðslu. C. Um farartæki; vera óstöðugt í stefnunni vegna t.d. rangrar hjólastillingar eða annars.

Rásandi (l) Stefnulaus; hvímar fram og aftur/til hliða. „Ósköp er féð rásandi; það nær bara ekkert að beita sér“.

Ráseggl (n, hk) Seggl báts sem haldið er opnu með rá, og er að því leyti frábrugðið t.d. stagsegli. Er stundum einungis haft um þversegl, en nær í raun einnig yfir loggortusegl, gaffalsegl og sprytsegl.

Rásfastur (l) Um bát; heldur vel settri stefnu; ekki rásandi.

Rásigldur (l) Um bát; með rásegli.

Ráskerðingur (n, kk) Harðfiskur af þorski/ýsu; fiskur sem fluttur er á sérstakan hátt, þannig að hann hangir saman við sporðinn, og var þannig hengdur upp á rár. Verkunaraðferð sem nokkuð var notuð áðurfyrr (sjá *flatning fisks*). Ráskerðingur var fluttur út áðurfyrr og var stundum í hærra verði en *plattfiskur*.

Rebbi (n, kk) Gæluheiti á ref.

Refabú / Refaeldi (n, hk) Refarækt; búskapur með refi til skinnaframleiðslu. Refaeldi hefur tvisvar verið stundað í Kollsvík á 19. öld. Í fyrra skiptið líklega á árunum kringum 1930-1940, þegar Einar Guðbjartsson hafði nokkra refi í búi á Láganúpi; ofan við Gróumel. Síðara sinnið var þegar Össur Guðbjartsson og -90. Jötur voru teknar út og húsið fyllt með fjölmörgum refabúrum. Fóður var blandað á staðnum með aðfluttu hræfni úr meltu og frá fôðurstöð sem þá var á Patró. Refunum var lógað í hlöðunni og þeir flegnir. Þetta útheimti mikla vinnu en gaf ekki verulegar tekjur og var því hætt, eins og víðar um landið á þeim tíma. Þar á undan voru þrír yrðlingar um tíma í búi í Gilínu, en þeir höfðu orðið móðurlausir þegar foreldrarnir voru unnir á greninu í Víðilækjum í Vatnadal. yrðlingarnir voru fôðraðir á ýmsu sem kom í grásleppunetinu á þeim tíma, og lifðu yfir sumarið, en þegar þeir stálpuðust nöguðu þeir sig iðulega út úr netinu og var að lokum lógað.

Refaeyðing / Refavinnsla (n, kvk) Tófuvinnsla; grenjavinnsla; viðnám gegn mikilli fjölgun refa/tófu, löngum með skipulegum hætti að tilhlutan sveitarstjórnar og með verðlaunum eða öðrum greiðslum fyrir unnin dýr og greni. Orðið er í raun markleysa því hvorki er almennt geta né vilji til þess að uppræta að fullu íslenska refinn; menn telja almennt að hann eigi sér rétt í náttúrunni. Hinsvegar er það reynslan að mikil fjölgun verður í stofninum ef ekkert er veitt, og fæðuskortur sem af því leiðir eykur líkur á að refir leggist á fé; gerist dýrbítar, með þeim skaða og þjáningum sem því fylgir.

Refafóður (n, hk) Fóður fyrir refi í eldi, sjá *refabú*.

Refahús (n, hk) Hús þar sem *refaeldi* er stundað.

Refaskotbyrgi (n, hk) *Tófuhús*; hús þar sem legið var fyrir tófu með niðurburði. Orðið tófuhús var oft notað um þessi litlu hús, en áður mun einnig hafa tíðkast refaskotbyrgi, sem er líklega bundið við svæðið. „Þá er eftir að geta um refaskotbyrgi sem vitað er um a. m. k. sjó í Kollsvíkinni. Þar sem ég veit ekki til að þau séu annarsstaðar skráð þá held ég að ég megi til að bæta því hér við. Eitt byrgið er hér úti á Strengbergsbrúninni, alveg fram á blábrún svo tófan komst ekki framhjá nema fyrir ofan byrgið. Byrgin voru ekki meira en tæpur metri á lengd að innan máli, smá bálkur í endanum til að sitja á og rétt rými fyrir einn mann. Hlaðnir smá veggir og tyrft yfir. Dyr voru rétt hæfilegar til að skotmaður gæti skriðið um. Gjarnan var reynt að gera holu niður í brúnina, svo þetta yrði sem lægst og bæri minna á því. Svo var niðurburðurinn; dauð kind eða slíkt, hafður í hæfilegu skotfæri og grjótt sett yfir svo rebbi rífi þetta ekki allt í sig þegar enginn var í byrginu. Þetta byrgi átti Ólafur Ásbjörnsson afabróðir minn, sem bjó á Láganúpi um síðustu aldamót og sagt var að hann hefði verið vanur að leggja sig í rökkrinu og sofna og ef hann dreymdi tófu fór hann út í byrgið og náði þá venjulega tófunni. Annað byrgi var niðri við sjó, á svokölluðum Hreggnesa. Það munu Grundamenn hafa notað. Útbúnaður var sá sami á þessum byrgjum var eins og byggt fram á blábrún. Svo var eitt byrgi á Kollsvíkurnúpnum og eitt á Sanddalsbrúnum rétt við Vallagjána. Eitt ævafornt er á brúninni við Katrínarstekk og annað frammi á brún við Þúfustekk. Enn eitt er á Melsendaklettunum fyrir norðan Kollsvíkurverðið“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).

Þessi byrgi eru nokkru fleiri en að framan greinir. Eitt er t.d. undir Grenjalág og annað í Sandslágarkjafinum (VÖ).

Refaskott (n, hk) Skott refa hafa um áratuga skeið verið verðmæti í þeim skilningi að þau eru sönnun þess að refaskyttu hafi banað ref og eigi því rétt á skotlaunum úr viðkomandi sveitarsjóði.

Refaverðlaun (n, hk, fto) Þóknun frá hreppssjóði fyrir veiði á tófu/ref. Til að fá verðlaunin þurfti að framvísa skotti til oddvita hreppsins. „Refaverðlaun, Ásgeir Erlendsson, kr 60“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1949).

Reffilegur (l) Hressilegur; myndarlegur. „Hún segir að þetta sé hinn reffilegasti náungi“.

Refill (n, kk) Vefnaður sem er langur miðað breidd, teppi eða dúkur. Blóðrefill á sverði var upphaflega myndstur eftir endilöngu blaðinu, en merkti síðar sverðsblaðið allt eða sverðsoddinn.

Refilsaumur (n, kk) Sérstök tegund útsaums sem notuð var við að sauma út myndir á refil. Er t.d. hinn frægi Bayeux-refill saumaður á þann hátt. Saumað er í tveimur áföngum; fyrst flatsaumur og síðan þræðir þvert yfir hann. Refillinn lýsir landvinningum Vilhjálms bastarðs í Englandi í innrás árið 1066.

Refjar (n, kvk, fto) Eftirtölur; nöldur; *umkvartanir*; afsakanir. „Hann var með einhverjar refjar um að ekki væru nægar fjárveitingar í þessa vegi, og hann skiti ekki peningum“.

Refjalaust (l) Umyrðalaust; eftirtölulaust; án kvartana. „Ég krefst þess að fá þetta endurgreitt refjalaust“!

Refjast um (orðtak) Tregðast við; gera með eftirgangsmunum/semingi. „Karlinn ætlaði að refjast um að greiða þetta fullu verði, en ég gaf það ekkert eftir“.

Refsigjarn (l) Gjarn á að refsa/hegna/hefna.

Refskapur (n, kk) Klókindi; bragðvísi; slægð; undirferli. „Mér líkar ekki svona refskapur“!

Refslegur (l) Slægur; undirföfull; bragðvís; klókur. „Sumum þótti hann refslegur í viðskiptum“.

Refsmoginn (l) Um holu/greni; ber merki þess að refur hafi haft viðkomu. „Holan var greinilega refsoginn; þarna voru bæði hár og nýleg spor“.

Refra (s) Setja þak/þakviði á hús/tóft. „Ég hlóð upp gamla hrútakofatóft í Ytragilinu og refti yfir hana með sperrum; bárujárni og torfi. Þessi kofi var einkum notaður til reykingar, bæði á rauðmaga og keti“.

Refur (n, kk) *Alopex lagopus*. Tófa; lágfóta; skolli; tæfa; melrakki. Hin mörgu heiti refsins stafa líklega af því að nafnið skolli er einnig nafn satans, og það mega strangtáðir helst ekki leggja sér í munn. Karldýrið nefnist steggur/refur en kvendýrið læða/tófa. Íslenski refurinn er sú grein heimskautarefsins sem skildist frá öðrum í lok síðustu ísaldar fyrir 10.000. Af tófu eru tvo litarafríggir; hvítt og mórautt. Hvít dýr eru hvít að vetrum en dökkmógrá ofantil á sumrum. Mórautu dýrin, sem eru um 80% stofnsins á Vestfjörðum, eru flest dökkbrún allt árið, en þó heldur ljósari á veturna. Bæði litarafríggir æxlast saman, og ráða gen litum. Feldurinn er mjög þéttur og veitir dýrinu mikla eingangrun, jafnvel í verstu kundum. Refurinn verður að jafnaði 6-10 ára í náttúrulegu umhverfi, og um 3-4,5 kg á þyngd: 40-70 cm frá trýni á afturenda, auk um 30cm loðins skotts. Tófan er nánast alæta, en helsta fæðan er fuglar, ungar, egg, mýs. Að vetrarlagi sækir hún mjög í fjöru og étur hvaðeina sem rekur á land, s.s. fiskhræ o.fl. Hún sækir í það sem til fellur frá búskap, s.s. hildir húsdýra og hræi í haga. Ef hungur sverfur að tófu, eða hún á erfitt með að afla sér matar s.s. vegna vansköpunar, þá á hún það til að ráðast á lifandi sauðkind. Helst sækir hún þá í að bíta í snoppuna og finnast stundum illa útleiknar kindur eftir slíkt. Sú tófa nefnist dýrbítur og er helsta orsök þess að bændur leggja mikla áherslu á að halda fjölda refsins niðri. Um aldir hafa menn notað ýmsar aðferðir til veiða, og sumsstaðar má finna haganlega útbúnar gildirur í því skyni; t.d. á Gildruhjalla í Seljadal á Hvallátrum. Skipulegar skotveiðar á ref hafa lengi verið stundaðar, og hafa sveitarstjórnir umsjón með þeim. Bæði eru skotin einstök dýr yfir allt árið, svonefnd hlaupadýr, en einnig eru unnin greni. Nýta menn sér þar að tófa leggur/gýtur oft á sömu stöðum, sem vel liggja við veiðilendum varðstöðu og sól. Bústaður tófu nefnist greni. Það er oft í stórgryttri urð eða grafið inn í hól og á því eru oftast nokkrar flóttaleiðir. Oft gýtur tófa í greni sem er vel falið og fjarri ströndum, en flytur í annað greni nær veiðilendum þegar yrðlingarnir eru stólpaðir og orðnir þurftaþreikir. Steggur og læða halda oftast saman meðan bæði lifa. Yrðlingar fæðast eftir um 50 daga meðgöngu; oftast um miðjan maí. Þeir verða sjáandi um 15 dögum eftir got; eru háðir móðurmjólk í 3 vikur, en síðan í auknum mæli því sem foreldrarnir draga á búið af fæðu. Eftir um 12 vikur fara þeir af greni, eða snemma í ágúst.

Refir hafa löngum verið veiddir til að halda stofni í skefjum eins og áður sagði, en einnig vegna skinnanna sem löngum hafa verið verðmæt söluvara. Á fyrrihluta 20. aldar var skinnaverð mjög hátt, og enn lifa í manna minnum sögur af því sem menn lögðu á sig þá til að ná í tófur. Frá þeim tíma eru mörg *tófuhúsanna* sem víða má sjá í Kollsvík og grennd. Á síðari tímum hefur tíðkast að stunda ræktun á ref í búrum til skinnaframleiðslu. Einar Guðbjartsson hafði um tíma tófur í búi efst á Gróumel. Feðgarnir Össur og Hilmar höfðu um nokkur ár refabú í fjárhúsunum á Melnum.

Í landi Kollsvíkur og Láganúps eru nokkur þekkt greni, t.d. í Vatnadal og Breið. Refurinn sækir í gnægtil fuglabjarga og er mjög fær í klettum, en á veturna sækir hann í fjöru. Sérkennilegt samband hefur myndast

milli refs og hrafns um fæðuöflun. Hrafninn er afkastamikill eggjaræningi og ber mikið magn eggja úr björgum sem hann felur lauslega uppi á brúninni og stundum allfjarri henni. Þessi egg eru mikilvæg fæða fyrir refinn. Á hinn veginn nýtur hrafninn stundum góðs af leifum bráðar refsins.

Reginafl / Regínátak / Reginkraftur / Reginmáttur / Reginorka (n, hk/kk/kvk) Firnamikið afl; gríðarlegir kraftar. „Það er erfitt að ímynda sér þau reginöfl sem köstuðu þessum 60-70 tonna steini uppá klöppina eins og físi“.

Regindjúp / Regindýpi (n, hk) Mjög djúpt; mikið dýpi; *firnadýpi*. „Grásleppan skriður af regindýpi til að hrygna uppi í hleinum“.

Reginfirra (n, kvk) Fráleit vitleysa; bull; ósannindi. „Það er reginfirra að nafli alheims sé í Reykjavík“.

Reginauli / Reginfífl (n, hk) Erkihálfviti; alger bjálfi. „Mikill andskotans reginauli getur *manngrýlan* verið“!

Reginfjarlægð (n, kvk) Órafjarlægð; langt í burtu. „Féð var í reginfjarlægð frá sem að þú sást það“.

Reginfjöll (n, hk, fto) Fjalllendi langt frá mannabyggð. „Það tekur tíma að ganga ofan af reginfjöllum“.

Reginhaf / Reginsjór (n, hk) Úthaf; hafsvæði fjarri landi. „Það fékkst ekki sæmilegur fiskur fyrir en komið var niður á reginsjó“.

Reginheimska (n, kvk) Mikil fávíska; fáránleiki. „Sjaldan hef ég vitað aðra eins reginheimsku og *þetta*“!

Reginhneyksli (n, hk) Skandall; mjög hneykslanlegt. „Þetta er auðvitað reginhneyksli og ekkert annað“!

Reginkjafstæði / Reginvitleysa (n, kvk) Firra; alger vitleysa/heimska. „Þvílíkt reginkjafstæði er þetta nú“! „Vertu nú ekki að segja svona reginvitleysu“.

Reginkuldi (n, kk) Fimbulkuldi; firnamikill kuldi; hörkufrost. „Féð tollir ekkert við beit í þessum reginkulda“.

Reginmisskilningur (n, kk) Alger misskilningur. „Það er reginmisskilningur að halda að þetta sé liðið hjá“.

Reginmistök / Reginskyssa (n, hk, fto /kvk) Mjög mikil/alvarleg mistök. „Það voru reginmistök að gera þetta ekki fyrr“. „Þarna hef ég gert reginskyssu“.

Regimmunur (n, kk) Mjög mikill munur/mismunur. „Még finnst regimmunur á þessum hrútum“.

Reginsandur (n, kk) Miklir sandflákar; mikið sandflæmi. „Það þýðir ekkert að leggja hér sunnar á víkinni; þar er ekkert nema reginsandur“.

Registur (n, hk) Skrá; listi. „Þetta registur yfir orðanotkun Kollsvíkinga er einungis lítið sýnishorn“.

Reglubundinn / Reglulegur (l) Hefur reglu/skipulag; gerist með jöfnu/vissu millibili.

Reglufastur (l) Vanafastur; heldur sig við reglu/vana/sið. „Ég er nokkuð reglufastur með matartímann“.

Reglufesta (n, kvk) Vani; það að halda sig við reglu/sið. „Það verður að vera meiri reglufesta í þessu“!

Reglugerð (n, kvk) Regla; lög; ráðherratilskipun sem byggir á lögum (hefðbundin notkun orðsins).

Regluheimili (n, hk) Heimili sem er laust við vímuefnanotkun og regla/velgengni ríkir um heimilishald.

Reglulega (ao) Með jöfnu/reglulegu millibili. „Á vorin þurfti að huga reglulega að lambfénu“.

Reglusamur (l) A. Sem heldur reglu á því sem um er rætt. B. Misnotar ekki áfengi.

Reglusemi (n, kvk) Regla; skipulag; góður siður; umhyggja. „Hann annaðist þetta af stakri reglusemi“.

Reglustika / Reglustrika (n, kvk) Lítil réttskæið til að strika við beina línu; og oft einnig til mælinga. Orðið er ýmist ritað með „r“ eða án, og getur hvortveggi verið rökrétt; sé kvarði á jaðrinum.

Regn (n, hk) Rigning. Afar sjaldan notað í Kollsvík nema í fáum samsettum orðum; fremur talað um rigningu. „Í Kirkjuhvammi er nokkuð af heyjunum fyrir neðan meðaltestu og einnig hefir nokkuð af útibornum heyjum skemmst af regni“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).

Regnbogi (n, kk) Marglitt og reglulegt ljósbrot; myndast helst gegnt sólu í votviðri eða þegar sól skín á fossúða. Litirnir raða sér í reglulegan boga vegna ljósbrots í dropum; rauður litur brotnar mest og er yst; næst gulur, grænn og blár en fjólublár litur er innst. Af svipuðum toga eru gliðský sem stundum má sjá í mikilli hæð, milli sólarlags og sólarupprásar. Í norrænini goðafræði nefnist regnboginn Bifröst, og er brú milli Ásgarðs guðanna og Miðgarðs manna. Þjóðtrúin segir að komist maður undir enda regnbogans bíði hans þar sneisafull gullkista. Regnbogi var talinn vita á rosatíð/bleytutíð.

Regnfatnaður / Regngalli (n, kk) Hlífar; sjógalli. „Ég var í sæmilegum regnfatnaði og blotnaði ekki“.

Regulator (n, kk) Gangstillir. „Það þyrfti að stilla regulatorinn á ljósavélinni“.

Reiða (s) Flytja á hesti; láta vera á hesti. „Einn þeirra; þann sem var í brúnni, varð að reiða að Gjögurum“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949). „Þá lifir enn sú saga að Benedikt hafi átt að segja að Einar í Kollsvík skyldi ekki reiða hval á hestunum sínum næsta sumar“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Reiða (n, kvk) Viðbúnaður; skipulag. Sbr reiðufé; óreiða; vera *til reiðu*; *henda reiður á*.

Reiða (s) A Flytja á hesti/reiðhjóli. „Hann reiddi mig á bögglaberanum“. B. Gera reiðubúið/tilbúið; undirbúa.

Reiða af (orðtak) *Fara af stöfnum; ganga fram; ganga fyrir sig*. „Hvernig skyldi strengjunum reiða af, sem við lögðum á Landamerkjahleininni; ætli við fáum þá ekki kjaftfulla af skít eftir garðinn“?

Reiða af hendi (orðtak) Láta fjármuni af hendi; greiða; borga. Sjá *láta af hendi*.

Reiða ekki vitið í þverpokum / Reiða það ekki í þverpokunum (orðtak) Þykja ekki stíga í vitið; þykja ekki vitur/hygginn; *bera ekki vitið í hripunum*. „Ég bjóst ekki við miklu af þessum aula; hann hefur nú ekki reitt vitið í þverpokum hingað til“. Þverpoki er poki sem liggur þvert yfir bak hests þegar reitt er; langur og fremur mjór. Oft var heitinu „vit“ sleppt, eins og til að milda dómhörkuna.

Reiða fram (orðtak) Bjóða; *leggja fram; inna af hendi*. „Ég reiddi fram uppsett kaupverð“.

Reiða sig á (orðtak) Treysta á; byggja á. „Það er erfitt að þurfa að reiða sig á svona duglítinn þingmann“.

Reiða til höggs (orðtak) Búast til að slá/lemja. „Ég tvíhenti sleggjuna og reiddi hana til höggs“.

Reiðari (n, kk) Útgerðarmaður/eigandi skips. Heyrist sjaldan í seinni tíð.

Reiðarslag (n, hk) Afar þungt högg/áfall. „Fráfall hans var reiðarslag fyrir heimilið“. Einnig notað um eldingu/þrumu. Vísar líklega til þess að *reiða til höggs*.

Reiðast (s) Verða reiður/illur; *hitna í hamsi*. „Það er ástæðulaust að reiðast honum fyrir þetta óviljaverk“. „Ég man samt ekki til að ég reiddist“ (IG; Æskuminningar).t

Reiði (n, kk) Seglabúnaður; siglutré með seglabúnaði. Sjá *syngja í rá og reiða*.

Reiði (n, kvk) Illska; heift; bræði. Sjá *reita til reiði, renna reiðin; reiðinnar býsn*.

Reiðigjarn / Reiðinn (l) Gjarn á að reiðast; fljótillur; ör.

Reiðilaust (l) Án illinda; óátalið. „Ef þið viljið þetta þá er það alveg reiðilaust að minni hálfu“.

Reiðilegur (l) Reiður á svip/ í útliti.

Reiðilestur (n, kk) Skammarræða; skammir; ávitur; þus. „Ég nennti ekki að hlusta lengur á reiðilesturinn“.

Reiðileysi (n, hk) Án umhirðu; án þess að gengið sé frá. „...ekki vildu þeir skilja við bátinn í reiðileysi og ..sendu niður stein allvænan svo hægt væri að festa hann við land“ (MG; Látrabjarg).

Reiðingast (orðtak) Riðlast á; *traðjola; brauðhófast*. „Verið nú ekki að reiðingast uppi á heyvagninum strákar; þið getið dottið niður“! „Við náðum að reiðingast yfir skaflinn, með því að setja í lágadrifið“.

Reiðingshestur (n, kk) Hestur sem flutningur er reiddur á. „Eins og að líkum lætur voru vöruflutningar á reiðingshestum yfir fjallvegi seinlegir og ýmsum annmörkum háðir“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Reiðingur (n, kk) A. Undirlag *klyfbera* á hesti til að mýkja álagið; oft dýna og/eða torf (reiðingstorf). B. Líkingamál um illa útlítandi búnað/klæðnað. „Ekki leist mér á reiðinginn á honum“.

Reiðinnar býsn/ósköp (orðtak) Ógrynni; mjög mikið. „Hann þurfti að greiða einhver reiðinnar býsn fyrir“. Stundum afbakað í „reiðarinnar ósköp/býsn“.

Reiðir ekki vitið í þverpokum (orðtak) Er heimskur/grunnhygginn. „Þessi nýi þingmaður okkar er örugglega besta sál, en ekki finnst mér hann reiða vitið í þverpokunum“. Þverpoki var sérútbúinn poki á hestbak“.

Reiðleið / Reiðvegur (n, kvk) Leið sem riðin er á hesti. Notað til aðgreiningar frá gönguleið, sem oft er ekki fær hestum.

Reiðskjóti (n, kk) Reiðhestur. Hestar voru mikilvægir í búskap og samgöngum fyrir á tíð, í Kollsvík líkt og annarsstaðar. Hinsvegar má segja að varla hafi verið til reiðskjóti þar eftir að traktorar komu til og bílvegir urðu færir.

Reiðubúa (s) Hafa til reiðu; gera klárt. „Það þarf víst eitthvað að reiðubúa hlöðuna áður en við hirðum“.

Reiðubúinn (l) Tilbúinn; albuinn; klár. „Þú þarft að vera reiðubúinn þegar *kallað* verður *til skips*“.

Reiðufé (n, hk) Handbært/tiltækt fé; peningar; lausafé; sjóður. „Hann greiddi þetta allt í reiðufé“.

Reiðuleysi (n, hk) Ruglingur; óreiða; *ráðleysi*; skortur á festu. „Það er komið áráns reiðuleysi á smalamennskur“. „Þessar vélar lentu í reiðuleysi þegar stofnað var Ræktunarsamband V-Barðastrandasýslu“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Reiður (l) A. Illur; skapvondur. B. Sem unnt er að ríða um á hesti. „Vaðallinn er vel reiður við sjóinn“.

Reiðver (n, hk) Hnakkur; söðull eða annar búnaður til að gera reið á hesti þægilegri. „Ég gekk alla leiðina en móðir mín reið á reiðveri“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

- Reifa** (s) A. Búa um með reifum. „Hann var með höndina reifaða og í fatla“. B. Flytja ræðu um málefni; koma málefni í orð. „Hann reifaði málið í byrjun, en síðar urðu nokkrar umræður um það“.
- Reifabarn** (n, hk) A. Barn sem vafið er reifum, líkt og gert var *fyrir á tíð*. B. Líkingamál um mann til að líkja óvitahætti og þekkingarleysi hans við ungbarn. „Hann hefur *viðlíka* mikla innsýn í þessi mál og reifabarn“!
- Reifar** (n, kvk, fto) Umbúðir sem ungbörn voru vafin fyrrum, en eru nú meira notaðar utanum sár; sárabindi. „Því ertu með þessar reifar um hendina“?
- Reifum** (n, kvk) A. Umbúnaður ungbarns/sárs með *reifum*/umbúðum. B. Líkingamál um það að *reifa* mál.
- Reifur** (l) Upprifinn; glaðvær; kátur; fjörugur. „Eftir fyrsta staupið var karlinn orðinn vel reifur“. Sjá einnig *gláður og reifur*.
- Reigingsháttur / Reigingur** (n, kk) *Derringur*; hroki; mont. „Ég kann illa við þennan reigingshátt í honum“.
- Reigingslega** (ao) Með derringi/yfirlæti/hroka. „Þetta hljómar dálítið reigingslega“.
- Reigingslegur** (l) Yfirlætislegur; hrokafullur. „Mér fannst hann ári reigingslegur í viðmóti“.
- Reigja sig** (orðtak) A. *Fetta sig* í baki; vinda uppá bolinn/skrokkinn. „Með því að reigja mig afturábak gat ég náð taki á klettanefi og undið mig aftur inn á sylluna“. B. *Sýna af sér* yfirlæti/derring/mont/hroka. „Hann ætti bara ekkert að vera að reigja sig í þessum efnum; hann er ekki mikið betri sjálfur“!
- Reigja sig og teygja** (orðtak) Gera ýmiskonar hreyfingar; teygja á útlimum vöðvum; teygja sig. „Ég náði ekki í vaðarendann; hvernig sem ég reigði mig og teygði“.
- Reika** (s) Ganga; rangla; ráfa stefnulítið. „Við reikuðum fram á túnið meðan við spjölluðum saman“.
- Reikandi** (l) Óstöðugur; óviss; *hvimandi*. „Ég hef verið dálítið reikandi í mínum skoðunum á þessu málefni“.
- Reikistjarna** (n, kvk) Himinhnöttur á braut um jörðu, með lagskiptum kjarna sem er eða hefur verið virkur. Jörðin er reikistjarna, sem og 7 aðrir hnettir í okkar sólkerfi. Taldar frá sólu eru þær; Merkúr; Venus; Jörðin; Mars; Júpiter; Satúrnus; Úranus og Neptúnus. Enn utar er Plútó sem til skamms tíma var talin 9. reikistjarnan, en telst nú til smástirna sem eru stórir loftsteinar. Kringum margar reikistjörnur sveima minni himinhnettir af ýmsum stærðum sem nefnast tungl. Með bættri tækni finnast æ fleiri sólkerfi með reikistjörnum; sumar af því tagi að þar gæti kviknað og þróast líf.
- Reikna frá** (orðtak) Draga frá; minnka sem nemur. „Ég held að skuld mín við félagið sé ekki há, þegar búið er að reikna frá mína vinnu“.
- Reikna (fastlega) með** (orðtak) Vænta; *búast við*; *eiga von á*. „Ég reikna fastlega með að af þessu verði“.
- Reikna naugið** (orðtak) Reikna nákvæmlega. „Ég hef ekki reiknað þetta svo *naugið*; mér liggur ekkert á að fá þetta greitt alveg strax“. Sjá *naugið*.
- Reikna saman** (orðtak) Um fjölda/tölur/upphæðir; leggja/taka saman. „Ertu búinn að reikna það saman sem ég skulda þér“?
- Reiknast til** (orðtak) Fá niðurstöðu í útreikninga. „Mér reiknast svo til að nú sé þessi skuld greidd að fullu“.
- Reikningabók** (n, kk) Bók sem inniheldur uppgjör/ársreikninga; *höfuðbók* í bókhaldi.
- Reikningshald** (n, hk) Bókhald. „Hann *hafði á hendi* allt reikningshald fyrir félagið“.
- Reikningshaus / Reikningsheili / Reiknisnillingur** (n, kk) Maður sem er sérlega fær í reikningi/hugarreikningi. „Ívar í Kirkjuhvammi var annálaður reikningsheili, og gat lagt tölur hraðar saman á blaði en annar gæti með reiknivél“.
- Reikningsskil** (n, hk, fto) Uppgjör tekna og gjalda; skulda og eigna. „Nú þyrftum við að fara að gera einhver reikningsskil fyrir þetta verkefni“.
- Reikningur** (n, kk) A. Stærðfræði; meðhöndlun talna. „Hann er algert sénéi í reikningi“. B. Krafa um greiðslu; oftast á rituðu formi. „Ég var að fá reikning fyrir vinnunni“. C. Uppgjör fjármála aðila, t.d. ársreikningur fyrirtækis. D. Viðskiptabókhald eins aðila hjá öðrum; viðskiptareikningur. „Andvirði afurðanna lagðist inn á reikning hvers bónda eftir haustið“.
- Reikull í rásinni / Reikull í spori** (oðtak) Ekki stefnufastur; rásar; *hvimar*. „Karlinn var dálítið hifaður og reikull í rásinni“.
- Reim** (n, kvk) A. Þvengur, t.d. til að festa á sig skó. B. Borði úr gúmmí til að færa afl milli vélahluta, t.d. víftureim.
- Reima** (s) Herða að með reim; þræða reim. „Bíddu aðeins, meðan ég reima skóna mína“.
- Reimdrifinn** (l) Um vél; afl fært á milli vélarhluta með reim. „Súgurrkunarbúlarinn var reimdrifinn frá Listervélinni, en hana mátti einnig nýta til að knýja rafal með því að færa reimarnar yfir á hann“.

Reimleiki (n, kk) Draugagangur; slæðingur; reimt. Ekki fara sögur af reimleikum í Kollvíkinni á síðari öldum, eða allt frá því að monsjör Einar í Kollsvík sneri niður draug þann í nauðlíki sem galdramaðurinn Benedikt Gabriel sendi honum. Þeir höfðu þá orðið ósattir vegna hvalreka. Einar teymdi þann draug inn yfir Hænuvíkurháls og batt hann við stein á innanverðum hálsinum; utan sinnar landareignar. Þar voru lengi reimleikar, eða þar til draugurinn fór, eftir leiðsögn Einars, norður í Arnarfjörð og plagaði Benedikt sjálfan. „Eftir það hvarf allur reimleiki af völdum draugsins í Kollsvík....“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Reimt (l) Með draugagangi; þar sem draugagangur er. „En reimt þótti lengi eftir á staðnum, þar sem draugnum hafði verið komið niður“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Rein (n, kvk) Mjó ræma/röð; afmarkað mjótt ílangt svæði. „Viða má enn sjá reinar eftir áburðarflug um úthaga kringum Kollsvík; einkanlega á Strympum og uppaf þeim“.

Reipi (n, hk) Tóg; kaðall; sver taug. Reipi var á fyrri tíð ritað „reip“ og virðist einnig hafa þekkt í karlkynsmyndinni „reipur“ sbr orðtakið að eiga við *ramman reip að draga*.

Reipishönk (n, kvk) Uppgerður reipisspotti. „Taktu með þér reipishönkina ef við förum eitthvað í lás“.

Reiprennandi (l) Um mál; hiklaust; án þess að stoppa. „Gunnar og Sigurvin Össurarsynir voru miklir málamenn og töluðu báðir t.d. flest evrópumál reiprennandi; þ.m.t. tékknesku. Sigurvin var auk þess sæmilegur í Rússnesku og mandarínkínversku“ (VÖ)

Reiptog / Reipadráttur (n, hk) A. Kraftakeppni milli tveggja manna eða tveggja hópa sem felst í því að toga sín á milli í reipi, og hefur sá vinninginn sem togar hinn/hina í sína átt. B. Líkingamál um deilu/misklíð, sem gengur í raun útá hið sama; utan að keppt er í rökvísi eða þrætubókarlist. Reipadráttur var einvörðungu notað í þessari afleiddu merkingu á síðari tímum.

Reisa (n, kvk) Ferð; ferðalag; dönskusetta úr „rejse“. „Hann var að koma úr heilmikilli reisu til útlanda“.

Reisa (s) A. Réttá við/upp. „Við fundum afvelta kind og reistum hana við“. B. Byggja; setja sperrur/þakviði á hús. „nú höldum við reisugilli; fyrst búið er að reisa“. C. Ferðast; leggja af stað. „Hvert ert þú nú að reisa“?

Reisa (l) Um kind; geta ekki staðið upp vegna máttleysis/vannæringar. „Fé í Kollsvík gat yfirleitt gengið úti í haga- eða fjörubeit þó fóður væru mismikil og engum sögum fór af því að kindur yrðu reisa úr hor. Hinsvegar gátu lömb orðið reisa úr t.d. *fjöruskjögru* og fullorððfé úr *votheysveiki*“.

Reisa burst (orðtak) A. Skjóta upp kryppu; það viðbragð hunds, kattar eða annars dýrs að setja kryppu á hrygginn og ýfa hárin þegar hann bregst til varnar, til að sýnast ógnvænlegri. B. Notað í líkingum um mann sem verður mjög reiður/ *rennur í skap*, og þá stundum í fleirtölu. „Það er hætt við að hann muni reisa burstir ef einhver dregur hans heilindi í efa í þessu máli“.

Reisa Góu (orðtak) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Óviss merking; orðtakið finnst ekki annarsstaðar. Kann að merkja velgjörðir eða ávarp í upphafi Góu: „Orðið góiblót bendir til mannfagnaðar seint að vetri að fornu en um hann er ekkert vitað með vissu. Ljóst er hinsvegar af heimildum frá öndverðri 18. öld að fagna átti góu á svipaðan hátt og þorra. Skyldi það fremur vera húsbóndinn en húsfreyjan, en víst er að dagurinn var eignaður húsfreyjunni. Heimildir geta um tilhald í mat á síðari öldum en hvergi nærri á við þorrakomu. Kann þar að ráða nokkru að gókoma lendir oftast á langaföstu. Nokkuð var ort um Góu á 17. - 19. öld sem dóttur þorra eða eiginkonu. Var þá stundum reynt í gamni að skjalla hana til að bæta veður. Svipaður kann að vera tilgangur þess gókumusiðar á norðaustanverðu landinu að góu var færður rauður ullarlagður Árni Björnsson; Saga daganna; 2000).

Reisa ekki haus/höfuð frá kodda (orðtak) Vera rúmliggjandi/ mjög veikur. „Ég hef ekki reist höfuð frá kodda í meira en *vikutíma*“.

Reisa haus/höfuð frá kodda (orðtak) Vakna; fara á fætur. „Nú held ég að þessi árans ekkisen ríkisstjórn verði að fara að reisa haus frá kodda og gera eitthvað í málunum“!

Reisa horgemling (orðtak) Leikur sem algengur var fyrrum, en lítið stundaður nú á tímum. Þegar reistur er horgemlingur þá setjast leikmenn flötum beinum, setja hægri hendi undir vinstra hné og grípa í eyrnasneppil á hægri eyra. Með vinstri hendi er haldið í buxnastrenginn að aftan. Síðan reyna menn að standa upp án þess að missa tókin. Þetta er alls ekki auðvelt, en sagt er að þeir sem ekki geta reist horgemling hafi fallið úr hor. Sjá *vermannaleikir*.

Reisa kuttasköft (orðtak) Um róðrarlag: „Ef menn dattu aftur fyrir sig með fætur upp í loftið var það að reisa kuttasköft“ (Frásögn GG; Láganúpi; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Reisa sér hurðarás um öxl (orðtak) Færast of mikið í fang. „Ég er hræddur um að hann sé að reisa sér hurðarás um öxl með þessum jarðakaupum“.

Reisa skorður við (einhverju) (orðtak) Fyrirbyggja; koma í veg fyrir; hindra. „Ég þarf að reisa einhverjar skorður við því að menn aki hér utanvega“. Líking við það að setja *skorður* undir bát; *skorða* bát. Sjá *setja (einhverju) skorður*.

Reisa við (orðtak) Réttá við; reisa upp. „Ákveðið hafði verið að við Guðmundur stæðum upp og færum alveg niður á brúnina til að reisa mennina við þegar þeir kæmu upp“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Reisifjöl (n, kvk) Aðferð til frágangs á þaki/lofti torfbæjar. Ofan á sperrur eru sett 3-4 langbönd og á þau eru festar fjalir, hlið við hlið, sem rísa frá veggssyllum upp í mæni; í sömu stefnu og sperrur. Ofan á þær kemur annar þakfrágangur; tróð; hellur og torf. Hús sem þiljuð voru í loft voru annaðhvort með reisifjölin eða skarsúð, en þá lágu fjalirnar langsum og sköruðust. Samkvæmt lýsingu Hildar hér á eftir virðist reisifjölin hafa verið innan á sperrum, sem var óvenjulegt og virðist hafa verið gert eftir að smíði þaks var lokið. „Baðstofan sem ég man fyrst eftir var með moldargólfi. Loft var yfir og þiljað upp fyrir rúmin; síðan var sett reisifjöl. Reisifjöl var slétthefluð borð, óplægð, sett innan á sperrur í gömlum baðstofum; helluþöktum. Stundum aðeins yfir rúmunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Reisla (n, kvk) Vog; sérstök jafnvægisstöng til að vega vöru eða annað. Hún er hengd upp í krók sem er nær öðrum enda en hinum; síðan er það sem vega skal hengt í krók á stutta endanum, en lóði er rennt til eftir lengri endanum þar til jafnvægi næst. Er þá unnt að lesa þyngdina af skala á stönginni. Reislur voru notaðar í Kollvík meðan búið var. Einkum voru vegnir upparballar; ketstykki; fiskur; salt o.þ.h. Einnig var vegið lifandi fé, á þann hátt að strigapoki var dreginn undir kviðinn; í enda hans festar grannar tréslár með böndum. Kindina mátti þá hengja upp með því að bregða böndunum á reislukrókinn. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína; hníf, reislur og önnur nauðsynleg áhöld“.... „Þegar því lauk stóð Bjarni í Hænuvík með reisluna; tilbúinn að vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).

Reisn (n, kvk) A. Það að vera uppreistur/uppistandandi/hnarreistur; virðing; sjálfsálit. „Alltf heldur hann sinni reisn; þrátt fyrir mótlætið“. B. Upphækkun/yfirbygging á þilfari skips. Oft notað um rými það ofanþilja sem er undir brú skipsins.

Reistur (l) Um það sem rís upp/er bratt/trónir. „Báturinn er mikið reistur í stafninn en fremur borðlagur“. „Mér sýnist þetta húspak vera nokkuð reistara en hitt“.

Reisugildi (n, hk) Útafbreytni í mat/drykk þegar sperrur í húsi hafa verið reistar. „Ekki veit ég hvað þetta er gamall siður vestra, en a.m.k. frá því farið var að byggja timbur- og steinhús. Oft var festur fáni á síðustu sperruna sem reist var, og síðan fengu menn sér hátíðakaffi og e.t.v. lög af víni, sem það brúkuðu“ (VÖ). Framborið uppá dönsku; án þess að d-hljóð heyrst, en líkt og l séu tvö.

Reisulegur (l) Hnarreistur; myndarlegur; höfðinglegur. „Þarna stóð fyrrum reisulegur bær“.

Reisupassi (n, kk) A. *Vegabréf* til ferðalaga innanlands. Meðan reglur um vistarbönd voru í gildi á landinu þurftu allir að hafa reisupassa frá sýslumanni til að mega ferðast milli sýslna; og varðaði brot á því þungri refsingu, s.s.hýðingu. B. Á seinni tímum merkir orðið uppsögn úr vinnu. „Ég fékk reisupassann í gær“.

Reita til reiði (orðtak) Egna; espa. „Ég vona að ég hafi ekki reitt hann mikið til reiði með þessu glensí“.

Reithertur (l) Um fiskverkun; fiskur sem hertur/þurrkaður er á þurrkreit. Reithertur fiskur og malflattur fiskur voru löngum annað heiti á *skreið* (sjá þar).

Reitingur (n, kk) Um aflabrögð; einn og einn fiskur sem veiðist, en ekki líflegt fiskirí; *landburður*. „Hann var vel við um snúninginn, og jafnvel þökkalegur reitingur yfir harðasta fallið“. Sjá *strjálingsveiði*.

Reitlagður (l) Um fiskireit; þakinn steinum sem þurrkaður er á. „Ekki var róið næsta dag, þótt veður leyfði. Þá þurfti ýmislegt að lagfæra útivið: rífa upp ruðninga, því þeir voru lengst af reitlagðir úr fremur smáu grjóti og með allskonar steinum umhverfis“ (KJK; Kollsvíkurver).

Reitur (n, kk) A. Afmarkað svæði, oft til sérstakra nota. Sbr reitur í taflborði. B. Steinlagður blettur/hóll sem fiskur er þurrkaður á; stakkstæði. Fjöldi reita er enn sjáanlegur í Kollsvíkurveri. Þeir eru þaktir steinum, og í byrjun hverrar vertíðar þurfti að lyfta steinum uppúr sandi sem fokið hafði í reitinn.

Rek (n, hk) A. Sá hraði sem bátur eða annað fer á undan vindi/straumi á sjó. „Það er komið töluvert rek“. B. Sú vegalengd sem bátur rekur þar til *kipp* er; þ.e. farið aftur á fyrri stað. „Við tókum tvö rek norður yfir Hymurnar“. C. Hrakningur undan vindi/straumi. „...Kollsvíkingar fundu hval á reki og tókst eftir langa mæðu að bjarga honum í land í Kollsvík“ (TE; Kollsvíkurætt; Hvalur róinn í land í Kollsvík). D. Aldursbil. „Í þessum hópi voru nokkrir strákar á svipuðu reki og ég“.

Reka (n, kvk) A. Skófla. Oftar var notað orðið „reka“ í Kollsvík. B. Skóflufylli. „Ég kastaði nokkrum rekum af skít yfir kálbeðið“. „Nú er búið að *kasta rekunum* yfir þann sómamann“.

Rek á skýjum (orðtak) Um það þegar stök lágský berast hratt með vindi, samanborið við háský í bakgrunni Einnig er talað um *far á skýjum*.

- Reka** (n, kvk) Skófla. Heitin voru notað jöfnum höndum vestra á seinni hluta 20. aldar. Heyrist nú sjaldan notað. Nú er stungureka orin stunguskófla og rekustunga orðin skóflustunga. Prestur kastar þó enn rekunum.
- Reka að** (orðtak) A. Reka fé að/nær húsum eða öðrum stað. B. Um bát; reka nær fjöru. C. Koma/líða að. „Það rekur brátt að því að við þurfum að leggja af stað“.
- Reka af** (orðtak) Notað um það þegar bát rekur af góðri veiðislóð og þarf að *kippa* á hana aftur. „Ég er hræddur um að nú höfum við rekið af þessu. Settu aðeins í gang og kiptu suður“.
- Reka af höndum sér** (orðtak) Vísa frá því sem óæskilegt er. „Þau þurftu víst að reka þennan vinnumann snarlega af höndum sér; hann var víst dálítið *fingralangur*“. „Túristar eru yfirleitt sómafolk, en stundum getur þurft að reka þá af höndum sér, svosem ef þeir ganga illa um landið“.
- Reka af sér slyðruorðið** (orðtak) Sýna framá að maður sé ekki aumingi/letingi/gagnslaus. Slyðra var notað yfir gauð/aumingja; einnig um lint gras, og er sama orðið og *slyndra*, sem enn er notað um þykkildi eða slím.
- Reka augun í** (orðtak) *Koma auga á*; sjá. „Hefurðu nokkuð rekið augun í gleraugun mín einhversstaðar“?
- Reka á** (orðtak) A. Um veður; bresta á. „Ofsaveður hafði rekið á, með kafaldi og stórsjó“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Um veiðiskap; bát rekur yfir færi/niðristöðu/net. „*Hafðu* nú *úti*; það er farið að reka dálítið á núna“. „Við þurfum að fara í grunnbólið á næsta streng; það er farið að reka töluvert á“. C. Um fjárrekstur; reka til; flytja fé til. „Þið megið ekki reka of stíft á mig“! „Hann hefur rekið á jörðina í heimildarleysi“.
- Reka á ból** (orðtak) Reka fé í náttstað; smala fé þangað sem því er ætlað að liggja yfir nóttina. Einkum tíðkað meðan *staðið* var *yfir* fé, á þeim tíma sem *fráfærur* tíðkuðust. Orðtakið lifir í Vorvísu Jóns Thoroddsen: „Vorið er komið og grundirnar gróa/ gilið og lækirnir fossa af brún./ Syngur í runni og senn kemur lóa;/ svanur á tjarnir og þröstur í tún./ Nú tekur hýrna um hólma og sker;/ hreiðra sig blikinn og æðurinn fer./ Hæðirnar brosa og hlíðarnar dala./ Hóar þar smali og rekur á ból./ Lömbin sér una við blómgaða bala./ Börnin sér leika á skeljum á hól“.
- Reka á dyr** (orðtak) Vísa á dyr; reka út. „Ekki ætla ég að reka þig á dyr, en ertu ekki að verða of seinn“?
- Reka á eftir (með)** (orðtak) A. Í bókstaflegri merkingu; reka, t.d. fjárhóp. „Ég rak á eftir fénu fram á Foldin“. B. Líkingamál: Ganga eftir; inna eftir verklokum. „Það má nú fara að reka á eftir honum með þetta“.
- Reka á reiðanum** (orðtak) Að halda skipi undan í stórviðri án segla. „Stundum ber það við að menn fá ofsarok á sjó svo að naumast er annars kostur en að láta reka á reiðanum eða sigla með litlum bleðli...“ (HE; Barðstrendingabók).
- Reka á stampinn / Reka á gat** (orðtök) Gera svaralausn/orðlausn; spyrja þannig að ekki verði svarað. „Þarna rakstu mig alveg á stampinn; þetta veit ég ekki“. „Fátt gladdi nemendur meira en að reka kennarann á gat“. Hvortveggja er sennilega líking við að reka dýr í gildru.
- Reka áróður fyrir (einhverju)** (orðtak) Vinna einhverju fylgi; milda afstöðu manna til einhvers.
- Reka endahnúttinn á** (orðtak) Reka smiðshöggvið á; ljúka verki; klára mál. „Það passaði, að rétt þegar við vorum að reka endahnúttinn á verkið fór að hellirigna“. „Sex árum síðar er svo Sigurvin Einarsson farinn að búa í Saurbæ, og það er hann sem rekur endahnúttinn á þessar áskoranir til Búnaðarfélags Íslands“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Reka flóttann** (orðtak) Elta; hlaupa á eftir þeim sem er á flóttu. „Hundurinn tók þann kost að *renna* af *hólminum*, en kötturinn rak flóttann langt upp á tún“.
- Reka frá / Reka frá mýrunum / Reka frá túni** (orðtak) A. Reka fé frá stöðum þar sem það er óæskilegt. Þannig þurfti að reka frá dýjum/mýrum/skurðum til að fé *færi* ekki *ofani* og dræpist, en það sótti einkum í græn dýin á vorin þar sem gróður vaknaði þar fyrst, og á haustin þegar gróður í haga fór að *sólna*. „Eitt af vorverkunum, sem að mestu kom í hlut unglinga eftir að róðrar hófust, var eftirlit með sauðfé. Eftirlitið fólst í því að reka frá mýrunum kvölds og morgna, því mikið var af drápsdýjum í Láganúpsmýrunum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Skreptu nú fram á Mýrar og rektu frá“. Þar sem *flæðihætta* var þurfti að reka fé af *útffari* áður en *falla* tók að. Reka þurfti frá fjárhúsum þegar fé átti að *beita sér* að vetrarlagi, en sótti of snemma í *gjöfina* sína í húsunum. Þá þurfti að reka frá túnum; einkum fé sem sótti í túnin og/eða þegar *túngirðingar* voru ekki *fjárheldar*. „Það þurfti að hirða féð er því var sleppt og reka frá mýrunum kvölds og morgna“ (IG; Æskuminningar). B. Um trjáreka eða annan reka; fljóta frá landi. „Er þetta ekki tré þarna úti á Bótinni? Mér sýnist það heldur vera að reka frá“.
- Reka frá sjó** (orðtak) Reka fé frá *hættum* í fjöru, t.d. flæðihættu eða stöðum þar sem það getur króast inni við þarabunka eða *mód*.
- Reka fúlt við** (orðtak) Freta með mikilli og slæmri lykt. „Mikið helvíti rekurðu fúlt við núna; hvað í *dauðanum* varstu eiginlega að setja ofan í þig“?!

Reka hornin í (orðtak) Líking um það að vera með aðfinnslur/meinbægni; setja útá; gagnrýna harkalega. „Honum var illa við þessar reglur og sætti sig aldri úr færi að reka hornin í þær“.

Reka inn (orðtak) Reka fé inn í rétt eða fjárhús. „Heimilisfólk í Breiðavík kom og hjálpaði okkur að reka inn“.
„Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið).

Reka í (orðtak) Ýta á bát við setningu.

Reka (einhvern) í gegn (orðtak) Vega/skaða mann með spjóti eða öðru lagvopni í bardaga.

Reka í roðskó (orðtak) Sauma roðskó; sauma skó úr steinbítsroði. Þetta var ekki lengi gert af vel þjálfðri manneskju, en reka þurfti í mörg þör af roðskóm ef gengið var yfir heiðar.

Reka í stans / Reka í rogastans (orðtak) Verða svo hissa/undrandi að manni verði verkfall/orðfall; verða *standandi hissa/hlessa*. „Mig rak algerlega í stans þegar ég sá þetta“. „Höktu í foldarhupp/ harðsvíruð ægistól./ Búsmalinn beiddi upp/ bændur litu ei sól./ Rak fólk í rogastans/ riðaði foldin við/ er ribbaldinn Rósinkrans/ ruddist úr móðurkvið“ (JR; Rósarímur). *Stans* merkir þarna fallaskipti. Líking við bát sem rekur undan straumi, en rekið stöðvast á *fallaskiptum/snúningi*. Sönnun þess er eignarfall andlagsins.

Reka í vörðurnar (orðtak) Vera hikandi/stamandi í tali. „Mér tókst að stauta mig í gegnum lestrarprófið á sæmilegum tíma og án þess að reka verulega í vörðurnar“. Líklega vísar orðtakið til þess þegar maður gengur um varðaða leið í dimmviðri og þarf að staldra við hverja vörðu til að skima eftir þeirri næstu áður en haldið er áfram.

Reka nefið í gættina (orðtak) Koma í mjög stutta heimsókn; *líta stutt við*. „Ég er á mikilli hraðferð, en langaði aðeins að reka nefið í gættina“.

Reka nefið í nóttina A. Fara út áður en háttaðer, líklega oftast til að gá til veðurs en e.t.v. einnig til að míga/ganga örna sinna. Orðtakið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). B. Í líkingamáli; vaða í villu; sjá ekkert; komast ekkert áfram.

Reka inn (orðtak) Reka fé inn í rétt (stundum fjárhús). Við þurfum meiri mannskap til að reka inn“.

Reka inn nefið (orðtak) Koma í mjög stutta heimsókn; líta við. „Hann rak inn nefið en mátti ekki vera að því að stoppa neitt“.

Reka innýfir / Reka til slátrunar (orðtak) Reka fé úr Kollsvík til slátrunar á Gjögurum.

Reka í roðskó (orðtak) Sauma skó úr steinbítsroði (sjá *roðskór*).

Reka í rogastans (orðtak) Verða furðu lostinn; verða mjög hissa. „Mann rekur í rogastans yfir svona háttalagi“! Stans er fallaskipti/snúningur á sjó, og roga- er áhersluforskeyti. Líkingin er líklega við það að maður verður jafn dolfallinn og bát sem hættir að reka og liggur kyrr yfir fallaskiptin.

Reka í vörðurnar (orðtak) Um framsögn/málfar; hika í setningum; *stama*; gera máhlé milli orða. E.t.v. líking við það að maður sem gengur um varðaða leið stoppar öðru hvoru til að laga vörðurnar; leggja/reka í þær steina, en slíkt þótti sjálfsagt meðan hestavegir voru mikilvægir og varðaðir. Við það tefjast menn dálítið, og er líkingin líklega dregin af þeim töfum. Sjá *varða*.

Reka lestina (orðtak) Vera síðastur í röð; vera á eftir. Vísar til þess að vera síðastur í lest/röð t.d. í skreiðarlest eða kaupstaðarferð, og sýnast því vera að reka þá sem á undan eru.

Reka minni til (orðtak) Muna eftir; minnast. „Mig rekur ekki minni til að þetta hafi gerst áður“.

Reka norður/norðuryfir (orðtak) Fara með fjárrekstur af Breiðavíkurrétt norðuryfir Breið til Kollsvíkur. „Misjafnt var hversu margir ráku norður, en eitt sinn fór ég einn með rekstur og gekk vel“. Að *smala norður* þýddi annað; það var að smala fé handantil úr Kollsvíkinni í réttina í Tröðinni.

Reka ofaní (orðtak) Gera einhvern afturreka með fullyrðingu/málflutning; *láta éta ofaní sig*. „Ég var nú fljótur að reka þetta kjaftæði ofaní hann, og bað hann að gá betur að orðum sínum í framtíðinni“.

Reka saman (orðtak) A. Reka fé í rétt eða fjárhús. Oftast átt við að reka það fé sem áður hefur hefur verið smalað af fjalli inn á tún. „Eigum við ekki að reka saman á morgun“? B. Gæluorð um smíðar. „Ég rak saman kassa utanum þetta“. Einnig notað um vísnaverð.

Reka sig uppundir/utaní (orðtak) Rekast t.d. óvart upp í loft/ út í vegg eða annað.

Reka smiðshöggð á (orðtök) Binda endahnútinn á; klára verkefni/viðfangsefni. „Nú er ekkert annað eftir en að reka smiðshöggð á þetta“.

Reka til hafs (orðtak) Reka frá landi. „Okkur hefur rekið þónokkuð til hafs; við ættum að kippa svolítið upp“.

Reka til réttar (orðtak) Kollsvíkingar og Látramenn ráku til réttar í Breiðavík, en skilarétt var í Bjarmgötudal. „Ókunnugt fé sem kom í réttina var látið í hús; það var svo rekið til réttar á mánudegi“... „Í Hjallagötu

mættust svo allir og ráku til réttar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Lömbin voru rekin til réttar við slátruhúsið, þar sem þau hvíldust eftir reksturinn og biðu slátrunar sem fór fram hinn næsta dag“ (PG; Veðmálið).

Reka til slátrunar (orðtak) Reka fé til slátruhúss. „Féð var rekið til slátrunar inn í Örlygshöfn daginn fyrir slátrun; venjulega inn yfir Tunguheiði“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „... og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall og til slátrunar á Gjögurum“ (PG; Veðmálið).

Reka við (orðtak) Freta; prumpa; leysa vind. „Það getur tekið í nefið að reka fúlt við í sjógallanum“.

Reka undan/frá sjó (orðtak) Reka fé af flæðiskerjum áður en fellur svo mikið að að flæðihætta skapist.

Reka upp (orðtak) Um rek báts; reka nær landi; reka á grynna vatn/dýpi. „Ég fer nú að setja á gang áður en okkur rekur lengra upp“.

Reka upp bofs/gelt/gól (orðtök) Um hund; gelta; gefa frá sér hljóð. Bofs er minnst en gól mest.

Reka upp hljóð/óp/öskur (orðtök) Æpa; öskra. „Henni brá svo að hún rak upp skaðræðisöskur“.

Reka upp stór augu (orðtak) Verða stóreygur af t.d. undrun; verða mjög hissa/forviða. „Ég rak upp stór augu þegar ég sá hvernig þarna hafði verið staðið að verki“.

Reka (einhvern) út á gaddinn / Vísa (einhverjum) út á gaddinn (orðtak) Úthýsa einhverjum; meina einhverjum um fæði og húsaskjól. „Í hallærum leitaði uppflosnað fólk unnvörpum í verin, enda voru minni líkur til að þar yrði því vísað út á gaddinn sem fiskur var dreginn úr sjó“. Sjá *gaddur; setja á guð og gaddinn; éta (einhvern) út á gaddinn*.

Reka útaf (orðtak) Reka *túnrollur* úr túni. „Maður er varla kominn til bæjar þegar þarf að reka útaf aftur“!

Reka útúr sér tunguna (orðtak) Ulla; láta tunguna útúr munn, stundum til að sýna einhverjum lítilsvirðingu.

Reka við (orðtak) A. Prumpa; leysa vind. „Hættu nú að reka svona fúlt við; það er að verða ólíft hér innandyrna fyrir *viðrekstrarfýlu*“! B. Líta við; koma við; koma í heimsókn. „Þú ættir nú að reka við einhverntíma ef þú ert á *ferðinni*“.

Reka (einhvern) öfugan aftur/út (orðtak) *Reka einhvern af höndum sér*; reka burt óboðinn gest. „Ég sagði honum að hann yrði rekinn öfugur út af fundinum ef hann hætti ekki að *gemma frammi*“!

Rekaátt (n, kvk) Vindátt af hafi, sem gjarnan drífur reka á fjörur. „Það hefur ýmislegt borist á land í vetur, enda oft verið hagstæð rekaátt“.

Rekabálgur (n, kk) Lagaákvæði í fornum lögbókum sem varða rekaréttindi. „Rekabálgur Jónsbókar er að mestu leyti enn í fullu gildi“.

Rekabás (n, kk) Vík/vogur þar sem gjarnan safnast reki á land.

Rekadrumbur / Rekaviðardrumbur (n, kk) Rekatré; oft fremur digurt en stutt. „Það má kljúfa þessa rekadrumba í hornstaura“.

Rekafjara / Rekapláss (n, kvk/hk) Fjara þar sem allajafna er nokkur reki. Einnig notað um vog sem rekþari safnast í.

Rekahnyðja / Rekaviðarhnyðja / Rekaviðarkrikkja (n, kvk) Rót/hnyðja af tré sem rekið hefur á fjöru. Krikkja er rótarbrot sem fyrrum þótti heppilegt til smíða á kollörðum og krikkjum í báta.

Rekaítak (n, hk) *Ítak* jarðar í reka annarrar jarðar. „Bæjarkirkja átti að fornu ítak í stórviðar- og hvalreka í öllum Rauðasandshreppi“.

Rekajörð / Rekaland (n, kvk) Jörð þar sem eru hlunnindi af reka. „Kollsvík og Láganúpur eru báðar miklar rekajarðir“. „Ekki höfðu Hænuvíkurbændur neitt af hvalnum, þótt þeir ættu rekaland til. Þorðu þeir ekki að hreyfa því máli opinberlega“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Rekakefli / Rekastaur / Rekaviðarkefli / Rekaviðarstaur (n, hk/kk) Fremur lítið rekaviðartré. „Ég kastaði upp tveimur rekakeflum“.

Rekakkeri (n, hk) Áhald sem notað er á sumum bátum á síðari öldum til að hægja á reki, t.d. þegar legið er á skaki. Nokkurskonar fallhlíf sem sett er í sjóinn og tengd bátinum með taug. Viðnám þess í sjónum hægir á drift bátsins vegna vinds.

Rekald (n, hk) Það sem rekur/ er á reki. „Gættu að! Þarna er eitthvað rekald í siglingarstefnunni“. Einnig notað sem líking um mann eða annað sem hreksst um eða lendir utangáttá. „Rétt í grennd við Rauðasand/ -risi boða innar-/ raunverunnar rak á land/ rekald sögu minnar“ (JR; Rósarímur).

Rekamark (n, hk) Merki sem hver rekaeigandi átti, og notaði til að merkja sér gagnlegan reka í fjöru. Einkum reyndi á þetta þar sem margir áttu samliggjandi rekafjöru. En einnig kom það fyrir að ekki var unnt að bjarga

reka strax undan sjó og var því mikilvægt að merkja sér hann áður en hann færi í sjóinn og ræki annarsstaðar. Sá á reka sem sannað getur rétt sinn með rekamarki. Landeigandi má einnig merkja sér með rekamarki þann reka sem hann á í fiskhelgi sinni, en samkvæmt Grágás nær hún svo langt á haf út sem sjá má flattan þorsk á borði báts, sem samsvarar röskri sjómílu.

Rekasþíra (n, kvk) Grannt en langt rekatré. „Rekasþírurnar eru bestu stauraviður sem fáanlegur er“.

Rekasþýta (n, kvk) Fremur smár rekaviður. „Eldiviðurinn var mest mór og rekasþýtur sem var raunar talsvert af“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Rekast (s) Um sauðfé og aðrar skepnur; unnt að reka. „Hænuvíkurféð rakst allajafna illa á rétt í Kollsvík“.

Rekast hvað á annars horn (orðtak) Verða árestrar; stangast á; falla ekki saman. „Mér finnst þessi frásögn enganvegin fá staðist; hér rekst hvað á annars horn“!

Rekast inn (orðtak) A. Um gesti; koma í heimsókn. „Mér datt í hug að henda einhverju í ofninn ef einhver skyldi rekast inn í dag“. B. Um fé; unnt að reka inn í fjárhús/rétt. „Féð rekst illa inn í góða veðrinu“.

Rekast í (orðtak) Rexa í; sinna; fást við; vesenast með. „Ég fór að rekast í þessum málum fyrir félagið“.

Rekasveit (n, kvk) Hreppur þar sem reki á fjörur er mikill. „Rauðisandur yfir allt er rekasveit“ (ÁM/PV Jarðabók).

Rekasæld (n, kvk) Mikill reki að jafnaði. „Í lítilli sandvík sem er milli Gvendarhleinar og Melsendakletta er stundum nokkur trjáreki. Líklega er rekasæld þar hin mesta í Kollsvík- og Láganúpslandi“ (HÖ; Fjaran).

Rekatré / Rekaviðardrumbur / Rekaviðarraftur / Rekaviðartré (n, hk) Tré sem rekið hefur á fjörur. „Af og til rekur feiknamikil rekatré. Miklu skiptir að vera þá fljóttur að bjarga þeim, því ekki er allstaðar *festifjara* til lengdar“.

Rekaviðarfjöl / Rekaviður / Rekasþýta / Rekatimbur (n, kk/kvk/hk) Viður sem rekur á fjörur; tré, fjalir, kefli, hnyðjur og annað. „Eldiviður var mest mór og rekasþýtur, sem var raunar talsvert af“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Rekaviðarkubbur (n, kk) Stuttur bútur af rekavið; oft tilsagaður á eina eða fleiri hliðar.

Rekaviðarsögun (n, kvk) Sögun á stórvið/rekavið; stórviðarsögun. Við það verk er notuð stórviðarsög; annaðhvort einhent eða tvíhent. Tréð er mælt vandlega og skipulagt hvernig saga skal áður en byrjað er að saga. Tréð er haft á búkkum meðan sagað er.

Rekaviður (n, kk) Hverskonar viður sem rekur á land. Rekaviður getur verið af ýmskonar trjátegundum; verið í ýmsum stærðum og útliti og verið misjafnlega á sig kominn. Stundum er hann skemmdur af fúa; smoginn af maðki; strúaður eftir núning við ís eða brotinn í fjöru. Viður sem legið hefur lengi í sjó og dregið hann í sig er afskaplega vel fúavarinn; jafnvel betur en unnt er að gera með nútímataekni. Rekaviður hefur um aldri verið dýrmæt hlunnindi í þessu skóglausa landi, enda viður nauðsynlegur til hverskonar bygginga og annarra framkvæmda, auk eldsneytis.

Reki (n, kk) Hvaðeina sem rekur, þar með talinn rekaviður og annað gagnlegt. Einnig notað um líkur á að rekaviður og annað gagn berist á fjörur. „Reki (í Kollsvík) hefur hepnast; þó sjaldan, því straumar bægjia“ (ÁM/PV; Jarðabók). Þessi athugasemd lýsir því hve Kollsvíkingar fyrr á öldum höfðu íhugað legu strauma fyrir landinu. Þeir vissu sem var, að Látraröstin spýtir flestu því frá landi sem ella hefði upp borist, nema álandsvindur verði yfirsterkari.

Rekinn (l) A. Hefur rekið á fjöru. „Ég fann allstórt tré rekið niðrundan Byrginu“. B. Látinn hætta í vinnu.

Rekistefna (n, kvk) Vesen; málarekstur. „Það tekur því ekki að gera neina rekistefnu útaf svona misskilningi“. „Ekki er ólíklegt að nokkur rekistefna hafi orðið út af landshlut í hvaldnum, þó óvíst sé hvernig henni hefur lyktað“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Rekís (n, kk) Hafis sem er á reki eða hefur rekið. „Úr ísspönginni barst nokkur rekís upp á siglingaleiðina og alla leið upp í fjöru“.

Rekja (n, kvk) A. Rök jörð eftir rigningu eða náttfall. Gott þótti að slá í rekju því þá rann ljárin vel í grasinu. „Þrjótur og Hólar voru harðbakkar og þurfti því að slá þá í rekju“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). B. (einungis í fleirtölu;) Slæður; rök; hey sem rakað er af jörð eftir að búið er að heyja. „Ætlaður var 1 hestur á kindina; 30 hestar fyrir hverja kú, og hrossi var ætlaður úrgangur, moð og rekjur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Rekja (s) A. Um flík; rekja upp; draga garn/saum út svo flíkin losni í sundur. „Mér fannst peysan misheppnuð svo ég rakti hana upp og ætla að þrjóna nýja“. B. Fara eftir förum/slóð. „Hann rakti slóð ertir tófuna fram alla Ívarsegg og inn yfir Kóngshæð“. C. Telja upp; þylja; segja frá. „Unnt er að rekja Kollsvíkurrætt til fjölmargra sögufrægra Íslendinga og konunga á Norðurlöndum; og reyndar mun lengra aftur“. „Hann rakti fyrir okkur hvernig eltingarleikurinn hefði gengið“.

- Rekja garnir** (orðtak) Þræða garnirnar úr garnmörnum, þegar slátur var unnið til matar. Þær voru síðan þvegnar rækilega og notaðar í bjúgur og fleira, en mörinn í t.d. lundabagga.
- Rekja garnirnar úr (einhverjum)** (orðtak) Líkingamál; yfirheyrja; inna einhvern frásagnar/frétta. „Ég þurfti að rekja garnirnar úr honum varðandi þetta slúður, og hvernig það var tilkomið“.
- Rekja í sundur / Rekja upp** (orðtak) Aðskilja/ taka í sundur þrjónles/fat sem þrjónað hefur verið.
- Rekja raunir sínar** (orðtak) Segja frá erfiðleikum/mótlæti/andstreymi. „Hann spurði hvað væri að, og ég rakti honum raunir mínar varðandi svefnleysið“. „Það hefur lítið uppá sig að fara í undirmennina og rekja raunir sínar; þú verður að hjóla beint í toppana“!
- Rekja ristil** (orðtak) Nema *ristil* úr *garnmör*, sjá þar.
- Rekja sig** (orðtak) Koma/birtast koll af kalli; vera í röð/runu. „Vörðurnar rekja sig inn yfir fjallið, þó vegurinn sé misjafnlega greinilegur“.
- Rekja úr (einhverjum) garnirnar** (orðtak) Yfirheyrja; inna fréttu. „Mikið væri fróðlegt að hafa þá gömlu nú við hendina til að geta rakið úr þeim garnirnar varðandi þeirra reynslu“. Líking við að *rekja garnir*.
- Rekjast úr / Rakna úr** (orðtak) A. Um flækju/flóka; greiðast úr. „Nú held ég að eitthvað sé að rekjast úr þessum árans grásleppuhnút“. B. Liðkast um stöðu/fjárhag manns. „Ég leyfði honum að vera hér leigulaust um tíma, þar til fór að rakna aðeins úr fyrir honum með fjárhaginn“.
- Rekjusamt** (l) Rigningasamt; vætutið. „Það hefur verið ári rekjusamt uppá síðkastið“.
- Rekjuspá** (n, kvk) Veðurspá fyrir rigningu; *vætuspá*; *rigningarspá*. „Hann er með eindregna rekjuspá fyrir næstu daga“.
- Rekjutið** (n, kvk) Regntími; tímabil rigninga/vætu; *úrkomusamt*. „Það gengur hægt með heyskapinn í þessari rekjutið“.
- Rekka** (s) A. Almennt; ná; duga; sleppa til. „Sjórinn tók okkur í mitti; rétt svo að brækurnar rekkudu“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Ná að teygja sig. „Ég reyndi að teygja mig í eggid hinumegin við nefið en ég rekkaði ekki“. C. Um dýpi á á/vatni/sjó. „Hann óð yfir ósinn, en við vesturbakkann var állinn svo djúpur að hann rekkaði ekki og varð að synda“. „Ég rekka til botns með árinna“.
- Rekki** (n, kk) Hilla; grind. „Við hlið skotklefans var *hausarekki*, og í hann kastaði skotmaður hausunum“.
- Rekkjufélagi / Rekkjunautur** (n, kk) Sá sem sefur í sama rúmi. „Rekkjufélagar sváfu andfæting og höfðu koffortin sín; skrinurnar, við höfðalagið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Rekkur** (n, kk) Maður; hermaður. Einungis notað í skáldskap nútildags. „Rekkar nefna Rósinkrans/reifaþundinn fríða./ Orka vex og andi hans./ Áfram stundir líða“ (JR; Rósarímur).
- Reklaust** (l) Um sjósókn; ekkert rek; enginn straumur; fallaskipti. „Mér sýnist að sé orðið alveg reklaust; færin standa beint niður. Hann ætti að geta *hlaupið á* þessvegna“.
- Rekleysa** (n, kvk) Fallaskipti á sjó; snúningur; stans; bát eða annað rekur ekki. „Það fiskast þá aldrei herna ef ekki er í svona stillu og rekleysu“.
- Reklítið** (l) Um sjósókn; lítið rek; nærri fallaskiptum. „Við erum ekkert að kippa; það er orðið reklítið“.
- Reknagli / Reksaumur** (n, kk) Nagli/saumur sem rekinn er í við. Til aðgreiningar frá hnoðnagla, sem festur er með hnoðun og ró á öndverðri hlið efnis.
- Rekspölur** (n, kk) Fyrri hluti leiðar. Vísar til þess að fé er rekið áleiðis til beitarhaga og gengur afganginn án eftirfylgdar. Eingöngu notað í orðtakinu *komið á rekspöl*.
- Rekstrarmaður** (n, kk) Sá sem rekur t.d. fjárhóp. „Það væri gott að fá annan rekstrarmann með mér til að reka heim af Breiðavíkurrétt“.
- Rekstur** (n, kk) A. Fjárhópur sem rekinn er; fjárrekstur. „Þeir eru að koma úr Fjarðarhorninu með töluverðan rekstur; það þarf að standa fyrir í Hjallagötunum“. „Tveir héldu áfram með reksturinn upp Vörðubrekku og áttu að smala Sanddalina og Breiðavíkurhjallana “ ... „Þá var réttarstörfum lokið og rekstrar fóru að tínast burt. Hjá okkur far 3ja tíma rekstur eftir“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). B. Það að reka fé/fyrirtæki. „Svona hraður rekstur verður bara til þess að gamalærnar gefast upp“! „Hann er með all umfangsmikinn rekstur“. Þegar rekið var frá rétt var talað um *heimrekstur*. „Það væri gott að fá annan með sér í heimreksturinn“.
- Rekublað / Rekuspaði** (n, hk/kk) Blað á reku; gælunafn á reku. „Hvar hef ég nú látið rekuspaðann“?
- Rekur að því** (orðtak) Kemur/líður að því; sá tími nálgast. „Það rekur fljótt að því að við megum útvega okkur meira salt“.

Rekur sig hvert á annars horn (orðtak) *Stangast á*; er mótsagnakennt/ruglingslegt. „Ég botna ekkert í þessari frásögn; það rekur sig hvert á annars horn. Best gæti ég trúað að þetta væri haugalygi frá rötum“!

Rekuskaft (n, hk) Skaft á skóflu/reku.

Rekuspík (n, kvk) Gæluheiti á reku/skóflu. „Hvar skyldi ég hafa lagt frá mér rekuspíkina“?

Rekustunga (n, kvk) Dýpt sem svarar lengd rekublaðs. „Þarna er um það bil rekustunga niður á móinn“.

Rekustunguþykkur (l) Þykkt sem svarar lengd *rekublaðs/skóflublaðs*; *stunguþykkt*; *rekustunga*. „Í Svarðarholtinu er nærri rekustunguþykkt lurkalag; líklega myndað fyrir um 8 þúsund árum“.

Rekþari (n, kk) Þari sem slitnað hefur upp og rekur í sjónum. Oftast er talað um rekþara ef hann er í yfirborðinu eða kemur í veiðarfæri í sjó, en *botnrek* ef hann rekur með botninum.

Rell (n, hk) Suð; kvartanir; tuð. „Vertu nú ekki alltaf með þetta rell krakki“! Með dl-framburði.

Rella (n, kvk) A. Rell; suð; kvartanir; tuð. Sjá *gera sér rellu*. B. Skrúfuhverfill; vindmylla.

Rella (s) Suða; kvarta; tuða; biðja/nöldra um. „Vertu nú ekki sifellt að rella í mér útaf þessu“! „Hættu nú að rella um þetta“!

Rellinn (l) Kvartsamur. „Óttalega geturðu verið rellinn drengur“!

Rembast við (orðtak) Reyna mjög mikið; taka verulega á. „Ég var að rembast við að velta steininum upp í hleðsluna“. „Hann er að rembast við að hnoða saman vísu“.

Rembast eins og rjúpa við staur (orðtak) Reyna mikið; streða við; sperrast við. „Það var sama hvernig hann rembdist eins og rjúpan við staurinn; steinninn bifaðist ekki“. Líklega dregið af þjóðtrú sem segir að setji menn prik/hæl í hreiður rúpu, muni hún halda áfram að verpa þar til hrúgan er jöfn prikinu á hæð. Kann einnig að vísa til veiða á rjúpu með snöru sem fest er við staur.

Rembingsháttur (n, kk) Rembingur; gort; mont. „Ég kann ekki við þennan rembingshátt í honum“!

Rembihnútur (n, kk) A. Erfiður hnútur; erfitt úrlausnarefni. „Mér sýnist að þetta sé komið í hinn mesta rembihnútt“. B. Réttur hnútur.

Rembingskoss (n, kk) Innilegur/mikill koss. „Hann fékk rembingskoss að launum fyrir gjöfina“.

Rembingslegur / Rembinn (l) A. Montinn; reigingslegur; þykist yfir aðra hafinn. „Mér fannst hann skelfing rembingslegur og þurr á manninn“. B. Um veður; *garralegur*; *belgingslegur*; vindasamur.

Rembingur (n, kk) A. Gort; mont; óhóflegt sjálfsálit. „Skelfilegur rembingur er þetta nú í þér góurinn“. B. Um veður; stífur vindur; *vindstrambi*. „Það er enn sami bölvauður *norðanrembingurinn*“.

Remma / Remmubragð / Remmukeimur (n, kv/hk) Beiskt/*rammt* bragð. „Ferlegt remmubragð er af þessu“.

Remmufýla / Remmupest / Remmuþefur (n, kvk) Mjög sterk/þræsin/römm lykt. „Mér finnst einhver remmufýla af þessu“ „Fereg remmupest er af þessu eplaedikni þínu“!

Rengi (n, hk) Fitulag á hval, milli kjötsins (þjósunnar) og spiksins; fituríkur vefur, trefjaríkari og seigari en sjálft spikið. „Sumum þykir rengið jafnvel betra en sjálft spikið“.

Rengja (s) Vefengja; segja/telja vera rangt. „Mér finnst ástæðulaust að rengja hann með þetta“.

Rengla (n, kvk) A. Grönn tréspíra/*rekaþíra*; grannur girðingarstaur sem sjaldnast er jarðfastur. B. Grönn manneskja/kind. „Skelfingar rengla er nú þessi fyrirsæta. Væri hún kind þá væri hún ekki til ásetnings“!

Renglulegur (l) Mjósleginn; horaður; *slánalegur*. „Fjandi ertu nú að verða reglulegur; éturðu ekkert“?

Renna (n, kvk) A. Stokkur til að beina vatni, vökva, fé eða öðru sem eftir rennur í ákveðna stefnu. „Hreinsa þurfti hey og sand reglulega úr rennunum á hlöðu og fjárhúsi, svo þær ekki stífluðust“. „Hallandi renna var uppúr dilknun, sem sláturlömbin voru rekin um upp á vörubílspallinn“. B. Sund sem fari/siglt er um. „Við renndum bátum upp rennu milli skersins og hleinarinnar“. C. Atrenna; tilraun; lota; samfella. „Við drógum alla strengina á Breiðavíkinni í einni rennu“.

Renna (s) A. Um vökva; flæða af/um. „Svitinn rann af mér í stríðum straumum“. „Lifrin var sett í ílát og látin renna“. B. Skrika til í snjó; á svelli eða öðruvísi; renna sér: „Við renndum okkur þá oft á sleðum niður Hólabrekkuna“. Renna til: „Ég rann örlítið til og steptist á hausinn“. C. Um skakveiðar; *renna fyrir fisk*; láta niður færi. „...var þegar tekið að renna er komið var til miða“. (ÓG; Þokuróður). D. Hlaupa; ganga; fara hratt. „Féð rann upp hjallagötturnar líkt og hvítur lækur rynni *uppímóti*“. „Drengs í brjósti heimfús hugur hlær og brennur./ Fyrir honum hjörðin rennur“ (JR; Rósarímur). E. Forma efnisbút í rennibekk. „Stólfætarnir voru listilega renndir“.

Renna að sér / Renna upp (orðtök) Renna upp rennilás á flik til að loka henni að sér. „Renndu nú að þér áður en þú ferð út; það er hávaðarok“!

- Renna/hopa/flýja af hólmi** (orðtak) Flýja; hörfa frá; *leggja á flótta; láta undan síga*. „Ætli maður reyni ekki við þetta próf; það gagnar lítið að renna af hómi núna“. Líking við það að flýja úr einvígi/hólmgöngu.
- Renna augum yfir** (orðtak) Líta yfir; skoða lauslega. „Ég renndi augunum yfir fyrirsagnirnar í blaðinu“.
- Renna á** (orðtak) Koma yfir; *sækja að*. „Ég hallaði mér eftir matinn og það rann á mig dálítið mók“.
- Renna á éli** (orðtak) Ganga á með éli; *setja yfir él*. „Komdu inn; hann er að renna á með éli sýnist mér“.
- Renna á rassinn með** (orðtak) Gefast upp við; falla frá áætluðum verknaði. Einnig notað um veður: „Skyldi hann alveg ætla að renna á rassinn með þennan þurrk, sem manni sýndist að gæti orðið“?
- Renna á tvær grímur** (orðtak) Efast; vera á *báðum áttum*. „Ég hafði nöldrað mikið um að fara með þeim í róður, en það runnu á mig tvær grímur þegar ég sá sjólagið“.
- Renna blint í sjóinn** (orðtak) Reyna án þess að vita árangur fyrirfram. „Ég renndi alveg blint í sjóinn þegar ég fór út í þennan rekstur“. Komið úr veiðimennsku; renna færi án þess að sjá til miða.
- Renna blóðið til skyldunnar** (orðtak) Vera /finna sig knúinn til vegna ættartengsla/skyldleika. „Mér rann nokkuð blóðið til skyldunnar að hjálpa honum; þetta er jú bróðir minn“. Orðtakið má eflaust rekja til tíma blóðhefnda og ættbálkasamfélaga, þar sem skyldmenni báru gagnkvæma hefndarskyldu og samábyrgð.
- Renna fyrir fisk / Renna færi / Renna (færi) í sjó / Renna í botn / Renna út** (orðtök) Láta færi í sjóinn til að fá fisk; *reyna fyrir fisk*. „Eigum við ekki að fara fram og renna fyrir fisk“? „Færum var rennt í sjó, og strax var fiskur á hverju bandi; allir kepptust við dráttinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).
- Renna grun í** (orðtak) Gruna; sjá fyrir; *setja sér fyrir sjónir*. „Mig var farið að renna grun í þetta“. Sjá *renna í grun*.
- Renna hýru auga til** (orðtak) *Hafa ágirnd/augastað á; líta girndarauga; ágirnast*.
- Renna í** (orðtak) A. Um snjó/skafrenning; safnast í för og dældir. „Það var farið að renna í þegar ég kom til baka, þannig að ekki var auðvelt að rekja slóðina“. B. Um söltun kets í reyk; saltið síast inni ketið. „Við látum þetta bíða svona í þrjá daga og leyfum saltinu að renna í“.
- Renna í brjóst** (orðtak) Dotta; *gleyma sér; detta útaf*. „Ég held bara að mér hafi aðeins runnið í brjóst undir ræðunni hjá prestinum“.
- Renna í för** (orðtak) Skafa snjó í för eftir mann, bíl eða annað. „Það var lúmskt mikill skafrenningur uppi; hann verður fljótur að renna í förin“.
- Renna í grun** (orðtak) *Óra fyrir; gruna*. „Mig var reyndar farið að renna í grun að svona væri í pottinn búið“. Sjá *renna í grun*.
- Renna í hlað** (orðtak) Aka bíl heim að húsi. „Mér heyrst pósturinn vera að renna í hlað“.
- Renna í skap** (orðtak) Reidast; *mislíka; stökkva upp á nef sér*. „... en þó kom það fyrir að honum rann í skap; og sat þá oft lengi í honum þykkjan“ (GiG; Frá ystu nesjum).
- Renna kalt vatn milli skinns og hörunds** (orðtak) Verða mjög/skyndilega hræddur/bugðið; gripinn ofsahræðslu/angist. „Mér rann kalt vatn á milli skinns og hörunds þegar ég horfði á hann fikra sig upp klettaveggin; þar sem hvorki virtist hand- né fótfestu að hafa“. Fyrrum var ýmislegt sagt vera milli skinns og hörunds. T.d. trúðu sumir því að þar yrðu lýsnar til, sem löngum plöguðu fólk.
- Renna með** (orðtak) Renna skafmold með jörðu. „Élið er styttað upp núna en hann rennir drjúgt með“.
- Renna niður** (orðtak) Kyngja mat úr munn í maga. „Ég var svo gráðugur að ég gaf mér varla tíma til að renna niður“. „Þessi matur rann ljúflega niður“.
- Renna reiðin** (orðtak) Róast; *spekjast*. „Honum rann fljótt reiðin þegar hann sá hverjir voru þarna á ferð“.
- Renna saman** (orðtak) A. Um sauðfé/nautgripi; *stangast á*. B. Um skyggni/veðurlag; „Það er *aðgæslufæri* á hálsinum, þegar allt rennur saman í snjóþokunni“.
- Renna sér** (orðtak) Láta sig renna niður halla þar sem er nægilega bratt, slétt og sleipt, oft á sleða eða öðru. „Ein besta skemmtun okkar Láganúpsstrákanna á veturna var að renna okkur á sleða. Til þess var oftast farið upp á Hóla; stundum alla leið uppundir Hjalla, eða upp í Túnbrekkuna eða niður Rabbarbarhólinn“.
- Renna sér fótskriðu** (orðtak) Renna sér standandi, annaðhvort niður hallandi ís/brekku eða með *tilhlaupi*.
- Renna sitt skeið** (orðtak) Líða; klárast. Oftast notað um tímabil, viðburð, stefnu eða annað ástand. „Þessi tími rann sitt skeið án sérstakra stórvíðburða“.
- Renna stoðum undir** (orðtak) Um málstað/fullyrðingu/niðurstöðu; rökstyðja; færa sönnur á; gera líklegra.

- Renna til rifja** (orðtak) Falla þungt; finna til trega/meðaumkunar. „Ég játa fúslega að mér rennur það til rifja að sjá blómlegar byggðir leggjast í eyði vegna einhverrar tískusveiflu í atvinnuháttum“. Vísar til þess að fá sting fyrir hjarta.
- Renna trogi / Renna undan** (orðtak) Um matargerð fyrrum; halla mjólkurtrogi/mjólkuriláti sem búið er að standa um tíma, þannig að undanrennan renni undan tjómanum meðan haldið er við hann t.d. með hendinni.
- Renna tvær grímur á** (orðtak) Verða efinns/ gripinn vantrú; verða á báðum áttum. „Þegar við komum fyrir Blakkinn runnu tvær grímur á okkur með framhaldið, enda hvítnaði víða í báru á Kollsvíkinni“.
- Renna upp (ljós) fyrir** (orðtak) Skilja; sjá samhengi; átta sig á; *ljúkast upp fyrir*. „Þegar ég sá að stóran hluta af fénu vantaði við fjárhúsin þá rann upp fyrir mér ljós, hvað tíkin hefði verið að segja mér“.
- Renna uppað** (orðtak) Koma að landi. *Renna að landi..*
- Renna út í sandinn** (orðtak) Um fyrirætlun; mistakast; *fara út um þúfur*; verða að engu. „Skyldi þetta kosningaloforð renna út í sandinn eins og allt annað hjá þessari ríisstjórn“? Líking við læk sem rennur út á sand og hverfur ofan í hann.
- Renna við** (orðtak) A. *Skrika fótur; missa fótanna*. B. Um siglingu báts; snúast um leið og alda kemur *aftanundir* hann. „Það er beðið lags, en þegar það er tekið varir það svo stutta stund að fyrsta bára á næsta ólagi kemur undir bátinn í því að hann rennur upp yfir hleinabrúnina. Hann rennur við, og honum hvolfir á samri stundu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Renna (augum) yfir** (orðtak) Skoða; lesa lauslega. „Ég renndi lauslega yfir ritgerðina“.
- Rennblautur / Rennvotur / Rennandi blautur/votur** (l) Rennblautur; *holdvotur*; forblautur; mjög blautur. „Þú verður rennvotur í ágjöfni ef þú hlífar þig ekki“. „Hann kom rennblautur inn úr rigningunni“.
- Rennbleyta** (s) Bleyta mjög mikið/alveg. „Passaðu að rennbleyta ekki bókina í þessari rigningu“.
- Rennblotna** (s) Verða rennblautur. „Farðu í gallan áður en þú rennblotnar. Það er dálítill ágjöf“.
- Rennður** (l) Formaður í rennibekk. „Borðfæturnir voru renndir og lakkaðir“.
- Rennhlaðinn** (l) Um bát; Mjög hlaðinn af afla/farmi; *pinshlaðinn; drekkhlaðinn*. „Ekki var hann neitt rennhlaðinn hjá okkur, en þetta var ágætur afli“.
- Rennibekkur** (n, kk) Verkfæri til að forma/*renna* efnisbút. Efninu er þá fest í rennibekkin sem snýr því meðan haldið er að því skurðarjárnnum/rennijárnnum. „Guðbjartur Egilsson þjóðhagasmíður á Lambavatni átti fótstigginn rennibekk, smíðaðan af Valdimar bróður sínum, sem Gylfi sonur Guðbjartar eignaðist síðar og knúði með rafmótor“.
- Renniblíða** (n, kvk) Logn og sjólaust. „Það væsir ekki um okkur núna; renniblíða um allan sjó“
- Rennifæri** (n, hk) Mjög góð færð á vegi. „Það er rennifæri hér yfir Hálsinn, eins og er“.
- Rennihjarn** (n, hk) Hjarn/freði á jörð eða ofaná lausari snjó, sem snjór/skíði rennur vel eftir; slétt hjarn.
- Rennihleri / Renniloka** (n, kk) Hleri sem rennur eftir brautum til að opna eða loka opi/lúgu. „Rennihlerar voru fyrir *gjafalúgunum/fóðurlúgunum* á gamla fjósinu, þannig að koma mátti heyi beint úr hlöðu í jötu“.
- Rennihurð** (n, kvk) Hurð sem rennur til hliðar til að opna/loka dyrum. „Rennihurðir voru milli fjárhúss og hlöðu í skepnuhúsum í Kollsvík“.
- Rennijárn** (n, hk) Bitjárn til að renna efni í *rennibekk*.
- Rennilás** (n, kk) Síðari tíma tækni til að festa saman efnisjöðrum á fljótlegan hátt, og er t.d. mikið notuð á fatnaði. Byggir á tenntum krókum sem krækjast saman þegar farið er um þá með sérstöku áhaldi. Fundinn upp af Bandaríkjamanninum Whitcomb Judson árið 1893.
- Rennilykkja** (n, kvk) Hleypilykkja; kappmella. „Strákarnir gerðu sér að leik að snara kálfana, og notuðu við það bandspotta með rennilykkju“.
- Renningur** (n, kk) A. *Skafrenningur; skafmold*. „Það er kominn drjúgur renningur og fyllir fljótt í förin“. B. Umferð af fé/fólki. „Það er dálítill renningur á þeim í fjöruna eftir að fór að falla út“. „Í sumar hefur verið töluverður renningur af túristum. En maður verður yfirleitt lítið var við þá hér heima á bæ“. C. Ferðamaður; túristi; stytting úr „umrenningur“. „Það kemur hér einn og einn renningur; aðallega um helgar“. D. Mjó fjöl; mjó efnisræma, s.s. teppi. „Hér er laglegur renningur sem við getum notað í þetta“.
- Rennirí** (n, hk) A. Mikil ferðalög; renningur. „Ég hef verið á eilífu renniríi í allan dag, og ekki haft tíma til að sinna þessu“. „Hér hefur verið stöðugt rennirí af gestum alla helgina“. B. Ferðamenn; túristar. „Hér er orðin allmikil ásókn af allskonar renniríi á síðustu árum“.

Renniskítur (n, kk) Bráð *skita*; *veggspýtingur*; *steinsmuga*. „Ég hef verið með einhverja helvítis *lumbru* í vömbinni í allan dag, og óstöðvandi renniskít“. Finnst ekki í orðabókum, fremur en ýmis önnur lýsandi heiti Víknamanna í meltingarfræðum.

Rennisléttur / Rennsléttur (l) Alveg sléttur. Notað um sjó, veg eða annað.

Rennismíði (n, kvk) Smíðar með því að renna hlut í *rennibekk*. Guðbjartur á Lambavatni fékkst mikið við rennismíði og var fær í henni; sem og synir hans Svavar, Gylfi og Pálmi.

Rennsli (n, hk) A. Straumur í á, læk eða krana. „Það er lítið rennsli í Ánni núna“. B. Sprettur; hraður akstur. „Fjárhópurinn var á miklu rennsli niður Brunnsbrekku“. „Hann *blússaði* hér hjá á miklu rennsli“. C. Skaklota í fiskiróðri. „Við fengum ágætis fisk í síðasta rennsli en ekkert eftir að við kiptum“.

Rennsveittur / Rennandi sveittur (l/orðtak) *Kófsveittur*; *löðursveittur*; *pungsveittur*. „maður verður rennsveittur í þessum hita“.

Rennur/hnígur varla í honum blóðið (orðtak) Um þann sem þykir mjög latur, værukær eða jafnlyndur. „Þetta eru þvílíkir sniglar í þeirri stofnun að það rennur varla í þeim blóðið“!

Rennustokkur (n, kk) Stokkur sem vatn rennur um. „Afi hlóð brunnhús í skurðinum sem grafinn var neðanvið Gamlatúnið á Láganúpi; ofanvið Svuntumýri. Fyrst hellulagði hann gólfíð þykkum hellum, báðumegin; hlóð mannhæðarháan vegg á hvora hlið og samsvarandi vegg ofantil. Reisti á þetta þekju með bárujárni en hafði opinn gaflinn að neðanverðu. Í gegnum efri gaflinn hafði hann rennustokk úr tré, og fossaði vatnið úr honum niður í flatan kassa í miðju gólfi. Unnt var að hleypa úr kassanum með dragloku að neðanverðu, en vanalega var hann lokaður og fullur af vatni. Brunnhúsið hefur eflaust verið hugsað til þvotta og fleiri nota, en var einkum notað til að útvatna saltfisk og reyndist þrýðilega til þess. Um 1990 var þak þess niður fallið. Þá var sett í gegnum það ræsi og það fyllt upp, og þannig fékkst akstursbrú yfir á efstu sléttuna. Í þeirri brú eru því enn heilir hinir grjóthlöðnu veggir Guðbjartar, ásamt frágangi hans á gólfi. Sjá *brunnhús*.

Rennvökna (s) Rennblotna; vökna mikið. „Ég fékk ágjöfina yfir mig og rennvöknaði“.

Renta (n, kvk) Um fjármál; vextir; ávöxtun; arður. „Hann hefur litlar rentur haft af þessum eignum“. Sjá *með rentu*.

Renta fylgir nafni (orðtak) Framkoma/hegðun/lífshættir eru í samræmi við nafn. „Hann var nefndur Brynjólfur sterki, og fylgdi renta nafni“. Sjá *bera nafn með rentu*.

Renta sig (orðtak) Ávaxta sig; safna vöxtum; borga sig.

Rentulaus / Rentulífill (l) Án (mikilla) vaxta; án hagnaðar.

Rentureikningur (n, kk) Útreikningur vaxta/ávöxtunar; prósentureikningur.

Renus (l) A. Sögn í spilum; merkir „ég á ekki þennan lit“. Notað t.d. í vist og bridge. „Ég er alveg renus í hjarta“. B. Kjafstopp; eiga ekki orð. „Ég er nú alveg renus yfir þessu háttalagi í manninum“.

Resept (n, hk) Lyfseðill; uppáskrift lyfja. „Læknirinn skrifaði resept fyrir einhverju lyfjasulli“. Einnig stundum notað um uppskrift/formúlu.

Respekt (n, kvk) Virðing. „Ég ber nú litla respekt fyrir svona *pótintátum*“!

Reskjast (s) Verða aldraður/gamall. „Hann var farinn að reskjast nokkuð á þessum árum“.

Rest (n, kvk) Afgangur; leifar; það sem eftir er. „Ég skammtaði þeim vel á diskana og át sjáfur restina“. Sjá einnig *fyrir rest* = að lokum.

Revía (n, kvk) Söngleikur, oftast stuttur með gamanvísum/kersknisvísnum um samtímamálefni. Þorrablótin sem lifðu góðu lífi í Rauðasandshreppi framundir lok 20.aldar voru í raun revíur af fullkomnustu gerð, og allajafna furðu vandaðar miðað við íbúafjöldann sem að þeim stóð.

Rex (n, hk) A. Það að rexa/tuða/nöldra. „Skelfing leiðist mér þetta eilífa rex“. B. Stöðugur/síendurtekinn umgangur. „Hættið nú þessu rexi strákar; verið þið annaðhvort úti eða inni“!

Rex og pex (orðtak) Nöldur og raus; tuð. „Skelfing leiðist mér þetta eilífa rex og pex í karlhólknunum“!

Rexa (s) A. Nöldra; tuða; þrabiðja. „Vertu nú ekki að rexa svona í mér“. B. Vera mikið á ferðinni, fram og til baka. „Ætlið þið að rexa svona til eilífðarnóns? Það kólnar fljótt í húsinu með þessu móti“!

Reyður / Reyðarfiskur / Reyðarhvalur (n, kvk/kk) Skíðishvalur. „Í dagbók Árna Sigurðssonar í Flatey... er þess getið að árið 1813 hafi rekið stóran reyðarhval í Kollsvík vestra“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Reyfarakaup (n, hk) Mjög góð kaup; *hræódyrt*. „Ég gerði reifarakaup á strigaskóm á útsölnunni“.

Reyfarakennt (l) Líkt skáldsögu/*reyfara*.

Reyfari (n, kk) A. Sjóráningi; ribbaldi; sævíkingur. Reyfarar komu upp á Hænuvík árið 1578, undir stjórn fálkafangara nokkurs sem taldi sig eiga sakir við Eggert Hannesson hirðstjóra í Saurbæ. Rændu þeir manni í Hænuvík og neyddu hann til að fylgja sér til Saurbæjar þar sem þeir rændu öllu fémætu og fluttu Eggert með sér til skips. Þar héldu þeir honum þar til lausnargjald var greitt. Urðu af þessu eftirmál, en í kjölfarið sigldi Eggert til Hamborgar alfarinn. Dóttir hans var Ragnheiður á rauðum sokkum, sem giftist síðar Magnúsi þrúða sýslumanni í Ögri og Saurbæ, og var frá þeim komið mikið höfðingjaslekti. B. Skáldsaga; spennusaga.

Reyfi (n, hk) Samhangandi ull af kind. „Á réttarveggnum voru tvö reyfi af hvítu og eitt af mislitu“. „Ég sá tvær kindur á dalnum og önnur var nærri komin úr reyfinu en hin var í tveimur reyfum“.

Reykfullur / Reykfylltur (l) Fullur af reyk/reykjarköfi. „Ég þreifaði mig um reykfylltan kofann og fann krofið á nagla á innstu sperrunni“.

Reykháfur (n, kk) Strompur; rör uppúr þaki húss til að leiða reyk frá hlóðum, ofni eða öðru. Reykháfar munu ekki hafa þekkt á húsum á Norðurlöndum fyrr en um eða eftir 1600.

Reykhús (n, hk) Hús sem notað er til reykinga á keti; *reykkofi*.

Reyking / Reykkofi (n, kk) Hús til reykingar matvæla; vanalega hlaðinn torfkofi. *Reyking* er; ásamt þurrkun, elsta og upprunalegasta aðferðin til geymslu kjöts og fiskmetis. Kjöt af sauðfé var reyktt í misstórum stykkjum en oftast voru *hlutarnir* þessir: *Frampartur* skiptist í *háls*; *bringu*; *bóg* og stundum voru *síður* teknar sér. Í seinni tíð var farið að taka *hrygg* sem sérstakt stykki. Afturpartur nefndist *krof* ef lærin voru samhangandi. *Slög* voru stundum fyrrum pressuð og reyktt sem *magálar*, en í seinni tíð voru þau oft vafin upp ásamt *þindum* og *garnmör* og saumaðir *lundabaggar*, sem ýmist voru reykttir eða *súrsaðir*. Kjöt var hakkað og sett í *langa* sem *bjúgur*; sem síðan voru reykttar. *Fiskmeti* var einnig reyktt; einkum *rauðmagi* sem áður hafði verið þurkaður nokkra daga. „En hérna vildu menn hafa hann vel þurran og hanginn“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms). Eftir að salt varð fánlegt var venja að salta matinn áður en hann var reykttur. Í byrjun var eingöngu *þurrsaltað*; þ.e. stráð yfir með grófu salti og endurtekið með þykkustu stykkinn. Síðar var farið að leggja í *saltpækil* og sumir gengu svo langt að *sprautusalta*; þ.e. sprautu saltpækli í þykkustu vöðvana með *nál*. Reykt var eftir hverja *sláturtíð* og stundum oftar; t.d. þurfti að reykja rauðmaga *snemmsumars*, þegar hann veiddist. Ketíð var hengt upp þannig að *snærislykkju* var brugðið í *þumu* sem skorin var í *jaðar*, en læri og krof voru hengd upp á *hæklum*. Oftast voru tvö og tvö fest saman í *kippu*, af minni stykkjunum. Bjúgu og lundabaggar voru fest upp; annaðhvort með snæri eða sett í *grisjúpoka*. Í seinni tíð var einnig farið að setja allan mat til reykingar í grisjúpoka til varnar sóti, eftir að skaðsemi þess var talin staðfest. Rauðmagi var hengdur upp í kippur eða *spyrður*. Oftast voru þá tveir *spyrtir* á sporðunum; þrætt í gegnum þumu í *stirtlunum*, og síðan var hengdur sinn rauðmaginn neðan í hvern. Ýmist var hengt á nagla í þakviðum eða á sérstakar *slár* sem settar voru í loft kofans. Sumir þóttu lagnari en aðrir við reykingar og tóku þá að sér reykingar fyrir marga. Var því oft þétt raðað í kofann. Reynt var að hafa *eldstæðið* sem fjærst matnum, svo síður væri hætta á að hann soðnaði. Lengi var reyktt í *Hesthúsinu* á *Hólunum* á Láganúpi. Þar var *eldstæðið* næst dyrunum; fremst í *göngunum*. Grafín var dálítil hola í sandinn og hún stundum föðruð innan með steinum. Þar í var sett *brennið*, sem oftast samanstóð af *viðarspækjum*, *sauðataði* og þurru torfi eða *mó*. „Og þetta var gjarnan reyktt við tað, ef hægt var að fá þurrt sauðatað; og alltaf var einhver viður líka, svona í uppkveikjuna: Gjarnan ef að menn, það var nú kannski hálfgerð feimnismál; ef þeir náðu í klær af krækiberjalyngi, þá þótti það mjög gott til að gera gott bragð“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms). Kveikt var upp með eldspýtum og e.t.v. notuð steinolía og/eda dagblöð til að fá *eldviðinn* til að loga. Þegar vel var farið að loga var *eldurinn hulinn* með góðri *torfu*. Við það minnkaði súrefnisflæðið; bruninn varð hægari og *glóðin* framleiddi mikinn *reyk*. Nokkur kúnt var að tempra loftflæði, þannig að ekki slökknadi alveg í glæðunum, en það byggði líka á hæfilega þurru brenni. Ekki mátti heldur *loga uppúr* torfunni því þá gat maturinn skemmst af hita og jafnvel *kviknað* í kofanum. Slík slyls gátu þó hent á öllum bæjum og *endrum* og *eins* varð töluvert tjón af þeim toga. Því fóru sumir í seinni tíð að hafa *eldstæði* utandyra og leiða reykinn inn með röri. Halda þurfti reykkofum við og gæta þess m.a. að þeir væru nógu *þéttir* til að halda reyknum inni. Oftast var kveikt undir daglega meðan reyktt var, en væri reykkofinn góður nægði uppkveikja annan kvern dag. Fyrrum þurfti að reykja mat mikið til að hann fengi nægt geymsluþol en eftir tilkomu frystingar var minni reyking látin nægja. *Uppkveikja* í reykkofa var ýmist nefnd að *kveikja undir* eða *kveikja upp* eða *setja reyk* í kofann.

Reykingamaður (n, kk) Maður sem reykir sígarettu eða pípu.

Reykja (s) A. Um verkun matvæla; láta reyk leika um tíma um matvæli til að verja þau rotnun og fá fram reykingabragð. Reyking matvæla hefur tíðkast frá upphafi Íslandsbyggðar og er enn notuð til bragðbætingar þó geymsla felist einkum í frystingu. B. Anda að sér reyk af glóandi tóbaki í sígarettu, vindli eða pípu. Reykingar urðu mjög almennar um og uppúr miðri 20.öld, en hafa síðan notið síminnkandi vinsælda, eftir því sem skaðsemi þeirra hefur orðið fólki ljósari. C. Um vél; gefa frá sér mikinn reyk. „Ári er ljósavélin farin að reykja mikið í seinni tíð; það þarf líklega að fara að skipta um stimpilhringi aftur“.

- Reykjarbræla / Reykjarkóf / Reykjarmökkur / Reykjarstybba / Reykjarsvæla** (n, kvk, kk) Mikill reykur.
- Reykjarslæða** (n, kvk) Þunnt lag af reyk sem greinileg sést í hreinna lofti. „Hann tottaði pípu sína í þungum þönkum meðan bláleit reykjarslæðan lagðist eins og bláleitt teppi í höfuðhæð um alla stofuna“.
- Reykjarstrókur** (n, kk) Reykjarmökkur sem stígur í súlu upp af eldstæði, vél eða skipi. „Liðnir eru þeir tímar þegar reykjarstrókar sögðu til ferða kolatogaranna, jafnt úti á vikinni sem handan sjóndeildarhringsins“.
- Reykjavíkurland** (n, hk) Heiti sem fólk í þessum hluta dreifbýlis (og e.t.v. víðar) hafði yfir stjórnarstofnanir staðsettar á Reykjavíkursvæðinu, sem oft á tíðum hafa mun minni skilning á þörfum og aðstæðum úti á landi en hag þéttbýsisins í næsta nágrenni. „Það koma þá *bommerturnar* frá Reykjavíkurlandinu enn“!
- Reykkofi / Reykingakofi** (n, kk) Torfhús sem notað er til reykinga matvæla. „Hesthúsið á Hólum er elsta hús á Íslandi til atvinnunota og elsta bygging Vestfjarða sem verið hefur undir þaki frá byggingu, en það var að líkindum byggt árið 1650; jafnvel fyrr. Á síðari hluta 20. aldar var það notað sem reykkofi“.
- Reyklaus** (l) Án reykjar. „Uppkveikjan hafði ekki lánast í gær, svo það var reyklaust í kofanum“.
- Reykrör** (n, hk) Rörl til a leiða reyk. „Frá þvottapottinum í verkfærahúsinu lá reykrör uppúr þakinu“.
- Reyktóbak** (n, hk) Tóbak sem ætlað er til reykinga; *píputóbak*. „Helstu tegundir reyktóbaks voru Prince Albert og Half and half“.
- Reyktur** (l) Um matvæli; búið að reykja. „Ég lét hann hafa tvær kippur af reyktum rauðmaga“.
- Reykur** (n, kk) Svæla frá því sem brennur/sviðnar.
- Reykurinn af réttunum** (orðtak) Sýnishorn af heildinni; forsmekkurinn; tilfinning fyrir því raunverulega. „Þetta er nú bara reykurinn af réttunum; stjórnvöld eiga eftir að leggja allan hreppinn í eyði með þessum stjórnunaraðferðum“!
- Reyna** (s) A. Gera tilraun til; gera atlögu að. „Ég er að reyna að vanda mig“. B. Renna færi fyrir fisk; skaka. „Nú förum við að drepa á vél og reyna“. C. Upplifa; á/hafa reynslu af. „Hún hefur sitthvað reynt um sína daga“. D. Þreyta; keppa. Þeir reyndu með sér í kapphlaupi“. E. Prófa styrkleika. „Ávallt skal reyna vað áður en hann er notaður í klettum“.
- Reyna vað** (orðtak) Toga hressilega í vað við öruggar aðstæður til að tryggja að hann sé traustur og/eða festa hans. „Karlmenirnir fara að greiða niður vaðina og reyna þá. Það er gert með því að binda annan endann við jarðfastan stein, en nokkrir menn ganga á hinn endann og toga í, Kemur þá í ljós ef festin hefur fúnað í geymslunni“ (MG; Látrabjarg). „Einnig var vaður reyndur í hvert sinn sem farið var neðan í hann í lás; einkum ef hann hafði verið færður til, eða á hann hafði komið hrun. Sá sem niðri var lagðist þá af fullum þunga í lásbandið/vaðinn, áður er hann treysti á hann til uppgöngu“ (VÖ).
- Reyna (einhvern) að** (orðtak) Hafa þá reynslu af einhverjum. „Ég hef aldrei reynt hann að ósannindum“.
- Reyna á sig** (orðtak) Leggja á sig; taka á; beita kröftum. „Ég þurfti að reyna verulega á mig við þetta“.
- Reyna á þolrifin** (orðtak) Ganga á þolinmæði/langlundargeð. „Þessi túnrollufjandi er virkilega farin að reyna á þolrifin í mér“!
- Reyna fyrir fisk** (orðtak) *Renna fyrir fisk*; renna færi til fiskveiða. „Ætlaði Ólafur að fara fram á Látravík eða Röstina og reyna fyrir fisk“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi). „Við reynum öðru hvoru, en verðum lítið varir fyrr en við erum komnir á miðið þar sem Hrutanef í Látrabjargi kemur fyrir Bjarnarnúpin og Tálkninn fyrir Blakkinn...“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Reyna fyrir sér** (orðtak) Reyna; láta á reyna; renna fyrir fisk. „En þegar við höfðum reynt fyrir okkur nokkra klukkutíma og lítið fengið, kipptum við frá og suður á Barðsbrekku...“ (ÖG; Þokuróður).
- Reyna ís** (orðtak) Meta styrkleika íss á vatni/á með því að *feta sig* varlega útá hann; helst með staf eða festur í línu. „Bíðið herna aðeins, meðan ég reyni ísinn“.
- Reyna með sér** (orðtak) Keppa; takast á; *þreyta með sér*; *fara í kapp*. „Strákarnir reyndu með sér í kapphlaupi“.
- Reyna sig** (orðtak) Láta reyna á getu sína; keppa; rembast. „Margir reyna sig við Brynjólfstakið á Brunnum“.
- Reyna til við** (orðtak) Reyna að gera; gera atrennu að; reyna fyrir sér; *stíga í vænginn við* hitt kynið. „Ætli við þurfum ekki að reyna til við þetta rekatré; ekki veltur það hjálparlaust undan sjó“.
- Reyna til þrautar** (orðtak) Reyna eins og unnt er. „Ég tel mig vera búinn að reyna þetta til þrautar og án árangurs“. Sjá *þraut*.
- Reynandi** (l) Þess virði að reyna; gerlegt. „Ég held að það væri reynandi að klórast þarna upp á stallinn“. „Við bárum þetta undir hann og hann áleit að þetta væri reynandi“.

- Reynast** (s) A. Verða; koma á daginn; koma í ljós. „Hvalurinn reyndist vera grind, en ekki mjaldur“. B. Oft sem stjórnsögn lýsingarorða; t.d. reynast erfitt; reynast auðvelt; reynast slæmur/góður o.s.frv.
- Reynast rétt/satt vera** (orðtak) Vera satt. „Ég spurðist fyrir, og þetta reyndist rétt vera hjá þér“.
- Reynast illa/vel** (orðtök) Verða slæm/góð reynsla af. „Bíllinn hefur reynst mér vel öll þessi ár“.
- Reynd** (n, kvk) Raun; raunveruleiki; staðreynd. „Margir hafa í gegnum tíðina „funduð upp“ eilífðarvél, en reyndin er sú að ekki er unnt að skapa orku úr engu“. Sjá í *reyndinni*.
- Reyndar** (ao) Raunar; hinsvegar; þegar betur er að gáð. „Skipbrot Kolls var fyrsta sjóslýsið í Kollsvík, og reyndar hið fyrsta sem sögur fara af við Ísland“. „Bátur Gísla Guðbjartssonar á Grænumýri hét Korkanes. Ég man reyndar ekki eftir þeim bát“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Reyndur** (l) Með reynslu; vanur; þjálfður. „Hann var reyndur og öruggur sjómaður“.
- Reynsla** (n, kvk) Raun; reynd; þjálfun; vani. „Hann hefur litla reynslu af svona störfum“.
- Reynslan er besti kennarinn** (orðatiltæki) Sannindi sem oft er vísað til.
- Reynslan er ólygnust** (orðatiltæki) Sömuleiðis sígild speki.
- Reynslulaus / Reynslulúfill** (l) Án reynslu; óvanur.
- Reynsluleysi** (n, hk) Skortur á reynslu/þjálfun; óvani; *nýgræðingsháttur*; *byrjendabragur*.
- Reynsluróður / Reynslusigling** (n, kk/kvk) Sjóferð/róður til reynslu, oft í byrjun sumars/vertíðar; *prufusigling*.
- Reynsluskortur** (n, kk) Skortur á reynslu; óvani. „Nokkuð háði mér reynsluskorturinn“.
- Reynslutími** (n, kk) Tími sem reynt er; prófunartími. „Engar bilanir komu upp á reynslutímanum“.
- Reyr / Reyrgresi** (n, hk) Hierochloë odorata. Ilmandi grastegund sem vex á láglandi um alla Evrasíu og N-Ameríku, ásamt Íslandi. Blöðin eru breið og gljáandi. Reyrgresi má t.d. finna í Breiðnum. Af reyrnum leggur sterka lykt við þurrkun og því var hann stundum hafður í fatakistum til að minnka fúkkalykt. „Man ég eftir að við þabbi fórum eitt sinn í Breiðinn til að sækja ilmgresi fyrir Lóu í Hænuvík, sem ætlaði að hafa það í kistunni sinni“ (VÖ).
- Reyra** (s) Binda þéttingsfast/tryggilega; sívefja böndum; *súrra*. „Gættu þess að reyra sárabindið ekki of fast“.
- Reyrður** (l) Þétt bundinn; *súrraður*. „Að lokum var lundabaggin reyrður með seglgarni“.
- Reyrilmur** (n, kk) Ilmur af reyr/ryrgresi. „Neðanúr Breiðshlíðinni barst reyrilmurinn upp á brúnina“.
- Reyringur** (n, kk) *Súrringar*; hert/þétt binding. „Hverskonar andskotans reyningar eru þetta; ja þessi pakki hefur ekki átt að detta í sundur“!
- Reyta** (s) A. Rífa upp. Sbr hárr eyta; reyta arfa/fugl. B. Safna/öngla saman.
- Reyta af sér brandara** (orðtak) Segja skrytlu; fara með gamanmál. „Salurinn lá í hlátri þegar hann reytti af sér brandara úr sveitalífinu“.
- Reyta af sér fötin/leppana** (orðtak) Háttá; fækka fötum. „Maður var pungsveittur þó maður væri búinn að reyta af sér nær alla leppana“.
- Reyta arfa** (orðtak) Tína illgresi úr garðrækt. „Ekki var það vinsælasta verkið hjá börnum að reyta arfa“.
- Reyta fugl** (orðtak) *Plokka* fugl; reyta fiður og fjaðrir af *bumbi* fugls. „Ég nennti nú ekki að reyta allan mávinn; suma fló ég“.
- Reyta hár sitt og skegg** (orðtak) Lýsing á mikilli reiði/vanlætingu/hneykslun. „Það stoðar lítið að reyta hár sitt og skegg; við verðum bara að bregðast við þessari uppákomu“!
- Reyta í** (orðtak) Gæluorð um að gefa skepnum fóður. „Ætli maður verði ekki að reyta eitthvað í hrúta og gemlinga, þó fénu sé beitt“.
- Reyta saman** (orðtak) Safna saman; tína til. „Ég er búinn að reyta saman einhverjum eldivið“.
- Reyta upp** (orðtak) Fá afla í tregfiski; sarga upp. „Hann var sárategur, en okkur tókst að reyta aðeins upp hér útá Röstinni“.
- Reyta úr (netum)** (orðtak) Hreinsa þara og annað rusl úr netum. „Fæ ég þig með mér að reyta úr“?
- Reytist** (orðtak) Aflast/fæst með tregðu; kemur/safnast smám saman. „Aðeins fór að reytast þegar kippti úr fallinu, og svo var þökkalega líflegt yfir liggjandann“.
- Reytast til** (orðtak) Finnast, fást; *tínast til*. „Ég verit nú ekki hvort ég á nokkuð með kaffinu, en kannski reytist eitthvað til ef ég leita“.
- Reytingskot** (n, hk) *Örreytiskot*; kotbýli; jörð sem hefur ekki mikla möguleika til að framfleyta góðu búi.

- Reytingsafli / Reytingsfiskirí / Reytingsveiði** (n, kk) Um magn; töluvert; dálítið. „Þarna var reytingsafli yfir snúninginn“. Af þessum orðum voru reytingsafli og reytingur mest notuð í Kollsvík.
- Reytingskot** (n, hk) Rýr jörð; jörð sem ber naumlega búskap; *örreytiskot*. „Þarna hefur varla verið annað en reytingskot“.
- Reytingur** (n, kk) A. *Reytingsafli; tregfiski*; treg veiði; slítingur. „Það var reytingur hér suður á Stekkunum“. B. Slítingur af grasi; gras sem reytt er upp til fóðuröflunar. „Fyrr á tíð voru heimatún oft litil og léleg; einkum við hjáleigur og kot. Þá stunduðu menn gjarna *útslægjur* þar sem við var komið; í grastóm, lautum, broktjörnum og í *klettaflám*. Þar sem orfi varð ekki viðkomið reyttu menn grasið og báru heim í pokum. Sú eftirtekja var nefnd reytingur“.
- Reyttur og tættur** (orðtak) Druslulegur; um rifin/götótt föt; með úfið hár. „Hvað kom fyrir buxurnar þínar; hversvegna eru þær rifnar og tættar“?
- Reytur** (n, kvk, fto) Eignir; lausafé (oftast þá fátæklegt). „Hann dó án erfingja og því voru reyturnar hans boðnar upp af sýslumanni“. Orðið vísar til fátæklegra eigna sem eigandinn hefur reytt saman.
- Réna** (s) Minnka; linast; hægjast; rýrna. „Mér finnst þessi norðanbelgingur lítið að réna“. „Heldur er nú að réna fallið“. „Nokkuð rénaði vinátta þeirra eftir þessar deilur“. „Reki hefur rénað mjög í seinni tíð“.
- Rénun** (n, kvk) Linun; minnkun. „Mér sýnist að norðangarðurinn sé nú eitthvað í rénun“. „Nú var fallið í rénun og því léttara að draga og beita hana út“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Rétt** (n, kvk) Fjárrétt; aðhald sem fé er safnað í til rögunar; aftektar eða annars. Hausréttir, skilarétt. „Eitthvað þyrfti nú að dytta að réttinni fyrir haustið“.
- Rétt** (ao) Naumlega; tæplega; með hægni/semingi. „Þetta skeði bara rétt í þessu“. „Ég teygði mig eins og ég gat, og rétt náði í bláendann á vaðnum“. „Snáðinn er rétt að byrja að ganga“.
- Rétt að segja** (orðtak) Nærri því; um það bil. „Ég var rétt að segja í seilingarfjarlægð frá lambinu þegar það tók viðbragð og stökk framaf“.
- Rétt að skjótast** (orðtak) Fara í snögga ferð; fara um skamma stund. „Ég þarf rétt að skjótast; ég kem fljótt til baka“.
- Rétt aðeins** (orðtak) *Rétt svo*; örlítið; aðeins; smávegis. „Ég þarf rétt aðeins að skreppa frá“.
- Rétt áðan** (orðtak) Fyrir mjög stuttu. „Hann hefur varla farið langt; hann var herna bara rétt áðan“!
- Rétt boðleið** (orðtak) A. Upprunaleg merking; ákveðin röð bæja í byggðarlagi, sem boð voru látin ganga um. Upphaflega voru boðin herör, en síðar boðkefli, krossboð og þingboðsöxi. Lengst hefur lifað sá siður að senda fjallskilaseðil rétta boðleið. Einatt var um sömu röð bæja að ræða, sem ákveðin var útfrá hagkvæmni og legu leiða. Sjá nánar: *boðleið, axarboð, skera upp herör, þingboðsöxi*. „Ennþá fór *gangnaseðillinn* rétta boðleið um hreppinn í tuttugustu viku *sumars*, og *gangna-* og *réttardagur* til fyrstu réttar var mánudagurinn í tuttugustu og annari viku viku“ (PG; Veðmálið).
- Rétt bráðum / Rétt strax** (orðtök) Mjög bráðlega; nærri því strax. „Ég kem rétt bráðum aftur“.
- Rétt bærilega/vel/þokkalega** (orðtak) Ágætlega; vel, mátulega. „Þetta gekk bara rétt bærilega hjá okkur“. „Ég trúir því nú rétt vel sem hann segir“. „Slátrunin hefur *farið* rétt þokkalega *af stöfnum*“.
- Rétt eins og er / Rétt í bili / Rétt sem stendur** (orðtak) Á þessari stundu; núna. „Hann er ekki við rétt eins og er“. „Ég er upptekinn rétt sem stendur“.
- Rétt góður** (orðtak) Vel góður; alveg góður. „Ekki er það nú rétt gott, en það má *bjargast* við það“.
- Rétt hjá** (orðtak) Mjög stutt frá; mjög nálægt. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá slátruhúsinu“ (PG; Veðmálið).
- Rétt horf** (orðtak) A. Rétt siglingarstefna báts. „Mikilvægt er að halda í réttu horfi þegar siglt er ofanvið Blakknesboðann. Miðið í sunnið, sé farið frá Kollsvík, er að halda Bræðragjám sýnilegum þar til Tálkninn kemur framundan Trumbum“. B. Afleidd merking; rétt stefna í málum. „Mér sýnist að þessi mál séu í sæmilega réttu horfi núna“.
- Rétt í skóvarp** (orðtak) Um snjódypt; ekki dýpri snjór en það að markar í/ nær varla uppá tær. „Það er sáralítill snjór kominn enn; rétt svona í skóvarp“.
- Rétt í svip** (orðtak) Í örstutta stund. „Ég sá ærina rétt í svip og náði ekki að greina markið“.
- Rétt nokk** (orðtak) Nokkuð rétt; *nærri lagi*; *hérumbil* rétt. „Þetta er rétt nokk hjá honum“.
- Rétt óbyrjaður á** (orðtak) *Í þann veginn að*; nærri byrjaður; *rétt óhafinn*. „Ég var rétt óbyrjaður á kaffinu þegar ég tók eftir rolluskröttunum í túninu“.

- Rétt óhafinn** (orðtak) Um það bil að hefjast; nærri hafinn/byrjaður; *rétt óbyrjaður*. „Sundurdráttur var rétt óhafinn þegar hrundi úr réttarveggnum“.
- Rétt ókominn / Réttókominn** (l/orðtak) Um það bil að koma; nærri kominn. „Við vorum réttókomnir að baujunni þegar drapst á vélinni“. „Hann er ekki inni, en hann hlýtur að vera rétt ókominn í kaffið“.
- Rétt ósestur** (orðtak) Um það bil að setjast. „Hún var rétt ósest þegar hún sá að kaffið var ókomið á borðið“.
- Rétt ósofnaður** (orðtak) Alveg að sofna. „Ég var rétt ósofnaður þegar mér *flaug* þetta í hug“.
- Rétt (sem) snöggvast** (orðtak) Í smástund; í mjög stuttan tíma; eitt augnablik. „Komdu hérna rétt sem snöggvast“.
- Rétt sem er / Rétt sem stendur** (orðtök) Á þessum tímapunkti; *um þessar mundir*; þessa stundina; *eins og er*; *eins og stendur*; *nú sem stendur*. „Ég er dálítið upptekinn rétt sem stendur, en ég kem bráðum“.
- Rétt skal vera rétt** (orðtak) Hafa skal það sem sannara reynist; hið sanna/rétta skal lagt til grundvallar. „Þetta skiptir auðvitað engu máli í þessum skiptum, en rétt skal vera rétt“! Mikið notað máltæki.
- Rétt strax** (orðtak) Von bráðar; eftir stuttan tíma. „Undir Flosagili beygjum við til vinstri og förum fram með Hjöllunum. Rétt strax komum við að lágum hól með hlöðnum tóftum á“ (IG; Sagt til vegar II).
- Rétt svo** (orðtak) Með naumindum/hörmungum; naumlega. „Þetta rétt svo dugir til að fylla fötuna“.
- Rétt svo mátulegt** (orðtak) Hæfilegt; við hæfi. „Það var þeim rétt svo mátulegt að lenda í þessari úthellisskúr, fyrst þeir fóru að ana af stað í svona veðurútliti“!
- Rétta** (n, kvk) A. Rétt hlið; andstæða við „ranga“. „Er þetta réttan á peysunni; mér finnst þetta vera rangan“. B. Það sem rétt er; rétt eignarhald. „Hann á þessa kind með réttu“.
- Rétta** (s) A. Gera rétt/beint. „Ég rétti naglana, svo þá mætti nota aftur“. B. Handlanga; afhenda. Geturðu rétt mér hamarinn“? C. Halda réttarhöld; setja rétt. „Réttað var yfir þeim á sýslumannssetrinu“. D. Reka fé í rétt og *draga* það. „Réttað var í Breiðavíkurrétt 20. september“.
- Rétta af** (orðtak) A. Um bát; snúa í *rétt horf* fyrir lendingu eða við veiðar. „Róðu *ögn* meira á stjórnborðið til að rétta hann af, svo hann komi *stafnréttur* uppað“. B. Réttu halla. „Það þyrfti að rétta hornstaurinn af og *staga* hann til að ná betri *strekk* á girðinguna“.
- Rétta hendi** (orðtak) A. Bókstafleg merking. „Á ég ekki að rétta þér hendi meðan þú kemur upp á brúnina“? B. Hjálpa til; rétta hjálparhönd. „Gætirðu rétt mér hendi við þetta“?
- Rétta hjálparhönd** (orðtak) Veita aðstoð; aðstoða; hjálpa. „Maður reynir af bestu getu að rétta hjálparhönd“.
- Rétta hlut (einhvers)** (orðtak) Ná fram réttlæti fyrir einhvern. „Háum launum heitið er/ hverjum þeim er kynni/ bænda rétta hlutinn hér/ hreysti meður sinni“ (JR; Rósarímur).
- Rétta litlafingur/litlaputta** (orðtak) Sýna viðleitni. „Ekki rétti hann okkur litlafingur til aðstoðar þó hann sæi að við vorum í vandræðum“. Einnig í orðatiltæki/líkingu: „Það má ekki rétta honum litlaputta þá tekur hann alla hendina“.
- Rétta sig upp** (orðtak) Hvíla sig frá vinnu; fara í frí. „Ætli það sé ekki kominn tími til að rétta sig aðeins upp“.
- Rétta sinn hlut** (orðtak) Ná rétti sínum; fá réttlæti framgengt í sínum málum. „Ég reyndi hvað ég gat að rétta minn hlut fyrir skattayfirvöldum“.
- Rétta skrattanum/fjandanum litlafingurinn** (orðtak) Líkingamál varðandi ágengni. „Það er eins og að rétta skrattanum litlafingurinn ef maður byrjar að hjálpa honum eitthvað; þá er öll hendin tekin“! Vísar til þess að fjandinn hirði menn að fullu og öllu ef honum er sýnd einhver linkind.
- Rétta upp hendi/hönd** (orðtak) Gefa merki með því að rétta aðra höndina upp í loft. Getur t.d. merkt að stöðva skuli; hjá sigara getur það verið merki um að draga upp; atkvæðagreiðsla á fundi eða kveðjumerki.
- Rétta úr kútnum / Réttu/réttast við** (orðtök) Ná sér á strik; komast yfir erfiðleika/vandræði; efnast. „Eitthvað er hann að rétta úr kútnum fyrst hann gat fjárfest í nýjum traktor“. Vísar til þess að rétta úr bakinu; ganga uppréttur. „En aftur á móti réttist Dagbjartur heldur við“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Rétta úr sér** (orðtak) Réttu sig upp; rétta úr líkamanum; teygja sig; liðka sig.
- Rétta við** (orðtak) A. Reisa upp/við. „Það þyrfti að rétta staurinn við, áður en neglt er á hann“. B. Verða heilsubetri; batna af veikindum. „Ég held ég sé nú eitthvað að rétta við eftir þessa árans pest“.
- Rétta yfir** (orðtak) Dæma; halda réttarhöld yfir; setja dóm. „Einar í Kollsvík var sækjandi þegar réttað var yfir Bjarna og Steinunni á Sjóundaá“.
- Réttarbót** (n, kvk) Breyting á lögum/reglum sem bætir hag/rétt manna.
- Réttarbrot** (n, hk) A. Brot gegn rétti einhvers; lögbrot. B. Leifar af fjárrétt.

Réttardagur (n, kk) Dagur sem fé er rekið í rétt til sundurdráttar. *Gangnadagur* var í raun sama og réttardagur hjá Útvíknámönnum. Hann var, a.m.k. í seinni tíð, mánudagurinn í 22.viku sumars, sem var um 20.september ár hvert. Þá fóru Kollsvíkingar útyfir Breið; smöluðu af honum og úr Fjarðarhorni en Hafnarmenn komu niður Breiðavíkina og Breiðvíkingar smöluðu Melana og norðurslétturnar. Kom allur sá rekstur saman undir Hjallagötum og var rekinn heim á tún í Breiðavík. Þar var beðið komu Breiðvíkinga sem fóru að smala Breiðavíkurverið og Látramanna sem komu með rekstur sem smalast hafði af Bjarginu og Dölunum. Var síðan allt rekið inn í Breiðavíkurrétt. Að loknum innrekstri var oftast boðið í réttarkaffi í Breiðavík en síðan hafist handa við sundurdrátt undir stjórn réttarstjóra. Að honum loknum þurfti að skera úr um vafamörk; láta vita af flækingsfé og e.t.v. bjóða upp óskilafé. Síðan flutti hver sitt fé heim. Hafnarmenn fengu oftast að hleypta út fyrst, og ráku norðurfir Hall og Á og uppmeð Hafnargili inn yfir Hafnarfjall. Á síðari árum var fé þeirra færra og var þá ekið af rétt. Látramenn hleyptu út fljótlega á eftir þeim, og ráku sitt fé heimleiðis yfir Látraháls. Síðast var Kollsvíkurfénu hleypt út og það rekið norðurfir Breiðavík; upp Hjallagötur; Norðurfir Breið og Strympur. Var það ýmist rekið strax í rétt á Brunnsbrekku til að draga í sundur Láganúps- og Kollsvíkurfé, eða látið inná Láganúpstún og dregið í sundur síðar. Sjá *gangnadagur*. „Ennþá fór gangnaseðillinn rétta boðleið um hreppinn í tuttugustu viku sumars, og gangna- og réttardagur til fyrstu réttar var mánudagurinn í tuttugustu og annarri viku“ (PG; Veðmálið).

Réttargjald (n, hk) Gjald sem bóndi greiðir til hreppssjóðs til að standa straum að t.d. byggingu og viðhaldi skilaréttar.

Réttarhleðsla / Réttarsmiði / Réttarviðgerð (n, kvk) Upphleðsla/smiði/viðgerð á fjárrétt. „Guðbjartur á Láganúpi ræðist í réttarhleðslu á Brunnsbrekku, með aðstoð sona sinna. Staðsetningin var ekki tilviljun, en þar um rennur fé sem rekið er af Breiðavíkurrétt, auk þess sem þarna var gnægd hleðslugrjóts við hendina“. „Ætli við þurfum ekki að fara út í Breiðavík í réttarviðgerðir fyrir gangnadag“.

Réttarkaffi (n, hk) Kaffiveitingar á réttarstað. „Í Breiðavík var jafnan boðið upp á réttarkaffi inni í bæ þegar búið var að koma rekstrum í rétt; bæði norðan að og frá Látrum“.

Réttarmaður (n, kk) Sá sem vinnur í fjárrétt í sláturhúsi og hefur það hlutverk að afhenda *skotmanni* lömb fram í *skotklefann/banaklefan*.

Réttarregla (n, kvk) Regla um rétt manna; skráð eða óskráð. Réttarregla getur myndast sem hefð/venja, án þess að vera skráð á lögbók. Skilyrðið er að um hana ríki almenn sátt og skilningur.

Réttarsmölun (n, kvk) Smölun fjár úr högum til réttar. „Kollsvíkingar fóru jafnan í seinni leitir frammi í Breiðuvík nokkru eftir réttarsmölun og ráku þá oftast beint norður, enda undantekningarlítið þeirra fé“.

Réttarstjóri (n, kk) Sá sem stjórnar í réttum. „Hreppsnefnd skal skipa duglega réttarstjóra við hverja *lögrétt*“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982). Réttarstjóri hefur alræðisvald á réttarstað meðan réttir standa, líkt og t.d. skipstjóri á skipi eða slökkviliðsstjóri á brunastað. Hans vald nær ekki einungis til sundurdráttar og skila á fé, heldur getur hann einnig fyrirskipað t.d. handtöku manna sem standa að óspektum; fjarlægð rangstæð ökutæki og látið gera breytingar á réttarstað.

Réttarstörf (n, hk, fto) Verk sem vinna þarf á réttum, s.s. reka inn, draga í sundur, ráðstafa ómerkingum o.fl. „Þá var réttarstörfum lokið og rekstrar fóru að tínast burt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Réttarstæði (n, hk) Staður fyrir fjárrétt. Réttarstæði voru allajafna valin þar sem hentugt þótti til innreksturs, og gjarna þar sem náttúrulegt aðhald var fyrir. Þannig er t.d. um réttina á Bergjum í Kollsvík.

Réttartimbur (n, kvk) Timbur sem nota skal við smíði/viðgerð fjárréttar. „Eitthvað sýndist þeim hafa rýrnað réttartimbrið sem var geymt í Bjarngötudalnum“.

Réttarveður (n, hk) Veður á réttardag. „Við erum heppnir með réttarveðrið“.

Réttarveggur (n, kk) Veggur á fjárrétt. „Réttarveggirnir í Breiðavík voru helsti samkomustaður bænda á gangnatímanum. Þar spjölluðu þeir um fjallskil, heimtur, vænleika, veðráttu, fallþunga, frjósemi, vanhöld, dýrbíta, svelt, mörkun og annað *sem nöfnum tjáir að nefna*. Þar var spjallað, bollalagt, hnakkrist, púaðar pípur og tekið í nefið. Þar kættust krakkar; þar hjöluðu húsmæður; þar gofrúðu gamlingjar. Réttarveggir þurftu að standa undir þessu félagslega hlutverki sínu, ekki síður en að halda fé í dilkum. Því voru þeir hafðir eins traustbyggðir og kastalaveggir miðalda.

Réttbær (l) Hefur rétt á/ umboð til. „Hann réði mestu um þetta, þó hann væri ekki réttbær stjórnandi“.

Réttdræpur (l) Sem réttilega má drepa ef til næst. „Minkfjandinn er af flestum talinn réttdræpur“.

Rétthár (l) Með mikinn rétt; í góðr/hárrí stöðu. „Sagt er að sjómaðurinn; alklæddur hlífðarfötum, væri öðrum rétthærri, t.d. á við prestinn í stólnum“ (KJK; Kollsvíkurveg).

Réttthentur (l) Sem notar hægri höndina fremur en þá vinstri við vinnu/nákvæmnisverk; andstaða við *örvhentur*.

Réttthermi (n, hk) Það sem rétt er haft/hermt eftir; rétt vísað í frásögn/staðhæfingu. „Þetta var kannski ekki alveg réttthermi hjá honum; ég sagði þetta ekki nákæmlega svona“.

Réttilega / Réttvíslega (ao) Rétt; með réttum hætti. „Þú þarft að fara réttilega að þessu“. „Hann sagði það réttilega“.

Réttindabarátta (n, kvk) Barátta fyrir auknum rétti, t.d. aðbúnaði og kjörum vinnandi fólks. Gott dæmi um slíkt er Aðalheiður Hólm Sigurgarðsdóttir, síðar Spans (1915-2005). Hún var af Kollsvíkurett (frá Einari Einarssyni Jónssonar). Aðalheiður var fyrsti formaður starfsstúlknafélagsins Sóknar; frá 1934 í rúman áratug. Þar var hún frumherji í kjarabaráttu kvenna hérlendis og leiddi Sókn í fyrstu kjarasamningum starfsstúlkna ríkisspítalanna árið 1935. Í þeim voru ákvæði um lengd vinnudags, greiðslur fyrir yfirvinnu og veikindarétt. Hefur þetta verið talið til mestu afreka í réttindabaráttu hérlendis. Aðalheiður giftist Wubold Spans 1944 og bjó eftir það í Hollandi.

Réttindalaus (l) Ekki með réttindi/vottun til ákveðinna sérhæfðra starfa. „Maður er alveg réttindalaus til að stjórna svona stórum bát“.

Réttindi (n, hk, fto) A. Sérstakt leyfi sem maður hefur til ákveðinna/sérhæfðra starfa/verka. „Fyrri ökuskírteini gáfu réttindi til aksturs stærstu vörubíla og hópferðabíla, þó að baki lægi minna nám en nú gefur einungis réttindi til aksturs smábíla“. B. Réttur manns varðandi daglegt líf, t.d. réttindi launafólks.

Rétting (n, kvk) A. Það að rétta hlut á milli manna. „Við höfðum klórast bandlausir niður í fjórða gang. Þar fylltum við fötuna af eggjum, en auðvitað kostaði það okkur töluvert þríl og réttingar að koma henni með okkur upp á brún aftur“. B. Það að rétta úr hlut, t.d. rétta beyglur á bíl eða slá boginn saum beinan.

Réttkjörinn (l) Kosinn réttilega í kosningu. „Hann taldist því vera réttkjörinn í stjórn félagsins“.

Réttlaus (l) Án réttar; ekki í rétti. „Ég kann nú betur við að spyrja landeiganda um leyfi, heldur en að fara þetta réttlaus og vitlaus“!

Réttlátur (l) Sanngjarn. „Mér fannst þetta nokkuð réttlátur úrskurður“.

Réttlæta (s) Finna rök/réttlættingu fyrir gerðum/staðhæfingu/ástandi. „Það er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta svona framkomu“!

Réttlætanlegt (l) Sem hægt er að verja/réttlæta; verjandi. „Mér finnst varla réttlætanlegt að eyða meira fé í svona vitleysu“.

Réttlæti (n, hk) Sanngirni; það sem samræmist lögum/siðferði/réttlætiskennnd. „Það er lítið réttlæti í því að forn veiðiréttur sé tekinn af sjávarjörðum og afhentur einhverjum útvöldum kvótakóngum og gróðahyski“!

Réttlætting (n, kvk) Rökstuðningur; það að finna gerðum/fullyrðingum/ástandi siðferðilegar, eðlilegar eða lagalegar ástæður.

Réttlætismál (n, hk) Málefni sem stefna þarf að til að réttlæti sé fullnægt. „Það hlýtur að vera réttlætismál að hinir gömlu útgerðarstaðir fái notið veiðireynslu liðinna alda á sínum fiskimiðum“.

Réttlætisvottur (n, kk) Ögn/vottur af réttlæti. „Það er ekki nokkur réttlætisvottur í því að fornum réttindum sjávarjarða sé stolið með einfaldri lagasetningu Reykjavíkurveldistins, og það fært í hendur kvótakónganna“!

Réttmæti (n, hk) Rétt rök; forsendur. „Ég á erfitt með að sjá réttmæti þess að fara svona að hlutunum“.

Réttmætur (l) Réttur; löglegur. „Hann var úrskurðaður réttmætur eigandi lambsins“.

Réttnefni (n, hk) Nafn sem hefur augljósa ástæðu/tilvísun. „Hann var nefndur Brynjólfur sterki, og þótti öllum réttnefni“.

Réttnokk (ao) Svosem; reyndar. „Mér er réttnokk sama þótt þessir túristar gangi um landið; svo lengi sem þeir gera engan skaða“.

Réttritun (n, kvk) Það að rita/skrifa rétt málfar; skrifa samkvæmt málfarsreglum.

Rétttrækur (l) Sem reka má með réttu. „Skipstjórinn tilkynnti honum að ef hann þyrfti að vera að staupa sig úti á sjó væri hann rétttrækur af bátnum þegar í land kæmi“.

Réttssinna (l) Með réttar skoðanir. „Mér finnst hann ekki réttssinna í þessu máli, þó oft séum við sammála“.

Réttsskeið (n, kvk) Bein fjöl sem notuð var við smíðar til að fá beina línu; stór reglustríka/*linjall*. „Góð réttsskeið er t.d. þéttanleg við flest múrverk“.

Réttsskikkanlega (ao) Með sémilegu móti; til fyrirmyndar. „Vertu ekki með þennan óskapagang krakki! Hagaðu þér nú einusinni réttsskikkanlega!“

Réttstæður (l) Stendur á réttum stað, t.d. þegar staðið er fyrir fjárrekstri. „Hann var alveg réttstæður þarna á holtinu, en það hefði vantað annan til að standa fyrir við Ána“.

Réttsvo (ao) Með naumindum; tæplega. „Ég náði réttsvo með fingrunum uppá brúnina“. „Hellirinn er réttsvo manngengur“. „Það var réttsvo að hann komst fyrir fjárhópinn“.

Réttsýnn (l) Sanngjarn; með réttlætiskennnd. „Hann hefur alltaf verið réttsýnn að þessu leyti“.

Réttsælis (ao) Um snúning; í sömu átt og sól gengur á himni; sólarinnis.

Réttsæmlegt / Réttskikkanlegt Réttskaplegt (l) Í góðu lagi/horfi. „Þetta er nú alveg réttsæmlegur afli yfir þennan tíma“. „Veðrið hefur verið svona réttskikkanlegt síðustu dagana“.

Rétttrúaður (l) Með réttar skoðanir; með réttan átrúnað. „Hann hefur þarna töluverð ítök, enda alltaf verið rétttrúaður ihaldsmaður“.

Rétttrúnaður (n, kk) Réttar skoðanir (að álitni einhvers); þröngsýni.

Réttur bragliður (orðtak) Bragðliður er eining sem ljóð/vísa er byggt upp úr; oftast tvö eða fleiri atkvæði/kveður. Réttur bragliður er það þegar áherslan er á fyrsta atkvæði bragliðs. T.d. „fljúga“ í hendingunni „fljúga hvítu fiðrildin...“.

Réttur og sléttur (orðtak) Óbreyttur; lágt settur; ekki tignarmaður. „Við; réttir og sléttir bændur, fáum litlu ráðið í þessu efni“.

Réttvel (ao) Hæfilega vel. „Ég trúí því svona réttvel að þú hafir lyft þessu einsamall“.

Réttvísi (n, kvk) Réttlætiskennnd; lög og regla; réttlæti; dómkerfi.

Ribaldaháttur (n, kk) Yfirgangur; ofstopi; *djöfulgangur; bæglagangur; jarvöðulsháttur*.

Ribaldalið / Ribaldalýður (n, kk) *Rumpulýður; ruslarylýður*; hópur óvandaðra manna. „Það þyrfti að taka þetta ribaldalið og koma því fyrir á einhverri góðri urð eða syllu í Bjarginu. Þá væri þetta ekki að vinna neitt ógagn á meðan“!

Ribaldast (s) Hafa í frammi ribaldahátt/yfirgang/ofstopa. „Enn ætlar þessi ríkisstjórn að ribaldast gegn viðkvæmustu byggðarlögum á landsbyggðinni“!

Ribaldi (n, kk) Þrjúotur; rusti; berserkur. „Höktu í foldarhupp/ harðsvíruð ægistól./ Búsmalinn beiddi upp/ bændur litu ei sól./ Rak fólk í rogastans/ riðaði foldin við/ er ribaldinn Rósinkrans/ ruddist úr móðurkvið“ (JR; Rósarímur).

Rið (n, hk) A. Stór bára; brotsjór. „...því það má með engu móti vera hægur gangur á skipi er menn sniðhálsa stórið, sökum þess að skipið getur þá auðveldlega gengið undir riðið.“ (HE; Barðstrendingabók). B. Gangur í klettum; berggangur. C. Sveifla/tíðni. „Rafallinn gat framleitt 2 kílóvött af 220 volta 50 riða riðstraumi“.

Riða / Riðusótt / Riðuveiki (n, kvk) A. Skjálfti; óstöðugleiki, sbr. *sjóriða*. B. Visna, smitandi sauðfjársjúkdómur sem valdið hefur miklum búsiþjum á vissum svæðum frá því hún barst fyrst til landsins 1878. Hefur ekki orðið vart í Rauðasandshreppi, en herjaði á Barðaströnd undir lok 20. aldar. Sjúkdómurinn berst með smitefni, svonefndu príon-prótíni, en hvorki með veiru né bakteríu. Smitefnið er lífseigt og getur lifað árum saman í umhverfinu. Fé er misnæmt fyrir smiti, eftir stofngerð. Sjúkdómurinn veldur rýrnun í heila, og einkennin eru m.a. skjálfti, fælni, kláði og tanngnistur. Smitað fé þrífst illa og veslast upp. Eina úrræðið hingað til er niðurskurður fjár af riðubæjum og þar sem samgangur hefur verið, ásamt smithólfun svæða.

Riða (s) A. Hnýta net úr þræði. „Ég man samt eftir að Einar bróðir vann tog í tuttugu faðma innsett net; kembdi, spann, tvinnaði, riðaði og setti inn; og veiddi svo ágætlega í netið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverji; Niðjatal HM/GG). „Fyrrum þurftu bændur við sjávarsíðuna almennt að kunna að riða sín net“. B. Skjálfa; tina; velta. *Sjá riða til falls*.

Riða til falls (orðtak) Vera við það að velta; vega salt. „Ég forðaði mér þegar ég sá að hleðslan riðaði til falls“.

Riði / Riðill (n, kk) Möskvastærð á neti. „Rauðmaganetin eru með mun smærri riða en grásleppunetin“. Bæði orð voru notuð í Kollsvík, en líklega hefur riði verið þar upprunalegra.

Riðill (n, kk) Áhald sem notað er til að máta rétta möskvastærð nets. Flöt viðarfjöl með vissri breidd.

Riðl (n, hk) Læti; áníðsla. „Verið ekki að þessu riðli (að riðlast) uppi á kofagarminum krakkar“!

Riðla (s) Raska; rugla; fella um koll. „Nú eru kálfaskrattarnir búnir að riðla úr hliðinu aftur“!

Riðlast á (orðtak) Djöflast á; hamast á. „Veriði nú ekki að riðlast uppi á kofapakinu strákar“!

Riðtíð (n, kvk) *Fengitími* sauðfjár. (sjaldan notað).

Riðuveiki (n, kvk) Banvænn, kvalafullur, langvinnur og smitandi taugasjúkdómur í sauðfé. Stafar af próteinsýklum; svonefndum príon-prótínum, sem eru eins að efnasamsetningu og heilbrigð prótín en með öðru lagi. Það er torleystara; hættir að taka þátt í efnaskiptum líkamans; safnast saman við frumuhimnur í

heila og eitlum og skemmir útfrá sér. Þær skemmdir leiða til sjúkdómseinkenna, sem eru skjálfti, titringur, tannagnistur, fælni af minnsta tilefni og þrálátur kláði. Riðuveik kind er óstöðug á fótum; gengur á fyrirstöður; ber framfætur hátt; er viðþolslítill af kláða og mjög fælin. Engin lækning er þekkt við riðu og engin bóluafni eru til. Dreifingarleiðir smitsins eru heldur ekki að fullu þekktar en vitað er að það getur verið í jarðvegi, húsum og öðru umhverfi mjög lengi. Eina ráð til að stemma stigu við faraldri eru að skera fé niður á bæjum þar sem veikinnar verður vart og sjá til þess að þangað komi ekki nein skepna í mörg ár. Einnig þarf að hreinsa hús rækilega og gæta þess að hlutir berist ekki þaðan á aðra bæi. Riðuveiki barst fyrst til Íslands 1878 með enskum hrút sem kom í Skagafjörð. Síðan hefur veikinnar víða orðið vart. Ekki er vitað til að hún hafi komið í Rauðasandshrepp, en á Barðaströnd kom veikin 1953 og þar var skorið niður allt fé á 8.áratug 20.aldar. Um það leyti var girt milli hreppanna til að verjast smiti.

Rif (n, hk) A. Rifbein; hluti af brjóstakassa manns eða skepnu. B. Rifband; band í segli sem notað er til að minnka segl/ *rifa seglin*. C. *Fjörुकambur*; *kambur*; *sjávarkambur*; há mön ofan fjöruborðs og oft samsíða því, sbr sandrif/malarrif. D. Það að rifa niður, sbr niðurrif.

Rifa (n, kvk) A. Lítið bil; glufa. „Hafðu dálitla rifu á glugganum“. B. Gat sem rifnað hefur á klæðnað/vefnað/efni. „Ég þarf að sauma þessa rifu á buxunum þínum“.

Rifa (s) A. Búa til rifu/glufu. „Hann lét rifa í augun“. B. Binda upp segl; *rifa segl*.

Rifa fyrir sól (orðtak) Birta fyrir sól; ský að grisjast. „Mér sýnist að aðeins sé farið að rifa fyrir sól; hann ætlar kannski að ná að *rifa af sér*“.

Rifa seglin (orðtak) A. Í líkingamáli; fara sér hægar; slappa af. B. Raunveruleg merking; minnka seglflöt seglskips til að draga úr ferð og minnka hættu á kollsigningu í stormi/mjög miklum vindi. „Þegar vindur var orðinn svo sterkur að ekki þótti ráðlegt að tjalda lengur öllum seglum fóru menn að rifa. Sérstaklega var það algengt að rifa hin stærra segl, en toppsegl voru tekin og forseglum oftast fækkað eftir þörfum. Þó var hægt að tvírifa forsegl, fokku og stagssegl, og var það stundum gert. Stórsegl og skonnortusegl mátti þrírifa. Á einstaka skipi var hægt að fjórrifa stórsegl.. Þvert yfir seglið...voru gerð á það dálítill göt með jöfnu millibili og saumaðar þar í rifkósir“ (GG; Skútuöldin). Segl voru rifuð þannig að það var lækkað lítilllega á siglunni en neðri jaðar þess festur við rána undir seglinu með rifböndum sem dregin voru í gegnum rifkósirnar. Á stærra skútum voru segl rifuð með sérstökum búnaði og fljótverkum hætti, en á þeim smærri var hverju rifbandi fyrir sig bundið um rána. „Skútur sem þarna voru höfðu þrírifað seglin, og allar á landleið“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Rifahjarn (n, hk) Harður snjór; þéttur og vel frosinn; lætur ekki undan fæti.

Rifbein (n, hk) Rif; bein í brjóstakassa manns/skepnu. „Rifbein stórhvala voru gjarnan notuð í árefti á hús og búðir, og einnig sem hlunnar til setningar á bátum“.

Riffilfæri (n, hk) Vegalengd sem unnt er að skjóta með riffli. „Tófan var í góðu riffilfæri“.

Riffill (n, kk) Byssa með löngu hlaupi, rifflluðu innanvert, gerð til að skjóta einni kúlu. „Pabbi átti nettan 22ja kalibera riffil, sem einkum nýttist til að lóga kindum“.

Riffla (n, kvk) Fíngerður upphleypur hryggur, jafnan margir samsíða.

Rifflaður (l) Með rifflum.

Rifgarður (n, kk) A. Garður í flekk af heyi; hæfilega mjór til að honum megi snúa með hrífu (rifja). B. Beinagarður/geislabein í fiski, sem fylgja flakinu þegar flatt er. „Heitir rifgarður þar sem mætist þunnildi og þykkildi og er því jafnlangur kviðarholi fisksins“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Rifinn í lær og laka (orðtak) Í gauðrifnum fötum; illa til fara. „Skelfing er að sjá útlitið á þér krakki; grútskítugur og rifinn í lær og laka“!

Rifja (s) Snúa heyi með hrífu. Með viðeigandi handtökum var heyið rakað í litla garða og snúið við í leiðinni. Snúningurinn var svo endurtekinn í þurrki þar til heyið var orðið þurrt. Meðan margt fólk var á bæjum raðaði það sér upp, þannig að hver gekk á eftir öðrum og sneri sínum garði. Þannig vinnubrögð voru aflögð með vélvæðingunni. „Allt gras var rakað saman í flekki; misstóra eftir sprettu. Rifjað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Rifja upp (orðtak) Grafast fyrir í minni sínu; framkalla vitneskju í huganum. „Ég þarf að rifja upp hvenær þetta gerðist“. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru og enn í dag hafa menn gaman af að rifja það upp...“ (PG; Veðmálið). Líkingin vísar til þess að rifa upp það sem farið er að síga saman; t.d. legið hey á velli.

Rifjabiti (n, kk) Síðubiti; kjötbíti úr síðu lambs eða annarrar skepnu, með rifbeini/rifbeinum. Jafnan talað um síðubita áður fyrr.

- Rifjar á boðum** (orðtak) „Öldur sem taka sig upp á boðum án þess að brotna“ Heimild Jón Torfason, Kollsvík (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Rifjárn** (n, hk) A. Kúbein eða annað langt járn, sem notað er til að rífa/spenna hluti í sundur. B. Sérstakt verkfæri sem ætlað er til að ná taki á haus neglds nagla og draga hann út. Stundum uppfengt „Símon kjaftur“, af ástæðum sem höfundu eru ókunnar, en það gæluheiti var fyrr haft um stormklýfi á skútu.
- Rifna** (s) Dragast í sundur; skemmast af myndun rifu. „Hann vildi alls ekki geyma bátinn í húsi vegna þess að borðin gætu þá verpst eða rifnað af þurrki“.
- Rifna af/úr monti** (orðtak) Gæluhugtak yfir að vera mjög montinn/yfirlætislegur. „Ég var alveg að rifna úr monti yfir að hafa dregið stærsta fiskinn þó þetta væri minn fyrsti róður“.
- Rifna úr hlátri** (orðtak) Gæluorðtak yfir að hlæja mjög mikið. „Jónsi á Hnjóti var leikari *af guðsnáð*, og sýndi iðulega slíka tilburði á þorablótum að viðstaddir ætluðu gersamlega að rifna úr hlátri“.
- Rifrildi** (n, hk) A. Fyrri merking; rytjur/ræfrildi/brak/flak af einhverju. „Hér er rifrildi af gamalli biblíu“. „Þegar Hvallárabændur fóru undir Bjargið til eggja fundu þeir rifrildi af yfirbyggingu togara hátt uppi í urð“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi). B. Síðari merking; deilur; orðaskak. „Þeir byrjuð að kýta eitthvað um hrúta, en eftir nokkurn tíma var það komið upp í hávaðarifrildi“.
- Rifs og hrifs** (orðtak) *Rán og rupl*, þjófnaður; gripl. „Hann sagðist ekki vera hrifinn af því að menn færu í hans egglönd með rifsí og hrifsí án þess að biðja um leifi“.
- Rifsendi / Rifshaus** (n, kk) Endi á rífi sem liggur með sjó. „Ég náði loks kindinni norður á rifshausnum“.
- Rifta** (s) Bregða; afturkalla; hætta við það sem samkomulag var um. „Við neyddumst til að rifta þessum kaupum þegar upp komst um gallann“.
- Riftun** (n, kvk) Það að rifta. „Þetta getur kostað riftun samninga“.
- Rigg** (n, hk) Rið; rugg; stutt hreyfing fram og til baka. „Við þetta margendurtekna rigg kom los á staurinn, en ekki nóg til að ég næði að draga hann uppúr“.
- Rigga** (s) Rugga; hreyfa stutt fram og til baka. „Með því að rigga bílnum síendurtekið afturábak og áfram, tókst mér að losa hann úr mestu festunni“.
- Rigna** (s) A. Koma regn úr lofti. „Ári er hann orðinn ljótur; það styttist í að hann fari að rigna“. B. Verða fyrir rigningu. „Við náðum að galta megnið af flekknum en hitt rignði í gördum“.
- Rigna djöfulinn ráðalaus** (orðtak) Rigna mjög mikið/endalaust að því er virðist. „Það er búið að rigna djöfulinn ráðalaus í heila viku“. Ekki veit ég *við* hvað þetta *lendir*“!
- Rigna eins og hellt sé úr fötu** (orðtak) Hellirigna; um steypiregn. „Nú rignir hann eins og hellt sé úr fötu“.
- Rigna eldi og brennisteini** (orðtak) Ganga mikið á; koma óþverri. „Nú skulum við forða okkur: Það á eftir að rigna eldi og brennisteini ef karlinn sér að við höfum verið að risla í þessu“.
- Rigna niður** (orðtak) Rigna á; blotna mikið. „Komdu inn úr rigningunni; vertu ekki að láta þig rigna niður úti á hlaði“. „Hlaupið nú strákar og látið kartöflupokann inn; hann er að rigna niður hérna úti“.
- Rigning** (n, kvk) Regn; úrkoma í fljótandi formi. Líklega er orðið regn mun upprunalegra, en rigning hefur yfirtekið í seinni tíð, sem nafnkenning af „rigna“.
- Rigning forút** (orðtak) Látlaus/eilíf rigning. „Sama er hverju þeir reyna að spá; það er bara rigning forút“!
- Rigningardagur** (n, kk) Dagur sem rignir. „Enn er það einn rigningardagurinn“!
- Rigningardropar** (n, kk, fto) Vottur af rigningu. „Það eru komnir einhverjir rigningardropar“.
- Rigningaraustur / Rigningarflóð** (n, hk) *Steypiregn; úrhellisrigning; ofansóp*. „Þvílíkur rigningaraustur er þetta“! „Er hann ekkert að styttu upp rigningarflóðið“?
- Rigningarfýla** (n, kvk) Fíngerð rigning eða grófur suddi; oft með vindi. „Það var strekkingsvindur á suðaustan og rigningarfýla“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Rigningardemba / Rigningargusa / Rigningarskvetta** (n, kvk) Mikil rigning í stuttan tíma. „hann gerði á okkur bölvæða rigningardemba á leiðinni, svo maður er hérumbil innúr“!
- Rigningarhraglandi** (n, kk) Strjál rigning en þá oft í köldu og hvössu veðri. „Það er enn sami rigningarhraglandinn“. Sjá *hraglandi*.
- Rigningarlaus** (l) Úrkomulaus; *upphang*; án rigningar. „Hann er rigningarlaus þessa stundina“.
- Rigningarlegur** (l) Lítur út fyrir rigningu. „Hann er orðinn töluvert rigningarlegur; best að drífa saman heyið“.
- Rigningarrosi** (n, kk) Mikil rigningatið/vætutið. „Enn er sami rigningarrosinn; það er ekkert *linunarmót* á því“!

Rigningarskulfa (n, kvk) *Demba; hellirigning; rigningarslagur*; ekki þó endilega í miklu hvassviðri. „Hann setti yfir okkur slíka rigningarskulfu að við urðum *blautir inn að beini*“.

Rigningarskúr (n, kvk) Rigning í stuttan tíma, en endurtekið með *uppstyttu/uppihangi* á milli.

Rigningarslag / Rigningarslagur (n, hk/kk) Mjög mikil rigning. „Skömmu síðar gerði rigningarslag“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Ekki vorum við komin langt þegar á okkur skall suðaustanbylur sem smám saman breyttist í rigningarslag“ (ÖG; Harðsótt heimferð í jólafri). Fyrir kom að notað var orðið „rigningarslagur“ í nefnifalli, og þá í karlkyni, en oftast var það í hvorugkyni. „Skyldi þessi rigningarslagur engan endi taka“?

Rigningarslítingur (n, kk) Lítil rigning; *dropar; slítur úr sér*. „Hann er enn með þennan rigningarslíting“.

Rigningarspá (n, kvk) Veðurspá um rigningu/óþurrk. „Er hann enn með þessa rigningarspá fyrir morgundaginn“?

Rigningarsuddi (n, kk) Súld; fingerð rigning; *pokusúld; úði*. „Heyið blotnar strax í gegn í rigningarsuddanum“.

Rigningarúði (n, kk) *Súld; úði; suddi*. „Mér finnst þetta vera dálítill rigningarúði, en ekki bara náttfall“.

Rigningarþykni (n, hk) Dimmviðri vegna rigningar. „Það sér ekki milli bæja í þessu rigningarþykni“.

Rigningasamt (l) Mikið um rigningu. „Oft er rigningasamt á haustin, og stundum fengu menn hin mestu hrakviðri...“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Rigningatíð (n, kvk) Tími sem rigningar standa; rigningasöm veðráttá; *votviðristíð*. Skelfing er ég orðinn leiður á þessari eilífu rigningatíð“.

Rigningavatn (n, hk) Regnvatn. „Stundum safnast rigningavatn í tjörn neðan við húsið“.

Rigningaveður (n, hk) Votviðri; væta; hætt við rigningum. „Hættara er við hruni úr klettunum eftir mikið rigningaveður“.

Rignir djöfulinn ráðalaus (orðatiltæki) Hellirignir; rignir án afláts.

Rignir eins og hellt sé úr fötu (orðatiltæki) Hellirignir.

Rignir jafnt á réttláta sem rangláta (orðatiltæki) Auðskilið í bókstaflegri merkingu, en notað sem líking um margt annað sem yfir mannfólkið gengur og ekki gerir sér mannámun.

Rigs (n, hk) *Sláttur; halasláttur; stærilæti*. „Ég þoli illa svona *kauda* sem viðhafa mont og rigs og eru of finir til að heilsa almúganum“.

Rigsa (s) *Strunsa* yfirlætislega/reigingslega. „Hann rigsaði í salinn og hlammaði sér niður án þess að heilsa“. Hefur líklega hljóðbreyst úr „reigsa“.

Rigtugheit (n, hk, fto) Réttlæti; það sem rétt er. „Hann þóttist eiga þetta með rígtugheitum“.

Rigtuglega (ao) Með réttu; réttilega. „Hann safði rígtuglega að þetta væri ekki alfarið sín sök“.

Riklingur (n, kk) Harðfiskur af lúðu. „Riklingurinn, einkum af smærri lúðum, var venjulega þurrkaður. Flökin hengd upp og látin skelþorna. Síðan voru þau rist þannig að skurður var skorinn inn í miðja fiskþykktina. Byrjað var að skera beggja megin við augað sem hengt var upp á, en síðan mæst í einum skurði rétt fyrir neðan augað. Síðan var fiskurinn flattur útundir jaðar beggja megin við skurðinn. Þá var flakið opnað og tveim tréteinum stungið undir roðið, beggja megin aftan frá. Annars var riklingurinn líka saltaður, einkum af feitum lúðum. Var hann þá saltaður í þækil, sterkan saltlög, því annars vildi hann þrána. Saltað var í rafabeltin og þau látin liggja í salti í tvo daga og síðan hengd upp til þurrks. Þetta var talinn hátíðarmatur er þau höfðu hlotið verkun, enda þótt komið væri fram á næsta vetur“ (KJK; Kollsvíkurer). Sjá nánar um *vaðhorn*.

Riklingslúða (n, kvk) Lúða sem vegur milli 7 og 10 kg. (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: Guðbj.Guðbjartsson).

Rikti (n, hk) Orðrómur; slúður. „Það segir það ríktið að þau ætli að skilja“.

Ríktið segir (orðtak) Altalað/sagt er; slúðursögur segja. „Ríktið segir að hann eigi bara ekkert í krakkanum, en *berðu* mig samt ekki fyrir því“.

Ríktugheit (n, hk, fto) Réttlæti; það sem rétt er. „Hann skilaði þessu með mestu ríktugheitum“.

Ríktuglega (ao) Réttilega; með rétti. „Hann hélt því ríktuglega fram að þetta væri ekkert að marka“.

Rill (n, hk) Ról; það að róa fram og til baka. „Vertu nú ekki að þessu rilli á stólnum strákur“! Hart ell.

Rilla (s) Róa sér í sætinu; skjökta/jagast í; hreyfa fram og til baka. „Það er ekkert hægt að rilla þessu neitt“.

Rimbaldast (s) Róa/velta á; vega salt.. „Það þyrfti að binda bátinn betur framar í kerruna svo hann sé ekki að rimbaldast svona mikið“.

Rim (n, kvk) A. Spelur í grindverki/hjóli/sleða; þrep í stiga. „Gættu að þér á næstefstu riminni í stiganum; hún er varasöm“. B. Brún; kantur. „Bollinn er fleytifullur; súptu varlega af riminni“. C. Efsta borð í byrðing báts; *rimaborð*. Innan á rimaborðið er fest borðstokknum.

Rimaborð (n, hk) *Rim*; efsta borðið í byrðing báts. Á rimaborð festist borðstökkur/hástokkur.

Rimafullur (l) Um ílát; fullt upp að brún; fleytifullt. „Það þýðir ekki að hella glasið svona rimafullt“!

Rimahjól (n, hk) Hjól með spelum/rimum frá miðju út að gjörð/kanti.

Rimi (n, kk) Gróið barð/ás í landslagi. „Rimi er t.d. nafn á löngu barði í Grundatúni“. „Svo er svæði sem nefnt er Deildar og þar innar er stykki nefnt Vikuverk... Þetta eru rimar og dældir á milli“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).

Rimill (n, kk) Rimi; spelur. „Rimlarnir í grindinni eru alltof gisnir“. Spelur var mun meira notað.

Rimma (n, kvk) Viðureign; rifrildi; reilur; slagsmál. „Þeir mega varla sjást án þess að taka rimmu“.

Rimpa (s) Rippa; sauma á enfaldan/fljótlegan hátt. „Leyfðu mér nú að rimpa í gatið á sokknum þínum“.

Rimpa (n, kvk) Rytjuleg/horuð kind; *rytja*; *gæksni*. „Furðulegt hvað þessi gamla rimpa getur gert væn lömb“.

Rindi (n, kk) Grasgeiri í fjallshlíð; rimi. „Klettariðin í brúninni eru fá, ná skammt niður og jafnvel smágerðari en gerist í kring, og grænum rindum bregður fyrir sumstaðar“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Rindill (n, kk) A. Stytting á *músarrindill*. B. Líkingamál; rýringur; væskilslegur/pasturslítill maður; hrútkægill; aumingi. „Það þyrfti einhver að taka þennan rindil og flengja hann rækilega fyrir *kjaftháttinn*“!

Rindilshreiður (n, hk) Hreiður *músarrindils*. „Aðeins einusinni höfum við fundið rindilshreiður“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík).

Rindilslegur (l) Væskilslegur; horaður. „*Hrútkægillinn* er ári rindilslegur miðað við gimbrina“.

Ringl (n, hk) Rugl; áttavilla; slæm áttun. „Það er ennhálf gert ringl á manni eftir höfuðhöggið“.

Ringlaður (l) Ruglaður; áttavilltur; viðutan. „Ég er nú orðinn hálf ringlaður í þessum ártölum“.

Ringulreið (n, kvk) Óreiða; skipulagsleysi. „Ég var búinn að laga hér til fyrir nokkrum dögum, en nú er þetta allt komið á ringulreið“!

Rippa (n, kvk) Rytjuleg/léleg/horuð kind. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Rippa (s) Sauma; oftast átt við að gera við flik með saumaskap. „Það þarf að rippa þessa saumsprettu“.

Rippildi (n, hk) Ræfill; aumingi; ræfilsleg ær eða lamb. „Það þýðir ekkert að senda svona rippildi í sláturhús“.

Ris (n, hk) A. Uppgangur. T.d. ris sólar. B. Reisn. „Það var ekki hátt á þeim risið eftir þennan fyrirlestur“. C. Burst; hæsti staður í burstabyggðu húsi.

Risavaxinn (l) Mjög stór; ógnarstór. „Við þurfum að laga þetta áður en úr því verður risavaxið vandamál“.

Risikó (n, hk) Áhætta. „Mér finnst þetta allnokkuð risikó hjá honum“. Sletta úr „risk“.

Rislágur / Rislítill (l) A. Um hús; með lágu risi þaks; ekki með brattri burst. B. Líking um mann; *lúpulegur*; niðurlútur; skömmustulegur. „Heldur voru þeir rislágir þegar þeir komu í land“. Sjá *lagt risið*.

Rismál (n, hk, fto) Ein hinna fornu *eykta* sólarhringsins; miðmorgunn; miður morgunn; kl 6 að morgni.

Rismikill (l) A. Um hús; með bratta burst/ bratt og hátt ris. B. Líking um mann; áberandi; stæðilegur; stór. „Einar Benediktsson er yfirleitt talið meðal rismeiri skálda“.

Risna (n, kvk) Gestrisni; veitingar. „Risna var hvarvetna talin skylda (í Rauðasandshreppi) og flestum ljúf, enda fáir verr rómaðir en nirflar...“ (Ghag; Sonur Bjargs og Báru). Þessi þjóðlega skilgreining var nokkuð notuð á svæðinu áður en stórfyrirtæki og ríkisskattstjóri tóku orðið traustataki og breyttu merkingunni.

Risnuheimili (n, hk) Heimili þar sem vel er veitt gestum; gestrisið heimili. „Þar var alþekkt risnuheimili“.

Rispa (n, kvk) A. Grunnt/lítið sár. „Fékkstu rispu á gaddavírnum“?. B. Grunnt far í jarðveg/yfirborð. „Best er að sá fræjunum í dálitlar rispur“. C. Vinnulota; *skurk*. „Við klárum að draga þessa strengi í einni rispu“.

Rispa (s) A. Búa til far/rispu/skoru/skurð. „Hann var dálítið rispaður á höfði eftir byltuna“. B. Gæluorð um það að skrifa; pára.

Riss (n, hk) Óvönduð teikning/skrift; skissa. „Ekki var önnur teikning gerð af húsinu en riss á umbúðapappír“.

Rissa (s) Teikna óvandað; hripa niður; skissa. „Hann rissaði sína hugmynd niður á blað“.

Rissa (n, kvk) Fugltegundin rita var svo nefnd vestra áður; *russa*. „Var það þá að Bjarni vildi fara að rissungaveiði (rituungaveiði) og veiddi nokkra“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg).

Rissmát (n, hk) Verkfæri með kvarða og nál á stykki sem rennt er eftir honum. Tekin er viss lengd í kvarðann og honum rennt með brún efnis, þannig að nálin rissi far innar á brúninni og samhliða henni.

Rissungi (n, kk) Rituungi; ungfugl ritu. „Við skutum nokkra máva og einn rissunga“. Líklega hefur í orðinu verið tvöfalt u, en það heyrðist ekki í framburði. Notað frameftir 20.öldinni.

Rist (n, kvk) A. Ofaná fæti, gagnstætt il. „Um leið og ég stakk kvíslinni af miklu afli niður í heyið geigaði lagið, svo álman stakkst á kaf í ristina á mér“. B. Grind. „Rist var lögð ofan á olúfötuna eftir að kveikt hafði verið í, og við eldinn voru sviðin sviðin“.

Rista (s) A. Skera. B. Um skip; ná niður í sjó.

Rista djúpt (orðtak) A. Um skip; ná djúpt niður í sjó, undir sjólinu. B. Um manneskju; stíga ekki í vitið; hugsa ekki málin til enda. C. Um reiði/móðgun; vera ekki djúpstæð.

Rista framúr (orðtak) Um slátrun fjár/gripa: A. Rista uppúr á framanverðum hálsi eftir að hausað hefur verið, og skrokkurinn liggur á baki. Hnif er rennt með barkanum ofanverðum inn í brjóstholið og rist uppá milli hálsæðanna. Síðan eru barki og vælinda rifin upp; skorið á milli, þannig að barkakýli fylgi vælindanu, og hnýttur einfaldur hnútur á vælindað svo ekki renni út gor. B. Skera/saga binguna í sundur; frá opnu brjóstholi og framí háls.

Rista fyrir (orðtak) A. Sláturvinna, oftast samhliða *hæklun*; skera skurði á vissan hátt í húð/gæru sláturfjár/stórgripa/sela eftir slátrun, áður en farið er að *flá*. B. Um torfskurð; gera skurðsár í jarðveginn áður en *rist* er *ofanaf*.

Rista grunnt/ ekki djúpt (orðtak) Um reiði/þekkingu o.fl; ekki verulegt. „Hann móðgast stundum af litlu tilefni, en það ristir vanalega frekar grunnt“. „Mín þekking á þessu sviði ristir ekki tiltakanlega djúpt“.

Rista ofanaf (orðtak) Rista gróðurþöku ofanaf jörð, oftast til að nota hana til að tyrfa hús, hey eða annað.

Rista torf (orðtak) Skera torfur af jarðvegi, t.d. til að þekja hús.

Rista uppúr (orðtak) Um aftekt kindar, skera reyfi eftir miðju baki þegar tekið er af eða áður en byrjað er að taka af. Einkum var rist uppúr þegar um var að ræða lélega ull eða þegar kindum var illa fyllt svo erfitt var að taka af þeim. Reynt var að halda góðri ull í heilum reyfum, því þannig var hún verðmeiri.

Ristarband / Ristarþvengur (n, hk/kk) Þvengur á rist á skinnskó til að herða hann að fætinum (sjá *gæra*).

Ristill (n, kk) A. Neðsti hluti meltingarvegur; neðan botnlanga. Ristill úr sauðfé var nýttur áður fyrr og framá síðari hluta 20 aldar. Þegar tekið var innanúr var hann settur til hliðar og storknaði í fitunni í einskkonar hlemm. Síðan var ristillinn rakinn varlega úr; kallað að *rekja ristil*, og þess gætt að hann slitnaði ekki, til að ekki kæmi saur í mörinn. *Garmörinn* var síðan nýttur, t.d. í lundabagga eða bjúgu. Fyrrum var ristillinn sjálfur einnig skafinn vandlega upp og nýttur í lundabagga. B. Útbrot á húð; Herpes zoster. Stafar af hlaupabólu-ristilveiru; þ.e. endurvakningu á hlaupabólu sem maður hefur áður fengið. Ristill er smitandi og getur valdið hlaupabólu í næmum einstaklingum.

Ristir ekki djúpt (orðtak) Um ýmislegt; t.d. vit manns eða ágreining manna; er ekki djúpstætt. Líkingamál við djúpristu báts/skips.

Ristuspaði (n, kk) Þökuskeri; spaði sem hentar vel til að rista torf; vanalega með litlu ferköntuðu blaði þar sem eitt horn snýr fram; með löngu skafti; rennt undir/gegnum grasrótina til að losa torfið.

Rita (n, kvk) Skegla; rissa; Rissa tridactyla. Smávaxin máfategund; 39-46cm með 1m vænghaf; með svarta vængbrodda, gulan gogg og svarta fætur. Heldur mikið til úti á sjó; steypir sér eftir æti eins og kría. Félagslyndur fugl og verpur í stórum byggðum. Byr sér til hreiðurlaup úr sinu og öðrum jurttaleifum. Eggin eru oftast tvö; ljósleit með brúnum flekkjum. Þau eru góð til átu, en síður tekin en svartfuglseggi þar sem skurnin er viðkvæmari og erfiðara að komast að þeim. Mikið verpur af ritu í Látrabjargi, t.d. í Ritugjá. Má oft sjá flokka af henni baða sig í Látravatni. Ritan er farfugl og er stofnstærð hennar héraendis talin vera um 630 þúsund fuglar.

Ritblý (n, hk) Fyrrum heiti á blýanti; í seinni tíð gæluorð yfir blýant.

Ritdeila (n, kvk) Rökræður/deilur manna sem rita sína greinina hver/hvor á víxl í dagblað eða tímarit.

Ritfínnur (n, kk) Sá sem er duglegur að skrifa; sá sem er ritfær.

Ritfrelsi (n, hk) Frelsi til að skrifa það sem meður vill.

Ritfær (l) Pennafær; fær í að tjá sig með skriftum/ í rituðu máli. „Hann er afskaplega vel ritfær“.

Ritföng (n, hk, fto) Þau áhöld og pappír sem þarf til að geta skrifað.

Ritgerð (n, kvk) Samantekt; skýrsla; greinargerð; stutt rit höfundar um tiltekið efni.

Ritháttur (n, kk) Aðferð til ritunar.

- Rithönd** (n, kvk) Lag við skriftir; áferð skriftar. „Össur á Láganúpi skrifaði sérlega fallega rithönd og var því eftirsóttur t.d. til ritunar fundagerða. Guðbjartur sonur hans hefur erfitt þennan hæfileika“.
- Ritleikni** (n, kvk) Færni í skriftum; geta til að skrifa rétta og fallega skrift; komast vel að orði og hafa gott málfar á valdi sínu.
- Ritlingur** (n, kk) Lítið rit; bókarkorn. „Í tengslum við sýningu hugvitsmanna í Þjórsárverri tók ég saman lítinn ritling: „Hugvit og hagleikur“, sem enn er víða til“.
- Ritlist** (n, kvk) Geta/færni til að skrifa; ritun góðs máls/ góðra rita. „Ritlist hefur verið í hávegum höfð í Kollsvík, svo lengi sem heimildir greina“.
- Ritmál** (n, hk) Málfar sem notað er þegar ritað/skrifað er. Ritmál er oft nokkuð frábrugðið töluðu máli í því að það er settlegra/smásmugulegra og tíðum er notað íhaldssamara/eldra orðalag en í talmáli. Helgast það eflaust af því að ritmál þarf að standast nánari skoðun og tímans tönn í meira mæli en það sem sagt er.
- Ritning** (n, kvk) Merkir í raun hvaðeina sem ritað er, en hefur einvörðungu verið notað um biblíu kristinna manna, svo langt sem heimildir greina. Gjarnan í samhenginu; „heilög ritning“.
- Rítsími** (n, kk) Tæki til sendingar og móttöku á merkjum/morsmerkjum sem var undanfari talsímans. Rítsíminn er talinn fundinn upp af bretanum Samuel Morse 1837, en aðstoðarmaður hans, Alfred Vail, þróaði Morse-stafrófið sem enn er notað sem táknmál. Merkin eru send með því að ýta stutt eða lengur á sendilykil og fara sem rafboð um málmþráð um mismikla vegalengd en koma fram í móttökutæki sem hljóðmerki eða punktar og strik á pappír. Lokið var lagningu sæstrengs rítsíma milli Færeya og Seyðisfjarðar árið 1906, og var það fyrsta fjarskiptasamband Íslans við önnur lönd.
- Ritskoðun** (n, kvk) Endurskoðun ritaðs máls áður en það er fjölfaldað og gefið út. Orðið er almennt notað í neikværi merkingu um það þegar yfirvald vill ráða því sem birtist á prenti og breytir því í þá átt að fegra sinn hlut og auka sitt fylgi.
- Ritsmíð** (n, kvk) Ritverk; skáldverk; skrif. „Ekki er ég allskostar sammála þessari ritsmíð“.
- Ritsnilld** (n, kvk) Færni í ritun/frásögn/skáldskap, t.d. á þann hátt að lesandinn fær mjög góðan skilning á því sem við er átt eða/og hrífst inn í frásögnina.
- Ritstuldur** (n, kk) Notkun efnis sem annar hefur ritað án hans leyfis. Oftast þarf þá kaflinn sem þannig er stolinn að vera nægilega langur til að greinilega sjáist einkenni/orðalag höfundarins. Ritstuldur þykir slæmur blettur á hverjum höfund.
- Ritun** (n, kvk) Skriftir; það að skrifa.
- Ritupláss** (n, hk) Varpsvæði ritu; ritubyggð; rituvarp. „Í Hreggshöfða mátti fyrrum fá eitthvað af fugli, en síðar varð þar aðallega ritupláss og fýlunga“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Ritúal** (n, hk) Kredda; regla; forskrift. „Farið var eftir ritúalinu þegar vélin var gangsett, enda tókst það strax“.
- Ritvél** (n, kvk) Tæki til að vélrita texta á blað með því að slá/stimpla mótuðum stöfum á það með blekborða á milli. Ritvélin kom fram um 1870 og varð almenningsseign á Íslandi eftir miðja 20.öld. Var varla til sá skrifandi einstaklingur sem ekki átti ferðaritvél þegar fyrstu einkatölvur komu til uppúr 1970-1980. Eftir það tóku tölvur og tölvuprentarar fljótlega við hlutverki ritvéla.
- Ritvilla** (n, kvk) Rangt skrifað orð; oftast vegna þess að stafur gleymist eða stafavíxl verður, en stundum einnig vegna ónógrar kunnáttu höfundar í rétritun. Eflaust má finna margar ritvillur í þessu *skrifelsi*.
- Ríða** (s) A. Sitja/ferðast á hesti. B. Hafa samfarir. C. Ríða/hnýta net. D. Ríða; bera á.
- Ríða að fullu** (orðtak) Vera ofraun; reynast ofviða; ganga frá; drepa.
- Ríða af** (orðtak) Um byssuskot; hlaupa úr byssu. „Við hnipuðum okkur niur í Byrgið þangað til skotið reið af; þá hlupum við og sóttum fuglinn ef komið hafði á“.
- Ríða af sér** (orðtak) Ríða hraðar en samfylgdarmenn, svo þeir dragast afturúr. Sjá *ganga af sér*.
- Ríða á** (orðtak) Liggja á; vera áriðandi/mikilvægt. „Nú ríður á að þetta takist í fyrstu tilraun“. „Mér ríður á að fá þessa pappíra sem allra fyrst“.
- Ríða á slig** (orðtak) A. Leggja svo mikið á hest að hann fái ekki borið, eða ríða hesti svo illa að hann gefist upp. B. Líkingamál um að níðast á manni/málefni; leggja óhóflegar álögur á mann.
- Ríða (fyrstur) á vaðið** (orðtak) Byrja á; eiga frumkvæði að. „Ætla enginn að leggja fyrstur í terturnar“ Ætli sé þá ekki best að ég ríði á vaðið“.
- Ríða baggamun** (orðtak) Mismunur sem skiptir sköpum. „Þetta eina atkvæði reið baggamuninn, svo hann náði kjöri“. Dregið af því þegar hey var reitt í böggum á hestum. Ef baggar voru misþungir svo *hallaðist á*, þá var léttur krakki látinn ríða öðrumegin hryggjar, til að jafnar sæti á. Hann reið baggamuninn.

- Ríða berbakt** (orðtak) Ríða hesti án þess að hafa hnakk, söðul eða annað reiðver undir sér.
- Ríða feitum hesti frá (einhverju)** (orðtak) Líkingamál; hagnast á einhverju; njóta góðs af einhverju. „Ég held að ríkisstjórnin ríði ekki feitum hesti frá þessu máli“.
- Ríða húsum / Ríða röftum** (orðtak) Djöflast uppi á húsum; berja hús utan; berja harkalega að dyrum. „Hver skyldi vera að ríða húsum svona seint að kveldi“. Þjóðtrúin segir að draugar sæki í það af hrekkjum sínum að sitja á húspökum og láta ófriðlega, svo brakar í hverju tré. Sjá *það kostar klof að ríða röftum*.
- Ríða í garð** (orðtak) Koma ríðandi heim að bæ. B. Líkingamál; *ganga í garð*; byrja.
- Ríða í loftinu/loftköstum** (orðtak) Ríða svo hratt á hesti að svo sýnist sem fljúgi. Síðar yfirfært á bíla; aka í loftinu.
- Ríða niður/ofan** (orðtök) A. Hrynja; falla niður; falla saman. „Það hrikti í húsinu í versti hviðunum, eins og það ætlaði að ríða ofan“. B. Ríða á/yfir einhvern á hesti með þeim afleiðingum að hann fellur.
- Ríða til páfans** (orðtak) Leikur sem stundaður var m.a. af vermönnum í landlegum. „Tveir hraustir menn bera á öxlum milli sín sívalan ás, t.d. sterka ár eða siglutré. Á ásnum situr maður klofvega, en hann leikur ferðamann. Annar maður kemur aðvífandi með pokaskjatta og e.t.v. einnig bréf í hendi. Hann vill koma sendingu til páfans með ferðamanni, sem neitar því. Þá leitast hinn eftir því að slá hann af ránni. Nái ferðamaður að sitja þessar árásir af sér á slánni hefur hann náð fundi páfa. En stundum hékk hann eftir neðan í ránni, sem þótti lúpulegur fundur við páfa. Ekki mátti slá á hendur hans“ (PJ; Vermannaleikir). Sjá *vermannaleikir*.
- Ríða undir/yfir** (orðtök) Dynja/skella undir/yfir. „Bátnum var snúið leiftursnöggt, en hann var samt ekki orðinn fyllilega réttur er stór sjór reið undir“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).
- Ríða uppi** (orðtak) Ríða á eftir öðrum og hraðar en þeir, þar til þeim er náð.
- Ríður á** (orðtak) A. Er áriðandi/mikilvægt. „Nú ríður á að ná fénu fljótt inn í réttina, meðan það er enn á rennsli“. B. Veltur/rúllar/vaggar um eitthvað. „Það er einhver óslétta á gólfinu sem kassinn ríður á“.
- Ríður ekki við einteyming** (orðtak) Um það þegar óheppni/ógæfa virðist elta mann. „Ólánið reið ekki við einteyming; þegar komið komið var hálfá leið í land án þess að fá bein úr sjó varð vélin bensínlaus“. Einteymingur er það þegar beisli liggur einungis öðrumegin útúr hesti, og veitir takmarkaða stjórn. Ólán sem ekki ríður við einteyming er því líklegra til að elta menn uppi.
- Rífa af sér** (orðtak) Létta til; *glaðna til*. „Ég held að hann ætli nú eitthvað að fara að rífa af sér; það er *stytt upp*“.
- Rífa í** (orðtak) A. Taka harkalega/snöggt í. „Ég reif í stýrið og náði að sveigja frá hleininni“. B. Um fæðu; hafa mjög sterkt bragð. „Farðu varlega í flöskuna góði; þetta rífur hressilega í“!
- Rífa kjaft/stólpakjaft/rótarkjaft** (orðtök) *Brúka munn*; rífast; *svara uppi*. „Vert þú ekkert að rífa kjaft“.
- Rífa lönguhausu** (orðtak) Geispa mikið og langdregið. „Ég held ég fari bara að *draga mig til kajs*; ég er búinn að vera að rífa lönguhausu í allt kvöld“. Líking við það að rífa í sundur hertan lönguhaus, en það er gert í löngum togum sem geisparnir minna á.
- Rífa ræfil úr svelli** (orðtak) Vinsæll leikur fyrrum, m.a. bæði hjá börnum og vermönnum. Leikmaður leggst endilangur á jörðina og leggur einhvern hlut þar sem hann hefur höfuðið. Rís síðan upp í sömu sporum og áður. Síðan setur hann vinstri hendi aftur fyrir bak en mjakar sér áfram á hægri hendi þar til hann nær hlutum með munninum og stendur síðan upp með hann aftur. Ekki má koma við jörðu nema með fótum og hægri hendi og ekki stíga úr sporunum. Ef það mistekst er ræfillinn enn fastur í svellinu. Sjá *vermannaleikir*.
- Rífa sér ból** (orðtak) Biðjast gistingar; gista; búa um sig. „Mætti ég kannski rífa mér ból hér yfir nóttina“?
- Rífa sig (ofan í rass/rassgat)** (orðtök) *Hella sér yfir*; skammast *óbótaskömmum*. „Það þýðir ekkert að rífa sig ofan í rassgat við strákakvikindin þó þeim hafi *orðið á í messunni*“. „Vertu bara ekkert að rífa þig“!
- Rífa sig upp / Rífa sig á fætur/lappir** (orðtak) A. Fara eldsnemma á fætur; vakna *fyrir allar aldir*. „Ætli við þurfum ekki að rífa okkur upp í fyrramálið til að ná fyrri flæðinni“. Einnig stundum aukið í og talað um að „rífa einhvern upp á rassgatinu“. B. Hressa sig við; verða hressari. „Maður þarf að fara að rífa sig upp úr þessari pest“. C. Um veður; hvessa; versna. „Nú er hann eitthvað að rífa sig upp með vestanátt, sýnist mér“.
- Rífa upp** (orðtak) A. Auka sjó; versna sjólag. „Hann er að rífa upp sveran norðansjó“. B. Taka upp saltfisk sem legið hefur um tíma í salti.
- Rífa til** (orðtak) Tvenn merking. A. Rusla út; fikta (oftast um börn). B. Létta í lofti. „Eitthvað gæti hann nú verið að rífa til í norðurloftið“.
- Rífa upp báru** (orðtak) Um versnandi sjólag; auka báru; auka sjó. „Mér sýnist að hann sé að rífa upp einhverja norðanbáru“.

Rífa upp klittið (orðtak) Losa klitti á gæru frá skrokknum þegar búið er að *hækla* og *rista fyrir*. „Þú mátt ekki gleyma að rífa upp klittið“!

Rífa upp reit/fiskreit (orðtak) Lyfta steinum í *fiskreit* uppúr sandi áður en vertíð hefst. „Þá þurfti að rífa upp alla fiskreiti, en þeir fylltust af sandi á hverjum vetri“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Rífa upp steinbít (orðtak) Skera *steinbít* að endilöngu fyrir herslu. „Steinbíturinn var fluttur kúlaður á garða eða í hjalla. Þar var hann rifinn upp. Það gerðu þeir sem báru hann þangað, með því að taka í sína *kerlinguna* hvor og halda steinbítinum á lofti milli sín og láta fiskinn snúa að sér. Annar hafði hníf í hendi; spretti á roðinu við hnakkann og skar fimlega með oddinum niður eftir hryggnum út í roð og aftur að *marki*. Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem héngu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

Rífa upp sjó (orðtak) Auka ókyrrð í sjólagi. „Hann hefur verið að rífa upp vestansjó með morgninum“.

Rífa úr lofti (orðtak) Ský hverfa af himni með breyttri vindátt. „Ef skýjað var, og reif skyndilega úr suðurlofti svo heiðbirti í hásuðri í stutta stund, var norðan hvassviðri í aðsigi“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir III).

Rífa úr roði (orðtak) Rífa roð af fiski; nýjum, signum eða hertum. Oftast notað um roðflettingu harðfisks.

Rífa þorskhaus (orðtak) Vinna hertan þorskhaus til matar. Meðan þorskhausar voru almennt nýttir til matar voru notaðar sérstakar aðferðir til að rífa þorskhausinn til að nýta hann sem best. Aragrúi nafna var á hinum ýmsu beinum, himnum, fiskvöðvum og öðru (sjá *þorskhaus*).

Rífandi þurrkur (orðtak) Mjög góður þurrkur með sólskini og blæstri. „Það er bara rífandi þurrkur í dag“.

Ríflega (ao) Rúmlega; rösklega; umfram. „Settu ríflega af salti yfir fiskstæðuna“.

Ríflegur (l) Rösklegur; rúmlegur; yfirdrifinn; umfram. „Oddviti drap á það hvort fundurinn vildi ekki samþykkja áskorun til sýslunefndar að veitt yrði það ríflegt framlag til Víknavegar að hægt væri að gera færð fyrir vörubíla milli Gjöggra og Hænuvíkur“ (Gerðabók Rauðas.hr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).

Rífur í (orðtak) Er bragðsterkt/beiskt/rammt. „Farðu varlega í brennivínið hjá karlinum; það rífur í“!

Rígaþorskur (n, kk) Mjög stór þorskur; golþorskur. „Réttu mér gogginn; hér kemur rígaþorskur“.

Rígbinda / Rígfesta (s) Binda/tjóðra mjög vel; *súrra*. „Það er vissara að rígbinda þetta, svo ekki fjúki“.

Rígbundinn / Rígfastur / Ríghertur (l) Súrraður; mjög fast/vel/þétt bundinn/festur. „Við erum nú ekki rígbundnir af því að klára þetta verk í dag“.

Rígfastur (l) *Pikkfastur*; alveg fastur. „Boltinn sat rígfastur í gatinu“.

Rígfullorðinn (l) Mjög gamall/aldaður. „Hann hlýtur að vera orðinn rígfullorðinn, sé hann enn á lífi“.

Ríghalda (s) Halda mjög fast/þétt. „Hann ríghélt sér í vaðinn meðan við slökuðum honum framaf“.

Rígmontinn (l) Mjög hreykinn/montinn. „Þú mátt alveg vera rígmontinn af þessum hrút; hann stendur fyrir sínu“!

Rígnepla (s) Negla mjög vel/þétt.

Rígneglur (l) Mjög vel/þétt neglur. „Hurðin var svo rígneglur aftur að ég ætlaði aldrei að geta opnað“!

Rígsalta (s) Salta mjög mikið; *kakksalta*. „Það má ekki rígsalta bútunginn svona; hann verður bra glerharður“!

Rígsaltaður (l) Mjög mikið saltaður. „Grauturinn má hvorki vera saltlaus né rígsaltaður“.

Rígskorða (s) Skorða mjög vel; stilla vel undir.

Rígskorðaður (l) Skorðaður mjög vel. „Báturinn var dreginn hátt í fjöru og rígskorðaður þar“.

Rígsöltun (n, kvk) Mikil söltun. „Ketíð þolir ekki neina rígsöltun“.

Rígur (n, kk) A. Ósamkomulag; deilur; spenna. „Þarna hefur lengi verið rígur á milli bæja“. B. Stírðleiki; vöðvabólga. „Ég er kominn með hálfgerðan rígg í hálsinn“.

Rígvænt (l) Um sauðfé; vel vænt; mjög vel fram gengið; í góðum holdum.

Ríkari hlýtur að ráða (orðatiltæki) Gegnsæ speki sem vísar til valds höfðingja og ríkisdæmis. Hefur eflaust verið meira notað á tímum höfðingjavalds og kúgunar.

Ríkisubbi (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem þykir ríkur/ vel efnaður.

Ríkisdalur / Dalur (n, kk) Gjaldmiðill í Danaveldi og í Skandinavíu áðurfyrr, eða til 1875 þegar króna var upp tekin. Nefndist ríkisbankadalur eftir hrúnið mikla í byrjun 19. aldar. Ríkisdalurinn danski jafngilti 96 skildingum í lok síns notkunartíma. Tvennskonar ríkisdalir voru í umferð: Kúrantdalur var pappírsmunt en *spesía* var mæld í slilfri; jafngilti 27 gr af því. Til viðmiðunar um verðgildi voru árslaun héraðslækna á bilinu 600 til 1500 ríkisdalir.

Ríkisort / Ríkisort / Ort (n, hk) Mynteining fyrrum í ríkjum Danakóns, og gildi þá einnig á Íslandi. Venjulega ¼ úr ríkisdal, eða 24 skildingar. 5 ríkisort voru í spesíu.

Ríkisráð (n, hk) Æðsta valdastofnun í Noregi og Danmörku fyrr á öldum, ásamt konungi. Ríkisráð í Noregi var arftaki hirðar konungs; fyrst nefnt 1302. Ríkisráðsfyrirkomulagið fluttist til Danmerkur með Kalmarsambandinu 1397. Á árunum 1534-1536 var konungsglaust, og fór þá ríkisráð með hans völd. Á þeim árum sátu í ríkisráði Íslendingarnir og biskuparnir Jón Arason og Ögmundur Pálsson. Með heimastjórn og stjórnarskrá Íslendinga árið 1874 fengu þeir ráðherra í ríkisráði sem nefndist Íslandsráðherra. Ísland fékk svo sitt eigið ríkisráð með sambandslögunum 1918, en í því áttu sæti konungur, ríkisarfi og ráðherra í ráðuneyti Íslands. Kosinn var ríkisstjóri Íslands 1941, og 1944 var lýðveldi formlega stofnað á Íslandi. Ríkisráð Íslands, sem er samráðsfundur forseta með ríkisstjórn, var starfsamt fyrstu árin. Það er enn til samkvæmt stjórnarskrá, en fundir þess eru afar sjaldgæfir í seinni tíð, og nánast formlegheitin ein.

Ríkja (s) A. Um konung/höfðingja; ráða fyrir ríki; stjórna ríki; ráða ríkjum. B. Almennt; vera við líði; tíðkast; vera viðvarandi. „Um þetta mál hefur ríkt helst til mikil þögn“.

Ríkmanlega / Ríkulega (ao) Af góðum efnum; höfðinglega; rausnarlega. „Hann launaði okkur þetta ríkmanlega“. „Þarna var ríkulega veitt“.

Ríkmanlegur / Ríkulegur (l) Líkur því að ríkur/efnaður sé; rausnarlegur; höfðinglegur. „Ekki er nú þetta ríkmanlegur búskapur þykir mér“! „Þetta bar ríkulegan ávöxt“.

Ríkulega (ao) Af rausn/gjafmildi/ríkidæmi. „Í Látrabjargi var afar gott haglendi, þar sem það á annað borð var grasi gróið; enda var það ríkulega áborið af fugladriti“ (PG; Veðmálið).

Ríkur (l) A. Efnaður; vel stæður. B. Með mikið af því sem tiltekið er. „Ég óska ykkur gæfuríks árs“. Ríkur og ríki er dregið af orðstofninum rex sem merkir konungur.

Ríll (n, kk) A. Geldfé. B. Óþjóðalýður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Rílótt (l) Litur á sauðfé. Hvítt með smáum dökkum blettum um skrokkinn. Væri meira, var það *flekkótt*, en fingeraðara/minna var það *spræklótt*.

Rím (n, hk) A. Hljóðlíking orða sem notuð er til að auka hrynjandi og takt í kveðskap. Af því er dregið nafnið ríma, sem er ein tegund kveðskapar. B. Tímatalskerfi. Einkum var orðið notað yfir fyrri tímatalsgreglur og aðferðir til að átta sig á þeim. Til þess var m.a. notað *fingrarím*. Orðtakið að „ruglast í ríminu“ vísar til þess að menn rugluðust í tímatalinu, sem líklega hefur oft borið við fyrir tíð dagatala og klukkna.

Ríma (n, kvk) Tegund kveðskapar. Rímnaháttur hefur tíðkast á Íslandi frá miðöldum og fram á þennan dag, þó Jónasi Hallgrímssyni hafi nokkuð tekist að „kveða þær í kútinn“ á sínum tíma. Rímur eru ortar undir sérstökum bragarháttum sem nefnast rímnahættir. Oftast eru þetta söguljóð, og eru nokkur kvæði í hverri rímu; þær lengstu mikilir rímnabálkar/rímnaflokkar. Oft er breytt um bragarhátt innan rímnabálksins. Oft byrjar ríma á mansöng, þar sem skáldið afsakar vanmátt sinn gagnvart því sem mæra skal og höfðar gjarnan til kvenna. Oft er síðasta vísan kveðin dýrar en hinar fyrri, t.d. með innrími. Gróflega má skipta rímnaháttum í þrjá flokka; ferskeytlu, braghendu (þrjár línur) og afhendingu (tvær línur). Menn lögðu gjarnan á sig að læra fjöldann allan af vísunum, þar á meðal rímur, og var með ólíkindum hvað sumir voru minnugir á slíkt. Af þekktum rímum má nefna Númerímur Sigurðar Breiðfjörð og Andrarímur. Síðasti íbúi Rauðasandshrepps sem vel var kveðandi var Ásgeir Erlendsson á Hvallátrum (1909-1995). Hann kunnir ógrynni ljóða og rímna og kvað rímur undir þeim háttum sem áður tíðkuðust. Af rímum um íbúa Rauðasandshrepps má nefna Rósarímur, sem er rímnaflokkur sem Jón Rafnsson (1899-1980) orti um Rósinkrans Ívarsson í Kirkjuhvammi; gamansamur ýkjukveðskapur. „Sleppi ég ei lífs til lands/ læt ég on' á fljóta/ rímnastúf um Rósinkrans./ Rúnastínatóta“ (JR; Rósarímur).

„Að kveða rímur var algeng verbúðaskemmtun. Ekki lét öllum að kveða en í fjölmönnum verstöðvum voru jafnan góðir kvæðamenn og margir í sumum. Sjálfsgagt þótti að launa kvæðamanni. Var honum þá oft fært kaffi og væn kaka með smjöri og kæfu. Á Brunnum og í Víkum þótti það ekki verið hafa *kvæðavertíð* ef eigi voru kveðnar rímur eftir Sigurð Breiðfjörð og Úlfarsrímur. Svo alræmdur var rímnakveðskapurinn í verum að í Húsagatilskipuninni frá 1746 er m.a. bannað „að fara með svonefndar sögur og rímur er ekki sómi kristni og heilagur andi hryggist við“. Yrði einhver að slíku uppvis átti að setja hann í gapastokk ef hann hefði ekki bætt ráð sitt eftir að hafa verið í eitt skipti aðvaraður. Ekki verður séð að þetta bann hafi breytt sögu- eða rímnavali í verstöðvunum; enda mun fremur hafa veri talið óljóst hvað ekki sómndi kristnum og þá eigi síður hvað gat hryggt heilagan anda! (heimild; LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Ríma (s) Vera í líkingu/takti/samfellu. Líklega almennt notað þannig áður, t.d. um tímatal (sjá *rím*). Nú oftast notað um kveðskap; annað hvort að búa til rímaða vísu eða að láta vísuorð ríma. Mikilvægur þáttur hefðbundinnar vísanagerðar er að láta endaorð ríma; þ.e. hafa líka sérhljóða í áhersluatkvæði. Í ferskeytlu ríma t.d. endaorð 1. og 3. línu og 2. og 4.. Stundum þó öll endaorðin. Sé innrími í vísunni rímar ein kveðan í öllum línunum. Með rími er þó ekki einungis átt við hljóðgerð atkvæða heldur einnig hrynjandi ljóðsins og

áferð. Bragarhættir eru margir og einnig reglur um rím þeirra. „Líður gríma,ljósri brá/ lyftir skímuvaldur./ Sæluvíma þokar þá./ þráðinn rímu finna má“ (JR; Rósarímur).

Rímað (l) Um ljóð/vísu; með *rími*. Ljóð í dag eru ýmist rímuð eða órímuð.

Rímfræði (n, kvk) Þekking á tímatali, ásamt merkisdögum og stjörnufræði sem því tengist. Sjá *rím*.

Rímnabáلكur (n, kk) Samstæða af rínum sama efnis. „Hann þuldi heilu rímnabáلكana án nokkurs hiks“.

Rímnadrusla (n, kvk) Ríma sem kveðin er við sálmalag; gæluheiti á kvæði/rímu. „Allar þær fornsögur sem nú eru prentaðar og boðnar eru til kaups finnast hér; og fleiri enn nú, og mörg kvæði forn og rímnadruslur“ (Séra Gísli Ólafsson í Sauðlauksdal; sóknarlýsing 1840).

Rímnalag (n, hk) Laglína sem ríma er kveðin eftir.

Rímspillir (n, kk) Tímabil í gamla íslenska tímatalinu þar sem allir viðmiðunartímar tengdir misseratímatalinu verða degi seinna vegna þess að *sumarauka* er skotið inn degi síðar en venjulega; oftast á 28 ára fresti. Þetta var gert til að samræma tímatalið náttúrulegum gangi himintungla og árstíða. Rímspillir stendur frá *sumaraukanum* (miðsumri) og fram á hlaupársdag næsta árs. Sjá einnig *tímatal*.

Rísa undir (orðtak) A. Geta lyft/ haldið á lofti. B. Mest notað í líkingamáli; vera fær um; standa undir. „Maður reynir að rísa undir því trausti sem manni er sýnt“.

Rísa upp (orðtak) A. Reisa sig upp úr liggjandi stöðu. B. Lifna við úr dái/dauða. „Dauðir munu upp rísa á hinum efsta degi“. C. Gera uppreisn. „Landsmenn risu upp gegn þessari kúgun“.

Rísa upp á afturfætturna/skottleggina (orðtök) Bregðast illa við; snúast öndverður við. „Það er hætt við að kjósendur rísi upp á skottleggina ef þeir samþykkja svona ólög“!

Rísa upp við dogg (orðtak) Reisa sig upp á olnboga/ til hálfis úr liggjandi stellingu. Doggur var heiti á litlum hákarli og vísar líkingin trúlega til þess þegar hann sveigði sig á botni báts, *nýveiddur*.

Rísa úfar (orðtak) Verður ósætti/misklíð; eykst ófriður. „Einhverjir úfar risu milli landeiganda vegna landamerkja á þessum stað“. Sjá *úfur*.

Rísa úr rekkju (orðtak) Fara á fætur. „Ég reis árla úr rekkju og gáði til veðurs“.

Rísingrjónagrautur (n, kk) Gæluheiti á grjónagraut. „Þetta þykir mér skjólgóður rísingrjónagrautur“.

Rísl (n, hk) Dund; rjál; grams; rask. „Skelfing leiðist mér þetta rísl við pappír alla daga“!

Rísla í (orðtak) Gramsa í; hreyfa við; raska. „Var einhver að rísla í verkfærunum? Ég finn enga skrufsiú“.

Rjá (s) Fást við/um. „Ekki *tjóar* víst um það að rjá þó maður fái pestarfjanda“. „Víst vildi ég hafa betra veður í þetta verk, en það er víst við stóran að rjá um það“. „Það er *ekki um það að rjá*; skóflan finnst hvergi“.

Rjáfur (n, hk) Innanvert risþak. „Hangiketíð var hengt upp í rjáfur kofans“.

Rjál (n, hk) Rísl; dund; gutl; lágvært suð. „Ég held að þetta rjál hans skili ekki miklu“.

Rjála við (orðtak) Fást við; fitla/gutla við; strjúkast stöðugt við. „Hann er að rjála við byssuna“.

Rjátl (n, hk) A. Rölt; umgangur; stefnulaus gangur. „Mér sýndist ég sæi hann á rjåtli hér rétt áðan“. B. Rugl; rutl; heimskulegar/röklausar gerðir; manía. „Ég held það hljóti að vera eitthvað rjátl á ykkur; það þýðir lítið að gá til eggja þegar fuglinn er varla byrjaður að verpa“!

Rjátla (s) A. Rölta; eigra; *rangla*: Ég rjátlaði niður á bakka að gá til reka“. B. Verða alsgáður: „Eitthvað mundi hann slitrótt frá samkomunni þegar rjátlaðist af honum daginn eftir“. C. *Rjála við; rísla í*: „Og ég heyri þá að það er komið inn göngin og það er rjátlað við hurð á herbergi undir gólfinu“ (MG; Látrabjarg).

Rjátlast af (orðtak) A. Batna veiki/pest. „Ég ætla nú að vona að flensufjandinn fari að rjátlast af mér“. B. Renna af; verða edrú; jafna sig; *ná áttum*. „Hann mundi lítið eftir gærkvöldinu þegar rjátlaðist af honum“.

Rjátlast úr (orðtak) Um pest; batna; lagast. „Ég ætla að vona að þetta pestarslen fari að rjátlast úr mér“.

Rjóða (s) Bera á; nudda á. „Rjóðaðu dálitlu jógursmyrslí á eymslin; það mýkir“.

Rjóður (n, hk) Autt svæði innanum tré eða aðrar hindranir.

Rjóður (l) Rauðleitur í andliti. „Við vorum rjóðir í kinnum í kuldanum“.

Rjól (n, hk) Neftóbak í þéttum massa; stundum notað yfir munntóbak. Algengt í notkun áður fyrr, og þá selt í upprúlluðum lengjum sem slitið var af. „„Það verður gott veður framan af deginum að minnsta kosti“ sagði Árni (Dagbjartsson) og snaraði sér fram á stokkinn; fór með hendina niður með rúmbríkinni og náði í rjólbita; stubba utan af honum og beit í, en stakk honum svo niður með bríkinni aftur ... Árni seildist aftur niður með rúmbríkinni; tók upp rjólbitann; dró úr honum tvo toppa; rakti utanaf honum kvartilsbút sem hann skar af og stakk í vasann“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Neyðarástand skapaðist hjá neftóbaksmönnum á árum síðari heimstyrjalda, þegar tók fyrir innflutning rjól frá Danmörku. Þá var gripið til þess að flytja hrátóbak frá

Bandaríkjunum og Kollsvíkingurinn/efnafræðingurinn Trausti Einarsson var fenginn til að búa til skorið neftóbak sem líktist rjólinu frá Bröðrene Braun, sem tóbaksunnendur könnuðust við. Sjá *rulla; skro; tóbak*.

Rjómalband (n, hk) Mjólklönduð rjóma. „Mikið er gott að fá rjómalband útá skyrið“.

Rjómalblíða / Rjómalogn (n, hk) Algjört loagn; *stafalogn; koppalogn; svartalogn; renniblíða*. „Hann er dottinn niður í rjómalogn. „Það er bara ekki hægt að hanga í landi þegar er svona rjómalblíða *útúr öllu*, og fiskur uppi í landsteinum“! „Það er nú einhvernvegin hægt að vera á sjó í svona rjómalblíðu“!

Rjómalbolla (n, kvk lint l) Brauðbolti sem rjómi, og oftast sulta, hefur verið settur innaní. Hefðbundinn réttur nú til dags á bolludaginn. Siðurinn er nýlegur hérlendis, en um 1700 tíðkaðist í Danmörku að borða hveitibollur með mjólk og smjöri á föstuinnanganginum. Sjá *bolludagur*.

Rjómadolla (n, kvk) Ílát undir rjóma. Ekki verður fullyrt hvernig það hefur verið að gerð. Rjómi var fyrrum skilinn þannig úr mjólk að hún var látin standa í trogi og síðan var undanrenninni hellt undan meðan haldið var við rjómann í troginu. Rjómadollan hefur eflaust verið ílát sem rjóminn var geymdur í þar til hann var strokkaður, og þá líklega skilið sig enn betur. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason afi minn smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru *glettilega* fallegir askarnir útskornir. Hornspæmir voru hér ekki algengir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Rjómagulur / Rjómahvítur / Rjómalitur (l) Um lit; hvítur en með gulleitum blæ, líkt og rjómi. „Veggurinn var málaður rjómagulur“.

Rjómakaffi (n, hk) Kaffi með rjóma úti í stað mjólkur. „Það er bara rjómakaffi; flott skal það vera“!

Rjómakanna (n, kvk) Lítil kanna með rjóma, sem borin er á borð.

Rjómaskán (n, kvk) Skán/himna sem leggst ofaná mjólk þegar hún stendur í íláti um tíma. Það á þó ekki við þá fitusprengdu mjólk sem nú er seld til neyslu. Rjómi er léttari en undanrenna, og fyrir daga skilvindna var notuð sú aðferð við mjólkurvinnslu að láta mjólk standa í trogi og skilja sig. Undanrenninni var síðan hellt undan meðan haldið var við rjómaskánina.

Rjómaterta (n, kvk) Lagterta með rjóma á milli laga og ofaná, auk annars til skrauts og bragðbætis. Algengur veislumatur á 20. öld þegar fólk gerði sér dagamun, en hefur vikið í heilsurugli síðari tíma.

Rjómatrog (n, hk) Nauðsynlegt ílát við mjólkurvinnslu fyrr á tímum; áður en skilvindur komu á bæi. Trog gátu verið af ýmsum gerðum, en oft voru þau flöt með hallandi hliðum. Nýmjólk var rennt í trogið og látin standa þar um tíma. Þá skildist hún, þannig að rjómi flaut í skán ofaná en undanrennan var undir, þar sem hún er eðlisþyngri. Þá var troginu hallað meðan haldið var við rjómaskánina með hendi, svo undanrennan rann í annað ílát. Úr rjóma var einkum unnið smjör en úr undanrenninni skyr.

Rjómi (n, kk) Mikilvæg mjólkurafurð; feitari hluti mjólkur. Rjómi var unninn fyrr á tímum bæði úr sauðamjólk og kúamjólk. Mjólkinn var skilin í trogum og rjóminn var einkum nýttur til smjörgerðar. Sjá *smjör*. „Aðalmáltíðin var hangikjöt, og ávaxtagrautur með rjóma útá á eftir“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans).

Rjúfa (s) Taka í sundur; rífa; rifta. „Með kvótasetningunni var rofin sú samfélagssátt sem ríkt hafði um eignarrétt og sjálfbærni jarðeigna“.

Rjúka (s) A. Sjást reykur/gufa. „Það rýkur enn úr kofanum frá síðustu uppkveikju“. B. Kólna. „Kaffið er *snarpheitt*; þú ættir að leyfa því að rjúka áður en þú drekkur það“. C. Flýta sér af stað. „Ég held að ég verði að rjúka núna“. D. Um sjó/sand; fjúka/blása af; feykja úr faldi. „Hann er enn að hvesa; það er farið að rjúka á Leirunum“. „Öll ströndin rauk af brimi...“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978). „En er þeir komu inn undir Látrabjargið var svo hvasst að sjór rauk“ (ÖG; Þokuróður).

Rjúka upp (orðtak) A. Um veður; hvesa skyndilega. „Það er stórstraumur og rjúki hann hastarlega upp af norðan þá veistu hvernig hann er fyrir Blakknum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Ef norðanátt *gekk* skyndilega *niður*, en rauk aftur upp sama sólarhringinn; *uppherðingur*, boðaði það vaxandi norðanátt næstu dægur“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). B. Um skapferli; reiðast snögglega og hreyta fúkyrðum; *fjúka í*. „Ekki veit ég af hverju hann rauk allt í einu svona upp“.

Rjúka upp eins og naðra (orðtak) Snöggreiðast; *fjúka í*. „Þú skalt fara varlega í að spyrja hana út í þetta; hún á *það til* að rjúka upp eins og naðra vegna meiri smámuna“.

Rjúka úr (orðtak) Um þykkju/ósætti; jafna sig; róast. „Hann gat átt það til að *rjúka upp* útaf hinum mestu smámunum, en jafnan var það jafnfljótt að rjúka úr honum aftur“.

Rjúka úr báru (orðtak) Sópa af; feykja sælöðri úr öldufaldi í miklu roki. „Það rýkur úr báru frammi á víkinni“.

Rjúpa (n, kvk) A. Fugltegundin rjúpa; *Lagopus muta/mutus*. Fremur lítill fugl af orraætt; 31-35 cm á lengd. Rjúpan er staðfugl og verpir á heimskautasvæðum á norðurhveli; einkum til heiða. Algengur varpugl í nágrenni Kollsvíkur. Fuglinn skiptir um fjaðurham að hluta þrisvar á ári og breytir litum eftir árstíðum; brún

með svörtum flikrum á sumri og hausti en alhvít með svart stél að vetrarlagi. Í júlí fella rjúpur flug- og stélfjaðrir. Karlfluglinn nefnist karri og hann helgar sér óðal snemma að vori. Kvenfluglinn kemur fáum vikum síðar. Rjúpan verpir að jafnaði 12 eggjum; útungunartími er 3 vikur og ungarnir yfirgefa hreiðrið strax. Fæða rjúpunnar er einkum rjúpnalauf, en einnig kornsúrulaukar, ber, lyng og fleira. Rjúpan var af sumum talinn spáfugl. Ef hún leitar ofan í byggð áhaustin má búast við hinu versta, en ef hún heldur sig hátt í fjöllum veit það á gott. Það veit á illt ef rjúpur eru ólmar að tína, en séu þær spakar veit það á gott. Sitji rjúpur öðrumegin í gili má búast við að hvesi úr þeirri áttinni. Rjúpan hefur alltaf verið alfríðuð í Kollsvík, en víða um land er hún allmikið veidd. Kollsvíkingar hafa jafnan álitnið það jafn fráleitt að veiða rjúpu eins og að veiða spörfugla og vaðfugla. Reyndar er það aldagömul þjóðtrú að ætíð sé sultur og seyra í búi, þar sem mikið er veitt af rjúpum. Þjóðtrúin segir einnig að borði vanfær kona valslegna rjúpu muni barnið fæðast með valbrá. B. Garn- eða bandhnota sem rakið er innanúr. „Hvar setti ég nú garnrjúpuna“?

Rjúpnalauf (n, hk) Blöð *holtasóleyjar* og mikilvæg fæða rjúpu. *Holtasóley* er algeng í Rauðasandshreppi.

Rjúpuegg (n, hk) Egg rjúpunnar. Ljósbrúngræn með dökkbrúnum flikrum, sem er góður felulitur fyrir lyngholtin sem þeim er oft orpið í. Þjóðtrúin segir að borði vanfær kona rjúpuegg verði barið freknótt.

Roð var nýtt á margan hátt áður fyrr. Roð af nýjum fiski var etið með fiskinum. Roð af hertum fiski var stundum steikt á glóð og síðan etið. Roð, uggar, sporðar og þunnildi var látið í skyrog súr. Sumsstaðar var búið til roðastappa úr vel útvötnuðum roðum. „Í Vikum vestur (líklega þó aðeins á Hvallátrum) voru ætíð soðnar fuglsbringur á Þorlákssmessu. Þá var venja að rífa roð af steinbítum; þrifa þau og skafa og sjóða með bringunum. Voru þau þá etin með feitinni sem kom af fuglinum“ (LK; 'sil. sjávarhættir IV; heim; DE). Mikilvægustu not steinbítroðs í Útvikum hafa þó eflaust verið til skógerðar (sjá *roðskór*).

Roða af degi (orðtak) *Birta af degi*; koma morgunroði. „Það var farið að roða af degi þegar ég kom heim úr eggjaferðinni“.

Roðalaus (l) Ekki rjóður/rauður; laus við roða í kinnum/andliti. „Hún (huldufólksstúlkan) er illa búið fötum; andlitið langt, þó nokkuð stórt, en litarfar mórætt og roðalaus“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans).

Roðavika (n, kvk) Síðasta vika vertíðar í Kollsvíkurvei var nefnd því nafni, en þá var vermatan (nestið) farið að ganga mjög til þurrðar. „Eflaust er það gamalt í málinu að síðasta vika vertíðarinnar var nefnd roðavika, og bendir það til þess að þá hafi að mestu verið lifað á fiskmeti, bæði soðnu og þurkuðu“ (KJK; Kollsvíkurvei). „Roðavika var gamalt nafn á síðustu vertíðarvikunni“. (LK; Ísl. sjávarhættir II; frásögn ÓETH). „Oft þrengdist í búi hjá vermönnum er að vertíðarlokum leið, enda var gamalt nafn hjá vermönnum á síðustu vertíðarvikunni. Nefndu þeir hana Roðaviku“. (PJ; Barðstrendingabók). „Áður en skipt var voru tekin frá tvö stærstu *rafabeltin*, svokölluð *skiptabelti* sökum þess að þau voru skorin í sundur og þeim deilt á milli áhafnarinnar. Fékk hver skipverji eina *skiptabeltissneið* og vænan *riklingsbita*. Slíkur skammtur þótti koma sér vel í lok roðavikunnar. Skipverjar settust síðan allir að snæðingi. Þess er getið að sumir hafi verið svo lystugir að þeir hafi étið smjör með skiptabeltissneiðinni sinni. Að síðustu var hitað kaffi og sjaldan mun þá brennivinstár hafa brostið til að sæta með soðið“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; eftir ÓETH og ÞJ).

Roðbeita / Oddbeita / Bugbeita (s) Aðferðir við beitningu á handfæraveiðum. „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri oddbeittur. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Roðbeita / Roðkrækja (s) Aðferð við beitningu, með fiskmeti sem agn; krækja önglinum í gegnum fisk og roð. Þannig helst beitan mjög vel á önglinum, en hinsvegar er erfðara að afbeita heldur en ef einungis er stungið í gegnum fiskholdið. Því vildu t.d. bandarískir lúðuveiðimenn hér við land ekki roðkrækja fiskbeitu á lúðulóðir sínar. „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri *oddbeittur*. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Sjá einnig *beita*; *oddbeita*; *bugbeita*.

Roðbreiða (s) Breiða fisk til þerris þannig að roðið snúi niður. „Fyrrum var algengast að herða kringluhausa á mól, klöppum eða fiskgörðum. Þeir voru þá fyrst roðbreiddir, en eftir að hafa spýtt sjónum og visast eilítið var þeim snúið (sjá *þorskhaus*) (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Roðdraga (s) Um fisk; rífa úr roði; ná roði af fiski. Oftar talað um að *rífa úr roði*.

Roðfletja (s) Fletja fisk á rangan hátt, þannig að sjái í roðið og fiskur fylgi dálki (sjá *flatning fisks*).

Roðhænsn (n, hk) Bjáni; vitleysingur; auli. „Þetta er nú meira roðhænsnið; og býður sig fram til þings“!

Roði (n, kk) Rauður litur; roðmi. „Þessu fylgdi nokkur bólga og roði á húð“. „Svo rís hún á fætur og roða slær fjöll/ sá roðmi er skínandi fagur./ Og landið mitt verður að himneskri höll./ en hikandi um allt rennur dagur./ Þeim helgifrið raskað ei annar fær enn/ en ástmögur sólar, er dag kalla menn“ (VÖe; Ísland).

Roðmegringur (n, kk) Stór og magur þorskur. (LK; Ísl. sjávarhættir; heimild; GG).

Roðmi (n, kk) Rauður litur á húð. „Ég fékk töluverðan roðma í sólinni“.

Roðskera (s) Skera of djúpt í aðgerð á fiski, þannig að gangi í gegnum roðið. Þótti argur klaufaskapur.

Roðskóa leið (orðtak) Mælieining um lengd fjallvega: Í Útvíkum var talað um að fjallvegur væri *svo og svo* margra roðskóa leið; eftir því hve ætla þyrfti mörg pör af roðskóm til göngunnar. Roðskór entust stutt í því grýtta landslagi sem þarna er. „Víkna fjall, frá Kollvík að Naustabrekku, var talið 7 roðskóa leið; Látraheiði var 6 roðskóa leið; Tunguheiði frá Kollsvík í Örlygshöfn var fjögurra roðskóa leið; Hafnarfjall, frá Breiðuvík í Örlygshöfn sama, og einnig Hnjótsheiði, frá Hnjóti að Naustabrekku“.

Roðskóasaumur (n, kk) Gerð roðskóa (sjá þar).

Roðskór (n, kvk, fto) Skór úr steinbítroði. Roðskór voru algengir í Útvíkum fyrr á tímum og var gerð þeirra kölluð að *reka í roðskó*. Þeir voru ekki endingargóðir á grýttum gönguleiðum, síst í bleytu. Á fjallvegi þyrfti nokkur skópör og voru vegalengdir þeirra mældar í fjölda skópára (sjá *roðskóa leið*). En hráefnið var tiltækt og framleiðslan tiltölulega einföld. „Þegar steinbítur var *fleginn*, þ.e. rífið af honum roðið svo það mætti nýta í skó, var *kerling*, ásamt *kerlingarugga* og *kerlingarfiski* rist af. Síðan var skorin smáfjöldur uppi við sárið kviðarmegin í helmingnum og í broddi hennar fundin himna sem yrði laus við roðið en föst við fiskinn og héldi kúlunum saman. Hét það að *taka uppundir*. Ef það var ekki gert nægilega vel gekk illa að flá. Þegar kom afturundir gotraufina þótti vissara að *skera* þar fyrir, því að oft vildi rifna þar um. Hvorum roðhelmingi til skógerðar fylgdi kerlingin“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÖETh). „Þegar taka átti roð af nýjum steinbít var hann hengdur upp á nagla í gegnum augun. Skorið var fyrir eyrugganum þvert yfir fiskinn, svo hann fylgdi roðinu. Með jöfnu átaki var roðinu flett af, en það skiptist í tvennt um bakuggann. Því næst voru eyruggarnir skornir frá roðinu. *Slógmeri* var flegin á sama hátt, en þá fylgdi roðið kvíðnum. En af hörðum steinbít var ekki unnt að fá roð í skó nema hann væri *kúlaður*. Slíkt roð var ávallt bleytt upp áður en það var sniðið í skó. Roði var flett af saltaða steinbítum eftir *afvötnun*. Best þótti roðið af *úlfsteinbít*, þar sem úr því var hægt að fá efni í fjóra skó/ tvenn pör. Fremri hlutinn fór í fullorðinsskó en sá aftari; *dyllan*, í minniskó; *dylluskó*. Úr meðalroði var yfirleitt hægt að fá tvenn unglingskæði. Roð af hertum kúlusteinbít þótti endast betur en af nýjum eða söltuðum. Úr framhluta roðsins fengust fallegri skór en úr dyllunni. Þá rifnaði síður út úr *varpinu* á skó úr *hnakkaroði* en *dylluroði*. Tvær gerðir voru af roðskóm. Á annarri voru þeir saumaðir saman í tá og hæl, en á hinna var aðeins saumur á tanni, en *þvengjað* í hæl, og var það algengara. Við *roðskóasaum* var notuð þristrend nál og saumgarnið var togþráður. Var það með *þvengjanál*; skórin dreginn saman með þvengnum, sem ýmist var úr roði eða lamskinni; honum vafið tvisvar um legginn og hnýtt að. Sumir stungu tvö spor sitt hvoru megin við tásauminn /gerðu *tábragð* og í þau var þvengurinn dreginn. Vörp voru talin haldast betur á skóm með tábragði. Unglingar gerðu sína eigin skó. Sá kostur var við roðskóna að þeir voru léttir; hörðnuðu ekki; hlýir; mjög þægilegir í frosti og mjúkum snjó; féllu vel að fæti svo lítið fór ofan í þá. Ókostur var hve þeir voru endingarlitlir og þoldu illa *slabb*. Kvenfólk notaði roðskó innvið að vetri til og á töðuvelli á sumrum, en kalmenn mest í snjó á vetrum. Ef farin var löng bæjarleið var venja að hafa með sér mörg pör af roðskóm; þeim slitnu var fleygt en þvengirnir hirtir. Skór úr hlýraroði þóttu fallegri en úr steinbítroði. Um 1910 var hætt að gera skó úr roði, a.m.k. í Útvíkum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir m.a. GG; EÓ; ÁE; ÞJ o.fl.)

Roðpurr (l) Um fisk sem hengdur hefur verið upp til signingar/herslu; roð farið að þorna en fiskur lítt sem ekki. „Það er í það fyrsta að sjóða signa fiskinn; hann er rétt orðinn roðpurr“.

Rof (n, hk) A. Eyða í þoku eða annað dimmviðri. „Ég held að það sé að koma eitthvað rof í þetta. Það er farið að sjást milli húsa“. Sjá *upprof*. B. Gamalt torf eða annað byggingarefni torfhúsa sem stundum mátti nýta að nýju. Þetta virðist vera hin upphaflega merking orðsins og hún hélst lengi í Kollsvík. C. Jarðvegsrof; sambandsslit o.þ.h. (síðari tíma merking). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). D. Slitið það sem annars er samfella. „Eitthvað rof varð á greiðslum meðan hann átti í þessum erfiðleikum“. Sjá *reka í rof*.

Rof í lofti (orðtak) Sér í heiðan himinn, en annars allnokkuð skýjað. „Það er bara rof í lofti! Skyldi hann ætla að rífa þetta alveg af sér í dag“?

Rofa frá (orðtak) Um þoku; léttu til; grisja. „Ég sá Blakknibbuna þegar aðeins rofaði frá um tíma“.

Rofa fyrir / Rofa (orðtak/s) Um sólfar: *Móa fyrir*; skína gegnum ský; léttu til. „Eitthvað er að léttu upp. Mér sýnist að það sé farið að rofa fyrir sólu“. „Aðeins er hann að byrja að rofa“.

Rofa fyrir sól (orðtak) Gera sólskin eftir ríkjandi dimmviðri. „Hann létti til með morgninum, og um hádegði fór að rofa fyrir sól“.

Rofa í (orðtak) Birta/léttu til. „Um tíma var élið svo þétt að ekkert sást, en síðan rofaði aðeins í“.

Rofa til (orðtak) Birtir eftir dimmviðri/úrkomu. „Eitthvað held ég að hann sé að fara að rofa til“. „Er þeir höfðu siglt svo um tíma rofaði til, og voru þeir þá komnir nálægt landi í Kollsvík“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Rofabarð (n, hk) Barð sem rofið er af vindi eða vatni í jaðri/jöðrum en gróið að öðru leyti. Mikið er um rofabarð í Kollsvík, þar sem uppblástur skeljasands vinnur á þeim norðanmegin.

- Roga** (s) Bisa; lyfta/færa með erfiðismunum. „Okkur tókst að roga endanum á trénu upp í bakkana“.
- Rogast með** (orðtak) *Bisa við*; bera eitthvað þungt. „Menn roguðust með ótrúlega þunga steina í hleðslur“.
- Rogginn** (l) Hreykinn; góður með sig. „Það er nú í lagi að vera dálítið rogginn með svona einkunnir“. „Þegar í land kom var ég hinn rognasti og lét í ljós við jafnaldra mína að þetta hefði verið hin mesta glæfraför“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).
- Rogginn með sig** (orðtak) Rogginn; hreykinn; *góður með sig*. „Hann var *heldur betur* rogginn með sig þegar hann sýndi lúðuna“.
- Rok** (n, hk) Mikið hvassviðri; rýkur úr öldu. „...rokið var svo mikið að þessi litla handbyssa dró ekki þetta langt á móti.“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Oft notað með lýsingarorði; *öskrandi rok*; *hvinandi rok*; *hávaðarok* o.fl.
- Roka** (n, kvk) Öflug vindhviða; hvass *bylur*. „Hann gengur á með bölvuðum rokum en *dúrar* aðeins á milli“.
- Rokbelgingur** (n, kk) Viðvarandi rok. „Það er sami rokbelgingurinn og var“!
- Rokbylur / Rokhnútur / Rokhviða** (n, kk/kvk) Öflug vindhviða/roka; vindhnútur. „Hann gekk á með rokbyljum“. „Á þessari leið er Brunnanúpur, en fram af honum er í þessari átt hætt við misvindi og rokhnútum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Rokgræða** (s) Græða/þéna/hagnast mjög mikið. „Hann rokgræddi á þessum viðskiptum“.
- Rokhvass** (l) Bálhvass; mjög hvass; farið að rjúka úr báru. „Hann er að verða rokhvass núna“.
- Rokhvessa** (s) Verða rokhvass. „Hann var farinn að rokhvessa þegar við *komum uppáð*“.
- Rokinn** (l) Farinn; hlaupinn. „Ertu bara rokinn strax; án þess að fá þér kaffi“?
- Rokk** (n, hk) A. Rugg; ið til og frá; hreyfing fram og til baka. „Það er þetta eilífa rokk í veðrinu; skúrafjandar annan daginn en sæmilega þurrt hinn“! B. Síðari tíma notkun yfir sérstaka tónlistarstefnu.
- Rokka** (s) A. Sveiflast til og frá; rugga. Vertu nú ekki að rokka þér á stólnum“. B. Færast úr einni vindátt í aðra: „Hann hefur verið að rokka svona síðustu dagana; úr norðanþurrkflæsu í austnorðan með vætu“.
- Rokkadrejari** (n, kk) Rennismiður sem smíðar m.a. rokka; stundar **rokkasmíði** (n, kvk) „Í föðurætt minni hafa verið góðir smíðir, mann fram af manni. T.d. var það Árni Jónsson, bróðir Gunnlaug langafa míns; í skráðum heimildum nefndur Árni rokkadrejari. Þessi rokkasmíði hélt nokkuð í ættinni, þú manst eftir öllum rokkunum sem hann pabbi smíðaði, ég held ég megi segja af snilld“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Tökuorð; finnst ekki í orðabókum.
- Rokkur** (n, kk) A. Verkfæri til að spinna lopa í band. Sjá *tóvinna*. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Líkingamál um vél; „Bölvuð óþægð er nú í rokknum; hann vill bara alls ekki í gang“! C. Líkingamál um mann sem þykir óáreiðanlegur; óstöðugur í rásinni. „Hvað þykist hann nú *ætlast fyrir*; *bannsettur* rokkurinn“!?
- Rokmökkur** (n, kk) Mökkur efnis/móstu sem fokið hefur upp í roki. „Rokmökkurinn af Leirunum var stundum svomikill að varla sást milli Láganúps og Stekkjarmels“.
- Rokna** (l) Svaka; heljar; býsna. „Hann rak upp rokna hlátur“. „Þetta eru rokna miklir golþorskar“.
- Roknabasl** (n, hk) Mikil vandræði; miklir erfiðleikar; *heljarbasl*. „Ég lenti í roknabasli með að halda fjárhópnum á götunni; margar vildu *taka sig útúr* og leita á brekkuna“.
- Roknabrim** (n, hk) Mjög mikið brim; *rótarbrim*. „Það er hætt við að netin verði féleg eftir svona roknabrim“!
- Roknadrellir** (n, kk) Mjög stór hlutur/skepna. „Nokkrir steinar hafa hrunið á veginn; einn þeirra roknadrellir sem verður ekki hreyfður svo glatt“.
- Roknahögg** (n, hk) Mjög þungt högg. „Ég sló roknahögg í vegginn með sleggjunni, en hann lét sig ekki“.
- Roknakjafstur** (n, kk) Stólpakjafstur; mikð/hávært rifildi. „Hann reif bara þennan roknakjafst og sagðist aldrei hafa fengið vasahnífinn lánaðan“!
- Roknamikill / Roknastór** (l) Mjög/afar mikill; *firnamikill*. „Þarna var rekinn roknamikill hvalur“.
- Roknaskammir** (n, kvk, fto) *Óbótaskammir*; mjög miklar ávitur. „Hann fékk þvílíkar roknaskammir fyrir að gleyma aðalerindinu“.
- Rokrassgat** (n, hk) Vinda-/næðingssamur staður; rokrass. „Alltaf er þarna sama rokrassgatið“.
- Rokseljast** (s) Seljast mjög vel; vera seldur í miklu magni. „Eitthvað ætti það að hækka hrognaverðið ef hrognin eru farin að rokseljast útum allan heim“.
- Roksperringur** (n, kk) Mikið *rok*; *vindsperringur*; *stormsperringur*. „Skárri er það nú roksperringurinn“!
- Rokspretta** (n, kvk) Mikil spretta gróðurs. „Það er rokspretta í arfanum eftir að ég bar skít í garðinn“.

- Rokspretta** (s) Spretta mjög vel; vera í örum vexti. „Sléttan er farin að rokspretta eftir að rekjan kom“.
- Roksveljandi** (n, kk) Mjög hvasst; mikill næðingur. „Hann ætlar seint að lægja þennan roksveljanda“.
- Rola** (n, kvk) Ráfa; heigull; gauð; gunga. „Dauðans rola getur maðurinn verið; að láta traðka svona á sér“!
- Rolast** (s) Hangsa; *gaufa*; dveljast. „...svo ég verð ein að rolast með þessum körlun, hver veit hve lengi“.
Frásögn Maríu Torfadóttur (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Rolla** (n, kvk) A. Ær; kind. Rolla var yfirleitt ekki notað nema í neikvæðri/niðrandi merkingu fyrrum þó nú sé það breytt. Fremur var notað „ær“ um kindur almennt, en „kind“ um einstakar ær. „Við vorum berlappaðir og rollurnar voru tregar til að hreyfa sig“ (IG; Æskuminningar). B. Löng ræða; langur texti. „Hann flutti langa og leiðinlega rollu, svo ég held að flestir hafi verið farnir að dotta í lokin“.
- Rollingur** (n, kk, lint l) Strákhnokki; drengstauli. „Ég læt rollingana standa fyrir við réttina“.
- Rollufans** (n, kk) Fjárhópur; oftast notað um hóp af túnrollum. „Það er þá kominn inná þessi árans rollufans, eina ferðina enn; það verður nú að fara að finna leiðina þeirra“! Einnig *túnrollufans*.
- Rollubykkja / Rollufjandi / Rollufrenja / Rollurass / Rollustirra** (n, kk) Niðrandi heiti á kind; stundum hreytt um áleitna og pirrandi *túnrollu*. „É'ld þessi rollubykkja tóri nú ekki lengur en framá haustið“! „Skyldi rollufjandinn enn láta sig vaða undir girðinguna? Þá er að ná henni áður en hún hefur færi á að *líta niður*“.
- Rolluhópur** (n, kk) Fjárhópur; kindahópur. „Þarna stefnir einhver rolluhópur upp í hlíðina“.
- Rollukvikindi** (n, hk) Niðrandi, en þó stundum vorkennandi heiti á kind. „Ég nennti ekki að eltast við þessi fáu rollukvikindi lengst frammí í Dalbrekkum; mérsýndist þær ekki vera í mikilli ull“.
- Rollulaust** (l) Fjárlost; án kinda. „Ég held að þetta svæði megi núna teljast rollulaust, en hinsvegar gætu einhverjar leynst enn í lautum hér utar“.
- Rolluskjáta / Rollurass / Rolluskita** (n, kvk) Gæluheiti á kind. „Það eru einhverjar rolluskjátu ókomnar heim úr fjörunni“.
- Rollulátur** (n, hk) Slátur af fullorðnu (fé). „Ég held ég sé ekkert að taka heim þetta rollulátur núna“.
- Rollustagur** (n, kk) Fjöldi af kindum/rollum; fjárhópur. „Það er þá rollustagurinn í túninu; rétt einn ganginn“!
- Rollustúss** (n, hk) Vinna/basl/snúningar við kindur/rollur/fé. „Ætli það verði ekki að sinna þessu rollustússi“.
- Rolugangur / Roluháttur / Roluskapur** (n, kk) Aumingjaskapur; *gunguháttur*; *linka*.
- Rolulegur** (l) Aumingjalegur; linur; væskilslegur. „Skelfing getur hann verið rolulegur“!
- Romsa** (n, kvk) Þula; langloka. „Skárri er það nú andskotans romsan sem vellur uppúr karlinum“!
- Romsa** (s) Þylja; fara með langloku; bulla. „Ég fylgdist nú ekki vel með hvað hann var að romsa“.
- Romsa uppúr/úr sér** (orðtak) Þylja upp; segja viðstöðulaust frá. „Þrátt fyrir sína vankanta var karlinn furðu *minnugur*. Hann gat romsað uppúr sér kosningaúrslitum frá lýðveldisstofnun; nærri því upp á atkvæði“.
- Rontulegur** (l) Laslegur; slappur; illa fyrirkallaður. „Maður er enn fjái rontulegur eftir pestina“.
- Roluháttur** (n, kk) Aulaskapur; aumingjadómur. „Skelfingar roluháttur er þetta í manngarminum“.
- Ropa** (s) A. Sleppa lofti uppúr maga, með sérkennilegu korrandi hljóði. Þykja ekki góðir mannsiðir ef heyrst í fjölmenni. B. Um rjúpu; gefa frá sér korrandi hljóð. Getur einnig heyrst í fleiri dýrum, s.s. fiskum.
- Ropa uppúr sér** (orðtak) Segja frá; upplýsa um; *anda um*. „Hann hefði nú mátt ropa því uppúr sér að það væri að verða saltlaust“!
- Ropvatn** (n, hk) Heiti á gosdrykkjum, notað af þeim sem lítt kunnu að meta þegar þeir komu fyrst á markað. „Hafðirðu ekkert með til drykkjar í róðurinn en þetta ansvítans ropvatn“.
- Rorra** (s) Vera valtur; róa í sætinu. „Hún er farin að rorra í stólnum og bíður eftir að komast af stað“.
- Rorrandi** (ao) Róandi; hangandi. „Hann sat þarna rorrandi og þvældi einhverja fyllerísendaleyasu“.
- Rosabaugur** (n, kk) Hringur kringum sólina í vissum veðurskilyrðum; ljósbrot í blikuskýjum í háloftum. Þótti vera fyrirboði um versnandi veðráttu og óþurrkatið; *rosa*. Þóttust menn geta greint hvað langt væri í rosann eftir því hve hringurinn var víður um sólina. Sjá *blæs út sólin*. „Hnyklaði himinský/ hryllti hvern meðaldraug./ Máninn öslaði í/ illspáum rosabaug./ Allskonar fjandafeikn/ fóru helreið um land./ Loguðu í ljósi teikn/ lýstu upp Rauðasand“ (JR; Rósarímur).
- Rosabullur** (n, kvk, fto) Gæluheiti á stígvélum. Hvorkiki gamalt í málinu, né almennt notað.
- Rosalega** (ao) A. Fyrri tíma merking; svakalega; ógnvænlega; gapalega. „Farðu ekki svona rosalega með hnífinn“! B. Síðari tíma merking; mjög; afar; mikið. „Mig langar rosalega í þetta“.

- Rosalegur** (l) A. Um veðurútlit; ljótur; útlit fyrir rosa/óveður/óþurrk. „Ári finnst mér hann rosalegur í vesturloftinu“. B. Svakalegur; ógnvekjandi; hrikalegur. „Mér finnst hann rosalegur gapi í klettum“.
- Rosi / Rosatíð / Rosaveður** (n, kk/hk) Mjög slæm tíð fyrir þau verk sem vinna þurfti. Gat átt við þrálátar rigningar yfir heyskapartímann eða þráláta norðanátt og brim yfir vertíðartíma.
- Roskinn** (l) Aldraður; fullorðinn; gamall. „... má geta þess að tveir rosknir bændur gengu í fjelagið þegar það var stofnað“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).
- Rostafenginn** (l) *Glorralegur*; svakalegur; ruddalegur. „Hann er stundum heldur rostafenginn við strákana“.
- Rostaskapur** (n, kk) Ruddaskapur; *hávaðaskammir*. „Hættu nú þessum bölvuðum rostaskap“!
- Rosti** (n, kk) A. *Gorgeir*; *merkilegheit*. „Ég ætla að veita honum ærlegt tiltal. Það ætti að lækka í honum rostann“. B. Erfitt tíðarfar; kuldi og hvassviðri; rok. „Skyldi hann ekki fara að lina þennan eilífðar rosta“?
- Rot** (n, hk) A. Rotnun; fúi; grotnun. „Hér er komið rot í húðina“. B. Meðvitundarleysi; vönkun; víma. „Hann var sleginn í rot á þorablóttinu“. „Hann var að vakna úr totinu eftir fylliri“.
- Rota** (s) A. Ýlda; láta lífrænt efni rotna; láta hár rotna af húð fyrir sútnun. B. Slá í rot; slá til dauðs/meðvitundarleysis.
- Rota jólin** (orðtak) Gera sérlega vel við sig í mat; borða óvanalega mikið. Var áður notað um veisluhöld á þrettándaðanum.
- Rota köttinn** (orðtak) Um veiðiskap; fá óvanalega mikla veiði; afla afburða vel.
- Rota rjúpur** (orðtak) Dotta sitjandi, þannig að höfuðið fellur öðruhvora niður á bringu; dotta þannig að einstöku hrota heyrir. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Rotari** (n, kk) Kylfa/hnallur til að rota skepnu. Rotari er mikilvægt áhald þegar stenibítur er veiddur á skaki, og því var hnakki goggs oft útbúinn sem slíkur; gjarnan með hvalbeinsgildingu.
- Rotblettur / Rotskella** (n, kk) Blettur þar sem rot hefur myndast á einhverju lífrænu; t.d. skinni, viði eða túni (kalblettur).
- Rothbyssa** (n, kvk) Pinnabyssa; byssa ætluð til slátrunar búfjár, með pinna sem hleypt er fram með púðurskoti“.
- Rothögg** (n, hk) A. Högg sem veldur roti/meðvitundarleysi/dauða. B. Líkingamál um áfall sem gengur nærri manneskju, byggðarlagi, atvinnugrein eða öðru. „Það var rothögg fyrir kúabúskap í Kollsvík þegar mjólkurvinnsla á Patreksfirði var lögð niður“.
- Rotinn** (l) A. Fúinn; úldinn; skemmdur. B. Líkingamál um aðfinnsluverðan málátilbúnað; misferli.
- Rotinpúra** (n, kvk) Gæluorð um þann sem er gugginn og grár. „Maður er bara bölvuð rotinpúra eftir pestina“.
- Rotinpúrulegur** (l) Gugginn; föllur. „Óttalega ertu eitthvað rotinpúrulegur geyið mitt; ertu með hita?“
- Rotna** (s) Grotna; fúna; úldna; skemmast; mygla. „Þá var eitt skylduverkið að keyra fiskslorið í kerru úr Verinu og heim að Laganúpi. Þar var það látið rotna í tunnu og síðan var það blandað með vatni og notað sem áburður“ (IG; Æskuminningar).
- Rotpyttur** (n, kk) *Fúafen*; *drulludý*. „Sortaugu voru rotpyttir, en horfnir nú þar sem búið er að grafa. Þar var sorta tekin til litunar og þótti góð“ (ÍÍ; Örn.skrá Grafar).
- Rotta** (n, kvk) Miðlungsstór nagdýr, nokkru stærri en mús. Tvær tegundir af rottum finnast á Íslandi í dag; svartrottur (*Rattus rattus*) og brúnrottur (*Rattus norvegicus*), en þær síðarnefndu eru algengari. Brúnrottur varð fyrst vart hérlendis á 18.öld, en breiddist lítið út fyrir en á þeirri 19. Rottur kunna best við sig í holræsum og á ruslahaugum, þar sem nóg er um rotnandi æti. Þær eru nagdýr; éta það sem tönn á festir og eru ötular í að naga og skemma. Rottur eru með óvinsælli dýrum og hafa slæmt orð á sér. Þykir mikilvægt að ráða niðurlögum þeirra með öllu móti. Rottur, eða flær sem á þeim lifa, geta borið sjúkdóma og er talið að með þeim hafi svartidaudi borist út.
- Rotta sig saman** (orðtak) Hafa samráð; ráðgast við. Líklega nýlegt orðtak.
- Rottueitur** (n, hk) Eitur til að drepa rottur og ráða niðurlögum rottuþlágum; ofast eittrað maískorn. Rottueitri var útbýtt af oddvita sveitarinnar til þeirra sem með þurftu.
- Rotvarnarefni** (n, hk) Efni til að verja rotnun í efni/mat. „Blásteinn var fluttur inn í föstu formi, en síðan leystur upp með vatni og notaður sem rotvarnarefni“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Rotta sig saman** (orðtak) Bindast samtökum; hópast. Oftast notað í niðrandi merkingu, og líklega ekki gamalt.
- Ró** (n, kvk) A. Kyrrð; hæglati; friðsemd. „Hér er allt með ró og spekt“. B. Svefn. „Ætli maður fari ekki að koma sér í ró“. C. Læsing/mótstykki á skrúfnagla/maskinubolta, með skrúfgangi í gati. D. Völur; málmþynna sem myndast framan á eggjárnnum sem t.d. hefur verið brýnt of mikið. „Hér hefur myndast ró á ljánum“.

Róa (s) A. Að koma báti áfram með áratogum. „Farið var róandi því Svalan var árabátur“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). B. Fara í sjóferð. „Fyrst þegar ég man eftir mér reru héðan ekki nema heimamenn“ (GG; Lesbók Þjóðv.). „Magðalena Össurardóttir var 3 vor í Verinu og kvaðst heldur vilja gera það en vinna bæjarverkin. Hún var um fermingu þegar hún byrjaði í Verinu. Guðný Ólafsdóttir, Ásbörnssonar bónda á Láganúpi, reri ung með föður sínum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). C. Um egg á eggjarni; brýna egg svo mikið á á henni myndist ró/völur, sem er þynna sem auðveldlega leggst flöt og tekur bit úr eggjarninu. „Gættu þess að róa ekki eggina“! D. Stilla; lægja æsing/ofsa/skelfingu. „Hann róaðist þegar ég sagðist sjá til þeirra frammi á Hjöllum“.

Róa (hval/hákarl/reka) að landi (orðtak) Draga í land með róðrabáti. „Einar lét róa hvalinn á land í Láturðal“.

Róa að (einhverju) öllum árum / Róa öllum árum að því að... (orðtak) Vinna ötullega að; gera/vinna allt til. „Þeir róa að því öllum árum að koma honum í framboð“. Líking úr sjómanna máli.

Róa alskipa (orðtak) Róa öllum haffærum bátum. „Þá var róid alskipa frá Látrum“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látamanna).

Róa á borð með (einhverjum) / Róa á sama borð og (einhver) (orðtak) A. Róa sömu megin í báti og annar. B Líkingamál; vera sammála.

Róa á bæði borð / Róa á tvær árar (orðtak) Sjómennska; um það þegar einn maður rær á bæði borð. Hitt lagið var að tvímenna á þóftu og þá reri hver á sitt borð. „Svo reri hann á tvær árar framí en sagði mér að vera í barkanum...“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvei; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004).

Róa bakföllum (orðtak) Taka bakföll; róa þannig að maður hallar sér mjög aftur í enda áratogs.

Róa eggina (orðtak) Brýna eggjárn rangt/of mikið, þannig að örþunn málmhimna, ró, myndist sem leggst til hliðar og hindrar bitið. „Gættu þess að brýna hæfilega mikið; að róa ekki eggina“.

Róa einhendis/tvfhendis (orðtak) Róa með einni eða tveimur höndum á sama árahlumnum. Þegar sami maður reri á bæði borð varð hann auðvitað að róa einhendis.

Róa einni ár að (einhverju) (orðtak) Gera með *hangandi hendi*; vinna ekki markvisst/ötullega að. Líking við það að reyna að koma bát áfram með einni ár, sem gengur mun seinlegar en sé róid á bæði borð.

Róa fram í gráðið (orðtak) Sitja og rugga efri hluta bolsins fram og til baka. Líkingamál við að róa til sjóar, en gráð merkir þarna ölduvottur á sjó. „Hún sat á rúmstokknum; reri fram í gráðið og söng *fyrir munn* sér“.

Róa fyrir hlessum (orðtak) Róa í land úr leguróðri með hákarla á tampi (utanborðs).

Róa fyrir seil (orðtak) Róa með seil af fiski utanborðs. Í miklum sjógangi var stundum gripið til þess að létta bátinn með því að seila aflann út og láta bátinn draga seilina. Einungis mun það hafa verið gert á lensi/undanhaldi eða við landtöku.

Róa hval í/á land (orðtak) Draga hval í land með árabáti. „Í annál 19. aldar árið 1802 segir svo: „Um vorið fundu sjómenn í Kollsvík hvalskrokk á sjó, beinlausan, er þeir hugðu drepist hafa í ís; var hann róinn á Bæjarkirkjuland og voru á honum 200 vættir““ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Róa í aðtakið/flæðina/brestinn (orðtak) Um sjósókn; fara í róður þegar byrjað er að falla að/flæða. Mikilvægt er, einkum þegar róid er á árum, að haga róðrum þannig að straumur liggi með og létti róðurinn. Eins var hillst til þess að komið væri á miðin fyrir snúninginn/fallaskiptin, því þá *gefur* fiskur *sig* jafnan betur *til*.

Róa í samlagi (orðtak) Þegar menn fara í róður á einum báti, sem allajafna tilheyrja öðrum áhöfnum. „Ekki var það alltaf á sama tíma sem flutt var í verið. Réði því oft veðráttu og fiskigengd á grunnmið. Oftast voru heimamenn búnir að róa nokkra róðra í samlögum, því hásetar þeirra voru oft lengra að“ (KJK; Kollsvíkurvei).

Róa í spikinu (orðtak) Vera akfeitur/silspikaður. „Þessi *burgeis* sem rær í spikinu þykist vita hvað fátækt er“!

Róa kipp / Róa snertu (orðtak) Um veiðiskap; *kippa*; *kippa á*; róa/sigla bát stuttan spöl til að vinna gegn því sem hann hefur rekið.

Róa langan og seinan (orðtak) Um róðrarlag; tvíhnykkislag; róa þannig að hnykkt er tvisvar á í sama áratoginu. Var stundum viðhaft í lygnum sjó.

Róa með hvolpa (orðtak) Um róðrarlag; róa þannig að olnbogum sé haldið frá síðunum. Þótti ljótt og lint róðrarlag; líking við að maður hafi sinn hvolpinn undir hvorri hönd.

Róa rimbu (orðtak) (líkl.) Barni skemmt með því að það situr og rær á hnjám fullorðins; gjarnan kveðin vísa í takt við þetta. Orðtakið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Róa sér (orðtak) Rugga sér; róa fram í gráðið. „Vertu nú ekki að róa þér á stólgarminum“!

Róa skerping (orðtak) Um róðrarlag; róa kröftuglega; taka hraustlega á við róður.

Róa/sækja stíft (orðtök) Sækja sjó/ róa af kappi; vera ákafur í sjósókn.

Róa til fiskjar (orðtak) Fara í veiðiferð; fara í *fiskiróður*. „Frá Kollsvík hefur líklega verið róið til fiskjar allt frá landnámstíð. Líkur benda til að þar hafi verið ein fjölmennasta verstöðin á sunnanverðum Vestfjörðum“. „Þar er sandur í botni, og var aðal leiksvæði okkar systkina. Þar áttum við báta sem reru til fiskjar, en aflinn var fiskbein“ (IG; Sagt til vegar I).

Róa til miða (orðtak) Róa fram á fiskimið til veiða. „Síðan var róið til miða, sem var mjög stutt“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveru).

Róa undir (orðtak) A. Upprunaleg merking; róa með árum meðan einnig eru höfð uppi segl, til að flýta för. „Þegar borið var um var ekki meira kul en það að þeir ákváðu að róa báðir undir og binda skautið“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Afleidd merking; hvetja til einhvers með áróðri eða aðgerðum.

Róa undir vind (orðtak) Róa bát þangað sem kular, til að geta notað segl.

Róa upp (orðtak) Róa í land/ til lands. „Svo rerum við upp“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978). „Skipar hann mér að fella seglið og ætlar að róa upp sjálfur“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveru).

Róa út (net/lóð) (orðtak) Róa báti í rétta stefnu meðan lögð eru net eða lóðir. „Þeir reru af krafti; reru út lóðina“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveru). „Nú tók hinn báturinn plóginn, og með hann var síðan róið út, uns strengurinn var kominn á enda“ (KJK; Kollsvíkurveru). Sjá *netalagning*.

Róa vestur / Róa vestur á sveitir (orðtök) Orðalag sem Breiðfirðingar notuðu um það að fara til vers í Útvíkum, t.d. í Kollsvíkurver. „Eyjaverstöðvarnar breiðfirsku voru ekki lengra undan landi en svo að oftast mátti sjá fyrir ferðafært veður. Öðru máli gegndi um þá sem reru vestur, eða vestur á sveitir eins og það var orðað, en þá var átt við Hvallátur við Bjarg eða Víkur. Engir þurftu að sæta eins löngum verleiðum á sjó og Vestureyningar, því sumir þeirra þurftu að vera með nokkurra daga millibili sunnan Öndverðarness og norðan Bjargs“ (LK; Ísl sjávarhættir II, bls 388).

Róa öllum árum að (einhverju) (orðtak) Vinna markvisst að; stefna ákveðið að. „Nú rær hann að því öllum árum að koma nágrannanum í burtu“. Dregið af róðri stórra árabáta. Stundum ákvað formaður að helmingur ræðara hvíldi og reri til skiptis til að hvíla mannskapinn, en ef mikið lá við var róið öllum árum.

Róða (n, kvk) A. Kross; líknenski af Jesú eða dýrlingi; kross með jesúlíkneski. B. Forn lengdarmál: 1 róða samsvaraði 12 fetum. Annars virðist hér um að ræða sama orð og „rood“ í ensku, sem merkir sömuleiðis róðukross en einnig flatarmál sem samsvarar ekru; 1012 m².

Róðari (n, hk) Óreiða. Dönskuletta, upptekin á síðari tímum. „Ekkisens róðari er þetta“!

Róði (n, kk) Forn heiti á ræði á bát. Lífir í orðtakinu að *leggja/kasta fyrir róða*, sem merkir að *kasta á glæ; varpa fyrir borð*.

Róðrafjöldi (n, kk) Fjöldi róðra á tímabili, t.d. á dag. „Það sem ég sagði þér áðan, um róðrafjöldann, var venjan; en stundum voru líka 4 – 5 róðrar í lotu. Uppstigningardagur var haldinn helgur og róið að kvöldi uppstigningardags; og síðan í lotu fram að helgi. Þetta var kallað „uppstigningardagsruna“. Það kom oft fyrir, einkum ef landlegur höfðu verið og helgi fór í hönd, að tekin var svona lota“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Róðrar (n, kk, fto) Vertíð. „Því var það hlutverk kvenna að sjá um búíð meðan róðrar stóðu yfir, frá sumarmálum fram að slætti“. (FG; Niðjatal HM/GG). „Magðalena Össurardóttir var 3 vor í Verinu og kvaðst heldur vilja gera það en vinna bæjarverkin. Hún var um fermingu þegar hún byrjaði í verinu. Guðný Ólsafdóttir, Ásbjörnssonar bónda á Láganúpi, reri ung með föður sínum. Tvær konur og unglingar önnuðust heyskapinn. Konurnar bundu heyið... Já Ég batt oft“ (H.M; Í Kollsvíkurveru; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).

Róðrarband / Róðrarvesti (n, hk) Nokkurskonar vesti sem ræðarar báts notuðu stundum til að létta erfðan róður. Breið gjörð sem lá yfir bakið og undir hendina, og komu endar þeirra saman framanvið brjóstið í langri snæriskykkju, sem smokkað var upp á árahlumminn. Ekki vitað hvort notað var í Kollsvíkurverum.

Róðrardagur (n, kk) Dagur sem róið er; dagur sem gefur á sjó. „Róðrardagar hafa ekki verið margir það sem af er vertíðar“.

Róðrabátur (n, kk) Bátur sem notaður er til fiskiróðra í veri. „Róðrabátarnir tóku oft ekki allt það er ein skipshöfn hafði til flutnings, þótt áður væri búíð að losa sig við þorskaflann“ (KJK; Kollsvíkurveru). „Þeir fara frá Kollsvík fyrri part dags af stað, á róðrabát sem hét Heppinn“ (TÓ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Róðrarlag (n, hk) Lag sem ræðari hefur við róður. Róðrarlag manna er misjafnt; einkum þeirra sem óvanir eru. Vanur ræðari finnur það lag sem hentar best til að nýta átakið.

- Róðrarmaður** (n, kk) Vermaður; maður sem rær úr veri. „Á móti þessum tolli njóta róðrarmenn lýngriðs úr Keflavíkurlandi“ (ÁM; Jarðabók).
- Róðrarskauti** (n, kk) Bakskauti; sá skauti sem snýr að róðrarmanni. Skauti er hlífðarþynna á ár, þar sem hún leikur í keipunum; oft úr hvalbeini.
- Róðrarskorða** (n, kvk) Skorða; fjalarbútur sem rennt er sem skástífu undir súð báts til að skorða hann í sátri. Nefnist svo vegna þess að stundum voru skorður teknar með á sjóinn og notaðar til hagræðis ræðurum.
- Róðrartími** (n, kk) Tími þegar vanalega er róið. „Þegar ekki þótti einsýnt sjóveður á venjulegum róðrartíma, var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til þess að „bræða veðrið“, sem svo var kallað“ (KJK; Kollsvíkurver). „Formenn miðuðu róðrartíma við það að vera komnir til miða um liggjandann; þ.e. straumaskipti norður- og suðurfalls“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Róðrarvettlingur** (n, kk) Sjóvettlingur; vettlingur sem notaður er við róður. Slíkir vettlingar vildu þófnna mjög við átökin og urðu kúlulaga. Voru þá nefndir rónir vettlingar eða kútar.
- Róðukross** (n, kk) *Róða*; kross; kross með kristlíkneski. Mikil helgitákn fyrir á tíð, og átrúnaður við þá bundinn. Í kaþólsku fóru menn um langa vegu í pílagrímsferðir að krossum sem þóttu góðir til bæna og áheita, t.d. að krossinum í Kaldaðarnesi. Þjóðtrúin segir að óyggjandi sé til varnar fjárpest að láta róðukross úr tré undir taðhnaus innanvið þröskuldinn í fjárhúsinu.
- Róður** (n, kk) Getur merkt athöfnina að koma báti áfram með árum, en einnig sjóferðina sjálfa: „Við fórum í róður í gær, en róðurinn í land var þungur móti golunni“. „Sú trú var rík fyrrum að ungum mönnum færi ekki verulega fram líkamlega fyrr en þeir færi til sjávar... Ef ár var haldið í tveim höndum var það að *róa tvíhendis*, en *einhendis* eða *tviára* ef sami maður reri tveimur árum. Samtímis og vertíð hófst *áskipaði* formaður, þ.e. raðaði róðrarmönnum á sína staði í bátnum... Hreyfing árar, eitt sinn fram og aftur, hét *áratog* en farið í sjónum eftir *blaðið*, *árafar*.. Til að vel nýttist úr áratogi þurfti að ná *brotkrafti* á árinni, dýfa henni mátulega djúpt í sjóinn; leggja henni hæfilega langt aftur; taka *bakfallið* á réttu augnabliki; skiljast við *eftirróðurinn* (lok áratogsins) með *róðrarhnykk* um leið og því var sleppt. Að halla sér mjög langt aftur í lok hvers áratogs var að taka *bakföll*, en þá ver einnig tekinn langur *áradráttur*. Að koma báti áfram með róðri var að *hafa áfram*; andstætt því var að *hamla*, en að stöðva bát og halda kyrrum var að *stinga við*. Ef árunum var skellt svo í sjóinn að *hlunkur* heyrðist og upp skvettist, var það kallað að *rota andskotann*, en *blaðskella* sjóinn ef árin snerist í hendi og árablaðinu var skellt flötu í sjóinn. Ef menn duttu aftur fyrir sig með fætur upp í loftið var það að *reisa kuttasköft* (sögn GG; Laganúpi). Að róa hægt var að *amla*, en að *lamma* var haft um hægan *lognróður*. Stuttur róðrarspölnur hét að *kippa*. Þegar vindur stóð á móti var *barningur*“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). Þegar tveir reru, sinn á hvort borðið, var mikilvægt að annar léti hinn ekki *snúa á sig*; léti ekki *standa upp á sig*. „Hægir róður hrönnum á;/ hlægir móðan strönd að ná./ Ægis glóða foldum frá/ fæ ég ljóðagjöldin smá“ (JR; Rósarímur).
- Rófa** (n, kvk) A. Skott á dýri, t.d. kattarófa. Kunn er þessi vísa sem eignuð er Hallgrími Péturssyni ungum: „Í huganum var ég hikandi/ af hræðslu nærri fallinn,/ er kattarófan kvikandi/ kom hér upp á pallinn“. B. Garðávöxtur með gildri rót, sem góð þykir til matar og mikið ræktað. T.d. gulrófa; rauðrófa. C. Gæluorð um stelpu; stelpurófa.
- Rófnafræ** (n, hk) Fræ rófu. Fremur var talað um rófnafræ en rófufræ í Kollsvík.
- Rófnaækt** (n, kvk) Ræktun á rófum til matar. „Já, það voru alltaf ræktaðar kartöflur og þær spruttu; og þær spruttu vel. Það var alltaf sett mánuð af sumri. Rófur voru einnig ræktaðar. Þetta tilheyrði vorverkum kvennanna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Rófukál** (n, hk) Kál af rófum. „Rófukál var oft gefið kúm eða kálfum, sem þeim þótti mesta hnossgæti“.
- Rófubeð** (n, hk) Beð í garði, þar sem ræktaðar eru rófur. „Stingtu vel upp rófubeðið“.
- Rófubein** (n, hk) A. Bein í rófu á dýri; neðsti hluti hryggjar á mönnum. B. Niðrandi heiti á manni. „Hvað skyldi hann nú ætlast fyrir; árans rófubeinið“?
- Rófubysa** (n, kvk) Heimasmiðuð byssa sem notuð var til að skjóta rófubítum. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Svo voru gerðar... rófubysur úr fjöðurstöfum helst úr álftafjöðrum. Stafurinn var skorinn af og endinn skorinn svo úr varð hólkur, svo voru sneiddar kartöflur (ekki rófur þó þetta hétu rófubysa!). Tálgaðir svokallaðir *krassar*, þ.e. smáprik með hnúð á enda sem passaði inn í hólkin en hnúðurinn hélt við þegar krassanum var þrýst snögg inn í legginn. En fyrst var byssan blásin með því að endum fjöðurstafsins var þrýst niður í kartöflusneiðina til skiptis svo kartöflutappar komu í báða enda. Svo var krassanum þrýst í annan endann og hljóp þá *kartöfluskotið* af. Væri krassinn mátulega langur sat annað skotið eftir í stafnum svo bara þurfti að hlaða aftur annan enda pípunnar fyrir næsta skot“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Rófugarður** (n, kk) Garður þar sem rófur eru ræktaðar.
- Rófukál** (n, hk) Kál af rófum. Nýtt afskorið rófukál var gjarnan gefið kúm, sem kunna vel að meta það.

- Rófusneið** (n, kvk) Sneið af rófu. „Við sátum um það, þegar rófurnar voru skornar í pottinn, að fá sína rófusneiðina hvor“.
- Rófustag** (n, hk) „Sérlega var erfitt að láta reiðing tolla sæmilega á hesti niður brekkur, því honum hætti alltaf til þess að síga fram á makkann, jafnvel þótt sett væri rófustag; þ.e. að kaðall væri bundinn í klyfberann og undir stert hestsins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Rófustappa** (n, kvk) Stappaðar/maukaðar rófur, yfirleitt með einhverjum sykri. Notuð sem meðlæti með ýmsum mat, s.s. slátri og sviðasultu.
- Rófustýri** (n, hk) A. Rótarendinn á rófunni, sem skorinn var af fyrir neyslu. B. Lítil rófa. „Sæktu fyrir mig nokkur rófustýri út í garð“. C. Stýri á bát, á þann hátt að ár er lagt aftur af skutnum.
- Rógberi** (n, kk) Sá sem ber út róg/nið um mann.
- Rógburður / Rógur** (n, kk) Söguburður; það að rægja; slúður. „Ég er ekki hrifinn af svona rógburði!“
- Róinn** (l) A. Farinn í róður; farinn á sjó. B. Þæfður; einkum notað um belgvettinga sem orðnir voru vel þéttir af notkun og lagaðir eftir greipinni. „... þeir þykkustu voru sjóvettingar. Þeir þófnuðu gjarnan á árinni og voru þá kallaðir rónir“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Ról** (n, hk) A. Hægur gangur; labb. „Hann er á róli uppi á Túni að gá að lambfé“. B. Góð heilsa; fótaferð. „Maður er fyrst að komast á ról núna, eftir þessa árans pest“.
- Róla** (n, kvk) Leiktæki til að róla sér í, fram og til baka. „Róla var jafnan í snúrustaurunum við hjallinn, en á sumrin var stundum sett upp síðari róla yfir jötunni í fjárhúsunum“.
- Róla** (s) A. Ganga hægt; dóla. „Ég ætla að róla niður að sjó“. „Ég held að þokan sé nú eitthvað að róla frá“. B. Sveifla til og frá. „Það er loft þarna, en unnt er að komast inn í hellinn með því að róla sér í vaðnum“.
- Rólega** (ao) Hægt; varlega; með gætni. „Farið rólega að lambfénu krakkar“.
- Rólegheit / Rólyndi** (n, hk, fto) Hæglæti í fasi; hægd; leti. „Skelfingar rólegheit eru á manni þessa dagana“.
- Rólegheitaakstur / Rólegheitakeyrsla / Rólegheitadól / Rólegheitadund / Rólegheitaganga / Rólegheitarekstur / Rólegheitarölt / Rólegheitastarf / Rólegheitavinna / Rólegheitvítl** (n, kk/kvk/hk) Það sem gert er með hæglæti/í rólegheitum; hægar athafnir. „Þetta er klukkutíma rólegheitaakstur“. „Það er hætt við að þetta verði rólegheitarekstur; með þessa gömlu svona haltrandí“. „Það er ágætt að fást við svona rólegheitavítl í sólskininu, þegar ekki er annað aðkallandi fyrir stafni“.
- Rólegheitarlíf** (n, hk) Hæglátt/áhyggjulaust líf. „Þetta hefur bara verið rólegheitarlíf í fríinu“.
- Rólegheitamanneskja / Rólyndismanneskja / Rólegheitaskepna / Rólegheitamaður / Rólegheitafólk** (n, kvk/kk/hk) Um þann/þá/þau/það sem taka lífinu með ró; æsa sig ekki yfir smámunum. „Það vill þér til happs að ég er rólegheitamanneskja, annars fengirðu á baukinn“! „Það þarf ekkert að binda þessa rólegheitaskepnu“.
- Rólegur í tíðinni** (orðtak) Rólegur; ekki að flýta sér. „Mér finnst hann einum of rólegur í tíðinni með þetta“.
- Rólfær** (l) Með fótavist; fær um að ganga. „maður er að verða rólfær eftir þessi veikindi“.
- Róluband / Rólufjöl** (n, kvk) Hlutir *rólu*. Rólubnd er fest í láréttan bita í báða enda, með miklum slaka milli enda. Rólufjölin er með götum eða kríum í endum sem bandið liggur um, og er setið á henni, neðst í lykkju rólunnar.
- Rólyndi** (n, hk) Jafnaðargeð; skapstilling. „Hann er nú ekki beint þekktur fyrir rólyndi“.
- Rólyndismaður** (n, kk) Sá sem jafnan heldur rólyndi/skapstillingu. „Það *vill til* að þetta er rólyndismaður“!
- Rólyndisskepna** (n, kvk) Dýr sem er geðgott/rólegt/stillt að eðlisfari. „Nótt var mesta rólyndisskepna, en nokkuð fastheldin á daglegar venjur, s.s. básinn sinn og réttan mjaltatíma“.
- Rólyndur** (l) Hæglátur; skapstilltur. „Þetta er fremur rólyndur maður, en þjarkur til vinnu“.
- Róm var ekki byggð á einum degi** (orðatiltæki) Sum verk verða ekki framkvæmd í snatri; *allt tekur sinn tíma*.
- Róma** (s) *Láta vel af; bera vel söguna*; dásama. „Hann rómaði mjög gestrisni þeirra“.
- Rómaður** (l) Orðlagður; frægur; víðkunnur. „Sá Halldór bjó á Láganúpi 1703, og var einn hinna kunnu Sellátrabræðra, sem rómaðir voru fyrir atorku og hreysti“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Rómanakjaftæði / Rómanarusl** (n, hk) Ástarsögur; ástarsöguvella; álit þeirra sem ekki kunna að meta, á ástarsögum; og stundum „fagurbókmenntum“ yfirleitt. „Ég nenni ekki að lesa þetta rómanakjaftæði“!
- Rómani** (n, kk) A. Rómverji; maður frá Róm; maður í Rómarríki. B. Bók með ástarsögu.
- Rómanskur** (l) Sem kominn er af latneskum stofni/ byggt latneskumælandi fólki. Sbr rómanska Amerika.

- Rómantík** (n, kvk) A. Óraunsæ og oft listræn fegrun í hugverkum, s.s. bókmenntum eða myndlist. B. Það sem er draumkennt/heillandi í ástamálum/skáldskap. C. Listastefna sem einkennir tímabil.
- Rómantískur** (l) Dreyminn; hugsar/talar fegurra en raunveruleikinn er; haldinn rómantík. „Ég hef líklega aldrei verið mjög rómantískur í hugsun“.
- Rónagli / Rósaumur** (n, kk) *Bátasaumur*; *bugningur*; hnoðnagli; nagli sem ró/skinna er hnoðuð á endann. Rónagli er einkum notaður til að festa saman borð á bát, eða bönd við byrðing.
- Rónegla** (s) Festa saman með *rónagla*.
- Róni** (n, kk) Drykkjumaður; drykkjurútur; maður sem neytir áfengis í óhófi; áfengissjúklingur.
- Rór** (n, hk) Stýri; einkum notað um hjólstýri/ratt á stóru skipi, en sundum sem gælunafn á *stýrissveif* báts. Sjá einnig *rör* og *ratt*.
- Rór** (l) Rólegur; hægur; með jafnaðargeð. „Mér var ekki rótt fyrir en hann var kominn upp á brún“.
- Rórilla** (n, hk) Rugg; jask; veltingur. „Ekki líst mér á rórilla í ykkur þarna uppi á mæninum“.
- Rórilla** (s) Rugga; *jaska*; velta. „Vertu nú ekki að rórilla þér á grindinni; hún bara liðast í sundur á því“.
- Rósabeður** (n, kk) Rúm sem rósablöðum hefur verið sáldrað um; lúxushvíla. Vanalega notað í neikvæðri merkingu/ kaldhæðni. „Rúmbálkurinn var kannski enginn rósaþeður, en hann dugði“.
- Rósaleppur** (n, kk) *Leppur* í skó sem í er saumað blómamynstur. „Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni; bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbítsroði heima fyrir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Rósamál** (n, hk) Þegar *talað er undir rós*; orðagátur; tal með óbeinni merkingu. „Mér fellur alltaf betur þegar menn segja hlutina hreint út, og eru ekki með neitt rósamál“.
- Rósaverk** (n, hk) Útflúr/útskurður/útsaumur/skreyting sem minnir á blómskraut.
- Rósemd / Rósemi** (n, kvk) Hæglæti; yfirvegur; stilling. „Hann tók þessu af furðu mikilli rósemd“.
- Rósemdarmaður** (n, kk) Hæglætismaður; stillingarmaður. „Það vill til að hann er rósemdarmaður“.
- Rósemdarskepna** (n, kvk) Spök/róleg kind/kýr/hundur. „Þetta er rósemdarskepna, enda orðin ýmsu vön“.
- Rósemdarsvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir hugarró/stillingu/hæglæti. „Hann leit á skemmdirnar með rósemdarsvip og bað okkur að fara varlegar næst“.
- Róstusamt** (l) Ófriðlegt; lítill friður. „Það ku vera nokkuð róstudamt þarna milli bæja þessa stundina“.
- Rót** (n, kvk) A. Eiginleg merking um rót á jurt. B. Ódámur; sá sem er öðrum skæður í umtali eða gjörðum. „Hann er óttaleg rót við kerlinguna sína stundum“. „Þetta er nú rótarháttur af versta tagi“. C. Öldurót; stórsjór. „Hann hefur rífið upp töluvert rót í nótt“. D. Rugl; reiðileysi. „Það hefur verið dálítið rót á honum síðan hann skildi við konuna“. E. Ástæða; uppruni. „Það þarf að leita að rótum vandans“. F. Hnyðja. „Það er rekin *boldangsmikil* rót norður undir Gvendarhleini“.
- Rót** (n, hk) Umrót; hreyfing; brimrót; tilfærsla. „Eitthvað rót hefur komist á fjárhópin“. „Ég er hræddur um að eitthvað gæti gutlast af skít í netin í þessu róti“.
- Róta** (s) A. Raska; hreyfa; ryðja. „Hver hefur nú verið að róta í verkfærunum mínum“? „Brimíð hefur róta upp feiknamiklu sandrifi suðurmeð Grjótunum“. B. Um jurt; fá rætur.
- Róta sér** (orðtak) Hreyfa sig. „Hann rótaði sér ekki þó ég reyndi að kalla á hann í kaffi“.
- Róta sig** (orðtak) Um jurt; fá rætur. „Ég setti græðlingana í vatn og mér sýnist að þeir séu að róta sig núna“.
- Rótarbrim / Rótarsjór** (n, hk) Mjög mikið brim. „Hann hefur *rífið upp* rótarbrim yfir nóttina. Það held ég að strengirnir okkar verði *félegir* í næstu vitjun“.
- Rótarfiskirí** (n, kk/hk) Mikill afli; mokveiði. „Þarna lentum við í rótarfiskirí um tíma“.
- Rótarháttur** (n, kk) *Lúalegir* hrekkir; *kvikindisskapur*; *meinsemi*. „Mér finnst það bölvæður rótarháttur þegar þingmenn svíkja á fyrsta þingdegi þau mál sem þeir lofuðu kjósendum sínum“.
- Rótarhnyðja** (n, kvk) Rót af tré, oftast þá sjórekin. „Það var rekin feiknamikil rótarhnyðja í Grjótunum“.
- Rótarhrekkur** (n, kk) slæmur/illyrmislegur hrekkur; óþverrabragð. „Mér finnst fulllangt gengið með svona rótarhrekki; þið hefðuð getað drepið manngreyið“!
- Rótarhugsunarháttur** (n, kk) Hugsun/fyrirætlun sem miðar að grófum hrekkjum; slæmar fyrirætlunir. „Svona rótarhugsunarháttur getur nú ekki talist vel kristilegur, en kannski er þetta honum jafngott eins og hann hefur komið fram“.
- Rótarí** (n, hk) Óreiða; rót; rusl. „Óttalegt rótarí er nú í herberginu ykkar strákar“!

Rótarkjaftháttur / Rótarkjafthæði (n, kk/hk) Ruddalegt tal; haugalygi; mikil *áfærni*/ósannindi. „Ég hef nú sjaldan heyrt slíkan rótarkjafthátt!“ „Þetta er ekkert annað en rótarkjafthæði!“

Rótarkjafstur / Stólpakjafstur (n, kk) Digurbarkalegt málfæri; rífrildi; gróf/hörð andsvör. „Það getur verið rótarkjafstur á honum, þó þetta sé dagfarsprúður náungi“. Orðið „rótarkjafstur“ finnst ekki í orðabókum en heyrðist notað vestra þó hitt væri algengara.

Rótarlegur (l) Kvíkindislegur; ófyrirleitinn; skammarlegur. „Ósköp var hann rótarlegur við systur sína“!

Rótarskammir (n, kvk, fto) Miklar ávítur/skammir; *húðarskammir*; *óbótaskammir*. „Ég er þá ekkert að hjálpa honum; ef maður fær bara rótarskammir fyrir“!

Rórtartíasa (n, kvk) Rórtarlýja; grasrót. Einkum notað um rætur í rofabörðum, sem orðnar eru berar og visnaðar.

Rótast ekki / Róta sér ekki (orðtök) Vera rólegur; æsa sig ekki upp; hreyfast/fara ekki. „Ég hóaði hátt, en kindurnar rótuðust ekki“. „Hann rótaði sér ekki þó hann fengi yfir sig kalda ágjöfina“.

Rótast í (orðtak) Brauðhófast; hræra í; drífa áfram. „Málið gekk hvorki né rak fyrr en hann fór að rótast í því“.

Rótbitið / Rótnagað (s) Um beitarland; mjög mikið bitið; bitið niður í röt. „Þegar mest var af fé í Kollsvík var orðið töluvert álag á úthögum og sumir blettir voru rótbitnir“. „Rótbitinn“ finnst ekki í orðabókum.

Rótgróinn (l) Mjög fastur í sessi; kominn til að vera. „Þetta er gamall og rótgróinn síður“.

Rótlaus (l) Um mann; ekki staðfastur; laus í rásinni; ístöðulaus.

Rótnaga (s) Um grasbit; bita gróður niður í röt. „Það dugir ekki að láta fêð rótnaga túnin þegar komið er svona framá“!

Rótleysi (n, hk) Staðfestuleysi; vingulsháttur; reiðileysi. „Það var orðið dálítið rótleysi á honum“.

Rótsterkur (l) Um drykk/mat; mjög bragðmikill/bitur/sterkur. „Þetta er rótsterkt vín“!

Róttækur (l) Sanntúaður á málstað/málefni/trúarbrögð. Oft einvörðungu notað um þá sem eru vinstrisinnaðir í stjórnmálaskoðunum, en getur einnig verið á hinn veginn. „Gunnar Óssurason var sagður róttækur vinstrimaður; jafnvel kommúnisti, og sjálfur var hann stoltur af því“.

Rubba (s) Ryðja; koma í verk í fljótheitum, þó ekki sé vandað. „Við náðum að rubba heyinu í hlöðuna áður en byrjaði að rigna“. „Við rubbuðum netunum inn í bátinn *með skít og öllu saman*“.

Rubba af (orðtak) Um verk; vinna í flaustri; koma fljótt frá/af. „Það ætti að vera fljótlegt að rubba þessu af“.

Rubba upp (orðtak) *Hrófa upp*; smíða/hlaða í flýti. „Við rubbuðum upp girðingu til að létta *innreksturinn*“.

Rubbi (n, kk) Brimót; mikill sjór. „Það nýtist illa bitfjaran meðan hann heldur þessum rubba“.

Ruddafenginn / Ruddalegur (l) Dónalegur; grófur; ókurteis; óheflaður.

Ruður (n, kvk, fto) Afgangar; leifar; rusl. „Gefðu hundinum ruðurnar“.

Ruddabrim / Ruddasjór (n, kk) Mikið brim; stólpabrim. „Fjaran er alveg þvegin eftir þetta ruddabrim“. „Hann hefur rífið upp ruddasjó af vestan í nótt“.

Ruddamenni (n, kk) *Ruddi*; svaðamenni.

Ruddaháttur / Ruddaskapur (n, kk) Óþverraháttur; fantabrögð; frekja. „Það er óþarfi að sýna þennan ruddaskap“.

Ruddaskítur (n, kk) *Ruddi*. Getur verið notað um slæmt veður; slæmt sjólag; slæm hey eða annað.

Ruddatíð (n, kvk) Ótíð; rysjótt/slæmt tíðarfar. „Það hefur verið hálfgerð ruddatíð yfir allan stauminn“.

Ruddaveður (n, hk) Slæmt veður. „Það var ruddaveður á leiðinni til Englands en allt gekk þetta tíðindalaust“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Ruddavegur (n, kk) Illfær/grófur vegslóði. „Þetta er ruddavegur á köflum, og varla bílfær“.

Ruddi (n, kk) A. Frekur og grófur maður. B. Slæmt eða ónýtt hey; *heyruddi*. Algengasta notkun orðsins. „Það þýðir ekki að bjóða nokkurri skepnu þennan rudda“. C. Mikill sjór; brim. „Hann er búinn að rífa upp bölvaðan rudda á stuttum tíma“. D. Þoka; *þokuruddi*. „Hann er að leggja upp biksvartan rudda frá sjónum“.

Ruddi í hafíð (orðtak) *Ljótur til hafsins*; slæmt veðurútlit í norðurátt.

Ruddi til hafsins/sjóarins (orðtök) Mikill sjór; mikið brim. „Skelfingar ruddi er þetta til sjóarins ennþá“.

Ruddur (l) Um veg; búíð að ryðja/moka/ gera bílfæran. „Hálsinn verður líklega ruddur á morgun“.

Ruðamikill (l) Stór; þungur; digur; erfiður í *manureringum*. „Skápurinn er alltof ruðamikill. Hann kemst ekki í þetta skot“. „Þessar árar eru heldur ruðamiklar fyrir svona lítinn bát“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var og er mjög tamt Kollsvíkingum. „Ruði“ merkti það sem var mikið um sig, t.d. svert rekatré (Orðab. Menn.sj.). Það orð er alveg horfið úr notkun en þetta afleidda orð lifir í máli Kollsvíkinga.

Ruði (n, kk) Það sem er stórt og þungt; rekadrumbur; *erði*. „Þú ræður ekki einn við þennan ruða“.

Ruðja (s) *Ryðja* (sjá þar). Sögnin að ryðja var iðulega framborin með u-hljóði af Kollsvíkingum og öðrum á svæðinu. Þetta var áberandi meðal eldra fólks á síðari hluta 20. aldar, en heyrir ekki lengur; enda ekki við það stutt af hinu einsleita skólakerfi. „Þeir þurftu að ruðja bátinn áður en lent var“. „Vegagerðin ætlar víst ekki að ruðja þessa útkjálkavegi oftar þennan veturinn“.

Ruðja/ryðja úr sér (orðtak) A. Halda (skammar-)ræðu; *segja sína meiningu*; skamma; segja frá í ákafa. „Þegar hann var búinn að ruðja úr sér með miklu offorsi sagði ég með hæð að hann gæti sjálfum sér um kennt“. B. Rigna; kasta éli. „Mér sýnist að hann sé byrjaður að ruðja úr sér þarna norðurundir“.

Ruðningsgrjót (n, hk) Grjót sem rótað/rutt hefur verið til. „Í vegginn notaði ég ruðningsgrjót úr veginum“.

Ruðningsholt (n, hk) Holt úr jökluðuðningi/jökulseti/jökulurð frá ísöld; holt sem augljóslega hefur verið rutt upp. „Brunsbrekkann er ruðningsholt eða jaðarurð frá lokum *istímans*“.

Ruðningur (n, kk) A. Snjóruðningur; skurðruðningur; uppmokstur, þar sem viðkomandi efni hefur verið rutt til. B. Skýjaruðningur, um það þegar þykkar upp. C. Óvandaður/slæmur vegur; vegur sem ruddur hefur verið, án frágangs/sléttunar. D. Fiskistía í verstöð, sem aflinn er settur í fyrir aðgerð. „Eitt af því sem tilheyrði vergögnum var svonefndur ruðningur. hann var svo gjörður að lagður var reitur úr hnullungsgrjóti, lítið eitt lægri í miðju, og stórum steinum raðað í kring. Þurfti ruðningurinn að vera svo stór að hann tæki allan aflann úr róðri hverjum. Þangað var fiskurinn borinn er í land var komið. Öðrumegin við ruðninginn var hlaðinn grjótbálkur sem tók meðalmanni í mjöðm, og hella lögð ofan á. Á hellu þessari var fiskurinn fluttur. Bálkurinn var kallaður *flatningur*. Raðað var nokkuð stórum steinum kringum dálítinn blett við flatninginn, þar sem flatningsmennirnir stóðu. Hinsvegar við flatninginn voru tvær þrær sem stórum steinum var raðað kringum. Í aðra þeirra var flatta fiskinum kastað, en í hia er hann hafði verið rifinn upp“ (PJ; Barðstrendingabók).

„Við Syðrilækinn sunnanverðan voru ruðningar þar sem gert var að fiski og fiskkrær stóðu sem fiskurinn var saltaður í.... Meðfram Búðalæknum áttu allt að 14 skipshafnir ruðninga sína og nokkrar þær efstu áttu yfirbyggðar söltunarkrær; voru það einkum heimamenn. Aðrir, sem neðar áttu ruðninga, söltuðu oftast fiskinn í stóra kassa, en þegar hann var rifinn upp og umsaltaður var hann borinn á öruggari stað, vegna flóða sem komið gátu ef brimaði um stórstreymi“. „Ruðningar voru lengst af reitlagðir úr fremur smáu grjóti og með allstórum steinum umhverfis“ (KJK; Kollsvíkurver).

„Aflinn var dreginn upp í ruðninginn sem var grjótreitur, lægstur í miðju og *kringsettur* stórum steinum. Öðru megin við ruðninginn var bálkur, hlaðinn úr grjóti. Á honum hvíldi ílöng hella sem var vel slétt, og það stór að ekki fengu rogað henni færri en fjórir fullgildir menn. Þetta var flatningsborðið“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

„Um aldamótin 1900 kom stór stór trékassi með stuttum fótum með rimlabotni í stað ruðningsins, en hélt engu að síður nafni hans. áfast við kassann var flatningsborð sem tveir menn gátu staðið við. Úr fjöru var fiskurinn borinn í kassann en af flatningsborðinu í þvottakar. Sá kostur var við þessa nýju gerð af ruðningi að auðvelt var að færa hann til“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). „Ruðningur var trékassi á löppum. Flatningsborð á öðrum endanum, en stúkað af fyrir hausa á hinum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Ruður (n, kvk, fto) Leifar; afgangar; rusl. „Það er ekkert eftir á fiskfatinu nema ruðurnar“.

Rugg (n, hk) A. Vagg (t.d. hluta eða manna). B. Veltingur; allnokkur sjór. „Hann hefur verið að auka sjóinn með morgninum; það er komið allnokkuð rugg“. C. Um veg; óslétt. „Það er bölvæð rugg herna á kafla“.

Rugga (n, kvk) Vagga; barnsrúm sem getur hreyfst fram og til baka.

Rugga (s) Velta/róa fram og til baka. „Aldan hafði ruggað bátinum lengra upp í fjöruna“.

Rugghestur (n, kk) Leikfang í hestlíki sem getur ruggað og barn getur setið á.

Ruggustóll (n, kk) Stóll sem getur ruggað; ruggandi hægindastóll.

Rugl (n, hk) A. Vitleysa; kjaftæði; þvæla. „Óttalegt rugl er núna í þér; þetta hef ég aldrei sagt! B. Ruglingur; blöndun. „Ekki veit ég til hvers við vorum að flokka egginn ef þið setjið þetta svo allt í rugl núna“! C. Vönkun; vitfirring. „Ekki veit ég hvaða rugl þetta var á honum“.

Rugl og kjaftæði/þvæla/vitleysa (orðtök) Fjarstæða; endaleysa. „Svona nokkuð er nú bara rugl og kjaftæði“!

Rugla (n, kvk) Ranghugmynd; ímyndun; rugl. „Hvernig dettur þér svonalagað í hug; ég held þú sért bara kominn með rugluna“!

Rugla (s) A. Fara með /segja þvælu/fjarstæðu/rugl. „Hann var eitthvað að rugla með allt annað mál“. B. Gera rugl/óreiðu; blanda. „Nú er búið að rugla öllum skjölunum fyrir mér“!

Rugla saman (orðtak) A. Blanda saman. B. Villast á; taka rangan fyrir réttan. „Mér hættir enn til að rugla tvíburunum saman“.

Ruglaður (l) A. Almenn; í óreiðu; víxlaður. B. Um mann; illa áttaður; ringlaður; heimskur.

Ruglandi (n, kk) Öldulag kemur úr a.m.k. tveimur áttum í senn. Þetta getur t.d. gerst þegar undiralda hefur aðra stefnu en vindbára á staðnum, eða þegar straumur úr röstum myndar báru á yfirborði. Getur skapað hættu og jafnvel stór áföll.

Ruglaður í ríminu (orðtak) Ráðvilltur; ruglaður; búinn að missa röð/takt/tölu. „Það er svo mikið far á fénu í dilknunum að ég er alveg orðinn ruglaður í ríminu; það er ekkert hægt að telja þetta svona“!

Ruglast í ríminu (orðtak) Rugla; gera mistök. „Stundum ruglast hænurnar í ríminu og fara að basla við að gala, en það eru heldur ófögur hljóð“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms). Líkingin vísar í fornra aðferða til að henda reiður á tímatali. Til þess notuðu sumir fingrarím eða svokölluð rímsspjöld, og var þá mikilvægast að kunna skil á messudögum, hátíðum og öðrum merkisdögum. Á þessa kunnáttumenn hefur eflaust mjög verið treyst, og alvarlegt var þegar þeir rugluðust í ríminu, á tímum þegar ekki voru klukkur, dagatöl, fjölmiðlar eða tölvur til að koma skikki á tímatalið aftur.

Ruglingslegt (l) Líkt óreiðu; óskipulegt. „Mér finnst þetta dálítið ruglingslegt alltsaman“.

Ruglingur (n, kk) Mistök; víxl; umskipti. „Hér hefur orðið einhver ruglingur í merkjunum“.

Rugludallur / Ruglukollur (n, kk) Vitleysingur; kjáni; sá sem viðhefur rugl/þvælu. „Ég hlusta nú ekki á þann rugludall“! „Skelfing leiðist mér svona ruglukollur“!

Rukka (s) Innheimta; krefja um greiðslu. „Það voru ekki aðrir byrjendur, og við áttum ekki að þurfa að rukka hvern sem notaði þetta svæði“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Rukkari (n, kk) Sá sem innheimtir/ krefur um greiðslu. „Hann gerðist rukkari fyrir sunnan“.

Rukkun / Rukkunarbréf (n, kvk) Fjárkrafa; innheimta; reikningur. „Hér var að koma rukkun fyrir árgjaldinu“.

Rulla (n, kvk, hart l) A. Rúlla; vindingur. Oftast notað um munntóbak áður fyrr, en það seldist í upprúlluðum lengjum. Sjá *rjól*; *neftóbak*; *skro*; *tóbak*. B. Hlutverk í leikriti. „Hann lék sína rullu óaðfínanlega“. C. Líkingamál og dönskusetta um mikilvægi málefnis: „Þetta spilar enga rullu“.

Rummungshjófur/ Rummungur (n, kk) Ræningi; stórþjófur. „Nú kemur í ljós að þessi „óskabörn Íslands“ voru ekkert annað en rummungshjófar og *rumpulýður*“! Rummungur er stundum notað yfir *golþorsk*.

Rumpulýður / Ruslaralýður (n, kk) Óþjóðalýður; skálfar; illmenni. „Það er nú varla komandi í þessa Reykjavík lengur; þeir eru búnir að setja knæpur á hvert götuhorn og þar elst upp glæpahyski og rumpulýður sem engu eirir“!

Rumpur (n, kk) Rass; afturendi. „Hvað er að sjá á þér fumpinn; ertu með saumsprettu“?

Rumsk (n, hk) Hreyfing; ið. „Hverskonar þyrnirósarsvefn er þetta í manninum; komið framá hádegi og enn ekki minnsta rumsk á honum“?!

Rumska (s) Hreyfast; rísla; vakna. „Maður er nú yfirleitt farinn að rumska um sjöleytið“.

Rumur (n, kk) Risi; beljaki. „Þetta var heljarmikill rumur og óárennilegur“.

Runa (n, kvk) Röð. „Þarna koma kindurnar allar í runu uppfrá sjónum“. „Það heyrðist runa af blótsyrðum“.

Runhenda (n, kvk) Bragform, þar sem samstæðar ljóðlínur ríma í enda. Geta minnst verið tvær samstæðar ljóðlínur með sama endarím, en mest allar.

Rupl (n, hk) Þjófnaður; stuldur; rán. „Stjórnvöld hafa stundað grímulaust rán og rupl á fiskimiðum sjávarjarða; áratugum saman. Væri nú ekki ráð að vildarvinir þeirra færu að skila veiðiheimildum á sína staði“?

Rupla (s) Stela; ræna; nappa. „Hver hefur nú ruplað frá mér skærunum“?

Rusk (n, hk) Læti; ónæði. „Verið ekki með þetta rusk hér inni meðan barnið sefur“!

Ruska (s) Róta til; rugla. „Það er undireins búið að ruska öllu til þó ég hafi nýlega komið því í gott horf“.

Ruska í (orðtak) Róta/hræra í. „Veriði nú ekki að ruska í kistunni strákar“!

Ruska út / Rusla út (orðtak) Sóða út; dreifa rusli; gera óreiðu. „Gætið þess að ruska ekki allt út“!

Rusl (n, hk) A. Almenn um ónýta hluti; drasl; afgangur; ruður. B. Smælki; fiskur svo smár að varla er nýtanlegur. C. Lélegt föður. „Það þýðir ekki að gefa lambánunum þetta rusl“.

Rusla (s) A. Rísla/róta í; hræra. „Verið ekki að rusla í verkfærunum strákar“. Sópa saman/í. „Það gengur ekki að rusla ullinni bara einhvernvegin ofan í ballann! Það þarf að vefja hvert reyfi saman og hagræða því“.

Ruslafata (n, kvk) Fata/ílát sem rusli er safnað í. „Settu þetta í ruslafötuna undir vaskinum“.

Ruslakompa (n, kvk) Herbergi/rými þar sem óreiða ríkir. „Þetta er meiri ruslakompan hjá honum“!

Ruslaralega (ao) Óskipulega; í óreiðu/ belg og biðu; ruglingslega. „Afsakaðu hvað þetta er ruslaralega borið á borð hjá mér, en ég átti ekki von á gestum á þessum tíma“.

Ruslaralegt (l) Í óreiðu; óskipulegt; í drasli. „Ansi er nú orðið ruslaralegt í herberginu ykkar strákar“!

Ruslalarályður (n, kk) Óþjóðalýður; hópur af óþokkum/ruddum/þrjótum. „Ég vil ekkert af þessum ruslalarályð vita meir“!

Ruslmatur / Ruslfæði (n, kk/hk) Lélegt fæði; matur sem ekki er staðgóður/næringarríkur/hollur.

Russa / Russuungi (n, kvk) Annað heiti á fuglinum ritu, en einnig heyrðist notað ryssa. Skegla var hinsvegar lítt sem ekki notað um fuglinn vestra. „Kringum Kórana var mest rita, sem reyndar var í daglegu tali jafnan nefnd russa (russuungi). (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Rustaháttur (n, kk) Ruddaháttur; gróf/hranaleg framkoma.

Rustalegur (l) Groddalegur; grófur; ruddalegur; hranalegur. „Skelfing finnst mér hann rustalegur í framkomu“!

Rusti (n, kk) Ruddi; groddi; þrjótur; skálkur. „Það er ekki hægt að líða svona rusta innanum síðað fólk“!

Rutl (n, hk) Rugl; óráð. „Það er nú orðið óttalegt rutl á henni í seinni tíð, blessaðri“.

Rutla (s) Rugla; tala í óráði. „Það hendir hann stundum á efri árum að rutla eitthvað samhengislaust“.

Rú (n, hk) Ull á sauðfé, einkum fullvaxin og gömul ull. „Ekki þótti gott að láta fé *ganga* lengi í *rúinu* og því var smalað til *rúnings*, eða *aftektar*, á hverju sumri; helst fyrir sláttinn. Fyrir kom þó, einkum þegar útgangsfé heimtist, að fé var í tveimur reyfum“. Ef ekki var *tekið af*, eða rúid, var hætt við að féð færi í *ullarhaft*; þ.e. að fæturnir flæktust í ullinni svo það gæti ekki gengið, auk þess sem kindin þrífst illa sé henni of heitt. Við aftektina var kindin ýmist bundin við staur í réttinni á hornum eða með *múl*, eða einhver *hélt í*. Sá var stundum nefndur *ihaldsmaður*. Oftast voru notaðar *sauðaklippur* til aftektar, en stundum hnífur. Sumir kunnu því best að nota sinn vasahníf. Vanalega er byrjað að *skera uppúr* undir kverkinni, en stundum þó eftir hryggnum. Síðan var ullin klippt í *fyllingunni*, en það eru finu hárin innanvið togið. Misjafnt var hvað ám var *vel fyllt* og var vandasamt að rýja þær sem var illa fyllt. Til skammar þótti ef kindin var særð eða skorin eftir rúninginn. Þegar hleypt var út var oft *staðið yfir* hópnum um stund, meðan ærnar *lembdu sig*; þ.e. fundu lömbin sín. Ullin var flokkuð eftir lit; látin þorna og síðan troðið þéttingsfast í stóra poka sem nefndust *ullarballar*. Stundum fóru þar með *hagalagðar* sem safnað hafði verið í úthögum“ (VÖ).

Rúbaggi (n, kk) Kind í tveimur reyfum; óaftekin kind; kind sem er áberandi þjökuð af reyfi sínu. „Það þarf endilega að ná þessum rúbaggga sem fyrst“.

Rúða (n, kvk) A. Gler í glugga. B. Reitur, t.d. á strikuðu blaði, flík eða í túni.

Rúðóttur (l) Með rúðum; köflóttur. „Svuntan var af rúðóttu taui, sem var kallað *skoskt tau*; óhrein eða upplituð, því að framaná svuntunni var bót af sama efni er sýndi hinn upprunalega lit tausins“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Rúétinn (l) Um hræ í sjó; étið af marfló/hráa; *hráétinn*. „Í netinu voru tvær rúétnar grásleppur“.

Rúff (n, hk) Brak; drusla. „Heldurðu að þú komist til Reykjavíkur á þessu rúffi“? Orðið mun upphaflega hafa verið notað um þilfarsskýli á bát/skipi, og er líkl. samstofna orðinu hróf og enska orðinu „roof“ = þak.

Rúgbrauð (n, hk) Brauð, að uppistöðu úr rúgmjöli. „Myr; kartöflusmæliki, var gjarnan notað í rúgbrauð; sem og fjallagrös. Kartöfluafgangar voru gjarnan stappaðir og notaðir í rúgbrauð; það var mjög gott með kartöflum. Rúgbrauðin voru bökuð í kringlóttum boxum sem pabbi smíðaði“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). „Fjallagrös voru notuð bæði í brauð og grauta. Það eru reglulega góð rúgbrauð, blönduð með fjallagrös“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Rúgkaka (n, kvk) Eldsteikt flatkaka úr rúgmjöli. „Verkoffortið með rúgkökum eða hveitikökum; rúgbrauði, smjöri, og svo kæfu til nokkurra daga“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Þegar líða tók á vertíðina fengu vermenn bakaðar rúgkökur á bæjunum og heimamenn fengu sendan spónamat; graut og mjólk“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Rúgmél / Rúgmjöl (n, hk) Mél úr rúgi/rúgkorni. Rúgur (Secale cereale) er korntegund af grasaætt. Úr korni hennar er malað rúgmél. Rúgur vex villtur í Litlu Asíu, en hefur verið ræktaður frá nýsteinöld. Hérlandis er rúgur sumsstaðar ræktaður í dag, einkum til beitar.

Rúinn (l) Sviptur munum/verðmætum. „Búðirnar höfðu verið rúnar og yfirgefnar, svo að hendi lá næst að flytja rúmfatnað og annað er þar þurfti til vistar til búða á ný...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Rúlla (n, kvk) A. Sivalningur almenn, t.d. hárrúlla, plastrúlla, vírrúlla o.fl. t. B. Heyrúlla. Rúllupökkun á heyi fór að tíðkast sem verkunar- og geymsluaðferð á síðustu áratugum 20.aldar.

Rúlla (s) A. Snúa sivalningi; vinda; velta; vefja. B. Binda hey í heyrúllu með rúllubindivél.

Rúlluhlunnur (n, kk) *Keflahlunnur; hlunnur* með járnúllum til að auðvelda *setningu* báts; líklega uppfinning Ásgeirs Erlendssonar á Hvallátrum: „Fljótlega eftir að við Þórður fengum Kóp (1932) fór ég að velta því fyrir mér á hvern hátt mætti gera setninginn úr sjá og á auðveldari. Upp úr þessum vangaveltum smíðaði ég keflahlunna úr járni og eik. Þeir reyndust vel, en entust ekki eins og skyldi, svo ég fór þá með teikningu af þeim í vélsmiðjuna Héðin, og brugðust þeir vel við og smíðuðu sterka og vandaða hlunna sem leystu *hvalbeinshlunnana* alveg af hólmi. Ekki varð ég þó ríkur af þessari uppfinningu, enda ekki til þess gert“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Rúkragi (n, kk) A. Slitur af ull um háls/bóga á sauðfé, en þar slitnar það gjarnan síðast af þegar kind *fer úr ullinni*. B. Sérstök tegund kraga á rúllukragapeysu; kragi sem rúllast utanum hálsinn.

Rúllulega (n, kvk) Sérstök tegund legu/lagers, með litlum pinnum/keflum/rúllum; keflalega.

Rúllupylsa (n, kvk) Vindilbjúga; vöðlubjúga; slagvefja. Rúllupylsur eru gerðar úr slögum/magálum/huppum sem lögð eru saman með salti, (lauk) og kryddi inná milli; rúllað þétt upp; síbundið þétt utanum; saltað og reykt og notað sem álegg á brauð.

Rúllupylsunál (n, kvk) *Fjaðurnál; pokanál*; stór saumnál (um 15cm löng); blaðлага að framan; notuð til að sauma saman lundabagga, rúllupylsur, vambir o.fl. Einnig til að spyrða saman rauðmaga til upphengingar og sauma saman strigapoka.

Rúlluterta (n, kvk) Sérstök tegund bakkelsis/köku, sem gert er með því að þunna lagi köku, sem smurt er með sultu eða kremi, er rúllað upp svo úr verður rúlla. Hún er síðan sneidd niður og í verður spíralmynstur.

Rúm (n, hk) A. Svefnbekkur; svefnagn. B. Hólf í báti. Hverjum báti var skipt upp í rúm (sjá „bátur“). „Svo reri hann á tvær árar framí en sagði mér að vera í barkanum, sem er fremsta rúmið í bátinum, og kasta í land tauginni þegar að væri komið því nægur mannskapur var í fjörunni að taka á móti okkur“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). Bil milli þófta er 77-94cm og nefnist rúm. Hver þófta og rúm hefur sitt heiti. Á tveggja og fjögurra manna fari í Kollsvík voru þóftur 3: Barki/hálsrúm var fremsta rúmið;alveg fram í stafn. Aftan við barka er andófsþófta og aftan við hana andófsrúm/fyrirrum. Aftan þess er miðskipsþófta og aftan þess austurrúm . Aftasta þóftan er bitaþófta og aftan við hana er skutur. Reyndar var á sumum bátum lítil formansþófta í skutnum, en stundum sat formaður á lausri fjöl. (sbr. LK; Ísl. sjávarhættir II).

Rúma (s) Taka; hafa pláss/rúm/rými fyrir. „Báturinn rúmar ekki fleiri með góðu móti“.

Rúmbálgur / Rúmflet (n, kk) Gæluorð um rúm. „Eigum við ekki að færa rúmbálginn að hinum veggnum“?

Rúmbrík (n, kvk) Rúmstokkur. „Við rúmbríkina hjá mér er kistill“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Rúmfastur (l) Þarf að vera rúmleggjandi vegna veikinda. „Ég hef verið rúmfastur í nokkra daga“.

Rúmfatnaður / Rúmföt (n, hk, fto) Sæng og koddí, auk sængurvers, koddavers og laks í rúm. „Flestir höfðu einhverjar undirsængur og rúmföt (í búðum í Verinu) “ ... ,, ... eftir að bjargferðum var lokið var fíðrið líka söluvara; það sem ekki var notað til rúmfata heima“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Rúmfrekur (l) A. Frekur á pláss/stæði í rúmi báts. B. Almenn; tekur mikið pláss. „Stóllinn er alltof rúmfrekur í svona litlu herbergi“.

Rúmgóður (l) Sem rúmar vel/ hefur gott pláss. „Fjárhúsin eru þrifaleg og rúmgóð“.

Rúmhelgur dagur (orðtak) Virkur dagur; ekki helgidagur. „Venja var áður að vinna undir drep á rúmhelgum dögum en gera vinnuhlé á sunnudögum og öðrum helgidögum“.

Rúmlega (n, kvk) Lega í rúmi. „Pestín kostaði hann þriggja daga rúmlegu“.

Rúmlega (ao) Ríflega; rösklega; um of. „Við fengum rúmlega í kút af höfðanum“.

Rúmmari (n, kk) Stoð sem heldur uppi rúmi; uppistaða sem rúmþjalir eru festar á. Í torfbæjum og verbúðum fyrri tíma náði rúmmarinn jafnan upp í sperrur eða aðra máttarviði hússins. Sjá *mari*.

Rúmrusk (n, hk) Spilling svefnis; vakning; ófriður um nótt. „Ekki ætlaði ég nú að gera ykkur rúmrusk“.

Rúmsjór (n, kk) Opið haf; úthaf; hafsvæði utan hafna eða annarra þrenginga. „Þú siglir ekki þarna milli skerjana eins og þú sért úti á rúmsjó“.

Rúmstokkur (n, kk) Fjöl sem liggur með brún, *langsetis* eftir rúmi; rúmbrík. Einnig haft um brún rúms þó engin sé fjölin. „Hann settist fram á rúmstokkinn og klæddi sig“.

Rúmstuðull / Rúmmari (n, kk) Hlutar af rúmi/fleti í verbúð. „Rúmin voru þannig að rúmstokkur, fjöl, var fyrir framan, en við báða enda hennar *rúmstuðull* er nefndur var *uppstandari* ef hann náði upp í sperru. Við báða enda rúmstokksins lá fjöl eða *kefli* lárétt í vegginn; *rúmmarinn*. Búðareigandi lagði til rúmstokk, rúmstuðul

og rúmmara. Rúmbotnar voru víðast hvar *riðnir* úr snæri, reyndar þekktust einnig trébotnar. “ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÓETh og KJK).

Rúmstæði / Rúmbáلكur (n, hk/kk) Flet; rúm. „Næst var að huga að búðunum sem búa átti í, vor og sumar. Það þurfti að laga vegg sem var farinn að ganga; bera nýjan sand á gólfíð; laga rúmstæði og fleira “ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Honum bregður í brún þegar hann sér að á rúmbáلكnum (í Látraseli) liggur kona ein ung“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Rúmur (l) A. Almenn um magn/rúmmál/lengd o.fl; ríflegur; yfirdrífinn; röskur; meira en. „Tréð var rúmir þrjár faðmar á lengd“. B. Um fatnað; heldur stór; í stærra lagi. „Skórnir voru vel rúmir“.

Rúnagaldur (n, kk) Galdur/seiður með notkun rúna/rúnaleturs. Engar heimildir eru fyrir því hvernig rúnir voru notaðar til galdra, en í fáeinum fornheimildum er minnst á slíkt; t.d. í Egils sögu, er honum hafði verið boðinn eittraður mjöður: „Egill brá þá knífi sínum og stakk í lófa sér; hann tók við horninu og reist á rúnar og reið á blóðinu“. Líklega gildir um þennan galdur sem marga aðra að menn sem þóttust kunna eitthvað fyrir sér hafa stundum freistast til að nota kunnáttuna til að hræða aðra og auka sér virðingu.

Rúnakefli (n, hk) Trébútur sem á eru ristar rúnir. A.m.k. 4 rúnakefli hafa fundist hérlendis, t.d. að Bergþórshvoli og í Viðey; og 27 í Grænlandi. Ekki er vitað nákvæmlega um tilgang þeirra, en líklega hafa a.m.k. sum þeirra verið verndargripir; hugsanlega gegn sóttum.

Rúnaletur / Rúnir (n, hk/ kvk, ft) Rúnir eru fornt stafróf sem notað var í mörgum germönskum málum frá 2.öld þar til þær viku fyrir latnesku lettri, um líkt leyti og kristni ruddi sér rúms. Elstu rúnaristur sem fundist hafa eru á greiðu frá um 150 e.k. sem fannst á Fjöni. Fyrirmynd rúnanna kann að vera grískt letur eða annað frá Miðjarðarhafslöndum. Rúnaletur er stundum nefnt „fúþark“ eftir fyrstu stöfum þess. Rúnaristur finnast á steinum; rúnasteinum, um norðanverða Evrópu; einkum á Norðurlöndum. Rúnaletur var að mestu aflagt þegar Ísland byggðist, en hefur þó verið notað hér af og til. Elsta heimild um það er svonefnd „Indriðarista“; tréreka frá 12. Öld sem fannst í Skorradal. Í íslenska rúnalettrinu eru 16 ták. Heitið rún er líklega eldra en letrið og e.t.v. stofnskyld „brún“ eða „renna“, og hefur líklega merkt hverskonar rás eða rista. Sbr orðtak sem enn lifir um að andlit manns sé *rúnum rist*.

Rúningur (n, kk) *Aftek*. Yfirleitt var talað um *aftek* í máli Kollsvíkinga, en þó stundum rúning. „Það þarf að hafa góð fjárhús til að geta viðhaft vetrarrúning sauðfjár“.

Rúnnaður (l) Ávalur; með ávölum brúnum/hornum; sívalur.

Rúnta (s) Aka; fá sér bíltúr.

Rúntur (n, kk) Bíltúr; ökuferð. „Ég ætla að fá mér rúnt inni Skarð og gá hvernig er í Hænuvíkurlendingu“.

Rúnum rist (orðtak) Um andlit eða landslag; alsett hrukkum/rásam/dældum. Orðtakið er líklega mjög fornt; eldra en rúnaristur fyrr á tíð. Rún merkir rás eða rista, og hefur *rúnaletur* sennilega tekið nafn af því.

Rúsínan í pylsuendanum (orðtak) Besti/kjarnmesti hlutinn af því sem um er rætt; lokahnykkurinn á sögunni. Orðatiltækið mun ættað frá Danmörku eins og pylsur nútímans, en þar á bæ mun vera gamall siður að setja rúsínu í enda pylsu þegar hún er gerð.

Rúsínubúð (n, kvk) Krambúð; búð sem selur jafnt matvöru sem annan þurftavarning, líkt og var t.d. með kaupfélagsverslanir til sveita. Heitið er líklega fundið upp af Guðm. Jóni Hákonarsyni á Hnjóti, sem lengi var kaupfélagsstjóri á Gjögnum, og mun vera glensheiti á þeirri búð. Hefur síðan verið notað af mörgum öðrum um aðrar slíkar verslanir. „Þetta fékk ég í rúsínubúðinni“.

Rúsínugrautur (n, kk) Grautur með rúsínum og ákasti/méli til þykkingar. Oft með sveskjum eða öðru. „Það var venja á sunnudögum að eldaður væri rúsínugrautur“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna magnússonar).

Rúsínukaka (n, kvk) Jólakaka; kaka með rúsínum í. „Hún hafði bakað herjans mikla rúsínuköku“.

Rúsínukassi (n, kk) Kassi með rúsínum. Rúsínur voru fyrrum seldar í 25 punda pappakössum.

Rúskinn (n, hk) Sútað skinn með ósléttum holdrosa sem snýr út. „Þú ferð ekki út í forina á rúskinnskóm; finndu þér frekar stígvél“.

Rússaáróður (n, kk) Nafngjöf Morgunblaðsins og íhaldsmanna á flestu því sem sagt var að hálfu Sovétríkjanna og bandamanna þeirra. Almennur talaði ekki síður um „Kanaáróður“; það sem Bandaríkjamenn sögðu.

Rússagrýla / Rússahraeðsla (n, kvk) Ógnun sem haldið var á lofti af Morgunblaðinu og íhaldsmönnum um hættuna sem stafaði af Sovétríkjunum og útpenslustefnu þeirra. Rússagrýlan var ástæða þess að gerður var hverndarsamningur við Bandaríkin; haft hér herlið og gengið í Nató.

Rússajepi / Rússi (n, kk) Jeppategund af gerðinni Gaz eða Uaz, sem flutt var inn frá Sovétríkjunum. „Össur og Ingvar í Kollsvík áttu saman rússajepi í mörg ár, og fengu Bjarna Sigurbjörnsson í Hænuvík til að byggja yfir hann. Hann var löngum notaður m.a. til mjólkurflutninga innfyfir Hænuvíkurháls“.

Rússarúgbrauð (n, hk) Frambyggður rússajeppe af gerðinni UAZ.

Rússi (n, kk) A. Maður frá Rússlandi eða fyrrum Sovétríkjunum. B. Bíll frá Rússlandi. Einkum var þetta notað yfir húddjeppe af gerðinni GAZ, og frambyggðan jeppa af gerðinni UAZ, sem einnig var nefndur Rússarúgbrauð. Sá fyrrnefndi var lengi til í Kollsvík; fyrst í sameign Ingvrs og Össurar, en rúgbrauðið kom síðar, í eigu Hilmars. C. Spilið rússi. Tveggja manna spil þar sem hluti stokksins er lagður í borð þegar gefið er, en hluti á hendi. Sá vinnur sem fær fleiri slagi.

Rússneska (n, kvk) Tungumál Rússa; slavneskt tungumál af indóevrópskum ættum. Rússneska er rituð með afbrigði af kyrillísku lettri. Sigurvin Össurarson frá Kollsvík lærði rússnesku og talaði hana þokkalega.

Rúst (n, kvk) A. Steinhruða; haugur af efni. „Þarna í rústinni er tófugreni“. B. Tóft/leifar af húsi/bæ. „Það verður forvitnilegt þegar fornleifafræðingar fara að grafa í þessar fornu bæjarrústir“. C. Jarðfræðfyrirbæri sem finna má á myrlendum svæðum/ flám, og nefnist „pingo“ á erlendum málum. Myndast á svipaðan hátt og þúfur; frost lyftir jarðvegi að vetrarlagi, sem ekki nær að setjast aftur að sumri heldur vex smáam saman uppúr rakara undirlaginu.

Rústa (s) A. Hlaða rúst/farg úr steinum; fergja. „Ég rústaði hræ af rollu sem farið hafði afvelta þarna á dalnum“ „Það þyrfti að rústa járnplöturnar áður en hversir, til að þær fari ekki í veðrið“. B. Leggja á rúst; hrinda; eyðileggja. „Óveðrið rústaði gömlu kirkjunni“. C. Ryðga.

Rústarbrot (n, hk) Tóftarbrot; leifar húsbýggingar/hleðslu, illa farnar/greinanlegar. „Hvergi sjást nein merki selsins, nema ef vera skyldu rústarbrot sem eru á hjallanum“ (Helgi Einarsson; Örn.lýsing Geitagils).

Rústfrír (l) Um mál; ryðfrír; úr málm sem ekki ryðgar.

Rústir (n, kvk, fto) Leifar af mannvirkjum; tóttir/garðar/hleðslur/byggingar. „Ég er hrædd um að of lítil virðing hafi verið borin fyrir gömlu rústunum og margir talið landhreisun að slétta yfir þær; og það sem enn verra er, að róta þeim burt með jarðýtum. ... Hér í Kollsvík er örnefni og sést raunar fyrir tótt, út á svonefndum Hústóttarbökkum sem eru yst á Hnifum en það eru háir sjávarklettar með graslautum og slökkum í brúninni. Engar sagnir eru nú um þessa tótt en hún gæti hafa verið beitarhús eða kannske heytótt eða smalakofi en þó tæplega þar sem hún er trúlega of stór til þess. Bæjarhúsatóttir eru hér víða en ég held flestar frá þessari öld en margar trúlega byggðar upp úr eldri tóttum. Gott hleðslugrjót var notað öld eftir öld, kynslóð eftir kynslóð.... Hér á Láganúpi var í túninu hjáleiga sem hét Hólar. Þeir voru í byggð þegar Jarðamatsbók Árna og Páls var skrifuð þar er sagt að þar hafi byggst fyrir um 50 árum og síðast sem ég veit til er getið um Hólabónða í málsskjölum frá Sjöundármálum um aldam. 1800. Þessar bæjartóttir eru vel sýnilegar enn, þó sjálfsagt hafi verið rífið úr þeim grjót. Til gamans má geta þess að eitt af útihúsum Hólabónða er notað enn en efri hluti veggja verið byggðir upp og þak gert upp en það var með hellupaki þar til fyrir 3-4 árum. Þessi kofi er enn notaður hér fyrir reykhus. Þessi hluti túnsins heitir enn Hólar. Svo er hér upp með Gilinu gömul tótt að mestu horfin í sandfok en mótár aðeins fyrir. Engin deili vita menn á henni.... Gamli grjótgarðar hafa fundist hér á kafi í sandi og gróið yfir svo engin merki sjást á yfirborði. Þeir hafa ekki verið kannaðir en virðast liggja þvert á norðanáttina sem hefur verið skæð með að ausa hér sandi úr fjörunni upp á túnið svo til vandræða hefur horft. Hefur mönnum því dottið í hug að þetta hafi verið sandvarnargarðar....“ (SG; þjóðhættir í Kollsvík og á Rauðasandi;þjhd.þjms). „Get ég ekki gömul spor/ í gömlum rústum fundið. Ekki heldur elju og þor/ í eftirlíking bundið“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort við kortlagningu Kollsvíkurveis).

Rúta (n, kvk) A. Leið/ferð sem farin er; skipulögð/áætluð leið. B. Hóþferðabíll; áætlunarbíll.

Rútína (n, kvk) Venja; það sem gert er venjubundið; *passi*.

Rúttá (s) Færa; ryðja til. „Það er pláss hérna ef aðeins er rúttáð til“.

Ryðberja / Ryðhreinsa (s) Berja/lemja ryðgaðan járnhlut svo ryðið brotni af.

Ryðblettur / Ryðgat / Ryðhaugur / Ryðhrúga (n, kk/hk/kvk) Skemmdir vegna ryðs/oxunar í járn.

Ryðbrunninn / Ryðétinn (l) Um járnhlut; mjög ryðgaður. „Þarna gróf ég upp ryðbrunninn hring með keng“.

Ryðga (s) A. Um járnhlut; verða ryðgaður; oxast. B. Um mann; gleyma. „Ég er nú farinn að ryðga í þessu“.

Ryðja (s) *Ruðja* A. Almennt um að róta frá sér hindrun/haug/stafla. B. Moka snjó og aðra ófærð af vegi. „Þeir ætla að ryðja hingað úteftir á morgun“. C. Taka afla/farm úr bát, annaðhvort við löndun eða til að létta í óveðri. „Rutt var mestu af saltinu og haldið undan, því ekki voru tiltök að halda áfram á móti veðri“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Arb.Barð. 2003).

Ryðja bát (orðtak) Létta bát í slæmu sjólagi með því að ryðja afla/farmi fyrir borð; *ryðja*.

Ryðja (einhverju) braut (orðtak) Greiða götu einhvers; koma einhverju á; innleiða eitthvað.

Ryðja brautina fyrir (eitthvað) (orðtak) Greiða fyrir framgangi einhvers.

- Ryðja dóm** (orðtak) Um dómskipan að fornu. Dómur var skipaður allmörgum dómendum. Sækjandi máls átti rétt á að láta vissan fjölda dómenda víkja, teldi hann þá óæskilega; og sama gildi um verjanda.
- Ryðja frá sér** (orðtak) Færa/ýta/moka frá sér til að skapa sér pláss. „Ruddu frá þér í miðrúminu svo þú getir staðið þar við að kúttu“.
- Ryðja inn** (orðtak) Um heyskap; koma heyi í hlöðu í flýti. „Hann er að ljókka ári mikið; við þurfum að fara að ryðja inn í hveli“!
- Ryðja niður snjó** (orðtak) Fenna/snjóa mjög mikið. „Fjandi getur hann rutt niður af snjó“!
- Ryðja/raða í sig** (orðtak) Borða mjög mikið; borða látlaust. „Þó þetta sé góður matur, þá þýðir ekkert að ryðja í sig svo *botnlaust* og *vittlaust*, þannig að maður verði óvinnufær á eftir“.
- Ryðja sér (til) rúms** (orðtak) Verða alsíða; komast í tisku. „Þessi tækni er óðara að ryðja sér til rúms“. Orðið er líklega dregið af því að háseti/ræðari á bát þarf stundum að ryðja afla frá sér til að komast fyrir í rúmi bátsins, t.d. til að geta róíð.
- Ryðja sig** (orðtak) A. Um verkun matar; kæsast. „Meðan skatan var að gerjast í kösinni; ryðja sig, vað að verja hana fyrir vatni svo hún spilltist ekki.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Um vatnsfall; ryðja fram stíflu af krapi, aur eða öðru. „Það var tilkomikið að horfa á þegar Gilið var að ryðja sig í vorleysingum, eftir snjóþungan vetur“. C. Um veður; léttu til; ryðja skýjahulu úr loftinu; *rifa af sér*. „Mér sýnist hann heldur vera að ryðja sig“.
- Ryðja upp brimi/haugsjó/sjó** (orðtök) Auka sjó mikið og hratt. „Hann er að ryðja upp *vestansjó*“.
- Ryðja upp þoku** (orðtak) (orðtak) *Leggja upp* þoku; koma með þoku. „Hann hefur rutt upp slíkri þoku að maður sér varla handa skil; hvað þá að það sjáist nokkur kind“.
- Ryðja úr sér** (orðtak) A. Um veður/óveðurský; gefa frá sér úrkomu; rigna. „Við þurfum að drífa heyið inn; hann fer *óðara* að ryðja úr sér“. B. Um mann; segja frá; tala mikið/hratt. „Kvæðið hafði ég lært utanbókar og gat rutt því úr mér vandræðalaust“.
- Ryðkláfur** (n, kk) Hlutur úr járn sem orðinn er mjög ryðgaður. T.d. notað um mjög ryðguð hús, skip eða bíla.
- Ryðskán / Ryðskóf** (n, kvk) Flaga af ryði/járnoxíði. „Ég barði af þessu mestu ryðskófirnar“.
- Ryðsleginn / Ryðstokkinn** (l) Ryðgaður; farinn að ryðga.
- Ryðsækinn** (l) Gjarn á / hættir til að ryðga.
- Rykarða / Rykögn** (n, kvk) Lítil arða/ögn af ryki. „Það má ekki vera rykarða á myndavélarlinsunni“.
- Rykdust** (n, hk) Smávegis af fingerðu ryki. „Hvaða rykdust er þetta á borðinu“?
- Rykfallinn** (l) Sem ryk hefur fallið á; gleymdur; óhreyfður.
- Rykkilín** (n, hk) Hvítur kyrtill sem prestur ber yfir svartri hempu sinni. Tekur nafn af því að það er rykkt í hálsmálið og liggur því í lóðréttum fellingum.
- Rykkóf / Rykmökkur / Rykský** (n, hk/kk) Mikið ryk í lofti. „Rykkófið í hliðinni var lengi að setjast, þar sem steinninn hafði komið niður“.
- Rykkja á** (orðtak) Hnykkja á; taka í eitthvað með snöggu átaki.
- Rykti** (n, hk) Orðstír; frægð; orðrómur; orðspor; sveitaslúður. „Það segir það ryktið að hún sé ólétt“.
- Rykugur** (l) A. Þakinn ryki; rykfallinn. „Billinn er orðinn fjári rykugur eftir sumarið“. B. Gæluorð um mann; ruglaður; drukkinn; ölvaður.
- Rymja** (s) Drynja; umla; urra; gefa frá sér djúpt bælt hljóð. „Hann svaraði þessu engu, heldur rumdi við“.
- Rysja / Rysjuveður** (n, kvk/hk) Rosi; ótíð; umhleypingar; slæmt veður; garri. „Það er sama rysjan í dag og síðustu daga“. Rysja er hljóðbreyting á „rosi“ og hefur nánast sömu merkingu. „Gengur brátt í illa átt;/ upphefst tími rysju./ Ölduslátt með eðli grátt/ elur máttug vindagátt“ (JR; Rósarímur).
- Rysjótt** (l) Um tíðarfar; umhleypingasamt; illviðrasamt. „Veðrið hefur verið skrambi rysjótt þessa dagana“.
- Rysjutíð** (n, kvk) Umhleypingasamt tíðarfar. „Hér er búin að vera bölvuð rysjutíð það sem af er vori“.
- Ryskingar** (n, kvk, fto) Áflog; slagsmál; bardag; ófriður. „Það kom til einhverra ryskinga á þorrablótinu“.
- Rytja** (n, kvk) A. Ræfildri af fatnaði; skepnu; bók o.fl. „Þessi bók er lítið annað en rytjur“. „Það var ekkert eftir af hræinu nema rytjurnar“. B. Ræfilsleg ær. „Þessi rytja stingur dálítið í stúf við hópinn“.
- Rytjulegur** (l) Ræfilslegur; tætingslegur; vesæll. „Skelfing er þessi hrútur rytjulegur“.
- Rýja** (s) Taka af; fjarlægja upp af sauðfé. Sjaldan notað af Kollsvíkingum; þeim var tamara að *taka af*. Heyrðist þó, enda af sama stofni og *rú* sem iðulega var notað. Sjá í *rúinu*.

Rýja (n, kvk) A. Tuska; drusla; *rytja*. „Finndu einhverja rýju til að þurrka af borðinu“. B. Grey; gæluorð um börn eða aðra minnimáttar. „Komdu nú hérna rýjan mín og *fáðu* þér eitthvað í *gogginn*“.

Rýja inn að skinni/skyrtunni (orðtak) Taka allt sem mögulegt er; ganga nærri. Vísar til þess að ekkert sé skilið eftir af fylling þegar tekið er af kind, en venja er að skilja eins mikið eftir af honum og mögulegt er. Notað t.d. um það að gengið sé svo nærri manni með álögum/greiðslu/gjaldheimtu að hann eigi lítið sem ekkert eftir.

Rýkur úr báru (orðtak) Svo hvasst að vindur feykir sjó/froðu úr öldufaldinum, en til þess þarf allmikið rok.

Rýma (s) Búa til pláss með því að taka úr; ryðja; tæma. „Við rýmdum geymsluna til að koma þessu fyrir“.

Rýma til (orðtak) Búa til pláss; rýma; hagræða. „Það má rýma til á bekknum svo þú getir sest“.

Rými (n, hk) Pláss; hólfi; rúm. „Þetta þarf ekki mikið rými“.

Rýmilega (ao) Rösklega; rúmlega; yfirdrifið. „Ég lét hann hafa vel rýmilega af salti“.

Rýmilegt (l) Rúmlegt; viðunandi; yfirdrifið. „Ég held að þetta hafi verið vel rýmileg gjöf hjá kúnum núna. Það er óþarfi að láta þær standa yfir leyfðu“.

Rýmka / Rýmka (s) Skapa rými/pláss; gera rúm. „Það þarf að rýmka holuna aðeins fyrir þennan staur“.

Rýmkastr / Rýmkastr (s) Verða rýmra. Báðar myndir notaðar jöfnum höndum.

Rýna (s) A. Skoða/horfa vandlega; einblína. „Ég sá öngv kind; hvernig sem ég rýndi“. B. Lesa. „Mér þykir gott að rýna aðeins í bók fyrir svefninn“.

Rýna eftir (orðtak) Gá að; leita að. „Ég rölti niður á Bakkana til að rýna eftir þessum kindum“.

Rýr (l) Litill; léttvægur. „Heldur var aflinn rýr úr þessum róðri“. „Þetta er rýrasta eftirtekjan af öllum bjargferðum sumarsins“. B. Horaður; magur; léttur. „Skelfing eru tvílembingarnir rýrir hjá henni“.

Rýr í roðinu (orðtak) Innihaldslaus. „Heldur fannst mér nú framkvæmdin rýr í roðinu eftir öll fyrirheitin“. Upphafleg merking er væntanlega horaður fiskur sem reynist lítið annað en roðið eftir verkun.

Rýra (s) Minnka; skerða. „Ég ók hægt yfir ósléttuna til að rýra ekki *eggjafenginn*“.

Rýrð (n, kvk) Minnkun; skerðing. Sjá orðtakið *kasta rýrð á*.

Rýrðarafl / Rýrðareftirtekja / Rýrðarfengur (n, kk/kvk) Litill afl; lítil/léleg eftirtekja. „Það var hálfgerður rýrðarafl í þessum róðri“. „Þetta kalla ég rýrðareftirtekju úr Stígsferð“!

Rýrðarkostur (n, kk) Lélegt/lítið fæði; ómeti. „Þetta árans poppkorn er óttalegur rýrðarkostur“.

Rýrðarkvikindi / Rýrðarskepna / Rýrðarskjáta (n, kvk) Horuð/léleg kind/stelpa; grásleppulæpa. „Þetta er óttaleg rýrðarskepna; varla *setjandi á annan vetur*“. „Grásleppurnar núna eru óttaleg rýrðarkvikindi; orðnar svona *legnar*“.

Rýrðarpláss (n, hk) *Eggfles* þar sem lítið er að hafa. „Efstu gangarnir eru orðnir rýrðarpláss síðustu árin“

Rýrðarspretta (n, kvk) Léleg grasspretta; lítil gróska. „Það er rýrðarspretta á sandtúnnum í þessum þurrkum“.

Rýringslegur (l) Horaður; *pervisinn*; smáfaxinn. „Skelfing er þetta rýringslegt hrútkvikindi“. „Aflinn var óttalega rýringslegur þennan daginn, enda hvergi *flóarfriður* í þessum *vindstramba*“.

Rýringur Rýringsrey / Rýringskvikindi (n, kk) Væskill; oftast horaður og pasturslítill maður, en gat einnig átt við lítið lamb að hausti. „Ég held að þessi rýringur eigi ekkert eftir nema að horfalla“. „Næst fór ég á Rauðasand, þar rýringur er einn, raunalegt að hann skuli ekki fitna. Í kvenna og ástamálum er hann mjög svifaseinn/ í sína ævi byrjaði að vitna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Rýrna (s) Minnka; ganga til rýrnunar; skerðast. „Hér hefur gluggakítinn rýrnað“.

Rýta (s) Gefa frá sér rýt /svínahljóð.

Rýtingur (n, kk) Dálkur; sterkur beittur hnífur; laghnífur. „Þetta er ári fallegur rýtingur“. Sjá *eins og rýtingsstunga í bakið*“.

Ræða (n, kvk) Langt tal eins manns til hóps; ávarp; framsaga. „Skelfing fannst mér þessi ræða innihaldslaus“!

Ræða (s) Tala saman um; segja; spjalla. Sjá *um að ræða*.

Ræða (um) landsins gagn og nauðsynjar / Ræða málin (orðtak) Spjalla um daginn og veginn. „Hinir sátu góða stund við kaffiborðið og ræddu landsins gagn og nauðsynjar“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Þegar menn voru búnir að borða og ræða málin var dregið í sundur, og boðið upp ef ómerkingar voru“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

- Ræðari** (n, kk) Sá sem rær bát. „Fyrsta vorið sem barnaskólinn í Fagrahvammi starfaði gerði skólustjórinn, Ingólfur Þórarinnsson út á rauðmaga, og hafði skólaborðin fyrir ræðara. Róið var á Gjögurum á vélarlausri skektu í eigu Slysav.deildarinnar Bræðrabandsins, og lagt á Gjögurálgnum“. Sjá *árinni kennir illur ræðari*.
- Ræði** (n, hk) *Tolla*; keipar; umbúnaður sem árin leikur í á borðstokk árabáts. Yfirleitt er talað um tollur í Kollsvík en stundum þó ræði. Ræði hafa tekið breytingum í gegnum tíðina. Keipur var lengi notaður fyrr á öldum. Þá var plankabútur; keipstokkur, festur ofaná borðstokkinn og í honum sat keipurinn; 3“ hátrénaþi sem árin nam við þegar áratog var tekið. Til viðhalds í framtakinu var hömluól/hamla; smeygur sem dregin var í gegnum keipinn og árin var stungið í. Ef ræðari missti árin gat hún *dregist úr hömlu*, sem síðan hefur lifað sem orðtak. Í stað ólarinnar voru stundum tveir keipar, og árin þá milli þeirra. Til var það að skarð var gert í borðstokkinn sem ræði; nefnt skarðaræði. Í fornöld þekktist að gat væri efst í byrðinginn fyrir ræði; nefnt háborá/háboruræði. Tolluræði fór að tíðkast eftir miðja 19.öld, og þá fyrst á Vestfjörðum. Það var af tvennum toga. Önnur var með trékeip aftanvið; jártollu framanvið og bútt sem slitlag á milli; oft úr hvalbeini og nefnt gilding. Stundum voru báðar tollur úr járn; boraðar niður gegnum borðstokkinn og milli þeirra/áþær fellt flatjárn, nefnt *þrælka*. Sú gerð sem algengust var í Kollsvíkurvei og víðar í seinni tíð var ein tolla sem fest var í þrælku á borðstokkinn, og lykka á *árastokknum* féll uppá hana þegar róið var. (heimild; LK; Ísl sjávarhættir II)
- Ræðinn** (l) Málgefinn; *samkjaftar ekki*; lipur í *talandanum*. „Hann var mjög ræðinn og *mannblendinn*“.
- Ræðuefni** (n, hk) Umræðuefni; kjarni ræðu/ummæla. „Á ungmennafélagsfundum í Kollvík voru tekin fyrir hin margvíslegustu ræðuefni. Gjarnan einhver sem til framfara horfðu í samfélaginu“.
- Ræðulist** (n, kvk) Færni í að halda ræðu; mælskulist. „Í ungmennafélagsstarfinu þjálfuðust menn í ræðulist og skipulegri framsetningu“.
- Ræðupúlt / Ræðustóll** (n, kk) Upphækkun/borð sem ræðumaður stendur við.
- Ræðusnillingur** (n, kk) Sá sem er fær ræðumaður/ kemur vel fyrir sig orði/ hrífur fólk með ræðuhaldi.
- Ræfildómur** (n, kk) *Aumingjadómur*; *gauðsháttur*. „Skelfilegur ræfildómur er þetta að láta heyið rigna“!
- Ræfill** (n, kk) A. Aumingi; vesalingur. „Maður er óttalegur ræfill eftir að hjartað fór að gefa sig“. B. Ótukt; þrælmenni. „Skelfingar ræfill getur maðurinn verið“! C. Garmur; drusla; hræ. „Bókin er orðin óttalegur ræfill“. „Við fundum þarna ræfil af kind sem hafði farið afvelta“. Sjá *rífa ræfil úr svelli*.
- Ræfilsgarmur / Ræfilsgrey / Ræfilsskarn / Ræfilseymingi / Ræfilsgrey / Ræfilskvikindi / Ræfilsskinn / Ræfilstuska / Ræfilstötur**. Gæluorð sem notuð voru í vorkunnartóni um/við skepnur, t.d. oft um hunda, og sumt af því stundum í gælutón við barn. „Komdu herna ræfilsskarnið og sæktu þetta bein í kjafittinn á þér“. „Ertu eitthvað stúrin, ræfilstötrið mitt“.
- Ræfilsháttur** (n, kk) Aumingjadómur; vesalmennska; eynd. „Þetta er nú óttalegur ræfilsháttur af þeim að reyna ekki að ná fenu“!
- Ræfilslegur** (l) A. Um mann; veiklulegur; slappur; aumur. „Pestinn er að mestu afstaðinn, en maður er fjári eitthvað ræfilslegur ennþá“. B. Lítilfjörlegur; rýr. „Þú afsakar hvað þetta er ræfilslegt sem þú færð með kaffinu núna; ég vr bara ekki búin að baka“.
- Ræfla** (n, kvk) Annað nafn á *rafabelti* af lúðu (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: STh Kvígindisdal).
- Ræflast til** (orðtak) Koma sér að; drattast til. „Hann gæti nú reynt að ræflast til að hýsa hrúta á réttum tíma“!
- Ræfrildi** (n, hk) Drusla; leifar af nytjahlut/fatnaði/bók; *ræfill*. „Það var lengi til ræfrildi af þessari bók, en ég hef ekki séð það neitt nýslega“. „Þessi vinnustakkur er lítið annað en ræfrildi sem þyrfti að henda“.
- Ræfur** (n, hk) Rjáfur; innanvert ris í húsi. „Net var strengt neðan í ræfríð á Hesthúsinu og á það settar bjúgur til reykingar“.
- Rægja** (s) Segja/ bera út róg/slúður/óhróður; baknaga. „Ég læt það alveg vera að rægja fólk“.
- Rækallansári** (n, kk) Áhersluorð/milt blótsyrði; *skrambansári*; *býsna*. „Hann er farinn að rigna rækallans ári drjúgt“. „Rækallansárin hefur nú orðið af gleraugunum mínum“.
- Rækallinn** (n, kk, m.gr) Skrattinn; fjandinn. „Hvað skyldu þessar rækallans túnrollur gera af sér næst“? Blótsyrði voru notuð í misjöfnum mæli í Kollsvík, allt eftir trú, viðhorfum og uppeldi hvers og eins. Sumir kváðu fullsterkt að, t.d. „Fari það nú í heitasta helvíti“, meðan aðrir fundu það form á blótsyrðin sem þeir töldu Kristi þóknalegra. Fjandinn gekk því undir ýmsum nöfnum; Rækallinn; Pokurinn; Danskurinn; Röndóttur o.fl. Í stað Andskotans- þótti betur við hæfi að segja Bévítans-; Ankollans-; Rækallans-; Angans-; Árans-; Skollans-; Gollans- o.fl. Sjá *hver rækallinn!*
- Rækilega** (ao) Vandlega; vel; ítarlega. „Ég þvoði fiskinn rækilega“.
- Rækilegur** (l) Almennilegur; vel útlátinn; ítarlegur. „Hann fékk víst rækilegt kjaftshög“.

Rækja (n, kvk) Smá liðdýr af ættbálki skjaldkrabba. Sú rækjutegund sem lifir hér við land nefnist í daglegu tali rækja, en eldra heiti er stóri kampalampi (*Pandalus borealis*), sem er langmest veidda tegund kaldsjávarrækju í heimi. Gerður er greinarmunur á rækju eftir kjörsvæðum; djúpsjávarrækja lifir á meira en 200m dýpi en fjarðarækja í innfjörðum. Rækja er ekki á Kollsvíkurmiðum svo vitað sé, en hún hefur verið mikið veidd í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og víðar. Sömuleiðis sást rækja líklega ekki á matborðum Kollsvíkinga fyrr en seint á 20. öld. Til voru þeir sem ekki vildu sjá þvílíkt ómeti, og einn Kollsvíkingur er sagður hafa afþakkað brauðertu með rækju, sem þá tíðkaðist, með orðunum að hann „vildi ekki sjá blautar tertur með fiski“.

Rækja (s) Stunda; iðka; hirða um. „Hann ræktaði vel sínar skyldur í þessum efnum“. „Maður er skammarlega latur að rækja ættartengslin“.

Ræksnastampur (n, kk) Ílát sem ræksnum/slógi er kastað í þegar slægt er í landi eða þegar slægt er á sjó og ræksni tekin í land til nýtingar.

Ræksni (n, hk, fto) A. *Fiskslor*; innyfli og slóg úr fiski. „Ræksni voru áður notuð sem áburður á tún og í skepnufóður“. Þegar talað var um ræksni til beitu, var einkum átt við slóg úr hrognkelsi, og var fremur talað um *hrognkelsabeitu* á Vestfjörðum. B. Það sem orðið er mjög lélegt og úr sér gegnið. „Þessar hjólbörur eru orðnar hálfgerð ræksni“.

Ræksnislegur (l) Lélegur; druslulegur; *ræfrildi*. „Skelfing er nú þetta *húfupottlok* orðið ræksnislegt“.

Rækt (n, kvk) A. Ræktun. Sbr sauðfjárrækt, nautgriparækt o.fl. B. Spretta; gróska. „Gamla túnið er enn í góðri rækt“. C. Ástund; samviskusemi; umhyggja. „Hann *lagði* mikla *rækt* við námið“.

Rækta (s) A. Yrkja, efla stofn nytjajurta/búfjár. „Guðbjarti afa á Láganúpi þótti skynsamlegra að rækta hyrndan fjárstofn en kollóttan, og gulleitan fremur en hvítan; háfættan fremur en lágfættan. Hann var þannig á móti straumum samtímans, en rök hans voru sterk og eru nú að sannast“. B. Hirða um; rækja. „Ég hef ekki verið duglegur að rækta tengsl við þetta fólk“.

Ræktanlegt land / Ræktunarland (orðtak/ n, hk) Sá hluti jarðar sem er tún eða unnt er að breyta í túnrækt.

Ræktarlegur (l) Umhyggjusamur/velviljaður í garð sinna vina/ættingja. „Alltaf er hún jafn ræktarleg í sér“.

Ræktarsamur (l) Natinn; umhyggjusamur; hugulsamur. „Þau eru mjög ræktarsöm við ömmu sína“.

Ræktarsemi (n, kvk) Umhyggja; alúð; velvild. „Hann hefur alltaf sýnt sinni heimasveit mikla ræktarsemi“.

Ræktun (n, kvk) A. Það að rækta/yrkja. B. Tún; túnslétta; akur.

Rækur sjór / Færar leiðir (orðtak) Færar leiðir inn á lægið í Kollsvíkurverri. „Þá var einnig kannað hvort braut á vissum boðum. Reyndist svo, þótti ekki rækur sjór. Ef í norðanátt braut á Giljaboða og Djúpboða í Kollsvík var ekki róið, enda voru þá tæpast færar leiðir“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heim, ÓETH).

Rælnast (s) Þvælast; fikta; fara í tilgangsleysi. „Ég var að rælnast niðri á Bökkunum þegar ég sá þetta“.

Rælni (n, kvk) Fikt; tilviljun; þvælingur. „Fyrir rælni var ég þarna staddur þegar á þurfti að halda“. Sjá *af rælni*; fyrir rælni.

Ræma (n, kvk) A. Renningur; afrifa; skák. „Hún reif kjólræfilinn í ræmur og fléttaði úr honum band, sem hún síðan rúllaði saman og saumaði í kringlóttu mottu“. B. Hálsbólga; *kverkaskítur*; kvef; *hálsræma*. „Það er einhver bölvuð ræma í hálsinum á mér“.

Ræmdur (s) Þekktur að; sagður; með orðspor. „Hann var illa ræmdur fyrir hvinnsku“.

Ræna (n kvk) A. Meðvitund. „Þegar hann komst til rænu aftur sagðist hann hafa dottið svona illa á höfuðið“. B. Hugsun; fyrirhyggja; skynsemi. „Þessir aular *höfðu* enga *rænu* á að hafa með sér góðar yfirhafnir“! C. Hægur vindur. „Hann er kominn með einhverja rænu af norðri og farinn að *rífa upp* báru“.

Ræna (s) Stela; rupla; *taka ófrjálstri hendi*. „Sjóræningjar lögðu leið sína í Saurbæ og rændu Eggert Hannessyni hirðstjóra“.

Ræningi (n, kk) Sá sem rænir. „Krummi er hinn mesti ræningi í eggöldum á vorin“.

Rænulaus (l) A. Meðvitundarlaus; rotaður. „Hann var hálf rænulaus eftir höggið“. B. Hugsunarlaus; fyrirhyggjulaus. „Skelfing eruð þið rænulausir strákar; að taka ekki eftir túnrökkuskröttunum þarna“!

Rænuleysi (n, hk) A. Meðvitundarleysi; rot. B. Hugsunarleysi; fyrirhyggjuleysi. „Skelfingar rænuleysi er þetta í karlinum; vissi hann ekki hvenær við ætluðum af stað“?!

Rænuleysisrugl (n, hk) Það sem sagt er í rænuleysi.

Rænulítill (l) Með litla meðvitund; vankaður.

Ræpa (n, kvk) A. Niðurgangur; steinsmuga. B. Kjaftæði; *munnræpa*.

Ræsa (s) A. Búa til rás/ræsi/farveg fyrir vatn. Sjá *ræsa fram*. B. Setja af stað. „Hlaupararnir voru ræstir með klappi“. C. Vekja. „Það má nú fara að ræsa unglínginn“. D. Setja vél í gang.

Ræsa fram (orðtak) Veita vatni í rás/farveg; þurrka mýrlendi/fen. „Verstu drápsdýin í Mýrunum hafa nú verið ræst fram og eru flest orðin hættulaus“.

Ræspaði (n, kk) Ambað til að grafa mjóa skurði til ræsingar. Ræspaði var til á Láganúpi í tíð Össurar.

Ræsi (n, hk) Rás sem vatn, skólþ eða annað rennur um. Merkir nú lokaða rás, en gat áður merkt opna rás.

Ræsking (n, kvk) Það að ræskja sig. „Eftir miklar ræskingar hóf hann upp ræðu sína“.

Ræskja sig (orðtak) Losa um slím í kverkum með niðurbældum hósta eða hryglu.

Ræsta (s) Þrífa, hreinsa. Heyrðist lítt sem ekki í Kollsvík; þess í stað talað um að þrífa, skúra o.fl.

Ræsting (n, kvk) Þrif; hreinsun.

Ræta sig (orðtak) Um jurt; mynda rót. „Melurinn er seigari er flestar aðrar jurtir að ræta sig í sandinum“.

Rætast (s) Raungerast; koma í ljós; sannast. „Hún rætist illa hjá þeim, þessi veðurspá“!

Rætast úr (orðtak) Verða betra en búist var/ leit út fyrir. „Það ætlar að rætast betur úr þurrkinum en hann spáði“. „Ég sagðist skyldu lána honum fyrir þessu þangað til færi að rætast úr fyrir honum“.

Rætinn (l) Illkvittinn; rótarlegur. „Hann er stundum fjári rætinn í umtali um nágrannana“.

Rætni (n, kvk) Illkvittni; ódrengskapur. „Saklausir hrekki eru í góðu lagi, en þetta var hreinræktuð rætni“.

Rætnislaust (l) Án illkvittni/illgirni. „Þetta var bra rætnislaus ábending af minni hálfu“.

Rödd (n, kvk) A. Málrómur. B. Söngrödd/töntegund. „Hann hefur nokkuð góða rödd“.

Röð (n, kvk) Runa; skipuleg lengja staka. „Kýrnar stilltu sér upp í röð við fjósdýrnar“.

Röðull (n, kk) Roði á himni, t.d. morgunroði eða kvöldroði. „Líðinn er dýrðlegur dagur./ Í djúpanna skaut er brátt hniginn/ rósrauður röðull svo fagur./ Rö yfir dalinn er sigrinn“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Röfl (n, hk) Nöldur; raus; neikvætt tal. „Hættu nú þessu endemis röfli um ríkisstjórnina; ætli þinn flokkur hefði nokkuð gert betur í þessum málum“?!

Röfla (s) Hafa uppi neikvætt tal; tala í neikvæðum tón; kvarta. „Enn röfla kvótakóngar um gengisfellinguna“!

Röð og regla (orðtak) Gott skipulag. „Hjá honum er röð og regla á hlutunum“.

Rögg (n, kvk) Myndugleiki; kjarkur; kraftur. Sjá *taka á sig rögg*. Rögg mun fyrrum hafa merkt ullarlagður; sbr *röggvarfeldur*.

Röggsamur (l) Duglegur; röskur. „Hann þótti hinn ágætasti formaður; röggsamur og drífandi“.

Röggsemdarmaður / Röggsemdarkona / Röskleikamaður / Röskleikakona (n, kk/kvk) Sá/sú sem sýnir mikið framtak/dugnað.

Röggsamlega (ao) Rösklega; af dugnaði. „Þetta þótti mér röggsamlega gert“.

Röggsamur (l) Duglegur; drífandi. „Mér sýnist þetta nokkuð röggsamur náungi“.

Röggsemdarpiltur / Röggsemdarstúlka / Röggsemdarmaður / Röggsemdarkona / Röggsemdarhjó / Röggsemdarfólk (n, k/kvk/hk) Um fólk sem sýnir röggsemi/drift/dugnað/framtak.

Röggvarfeldur (n, kk) Loðfeldur; loðkápa. Rögg merkti fyrrum ull eða það sem loðið var.

Rök (n, hk, fto) A. Sannindi; stuðningsatriði. B. Dreifar af heyi á jörð, t.d. eftir að rakað hefur verið upp með vél. Í byrjun vélaaldar var vani að fólk rakaði með hrífum eftir vélinni en nú mun slík aðhaldssemi úr sögunni. „Það eru lítil búhyggindi að hirða ekki um rökin þegar búið er að kosta uppá ræktun og slátt“.

Rökfastur (l) Sem færir góð rök fyrir máli sínu.

Rökfræði / Rökfærsla / Rökleiðsla / Röksemdsfærsla / Rökstuðningur (n, kvk) Stuðningur fullyrðinga með rökum/sönnunum. „Þetta finnst mér furðuleg rökleiðsla hjá þér“.

Rökfæra / Rökstyðja (s) Færa rök/sannanir fyrir.

Rökhugsun / Rökhbyggja (n, kvk) Skynsamleg/rökrétt hugsun. „Það er erfitt að sjá nokkra rökhugsun í þessu“.

Rökkur (n, hk) Húm; skuggsýnt; nokkuð myrkur; tíminn frá sólarlagi til myrkurs og frá birtingu til sólarupprásar. „Mamma kundi mikið af ljóðum og sögum. Oft sagði hún okkur sögur þegar við vorum hjá henni við ýmis störf, eða þegar hún sat með þrjónana sína í rökkrinu“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Fyrst á haustin var setið í rökkrinu og þrjónað. Þegar kom fram á skammdegið lagði eldra fólkið sig í rökkrinu (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Rökkurbyrjun (n, kvk) Sá tími dags að farið er að dimma lítilliga. „Komum við þangað í rökkurbyrjun“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

- Rökkurhugsanir** (n, kvk, fto) Það sem hugsað er í myrkri/rökkri. Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1918.
- Rökkursvefn** (n, kk) Lúr sem algengt var fyrrum að menn tækju sér síðdegis; þar til kveikt var á ljósferum. „Trúlega hefur það ekki verið algengt á afskekktum sveitabæ, að í stað rökkursvefnisins sem algengur var á bæjum meðan beðið var eftir að hæfilegt væri að kveikja á lampanum, væri æfður raddaður kórsöngur í borðstofunni“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).
- Rökkva** (s) Dimma af degi; skyggja. „Byrjað var að rökkva er lagt var af stað frá Hnjóti...“ (MG; Látrabjarg).
- Rökkvað** (l) Skuggsýnt; hálfdimmt. „Það verður erfiðara að finna féð eftir að rökkvað er orðið“.
- Rökleysa** (n, kvk) Falsrök; rökvilla; engin röksemd. „Það er algjör rökleysa hjá þér að vísa í þetta“!
- Rökréttur** (l) Skynsamlegur; sem styðst við rök/skynsemi/sannanir. „Mér finnst þetta rökrétt niðurstaða“.
- Rökræða** (s) Tala saman til að færa rök fyrir sínum skoðunum/álitum; rökstyðja. „Hann sat fastur við sinn keip; sama hvernig ég reyndi að rökræða við hann“.
- Rökræður** (n, kvk, fto) Samtal þar sem menn rökræða; rök sem færð eru fyrir máli; sannfæringar. „Hann samþykkti þetta eftir nokkrar rökræður“.
- Röksemd** (n, kvk) Rök; sönnun. „Þetta finnst mér fremur haldlitlar röksemdir í málinu“.
- Rökstólar** (n, kk, fto) Rökræður. Talað er um að sitja á rökstólum. „Enn sitja þeir á rökstólum og ræða um búskapinn hjá Kollu“.
- Rökvilla** (n, kvk) Falsrök; rökleysa; veila/veikleiki í röksemdafærslu. „Þetta er bara rökvilla hjá þér“!
- Rökvis** (l) Rökfastur; sannfærandi. „Svo rökvis var hann að hinir sannfærðust um að þetta væri lausnin“.
- Rökþrot** (n, hk, fto) Engin rök lengur finnanleg. „Hann var alveg komin í rökþrot í sínu máli“.
- Rökþrota** (l) Getur ekki sannað sitt mál lengur; *kjafstopp*. „Þar kom að hann varð alveg rökþrota“
- Rölt** (n, hk) Hægur gangur; dól; rangl. „Hann er hér einhversstaðar á rölti“.
- Rölta** (s) Ganga í rólegheitum; ganga hægt. „Ég ætla að rölta aðeins niður að sjó“.
- „Nú er hann svangur og lúinn að loknu löngu dagsverki og matarlaus, en á eftir að rölta heim til sín um það bil hálf tíma gang“ (PG; Veðmálið).
- Rölthraði** (n, kk) Hægur hraði. „Þetta er klukkustundar gangur á rölthraða; minna ef rösklega er gengið“.
- Römm er sú taug er rekka dregur (föðurtúna til)** (orðatiltæki) Ljóðlína úr Hávamálum, þrungin er speki líkt og annað sem þar stendur. Fátt er sterkara en tryggðin í huga hvers manns við uppeldisstöðvar og áttaha. Samantekt þessa sérstæða orðasafns er glöggt dæmi um það. Rekki er fornt heiti yfir mann. Sjá einnig; *man sauðurinn hvar hann lamb gekk*.
- Römm eru reiðitár** (orðatiltæki) Sá sem fellir tár af reiði er líklegur til langrækni eða átaka.
- Röndóttur** (l) Um lit; með mislitum röndum. B. Blótsyrði; „*Hver röndóttur*“!
- Röng** (n, kvk) Band í báti; síðuband í báti, ef bunkastokkur er stakt stykki. „Mundu eftir að stinga hníbbnum aftur undir röngina þegar þú ert búinn að *blóðga*, svo hann fari ekki í *austurinn*“. Stundum er tekið út rönginni, þannig að bil/hol myndast á milli hennar og súðarinnar; nefnist hún þá holröng. Er það gert til að unnt sé að koma bandi undir til festingar t.d. á stjórafæri eða reiða.
- Rör** (n, hk) A. Pípa, t.d. bremsurör, vatnsrör, klóakrör o.fl. B. Gæluheiti yfir stýri á bát/skipi.
- Röra** (s) Hreyfa við; snerta; róta. „Hann vogaði sér ekki að röra við kistunni eftir þetta“.
- Rörbútur** (n, kk) Bútur/stubbur af *röri*.
- Rörmjaltavél** (n, kvk) Mjaltavél með tvöföldu kerfi röra; loftkerfi sem mjólkar spena kúnna og mjólkurlögn sem leiðir mjólkina yfir í safntank. Frábrugðið *fötumjaltakerfi*, sem notað var í Kollsvík á síðustu árum mjólkurframleiðslu þar; þar er einungis loftkerfi, en mjólkinn safnast í sérstaka mjaltafötu sem færð er milli kúa þegar mjólkað er.
- Rörtöng** (n, kvk) Stillanleg töng sem hentug er til að ná góðu átaki til að snúa sívölum/ávölum hlutum.
- Rösklega** (ao) A Duglega; af krafti; með tilþrifum/afli. „Tökum nú rösklega á þessu drengir“! „Hann *tók rösklega til matar síns*“. B. Rúmlega; dálítið yfir/meira; liðlega. „Klukkan er rösklega tíu“. „Við fengum í tunnu, og rösklega það“.
- Röskegur** (l) *Dugnaðarlegur*; lítur út fyrir að vera röskur.
- Röskeikabragur** (n, kk) Svipmót röskeika/dugnaðar/framtaks. „Ekki finnst mér nú röskeikabragur á þessu“.
- Röskeikamaður / Röskegheitamaður / Röskegheitamanneskja / Röskegheitanaungi / Röskegheitapiltur** (n, kk/kvk) Um duglegt/röst/framkvæmdasamt/drífandi fólk. „Svona röskegheitamanneskja er ekki á hverju“.

strái! „Þetta virðist vera rösklegheitanaungi, þó lítið sé tilreynt ennþá“. „Þetta var sæmilegur bóndi og *röskleikamaður* til allra verka“ (MG; Látrabjarg).

Röskur (l) Duglegur; afkastamikill. „Strákurinn er bara ári röskur“.

Röst (n, kvk) A. Almennt; iðustraurmur; hraður straurmur. B. Hraður straurmur sem myndast við annes, þegar sjávarfallabylgjan fer fyrir þau. T.d. Blakknesröst; Látraröst; Straumnesröst o.fl. C. Hryggur/hrönn á yfirborði hlutar/landslags. „Miklar rastir af vikri rak á fjörur í Kollsvík og nágrenni í Surtseyjargosinu 1963-67. D. Gömul mælieining lengdar; gömul norræn míla, sem var um 12 km.

Rösull (l) Dettinn; óstyrkur á fótum. „Hann ætti ekki að flækjast niður í kletta; eins rösull og hann er“.

Saddur (l) Mettur; vel nærður; með fullan maga. „Ekki meira takk; nú er ég orðinn vel saddur“. Stundum notað yfir það að maður sé orðinn þreyttur á málefni/viðhorfi; þá gjarnan orðað þannig að maður sé „*búinn að fá sig fullsaddan*“ af einhverju.

Saddur lífdaga (orðtak) Búinn að fá það út úr lífinu sem vænta má á einni ævi. „Hann dó í hárrí elli; saddur lífdaga“.

Saddur veit ei hvar svangur situr (orðatiltæki) Sá sem er saddur gleymir gjarnan þeim sem hungraðir eru.

Saðning (n, kvk) Magafylli; metnun. „Stór máfsungi getur verið góð saðning fyrir tvo og jafnvel eða fleiri“. „Ansi finnst mér lítil saðning í þessum bévítans pinnamat“!

Saðsamur (l) Mettar vel; er góð magafylli/staðgóður matur. „Alltaf er lúðan jafn saðsamur matur“.

Safamikill / Safaríkur (l) A. Um mat, jurt o.fl.; með mikinn safa/lög. „Rófurnar voru óvenju sætar og safaríkar“. B. Líkingamál um slúður/sögu; innihaldsríkur; kjarngóður. „Þetta þótti henni safaríkar fréttir“.

Safi (n, kk) Sætur/kjarngóður lögur; saft. T.d. ávaxtasafi, grænmetissafi o.fl.

Safn (n, hk) A. Hvaðeina sem safnað hefur verið saman. T.d. bókasafn, forngripasafn, steinasafn o.fl. B. Stofnun sem varðveitir safn; s.s. Þjóðminjasafnið. C. Stundum notað um fjárhóp sem smalað hefur verið, en mun oftast var talað um *rekstur* í Rauðasandshreppi. „Þegar leitarmenn af Bjarginu höfðu skilað sér til réttar og búið var að reka inn safnið sem þeir komu með, varð gjarnan nokkurt hlé á annríkinu“ (PG; Veðmálið). D. Að fornu notað um skyr sem safnað hafði verið með mjólkurvinnslu á heimili, og gjarnan geymt í stórum niðurgröfnum sáum.

Safna / Safna saman (s/orðtak) Smala/sanka saman. „Nú þurfum við að fara að safna í brennu“.

Safnast saman (orðtak) Um mannfjölda; koma saman til fundar/skemmtunar o.fl.

Safnast þegar saman kemur (orðatiltæki) *Margt smátt gerir eitt stórt*; mikið verður úr því sem lítið er þegar fjöldinn er nægur.

Safta (s) Gera krækiberjasaft/rabbaberjasaft. „Kollsvíkingar, líkt og aðrir, *fóru til berja* hvert haust þegar ber voru þroskuð og tími gafst frá bústörfum. Oft var það að áliðnum águst eða í byrjun september. Berjalönd eru víða, t.d. í Húsadal, Keldeyradal, Lynggiljum, Græubrekku, Stórvatnsbökkum, við Litlavatn, Kjávötn, Sandslá eða undir Breiðsholti. Tínt var ýmist með höndum eða berjatínum, oftast í 10 lítra fötur þegar fullorðnir áttu í hlut. Þegar heim var komið voru berin þurrkuð ef þess þurfti; síðan tínt úr þeim mesta ruslið, *kerlingahland* o.fl. Berin voru síðan marin; áður fyrr í handsnúinni hakkavél en síðar í rafknúinni hakkavél með berjapressu. Síðan var saftin síuð gegnum grisju. *Hratið* sem eftir varð, ásamt hratinu úr pressunni var látið hanga yfir saftfötunni yfir nótt til að nýta hvern dropa sem úr því lak. Saftin var þynnt dálítið með vatni og í hana settur sykur og ögn af vinsýru; síðan hellt á flöskur. Berjasaft var notuð þynnt sem svaladrykkur og drukkin með mat. Einnig var hún notuð minna þynnt sem útalát á grauta og búðinga. Reynt var að láta fyrra árs birgðir klárast áður en ný saft var gerð, en stundum urðu flöskur einhverra ára gamlar og saftin þá gerjuð og í raun ágætis rauðvín. *Rabarbarasaft* var gerð á svipaðan hátt, úr rabarbaraleggjum“ (VÖ).

Safna glóðum elds að höfði sér (orðtak) Búa sér til erfið vandamál; auka sér vandræði; afla sér óvildarmanna.

Safna í sarpinn (orðtak) Safna forða stil síðari nota; leggja til hliðar.

Safna kröftum (orðtak) Hvíla/undirbúa sig fyrir verk/átök. „Ég er að safna kröftum til að *einhenda* mér í þetta“.

Safnaðarfundur (n, kk) Fundur safnaðar kirkju. „Bopðað var til safnaðarfundar í Breiðavíkursókn“.

Safnaðarsöngur (n, kk) Kirkjusöngur safnaðar. „Safnaðarsöngur í Breiðuvíkursókn hefir verið á vegum fjelagsins (Vestra) síðan 1917 og taka því allir fjelagar þátt í kirkjusöngnum. Söngæfingar hefir fjelagið haft nokkrar, sum árin“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Safnast fyrir / Safnast upp (orðtak) Um hluti, koma saman yfir tímabil og verða að haug/safni o.fl. „Hún var hirðusöm um öll ílát, og með tímanum safnaðist fyrir hjá henni mikið af pokum, dósnum, krukum og fleiru“.

Safnast til feðra sinna (orðtak) Deyja; andast; sálást. „Hann hefur þá safnast til feðra sinna; blessaður karlinn“.

- Safnast þegar saman kemur** (orðatiltæki) *Margt smátt gerir eitt stórt.* „Það safnast þegar saman kemur; á endanum varð það hinn myndarlegasti rekstur sem rann inn í Breiðavíkurrétt“.
- Safngripur** (n, kk) Minjar; hlutur sem vert er að geyma á safni. „Koparhringurinn á hlöðuhurðinni á Láganúpi er eiginlega safngripur, því hann er úr togaranum sem strandaði undir Hnífunum“.
- Saft** (kvk) *Safi*; t.d. berjasaft, rabbarbarasaft o.fl. „Berjatínsla var fastur liður síðsumars, og gerði mamma saft úr krækiberjunum ef nægilega mikið safnaðist“.
- Safta** (s) Búa til saft. „Misjafnt er hve lagnir menn eru að safta“.
- Saftblanda** (n, kvk) Þynnt berjasaft. „Saftblanda var notuð til drykkjar, en sem *útálát* á grauta og búðinga var saftin lítið þynnt“.
- Saftflaska** (n, kvk) Flaska með berjasaft. „Oft voru 20-30 saftflöskur afrakstur eins sumars“.
- Saftkanna** (n, kvk) Kanna sem saft er borin fram í. „Réttu mér saftkönnuna“.
- Saftpottur** (n, kk) Pottur sem saft er soðin í.
- Saftpressa** (n, kvk) Tæki til að pressa saft úr berjum; ýmist sett á hakkavél eða sérstakt tæki. Fyrir tíma hennar voru berin hökkuð í hakkavél.
- Saftsúpa** (n, kvk) Súpa sem soðin var úr berjasaft; oft þykkt dálítið; soðin með rúsínum og borðuð með brauði eða tvíbökum. Sést lítt á borðum í seinni tíð.
- Sag** (n, hk) Agnir/salli sem myndast við að efni er sagað.
- Saga** (n, kvk) A. Almennt; sögn; frásögn; skáldverk; það sem sagt er í tali/riti. B. Sérstakt; fornsögur; Íslendingasögur.
- Saga** (s) A. Taka efni í sundur með sög. „Afi byggði sér torfkofa niðri við sjóinn, svo hann gæti sagað þar stórvið og geymt veiðarfæri“. B. Róa bát þar sem lítið gengur, t.d. móti straumi/vindi. „Við vorum lengi að saga suður fyrir röstina“.
- Saga að segja frá því** (orðtak) Efni í töluverða frásögn. „Þú spyrd hvernig ég fékk þetta ör? Það er nú aldeilis saga að segja frá því“!
- Saga til næsta bæjar** (orðtak) Stórfrétt; frásagnarverð tíðindi. „Það yrði saga til næsta bæjar ef hann kláraði heyskapinn fyrir sláturtíð“.
- Saga upp** (orðtak) Saga sviðahaus í tvo helminga/*kjamma*. „Sviðahausar eru sagaðir upp, þannig að byrjað er á krúnunni og sagað niður, þangað til kjammarnir hanga saman á tungu og kverk. Þá er skorið sundur með hníf og heili hreinsaður úr áður en soðið er“.
- Saga út** (orðtak) Saga þunnan við eða krossvið með *laufsög/útsögunarsög*, oft með mjög kræklóttu sagarfari. Útsögun varð vinsæl handavinna á 20.öld, e.t.v. fyrir áhrif danskra tímarita.
- Sagan er ekki nema hálfsgöð ef einn segir frá** (orðatiltæki) Auðskilin og alloft notuð speki.
- Sagan segir** (orðtak) Sagt er; heyrst hefur; svo er sagt. „Sagan segir að þetta hafi endað með slagsmálum; en ég *sel það ekki dýrara en ég keypti*“. „Segir sagan að fljótir hafi þeir félagar Jóns verið að setja upp húfur sínar er þeim mætti þessi sjón“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Sagarbakki** (n, kk) Sú brún sagarblaðs sem er andstætt tönnunum.
- Sagarfar / Sagarsár** (n, hk) „Ekki er nú sagarfarið vel beint hjá honum“. „Rektu fleyginn betur í sagarsárið“.
- Sagargeifla / Sagarkegg / Sagarspík** (n, hk/kvk) Gæluheiti á sög. „Þessi sagargeifla er orðin nánast tannlaus“. „Ári er það orðið tannlaust þetta sagarkegg; þetta verður strax ónýtt af að saga upp sviðahausa“. „Hvar lét ég nú frá mér sagarspíkina“?
- Sagði í óspurðum fréttum** (orðtak) Sagði án þess að spurt væri eftir. „Hann sagði mér í óspurðum fréttum að nágrenninn væri kominn með nýja ráðskonu“.
- Sagður** (l) Sagt/fullyrt að hafi. „Brynjólfur er sagður hafa borið takið á bakinu neðan úr fjöru, upp á bakka“. „Kollur er sagður fyrstur manna hafa komist af úr sjóslysi við Ísland. „Þetta var sagður stór reyðarhvalur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Sagga** (s) Slaga; myndast saggi. „Heyið hefur saggað dálítið yfir nóttina, það hefur náð að *orna* eitthvað“.
- Saggaloft** (n, hk) Rakametnað loft. „Járni hættir til að ryðga í saggaloftinu hér inni“.
- Sagði** (s, ft) Kollsvíkurframburðurinn gamli á sögninni „sagði“. Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi hefur trúlega verið sá síðasti sem notaði framburðin undantekningarlaust, en þó brá honum fyrir hjá Halldóru Kristjánsdóttur frá Grundum eftir það. „Hvað saggdirdu við hann“? Málfræðingar nefna þetta bð og gð framburð. Notaður einnig t.d. í „*habbdí*“.

Saggi (n, kk) Slagi; raki í húsum sem ekki eru nægilega einangruð og loftræst. *Saggafullur*.

Saggur (n, kk)óviss merking.... Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Sagnabrunnur (n, kk) A. Uppspretta sagna. „Mörg skáld hafa sótt efnivið í sagnabrunn Heimskringlu“. B. Maður sem kann frá mörgu að segja. „Með Ásgeiri féll frá mikill sagnabrunnur og kvæðamaður“.

Sagnafár (l) Fámáll; *þegjandalegur*; fátt um svör. „Hann var fremur sagnafár þegar hann var spurður“.

Sagnahefð / Sagnamaður / Sagnameistari / Sagnaþulur (n, kk) Sá sem er fróður um sögur og segir vel frá. „Sagnahefð er að deyja út í þeirri mynd sem áður var. Tveir þættir hafa þar orðið líklega mestir örlagavaldar; fjölföldun ritmáls og ljósvakamiðlar, en einnig breyttur lífsstíll með hröðum samgöngum; gnótt afþreyingar og annarra glapa. Langt frameftir 20. öldinni voru þó margir snjallir sagnamenn í Rauðasandshreppi sem víðar. Mennt sem kunnu ógrynni sagna og gátu sagt þær á þann hátt að hrein unun var á að hlýða; með viðeigandi spennu, kímni og öðrum tilfinningum. Fólki sem kunni þá list betur en nokkrir Hollívúddleikstjórar að leiða áheyrandann inn í lifandi heim frásögunnar; hvort sem var í vopnaglamri víkingaaldar eða svaðilföllum síðari tíma. Sagnalistin er ekki öllum gefin; hún þróast aðeins með mikilli æfingu og í samfélagi sem kann að meta hana. Meðal snjallra sagnamanna sem ég man eftir er afi minn, Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi. Hann var yfirleitt fámáll, en í góðra vina hópi og á góðri stundu sagði hann listilega frá. Sama var um konu hans Hildi ömmu, og börn þeirra erfðu listina um margt. Sagnalist móður minnar hefur komið fram á síðari tímum, svo sem með skrifum hennar um fyrri tíma. Fyrstu almennilegu lygasöguna sagði mér Arinbjörn Guðbjartsson, gamall frændi minn sem kominn var frá Ameríku. Hann vissi allt um það hvernig tunglakarlarnir hefðu falið hausa sína í hrossastráum til að þeim yrði ekki stolið þegar þeir litu við hér á Jörðinni. Grafalvarlegur messaði hann sinn boðskap yfir dolföllnum barnaskaranum, sem þaut niður á Fit í sögulokin til að leita að hausunum. Síðan hef ég það fyrir vana að líta í hrossastráin þegar ég á leið hjá þeim, ef vera skyldi að þar leyndist einn haus, eða svo. Annálaður sagnaþulur og kvæðamaður var Ásgeir Erlendsson á Hvallátrum. Afi og Geiri voru af þeirri gerð saganmanna sem vildu hafa allar sögur sannar og réttar. Þórður, nábúi Ásgeits og máguðum kunni að segja listilega frá, en færði stundum í stílinn, einkum síðari tíma sögur; léttleikinn í fyrirrúmi. Sama mátti segja um sagnameistarann Jón Hákonarson á Hnjóti. Enginn tók honum fram í að koma sögum í búning gáska og gamans. Jafnvel ómerkilegustu hlutir og atburðir gátu orðið skemmtisaga í munni Jónsa og komið út hláturstárum áheyrandans. Hann kunni þann línudans að búa til kímnisögur úr samtímanum og af sveitungum sínum án þess að nokkur þyrfti að særast. Er menningarslys að þær sögur skuli ekki hafa varðveist. En Jónsi gat einnig verið alvarlegur og þræddi þá veg sannleikans eins og hæfir arfsögum og gengnum persónum. Fleiri mætti til nefna af góðum sögumönnum sem nú eru látnir. Hafliði Halldórsson frá Látrum var frábær sagnamaður. Einkum hafði ég áhuga á sögum hans af bjargferðum og viðureign við tófunna. Bræðurnir Sigurvin og Gunnar Össurarsynir voru margfróðir um lífshætti fyrri tíðar, auk þess sem báðir voru víðsigldir og veraldarvanir. Ívar Ívarsson í Kirkjuhvammi kunni frá mörgu að segja; var bæði nákvæmur og góður sögumaður. Ég kynntist aldrei bróður hans, hinum mikla sagnaþul og fræðimanni Rósinkrans sem Rósarímur voru um kveðnar. Ívar Halldórsson á Melanesi var skemmtilegur sögumaður og hafði lifað viðburðarrika ævi sem skútusjómaður o.fl. Sáttum við löngum á kvöldin í bragga á Gjögnum í sláturtíðinni; hann skútukarlinn sem kjötmatsmaður og ég unglingurinn honum til aðstoðar við að hnýta á merkisþjóld. Þar fékk ég að heyra magnaðar sögur af viðureign hans við Ægi konung og misvandaða samskiptsmenn. Vildi þá stundum gleymast áhnýtingin þegar ég hlustaði opinmyntur á hrikalegar lýsingar sem mér kom ekki til hugar að efast um. Yrði mér það á að hvá brást sá gamli fljótt við; „Og þetta er sannleikur sem ég segi þér; sem ég sit hérna á stólnum“! Sonur hans er Ari Ívarsson, sem manna mest hefur ritað fróðleik og frásagnir úr Rauðasandshreppi á síðari tímum, t.d. í Árbækur Barðastrandasýslu. Í Gjögurbragga voru fleiri sagnamenn í sláturtíðinni. Þar mátti t.d. heyra listilega kryddaðar sögur Hjartar Skúlasonar af hans sjómennskuævi; fásagnir Óla á Gili af sveitalífi fyrri tíðar og úr samtímanum; Kitta í Hænuvík; Óla á Nesi; Árna í Tungu og fleiri. Stundum kom þar Patreksfirðingurinn Doddi kútur; Þórður Jónsson, verkamaður og fóstri Jóns úr Vör. Þá sló þögn á hávaðann í bragganum þegar Doddi hóf að segja frá með sinni hófstílltu röddu og sérstökum stíl, með viðmælandann í þriðju persónu. Marga fleiri mætti hér upp telja, en verður e.t.v. gert annarsstaðar“ (VÖ).

Sagnarandi (n, kk) Hugboð um óorðna hluti; forspá; vitneskja um hugsanir annarra. „Þú hlýtur að hafa haft einhvern sagnaranda, því þetta var einmitt það sem ég var að vonast eftir“!

Sagnir herma (orðtak) Svo segir í sögum. „Sagnir herma að á undir Biskupsþúfu hafi Kollur fólgið vopn sín og gersemar“. „Hér virðist ekki geta verið um annan hval að ræða en þann sem Einar dró á land í Kollsvík, að því er sagnir herma“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Sagógrjón (n, hk, fto) Grjón eða smákúlur sem unnar eru úr merg sagópálmans. Voru vinsæl til grautargerðar á síðari hluta 20.aldar.

Sagógrjónagrautur (n, kk) Vellingur búinn til úr sagógrjónum (kúlulaga perlum sagópálmamerg). „Sagógrjónagrautur naut vinsælda um tíma, en þeim hefur hnignað eins og annarri grautarmenningu“.

- Sagt var mér en ekki sýnt** (orðtak) Ég heyrði þetta sagt en sá það ekki sjálfur. Nokkuð notað t.d. þegar menn fría sjálfa sig af sögusögnum/slúðri sem þeir útbreiða.
- Saka** (s) A. Saka um; áfella. B. Meiðast; skaðast; koma að sök. „Smásteinar komu fljúgandi ofanaf brún, en mig sakaði ekki“. „Almennt mátti ekki heita að skepnur kæmu á gjöf fyrir en um og eftir hátíðir, því kast það er gjörði snemma vetrar varð hér svo vægt að litlu sakaði“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Saka um** (orðtak) Bera sakir á; áfella; ákæra. „Ég er ekki að saka hann einan um að þetta fór svona“.
- Sakar ekki** (orðtak) Spillir ekki fyrir; væri ekki verra. „Þetta er kannski vonlaust, en það sakar ekki að reyna“.
- Sakargiftir** (n, kvk, fto) Ásakanir; ætlaður glæpur. „Ef ég er ásakaður um eitthvað þætti mér viðkunnanlegra að fá að heyra sakargiftirnar“!
- Sakbitinn** (l) Með slæma samvisku vegna misgjörðar; með samviskubit. „Ég er ekki svo mjög sakbitinn yfir þessum spýtum sem ég tók; hann skuldar mér drjúgt meira en það“!
- Sakir / Sökum** (fs) Vegna; af þeirri ástæðu. „Sláttuvél kom að Saurbæ 1908 en var skilað aftir sakir þess að greiða hennar var gerð fyrir grófara gras en hér óx“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Sakka** (n, kvk) Þungur hlutur á enda *færis* til að halda því niðri og réttu á *skakveiðum*; *pilkur*. „Löngum notuðu menn stein í sökk, en síðar blý- og járnsockkur eftir að það varð unnt. Í Kollsvík tíðkaðist að menn smíðuðu sínar sökkur, t.d. með því að renna bráðnu blýi í járnhólk“.
- Saklaus** (l) A. Ekki sekur; sýkn. „Ég er alveg saklaus af því að stela hnífnum“. B. Ekki mjög til бага; ekki skaðlegur/íþyngjandi. „Þetta var nú bara saklaust grín“. „Það ætti að vera saklaust að láta svonalagað *flakka* í vísu“.
- Saklaus er hver þar til sekt hans er sönnuð** (orðaltækni) Undirstöðuregla réttarfars og stjórnarskrár.
- Saklaust veður** (orðtak) Aðgerðalaust/meinlaust/meinhægt veður; tiltölulega stillt veður. „Það er svolítill rigning, en að öðru leyti alveg saklaust veður“.
- Sakleysið uppmálað** (orðtak) Lítur mjög sakleysislega út. „Ég gruna strákana um að vita eitthvað um þessi göt á hjallinum, þó þeir séu sakleysið uppmálað og með geislabaug á krúnunni“.
- Sakleysingi** (n, kk) Sá sem er saklaus.
- Sakleysislega** (ao) Eins og sé saklaust. „Þetta lítur svosem sakleysislega út“.
- Sakna** (s) Sjá eftir; finnast vanta; syrgja. „Alltaf saknar maður heimahaganna“.
- Sakramenti** (n, hk) *Náðarmeðul*; hluti af helgisiðum kristinnar kirkju; *messuvín* og *obláta* sem *altarisgestur* meðtekur sem tákni um blóð og hold Krists og í minningu síðustu kvöldmáltíðar Krists. Reyndar eru sakramenti lúthersku kirkjunnar taldar vera tvennskonar athafnir (hjá rómversk-kaþólskum eru þær sjö). Önnur þeirra er *skírnin*, sem er tákni um það þegar Kristur sendi lærisveina sína út um heiminn og fól þeim að „gera allar þjóðir að lærisveinum“. Vatnsaustur sem skírninni fylgir er til minningar um skírn Krists í ánni Jórdan. Kollsvíkingar hafa löngum verið skírðir uppúr Gvendarbrunnsvatni sem, auk náttúrulegs hreinleika, býr að blessan Guðmundar góða Hólabiskups. Hitt sakramenti kirkjunnar er *altarisgangen*. Kirkjugestir sem það vilja ganga þá inn að altarinu; krjúpa við *gráturnar* og þar útbýtir prestur *sakramenti/náðarmeðulum*, sem annarsvegar er *obláta*; lítið brauð sem táknar líkama Krists og hinsvegar *messuvín* sem táknar blóð Krists. Hvorttveggja tekur altarisgestur í munn sér og neytir. Þessi athöfn er í minningu síðustu kvöldmáltíðar Krists, er hann sat að borði með lærisveinum sínum yfir brauði og víni. Hann á þá að hafa sagt að brauðið væri líkami sinn sem fyrir þá væri gefinn og vínið væri kaleikur þess nýja sáttmála sem úthellt er til fyrirgefningar syndanna. Líta má því á altarisakramentin sem tákni um fyrirgefningu syndanna. Trú fólks fyrir á öldum byggði annarsvegar á þrá eftir sæluvist í himnaríki en hinsvegar og ekki síður á óttanum við eilífar kvalir í helvíti, sem prestar voru óþreytandi að útmála. Trúin gekk útá að allir væru syndugir og þyrftu að verja ævi sinni í að bæta fyrir syndir sínar. Ekki var því að undra að þessi syndaaflausn væri vinsæl; þetta strokuleður syndanna. Með minnkandi helvítistrú landsmanna fækkaði altarisgestum, og munu nú fáir ganga til altaris af trúarhitanum einum. Margir hafa þó þennan sið í heiðri, og viðhalda þannig gömlum venjum.
- Sala** (n, kvk) Það að selja/ láta af hendi gegn verðmætum.
- Salatbeði** (n, hk) Beði í garði þar sem ræktað er salat til matar. „Eru nú hænsnin komin í salatbeðið“!
- Salerni** (n, hk) Klósett; staður þar sem maður *gerir stykkin sín*; skítur; *leysir buxur*; kúkar. Orðið er samsett úr „salur“ og „erni“, og merkir salur þar sem maður *gengur örna sinna*.
- Salla** (s) Sáldra; dreifa salla/sagi/ryki/snjó. „Vertu nú ekki að salla rykinu niður á borðið“!
- Salla niður** (orðtak) A. Snjóa mjög mikið; oft notað yfir lognsnjó og jafnvel þegar ekki var von á slíku. „Það er allt í einu farið að salla niður snjó“. „Ári hefur sallað miklu niður í nótt“. B. Skjóta/drepa unnvörpum. „Þeir mættu ofurefli í orrustunni og voru sallaðir niður“.

- Sallafinn** (l) Mjög finn/snyrtilegur. „Mikið ertu nú orðinn sallafinn“! „Ég segi bara allt sallafint“.
- Sallarólegur** (l) Mjög rólegur/yfirvegaður. „Ég beið sallarólegur eftir því að tófan kæmi í færi“.
- Sallasnjór** n, kk) Grófkornaður snjór; *haglsnjór*. Erfiður bæði til að ganga og aka í, sé hann verulegur.
- Salli** (n, kk) A. Dreifð snjókorn á annars auðri jörðu. B. Grófur kornasnjór; *sallasnjór*. C. Fingerð korn af hverskonar efni. „Hér hefur sáldrast einhver tóbakssalli niður á borðið“.
- Salómonsdómur** (n, kk) Úrskurður sem ekki verður hnekkt; gáfulegur dómur. „Hann kvað upp sinn salómonsdóm um að lambið teldist ómarkað með öllu“.
- Salómonsvit** (n, hk) Afburða vit; mikil skynsemi. Einkum notað um skepnur sem sýna meiri hugsun en aðrar. „Það er eins og hrafninn hafi salómonsvit þegar hann er að stríða hundinum“.
- Salt** (n, hk) NaCl; natríumklóríð; uppleysanlegt efnasamband sem mikið hefur verið notað til varðveislu á matvælum frá því um og uppúr 1600. Sjá *söltun*, *saltfiskur*, *saltket*, *hrognkelsi*.
- Salta** (n, hk) Verka mat með salti; bæta salti í mat. „Það hefði mátt salta grautinn aðeins meira“.
- Salta niður** (orðtak) Oftast haft um verkun *saltkets*; leggja niðurbrytjað niður í ílát með hæfilegri saltblöndu.
- Saltari** (n, kk) A. Guðsorðabók eða sálmaabók. Oftast notað um Davíðssálma biblúnnar. Kunnast úr þjóðsögunni um Sæmund fróða, sem sló saltara í haus fjandans í selslíki. B. Sá sem saltar matvæli.
- Saltbrenna** (s) Skaðast af of miklu salti. Notað um skemmdir sem verða á ofsöltuðum fiski; skaða sem verður á húð eða augum af snertingu við salt og um ryðskemmdir á járn af sömu völdum.
- Saltbrunninn** (l) A. Rauðbólgin í húð vegna snertingar við salt/sjó. „Þú verður fljótt saltbrunninn á skallanum í ágjöfenni og sólskininu. Ég held að þú ættir að setja upp sjóhattinn“. B. Skemmdur matur vegna ofsöltunar. C. Um járn; ryðgað vegna snertingar við salt.
- Saltfiskkassi** (n, kk) Kassi sem fiskur er saltaður í. „Farið var í matfiskróðra á hverju sumri þegar tími og sjóveður leyfði. Fiskurinn var fluttur og saltaður í sterkan saltfiskkassa í mókofanum og síðar í verkfærahúsinu. Hann var síðan tekinn upp í smáskömmtum og útvatnaður í brunnhúsinu fyrir neyslu“.
- Saltfiskstæða** (n, kvk) Hlaði/stæða af söltuðum fiski. „Mikið var lagt uppúr að saltfiskstæður væru rétt og snyrtilega hlaðnar“.
- Saltfiskur / Saltfiskverkun** hefur verið snar þáttur í atvinnuháttum Kollsvíkinga; allt frá því að salt fór að fást til fiskverkunar. „...saltfiskur af sunnanverðum Vestfjörðum var talinn best verkaður af öllum fiski“ (GG; Skútuöldin). Líklega hefur saltfiskverkun hafist hérlandis þegar salt fór að flytjast hingað að ráði, á fyrrihluta 17. aldar. „Engu að síður gegndi þurrkunin áfram mikilvægu hlutverki í verkun fisksins, og þegar saltfiskverkun hófst í einhverjum mæli undir lok 18. aldar, var fiskurinn verkaður samkvæmt svokallaðri „Nýfundnalandsaðferð“ (JÞÞ; Sjósókn og sjávarútvegur). Áður höfðu útlendingar veitt í salt við landið. Víst má telja að Útvíknamenn hafi verið fljótir að tileinka sér þessa verkunaraðferð: „Vestfirðingar voru öðrum fremri í saltfiskverkun“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Fátt er nú vitað í smáatriðum um vinnubrögðin fyrir á tíð, en lýsingar frá síðustu tímum útferðar í Kollsvíkurveru má sjá m.a. í frásögnum Ingvars Guðbjartssonar og Kristjáns J. Kristjánssonar. „... þannig er aflinn borinn upp í ruðning. *Ruðningur* var trékassi á löppum. *Flatningsborð* á öðrum endanum en stúkað fyrir hausa á hinum. Þegar búið er að bera upp fara menn úr skinnklæðum; brókin er sett á *brókarkvislina* til að hún þorni fyrir næsta róður. Ekki er beðið lengi með að fara í aðgerðina; einn hausar og tveir fletja. Lækur rann við endann á ruðningnum. Hann var stíflaður með hellu og flatti fiskurinn látinn detta af borðinu niður í stífluna. Þar taka strákar til að þvo hann og koma inn í *kró* sem stóð hinum megin við lækinn. Þar er hann saltaður í stæður sem eru umstaflaðar eftir 3-4 daga. Í þeim stóð fiskurinn þar til hann var *vaskaður* og þurrkaður“ (IG; Niðjatal HM/GG). „Hæfileg saltnotkun var talin 180 kg í *skippundið* af fullverkuðum fiski“ (GG; Skútuöldin). „Á Vestfjörðum var stakkurinn hlaðinn beint upp en syðra var hann látinn ganga að sér eftir því sem hann hækkaði“. Fiskurinn var þurrkaður á steinlögðum reitum, sem enn má sjá í Kollsvíkurveru, þó *sandorpnir* séu orðnir. „Ýmist var svo fiskurinn fluttur ópakkaður til sölu eða umboðssölu á Patreksfirði, eða stundum metinn og pakkaður í Verinu. Var hann þá oft fluttur um borð í skip sem tóku hann veint til útflutnings. Það var gert á vegum fyrsta pöntunarfélagsins sem stofnað var og starfrækt í Rauðasandshreppi, með aðalbækistöðvar á Patreksfirði. Það kom fyrir að fiskurinn var seldur upp úr salti; óverkaður og ópakkaður. Eitt skip tók allan *voraflann* úr verstöðinni“ (KJK; Kollsvíkurver). „Fiskur sem var 18 þumlungar og stærri var *málfiskur*, en *millifiskur* 12-18 þuml. og smáfiskur væri hann minni en 12 þumlungar“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Salthnefi** (n, kk) Hnefayfylli af salti. „Ég stráði salthnefa á fiskinn yfir nóttina“.
- Salthús** (n, hk) Hús til geymslu á salti. Milljónafélagið reisti og átti salthús í Kollsvíkurveru.
- Saltket** (n, hk) Saltkjöt. „Misjafnt er hvað menn eru lagnir að verka í saltket, svo vel geymist og haldi bragði. Fyrir daga frýstítækni voru þeir menn eftirsóttir sem vel kunnu til verka. Eins voru menn misjafnlega lagnir

að höggva kjöt í *spað*, en áðurfyrr var saltkjöt brytjað í *spað* með *saxi* á *fjalhöggi* áður en það var saltað með blöndu af finu salti (*vakúmsalti*), sykri og ögn af *saltþétri*“.

Saltketsát (n, hk) Neysla á saltketi. „Nú væri tilbreyting að fá fisk eftir þetta hangikets- og saltketsát“.

Saltketsbiti (n, kk) Biti af saltketi.

Saltketsfat (n, hk) Fat/diskur sem saltket er fært uppá til að bera það á borð.

Saltketspottur (n, kk) Pottur sem saltket er soðið í. „Er farið að sjóða í saltfiskpottinum“?

Saltketskvartel / Saltketsstampur / Saltketstunna (n, hk/kk/kvk) Ílát sem saltket var gjarnan verkað og geymt í. „Mundu eftir að setja hlemminn á saltketskvartelið svo músin komist ekki í það“.

Saltketsverkun (n, kvk) Verkun saltkets; brytjun og söltun saltkets. „Ívar í Kirkjuhvammi var annálaður snillingur í saltketsverkun“.

Saltkjöt (n, hk) Stundum notað af Útvíknámönnum, sem þó töluðu fremur um saltket.

Saltkorn (n, hk) A. Korn af salti. B. Lítilsháttar magn af salti. „Geturðu nokkuð léð mér saltkorn“?

Saltlaus (l) Án salts. „Nú *stefnir í óefni*; við erum að varða saltlausir“. „Er grauturinn saltlaus hjá mér“?

Saltleysi / Saltskortur (n, hk/kk) Skortur á salti. „Fátt þykir uggvænlegra í verstöðvum en saltleysi“.

Saltlúka / Saltlús / Saltögn (n, kvk) Slatti/ lítið eitt af salti. „Ertu aflögufær um saltlúku fyrir mig“? „Áttu kannski saltögn að ljá mér *um stundarsakir*“? „Einhverja saltlús gat ég lánað honum“.

Saltlögur / Saltpekill / Saltþekill (n, kk) Þekill; vatn með miklu af uppleystu salti.

Saltmeti (n, hk) Matur sem saltaður er til geymslu. „Í Kaldabrunnslæk var tekið neysluvatn, þvegnir þvottar og afvatnað saltmeti“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Saltþétur (n, kk) Kalínítrat; hvítt efni sem notað var til íblöndunar við salt til matargerðar áðurfyrr; t.d. við saltketsverkun; rúllupylsugerð o.fl. Hefur m.a. þau áhrif að kjöt heldur betur rauða litnum, sem sumum þykir lystugra. Notkun þess dróst þó snarlega saman þegar sannað þótti að það væri krabbameinsvaldur.

Saltþoki / Saltskeppa (n, kk) Saltsekkur; salt var mestmegnis flutt í Kollsvíkurvei í saltþokum. „Með saltþoka og annan þungavarning fara þeir léttilega“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Saltreka / Saltskófla (n, kvk) Reka/skófla til að moka salti. „Kastaðu einni saltreku aukalega yfir stæðuna“.

Saltsíld (n, kvk) Söltuð síld, vanalega í tunnu.

Saltsteinn (n, kk) A. Steinsalt; salt sem finnst í jarðlögum. Sumsstaðar er salt unnið úr slíkum jarðlögum í miklu magni, en það er leifar frá uppgufuðum innhöfum fyrir hundruðum milljóna ára. B. Klumpur sem hafður er aðgengilegur fyrir búfé að sleikja, og samanstendur af ýmsum söltum og bætiefnum.

Saltvondur (l) Blóðillur; fjúkandi reiður; fokillur; foxvondur. „Nú er hann saltvondur útaf því að hann var ekki látinn vita tímanlega af þessu“.

Saltsteinn (n, kk) Klumpur af pressuðu fingerðu salti og steinefnum; hafður aðgengilegur í jötu/haga fyrir búfé til að sleikja, og svala þannig þörf fyrir sölt og steinefni.

Saltskottkinn / Saltstorkinn (l) Saltdrifinn; *krímugur* í andliti af seltu, t.d. eftir *ágjöf* eða *sjódrifu*. „Mikið er maður orðinn saltstorkinn“.

Saltstorka (n, kvk) Krim/kám í andliti af seltu. „Mikið var gott að þvo af sér saltstorkuna“.

Saltsuða (n, kvk) Framleiðsla salts úr sjó með uppgufun hans. Saltsuða hefur verið reynd af og til héraendis; einkum þar sem jarðhita nýtur við; enda þarf til mikla og langvarandi hitun.

Salttæpur (l) Tæpur með salt; á lítið af salti. „Við vorum búnir að róa alla vikuna, og því orðnir mjög salttæpir,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Saltur (l) Saltaður; með miklu saltbragði. „Fiskurinn er dálítið saltur; hann hefði mátt útvatnast lengur“.

Saltvondur (l) Sjóðandi illur; blóðillur. „Það þýðir ekkert að vera saltvondur yfir því sem engum er að kenna“.

Sama (ao) Sjálfstæð mynd af lýsingarorðinu „samur“. „Mér er svosem alveg sama“, sem merkir; „Ég er jafn samur fyrir því“. „Honum má vera nokkurnvegin sama hvernig þetta verður haft“.

Sama (er mér) hvaðan gott kemur (orðtak) Uppruninn skiptir engu. „Ég er alltaf til í að éta egg; sama hvaðan gott kemur“.

Sama hvaðan vindurinn blæs (orðtak) Hvernig sem allt veltist; hvað sem á kann að ganga; hvernig sem vindáttin verður. „Hann er tryggur með sitt, sama hvernig vindurinn blæs“.

Sama hvar borið er niður (orðtak) Sama hvar reynt er. „Það var allsstaðar sama ördeyðan; sama hvar borið var niður“. „Hann var jafn *vel heima* um hverskonar fróðleik; sama hvar borið var niður“.

Sama hvar dáðlaus drattar (orðtak) Um ónytjung/ lítilsigldan mann; skiptir ekki máli hvort hann er með eða ekki. „Ég veit ekki hvort ég treysti mér með ykkur í róður, enda víst sama hvar dáðlaus drattar“.

Sama hvar frómur flækist / Einu gildir hvar frómur flækist (orðatiltæki) Hinn heiðarlegi/alþýðlegi fær allsstaðar góðar viðtökur.

Sama hvorumegin hryggjar það liggur (orðtak) Sama hvernig fer með það. „Þessi hnífbrók er orðin fjári lélig og mér er nokk sama hvorumegin hryggjar hún liggur, en nýja hnífinn þurfið þið að passa uppá“.

Sama og ekki neitt (orðtak) Nánast ekkert; *hverfandi* lítið. „Afskaplega er lítið eftir af saltinu; það er bara sama og ekki neitt“. „Það er sama og ekkert bensín eftir á tanknum“.

Sama marki brenndur (orðtak) Eins/svipaður að tilteknu leyti. „Þetta eru báðir vænstu hrútar, en báðri eru þeir því sama marki brenndir að vera fjári lappastuttur“. Vísar til brennimerkinga, t.d. á reka eða sauðfé.

Sama sinnis (orðtak) Á sömu skoðun. „Ég spyr hann á morgun hvort hann sé enn sama sinnis varðandi þetta“.

Saman (ao) Að/hjá hvoru/hverju/hverjum öðrum; í hóp; sameinað. „Við gengum saman út í Vatnadal, en þá skildu leiðir“. „Hann er að ljókka ári mikið; ætli við förum ekki bara að *raka saman*“. „Svona mikill ís hafði ekki sést á víkinni áratugum saman“. „Ætli ég verði ekki *barinn sundur og saman* fyrir að segja þetta“? „Okkur *kom saman um* að þetta væri besta leiðin“.

Saman að sælda (orðtak) Samvistum við; í viðskiptum við. Oftast í orðtakinu „*vilja ekkert hafa saman við (einhvern) að sælda*“. Sjá þar.

Saman við (orðtak) Í og með; stundum; hálfpartinn. „Hann þóttist vera sármóðgaður yfir þessum hrekkjum, en saman við hafði hann gaman að þeim“.

Saman við að sælda (orðtak) Eiga samskipti við; vera með. „Ég vil nú sem minnst eiga nokkuð saman við hann að sælda“. Sælda merkir að sigta; dregið af sáld = sigti.

Samanbarinn (l) Samanþjappaður; eartilharður. „Skaflinn var svo samanbarinn að aka mátti á honum“.

Samanborið við (orðtak) Miðað við. „Þetta er bara ágæt *heyskapartíð*, samanborið við *óttíðina* í fyrra“.

Samanbrotinn (l) Brotinn saman. „Dúkinn fann ég samanbrotinn ofaní skúffu“.

Samanbundinn / Samanhnýttur / Samansplæstur (l) Hnýttur/splæstur saman. „Það þýðir ekkert að nota svona samanhnyttta enda fyrir handvað“. „Athugaðu að kaðallinn sé vel samansplæstur“.

Samanburður (n, kk) Tiljöfnuður; mat. „Frekar var þetta rýrt í dag, í samanburði við hrotuna í gær“.

Samandreginn (l) Dreginn saman. „Pyngjan var samandregin í opið“.

Samanfallinn / Samansiginn (l) Fallinn/siginn saman. „Kofinn var allmjög samansiginn“.

Samangróinn (l) Gróinn saman. „Lækurinn rann þarna í þröngum stökk og voru bakkarnir samangrónir“.

Samanhangandi (l) Sem hangir/tollir saman. „Ekki veit ég hvaða skömmum hann hellti yfir strákormana; en eitthvað var það samanhangandi“.

Samanhnoð (n, hk) Það sem er hnoðað saman; hnoð. Oft notað um stirðlegan skáldskap. „Mér finnst þetta óttalegt samanhnoð hjá honum“.

Samahnýttur (l) Hnýttur/bundinn saman. „Þú ferð ekki í lás í þessum andskota; samahnýttum fúaspotta“!

Samankomnir (l) Komnir saman; mættir. „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).

Samankýldur / Samanþjappaður (l) Pressaður/þvingaður saman. „Ég sat samankýldur uppi í hlöðurjafirinu og tróð heyinu útundir þakið eins og framast var unnt“. „Þarna komum við niður á samanþjappaðan jökulleir“.

Samanlímdur / Samanklesstur (l) Límdur/klesstur saman. „Hér eru síðurnar samanlímdar á kafla“.

Samanpressaður / Samanþjappaður (l) Pressaður/þjappaður saman. „Þarna komum við niður á samanþjappað *ísaldarset*“.

Samanrekinn (l) Þéttur á velli; *luralegur*; *klossaður*. „Hann var stuttur, en samanrekinn og gildur“.

Samanreyrður (l) Fast/þétt bundinn saman; *samansúrraður*. Flækjan var svo samanreyrð að ég ætlaði aldrei að geta losað um hana“.

Samanrunninn (l) Ruynninn/bræddur saman. „Sykurinn í pokanum var samanrunninn í eitt staup“.

Samansafn / Samsafn (n, hk) Safn; söfnuður. „Hann sagði að flokkurinn væri bara samansafn af hálfvitum“.

Samansaumaður (l) A. Saumaður saman. B. Mjög aðhaldssamur; nískur. „Hann er samansaumaður nirfill“.

Samansettur (l) Settur saman; í heilu lagi. „Næsta traktor var ekið samansettum útyfir Hænuvíkurháls“.

Samansláttur (n, kk) Um samliggjandi bönd/teina/línur; flæktur saman. „Hér hefur orðið samansláttur á teinum í lagningunni“. „Nú er einhver samansláttur á símalínunum; ég heyrði kjaftæðið á Hafnarlínunni“.

Samanslegið (l) Slegið/undið saman. „Hér eru samanslegnir teinar á löngum kafla; það veiðist lítið í þetta“!

Samansnúinn / Samanspunninn / Samanundinn / Samanvafinn (l) Snúinn/undinn/vafinn saman. „Vírarnir voru samansnúinir og vafðir einangrunarbandi“.

Samanspyrtir / Samanvaldir / Samvaldir (l) Í skammarsætningum; samskonar. „Þeir eru samanspyrtir hálfvitar; báðir tveir“! „Þarna er þessum stjórnvöldum rétt lýst; þetta eru samvaldir aular; allir hreint með tölu, og hananú“! Vísar til þess að velja þarf jafnþunga fiska saman í spyrdi.

Samansull (n, hk) Það sem blandað/hrært/sullað hefur verið saman. „Eldri strákarnir gerðu á mér ýmsar tilraunir með grauta sem þeim hugkvæmdist að sjóða í niðursuðudós. Þar fékk ég að smakka súrugraut, eftingagraut, fíflagraut, geldingahnappasúpu og margt fleira; líka samansull af þessu öllu“.

Samansúrraður (l) Fast bundinn/flæktur í hnút. „Eftir storminn voru strengirnir á Bótinni ýmist samansúrraðir eða svo smekkkfullir af þaraskít að netið flengrifnaði í drætti“.

Samansöfnuður (n, kk) Hópur; safn; sundurleit samkoma. „Allir hreppsþúar voru boðnir og búnir að mæta þegar miklar framkvæmdir voru á einum bæ, t.d. uppstypa húss. Þetta var oft hinn mesti samansöfnuður, þar sem sumir voru vel verkfærir og hörkuduglegir, en aðrir ýmist fúnir til erfiðisvinnu eða sjálfhlífir“.

Samantalið (l) Talið/lagt saman; samtals. „Þetta nægir sennilega, þegar allt er samantalið“.

Samantekin ráð (orðtak) Samsæri; samráð um verknað. „Það voru samantekin ráð þeirra að velja sitjandi formanni úr sessi í næstu kosningum“.

Samantekt (n, kvk) A. Söfnun almennt. B. *Upprættur* á heyi; það að *raka saman/upp; taka saman*. C. Úrdráttur/ endursögn máls/rits í stuttu yfirliti; útkoma samlagningar talna.

Samantvinnað (l) Flækt/snúið saman. Þinirnir voru samantvinnaðir á nokkrum kafla“.

Samantvinnuð blótsyrði (orðtak) Runa af samfelldum og öflugum *blótsyrðum*. „Hann hreytti úr sér samantvinnuðum blótsyrðum yfir klaufaskapnum“.

Samanþvældur (l) Kuðlaður saman. „Þvotturinn kom allur samanþvældur úr vélinni“.

Samasem (ao) Jafnt og; hér um bil; nærri því; *svo gott sem*. „Fatan er samasem full“.

Samastaður (n, kk) Verustaður; aðsetur. „Það var orðið svo þröngt á netalögnum þarna að erfitt var að finna strengnum einhvern samastað“.

Samábyrgur (l) Ber jafna ábyrgð og sá sem vísað er til; sólidarískur. „Þeir eiga útgerðina saman og eru því samábyrgir fyrir þessu“.

Samband (n, hk) A. Tenging af hverskonar tagi. „Ég setti tækið í samband“. B. Ákveðin tegund viðskiptatengsla, sbr. Samand íslenskra samvinnufélaga.

Sambland (n, hk) Blanda; belndingur. „Tilfinningin var í senn sambland af tilhlökkun og söknuði“.

Samblástur (n, kk) Samsæri; bylting; andspyrna. „Þeir efndu til samblásturs gegn sitjandi stjórn félagsins“.

Samblendingur (n, kk) Bræðingur; blanda; hræringur. „Hann velti fyrir sér hvernig samblendingur tröls og sæskrímslis gæti lítið út“.

Samboðinn (l) Við hæfi; nógu virðulegur/góður/kurteis fyrir. „Svona háttalag er ekki samboðið nokkrum heiðvirðum manni“!

Sambreyskingur (n, kk) Sambræðingur; eitthvað sem er hrært/steypert saman. „Einhver sambreyskingur er kominn í lapparbrotið, en það er ekki nærri gróíð ennþá“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Sambrýndur (l) Með samvaxnar augabrúnir. „Sagt er að Sölmundargjá dragi nafn af að þangað hafi drengur sloppið sem Hollendingar hafi ætlað að nota í beitu. Drengurinn hefur því auðvitað verið sambrýndur og rauðhærður“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).

Sambúð (n, kvk) Það að búa/dvelja/vera saman. „Stutt er síðan þau hófu sína sambúð“.

Sambyggður (l) Samfastur; áfastur. „Miklar framfarir urðu í búskap á Láganúpi þegar Guðbjartur og synir hans byggðu steinsteypt útihús um miðja 20.öld; sambyggð sex karna fjárhús með kjallara; stóra hlöðu með tveimur risum; þriggja bása fjós með haugkjallara og hlandför. Á þeim árum varð einnig töluverð vélvæðing í heyskap“.

Sambærilegur (l) Sem unnt er að bera saman/ jafna við. „Þeir eru nokkuð sambærilegir að dugnaði og afli“.

Samdauna (l) Búinn að vera svo lengi í sterkri lykt að hún finnst ekki lengur. „Mér finnst skelfileg þessi fýla af hitaveituvatninu þarna syðra, en borgarþúar virðast alveg vera orðnir samdauna þessu“.

Samdóma (l) Samhljóða; samróma; með sömu niðurstöðu. „Þetta var samdóma álit þeirra sem til þekktu“.

Samdráttur (n, kk) A. Það að eitthvað dregst saman; herpingur. B. Ást; það að elskendur fella hugi saman.

Samdægurs (ao) Sama dag; á sama dgei. „Ég kom fjallskilaseðlinum samdægurs út að Breiðavík“.

Sameiginlega (ao) Í sameiningu. „Sameiginlega áttu þeir villisjeppann Siggu dýru“.

Sameiginlegur (l) Sem er sameign. „Þeim er margt sameiginlegt“. „*Sætt er sameiginlegt skipbrot*“.

Sameign (n, kvk) Eign sem fleiri en einn eiga sameiginlega. „Traktorinn var sameign bænda í Kollsvík“.

Sameina (s) Fella saman í eitt. „Hjáleigurnar Grundir og Hólar voru sameinaðar Láganúpsjörðinni“.

Sameining (n, kvk) Samanfelling; tenging. „Sameining Rauðasandshrepps við aðra hreppa var líklega óumflýjanleg á sínum tíma, en hefur ekki leitt til neinna framfara í hinu horfna sveitarfélagi“.

Samfagna (s) Taka þátt í gleði annars/annarra. „Vinir og ættingjar samfögnuðu honum á stóraflmælinu“.

Samfara (l) Í fylgd með; um leið og; samtímis. „Stórbrim, samfara stórstraumsflæði og djúpri lægð, olli því að brot hljóp á land og braut stórt skarð í Garðana. Einn áhrifavaldurinn er líklega sá að offjölgun hafði orðið í ígulkerjastofninum, með þeim afleiðingum að þaraskógurinn frammi á vikinni veitti lítið viðnám“.

„*Undanskil* ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er *verka* betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu *umdæmi*. Samfara því er frábær *hirðing* hjá þeim á öllum *pening*“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Samfarir (n, kvk, fto) A. Það sem fer saman. B. Kynlíf tveggja einstaklinga.

Samfeðra (l) Sem eiga sama föður. „Ólafur Magnússon á Hnjóti og Hildur í Kollsvík voru samfeðra“.

Samfella (n, hk) Það sem er samfellt. B. Fatnaður þeirrar gerðar að saman er fastur bolur og buxur. C. Pils við skautbúning.

Samfelldur (l) Sifelldur; felldur saman, órofinn; látlaus. „Í þorrabyrjun tók við samfelldur frostakafli“. „Hann gegndi starfinu í átta ár samfellt“.

Samferða (l) Með í för; í sömu ferð; fara saman. „Ég varð honum samferða inn yfir Hálsinn“. „Við vorum samferða útyfir Strympur, en þá skildu leiðir. Hann fór upp Vörðubrekku en ég út Breiðshlíð“.

Samferðamaður (n, kk) Sá sem verður samferða.

Samfestingur (n, kk) Galli; vinnufatnaður úr vinnublússu með áföstum vinnubuxum.

Samfélag (n, hk) Félagsskapur; hópur/fylking fólks, t.d. á tilteknu svæði eða af tiltekinni gerð. T.d. samfélag kristinna manna eða *hreppssamfélag*.

Samfélagsmál (n, hk) Málefni/hagsmunir samfélags/íbúa. „Össur Guðbjartsson á Láganúpi vann ötullega og fórnfúst að samfélagsmálum alla sína starfsævi“.

Samfleytt (ao) Í samfelli; samfellt. „Hann gegndi þessu starfi í þrjá áratugi samfleytt“.

Samflot (n, hk) Um báta; verða samferða. „Þarna má segja að skipt hafi sköpum, að þessir bátar lentu af tilviljun í samfloti yfir Blakknesröstina“ (ÖG; Þokuróður).

Samfrosta (l) Frosnir saman. „Dreifðu vel úr fiskinum í frystinum svo hann verði ekki samfrosta“. „Ísferjur myndast þegar klaki í botni frostgígs verður samfrosta botnlaginu og flýtur upp með það í vatnavöxtum“.

Samfylgd (n, kvk) Fylgd. „Ég þáði samfylgd hans; enda ókunnugur leiðinni“.

Samfylgdarmaður (n, kk) Ferðafélagi; samferðamaður. „Hann reyndist vel sínum samfylgdarmönnum í lífinu“.

Samgangur (n, kk) Samskipti; blöndun einstaklinga. „Með þeim systur var alla tíð mjög kært, og mikill samgangur á milli heimila þeirra“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Fé frá Láganúpi hefur alla tíð *gengið* mikið í norðanverðri Breiðavíkinni og lítill samgangur verið með því og Breiðavíkurfénu“.

Samgengt (l) Eiga samgang. „Láganúpsféð á lítið samgengt við Breiðavíkurfé, þó gangi í sömu vík“.

Samgleðjast (s) Taka þátt í fögnuði; samfagna. „Margir komu til að samgleðjast honum á afmælinu“.

Samgróinn (l) Gróinn fastur við. „Maður er svo samgróinn sinni vík að þar er hugurinn oft frekar en við það umhverfi sem maður dvelur í hverju sinni“.

Samgróningar (n, kk, fto) Óæskilegur bandvefur í sári, sem veldur óþægindum; óþægileg örmyndun.

Samgöngur (n, kvk, fto) „Þegar ég var að alast upp í Kollsvík á fjórða og fimmta tug þessarar aldar, voru samgöngur á landi til og frá Víkinni óbreyttar frá því sem verið hafði frá landnámsöld. Vegir voru ekki aðrir en gömlu þröngu hestagöturnar, sem enn má sjá móta fyrir á fjallvegum, en eru ekki lengur farnar. Þessar götur voru svo þröngar að ekki gátu tveir menn gengið þær samsíða... Af því ástandi vega sem hér hefur verið lýst, má ljóst vera að einu samgöngurnar á landi voru á hestum eð fótgangandi. Og ekki var um aðra vöruflutninga á landi að ræða en á hestum, eða það sem menn báru á sjálfum sér. Hér á ég við flutninga yfir

hálsana beggja megin Kollsvíkur... Fjallvegasmögungur við Kollsvíkunga héldust óbreyttar til ársins 1955, að lokið var við bílveg alla leið yfir Hænuvíkurháls. Rúmum áratug áður hafði verið hafist handa um lagningu akfærs vegar upp úr Kollsvík að norðanverðu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Samhaldssamur (l) Sparsamur; nískur. „Hann var samhaldssamur í fjármálum og efnaðist nokkuð á því“.

Samheiti (n, hk) Annað heiti á sama fyrirbæri/hlut/málefni/hugtaki.

Samheldni (n, kvk) Samstaða; gagnkvæm samhjálp fólks. „Ég hef verið að hugsa það þegar ég skrifa þetta bréf, hve mikið mannfall var á fólki á góðum aldri í þessari litlu byggð (Rauðasandi). Athyglisvert er líka að engin af þessum fjölskyldum sundraðist; ekki eitt af öllum þessum börnum sem misstu föður eða móður á þessum árum á Rauðasandi þurfti að þiggja uppeldi annarsstaðar en á heimili sínu. Ég held að þetta lýsi nokkuð þeirri samheldni og hjálpsemi sem þarna var við lýði á þessum árum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Sagði hann (S.J.Th) það heitustu ósk sína að samheldni mætti jafnan ríkja í sveitinni“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Samhengi (n, hk) Samband; tengsl. „Það er mikilvægt að átta sig á samhengi þessara mála“. „Orð hafa oft misjafna merkingu eftir samhenginu sem þau standa í, og einnig eftir raddblæ og áherslum“.

Samhengislaust (l) Án samhengis/tengingar; ruglingslega.

Samhentir (l) Samtaka; í samvinnu. „Þeir bræður unnu mjög samhentir að öllum verkum“.

Samhjálp (n, kvk) Þegar menn hjálpa hverjir öðrum; gagnkvæm aðstoð. „Þannig var ávallt aðstoð veitt og samhjálp í hvívetna, svo sem best mátti vera“ (KJK; Kollsvíkurver).

Samhljóða / Samhljóðandi / Samhljóma (l) Einum rómi; á sama veg. „Þessi ályktun var samhljóða hinum fyrri“. „Fundurinn samþykkti þetta samhljóða“.

Samhugur (n, kk) Samkennd; samstaða. „Oft hefur vírst, einkum að vetrinum, að fjelagið væri nauðsynlegur þáttur í hinu kyrrláta lífi byggðarinnar; til að auka fjör og glæða samhug manna“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Sami grautur í sömu skál (orðtak) Það sama og vant er; eins og vanalega. „Ég sé nú ekki merki um mikla breytingu á þessu veðri; það verður líklega sami grautur í sömu skál á morgun“.

Saminn (l) Skáldaður; búinn til; bundinn í orð/mál. „Ekki veit ég hvenær þessi saga var saminn“.

Samjöfnuður (n, kk) Samanburður; jafngildi. „Þetta er ágætur hákarl, en hann kemst þó ekki í samjöfnuð við þann sem ég fékk í fyrra“.

Samkjafta (s) Tala/kjafta ekki samfellt; vera ekki með málæði; þegja. „Greyin mín reynið nú einu sinni að samkjafta eitt augnablik; skelfing er ég leiður á þessu masi“!

Samkjafta ekki (orðtak) Vera símalandi/óðamála; vera með munnræpu; blaðra/bulla/tala samfellt. „Hún samkjaftaði ekki alla leiðina“.

Samkoma / Samkunda (n, kvk) Mannfundur; mannamót; samkvæmi.

Samkomuhús (n, hk) Félagsheimili; hús sem hentar fyrir samkomur. „Íbúar Rauðasandshrepps áttu sín samkomuhús. Á Rauðasandi var það Ungmennafélagshúsið, sem Ungmennafélagið Von byggði og var lengi helsti samkomustaður Rauðsendinga. Í Örylgshöfn var reist svonefnt Þinghús í landi Tungu, og gegndi það margvíslegu hlutverki fyrir skemmtanir og opinberar samkomur í áratugi. Árið 1955 var vígt glæsilegt samkomuhús stuttu neðar; Félagsheimilið Fagrihvammur. Það var síðan helsta samkomuhús íbúa Rauðasandshrepps meðan hann var við líði. Hinsvegar varð það eitt af fyrstu verkum sveitarfélagsins Vesturbyggðar eftir sameiningu að selja þetta sameiningartákn og félagslega stoð íbúanna fyrir smáskilinga, um leið og skólahald var alfarið flutt úr hinum forna Rauðasandshreppi“.

Samkomulag (n, hk) A. Samningur; það sem menn eru ásáttir um. B. Vinátta; sátt. „Yfirleitt var gott samkomulag milli bæja í hreppnum meðan hreppurinn stóð í blóma“.

Samkomulagsatriði (n, hk) Samningsþáttur; það sem semja má um. „Tilhögun greiðslunnar er bara samkomulagsatriði, eftir að verðið er ákveðið“.

Samkrull (n, hk) Sambreyskingur; hræringur; blanda. „Mér líkar ekki þetta samkrull félaganna“.

Samhyrndur (l) Hornalag hrúts, þar sem bæði hornin virðast samgróin í hornrótinni.

Samkvæmishæfur (l) Skikkanlega útlítandi; *slarkfær* í mannasíðum. „Þú ert nú varla samkvæmishæfur í þessum buxnadrúslum“.

Samkvæmur sjálfum sér (orðtak) Gerir/segir ekkert í mótsögn við aðrar gerðir/ önnur ummæli. „Það er ekki hægt að segja annað en að hann sé sjálfum sér samkvæmur í þessum efnum, þó ég sé á annarri skoðun“.

Samla saman (orðtak) Safna saman; smala; raka saman. „Ætli við þurfum ekki að samla einhverju saman til að bæta á gryfjuna“.

Samlag (n, hk) A. Félagsskapur. B. Sameiginlegur verknaður; sameiginlegt innlegg.

Samlagast (s) Aðlagast; samsama sig. „Það þarf að hafa gætur á aðkomukindinni meðan hún er að samlagast öðru fé“.

Samlagssvæði (n, hk) Svæði þar sem bændur leggja inn afurðir í sameiginlega afurðastöð, t.d. mjólkursamlag.

Samlandi (n, kk) Maður frá sama landi.

Samleið (n, kvk) Sama leið. „Við áttum samleið yfir Sanddalinn, en þá skildu leiðir. Hann fór niður Flosagil en ég fór upp á Flosadal og svo niður á Hjalla“.

Samlitur (l) Í sama lit. „Kjóauginn var svo samlitur umhverfinu þar sem hann lá grafkyrr, að ég tók ekki eftir honum fyrr en ég steig utani stélið á honum“.

Samliðun (n, kvk) Samúð; meðaumkun. „Maður finnur til samliðunar með þessum vesalingum“.

Samlíking (n, kvk) Samanburður; *viðlíking*. „Mér fannst þetta furðuleg samlíking hjá honum“.

Samlíkja (s) Líkja saman; bera saman við. „Það er ekki hægt að samlíkja þessum mat við óætið sem mér var boðið á hótelinu“!

Samloðun (n, kvk) Viðloðun; samheldni. „Það vantar alla samloðun í þetta efni“.

Samloka (n, kvk) A. Skelfiskur með tveimur skeljum, s.s. kúfiskur, kræklingur, krákuskel o.fl. B. Tvær samanlagðar brauðsneiðar með meðlæti á milli. C. Líkingamál um góða vini. „Þeir eru eins og samlokur; mega hvorugur af hinum sjá“.

Samlyndi (n, hk) Samkomulag; sambúð. „Eitthvað hefur slest uppá þeirra samlyndi í seinni tíð“. Sjá *í sátt og samlyndi*.

Sammála (l) Á sama máli; taka undir það sem sagt er. „Ekki urðu þeir sammála um þetta fremur en annað“.

Sammerking (n, kvk) Það að marka fé undir mark sem er það sama og annars markeiganda á sama svæði, þannig að misgrip gætu orðið. Markaverðir eiga að úthluta mörkum á þann hátt að forðast sammerkingar.

Sammerkt (l) Um fé; með sama eyrnamark sitthvorra eigenda. „Með nýjum lögum um búfjármörk á 8. áratug 20. aldar var bannað að sammerkt væri nokkursstaðar á Vestfjörðum. Varð það m.a. til þess að ég missti mitt mark sem áður hafði átt Halldóra frá Grundum, amma mín; sneitt aftan; biti framan hægra. (VÖ).“

Sammæðra (l) Um tvær eða fleiri manneskjur; eiga sömu móður en ekki endilega sama föður.

Sammælast (s) Koma sér saman um; vera einhuga um. „Hinn 5. apríl 1904 sammælast Kollsvíkingar til kaupstaðarferðar á Patreksfjörð“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sammæti (n, hk) Mót; koma saman. „Neðst á Litlufit eru sammæti Árinnar og Torfalækjar“.

Samnefndur (l) Heitir sama nafni. „Norðast á Grundabökkum var samnefnd þurrabúð, oft í daglegu tali einungis nefnd Bakkar“ (HÖ; Fjaran).

Samnemandi (n, kk) Sá sem nemur/lærir í sama skóla/bekk. „Við vorum samnemendur í Kollsvík“.

Samneyta (s) Vera samvistum við; *sitja til borðs* með. „Hann fór heim úr slátruninni í fússi; hann harðneitaði að samneyta þessum vitleysingum sem höfðu verið að atast í honum“.

Samneyti (n, hk) Samskipti; samvera; það að snæða með. „Ég hef, *sem betur fer*, ekki þurft að hafa mikið samneyti við þessa bullustrokka“!

Samning (n, kvk) Ritun; skáldun; samantekt; gerð. „Við samningu þessa orðasafns hef ég stuðst við ýmsar heimildir, en mörg máldæmin eru mín smíði; ýmist algerlega skálduð eða byggð á óljósu minni“.

Samningalipur (l) Um þann sem er laginn að semja við aðra/ þjáll í samningum. „Hann var einstaklega samningalipur og náði oftast sínu fram með hæglæti og rökræðum“.

Samningur (n, kk) Samkomulag; gagnkvæmur skilningur á samskiptum. Í samfélagi fyrri tíma var meira treyst á orðheldni manna og handsal en nú er; nú þurfa allir samningar að vera skriflegir og helst vottfestir.

Samnot / Samnýting (n, hk) Sameiginleg afnot. „Hvor útgerð hafði sitt hrognasigti en samnot voru af *grófsigti*“.

Samnýta (s) Nota í sameiningu. „Reki sunnan Ár var samnýttur frá Láganúpi og Grundum“.

Samplokkað (l) Um það þegar fiður af mismunandi grófleika er plokkað saman af fugli, án sorteringar. „Samplokkað fiður var einnig notað í yfirsængur, en þær voru þungar...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Samráð (n, hk) Sameiginleg ráðagerð; samtal. „Við þurfum að hafa samráð við formanninn um þetta“.

Samráðslaust / Samráðslitið (l) Án samráðs/ráðfæringa. „Þetta gerði hann samráðslaust og án minnar vitundar“!

Samráðsleysi (n, hk) Skortur á samráði/samtali/ráðfæringum. „Svona samráðsleysi kann ég ekki við“!

Samrekkja (einhverjum/einhverri) (orðtak) Sofa hjá einhv.; hafa samfarir við einhv.

Samrekstra (l) Unnt að reka með öðru fé. „Hænuvíkurkindurnar urðu illa samrekstra með Kollsvíkurfénu. Þegar kom uppundir Hjallagötur *settu þær sig neðan* með Hafnargili og hurfu *á spretti* uppaf brún“.

Samrekstur (n, kk) A. Sameiginlegur fjárrekstur tveggja eða fleiri fjáreigenda. „Látramenn höfðu samrekstur af Breiðavíkurrétt út að Látrum“. B. Rekstur tveggja eða fleiri fyrirtækja/viðskiptaeyninga.

Samrit (n, hk) Rit sem er eins og annað rit; afrit; eftirrit; uppskrift.

Samróma (l) Þegar allir eru á einu máli; samhljóma; einróma. „Þetta var samróma álit allra viðstaddra“.

Samruni (n, kk) Sameining; samsteypa. „Samruni hreppanna var *líkast til* óumflýjanlegur, en ekki virðist hann hafa orðið Rauðasandshreppi til neinna framfara“.

Samrýmdir (l) Um tvo einstaklinga; sækja í gagnkvæman félagsskap; eru góðir vinir. „Við Buggi vorum mjög samrýmdir og því var ekki átakalaust að sjá á eftir honum vetraralangt vegna skólagöngu“.

Samræði (n, hk) Samfarir; kynlíf; holdlegt samneyti.

Samræðuhæfur (l) Hæfur til viðtals; unnt að tala við; hægt að *mæla máli*. „Hann var svo niðursokkinn í bókina að hann var ekki samræðuhæfur“. „Hann var svo *sótvondur* yfir þessum klaufaskap að hann var ekki samræðuhæfur fyrst í stað“.

Samræður (n, kvk, fto) Viðtal; samtal. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófust nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið). Sjá *hrókasamræður*.

Samræma (s) Samstillta; fella saman. „Erfiðlega gekk að samræma þetta tvennt“.

Samræmi (n, hk) Rím; samstilling; taktur; samsvörun. „Lítið samræmi var í frásögnum þeirra“.

Samsafn (n, hk) Samansafn; söfnuður. „Þetta virðist hafa verið samsafn tómrá hálfvita“!

Samsekur (l) Á sinn þátt í sök/glæp/verknaði. „Ætli maður sé þá ekki samsekur öðrum, ef þetta er glæpur“.

Samsetning (n, kvk) Tenging; samtenging; festing. „Eftir samsetningu var Farmalnum ekið uppúr fjörunni“.

Samsetningur (n, kk) A. Þegar skipsáhafnir setja saman upp (eða niður) bát í lendingu. Þessi notkun orðsins virðist ekki hafa verið þekkt utan svæðisins. „Oft var það að skipshafnir höfðu samsetning á bátum...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Bátana varð að setja upp á hverju kvöldi, og var þá venjulega hafður samsetningur af tveim til þremur bátum“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri). B. Algengari merking; það sem sett/skeytt er saman; skáldskapur. „Þetta er ljóti samsetningurinn. Ég hef sjaldan séð annan eins leirburð“!

Samsettur (l) Samansettur; festur saman. „Stundum finnst mér karlinn einkennilega samsettur“!

Samsinna (s) Játa; vera sammála. „Ég gat ekki samsinnt því að leiðin niður í flesið væri ófær“.

Samsinna (l) Sammála. „Ég var honum samsinna í flestum atriðum“.

Samsíða (l) Samhliða; við hliðina á. „Við sigldum samsíða þeim um stund og *höfðum af* þeim *tal*“.

Samsíðungur (n, kk) Áhald sem einkum er notað til að lesa úr kortum og stinga út stefnu, t.d. við siglingu skips. Tvær reglustrikur tengdar saman þannig að þær eru ávallt samsíða þó millibil þeirra breytist.

Samskeyti (n, hk, fto) Samsetning/mót/mæti eininga. „Hér er rifa á samskeytunum“.

Samskeyttur (l) Festur saman. „Árin var samskeytt með blaðfellingu“.

Samskipa (l) Á sama skipi/báti. „Ég átti þess kost að stunda sjó með honum eitt vor samskipa...“ (ÖG; minn.grein um AK).

Samskipti (n, hk, fto) Samneyti; samvera; viðskipti. „Þegar þessu öllu er lokið, með liðsinni heimamanna, er kvaðst og þökkuð ágæt samskipti“ (KJK; Kollsvíkurver).

Samskonar (l) Eins; af sama tagi. „Þetta er samskonar mixtúra og síðast; bara í öðrum umbúðum“.

Samskot (n, hk, fto) Söfnun fjár til tiltekins málefnis, oftast í góðgerðarskyni. „Samskota hefir það (Umf Vestri) leitað, bæði utan fjelagsins og innan, til lýðskóla Vestfjarða; til ekkna og til fátækra barna; fatagjafir fyrir jólin. Alls hefir fjelagið sent frá sjer samskotafje að upphæð um 700 krónur“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Samskyns / Samslags (l) Af sama tagi; með sama lagi. „Enn eru samskyns dyntir í vélinni og í gær“! „Þetta er samslags áburður og í fyrra; í öðruvísi pokum“.

Samsláttur (n, kk) A. Um það þegar korkakeirn/flotteinn og steinateinn/blýjateinn á neti vefjast saman í lagningu. „Hér hefur orðið samsláttur í lagningunni“. B. Um það þegar símalínum slær saman í óveðri, þar sem þær liggja tvær eða fleiri saman. „Nú er samsláttur á símalínu einhversstaðar; ég heyri kjaftæði í einhverjum á Hafnarlínunni inn á Víknaflinuna“. C. Um of reynir á fjöðrun bíls á ósléttum vegi, þannig að öxull slæst við grindina.

Samsleginn (l) Um bönd; slegin/undin/flækt saman. „Þinirnir voru samslegnir á nokkrum kafla“.

Samsorta (l) Af sömu tegund; eiga saman/við. „Mér sýnist að þessi sokkur sé samsorta hinum“.

Samspil (n, hk) Samverkun. „Ógróinn sandurinn í Sandahlíðinni er sérkennilegt fyrirbæri, og stafar líklega af samspili margra þátta í náttúrunni“.

Samstaða (n, kvk) Samkennd; sameiginlegt álit/átak. „Órofa samstaða var um málið á fundinum“.

Samstarf (n, kk) Samvinna; sameiginlegur starfsvettvangur. „Samstarfi okkar lauk í fullri sátt“.

Samstíga (l) Samferða; vinna í takti. „Mikilvægt er að aðilar séu samstíga í þessum aðgerðum“.

Samstundis (ao) Á sama tíma; um leið. „Ég fann samstundis að færið var fast í botni“.

Samsuða (n, kvk) Samsetningur; blanda; samkrull; hræringur. „Karlínn talaði hrognamál sem fáir skildu til fulls, þó oft væri hægt að ráða í það; einhverja samsuðu íslensku, norsku og ensku“.

Samsull (n, hk) Blanda/hræringur efna/matvæla sem illa eiga saman. „Þetta er fremur ólystugt samsull“.

Samsvara (s) *Svara til*; vera líkur; falla að. „Ég tel þetta framlag samsvara því sem aðrir lögðu fram“.

Samsvarandi (l) Sem svarar til/ passar við/ fellur að. „Mig vantar samsvarandi lykil fyrir þessa ró“.

Samsæti (n, hk) Samkoma; mannfögnuður. „Þann 1. ágúst 1948 minntist Kaupfélag Rauðasands 40 ára samvinnustarfs í Rauðasandshreppi, með samsæti í húsi ungmennafélagsins Vonar“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Samt / Samt sem áður (ao/orðtak) Þó; þrátt fyrir. „Ég ætla samt að fara, þó veðrið gæti verið betra“.

Samtaka (l) Með sameiginlegu átaki. „Við vorum samtaka og náðum að ýta bílnum úr festunni“.

Samtakamáttur (n, kk) Samstilltur kraftur margra einstaklinga sem megnar að koma því í framkvæmd sem þeir hefðu ekki getað án samvinnu. „Þótt Kollsvíkingar væru upp til hópa einstaklingshyggjumenn sem mest treystu á sitt eigið framtak, þá var þeim mæta vel ljóst hverju samtakamátturinn gat áorkað. Það sýnir t.d. hið blómlega starf ungmennafélaga og það starf sem eftir þau liggur, t.d. í vegagerð og menningarmálum. Einnig samvinna um pöntunarfélög og kaupfélög til að koma afurðum sínum í verð og standa að kaupum á nauðsynjum. Ennfremur má nefna stofnun búnaðarfélags, nautgriparæktarfélags, ræktunarsambands, húsagerðasambands, byggingafélags, mjólkursamlags, sláturfélags, lestrarfélags, saumaklúbbs, slysavarnadeildar og annarra slíkra, auk sameignar um ýmis dýr tæki sem komu til sögunnar; s.s. traktora og bíla. Kollsvíkingar voru öflugir í slíkri félagsstarfsemi alla tíð, í góðri samvinnu við sveitunga sína“.

Samtíðarmaður (n, kk) Maður sem er samtíða því sem um er rætt.

Samtíningur (n, kk) A. Hvaðeina sem er tínt saman; ósamstæðir hlutir; ýmiskonar dót. „Þetta er nú ekkert gæðatímbur; bara samtíningur og afgangar“. B. Seinni slátrun; síðari sauðfjárslátrun að lokinni aðalslátrun og seinni smölun að hausti; þegar lítill hópur fjár kemur til slátrunar af hverjum bæ. „Það fer allmargt héðan í samtíning núna“.

Samtvinnaður (l) A. Um þráð/band/netapín; samansnúið; samnavafið. Þinirnir voru samantvinnnaðir eftir norðangarðinn“. B. Um málefni;nátengt; samhangandi. „Þessi tvö mál eru samtvinnuð og verða illa aðskilin“. C. Um blótsyrði; runa skamma/blótsyrða. „Það var víst dálítið samtvinnnað hjá honum“.

Samtvinningur (n, kk) *Blótsyrðaruna; blótsyrðabálkur; skammarræða; óbótaskammir*. „Hann fékk víst að heyra einhvern samtvinnung hjá þeim gamla þegar hann kom upp á brún“.

Samur (l) Eins og var; svipaður; líkur. „Víst er Rósi eins og áður ör og glaður;/ samt þó eigi samur maður“ (JR; Rósarímur).

Samur við sig / Sjálfum sér líkur (orðtak) Um mann; *sjálfum sér líkur*; alltaf eins. „Alltaf er hann samur við sig blessaður; tilbúinn að hjálpa öðrum þó hann hafi nóg á sinni könnu“. „Alltaf er hann sjálfum sér líkur; rýkur af stað án þess að fá neinn með sér til hjálpar“!

Samúð (n, kvk) Meðlíðun/samkennd/vorkunnsemi vegna sorgar. „Ég votta þér innilega *samúð*“.

Samúðarkort / Samúðarskeyti (n, hk) Skrifleg vottun samúðar með korti eða símskeyti.

Samvaldir (l) Sem eru valdir til að passa saman. „Þetta eru ljótu glóparnir; báðir samvaldir aular! Hvernig gátu þeir misst allt féð framhjá sér? Hafa þeir ekki augu í hausnum eða hvað“?!

Samvera (n, kvk) Sambúð; það að vera saman. „Ég þakka fyrir samveruna þennan tíma“.

Samveiturfarmagn (n, hk) Rafmagn frá almenningsveitu. „Samveiturfarmagn kom ekki í Rauðasandshrepp fyrir en 1974 – 5; frá Orkubúi Vestfjarða. Baráttan um að fá hér rafmagn snérist mest um stofnun Orkubús Vestfjarða sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum stóðu að. Að þessu var vitanlega talsverður aðdragandi en ég fylgdist nokkuð með þessu þar eð bóndi minn, Össur Guðbjartsson, var í fyrstu stjórn Orkubúsins og vann talsvert við undirbúning þess sem oddviti hér“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms).

Samvinna (n, kvk) Vinna margra að sameiginlegu viðfangsefni/verkefni. Íbúar Rauðasandshrepps höfðu samvinnu á fjöldamörgum sviðum, bæði formleg og óformlega. Öllum var ljós nauðsyn og hagkvæmni þess að vinna sameiginlega að verkefnum sem erfið eru einum en auðveld mörgum.

Samvinnufélag (n, hk) Formlegt félag um samvinnu. „Á þessum tíma voru tvö samvinnufélög starfandi í Rauðasandshreppi og hét félagið sem þjónaði vestanverðum hreppnum Sláturfélagið Örlygur...“ (PG; Veðmálið).

Samvinnufús / Samvinnuþýður (l) Viljugur til samstarfs/ samvinnu.

Samvinnuhugsjón (n, kvk) „Samvinnuhugsjónin, í sinni upprunalegu og skilvirku mynd, festi tryggar rætur meðal hinna félagslyndu og rökföstu bænda í Rauðasandshreppi. Í henni sáu þeir tækifæri til að beita *samtakamætti* sínum og vinna á jafnréttisgrunni að bættum hag allra, og um leið að efla félagslíf og samheldni. Eldmóðurinn og förnfýsin fyrir heildina var almenn, þó mismunandi væri eftir einstaklingum og bæjum. Fremstu talsmenn samvinnuhugsjónarinnar í Rauðasandshreppi urðu þekktir af störfum sínum á þessu sviði. Má þar t.d. nefna Einar og Pál Guðbjartssyni frá Láganúpi; Ívar Ívarsson í Kirkjuhvammi; Sigurbjörn Guðjónsson í Hænuvík; Jón Hákonarson á Hnjóti og Össur Guðbjartsson, Láganúpi“.

Samviska (n, kvk) Siðgæði; vitneskja um að maður hafi breytt illa/ gert rangt.

Samviskulaus (l) Án eftirsjár/samúðar/sjálfs gagnrýni. „Þessir samviskulausu stjórnarherrar ætla að hundsá þarfir lansbyggðarinnar í samgöngumálum, eina ferðina enn“!

Samviskusamlega (l) Af vandvirkni/alúð. „Það þarf að gæta þess að þetta sé samviskusamlega unnið“.

Samviskusamur (l) Vandvirkur; nærgætinn; vinnur af alúð/kostgæfni. „Hann er samviskusamur við þetta“.

Samviskusemi (n, kvk) Vandvirkni; natni; heilindi. „Hún vann öll sín verk, hvor sem það var úti eða inni, af alúð og samviskusemi“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Samvist (n, kvk) Samvera. „Ég kæri mig ekkert um að vera samvistum við hann lengur en þörf er á“. Sjá *slíta samvistum*.

Samþjappaður (l) Samanpressaður; samanbarinn; settur í knappt form.

Samþjónn (n, kk) Samstarfsmaður. „... en þar hitti ég marga misjafna samþjóna...“ (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Samþykki / Samþykkt (n, hk) Játun; játning; viðurkenning. „Ég fékk hans samþykki fyrir þessu.“

Samþykkja (s) Samsinna; játa; viðurkenna. „Ég var ekki tilbúinn að samþykkja þetta umyrðalaust“.

Samþykkur (l) Hlynntur. „Ég var samþykkur því að lagt væri í þessa framkvæmd“.

Sanda / Sandbera (s) Strá sandi yfir, t.d. hált svell til að gera það stamt. „Ég sandaði svellið framanvið fjárhúsin; þar var árans háлка“.

Sandalar (n, kk, fto) Opnir skór; bandaskór.

Sandauðn (n, kvk) Eyðimörk af sandi; mikið ógróið sandflæmi.

Sandaustur / Sandburður (n, kk) Mikið sandfok. „Norðanrokið kom með árans sandaustur uppum allt“!

Sandbakki / Sandbarð (n, kk) Bakki/barð úr skeljasandi. „Háir sandbakkar eru ofanvið Leirana sem heita Melarandir“ (HÖ; Fjaran).

Sandbarinn / Sandblásinn (l) Eyddur/núinn/tærður af sandblæstri. „Staruinn var oirðinn nokkuð sandblásinn“.

Sandblettur (n, kk) Blettur af skeljasandi. „Við skulum kippa herna útfyrir sandblettina“.

Sandbleyta (n, kvk) Kviksyndi; blettur í sandflæmi, þar sem sandur hefur sest til í hægu vatni og hlaðist upp með svo lauslegri og vatnsmettaðri byggingu að lætur undan þegar stigið er á yfirborðið; með þeim afleiðingum að vegfarandinn sekkur viðstöðulítið í, en vatnspollur myndast í yfirborðið, þar sem áður virtist samfelldur og traustur sandur. „Sandbleytur myndast gjarnan á Leirunum í áfoki. Geta þær orðið svo varasamar að fullorðinn maður sekkur upp að hné. Börn voru því vöruð við að fara þar um“.

Sandborinn (l) Um jarðveg/tún; mettaður af sandi. „Tún á Láganúpi eru mörg allmjög sandborin“.

Sandbugur / Sandbót (n, kk) Bót/vík/vik með skeljasandsfjöru og skeljasandi í botni. „Innan við Sandoddann er sandbugur sem heitir Skersbugur“ (VP; Örn.skrá Hvalskers).

Sandburður (n, kk) Tilfærsla á sandi; sandsöfnun. „Sandburður getur verið verulegur í Kollsvík og gerbreytt landslagi á stuttum tíma, einkum sunnantil. Annarsvegjar er gríðarlegur sandburður í fjörunni sem stjórnast af straumum, sjólagi og ríkjandi vindáttum en hinsvegjar er sandfok upp á land sem stjórnast af hitastigi, þurrkum, vindáttum, veðurhæð, jarðvatnsstöðu á Fitinni og ástandi sandrifsins í fjörunni. Sandburður getur, við viss skilyrði, skilið eftir sig mikla sandskafla í lautum; rífið upp rofabörð; kaffært stórar landspildur og borist marga kílómetra, t.d. úr Láganúpsfjöru út á Flatir; Orma, Hnífa og jafnvel út á Sanddal á Breiðnum“.

Sandbylur (n, kk) Stormur eða rok sem ber með sér mikið af skeljasandi úr fjöru, Leirum eða melaskörðum. Sérlega áberandi sunnantil í Kollsvík og getur valdið skaða: Sandurinn sest í dyngjur á túnnum og við hús; mattar gler og málaða fleti og er mjög tærandi vegna saltmóstunnar sem honum fylgir. Getur verið mjög erfitt að ganga í sandbyl sem stingur í húð og augu.

Sanddalur (n, kk) Sanddalir eru tveir í grennd við Kollsvík. Annarsvegjar er Sanddalur heimantil á Blakknum og á milli hans og Núpsins. Hinn Sanddalurinn er á Breiðnum; utanvið Kjölinn. Bæði bera nofnin vitni um að *sandfok* hefur líklega verið meira fyrr á öldum en nú er. Þar hafa líklega verið sandskaflar þegar nöfnin urðu til, en nú má sjá í þeim grónar lautir með sendnum jarðvegi. Nöfnin sýna hve sandur úr Kollsvíkurfjöru getur borist um miklar vegalengdir í vissum aðstæðum; t.d. eru nær 4 km úr Láganúpsfjöru á miðjan Breið.

Sanddrift (n, kvk) Sandfok; sandburður; áfok.

Sanddyngja / Sandhaugur / Sandhrúga / Sandskafl (n, kvk/kk) Foksandur sem safnast hefur saman í hrúgur. Brögð eru að því eftir hörð norðanveður og mikið sandfok að miklir sandskaflar liggi eftir hlémegin við hús og aðrar hindranir í landi Láganúps, og hefur oft verið nokkuð verk að moka þeim í burtu.

Sandfjara (n, kvk) Fjara með sandi/skeljasandi. „Sandfjara er um miðja vikina, en sandurinn teygir sig mislangt til beggja enda, eftir því hvernir brimið leggur hann upp“.

Sandfláki (n, kk) Sendið svæði; einkum átt við neðansjávarsanda. „Miklir sandflákar eru á Kollsvíkinni; norðan frá Blakknesrösti; upp í fjöru norðantil í vikinni og suður með landi framundan Grundatöngum; Hnífum; Vatnadalabót, Breið og síðan áfram fyrir Breiðuvík, Látravík og Seljavík suður að Látrarösti“. „Fyrir utan þarabeltið er sandfláki út, en einnig eru þar hleinar sem þurfti að gæt sín á“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Sandflæmi (n, hk) Stórt svæði þakið sandi. „Mikil sandflæmi eru frammi á vikinni, sem teygja sig uppum fjöruna; Rífið og uppyfir Leira“.

Sandflöt (n, kvk) Flatt sandborðið svæði, gróið eða ógróið.

Sandfok / Sandrok (n, hk) Þegar sandur rýkur í vindi; landeyðing. Sandfok var yfirleitt til vandræða í Útvíkunum og olli stundum stórtjóni á jörðum. „...illt var að verja fiskifangið fyrir sandfoki meðan það var í herslu“ (PJ; Barðstrendingabók).

Sandgirðing (n, kvk) Girðing kringum svæði til að verja það ágangi fjár. „Á sjöunda áratugnum var girt sandgirðing frá Grundabökkum upp í Fit; norðuryfir Torfalæk og Miðlæk; neðan fjárhúsanna á Melnum og upp með Ánni, upp að Svarðarholti“.

Sandgljá (n, kvk) Sandblettur/sandlæna/sandflæmi á sjávarbotni. „Þó var ekki allsstaðar hrein sandgljá frama við aðal-þaragarðinn. Boðar og hleinar voru hér og þar...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sandgólf (n, hk) Gólf úr sandi/ með sandi á yfirborði. „Búðirnar voru því miklu vistlegri með hvítu sandgólfi en illa hirtu timburgólfi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Sandgræðsla (n, kvk) Uppgræðsla sands; landgræðsla.

Sandgræðslugirðing (n, kvk) Girðing til að verja uppgæðslu í viðkvæmu landi.

Sandi orpinn (orðtak) Kominn á kaf í sand (að hluta eða öllu leyti). „Allar verbúðir eru fallnar í tóft, og sumar sandi orpnar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sandkoli (n, kk) Limanda limanda. Flatfiskur af flyðruætt; að mörgu leyti líkur skarkola að stærð, lagi og háttum. Vanalega innanvið 30 cm langur og undir 1 kg á þyngd. Lifir á sandbotni og hefur veiðst á Kollsvíkurmíðum; þá helst í hrognkelsanet.

Sandkorn (n, hk) Korn af sandi. „Ég held ég hafi fengið sandkorn í augað; heldurðu að þú gætir náð því með tungubroddinum“?

Sandkóf (n, hk) Sandmósta; selta og sandur sem blæs stundum hátt í loft í roki, og byrgir sýn.

Sandkvika (n, kvk) Sandbleyta; sandur sem er mettaður vatni, en sýnist þurr á yfirborði. Sá sem stígur í sandkviku getur sokkið niður þegar sandkornin falla saman og vatnið þrýstist upp á yfirborðið. „Annars var Vaðallinn alls staðar væður, en sumsstaðar mátti vara sig á Sandkviku“ (T'; Örn.skrá Breiðavíkur). „Varið ykkur þegar þið farið yfir Leirana; þar gæti leynst sandkvika“.

Sandlóa (n, kvk) *Charadrius hiaticula*. Smáfaxinn vaðfugl af lóuætt; lengd 18-20 cm, þyngd 50-60 gr, vænghaf 50-55 cm, eða svipuð að stærð og sendlingur og lóupræll. Minni og hálsstyttri en heiðlóa. Hefur tíðan fótaborð og flýgur lágt og hratt. Ljósbrún að ofan en hvít að neðan; með svartan og hvítan kraga um hálsinn; hvítt enni og breiða línu á milli svartra augna. Nef rauðgult með svörtum broddi; fætur ljósgulir. Eins og nafnið gefur til kynna heldur hún sig mikið í semdnu landslagi og melum, og verpur þar í örllitla dæld; fjórum eggjum sem falla vel að undirlaginu í lit. Ungar koma úr eggjum eftir 3-4 vikur; fara strax úr heiðri og bjarga sér með fæði undir vernd foreldra. Sandlóan er farfugl hérlendis en finnst um alla norðanverða Evrópu og Asíu. Hún kemur í Kollsvíkina um eða eftir miðjan apríl og fer um miðjan september. Verpur helst á melum nærri sjónum, eða á holtum í vikinni eða í grennd við hana.

Sandlæna (n, kvk) Mjött sandsvæði. „Þarna má fá vel af grásleppu í þaragarðinum, en net eru fljót að fyllast af skít ef þau lenda fram á sandlænunni, örllítið dýpra“.

Sandmaðkur (n, kk) *Arenicola marina*. Stór *burstaormur* af fylkingu liðorma. Lifir mest á leirum á útfiri, niðurgrafinn í sand í u-laga göngum. Þar neytir hann fæðu sem hann vinnur úr sandinum og leirnum, en losar sig við úrganginn í hrúgu á yfirborðinu. Slíkar hrúgur eru augljós merki um verustað hans, og má oft sjá þær þéttar á útfiri, t.d. neðan Grundabakka, í Langatangabót og víðar. Fullvaxta ormur verður uppundir 15 cm langur og um 9 í þvermál; oftast rauðgulir að lit, en stundum grænleitir. Bolurinn er sverari að aftanverðu og er þar alsettur totum og burstum, sem eru öndunarfærin. Hann er tvíkynja. Maðkurinn er algeng fæða fugla; sérstaklega neflangra eis og tjaldsins. Sé hali slitinn af vex hann gjarnan aftur. Sandmaðkur var mikið notaður til beitu áður fyrr, og þá ýmist grafinn upp með berum höndum eða með sérstakri hrífu. Þeir sem unnu að maðkatínslu meðan aðrir voru á sjó fengu aflahlut; svonefnda maðkafiska sem um er getið m.a. í Jarðabókinni, en þar segir um Láganúpsver: „Beita er maðkur og brandkóð. Item heilagfiski á vor“.

Um Hænuvík segir: „Skiplutur er einn og ekki meir. Maðkafiskar gefast af óskiftu ef sá sem grefur missir fyrir það svefns síns og grefur maðk um nætur. Ella skiftast hásetar til og tekur enginn nefnda maðkafiska. Fæstir formenn beita maðki um vertíð“ (ÁM; Jarðabók).

Sandmelur (n, kk) Gróid sandsvæði; oftast með lágvöxnu grasai en stundum melgresi. Oft stytt í „melur“.

Sandmiga (n, kvk) Annað heiti á *smyrslingi/ smyrslingsskel* (*Mya truncata*), sem er samlokutegund.

Sandmósta (n, kvk) Seltumósta; útfellingar úr foksandi á föstum hlutum. „Eftir sandstorm í Kollsvík var oftast töluverð sandmósta vindmegin á öllum hlutum. Hún samanstendur af salti og leir og er mjög tærandi“.

Sandmúli (n, kk) Múli/núpur sem gengur fram milli vikna eða dala og er áberandi orpinn skeljasandi. „Kvígindisdalur á land eftir gömlum máldögum inn að grjótgardi þeim sem er inn á sandmúlanum milli Kvígindisdals og Sauðlauksdals“ (Landamerkjabók Barðastrandasýslu).

Sandmökkur (n, kk) Sandur sem rýkur hátt í loft í sandroki og myndar dökkt ógegnsett ský.

Sandoddi (n, kk) Endi á sandrifi við sjó. „Vaðalseyrrar nefndust sandoddarnir beggja megin Vaðalsins, enaðn við Rifíð“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). Sandoddi er einnig örnefi utan við Skersbug.

Sandorpinn / Sandi orpinn (l/ orðtak) Á kafi í sandi að hluta eða öllu leyti; þakinn sandi. „Búðirnar í Láganúpsveri eru fyrir löngu sandorpnar að fullu; þær sem ekki hafa verið rifnar til að nýta hleðslugrjótið í önnur hús og garðhleðslur“. „Töluverðar tóftarústir eru norðast á Bökkunum; mjög sandorpnar“ (HÖ; Fjaran).

Sandpappír (n, kk) Pappír með álímdum kvartssandi á annarri hlið; notaður til slípunar.

Sandrif (n, hk) Rif úr sandi; sandmön. „Þegar mikið rötast upp af sandi verður stundum til annað sandrif um tíma; framan við venjulega fjöru“.

Sandrok / Sandstormur (n, hk) Fok sands í miklu roki. Sandrok verður helst í Kollsvík í miklu norðanroki, þegar vindstrengur stendur fyrir Blakkinn í átt til Láganúps. Þá rýkur sandur af fjörunni, Rifinu og Leirunum, og berst yfirum Melarendur; Litlufit; Fit; Láganúpstún; Flatir; Gróumel; Hóla; Hjalla; Flatir; Hnífa og jafnvel útá Sanddal á Breiðnum. Mikil sandrok geta valdið verulegu tjóni; rofið jarðveg og skilið eftir sig miklar sanddyngjur.

Sandságangur (n, kk) Tjón vegna sandfoks. „... sandságangur ærinn (í Kollvík)“ (AM/PV Jarðabók).

Sandsbúi / Sandsmaður (n, kk) Íbúi á Rauðasandi í Rauðasandshreppi. Sja *Rauðsendingur*. Oftast er notað heitið Rauðsendingur yfir þessa íbúa, en hinum tveimur heitunum brá þó stundum fyrir í máli heimamanna. „Sandsmenn hafa ekki komið frá sér mjólk í nokkra daga vegna ófærðar“.

Sandsfé (n, hk) Sauðfé á/af Rauðasandi. „Sjaldgæft er að Sandsfé heimtist á Breiðavíkurrétt“.

Sandsíli (*Ammodytes tobianus*). Fiskur af sandsílaætt, um 20 cm að lengd; mjóslegin og silfurlit. Önnur mjög lík tegund er marsíli (*Ammodytes marinus*) sem er algengari við landið og oftast einnig kölluð sandsíli, enda þekkjast tegundirnar illa í sundur. Hinsvegar eru trónusíli (*Hyperoplus lanceolatus*) nokkuð stærri. Allar eru þessar tegundir algengar í hlýsjónum sunnan og vestan landsins og sjást oft á Kollsvíkurmíðum, t.d. í maga

- fisks eða goggum fugla; enda eru þetta mikilvægar fæðutegundir þessara dýra. Sést það best á því að hnignun í stofnstærð m.a. svartfugls, ritu og kríu er rakin til minna framboðs síla. Fæða sílanna er aftur á móti ýmsir botnlægir hryggleysingar; smá fiskseyði og hrogn. Er hnignun sílastofna m.a. talin stafa af því að klak verður fyrr vegna hlýnunar sjávar, og áður en nægt framboð verður fyrir þau af fæðu, svo þau svelta.
- Sandskafl** (n, kk) Skafli af skeljasandi. „Við vissar aðstæður getur *sandfok* orðið svo mikið úr Kollsvíkurfjörum að sandskaflar myndist við hús og í lautum á Láganúpi. Einkum er hætta á því þegar mikið er af þurrum og ófrosnum sandi á Rifinu en jörð annars frosinn og jafnvel freri á jörð; í stífri norðanátt. Hafa þá jafnvel orðið til sandskaflar uppi í Flötum og úti á Strympum, auk þess sem moka hefur þurft sandi af túnum og úr gördum á Láganúpi. „Um morguninn er kominn þar sandskafl sem fiskifangið lá“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Sandskúra / Sandþvo** (s) Þrifa með því að nota sand í vatni til að rífa upp skítinn. Meðan óvarin timburgólf voru í húsum var algengt að halda þeim hreinum á þennan hátt, enda efnið nærtækt.
- Sandsléttá / Sandtún** (n, kvk) Ræktarland í skeljasandsjarðvegi. „Sandsléttan á Fitinni var nokkuð áburðarfrek, en hvergi var betri *þurrkvöllur*“.
- Sandsorfinn** (l) Sorfinn af sandblæstri; sandblásinn. „Girðingastaurinn var svo sandsorfinn að hann brotnaði“.
- Sandsteinn** (n, kk) Sandur sem pressaður er og límdur saman í berg. Náttúrulegur sandsteinn finnst sumsstaðar hérlandis og erlendis eru mikil jarðlög af honum frá forsögulegum tímum.
- Sandsteypa** (n, kvk) *Sementslögun; múr*. Blanda sements, sands og vatns. Oftast notuð til múrhúðunar.
- Sandstorka** (n, kvk) Húð af sandi og leir, sem gjarnan situr eftir á hlutum eftir mikið sandrok.
- Sandugur** (l) Ataður sandi. „Burstaðu nú af þér úti á stétt strákur; þú ert allur sandugur úr Gilinu“!
- Sandur** (n, kk) A. Sandur merkir í tali Kollsvíkinga og nærsveitunga þeirra skeljasandur; enda er hann mest áberandi þar um slóðir af fingerðu hörðu jarðefni. Það sem t.d. Skaftfellingar nefna „sand“ er í tali Kollsvíkinga nefnt möl. B. Sandur er stytting á heitinu Rauðasandur; talað var t.d. um að „fara inn á Sand“.
- Sandvarnargarður** (n, kk) Garður til að verja land og hús fyrir sandfoki. „Gamli grjóttgarðar hafa fundist hér á kafi í sandi og gróid yfir svo engin merki sjást á yfirborði. Þeir hafa ekki verið kannaðir en virðast liggja þvert á norðanáttina sem hefur verið skæð með að ausa hér sandi úr fjörunni upp á túnið svo til vandræða hefur horft. Hefur mönnum því dottið í hug að þetta hafi verið sandvarnargarðar (kannse hefur Björn í Sauðlauksdal fengið þar hugmynd að sínum fræga Ranglát?)“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).
- Sandverpast** (s) Hyljast sandi; fara á kaf í sand. „Girðingin er farin að sandverpast mjög á kafla“.
- Sandvík** (n, kvk) Vík með sandfjöru. „Í lítilli sandvík sem er milli Gvendarhleinar og Melsendakletta er stundum nokkur trjáreki. Líklega er rekasæld þar hin mesta í Kollsvíkur- og Láganúpslandi“ (HÖ; Fjaran).
- Sanka** (s) A. Safna saman; safna/*sanka* að sér. „Vertu nú ekki að sanki þessum skothyllkjum inn í hús“! B. Segja ljótt; hafa uppi ljótan munnsöfnuð; sjá *bölvu og sanku*. Líklega hljóðbreyting frá „saman“; „samka“.
- Sanka að sér** (s) Safna; víða að sér; *bera undir sig*. „Kom í ljós að hann hafði sankað að sér bókum úr bókasafninu án þess að skila nokkru“.
- Sanktipétur** (n, kk) Pétur postuli. „Sanktus“ í latínu merkir heilagur, enda var Pétur talinn einn af helgustu dýrlingum kristinnar trúar í kaþólskum sið. Margar sagnir í íslenskri þjóðtrú vísa til Sanktipéturs, m.a. sagan um sköpun grásleppunnar, og heiti eru við hann kennd s.s. pétursspor, pétursbudda og pétursskegg.
- Sanna sig** (orðtak) Sýna hvað í manni býr; sýna getu sína. „Mér líst ekki illa á hann, en hann á alveg eftir að sanna sig í þessu starfi“.
- Sannaðu/vittu til** (orðtak) Upphrópun sem gjarnan er höfð í enda fullyrðingar; láttu sjá; vittu til; þú átt eftir að sjá að það er satt. „Þetta verður eins og ég hef spáð; sannaðu bara til“!
- Sannarlega** (ao) Vissulega; fyrir víst. Oft notað til áherslu. „Þetta var svo sannarlega steypibað“!
- Sannast að segja / Sannast sagna / Satt best að segja** (orðtök) Í raun og veru; *ef satt skal segja*; raunverulega. „Sannast að segja veit ég ekkert meira um þetta en þú“. „Sannast sagna held ég að þetta sé *tómur tilbúningur*“. „Satt best að segja skildi ég ekki baun af því sem hann sagði“.
- Sannast á** (orðtak) Vera vitnisburður um. „Sannaðist á honum hið fornkeðna; að *enginn má sköpum renna*“.
- Sannferðugur** (l) Trúverðugur; sannfærandi. „Mér finnst þetta nú ekki verulega sannferðugt“.
- Sannfróður** (l) Um mann; fróður og sannsögull. „Sannfróðari mann er erfitt að finna“.
- Sannfrétta / Sannspyrja** (s) Fá sannar fréttir; heyra sagt satt. „Ég hef sannfrétt að þarna hafi sést útigangsfé“. „Ég hef sannspurt að þannig hafi þetta gengið til“.
- Sannfróður** (l) Fróður um það sem satt er/ um staðreyndir. „Hann mun vera manna sannfróðastur um þetta, af þeim sem enn eru á lífi“.

Sannfæra (s) Telja trú um; sýna framá sannindi; fá á sitt band. „Mér tókst loksins að sannfæra hann um að þetta væri nauðsynlegt“.

Sannfærandi (l) Með sannfæringarkraft; talar trúverðuglega. „Þetta eru mjög sannfærandi rök“.

Sannfæring (n, kvk) Skoðun; trú; það sem maður telur vera rétt. „Þetta er mín sannfæring í þessum efnum“.

Sanngirni (n, kvk) Réttlæti; það sem réttmætt er. „Það er lítil sanngirni í að hann fái minni hlut en hinir“!

Sanngjarn (l) Réttlátur; sem lætur mann/málefni njóta sannleika/réttlætis.

Sanni nær/næst (orðtak) Nær sannleikanum; því sem næst satt. „Það er fráleitt að þetta hafi verið svona mikill afli; hitt mun sanni nær að þetta hafi verið 10-12 fiskar“. „Hey munu allstaðar vera svo vel verkur sem frekast mun kostur; þá því næstliðið sumar var hið besta. En hitt mun líka sanni næst að víða séu þau í lausara lagi, því *óvíða* mun hafa hitnað í heyjum svo neinu nemi“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1923).

Sannindavottur (n, kk) Vottur af sannindum/réttu. „Einhver sannindavottur kann að vera í þessari sögu“.

Sannindi (n, hk, fto) Sannleikur; það sem rétt er. „Ekki veit ég hvaða sannindu eru í þessari frásögn“.

Sannkallaður (l) Réttnefndur. „Vegurinn niður á Blakk er sannkallaður tröllavegur“.

Sannkristinn (l) Rétttrúaður í kristni; trúheitur. „Hagaðu þér nú eins og sannkristin manneskja“!

Sannleikanum er/verður hver sárreiðastur (orðatiltæki) Mörgum finnst erfitt að heyra það sem þó er rétt. „Hann verður ekki hrifinn að heyra hvað flokkurinn er núna að gera; sannleikanum verður hver sárreiðastur“.

Sannleikanum samkvæmt (orðtak) Satt; eins og rétt er. „Allt er þetta sannleikanum samkvæmt“.

Sannleiksást (n, kvk) Virðing fyrir sannleikanum. „Ekki skein nú sannleiksástin útúr hans frásögn“!

Sannleikskorn / Sannleiksvottur (n, kk) Örlítil sannleikur; flugufótur. „Einhvað sannleikskorn kann að vera í sögunni um Simbadýrið“. „Ekki þótti þeim vera mikill sannleiksvottur í þessu fyllerísrugli“.

Sannleiksorð (n, hk) Sannleikur; satt orð. „Þetta er staðreynd; hafi ég einhverntíma sannleiksorð mælt“!

Sannleikur / Sannmæli (n, kk/ hk, fto) Það sem satt er; það sem rétt er sagt/hermt.

Sannleikurinn er (oft) eyrum beiskur (orðatiltæki) Oft er þungbært að heyra það sem þó er satt.

Sannleikurinn er sagna bestur (orðatiltæki) Segja þarf hverja sögu eins og hún gengur til. Speki sem allir vita, en mörgum gengur illa að fylgja.

Sannleikurinn er sagnafár (en lygin langorð) (orðatiltæki) Vísar til þess að oft þarf ekki mörg orð til að lýsa staðreynd/sannleika, en menn þylja oft langlokur til að rökstyðja það sem ósatt er.

Sannorður / Sannsögull (l) Segir rétt frá; trúverðugur. „Sagnaritarar eru misjafnlega sannsögulir“.

Sannprófa / Sannreyna (s) Sanna með prófun/reynslu. „Þetta hef ég sjálfur sannprófað“. „Þetta er dálítið snúið í framkvæmd; það áttu eftir að sannreyna“.

Sannspár (l) Spáir rétt fyrir um; giskar rétt á. „Hann reyndist sannspár um þetta“.

Sannsögli (n, hk) Rétt/sönn frásögn; sú venja að segja satt. „Hann er þekktur að heiðarleik og sannsögli“.

Sannsögulegur (l) Sem byggir á staðreyndum/sannindum. „Þetta er víst sannsöguleg frásögn“.

Sannsögull (l) Sem segir satt; ólyginn. „Hann reyndist sannsögull um þetta atriði“.

Sanntrúaður (l) Heittrúaður; sannfærður í sinni trú. „Framanaf var hann sanntrúaður kommúnisti“.

Sannur (l) Réttur; trú; trúverðugur. „Ekki veit ég hvort þessi saga er sönn“.

Sannvirði (n, hk) Réttlátt verð.

Sans (n, kk) Tilfinning; áhugi. „Ég hef ekki mikinn sans fyrir þessu *óperugauli*“! Líklega sletta, t.d. danska sense = tilfinning; skynfæri; vitsmunir.

Sansa (s) Koma reiðu á; sortera. „Það þyrfti að sansa þessa fatagarma eitthvað; og henda því sem ónýtt er“.

Sansast á (orðtak) Sættast/fallast á; sætta sig við. „Hann sansaðist á að vera í landi að þessu sinni“.

Sanskrit (n, kvk) Fornt indverskt tungumál; einkum meðal hindúa. Skiptist í tvo meginmálaflokka; vedic sanskrit og klassíska sanskrit. Sú vedíska var lík máli sem talað var á NV-Indlandi 18 öldum fyrir Krist, og var mál finni stétta. Ritið Rigveda var á því máli. Klassísk sanskrit var töluð frá 5.öld f.Kr. Til 1000 e.Kr. Ýmis nútímamál á Indlandi hafa þróast frá sanskrit. Sanskrit er af indó-evrópskum málaflokkum, og er talið hafa verið mál hinna fornu Aría. Orðið „arí“ er reyndar komið úr sanskrit og nefnir „göfugur“.

Sarg (n, hk) Urg; nístandi hljóð, t.d. við núning járn. „Skelfing fer svona fiðlusarg í eyrun á manni“.

Sarga í (orðtak) Nöldra um; rella; tuða. „Vertu nú ekki að sarga í mér með þetta“!

Sarga í sundur (orðtak) Saga/skera í sundur með erfiðleikum/óhljóðum. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Sarga upp (orðtak) Um fiskirí; veiða fisk öðru hvoru. „Mér tókst að sarga upp einn og einn indíána þarna“.

Sarga út (orðtak) Kreista út; fá með erfiðismunum. „Mér tókst að sarga útúr honum nokkrar grásleppur“.

Sargast upp / Sargast upp einn og einn (orðtak) Veiðast treglega. „Það var andskotann *engin aðvera* að hanga á þessu í svona *skítaveltingi*. En mesta furða samt hvað sargaðist upp“.

Sarga útúr (orðtak) Véla útúr; fá fyrir þrábeiðni. „Mér tókst að sarga út úr þeim dálítið af salti“.

Satansári / Satansekkisen (u) Upphrópun/áhersluorð af meðalstyrkleika. „Satansári var að tapa sökkunni“!
„Satansekkisen rigning er þetta! Og ég sem ætlaði til berja í dag“!

Satt best að segja / Sannast sagna (orðtak) *Í frómleika frá sagt*; í einlægni/sannleika sagt; *ef satt skal segja*.
„Satt best að segja hef ég eki hugmynd um hvað af þessu varð“.

Satt og rétt (orðtak) Alveg rétt; sannleikanum samkæmt. „Allt er þetta satt og rétt, en að hinu er að gá...“

Satt segir þú (orðtak) Mikið notað andsvar við fullyrðingu viðmælanda.

Sauðaábrystir / Sauðabroddur (n, kk) Mjólk úr lambám. „Sauðabroddur var einstaka sinnum matbúinn í sauðaábrystir þegar mjólka þurfti ær sem annaðhvort mjólkuðu of mikið fyrir lambið eða höfðu misst lamb“.

Sauðahlað (n, hk) (Líkl.) Sauðahús eða kvíar. „Utan til við Brunnanúp, upp af Básum, er Gildruhjalli. Á honum er kví eða tóft; sauðahlað frá Saðulauksdal. Sagt er að Sauðlauksdalskirkja hafi átt 60 sauða göngu á Látrabjargi“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Sauðaket (n, hk) Ket af sauðum. Sauðaket hefur ávallt þótt gómsætast og matarmest af öllu keti; ekki síst ef það er reykt. Það er ýmist af veturgömlum ám eða sauðum (geltum hrútum).

Sauðaklippur (n, kvk, fto) Klippur/skæri til að taka ull af fé; *fjárklippur*.

Sauðakofi (n, kk) Kofi/hús fyrir sauði/sauðfé.

Sauðalegur (l) *Sauðslegur*, sjá þar.

Sauðalitir (n, kk, fto) Litir sem fyrirfinnast í sauðfé, þ.e. hvítur, svartur og mórauður, og afbrigði af þeim.

Sauðamaður (n, kk) Fjármaður; maður sem gætir sauða. „Í Fjarðarhorni sér fyrir beitahúsatóttum og fjárrétt, og ef til vill kofa fyrir sauðamann“ (IG; Sagt til vegar I).

Sauðamergur (n, kk) *Loiseleuria procumbens*. Sigrænn smárunni af lyngætt með smá fjólublá blóm. Hann hefur jarðlægar brúnar greinar og smá dökkgræn blöð með sléttu leðurkenndu yfirborði. Brúnir blaðanna eru innsveigðar og því líkjast þau nokkuð grænum hrísgrjónum. Sauðamergur vex víða um land, þó ekki á Suðurlandi. Algengur í grennd Kollsvíkur, ofan láglandis. Hann dregur nafn sitt af því að fyrir á öldum þótti hann góð beitarpanta.

Sauðamjólk (n, kvk) Sauðamjólk var mikið notuð meðan *fráfætur* voru stundaðar og fé mjólkað í *stekk* eða í *seli*. Í seinni tíð var hún nýtt ef léttu þurfti á lambám sem misst höfðu; voru *misjúgra* eða *troðjúgra*. „Sauðamjólkin var notuð þannig til matargerðar að henni var hellt í trog eftir mjaltir og rjóminn látinn setjast ofaná í troginu. Tók það oft á annan sólarhring. Síðan voru rjómi og undanrenna skilin að. Var það oft gert þannig að haldið var við rjómaskánina með hendinni á einu horni trogsins. Svo var troginu hallað og undanrennan látin renna undan rjómanum í annað ílát. Rjóminn var skekinn í strokk með bullu, og skildist þá í smjör og áfir. Smjórið var hnoðað í smjörsköku en áfirnar drukknar nýjar eða settar saman við undanrennuna... Undanrennan var flóuð; þ.e. hituð upp að suðu en síðan látin kólna þar til hún var vel nýmjólkurvolg. Þá var settur í hana hleypir og þétti og ílátið vafið með þykkri flík svo að hægt kólnaði. Hjóp þá undanrennan og úr varð skyr. Hleypirinn var búinn til úr kálfsmaga, en þéttinn var skyr úr fyrri skyrgerð, sem hrært var út í kaldri flóaðri mjólk fyrir notkun. Þegar skyrið var hlaupið var mysan síuð frá því í gegnum gisinn klút, sem lagður var á *skyrgrind*. Skyrið var geymt í tunnum til vetrarins og var þá vel súrt og gat geymst mjög lengi ef það var varið myglu. Mysan undan skyrinu og sýra sem ausið var úr tunnum með súru skyri, var líka geymd á tunnum og látin súrna. Súrri mysunni, eða sýrunni, var blandað við vatn og kölluð blanda. Þótti hæfilegt að blanda 1 hluta sýru á móti 11 hlutum af vatni... Skyrdrúkkur var búinn til með því að hræra súrt skyr út í vatni.. Ostar vorustundum gerðir úr undanrennunni, en skyrgerðin var mun algengari. Smjörinu var drepit niður í skinnbelgi af kindum eðai í góð tréílát. Smjórið súrnaði við geymsluna og varð skarpt á bragðið. Þannig gat það geymst mjög lengi í köldum geymslum, ef ekki komst loft að því. Ríkidæmi manna var meðal annars mælt í smjöreign til forna“ (Stefan Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Sauðast (s) Álfast; aulast. „Ekki veit ég til hvers við vorum að sauðast hingað með netin; í algjöra ördeyðu“!

Sauðatað (n, hk) *Skán*; troðinn kindaskítur úr fjárhúsum. „Sauðatað er mjög gott til reykingar“. Eldiviður var mest mór og rekaspytur, sem var raunar talsvert af. Einnig nokkuð sauðatað“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Sauðatollur (n, kk) Gjald fyrir afnot af hrút yfir fengitíma. „Hann lét mig hafa fleyg í sauðatollinn“.

Sauðapjófnður var talinn til alvarlegustu glæpa fyrr á tíð, jafnaðist hérumbil til mannsmorðs og líklega talinn alvarlegri en barnsútburður eða úthýsing förumanna. Á síðari tímum fóru engar sögur af vísvitandi sauðapjófnáði í Rauðasandshreppi, en hinsvegar komu upp ýmis mál vegna óljósra marka og vegna þess að ekki var vandað til samalamennsku og eftirleita. Þannig gat heimst ómarkað útigangsfé á einum bæ sem þar ílentist, þó svo annar teldi sér þær. Þá var þessi nafngift mönnum tiltæk þó ekki yrðu stórmæli af. Sú regla var virt í Kollsvík framá síðustu daga að aldrei mætti skera eyru af sviðahausum fyrr en þau væru borðuð. Efalaut komst sú regla á til að ekki léki vafi á um eignarhald sviðanna; sá sem skar eyru af gat verið að leyna sauðapjófnáði. Sömuleiðis var því trúað að æti ólétt kona eyra sviðahauss með annars manns marki yrði barnið sauðapjófur.

Sauðbeit / Sauðjörð (n, kvk) Bithagi; beit fyrir sauðfé. „Kollsvíkur- og Láganúpsjarðir þykja góðar sauðjarðir. Þar er víðast góð sauðbeit og yfirleitt föðurlétt að vetrum“.

Sauðburður Sá tími vorsins þegar fæðing lamba gekk einkum yfir. Hófst yfirleitt í byrjun maí og stóð af mestum krafti seinnipart maí. Fyrst var *hleypt til ána*, þ.e. *farið með hrút*, um jólin og stóð *fengitíminn* fram eftir janúar. Þegar leið að burði sást greinilega hvaða ær voru með lömbum og hverjar voru *geldar*. Oftast gekk meðgangan vel en þó bar við að kindur *létu lömbum*, þ.e. að þau fæddust sem *meltingar* fyrir tímann. *Lambalát* gat orðið faraldur og valdið miklum skaða. Þegar *voraði* vildu ærnar *rása frá*, og þá var farið að loka þær inni á tünunum. Þeim var gefið hey og föðurbætur, annaðhvort í fjárhúsum eða í sérstökum *úttjötum*, en *lágú við opið* þegar veður var sæmilegt. Þær *lambær* sem þurftu sérstaka sinningu, svo sem *tví- og þrílembur*, voru þó oft *teknar á hús* og þeim gefið úrvalsfóður. Í seinni tíð hafa bændur farið að láta fé bera inni. *Geldfé* var fljótt *hleypt útaf* tünunni. Vakta þurfti féð vel yfir sauðburðinn og *gá að lambfé* með fárra stunda millibili allan sólarhringinn. *Vökur* urðu því oft æði miklar, einkum ef *mannfátt* var. Ærnar leituðu oft á afvikna staði til að *bera* og víða *bar af* í landslaginu svo gönguferðir urðu langar fyrir *fjargæslufólk*. Oft mátti sjá það á hegðum ærinnar hvort hún var *burðarleg*. Hún var þá utan við sig, vildi ekki fóður; leitaði út úr hópnum og *krafsaði sér ból* á afviknum stað. Í byrjun fæðinga kom fyrst *vatsnbelgur*, en fljótlega eftir það átti lambið að koma ef allt var eðlilegt. Oftast gengur fæðing eðlilega fyrir sig, ef ærin er heilbrigð og hraust; burðinn *ber rétt að* og veður gott, en oft var einhver þessara þátta ekki í lagi og þá gat þurft að hjálpa ærinni. Lamb gat t.d. snúið öfugt í *burðarliðnum* og þá var nauðsynlegt að vera handfljótur til að það kafnaði ekki. Hausinn gat legið aftur og þá gat þurft að *fara inn með* til að laga það. Hrútshorn gátu verið stór og valdið erfiðleikum og margt fleira gat amað að. Stundum gat lambið sjálft verið mjög stórt miðað við ána. Mjög var misjafnt hve fólk var lagið að hjálpa við burð. Við eðlilegan burð byrjar kindin strax að *kara* lambið, þ.e. sleikja af því slorið, og *kumraði* gjarnan móti *jarmi* lambsins. Það fór fljótlega að leita eftir spena, sem gat gengið misjafnlega vel. Þurfti þá stundum að *koma því á spena*. Eftir fæðingu *heilaðist* kindin fljótlega, þ.e. losnaði við *hildirnar* (fylgjuna). Sumar kindur átu þær en annars var hrafinn fljótur að gera þeim skil, væru þær ekki grafnar. Kindur sem eiga eitt lamb eru *einlembur* og lambið *einlembingur*, en *tvílembur* ef þær eiga *tvílembinga*. Þrílembur eru sjaldgæfar, en frjósemi eykst þó með bættri föðrun og aðbúnaði. Lömb eru misstór; allt frá því að vera *afturúrkreistingar* eða *örverpi* upp í það að vera *boldangshrútar*. Sumar ær voru viðskotailar og vörðu lömb sín grimmt; reyndu að *stanga* þann sem nálgæðist og *fnæstu* ákaft. Handsama þurfti lömbin innan fárra daga til að *marka* þau undir mark eigandans með hníf eða *markatöng*; *merkja* þau með númeruðu ál- eða plastmerki með tilvísun í *ærbókina*; sprautu þau við *lambablóðsótt* og e.t.v. gefa þeim fleiri lyf s.s. *súlfatöflur*. Lömbin urðu fljótt *spræk* og gat orðið *harðsnúid* að ná þeim. Gæta þurfti vel að lömbunum í þeim hættum sem víða leynast, s.s. í skurdum og gjótum. Þá var mikilvægt að koma fljótt til hjálpar ef þau voru veikburða; fengu t.d. *stiuskjögur*; *fjöruskjögur* eða *ofkældust*. *Aumingjar* voru stundum teknir í bæ til að *orna* þeim og gefa úr pela. Sum lömb voru *vansköpuð* á einhvern hátt, stundum þannig að þau lifðu ekki; sum voru með *trönu*, þ.e. með efri kjálka lengri en þann neðri, eða á hinn veginn; með *skúffukjauft*. Ef *einlembd* ær missti lambið snemma var reynt að *venja undir*, þ.e. taka lamb undan annarri sem e.t.v. var ekki treyst fyrir tveimur. Var þá stundum fleginn *bjálfinn* (skinnið) af dauða lambinu og það saumað utanum *undirvaninginn* til að lyktin yrði sú sama. Eftir nokkurra daga samvist í stíu tóku flestar ær undirvaningum. Lömb sem misstu móður og ekki var unnt að *venja undir* urðu *heimalningar*, þ.e. ólust upp heima við bæ og fengu mjólk úr pela. Þeir gátu orðið býsna frekir og heimakærir. Gæta varð varúðar kringum *lambféð* og passa að *via* ekki lambið *frá* móðurinni. Lömb sem villtust frá mæðrum sínum voru *undanvillingar*. Þegar lömbin tóku að *stálpast* var ánum *hleypt útaf* tünunni í hópum. Oft var valið í hópinn eftir því hvar æskilegt væri að féð *gengi* yfir sumarið og *safnið* síðan rekið á þann stað. Lambið sem fyrst fæddist að vorinu nefndist *lambakóngur* eða *lambadrottning*. Lömb gátu verið *snemmborin* eða *siðborin*; *snemmborningar* eða *siðborningar*. „Vorið er aðal annatíminn í sveitum, og svo var einnig þegar ég var að alast upp. Um sauðburðinn þurfti að smala á hverjum degi og jafnvel vitja fjárins að nóttu“ (FG;

Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Þá tók sauðburðurinn við og við urðum að smala út í Breiðavík, ekki sjaldnar en annanhvern dag“ (IG; Æskuminningar).

Sauðdrukkinn (l) *Kófdrukkinn*; mjög ölvaður; á skallanum/eyrunum.

Sauðfita (n, kvk) Fita í ull sauðfjár. „Sauðfítan sér alveg um að smyrja klippurnar“.

Sauðfjárafurðir (n, kvk, fto) Hvaðeina það af sauðkind sem nýtist til sölu, matar, klæða eða annars.

Sauðfjárbeit (n, kvk) Beitiland fyrir sauðfé. „Góð sauðfjárbeit er í Kollsvík og öllu nágrenni hennar“.

Sauðfjárböðun (n, kvk) Sjá *fjárböðun*.

Sauðfjármark (n, hk) *Mark*; *fjármark*. „Ívar Ívarsson ræddi nokkuð um sauðfjármörk og markaskrá...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Sauðheimska (n, kvk) Fávíska; glópska. „Þvílíka sauðheimsku hef ég sjaldan vitað“!

Sauðheimskur (l) Mjög heimskur; álfalegur; bjánalegur. „Andskoti geta þeir verið sauðheimskir þessir ráðherrar; að halda að hægt sé að rækta bara gætur án þess að framleiða ket“!

Sauðjörð / Sauðland (n, kvk) A. Fjárjörð; jörð sem hentar fyrir sauðfjárbúskap öðru fremur. B. Hagi sem nýtanlegur er fyrir sauðfé. „Þegar fannir voru mestar þann vetur tók nánast fyrir alla sauðjörð“.

Sauðkálfur (n, kk) Skammaryrði um mann sem þykir heimskur. „Óttalegur sauðkálfur getur þetta verið“!

Sauðkind / Sauðfé (n, kvk) *Ovis aries*. Ullarklædd jörturdýr/spendýr/klaufdýr sem um árpúsundir hafa verið ræktuð og nýtt til búskapar, og fylgdu landnámsmönnum hingað. Uppruni dýrategundarinnar er talinn vera í fjallendum Anatólíu í Tyrklandi, og vísbendingar eru um að menn hafi fyrst byrjað sauðfjárbúskap fyrir um 11.000 árum. Sauðkindin er að eðli félagslynd og heldur sig í hópum, Hún er vel löguð að því að bjarga sér í rýrum bithögum af ýmsu tagi; jafnt klettum sem votlendi. Langvarndi ræktun hefur þó breytt ýmsum eiginleikum, þar sem menn hafa sóst eftir auknu vöðvamagni og meiri og betri ull. Hver bóndi hefur sínar áherslur í ræktun. T.d. vildi Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi rækta fremur hyrnt fé en kollótt; hann vildi fremur háfætt fé en lágfætt og hann vildi fremur gult í rót á ull en snjakahvít fé. Allt var það andstætt rikjandi opinberri stefnu á þeim tíma, en nokkuð rökrétt. Sauðkindin á oftast eitt lamb, en oft þó tvílembinga og einstaka sinnum þrílembinga. Með aukinni ræktun og nútímaaðferðum við sæðingar hefur afkvæmafjöldinn aukist. Sauðburður er annatími hjá bændum, því oft þarf að aðstoða kindur við burð eins og aðrar skepnur sem maðurinn hefur breytt með ræktun. Fullyrða má að sauðkindin hefur staðið að langmestu leyti undir þeirri byggð sem verið hefur á Íslandi frá landnámsöld og a.m.k. fram á 20.öld. Allar fjölskyldur byggðu á sauðfjárrækt að langmestu leyti, þó sumsstaðar væri einnig sóttur sjór. Velferð manna byggðist því verulega á hæfni þeirra í búskap. Fyrri tíðar fólk þekkti betur til fullnýtingar á sauðkindinni en nú er, og má segja að allir hlutar hennar hafi verið nýttir; ýmist til matar, klæðnaðar eða til annarra þarfa. Meira að segja úrgangurinn; sauðataðið, var nýtt til kyndingar og reykingar matvæla.

Sauðlaukur (n, kk) Sauðarfita; fitulag á sauðkind í góðum holdum. Orðið er ekki notað nú á tímum en menn hafa löngum velt fyrir sér uppruna staðarnafnsins „Sauðlauksdalur“ í Rauðasandshreppi. Ýmislegt bendir til að það merki: „Dalur þar sem fé fitnar“ eða eitthvað í þá áttina. Til skamms tíma var fitulag ýmissa fuglategunda nefnt laukur. Einnig má hafa í huga að til skamms tíma þekktist sunnanlands orðtakið; að skepna „stígi ekki í laukana“; þ.e. að skepna sé mögur/kviðdregin. Laukur er upprunalega nafnkenning þess að loka/umlykja, og merkir upprunalega það sem lykुर um; hjúpar; þ.e. hjúpur. Orðið fær síðan merkinguna fituhjúpur/fitulag/mör. Laukur; þ.e. fita, þótti góð í keti, og því varð til líkingin að einhver sem sæmd var að í ættum væri nefndur „laukur ættarinnar“. Sauðlaukur merkir því „sauðarfita“. Staðarheitið Sauðlauksdalur verður auðskilið í því ljósi, enda dæmigerð fyrir þá viðleitni landnámsmanna að velja stöðum lýsandi heiti. Ekki er ólíklegt að nafngiftin hafi komið á fyrstu tímum byggðar. Líklegt er að Þórólfur spórr á Hvallátrum hafi haldið sauðum sínum til fitubeitar í Sauðlauksdal að vetrarlagi; þar er skjólsælla en á Bjarginu, þar sem einnig er gott til fitubeitar að sumarlagi.

Sauðmeinlaus (l) Alveg meinlaus; gerir engum illt. „Sem betur fer reyndist þetta vera sauðmeinlaust kvef“.

Sauðnaut (n, hk) A. *Moskusuxi*; *Ovibos moschus*. Stórvaxin klaufdýr af ætt slíðurhyrninga sem lifa á tundra svæðum Grænlands, Kanada og Alaska. Þau hafa verið flutt til Noregs, Svíþjóðar og Wrangleyju í Síberíu. Á fyrrihluta 20.aldar var reynt að flytja sauðnaut til Íslands, en þær tilraunir mistókust. B. Niðyrði um mann sem þykir heimskur. „Skelfilegt sauðnaut getur hann verið“!

Sauðnálarkritja (n, kvk) Mjög lágvaxinn gróður; vottur að grænni jörð að vori en vart orðin sauðbeit. „Það fer að grænka úr þessu; strax komin einhver sauðnálarkritja“. „Þessi finni matur í veislunni var nú varla annað en einhver sauðnálarkritja“. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Sauðskepna (n, kvk) Sauðkind. Oftast notað sem áhersluorð þegar lýst er fáum kindum eða fjárleysi. „Ég leit af brúninni niður í hlíðina, en þar var ekki eina einustu sauðskepnu að sjá“.

Sauðskinn (n, hk) *Gæra*; sjá þar.

Sauðskinnsskór (n, kk, fto) Skór úr sauðskinni; skinnskór. Skinnið var sniðið til og saumað með tá- og hælsaum; síðan yfirleitt litað dökkum litum. Algengasti skóbúnaður manna fram á 20.öld. Ending skóa úr sauðskinni var þó langtum minni en þeir sem voru úr nautsleðri, hrossalðri eða selskinni. Sauðskinn var betra því eldri sem sauðurinn var. Sjá *gæra*.

Sauðslegur / Sauðskur (l) Hjárænulegur; gleyminn; annarshugar. „Skelfing geturðu verið sauðslegur að gleyma þessu“! „Hann man kannski eftir þessu, þó sauðskur sé“.

Sauðspakur (l) Mjög gæfur; *mannelskur*. „Æðarkollan var orðin sauðspök og elti okkur *um allar trissur*“.

Sauðsvartur almúginn (orðtak) Lágstéttir manna; gæluheiti um það fólk sem ekki er ráðandi í samfélaginu. „Sauðsvartur almúginn fékk litlu ráðið um þetta; *ekki frekar en fyrri daginn*“!

Sauðtryggur (l) Tryggur í blindni. „Og sauðtryggir flokksmennirnir fylgja fomaninum í þessa feigðarför“.

Sauður (n, kk) A. Geltur hrútur. Eftir að hrútlömb hafa verið gelt eru þau stundum nefnd geldingar fyrsta árið, en eftir það sauðir. B. Orðið er iðulega notað um sauðkindur almennt. Sú notkun hefur þó minnkað á síðari tímum. C. Líkingamál um hjárænulegan/annarshugar mann.

Sauðþrái (n, kk) Endemis þrjóska. „Ekki skil ég þennan sauðþráa í karlinum; það er bara *ekki úr að aka*“!

Sauðþrár / Sauðþrjóskur (l) Mjög þrjóskur/þver. „ég hélt að enginn gæti verið svona sauðþrjóskur“.

Sauma (s) Festa á/saman eða skreyta með saum. Við saumaskap er notuð nál með íþræddum þræði/tvinna, en í seinni tíð þó einkum saumavél.

Sauma að (einhverjum) (orðtak) Koma einhverjum í bobba/úlfakreppu; þjarma/þrengja að; pína. „Landeigandinn saumað svo að honum að loksins hrökklaðist hann af jörðinni“.

Sauma fyrir hrút (orðtak) Sauma bót á kvið hrúts til að hann nái ekki að lemja kind. Var þetta gert í einhverjum mæli áður fyrr, til að geta haft hrúta með fé þegar kom framá vetur án þess að ær yrðu *fyrirmálsfengnar*.

Saumaklúbbur var starfræktur í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar, og nefndist hann Stautur.

Saumaklúbbskvöld (n, hk) Samkoma saumaklúbbsins Stauts; haldin á heimili einherrar félagskonu. Annarsstaðar munu slík kvöld hafa heitið saumakvöld, en í Rauðasandshreppi fönndruðu félagskonur við síthvað annað en sauma; s.s. þrjónaskap, hekl, bastvinnu og annað. En einnig var mikið talað.

Saumaskapur (n, kk) Sú iðja að sauma. „Hún er sérlega lágín við saumaskap og að þrjóna“.

Saumavélaolía (n, kvk) Maskínuolía; handýolía; þunn olía sem nota mátti til að smyrja ýmislegt, s.s. smátæki og lamir. Gekk oftast undir heitinu saumavélaolía eða handýolía, en nefnist nú almennt maskínuolía.

Saumfar (n, hk) Röð bátasaums í umfari/borði báts. „Viið hlöðum ekki nema upp að næsta saumfari“.

Saumhögg (n, hk) A. Þrístrent járnstykki með hvössum kanti; notað til að klippa járntein niður í saum. B. Í líkingamáli; það sem er egghvasst. „Að ofan er Barðið *viðasthvar* líkt og saumhögg; með skarpri brún“.

„Er Skor þessi eins og jötunefldu saumhöggi hafi verið höggvið inn í stálhart blágrýtið og látið eftir sig aflanga klauf, er líkist axarfari eftir tröllaukna bolöxi“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Saumnálgat (n, hk) Mjög lítið gat. „Það var saumnálgat á staknum, en það nægði til að ég varð votur“.

Saumnálarleit (n, kvk) Erfið leit; *eins og að leita að saumnál í heystakki*. „Það verður alger saumnálarleit að reyna að finna þessi lömb aftur sem slappu“.

Saumrekinn (l) Um við/efni; með mörgum negldum nöglum; *útnegldur*. „Ég lappaði við þetta með saumrekinni *fúaspækju* sem lá þarna nærri“.

Saumspretta (n, kvk) Saumur sem hefur gefið sig, þannig að efni losnar í sundur. „Ég fékk saumsprettu á buxurnar þegar ég beygði mig“.

Saumur (n, kk) A. Þráður sem notaður er til að festa saman tvö stykki, og nær orðið einnig yfir festinguna sjálfa. „Saumurinn er eitthvað að gefa sig aftaní buxunum“.

B. Nagli til smíða. „Ég þarf að kaupa meira af þaksaum til að geta gengið frá þakpötunni“. Orðið hefur yfirfærst á þennan hátt vegna þess að fyrrum voru bátar festir saman með þræði. Heitið hélt sér eftir að trénaglar og síðan járnaglar tóku við því hlutverki.

Saup (n, hk) Hlaup; þykk súpa; grautur. „Mér finnst ket alltaf fremur ólystugt ef það er soðið í saup“. Farðu varlega þarna; í svona bleytutíð verður jarðvegurinn eins og saup“.

Saupstáttir (l) Óstáttir; sundurorða. „Þeir urðu eitthvað saupsáttir út af þessum kvenmanni“.

- Saur** (n, kk) A. Almennt um leðju; for; drullu; óhreinindi. Að fornu hefur orðið verið notað um leirur á útfiri, og er það líklega skýringin á bæjarnafninu Saurbæ, t.d. á Rauðasandi og víðar. Hestum var riðið um þá saura og urðu saurugir. Bær var byggður nærri og sjálfsgagt að nefna hann Saurbæ. B. Sértekari merking; kúkur; hægðir manna og dýra.
- Saurblað** (n, hk) Autt blað aftast og fremst í bók, til að taka við mesta káminu af fingrum lesandans. Líklega hefur það upphaflega átt við blað sem árituðum blöðum/bókum var pakkað í; jafnvel óinnbundnum.
- Saurga** (s) Ata/skíta út; gera skitugt/kámugt; óhreinka. Notað einnig fyrrum í merkingunni að vanhelga.
- Saurindi** (n, hk, fto) Skítur; saur; kám; óhreinindi. „Ég þreif mestu saurindin af þessu“.
- Saurlifnaður / Saurlífi** (n, kk) Taumlaust líferni; ólifnaður; lauslæti. Orðið var meira notað áðurfyrr, á tímum strangtrúar og siðvendni.
- Saurljótur** (l) A. Skítugur; kámugur. „Óttalega ertu nú orðinn saurljótur í framan, þú ættir að þvo þér“. B. Skítsækinn; viðkvæmur fyrir kámi/skít. Sú merking orðsins var ráðandi fyrrum.
- Sauræll** (l) Sem hefur tilhneygingu til að verða skítugur/*sölugur*. „Farðu nú og reyndu að þvo þér geyið mitt, óttalega geturðu verið sauræll“!
- Saurugur** (l) Skítugur; ataður. „Déskoti ertu saurugur á hnjánum, farðu úr buxunum úti og fáðu þér hreinar“.
- Sax** (n, hk) A. Stór og þung sveðja með þykku blaði, notuð t.d. til að brytja í saltket. B. Staður sá á borðstokk báts framantil þar sem hann er farið að leggja út og sveigja aftur; staðurinn þar sem mætast yfirlíður og hástokkur. Sax er því þar á borðstokknum sem sveigjan verður mest að framan, og því leitast bógdaldan við að hlaðast þar upp þegar mikið er siglt. Þegar hún gutlar þar uppundir heitir að *sjóða/vaða á söxum*.
- Saxa** (s) A. Brytja niður, t.d. kjöt í spað eða fisk í fóður. B. Raka saman hey með sérstökum hætti í *föng*, til að minna *slæðist* úr þegar þau eru sett upp í galta eða á heyvagn. Heyinu var þá þjappað með hrifu, litlu í einu, báðumegin í fangið. Sérlega var mikilvægt að vanda söxun í koll á göltum til að síður drypi í þá. C. Um bát; hjakka í ölduna; endastingast í öldugangi.
- Saxast á** (orðtak) Ganga á; eyðast; ganga til þurrðar. „Nokkuð er farið að saxast á fóðurbættinn“.
- Saxast nú á limina hans Björns míns** (orðatiltæki) Stundum notað þegar eitthvað þykir ganga til rýrnunar. Tilvitnun í meint orð Steinunnar, konu þrjútsins Axlar-Björns, þegar hann hafði verið beinbrotinn á öllum útlimum á Laugarbrekkubíngi á Snæfellsnesi árið 1596 fyrir morð sitt á átján mönnum. Björn, sem var annálaður skálfur á sinni tíð, lét sér að sögn lítt bregða. Á hann að hafa sagt um eitt höggíð sem ekki dugði: „*Sjaldan brotnar bein á huldu*“, og er það einnig haft að orðtaki.
- Sá** (s) Dreifa fræi í jörð/ korni í akur; dreifa áburði á tún.
- Sá/sú arna** (orðtak) Sá/ þessi þarna; viðauki við nafnorð sem lýsa þeim sem eru vorkunnar verðir, eða afsaka þarf. „Hann má nú eiga það, aulinn sá arna, að hann gerði sitt besta“. Líklega myndbreytinga orðanna „sá þarna“, og er viðbótinni ætlað að auka áherslu hins mildandi tóns setningarinnar. Svipaðs eðlis er viðbótin „*atarna*“; „*skinnið atarna*“, sem e.t.v. er leitt af sömu rót (sjá þar).
- Sá á fund sem finnur (ef enginn finnst eigandinn)** (orðatiltæki) Mikið notað orðtak vestra. Þó ekki seinniparturinn. „Það er ekkert víst að þú fái þennan vasahníf; sá á fund sem finnur“!
- Sá á kvölinu sem á völinu** (orðatiltæki) Vísar til þess að oft getur verið erfitt, og jafnvel allmikil áhætta, að velja milli tveggja eða fleiri kosta. Völ merkir val. Sjá *fara á vonarvöl*.
- Sá á lykt sem fyrst finnur** (orðatiltæki) Mikið notuð speki, einkum um illa þefjandi *viðrekstrarfýlu/prumplykt*.
- Sá blái** (orðtak) Gæluheiti á steinbít. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heim; ÞJ). „Mér þótti sá blái nokkuð líflegur þegar sá fyrsti kom í bátinn og horfði ég á“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Sá einn veit sem reynir** (orðatiltæki) Sumt verður ekki vitað nema með reynslu/prófun. Einnig; *veit enginn fyrr en reynt hefur*.
- Sá er árla rís verður margt vís** (orðatiltæki) Sama meaning og *morgunstund gefur gull í mund*.
- Sá er eldurinn heitastur sem á sjálfum brennur** (orðatiltæki) Menn finna auðvitað mest fyrir því sem mæðir á þeim sjálfum, en margir eiga erfðara með að sjá það sem mæðir á öðrum. Forn speki.
- Sá er/þykist fróður er fregna kann** (orðatiltæki) Sá veit margt sem fréttir mikið.
- Sá er góður** (orðtak) Upphröpun sem gjarnan var viðhöfð þegar einhver sýndi yfirlæti eða hafði uppi stórorðar yfirlýsingar.
- Sá fær/hefur byr sem bíða kann** (orðatiltæki) Sá fær einhverntíma byr sem getur beðið eftir honum. Notað í líkingamáli um það að þolinmæðin borgar sig stundum ef eitthvað skal ávinnast.

Sá guli (orðtak) Gæluheiti á þorski. „Hann er eitthvað við í dag, sá guli“. „Alltaf var verið að færa sig úr stað, en sá guli var allsstaðar nauðatregur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sá grái (orðtak) Gæluheiti á hákarli.

Sá hefur nóg sem nægja lætur (orðatiltæki) Vísar til þess að kunna sér hóf/ vera nægjusamur.

Sá hlær best sem síðast hlær (orðatiltæki) Sá getur hrósað sigri sem haft hefur betur/ sem að lokum er sigurvegari. „Þú hafðir betur í þessari lotu, en sá hlær best sem síðast hlær“!

Sá (hlýtur/verður að) laumast með landi sem lekan hefur bát (orðatiltæki) Spekin er auðskilin; menn fara ekki út á haf á hríplekum bát. Notað í líkingum um annað; að sá komi t.d. litlu í verk sem hefur lélegan búnað.

Sá nýtur oft sem óverðugur er / Sá nýtur oft sem ekki skyldi (orðatiltæki) Oft nýtur maður ávaxtanna af erfíði annarra, t.d. erfingjar. Það er því ekki algilt að *hver njóti síns um síðir*.

Sá sem ekki vill vinna á ekki að fá að eta (orðatiltæki) Gömul speki sem oft var rifjuð upp í Kollsvík; einkum þegar rætt var um leti.

Sá svartí (sjálfur) (orðtak) Annað heiti á fjandanum/djöflinum. Leifar frá þeim tíma að blótsyrði voru talin stefna sálarheill í hættu. „Það má sá svartí sjálfur vita hvar hamarinn er niðurkominn“!

Sá verður að lúta sem lágar hefur dyr (orðatiltæki) Sá fátæki/undirokaði verður að lúta fyrir hinum voldugri. Ekki er það þó einhlítt, og oft hafa Kollsvíkingar rífið sinn kjaft með góðum árangri.

Sá vondí (orðtak) Satan; fjandinn; *vondi karlinn*. Oft notað sem milt blótsyrði. „Það má sá vondí sjálfur vita“!

Sá vægir sem vitið hefur meira (orðatiltæki) Um bardaga/viðureign/þrætu; sá lætur undan sem af hyggjuviti sér tilgangssleysið í viðureigninni/sigrinum. Oft notað, t.d. í þrætumálum og slagsmálum barna. *Sjá vægir sá sem vitið hefur meira*.

Sáðgresi (n, hk) *Sléttugras*; erlendar, grófgerðar grastegundir sem sáð er í sléttur til að fá meiri afrakstur heyja.

Sáðslétta (n, kvk) Sléttað tún sem grasfræi hefur verið sáð í.

Sál (n, kvk) A. Andi; sjálf; eigind hvers manns. „Upp upp mín sál og allt mitt geð...“ (HP; Passíusálmur). B. Lifandi maður. „Fáar sálir eru nú eftir í Breiðavíkursókn“. C. Skinnpoki (forn notkun). D. Hjarta í flyðru, hákarli eða skötu.

Sála (n, kvk) Sál; manneskja. „Hér er ekki nokkur sála á ferli“.

Sálaður (l) *Andaður*; dáinn; látinn. „Þá er hann salaður, karlanginn, eftir langa og vinnusama ævi“.

Sálarkvöl og pína (orðtak) Nagandi óvissa; *sálarstríð*; uggur; kvíði. „Það var honum allmikil sálarkvöl og pína að ákveða hvorn hrútinn skyldi setja á“.

Sálarlaus (l) Án sálar/tilfinninga/persónuleika/eigindar. „Mikið finnst mér þessir kubbslaga húsklumpar vera sálarlaust fyrirbæri“!

Sálarstríð (n, hk) *Sálarkvöl og pína*; nagandi óvissa; uggur; kvíði. „Eftir mikið sálarstríð ákvað hann að skjóta kindina niður í stað þess að leggja menn í hættu við að reyna að ná henni úr sveltinu“.

Sálarstetur / Sálarstötur (n, hk) Gæluheiti á sál. „Maður ætti kannski að hressa aðeins uppá sálarstötrið og hlusta á messuna“.

Sálast (s) Deyja; *gefa upp öndina*. „Hann var þá að sálast í nótt, sá gamli“. „Ég er að sálast úr þorsta“.

Sálddreifari (n, kk) Dreifari til að dreifa tilbúnum áburði. Sáldrar áburðinum niður um rifur/göt í botninum. Kastdreifari kastar honum aftur á móti frá sér með snúningsskífu eða öðru.

Sáldra (s) Dreifa/strá efni. „Það er ágætt að sáldra dálitlu salti yfir stæðuna“.

Sáldur (n, hk) Það sem sáldrast/ er sáldrað; kusk; duft. „Ég þurrkaði mesta sáldrið af borðinu“.

Sálga (s) Drepa; *murka* lífið úr. „Enn er ósannað að Steinunn á Sjöundá hafi tekið þátt í að sálga manni sínum“.

Sálmabók (n, kvk) Bók með trúarlegum kveðskap/ sálmum. Sálmabók var til á flestum heimilum, og á fyrri árum útvarps tók gott söngfólk undir með kórsöng þegar messum var útvarpað.

Sálmásöngur (n, kk) Söngur sálma. Sálmásöngur í Breiðavíkirkirkju var oftastnær hlutverk kirkjugesta ásamt presti. Margir voru fyrirtaks söngmenn, en aðrir ekki eins tónvissir.

Sálmur (n, kk) Trúarljóð; andlegur kveðskapur, oftast með sínu lagi og sunginn við helgiathafnir. „Gengið var kring um jólatréð og sungnir sálmar og ýmsir söngvar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Sálnahirðir / Sálusorgari (n, kk) Prestur.

Sálnaregistur (n, hk) Manntalsbók sóknar/sókna, sem prestur heldur utanum; kirkjubók.

Sálubót / Sáluhjálp (n, kvk) Hugarró; bætt sálarástand. „Maður er nú að þessu meira sér til sálubótar en nokkurs annars“.

Sálufélagi (n, kk) Sá sem hugsar eins; sá sem hefur sömu markmið/áhugamál. „Þar fann hann sér sálufélaga sem er ámóta furðulegur í hugsun“.

Sálugur (l) Látinn. Viðauki þegar rætt er um þá sem látnir eru. „Afi minn sálugur var með afbrigðum sauðglöggur“. „Fáa þekki ég eins mikla söngmenn og hana ömmu mína sálugu; Halldóru frá Grundum“.

Sáluhjálparatriði (n, hk) Það sem varðar sálarheill/inngöngu í Guðsríki. „Það er nú ekkert sáluhjálparatriði þó við klárum ekki að vitja um alla strengina í dag. Kannski er betra að róa heldur snemma á morgun“.

Sáluhlið (n, hk) Hlið á kirkjugarði. „Gera má ráð fyrir að sáluhlið kirkjugarðsins í Kollsvík hafi vitað móti vesturátt, eins og venja er enn; í átt til sjávar“.

Sáluhólpinn (l) Bjargað frá vítiseldi eftir dauða; öruggur um himnaríkisvist. „Maður ætti þá líklega að verða sáluhólpinn eftir svona góðverk“!

Sálutjón (n, hk) Tjón á sálarheill sinni; aukin hætta á að vera vísað frá himnaríkisvist. „Maður bíður nú kannski ekki neitt sálutjón á að heyra hvað þessi frambjóðandi hefur fram að færa, þó hann sé af þessu sauðahúsi“.

Sámleitur / Sámlitaður / Sámslegur (l) Dökkleitur; skáldaður í framan af skít; *sámur*. „Óttalega ertu sámslegur í framan eftir þessa moldarvinnu. Farðu nú og þvoðu framanúr þér drengur“.

Sámur (l) *Sámleitur*; dökkur; óhreinn. Ekki í notkun í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Sáning (n, kvk) Það að sá, t.d. fræi.

Sápa (n, kvk) Efni sem notað er til hreinsunar og þvotta, t.d. á líkama og klæðnaði. Sápunotkun hefur aukist gríðarlega á síðari tímum, sem og úrval sérhæfðra sápuafna. Sápa var komin í notkun meðal forþjóða nokkru fyrir Kristsburð, og m.a. bjuggu Föníkíumenn til sápu úr geitartólg og viðarösku.

Sápa / Sápubera (s) Bera sápu á. „Sápaðu skinnið vel og þvoðu það rækilega áður en þú spýtir það“.

Sápufroða (n, kvk) Froða eftir að sápa hefur freytt.

Sápuhur (l) Með sápufroðu. „Þvoðu nú betur af þér drengur; þú ert enn sápuhur á höndunum“!

Sápuhrístari / Sápuhrind / Sápusigti (n, kk) Eldhúsáhalð; hylki úr vírgrind og með skafti úr sverum vír. Notað til að sápa vatn til uppþvotta á t.d. borðbúnaði. Hylkið var með smelltu loki úr samskonar vírgrind. Inn í það voru settir afgangar af handsápu/stangarsápu; síðan var hylkinu difið ofaní uppþvottavatnið og það hrist *duglega* þangaðtil nægilega sterk blanda var fengin. Notað á Láganúpi framundir það að uppþvottalögur fór að fást í verslunum; fyrir 1970.

Sáputykki (n, hk) Stykki af handsápu/stangarsápu. „Fjandi eru þau orðin óveruleg þessi sáputykki í dag“!

Sáputöng (n, kvk) Sápa, framleidd með nokkrum stykkjum samhangandi í lengju/stöng.

Sápuvatn (n, hk) Vatn með uppleystri sápu. „Ég þarf að hafa sápuvatn við hendina við þessa aðgerð“.

Sár (n, kk) Stórt ker/kerald. „Þar voru margir sár, fullir af blautfiski“.

Sár (n, hk) Und; skurður/hrúfl í húð. „Þetta er nú ekki djúpt sár; bara smáskurfa“.

Sár (l) A. Meiddur; slasaður. „Einhverjir voru víst sárir eftir slysið, en allir lifðu af“. B. Móðgaður; vonsvikinn; hryggur. „Ég er dálítið sár úti hann fyrir þessi ummæli“.

Sár á (orðtak) Nískur á; vill helst ekki láta. „Ég er dálítið sár á nýju skærin mín í svonalagað, en þið megið fá þau gömlu“.

Sára (ao) Áhersluorð, einkum um smæð: Sára sjaldan; sára lítilfjörlegt; sára meinlaust; sára hallærislegt.

Sáraáburður / Sárakrem / Sárasalvi / Sárasmýsl (n, kk/hk) Sótthreinsandi áburður sem borinn er í sár.

Sárabindi / Sárágrísja / Sáraplástur / Sáraumbúðir (n, hk/kvk/kk) Umbúðir um sár.

Sárabót (n, kvk) Uppbót; *bót í máli*. „Það var nokkur sárabót að ná lambinu lifandi þegar kindin hrapaði“.

Sáraduft (n, hk) Sótthreinsandi duft/ pensillínduft sem stráð er í sár.

Sáraeinfalt (l) Mjög einfalt/auðvelt. „Þetta er sáraeinfaldur hnútur“.

Sárafáir (l) Mjög fáir. „Það mættu sárafáir á fundinn“. „Tvílembur voru sárafáir í hópnum“.

Sárafátækur (l) Mjög fátækur.

Sárafátækt (n, kvk) Mjög kröpp kjör; á horriminni; mikil neyð. „Hallærin komu verst niður á þeim sem kröppust höfðu kjörin og bjuggu við sárafátækt fyrir. Sjávarbyggðirnar höfðu meiri bjargarvon“.

Sáralítið (l) Mjög lítið/rýrt. „Ég veit sáralítið um þetta“. „Þeir fengu sáralitinn afla“.

Sáran (ao) Sárlega; sárt. „Hann kvartaði sáran undan þessu *húfulagi* hjá Vegagerðinni“.

Sáranauðsyn (n, kvk) Brýn nauðsyn/neyð. „Það er nú engin sáranauðsyn að komast á þennan fund í dag, en þið verðið að moka til að ég komi mjólkinni inn yfir á morgun“.

Sárara/sorglegra/þungbærra/þyngra en tárur taki (orðtak) Mjög sárt/þungbært að vita til/ horfa uppá; sorglegt. „Það er sárara en tárur taki að horfa uppá hrun í sinni heimabyggð“.

Sárasaklaus (l) *Alsaklaus*; alveg saklaus; alls ekki sekur um. „Ég var sárasaklaus af þessum hrekkjum“.

Sárasjaldan (ao) Mjög sjaldan; í undantekningartilvikum. „Þetta hendir sárasjaldan“.

Sárasótt (n, kvk) Syfilis; fransós; smitsjúkdómur af völdum bakteríunnar *Treponema pallidum*. Oft talinn till kynsjúkdóma, enda smitast hann m.a. við samfarir. Björn Gíslason (1650-1679) sýslumaður í Saurbæ á Rauðasandi er sagður hafa látist úr sárasótt, og Guðrún Eggertsdóttir kona hans blindaðist.

Sáratregt (l) Um aflabrogð; mjög tregt fiskirí. „Hann hefur verið sáratregur núna yfir smástrauminn“.

Sáravatn (n, hk) Sótthreinsandi lögur sem borinn er á sár.

Sárbeiða / Sárbaena / Sárbiðja (s) Grátbiðja; biðja innilega. „Það skipti engu þó heimamenn sárbeiddu um að fá að halda skólanum; það varð að flytja þetta allt í kaupstaðinn undir yfirsikni hagræðingar“.

Sárbölva (s) Blóta í vonbrigðum og reiði. „Ég sárbölvaði mér fyrir klaufaskapinn, að gleyma ífærinni í landi“.

Sárfeginn (l) Mjög feginn/glaður. „Ég var því sárfeginn að finna hnífinn aftur“.

Sárfúll (l) Mjög argur/vonsvikinn/leiður. „Auðvitað er maður sárfúll yfir því að svona skyldi fara“.

Sárfættur (l) Aumur í fótum eftir mikla göngu eða/og af slæmum skóbúnaði.

Sárgrætilega (ao) Illilega; mjög; hörmulega; hryggilega. „Ég var sárgrætilega nærri því að ná að grípa fótuna áður en hún fauk framaf“.

Sárgrætilegt (l) Yfirgengilega leiðinlegt/hryggilegt. „Það var sárgrætilegt að sjá lúðuna slitna af við borðið“!

Sárgrætilegur andskoti (orðtak) Blótsyrði/áhersluorð um það sem fer verulega miður. „Auðvitað er það sárgrætilegur andskoti að hinir fornu útgerðarstaðir skuli einskis njóta af þúsund ára veiðireynslu, heldur séu örfáir hvítflibbar í Reykjavík búnir að sölsa undir sig allan rétt til fiskveiða. Hver *ræður fyrir* þeim fjanda“?!

Sárhentur (l) Aumur í höndum, t.d. eftir mikil átök með berum höndum á hrjúft yfirborð. „Maður verður svo ári sárhentur af þessum nælonspotta“.

Sárhungraður / Sársoltinn / Sársvangur (l) Mjög svangur/soltinn; glorsoltinn; *banhungraður*. „Ég er orðinn sárhungraður og ætla að ná í nestið“.

Sáriðra (s) Sjá mikið eftir. „Mig sáriðrar núna að hafa ekki skráð fróðleik af munni þeirra sem nú eru gengnir“.

Sáringdalaust (l) Án illinda/leiða/sáringa. „Þetta var alveg sáringdalaust að minni hálfu“.

Sáringdálítið (l) Án mikilla sáringa/ mikillar eftirsjár/sútar. „Það væri mér sáringdálítið þó sá bjálfi næði ekki kjöri“!

Sáringi (n, hk, fto) Sársauki, særindi. „Ég er með einhver sáringi í kverkunum“. „Þau skildu án allra sáringa“.

Sárkaldur (l) Svo kalt að verkjar. „Ég var vettlingalaus og orðinn sárkaldur á höndunum“.

Sárkvalinn (l) Þjáist mikið; finnur verulega til. „Ég var sárkvalinn í fyrstu, en það er að líða hjá núna“.

Sárlasinn (l) Mikið veikur; með bölvæða lumbru. „Maður er bara búinn að vera sárlasinn eins og aumingi“.

Sárleiðast (s) Leiðast mikið. „Mér sárleiddist þennan tíma, enda óvanur að vera mikið að heiman“.

Sárleiður (l) Mjög leiður/vonsvikinn/niðurdreginn. „Hann var sárleiður yfir þessu; sem vonlegt var“.

Sárlúinn (l) Mjög þreyttur; dauðuppgefinn. „Ertu ekki sárlúinn eftir þessar eltur“?

Sármóðga (s) Móðga/særa mikið. „Ég er hræddur um að ég hafi sármóðgað hann með þessari athugasemd“.

Sármóðgaður (l) Mjög móðgaður/fúll; finnst mjög að sér vegið. „Hann er sármóðgaður við formanninn“.

Sárna (s) Verða móðgaður/sár/dapur/fúll. „Manni getur nú sárnað svona ummæli“!

Sárnauðugur (l) Mjög nauðugur; tilneyddur. „Ég gerði þetta sárnauðugur“.

Sáróánægður (l) Mjög óánægður/ósáttur. „Alveg er ég sáróánægður með niðurstöðuna í þessu máli“.

Sárreiður (l) Mjög reiður; særður og reiður. „Ég viðurkenni að ég varð sárreiður yfir þessari framkomu“.
„Sannleikanum verður hver sárreiðastur“.

Sársaukafullt (l) Sárt; meiðandi. „Þetta var ekki svo mjög sársaukafullt“.

Sársaukalaust (l) Að meinalausu; án *sárinda/skaða*. „Það er alveg sársaukalaust að minni hálfu þó ég fari ekki með í þennan róður. Ég hef alveg nóg annað að gera þessa stundina“.

Sársauki (n, kk) Verkur; sár tilfinning. „Það olli mér nokkrum sársauka að hreyfa fótinn fyrst á eftir“.

Sársjúkur (l) Mjög mikið veikur.

Sársoltinn / Sársvangur (l) Banhungraður; mjög svangur.

Sárt um (orðtak) Vænt um; kært. „Honum var sárt um hnífinn og lét hann helst ekki í hendur á öðrum“.
„Bölvaður klaufaskapur að tapa húfunni; mér var sérlega sárt um han, því hún var hlýrri en hin“.

Sárt bitur soltin lús (orðatiltæki) Þessi bitra reynsla frá tímum lúsarinnar er gjarnan yfirfærð á mannlega hegðun. Aðþrengdur maður getur t.d. gripið til ýmiskonar örþrifaráða og reynst öðrum leiður.

Sárt ertu (nú) leikinn Sámur fóstri (orðatiltæki) Illa hefur nú verið farið með þig/það. Tilvísun í Njálu, en er oftlega viðhaft þegar mönnum rennur til rifja meðferð á einhverju/einhverjum.

Sárt til þess að hugsa/vita (orðtak) Þungbært að hugsa/vita um. „Það er sárt til þess að hugsa að þetta skuli ekki hafa varðveist“.

Sárverkja (s) Finna mikið til; vera kvalinn. „Mig sárverkjaði í öxlina eftir steinkastið, en harkaði þó af mér“.

Sárþjakaður / Sárþjáður (l) Mjög kvalinn; finnur mikið til. „Hann er fjanakornið ekki sárþjakaður eftir byltuna fyrst hann getur rífið kjaft við þá, þrjá í einu“.

Sárþráður (l) Sem mjög/lengi hefur verið þráður.

Sárþreyttur (l) Svo þreyttur að verkjar; örþreyttur. „Við erum komnir í áfangastað eftir 8 klst ferð; sárþreyttir“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sárþyrstur (l) Mjög þyrstur. „Svo sárþyrstur var ég orðinn að vatnið í Ormatjörninni var sem svaladrykkur“.

Sáröfunda (s) Öfunda mjög mikið; sjá miklum ofsjónum yfir. „Ég sáröfunda hann af þessum einkunnum“.

Sást ekki högg á vatni (orðtak) Munaði ekkert um; sást alls ekki að af hefði verið tekið. „Ég var búinn að ausa töluvert upp úr fjárhúskjallaranum, en það sást ekki högg á vatni“.

Sáta (n, kvk) Baggi/kös af heyi. „Þegar heyið var þurrt var það bundið í sátur og keyrt heim á hestvagni, eða borið þaðan sem styst var“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Sátt (n, kvk) Samkomulag; friður. „Við náðum sátt um þetta deilumál“.

Sáttaboð (n, hk) Boð um sátt/sættir.

Sáttanefnd (n, kvk) Nokkurskonar réttur sem starfaði innan hvers hrepps, samkvæmt kóngsins tilskipun frá 1795; allt til ársins 1981, að sáttanefndir voru lagðar niður. Öll deilumál þurftu að fara fyrir sáttanefnd áður en unnt væri að höfða um þær dómsmál. Í sáttanefnd sátu prestur og annar trúverðugur maður.

Sáttanefndarmaður (n, kk) Sá sem situr í sáttanefnd hrepps. „Einar yngri var m.a. sáttanefndarmaður, en því starfi hafði faðir hans einnig gegnt“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Sáttarhugur / Sáttarhönd / Sáttavilji / Sáttfýsi (n, kk/kvk) Hugur/vilji til sátta í deilumáli. „Í fyrstu var enginn sáttarhugur í honum, en eftir nokkra umhugsun rétti hann mér samt sáttarhönd“.

Sáttasemjari (n, kk) Sá sem gengst fyrir sáttum í deilumáli; milligöngumaður.

Sáttfús (l) Fús/viljugur til sátta.

Sáttur (l) Sammála; ánægður með. „Ég er alveg sáttur við þessa tilhögun“.

Sátubotn (n, kk) *Galtabotn*; neðsta lag galta eða sátu. Tekur oft raka úr jörðinni við langa stöðu og þá myndast gjarnan einhver mygla eða frugga í honum, sem slá þarf úr þegar galtinn er breiddur eða hirtur.

Sátugat (n, hk) *Töðugat*; op til að setja heyi í hlöðu/jötu. „Það hefur fokið frá sátugatinu á hlöðunni“.

Sátur (n, hk) A. Fiskimið; veiðislóð; legustaður skips sem liggur við festar. Ekki mikið notað í seinni tíð. Sjá *súgur í sátri*. B. Líkingamál um aðsetursstað, t.d. stað þar sem legið er við í fylgling/eggjaferðum. C. Spólur í kyrra hluta rafals/rafmótors.

Sáturvaf / Sáturspóla (n, hk) Spóla í belg/ kyrra hluta rafals/rafmótors.

Seðill (n, kk) A. Stakt blað/bréf; *bréflappi*; snepill; t.d. kjörseðill. B. Peningaseðill.

Seðja sárasta hungrið (orðtak) Borða til að verða ekki eins *banhungraður* og áður.

Seðlabúnt / Seðlafúlga / Seðlahrúga (n, hk) Bunki/mikið af seðlum. „Þetta kostar víst einhver seðlabúntin“!

Sef / Sefgresi (n, hk) Gróft, loðið gras; oftast að uppistöðu *þráðsef*. „Þarna á nefinu var loðið sefgresi...“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg). Sjá *þráðsef*. Sef er nafn á dýi sem nú hefur verið ræst fram, neðan gamla

Láganúpstúnsins. Þar var kindum hætt, enda sóttu þær mjög í gróðurinn. Sagt var að kýr mjólkuðu sérlega vel af sefgresi. Hinsvegar þyrftu þær að hafa annað fóður með, til að halda holdum.

Sefgrænt (l) Heiti á grænu litarafbrigði. Heyrist lítið notað í seinni tíð, enda þjóðin nú fjarlægari öllu sefi.

Sefa (s) Róa; hugga. „Mér tókst að sefa barnsgrátinn eftir nokkrar fortölur“.

Sefönd (n, kvk) Annað heiti á *flörgoða* sem notað var m.a. í Kollsvík.

Segðu ekki meir! / Þú þarft ekkert að segja meir! / Þú þarft ekkert að segja mér um það! (orðtök)

Upphrópun; viðbragð einhvers við tali annars. Merkir oftast undirtektir; að viðmælandi þurfi ekki að skýra málið meira til sannfæringar. „Já segðu ekki meir! Ætli ég kannist ekki við þessar tiltektir þeirra“!

Seggur (n, kk) Maður. Í dag oftast notað í niðrandi merkingu; óróaseggur; nautnaseggur, en einnig sjálfstætt: „Hann verður að standa sjálfur fyrir máli sínu, árans seggurinn“!

Segin saga (orðtak) Bregst ekki; venja. „Það er segin saga að tíkin þarf að spræna í hvert hjól á pósbílnum“.

Segir ekki mikið (orðtak) Munar ekki mikið um; er ekki mikið. „Mitt framlag segir kannski ekki mikið, en það hjálpar ef *allir leggjast á eitt*“.

Segir fátt af einum (orðatiltæki) Vísar til þess að einn maður á ferð er í mun meiri áhættu en ef fleiri eru; t.d. með að láta vita af sér eða kalla til aðstoð ef eitthvað kemur uppá.

Segir fyrir (orðtak) Um feigð. Í eiginlegri merkingu var þetta haft um feigðarboða, t.d. drauma. Mun algengara þó í óeiginlegri merkingu: Sagt var að þeim manni væri farið að segja fyrir sem tók upp á einhverju óvæntu. „Nú hlýtur honum að vera farið að segja fyrir; kominn á ról svo snemma morguns“.

Segja af eða á (orðtak) Ákveða; gera upp hug sinn. „Hann verður að segja *af eða á* um þetta“.

Segja allt af léttu (orðtak) Segja alla frásögnina/söguna, án þess að draga nokkuð undan; léttu á huga sínum. „Lýðir þá af langferðinni leita fréttu./ Eigi tér hann allt af léttu“ (JR; Rósarímur).

Segja berum orðum / Segja (hlutina) hreint út / Segja umbúðalaust/vafningalaust (orðtak) Segja það sem manni býr í brjósti án málalenginga/ án þess að fara krókaleiðir að því. „Þú ættir bara að segja þetta berum orðum, en ekki vera að dylgja um það“! „Hún sagði honum vafningalaust að sér væri *nóg boðið*“.

Segja eftir (orðtak) Hafa eftir; vitna í. „Hann sagði það eftir hreppstjóranum að þessi mál væru leyst“.

Segja (eitthvað) gott að sinni / Segja (eitthvað) gott í dag (orðtak) *Láta gott heita*; hætta að gera/vinna; telja nægilegt. „Ætli við segjum þetta ekki gott að sinni. Við höldum svo áfram á morgun“.

Segja lausu (orðtak) Segja upp; segja sig frá; hætta; skiljast við. „Ég sagði starfinu lausu um áramót“.

Segir lítið / Hefur lítið að segja (orðtök) Hefur lítinn tilgang; er ekki nóg. „Þessi aðstoð segir kannski lítið, en meira get ég ekki núna“. „Það hefur lítið að segja þó maður reyni að skamma þá á framboðsfundum“.

Segir nú ekki frá/af... fyrir en (orðtak) Algengur frásagnarmáti til að brúa tíma í frásögn, eða skipta um svið. „Segir nú ekki frá því fyrir en árið eftir; það var fermingarárið mitt“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveiri).

Segir sig sjálft (orðtak) Þarf ekki útskýringa við; þarf ekki að útskýra frekar. „Það segir sig sjálft að enginn óvitlaus fer í róður í þessu veðurútliti“.

Segir svo hugur um (orðtak) Grunar; hefur á tilfinningunni. „Mér segir svo hugur um að þessar kindur séu farnar til síns heima, og tilgangslaust að leita þeirra hér“.

Segir til sín (orðtak) Lætur vita af sér; kemur í koll; hefur að segja. „Ég verð nú aðeins að tylla mér; aldurinn og vaxtarlagið segir dálítið til sín þegar maður gengur svona *skarpt* á brekkuna“.

Segja (s) A. Tala; tjá; orða. „Ég heyrði ekki hvað þú varst að segja“. B. Greina frá; búa til sögu; flytja fréttir. „Sagan segir að í Biskupsþúfu hafi Kollur fólgið vopn sín og sjóði“.

Segja af eða á um (orðtak) Ákveða; taka af skarið. „Ég get ekki sagt af eða á um hvort það hafi einhver verið lifandi þarna um borð“ (Björgvin Sigurbjörnsson um Sargon-strandið; Útkall við Látrabjarg).

Segja afdráttarlaust/umbúðalaust / Segja fullum fetum (orðtak) Fullyrða; draga ekkert undan. „Ég sagði þeim mína skoðun á þessu; fullum fetum“.

Segja ekki bofs / Segja ekki neitt / Segja ekki orð (orðtök) Þegja; láta ekkert uppi; svara ekki. „Hann sagði ekki bofs við þessu“. „Ég segi ekki neitt um þetta“. „Og þið vissuð af þessu en sögðuð ekki orð“!

Segja farir sínar ekki sléttar (orðtak) Segja frá slæmri reynslu sinni; segja frá því sem illa hefur gengið hjá manni. „Hann kom *móður og mäsandi* uppá brúnina; fötulaus, og sagði farir sínar ekki sléttar“.

Segja fullum fetum / Segja hreint út (orðtak) Segja skýrt en ekki undir rós; *draga* ekki *undan* í frásögn. „Ég get sagt mína skoðun á þessu fullum fetum og við hvern sem er“! B. „Ég sagði honum þetta hreint út“.

Segja fyrir (orðtak) A. Segja fyrir verkum; skipa fyrir um verk. „Hann verður að segja fyrir um skipulagið á þessu“. B. Spá fyrir. „Hann hafði sagt fyrir um þennan atburð“. C. Vera feigur; vera dauðans matur. „Ég er hræddur um að nú sé honum farið að segja fyrir; þetta er svo óvanalegt af honum“.

Segja fyrir verkum (orðtak) Verkstýra; sjá um verkstjórn; skipa mönnum til verka.

Segja hvorki af né á (orðtak) Vera *hvorki hrár né soðinn*; vera *á báðum áttum*; ákveða sig ekki. „Hann sagði hvorki af né á um sínar skoðanir á þessu“.

Segja í óspurðum fréttum (orðtak) Segja án þess að um sé spurt; segja frá að fyrra bragði. „Hann sagði mér í óspurðum fréttum að þetta hjónaband væri *fyrir bí*“.

Segja sem svo / Setja (sem) svo (orðtak) Gefa sér; ganga útfrá; miða við. „Segjum nú sem svo að Landnáma hfi rétt fyrir sér um þetta; en er það ekki lygileg tilviljun að Ármóður hinn rauði skuli hafa akkúrat rammað á þennan rauða ægisand“? „Setjum svo að þú fái bátinn nú lánaðan á laugardaginn; það er ekki þar með sagt að þessi bjarglega haldist þangað til“.

Segja sér til afsökunar/afbötunar (orðtak) Segja til skýringar/málsbóta á sinni yfirsjón/ávirðingu/töf. „Hann er bara að segja þetta sér til afsökunar; ég legg lítinn trúnað á það“!

Segja sig frá (orðtak) Hætta afskiptum af; *segja lausu*. „Ég fer nú að segja mig frá þessu formannsstarfi“.

Segja sig til sveitar (orðtak) Tilkynna hreppsnefnd að maður geti ekki séð sér eða sínum farborða og þurfi að þiggja framfæri af hreppssjóði.

Segja sisona / Segja tilsvona (orðtak) Orða/segja þannig; láta falla orð í þá átt; segja sem dæmi. „Ég segi nú bara sisona; þú þarft ekki að taka það alvarlega“.

Segja sína meiningu (orðtak) Segja það sem manni býr í brjósti; skamma; *ryðja úr sér*. „Þarna þótti mér hann ósanngjarn, svo ég sagði honum alveg mína meiningu; umbúðalaust“.

Segja sínar farir ekki sléttar (orðtak) Segja frá sínum hrakförum/óhöppum. „Hann *bar sig aumlega* og sagði sínar farir ekki sléttar“. Líkingin vísar til ósléttar leiðar.

Segja skilið við (orðtak) Slíta sambandi við; hætta samveru með; hætta afskiptum af. „Sá sem einusinni hefur fest rætur í Kollsvíkinni segir *ekki svo glatt* skilið við hana, eins og dæmin sanna“.

Segja Spánarkonung dauðan (orðtak) Leikur sem iðkaður var í Kollsvík fyrrum og líklega framundir miðja 20.öld, en orðasafnara er ekki kunnugt um leikreglur. E.t.v. var um svipaðan orðaleik að ræða og „frúin í Hamborg“, þar sem kúnstin felst í að forðast að segja viss bannorð. „Gengið var kring um jólatréð og sungnir sálmar og ýmsir söngvar. Einnig var farið í leiki, svo sem að segja Spánarkonung dauðan o.fl. þess háttar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Segja til (orðtak) A. Leiðbeina. „Segðu mér til þegar ég bakka vagninum að hlöðunni“. B. Segja í fréttum. „Hvað segirðu til“?

Segja til (einhvers) (orðtak) Segja hvar einhver er niðurkominn; kjafta frá.

Segja til sín (orðtak) Finnast fyrir; sjást; vekja athygli. „Aldurinn segir til sín þegar maður lendir í svona erfiðisvinnu“. „Netið er orðið fjári gloppótt víða; það segir auðvitað til sín í veiðinni“.

Segja til sín í seinna verkinu / Hefna sín í seinna verkinu (orðtök) Leiða til ófarnaðar síðar. „Mér list ekki á svona skyndiviðgerðir; það á eftir að segja til sín í seinna verkinu“.

Segja (einhverjum) til syndanna (orðtak) Skamma; ávita; veita ofanígjöf. „Hún sagði þeim rækilega til syndanna“. Vísar til presta áður fyrr, sem létu ekkert tækifæri ónotað til að vara menn við logum helvítis og telja fólki trú um að það væri syndum hlaðið.

Segja til vegar (orðtak) Leiðbeina; veita leiðsögn. „Ég fór með þeim til að segja þeim til vegar“.

Segja undan og ofanaf (orðtak) Segja óljóst/í meginatriðum frá; segja ekki alla söguna. „Hann sagði undan og ofan af þessu og ætlar að segja alla *sólarsöguna* seinna“.

Segja upp (orðtak) A. Afsegja; hætta. „Ég sagði upp í vinnunni“. „Það þarf að segja þessum samningum upp“. „Leigjandanum var sagt upp vistinni vegna óreglu“. B. Til forna; segja upp lög; túlka lög sem í gildi eru.

Segja verður sögu hverja eins og hún gengur til (orðatiltæki) Sagnamaðurinn þarf að vera trúr sannleikanum (eða a.m.k. segjast/þykjast vera það). „Segja hverja sögu má/ sem hún vísast gengur/ Gjörist snemma hrundum hjá/ heimagöngull drengur“ (JR; Rósarímur).

Segja við (orðtak) Segja um; bregðast við; andmæla; mótmæla. Sögnin stýrir þá alltaf þágufalli. „Þetta er leitt að heyra en það er víst lítið við þessu að segja“. „Hún sagði ekkert við þessu“.

Segja það/þetta gott (orðtak) *Láta gott heita*; telja komið nóg. „Eigum við ekki að segja þetta gott í dag, þegar við erum búnir að draga þennan streng“?

Segja það sem (einhverjum) býr í brjósti (orðtak) Segja skoðun sína; láta í ljósi vilja sinn. „Mér fannst ég þurfa að segja henni það sem mér bjó í brjósti, þó ég vissi ekki fyrirfram hvernig hún kynni að taka því“.

Segja þvert nei (orðtak) Neita alfarið; vera algerlega andvígur. „Hann sagði þvert nei við þessu tilboði“.

Segjast frá (orðtak) Segja frá; koma sögu/upplýsingum/fréttum til skila. „Honum sagðist allt öðruvísi frá þessum atburðum en hinum. Hann sagði að steinn hefði skoppað undir framhjólíð, og við það hefði billinn kastast úti kantinn“.

Segjum/setjum sem svo... (orðtak) Algengt upphaf setningar þegar verið er að lýsa því sem hugsanlega gæti orðið, eða ímynduðum aðstæðum. „Setjum nú sem svo að við þrílum þarna niður og fáum verulegt af eggjum. Við værum þá engu bættari ef við erum ekki með næg ílát“.

Segl / Seglabúnaður Segl voru notuð á bátum í Útvíknaverstöðvum. Samkvæmt Jarðabókinni virðast Útvíkur hafa staðið framfar flestum öðrum verstöðvum á landinu, hvað varðar seglanotkun um 1700; þar eru segl notuð í öllum útvíkum en hvergi er minnst á þau annarsstaðar á Vestfjörðum og einungis á örfáum öðrum stöðum um landið. Tekið er fram t.d. í Keflavík að útgerðareigandi vilji ekki láta vemenn sína hafa segl, þó þau væru til stórra bóta. Ekki liggja fyrir óyggjandi heimildir um seglagerðir voru notaðar í vikunum. Líkur eru þó á að þau hafi, a.m.k. framan af, verið þversegl á algengustu bátastærðum. (Sjá *sigling* og *seglfiskur*).

Seglbátur (n, kk) Bátur sem siglt er; bátur sem unnt er að sigla.

Seglbót (n, kvk) Lítið segl; gæluorð um segl.

Seglbúa (s) Reisa segl á báti. „Þegar seglbúið var fylgdu því ýmiss konar fyrirskipanir formanns til háseta: Setjið upp og greiðið úr seglum! *Tréreisid!* Takið til!..“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Var nú ekki til setu boðið og tekið að seglbúa; sem óðar var búið, og sigling hafin“ (ÖG; Þokuróður).

Seglbúnaður (n, kk) Sá búnaður báts sem þarf til að unnt sé að sigla honum.

Segldúkur (n, kk) A. Efni í segl. B. Þéttofinn sterkur dúkur.

Seglfesta (n, kvk) Kjölfesta/ballest í skip til að vega á móti átaki segla. „Þegar seglfestu var skipað út var venjan að standa í röð og kasta steinum hver til annars...“ (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Seglfestulaus (l) Með enga seglfestu/ballest. „Eitt sinn höfðu nokkrir hinna djörfu vermanna á Látrum farið á skektu Jóns seglfestulausri inn á Eyrar í suðaustanroki“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð).

Seglfiskur (n, kk) Fiskur sem tekinn er af óskiptum afla til að greiða fyrir leigu á segli. „Meðan enn var ekki algengt að segl fylgdu skipum varð að venju í sumum verstöðvum að taka leigu í hvert skipti sem þau voru notuð. Greiðslan fyrir seglið var vænsti fiskurinn úr hverjum róðri, tekinn af óskiptu“ (LK; Ísl.sjávarh. III). Samkvæmt Jarðabókinni voru seglfiskar teknir í Láganúpsveri árið 1703 á skipi landeiganda, og leigði hann það af formanni bátsins. Þar tíðkaðist hinsvegar ekki *maðkafiskur* eins og í Hænuvík. Í Keflavík tímdi útgerðarmaðurinn Guðrún Eggertsdóttir ekki að láta leiguliða sína hafa segl. Segla er ekki getið neinsstaðar á Vestfjörðum nema í Útvíkum á þessum tíma og á fáum stöðum öðrum á landinu. „Lýng til eldiviðar rífa vermennirnir í Láganúpslandi. Þar er engin skipleiga. 1 skiphlutur. Allur hlutur skiptist ex æquo (til jafnaðar) þá skift verður. Seglfiskar. Maðkafiskar engir“ (ÁM/PV Jarðabók).

Seglgarn (n, hk) Tvinnuð mjótt band, úr hampi í seinni tíð en áður úr hrosshári. Notað í seglasaum fyrrum, en í ýmiskonar *þarfabönd* í seinni tíð.

Seglgarnshnota / Seglgarnsrjúpa / Seglgarnsrúlla (n, kvk) Rúlla af seglgarni. Oft undin þannig upp að holrúm var innaní, og þráðurinn dreginn útum gat úr því. „Veistu eitthvað um seglgarnssrúlluna“?

Seglháls (n, kk) Háls: neðra og fremra horn á segli (þversegli). „Þar sem mætist neðsti hluti forjaðars og framendi undirjaðars er seglháls...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).

Segljaðar (n, kk) Jaðar/*lik* segls.

Seglpoki (n, kk) Sterkur poki úr seglalérefsti eða svipuðu efni, oft notaður undir fatnað og annað til ferðalaga.

Seglskip (n, hk) Skip sem knúið er áfram af krafti vinds, með seglum. Menn hafa lengi notað segl til að knýja báta og stærri skip. Einfaldasta gerð segls er þversegl, þar sem ferhyrnt segl er fest að ofanverðu í rá sem hífið er upp í siglutré/siglu, en fest að neðanverðu í borðstokka. Skip landnámsmanna voru með þverseglum, og einnig flestir bátar sem róíð hefur verið úr Kollsvík og öðrum verstöðvum. Á síðari öldum urðu aðrar seglagerðir vinsælar. Sigling skips með seglum er vandasöm, og menn voru misjafnlega góðir skipstjórnendur. Um tíma rak Ólafur E. Thoroddsen skipstjórnarskóla í Vatnsdal og kenndi m.a. siglingu með seglum. Seglskip liðu að mestu undir lok með tilkomu vélskipa. Gerðir seglskipa voru margar; flokkaðar eftir skrokklagi, stærð, seglalagi og siglufjölda; má m.a. nefna þessar: Kjölbátar voru t.d. gafflkæna julla, jakt, skúta, kúttur, slúppa, bússa, djúnka, dugga. Rásigld skip voru t.d. karavella, knörr, kuggur, barkantína, briggskip, brikantína og galías. Hásigld skip voru m.a. góletta, húkkorta, korvetta og skonnorta. Fullreiðaskip voru m.a. flauta, freigáta, galíon, klipper og línuskip.

Segltuska (n, kvk) Gæluorð um *segl*.

Segulhvolf (n, hk) Ósýnilegur hjúpur sem Jörðin og fleiri reikistjörnur hafa um sig, og stafar af virkni í kjarna þeirra vegna iðustrauma og möndulsúnings. Það virkar að mörgu leyti líkt og segulsvið kringum segul og hefur m.a. áhrif á rafhlaðnar eindir og segulnæma málma. Segulsvið jarðar er líkt og kleinhúringur í lögum; þykkast yfir miðbaug en þynnst við pólana. Sólvindurinn; þ.e. rafhlaðnar agnir frá sólinni, hefur þau áhrif að segulhvolf jarðar teygist frá henni skuggamegin. Segulsviðið leiðir hinsvegar sólvindinn að skautunum og þar birtist agnastraumurinn okkur sem norðurljós. Ef ekki væri fyrir þessi verndandi áhrif segulhvolfsins væri líklega ekki líf á jörðinni.

Seguljárnsteinn (n, kk) Magnetít; járnoxíð; Fe₃O₄. Dökkbrún eða svört frumsteind í gosbergi; harka 5,5. Næstalgengasta steindin í basísku bergi á eftir sílíkati. Gosberg oxast hratt í snertingu við andrúmsloft, og kristallast. Lítil vatnsgufa í lofti veldur því að magnetítgjall verður svart, og við enn hraðari oxun myndast hematít, eða rautt gjall. Rauð millilög í bergstaflanum, t.d. á Vestfjörðum, mynduðust á hlýskeyðum í jarðsögunni; við oxun járnsteinda í gjósku. Þegar bergkvika storknar segulmagnast magnetít, þannig að kristallarnir verða eins og urmull segla sem snúa skautum að segulpólum. Eftir storknun helst þessi segulmagnun. Því er unnt að lesa úr berginu stöðu segulpóla á gostíma, og pólveltur sem orðið hafa. Þar sem seguljárnsteinn er í miklu magni í jarðskorpunni er hann unninn; t.d. í Kiruna í Svíþjóð. Seguljárnsteinn er í bergi í Kollsvík, m.a. áberandi í rauðum millilögum. Þá er hann áberandi í gangbergi, t.d. í Strengbergsgjá.

Segulkveikja (n, kvk) *Magnettukveikja* (sjá þar).

Segulnagli (n, kk) *Sigurnagli*, sjá þar. Samsetningarbúnaður á línu, t.d. skakfæri, til að ekki myndist álag á línuna þegar snýst uppá hana. Líklega er „segulnagli“ upphaflegt heiti, þar sem engu er líkara en segulkraftur haldi augunum saman. Heitið „sigurnagli“ hefur hinsvegar orðið lífseigara, a.m.k. í Kollsvík.

Segulnál (n, kvk) Segulmögnuð nál í áttavita/kompás.

Segulnorður / Segulpóll / Segulskaut (n, hk) Segulskaut jarðar er sá staður sem áttavítanál vísar til. Segulskautin tvö eru ekki það sömu punktar og landfræðileg norður- og suðurskaut; þar munar *segulskekkjunni*. Norðara segulskautið er þannig nokkru norðanvið austanvert Kanada, en færast til með tímanum.

Segulskekkja (n, kvk) Misvísun; mismunur í gráðum á stefnu áttavítanálar sem bendir á segulpól/segulskaut og stefnu á hinn landfræðilega pól, sem jarðarsnúningur er um. Segulskekkja er því mismunandi eftir því hvar maður er staddur. Hún er einnig misvísandi eftir tímum, því segulskautið flakkar nokkuð frá ári til árs. Misvísun á Íslandi getur numið tugum gráða.

Seiða (s) A. Laða að með seið/göldrum. „Einhvernegin tekst honum að seiða til sín veiði, þó ördeyða sé hjá öðrum“! B. Sjóða. „Kollsvíkingnum Trausta Ólafssyni tókst að seiða gull úr grjótmola úr Esjunni“.

Seiði (n, hk) A. Afkvæmi fisks. „Össur og Ingvar fengu seiði sem þeir slepptu í Litlavatn og Stóravatn. Seiðin komu í plastpokum með lítilli flugvél sem lenti á Fitinni neðan Láganúps“. B. Lítil fiskur.

Seigdrepa (s) Drepa hægt. „Helvítis stofnanavæðingin er að seigdrepa allt framtak og alla menningu“!

Seigdrepanði (l) Hægdrepanði; banvænt með tímanum. „Þetta eilífa sífóniugarg finnst mér seigdrepanði“.

Seigja (n, kvk) A. Úthald; þrautseigja. „Það er seigja í stráknum“! B. Sá eiginleiki efnis að veita móttöðu en gefa samt eftir og svigna/bogna við mikið átak

Seigla (n, kvk) Úthald; þrautseigja. „Andrés var búinn seiglu og kjarki í ríkum mæli...“ (ÖG; minningargrein um AK).

Seiglast (s) Vera úthaldsgóður; halda út; þrjóskast. „Það er mesta furða hvað hann seiglast enn við þetta“.

Seiglingsátak / Seiglingsbarátta / Seiglisingserfiði / Seiglingspuð / Seiglingsvinna (n, hk/kvk) Töluvert átak/erfiði/puð; allmikil barátta/vinna. „Það var seiglingsátak hjá okkur þremur að hífa hann síðasta spölinn“. „Það er seiglingspuð að ná björnum af þessum Hlíðalömbum“.

Seiglingsdrjúgur (l) Alldrjúgur; allmikill; nokkuð mikill. „Við ættum nú að fara að hafa uppi; það er seiglingsdrjúgur sigling í land“. „Alltaf er hann jafn seiglingsdrjúgur á fótinn, blessaður dalurinn“.

Seiglingsgóður (l) Nokkuð góður; furðu góður. „Ég held að maður hafi bara fengið þarna seiglingsgóðan jeppa fyrir þetta verð“.

Seiglingslangur / Seiglingsmikill (l) Nokkuð/furðu langur/mikill. „Þeir eru seiglingslangir lásarnir í Stóðin. Maður er þreyttur eftir eina niðurferð“. „Þetta er bara seiglingsmikill afli á einum degi“.

Seiglingskippur (n, kk) Nokkuð löng sigling. „Heldurðu að við höfum nóg bensín? Það er seiglingskippur niður á dýpri Skeggja“.

Seiglingsslatti (n, kk) Allnokkuð magn; dagóður slatti. „Þeir fengu seiglingsslatta í róðrinum“.

Seiglingsspotti / Seiglingsspödur (n, kk) Nokkuð drjúg vegalengd; alllangt. „Þetta er seiglingsspotti þarna inná brúnina“. „Fáðu þér nú vel að éta áðuren þú ferð; það er seiglingsspödur innýfir heiðina“.

Seiglingur (n, kk) Töluvert; allmikið. „Það er seiglingur eftir enn þangað til við erum komnir á brún“.

Seiglumaður (n, kk) Maður sem er þolin/seigur; úthaldsmikill.

Seigmeltur (l) Tormeltur; erfitt að melta. „Það má *slæða* þessu í sig, en þetta er seigmeltur andskoti“!

Seigmilk (l) Um kýr; selur illa; erfitt/seinlegt að mjólka. „Nótt er sérvitur og seigmilk fyrir ókunnuga“.

Seigt og bítandi (orðtak) Hægt en örugglega. „Það var seinlegt að handmoka veginn upp Kinnina, en seigt og bítandi hafðist það á endanum“.

Seigur (l) A. Um mat; erfitt að tyggja. „Ári er hákarlinn seigur“. B. Um mann; úthaldsmikill; þolin; snjall. „Þetta er ótrúlega seigur náungi“.

Seigt undir tönn (orðtak) Um mat; erfitt að tyggja/ vinna á. „Harðfiskurinn var seigur undir tönn“.

Seil (n, kvk) Fiskseil. *Seilað* var út fiski til að *ofhlaða* ekki bát eða til að létta hann við lendingu. Kippan var þá dregin á eftir bátinum í land og dregin á höndum í fjöru. Þegar seilað var var fiskurinn bundinn í kippu á sérstakan hátt. Til þess var notuð *seilarnál* sem oft var úr hvalbeini; á hana hana var brugðidseilaról sem lengst af var úr leðri af nautssvíra. Ýmist var festur seilarhnappur á neðri enda ólarinnar eða bundinn var á hana fyrsti fiskurinn og hinir þræddir á eftir. „Í Víkum vestur var nálinni stungið undir kjálka og út um munn á þorski, og eins á flyðru. Annars var hún og steinbítur oft þrædd í gegnum augun“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Þegar róid var með seilar í land voru þær bundnar á langbandið og lágu þétt utan á skipshliðinni.

Seil (n, kvk) *Forarseil, djýjaseil*; kelda. *Dýjasvæði* í mýrlendi þar sem var mikil hálfhljóttandi gróðurþekja og/eða mýramór og mikill *vatnsagi* sem gerði þetta illfært yfirferðar og hættulegt fyrir skepnur. Seilar eru margar í Kollsvík, en voru mun fleiri fyrir daga *framræsluskurða*. „Kýr voru reknar niður fyrir Gjótseil. Hún lá út í fenið sem Bugadý var í... Fyrir neðan Skolladý er Breiðaseil; sytra sem rann úr djújum sunnan við hólinn... Norðan við Uxadýsál er *ófæruseil* sem nefnd er Svartaseil“ (Örnefnaskrár Kollsvíkur og Láganúps). „Síðan hefur aldrei staðið þar garðurinn. Við höfum ekki hátt um það að þar var seil; það er svona neðanmáls“ (SG; Skessan og séra Jón; Matarvenjur; Þjhd.Þjms) Orðið seil virðist ekki hafa verið notað annarsstaðar í þessari merkingu og finnst ekki þannig í orðabókum.

Seila / Seila út (s/orðtak) „Fyrir kom að svo mikið fiskaðist að seilað var, eða fiskurinn dreginn upp á línu; allri kippunni síðan varpað í sjóinn en tryggilega fest við bátinn og síðan dregin að landi“ (GÓ; minningabrot frá Láganúpi) Þetta var gert til að létta bátana fyrir landtöku einkum ef landing þótti varasöm eða illa stóð á sjó. „Seila menn allan fenginn út, og flytja so skipin í eina lending, sem er í Kollsvíkurlandi, og setja þau þar upp“ (ÁM/PV; Jarðabók). „Þegar komið er að landi er fiskur seilaður á burðarólar; venjulega 20 fiskar á áol. Það þótti hæfileg byrði af lóðafiski, til að ber til ruðnings. Aftur á móti aðeins 10 steinbítar á ól. Það fór eftir afla hve margar ferðir komu á mann. 100 fiskar í róðri þótti tregur afli, en 200 og meira góður afli. ... Oft lagði þá báru að seila þurfti fiskinn á floti og láta seilarnar útbyrðis; jafnvel setja þær á streng, til þess að vera laus við þær meðan bátinum var brýnt úr sjó... Ólarnar með fiskinum voru dregnar að landi og bjargað úr sjó. síðan voru þær annað hvort bornar til ruðnings eða hver maður tók eina byrði og dróa hana til ruðnings upp eftir Búðalæknum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Á leið í land er fiskurinn seilaður; þ.e. þræddur upp á seilarólina. Hún var úr tvöföldu gömlu færi; með tréhnapp á öðrum enda; stór nál úr hvalbeini þrædd á hinn endann; nálinni stungið undir kjálkann og 25 fiskar fara á hverja ól. Þegar kemur upp á Lægið er talið vissara að seila út, sem kallað er; það er að kasta ólunum út og binda þær í endann á legustrengnum; láta hann svo rekjast út um leið og lent er“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Seilað (l) Um mikið fiskirí; fullt net; stendur á hverju jární á slóða/lóð. „Nei, gáðu nú að! Það er bara seilað í bláendann á netinu; uppi í harðalandi. Ég skal bara segja ykkur það“!

Seilarmaður (n, kk) Maður sem stekkur fyrstur í land þegar landtaka er slæm, og dregur fiskseilar í land áður en báti er lent. „Seilin er sett á streng; síðan beðið eftir lagi; manni sleppt á land með enda seilarlínunnar sem bundin er um annan handlegg hans. Var það gert til að hann hefði báðar hendur lausar, því illt er að fóta sig í stórgrýtinu ef næsta lag náði honum áður en upp var komið. Maður sá var kallaður seilarmaður. Hann varð að vera bæði frískur og fótviss. Átti hann síðan að draga upp seilina og kasta henni í ruðninginn meðan hinir fóru með bátinn út á rifid og settu hann“ (PJ; Barðstrendingabók; Vorróðrar á Hvallátrum).

Seilarnál (n, kvk) Nál til að draga fisk upp á *seil*. „Seilarnál var oftast úr hvalbeini (helst kjálka) 20-25cm löng og að lögun svipuð skónál“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Seilarband / Seilaról (n, kvk) Ól sem fiskur er seilaður uppá (sjá *seila*). „Var svo *brimróður* tekinn, en er vantaði fáa metra í land þraut seilarbandið og þess vegna bar okkur lítið inn fyrir vörina“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Seilast (s) Teygja sig. „Ég seildist eftir hnífnum og skar á teininn“.

Seilast langt til (orðtak) Draga handfæri með löngum togum, en þá er átt við gömlu færagerðina; áður en rúllur komu til. Varð stundum mikill fyrirgangur hjá fiskimanni og öðrum bátsverjum hollast að vera ekki fyrir. „Þar dró Polli og seildist langt til“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Seilast um hurð/hurðarás til lokunnar (orðtak) Líkingamál; leggja mikið á sig í einhverjum tilgangi. Líking við að teygja sig (lamamegin) gegnum læsta hurðina til að taka hana úr lás. Heyrðist ekki oft notað, en *brá þó fyrir*.

Seilastrengur (n, kk) Strengur sem *seil*/seilaról, ein eða fleiri, er bundin í, þegar *seilað* er út. Í seinni tíð var seilað þannig út að seilin var bundin í langband í bátnum og hékk þannig utaná bátnum. Fyrrum tíðkaðist að binda seilarnar við seilarstreng; varpa þeim í sjóinn framanvið lendingu; gefa strenginn út frá bátnum þegar lent er, og draga seilarnar síðan í land. „Seila menn allan fenginn út og flytja so skipin í eina lending, sem er í Kollsvíkurlandi, og setja þau þar upp. ... Seilastrengi og seilarólar leggja skipeigendur til með skipunum“ (ÁM/PV Jarðabók).

Seiling (n, kvk) A. Seilingarhæð; frá jörðu og svo hátt sem meðalmaður nær að teygja fingurgómana upp fyrir sig. „Rúm seiling er upp í ganginn, en hægt að klórast það fyrir lipran mann“. B. Það sem unnt er að ná til í kringum sig. „Vissara er að hafa koppinn innan seilingar þegar maður er með ælupest“.

Seilingarfjarlægð / Seilingarhæð (n, kvk) Sú fjarlægð/hæð/vegalengd sem maður getur lengst teygt höndina. „Ég teygði mig eftir spottaendanum, sem var í seilingarhæð“.

Seimahrund (n, kvk) Kvenmannskenning í skáldskap. „Þyrsklingur um þorskagrund/ þykir nauðatregur./ Sá hefur fiplað seimahrund/ sem að fyrstur dregur“ (gömul vísa; höfundur ókunnur).

Seinagangur (n, kk) Hæglæti; seinfærni; tafir. „Ég þoli illa þennan seinagang við að hefja verkin“.

Seinastliðinn (l) Síðastliðinn. „Ég hitti hann seinastliðinn föstudag“.

Seinbakað (l) Bakast hægt. „Rúgbrauð er fremur seinbakað; einkum í stóru íláti“.

Seindrepanði (l) Sem drepur hægt. „Krabbamein getur verið seindrepanði og kvalafullur sjúkdómur“.

Seinekið / Seinfarið / Seingengið (l) Um veg eða leið sem er torsótt; ekki unnt að aka/fara hratt. „Það var þæfingur á Fjörunum og seinekið“. „Hægt er að komast um fjöruna fyrir Breið, en sú leið er stórgrytt og því seinfarin“.

Seinfær (l) Svifaseinn; hægur í hreyfingum; hægfara. „Féð var orðið lúíð og seinfært, og því gekk reksturinn hægt“.

Seinhentur (l) Hægur í hreyfingum; *handaseinn*; stirður. „Ég var nokkuð snöggur að hækla hvern dilk á árum áður, en eflaust væri maður seinhentari og stirðari núna“.

Seinheppinn (l) Ekki heppinn; óheppinn; ólánsamur.

Seinka (s) Verða/gera seinni; valda seinkun; verða seinni fyrir. „Honum seinkaði aðeins, svo við settum fundinn án hans“. „Nú hefur klukkan seinkað sér dálítið“.

Seinkun (n, kvk) Töf; það að seinka. „Mér finnst nokkur seinkun hafa orðið á þessu“.

Seinlega (ao) Hægt; treglega. „Heldur finnst mér seinlega ganga með að klára þetta“.

Seinlegt (l) Hægt; seint; svifaseint. „Best var að nota grænsápu til að hreinsa prentsvertu af hveitipokum áður en þeir voru nýttir, t.d. í lök; en seinlegt var það“.

Seinlesið (l) Ekki unnt að lesa hratt. „Þetta *hrafnaspark* en afskaplega seinlesið“!

Seinlært (l) Sem seinlegt/erfitt er að læra. „Mér fannst þessi árans algebra dálítið seinlært“.

Seinlæs (l) Sem les hægt; sem er ekki vel læs; *treglæs*. „Strákurinn er farinn að stauta sæmilega, miðað við aldur, þó hann sé dálítið seinlæs ennþá“.

Seinlæti (n, hk) Hæglæti; slóðaskapur; seinfærni; droll. „Skelfingar seinlæti er þetta nú hjá þeim“!

Seinmæltur (l) Talar hægt. „Hann var fremur seinmæltur, en kvað fast að og ígrundaði hvert orð“.

Seinn (l) A. Seinlátur; hægfara; síðbúinn. „Ég varð dálítið sein fyrir með matinn“. B. Um tímasetningu. „Við komum ekki til baka fyrr en seint á degi“.

Seinn til gangs / Seinn á fæti / Þungur á sér / Þungur á fæti (orðtök) Ekki hraðgengur/léttstígur. „Maður er orðinn seinni til gangs núna en áður var“.

Seinn til svars (orðtak) Svarar seint; er ekki fljótur að svara. „Hann var seinn til svars og ég fann að honum var vandi á höndum“. „Móðir mín var sein til svars“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

- Seinn á sér** (orðtak) Seinclátur; handaseinn. Oftast í viðsnúinni merkingu: „Ég var ekki seinn á mér að rota steinbítinn þegar hann kom inní bátinn“.
- Seinn fyrir** (orðtak) Síðbúinn. „Ég varð heldur seinn fyrir, svo fyrsta féð úr Fjarðarhorninu náði að komast upp í Flosagjá“.
- Seinna, segir sá lati** (orðatiltæki) Auðskilið orðtak og viðhaft af þeim sem þykir annar latur, eða viðbrögð við tillögum einhvers um að fresta verkum.
- Seinna/síðar meir / Seinnameir / Síðarmeir** (orðtak/ao) Síðar; þegar frá liður. „Við getum lagað réttarhlíðið seinna meir; nú þurfum við að koma fénu inná túnið“.
- Seinna varp** (orðtak) Eftir að fyrstu *eggjaferðum* á vorin lauk var stundum farið aftur síðar, og kallað að fara í seinna varp. Ýmist hafði þá fuglinn verpta aftur eða annar fugl í sama *eggplássi*.
- Seinnameir / Síðarmeir / Seinna meir** (ao/orðtak) Síðar; seinna. „Ekki henda þessu; það getur verið gott að eiga ílát seinnameir“. Oftast notað sem eitt orð væri.
- „Þú gætir nú kannski séð þetta í öðru ljósi síðarmeir, þó þér finnst þetta núna“.
- Seinni blessunin** (n, kvk) Síðari hluti verks/athafnar. „Við verðum líklega ekki komnir á þessi mið á snúningnum, en við náum kannski seinni blessuninni á *niðurslættinum*“.
- Seinni slátrun** (orðtak) *Samtíningur*; síðari sauðfjárslátrun eftir aðalslátrun og síðari smölun að hausti.
- Seinnismölun** (n, kvk) Smölun/göngur/eftirleitir eftir fyrri smölun og réttir. „Ætli við þurfum ekki að fara í seinnismölun á Bjargið. Mig vantar enn þær sem ég vonaðist eftir af Geldingsskorardalnum“.
- Seinnipartur** (n, kk) Síðari hluti dags. „Seinnipart dags fór svo fólk að drífa að, vegna þess að jólatréð var núna á okkar heimili, og klukkan sex til sjö var kveikt á trénu“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Eithvað minnisstæðasta um þabba er þegar hann tók okkur með oft á sunnudögum út að Litlavatni og heim Hnífa. Sérstaklega var það seinnipart sumra til að skoða féð; hvaða kindur við sæjum og hvað lömbin höfðu stækkað“ (IG; Æskuminningar). „...og skyldi róið seinnipart sunnudags“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Seinnitími / Síðaritími** (n, kk) Tíminn sem síðar kemur. „Við geymum þetta til seinnitíma“. „Þetta er síðaritíma höfuðverkur“.
- Seinrekið** (l) Um fjárrekstur; rekst ekki hratt. „Féð var orðið þreytt og var því seinrekið síðasta spölinn“.
- Seinsprottið** (l) Sprettur ekki hratt. „Þessi kartöflutegund er fremur seinsprottin“.
- Sint að byrgja brunninn (eftir að barnið er dottið ofaní)** (orðatiltæki) Sjá *Of seint er að byrgja...*
- Seint á degi/nóttu** (orðtak) Síðla dags/nætur; síðdegis.
- Seint birtist blámanns skinnið** (orðatiltæki) Dökk húð verður aldrei ljós, sama hve vel er þvegið. „Hann er með þennan húðlit strákgreyið þó hann þvoi sér; seint birtist blámanns skinnið“! Birtast merkir þarna lýsast.
- Seint fullþakkað/ofþakkað** (orðtak) Seint nægjanlega vel þakkað fyrir; erfitt að þakka nægjanlega vel. „Honum verður seint ofþakkað hans framlag í þessum efnunum“.
- Seint fyllast sálir prestanna / Seint fyllist sálin prestanna** (orðatiltæki) Viðhaft um það sem endalaust virðist geta tekið við, t.d. útgjöldum manns. „Eru þeir enn að rukka fyrir þetta? Ja, það *verður ekki á þá logið*; seint fyllast sálir prestanna“! Sál merkir í þessu samhengi sekkur/skinnpoki, og spekin vísar til þess tíma þegar kirkjan lagði síauknar og þungar álögur á þegnana í formi ýmiskonar gjalda. Prestar innheimtu, og þótti gjaldendum víst oft nóg um. Fyrirgreinda mynd máltækisins er líklega sú rétta, en sú síðari heyrðist oftast í Kollsvík. Sjá önnur orðtök af sama meidi; *allt verður fyllt nema pokinn prestsins og flest étur svangur prestur og eins eru prestar og aðrir menn*.
- Seint fyrnast fornar ástir** (orðatiltæki) Maður man lengi það sem þeim honum var eitt sinn mjög kært. Oft viðhaft, hvort heldur er um hluti eða manneskjur að ræða. Einnig stundum í kaldhæðni: „Seint fyrnast fornar ástir. Þó þeir hafi ekki sést í áratug þá fundu þeir sér strax eitthvað deiluefni“!
- Seint í rassinn gripið (þegar allt er komið í buxurnar) / Seint séð** (orðtak) Seint brugðist við þegar í óefni stefnir, og skaði jafnvel skeður. „Það er heldur seint séð að vilja halda uppá þetta núna; ég var að kasta því í sjóinn“. „Mér þykir nú dálítið seint í rassinn gripið að fara að smala þarna núna; þegar komið er fram í snjóa og frost“. Í Kollsvík var stundum viðhöfð sú ending sem þarna er innan sviga, og gerir fyrirnefnda orðtakið auðskiljanlegt í vissu ljósi. Sumir vilja þó ekki sjá þessa viðbót, og skýra orðtakið með líkingu við að maður falli fyrir borð á báti og menn verði og seinir til bjargar.
- Seint koma heimskum hyggindi / Seint koma ósvinnum ráð í hug** (orðatiltæki) Hinn heimski er ekki líklegur til að taka gáfulegar ákvarðanir. „Setti hann aftur bensín á dísilvélina?! Ja seint koma heimskum hyggindi“!
- Seint koma sumir, og koma þó** (orðtak) Um þann sem er seinn fyrir/ kemur seinna en vænst er.

Seint og illa (orðtak) Gegnsætt orðtak og nokkuð notað. „Skuldin greiddist bæði seint og illa hjá honum“.

Seint og síðarmeir / Seint og um síðir (orðtak) Um síðir; miklu seinna; of seint. „Þeir komu ekki heim fyrr en seint og síðarmeir“. „Seint og um síðir uppgötvaðist að taskan hafði gleymst heima“.

Seint verður á sögnum/sögum skortur (orðatiltæki) Vísar til söguburðar/slúðurs; þess að menn hafa tilhneygingu til að skálda upp sögur ef sannleikurinn er ekki kunnugur eða hljómar síður krassandi.

Seint mun hrafninn hvítur verða / Seint verður hrafninn hvítur (orðatiltæki) Sá sem illa er innrættur mun síðar sýna eðli sitt, þó hann kunni að leyna því um stund.

Seint verður tófa trygg (orðatiltæki) Vísar til þess að ekki er hægt að temja ref eins og hund. Til þess er villidýrseðlið of sterkt. Menn hafa iðulega tekið yrðlinga úr greni sem búið er að vinna og alið þá hjá sér. Þeir geta orðið mjög spakir og hændir að manni; jafnvel elt fólk meðan þeir eru enn ungir. En þegar þeir fullorðnast verður eðlishvötin sterkari og þá leggja þeir á fjöll, þó vissulega geti þeir átt það til að leita fremur að bæjum en aðrir refir. Sú sögn er lífseig að refir sem aldrei eru af mönnum leggjast fremur á fê en aðrir. Refaskyttur taka stundum yrðlinga og nota þá til að hæna ref í byssufæri.

Seintekinn (l) A. Um manneskju; seinn í viðkynningu. „Þetta er viðkunnanlegur maður, en dálítið dulur og seintekinn“. B. Um heyskap, eggjatöku o.fl. „Þegar töðuheyskapur var búinn var farið að slá Sláttumýrarar, en þar var heyskapur seintekinn“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Töluvert er af fylseggiðum í Hnífunum, en þar er seintekið þar sem þau eru á stökum syllum“.

Seinvirkur (l) Sem virkar hægt; sem byrjar ekki strax að verka. „Þetta finnst mér alltof seinvirk aðferð“.

Seinþroska (l) Seinn til þroska; ekki bráðger. „Þótti henni við krakkarnir heldur seinþroska þegar við afþökkuðum kaffið þegar við komum við hjá henni“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Seinþreyttur til vandræða (orðtak) Sem forðast vandræði/vesen/ófrið. „Þó ég sé yfirleitt seinþreyttur til vandræða þá getur maður illa þolað svonalagað *andmælaust*“!

Seinþroska (l) Seinn til eðlilegs þroska.

Seisei (u) Upphröpun eða hikorð; einatt sem andsvar við því sem annar segir. Ýmist notað sjálfstætt til að býsnast yfir/ lýsa undrun yfir því sem sagt er, eða sem áhersla á játun eða neitun. „Maður gat þetta auðveldlega fyrr á tíð; seisei já“! „Seisei nei; þesslags hef ég aldrei kunnað“!

Seisingarhnútur (n, kk) Sérstakur hnútur sem notaður var til að tengja tvo bjargvaði saman, enda í enda. „Sérstakur hnútur var hafður í þessu skyni; svokallaður seisingarhnútur. Voru þá endarnir báðumegin við hnútinn benslaðir með mjóu snæri eða seglgarni við vaðinn“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sekkja (s) Setja í poka/sekk; *poka*. „Nú þyrftum við að fara að sekkja ullina“.

Sekkur (n, kk) Poki; balli. Á oftast við stóran poka.

Sekt (n, kvk) A. Sök; samviskubit. B. Bætur til samfélagsins fyrir lögbrot.

Sekt bitur sekan (orðatiltæki) Sekum manni líður oft illa af samviskubiti/eftirsjá.

Sekta (s) Leggja samfélagsbætur á einhvern fyrir lögbrot.

Sektarsvipur (n, kk) Svipur sem bendir til sakar/sektar; skömmustulegur svipur. „Tíkin tók við bitanum úr hendi hans með semingi, en leit síðan á mig með sektarsvip“.

Sektarkennd (n, kvk) Skammartilfinning; samviskubit; mórall. „Það er óþarfi að vera með einhverja sektarkennd yfir þessu; þetta var ekki með vilja gert“.

Sekur flýr þó enginn elti (orðatiltæki) Sá sem veit uppá sig afbrot er einatt á verði. Sjá *sök bitur sekan*.

Sel (n, hk) Útihús sem allajafna eru nokkru frá viðkomandi býli, þar sem legið var við með kúr og fráfaruær í góðum bithögum; þær mjólkaðar og mjólkinn unnin. Síðasta sel í Rauðasandshreppi var á Seljadal ofan Látrabjargs; líklega aflagt í byrjun 20.aldar. Þangað ráku Látrabændurnir þrjár kúr sínar og fráfaruær í sumarbyrjun og höfðu hjá þeim hver sína *selráðskonu*. „Fjós var sameiginlegt og rúmaði á seinustu tímum selsins fjórar kúr. Selhús munu að jafnaði hafa verið tvö... Selráðskonur mjöltuðu hver fyrir sig pening síns bónda og gerðu smjör og skyr. Mjólk til heimilisnota og skyr var sótt daglega í selið. Það aukastarf höfðu selráðskonur að hjálpa til við bjargsig milli mála, þá daga sem Látramenn voru í bjargi“ (MG; Látrabjarg).

Selalátur (n, hk) Staður þar sem selir kæpa. Bæjarnafnið Sellátranis er vafalítið kennt við selalátur; sem og Sellátrar í Tálknafirði. Selalátur eru sumsstaðar í Rauðasandshreppi, t.d. við Bjargtanga og líklega einnig á Landamerkjahlein undir Breið.

Selaskytterí (n, hk) Skotveiðar á sel. Selur var gjarnan drepinn í Kollsvík öðru hvoru til matar. Þó ekki á síðustu árum, enda fleiri matarholurnar nú en áður.

- Selenskortur** (n, kk) Stíuskjögur; hörgulsjúkdómur sem einkum er þekktur í lömbum en einnig öðrum skepnum og fólki. Hefur m.a. áhrif á starfsemi skjaldkirtilsins. Lömb með stíuskjögur verða einkennilega stírd í hreyfingum og vilja helst liggja. Ástæðan er oft inniföðrun fjár og skortur á kjarngóðu alhliða föðri. Meðhöndlun felst í selengjöf og verður bati fljótt ef snemma er brugðist við.
- Selbiti** (n, kk) A. Biti af selketi. B. Lítilsháttar högg sem veitt er með því að láta vísifingur eða löngutöng smella af þumalfingurgómi sömu handar. Kallað að „*gefa (einhverjum) selbita*“.
- Selflutningur** (n, kk) Forfæringar; flutningur einhvers í áföngum. „Síðan hófst selflutningur eggjanna úr einum ganginum til annars; alla leið á brún“.
- Selflytja** (s) Flytja/færa í áföngum, oft hluta flutnings í einu. Líking við flutning í sel, meðan selstaða var. „Síðan varð hann að fara margar ferðir upp og niður Bjargið og selflytja feng sinn á brún“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Selja** (s) A. Láta af hendi gegn greiðslu. B. Um kú; mjólka greiðlega. „Mjög er misjafnt hvort kýr selja vel eða illa; það fer bæði eftir kúnum og ástandi þeirra, en ekki síður eftir lagni mjaltamanns“.
- Selja ekki dýrara en keypti** (orðtak) Segja ekki meira en maður heyrir aðra segja; breyta ekki sögusögn. „Hann fullyrta að þetta hefði verið sjóskrýmsli, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti“.
- Selja upp** (orðtak) Æla; gubba (á sjó:) ræða við Jónas; skila matnum.
- Seljabúskapur** (n, kk) A. Búskapur/vist í *seli*. B. Líkingamál um veru í bústað um skamman tíma. T.d. notað um veru fólks á bæ sem annars er í eyði.
- Seljuviður / Selja** (n, kk/kvk) Lin og gisin viðartegund; *Salix caprea*. Þykir ekki endingargóður smíðaviður. Mikil hjátrú var tengd selju. Hún mátti t.d. ekki vera í húsum, því þá gekk fólki illa að fæða og skilja við/ deyjja. Einnig er selja óhafandi í skip og talin *manndrápsviður*; bátur úr selju var talinn *manndrápskolla*; einkum úr *blóðselju*. Seljuviður var nefndur ýmsum niðrandi nöfnum s.s. vindselja og handselja.
- Selkjöt** (n, hk) „Selkjöt hefur einnig verið notað hér um slóðir allt fram á þennan dag. Það var þvegið; spikið skorið af og kjötið soðið; borðað með kartöflum og rófum. Spikið var saltað og notað með söltum og signum fiski“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Selráðskona** (n, kvk) Kona sem hefur á hendi mjaltir og mjólkurvinnslu í *seli*.
- Selrifinn** (l) Um fisk; bitinn eftir sel. „Nokkrar grásleppurnar voru selrifnar og ónýtar“.
- Selskapsmanneskja** (n, kvk) Félagssvera, sá/sú sem er félagslynd(ur). „Hún er svo mikil selskapsmanneskja“.
- Selskapsskepna** (n, kvk) Dýr sem vill félagsskap/er mannelt. „Æðarkollan sem afi hjó hálfdauda úr klaka niðri við sjó og móðir mín bjargaði frá vísnum dauða taldi sig eftir það eina af heimilisfólkinu. Hún var mikil selskapsskepna og vildi helst vera þar sem annað fólk hélt sig, en kunni því illa að vera skilin ein eftir heima. Þá dýrkaði hún mjög klassíska tónlist, og kom sér vel fyrir framan við útvarpið ef slíkt var í boði“ (VÖ).
- Selskapur** (n, kk) Félagsskapur; samkvæmi; flokkur; hópur. Sjá *halda (einhverjum) selskap*.
- Selskinn** (n, hk) Skinn af sel. Selskinn hafa löngum verið verðmæt afurð, ekki síst til sölu og útflutnings. Þau eru þá skafin og fituhreinsuð eftir fláningu og síðan spýtt.
- Selspik** (n, hk) Selspik hefur löngum verið á borðum Íslendinga. Einnig var það fyrrum nýtt til hákarlaeitu, og fylgdi þ'vi bútur af húðinni nefndist það *húðarselur*.
- Selstöðukaupmaður / Selstöðuverslun** (n, kk/kvk) Selstöðukaupmenn hafa þeir kaupmenn verið nefndir sem ráku verslun á íslenskum verslunarhöfnum eftir að einokunarversluninni lauk árið 1787, og tímabil fríhöndlunar hófst. Nafnið er dregið af seli í íslenskum búskap, enda voru þeir yfirleitt búsettir í Kaupmannahöfn og höfðu þar aðalbækistövar sínar. Þeir önnuðust vöruinnkaup ytra til sölu hér, og tóku varning hér til sölu ytra. Hér höfðu þeir í sinni þjónustu verslunarstjóra, eða *faktor*. Nafngiftin selstöðukaupmaður var tekin upp í nokkuð niðrandi merkingu af síðari tíma íslenskum kaupmönnum, sem með því bentu á að affarasælla væri að Íslendingar önnuðust sjálfir sína verslun. Meðal fyrstu íslensku kaupmannanna var Ólafur Thorlacius á Bildudal. Ein selstöðuverslana var á Vatneyri við Patreksfjörð. Helsta samkeppni selstöðukaupmanna var að hálfu lausakaupmanna; svonefndra *spekúlanta*, sem sigldu milli hafna og versluðu frá skipum sínum. Margir landsmenn voru þó bundnir af skuldum sínum við selstöðukaupmenn. Helstu innflutningsvörur á þessum tíma voru kornvara, salt, járn, steinkol, tjara og munaðarvara, s.s. sykur, kaffi, tóbak og brennivín. Út var einkum flutt; saltfiskur, lýsi, ull, tólg og prjónles. Um og uppúr miðri 19.öld tóku bændur að hnekkja veldi selstöðukaupmanna með stofnun verslunarsamtaka. Þá spruttu t.d. upp kaupfélög víðsvegar um landið, en einnig komu upp öflugir íslenskir kaupmenn. Tilkoma símans árið 1906 varð einnig til að færa miðstöð verslunar til landsins frá Kaupmannahöfn.
- Selta / Seltumagn / Seltustig** (n, kvk/hk) Styrkur salts í upplausn, t.d. í sjó.

Seltumósta (n, kvk) Sandmósta; útfellingar úr foksandi á föstum hlutum. „Eftir sandstorm í Kollsvík var oftast töluverð seltumósta vindmegin á öllum hlutum. Hún samanstendur af salti og leir og er mjög tærandi“. Hverki sandmósta né seltumósta finnast í orðabókum, en bæði orðin voru notuð í Kollsvík.

Seltustorka (n, kvk) Salt eða saltblanda sem situr eftir þegar saltvatn eða sjór þornar. „Mikið verður gott að komast í vatn og þvo af sér seltustorkuna eftir þessa ágjöf“!

Selur (n, kk) Flokkur spendýrategunda sem eru vel lagaðar að lífi og veiðum í sjó. Algengasta selategundin hér við land er *landselur*, en einnig er mikið um *útsel*. Sjá þar.

Selur vel/illa (orðtak) Um það hve greiðlega kú mjólkast. „Kýr selur illa ef hún er mjög *fastmilk* að eðlisfari, en einnig getur verið að *lausmilk* kýr selji þeim vel sem hún er vön og öðrum illa sem beitir öðru *mjaltalagi*“.

Selveiði (n, kvk) Veiði á sel. Selveiði hefur aldrei verið veruleg í Útvíkum; utan það að menn hafa skotið sel öðruhvora til átu og skinnaverkunar. Á Rauðasandi var selur veiddur að nokkru marki í net áður fyrr. Athafnamaðurinn Pétur A. Ólafsson á Patreksfirði gerði um tíma út selveiðigufuskipið Kóp frá Suðureyri í Tálknafirði, með norskrí áhöfn. Skipið keypti hann 1916, en það sökk árið eftir.

Sem að höndum ber (orðtak) Sem verða vill; sem skeður. „Það verður bara að *taka því sem að höndum ber*“.

Sem áður fyr(r) (orðtak) Eins og áður/fyrrum. „Kýr eru einnig vanfóðraðar í Kirkjuhvammi, sem orsakast af átleysi, sem áður fyr eftir óþurrkasumur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Sem best (orðtak) A. Eins vel og hægt er. „Reyndu svo að skola bátinn sem best“. B. Vel; með góðu móti. „Mér dettur ekki í hug að gera þetta fyrir hann; hann getur sem best gert það sjálfur“!

Sem betur fer (orðtak) Til allrar lukku/hamingju; til bóta. „Sem betur fer var ég með nóg nesti og gat gefið hinum með mér“.

Sem ég er lifandi (kominn) / sem ég sit hérna (orðtök) Svardagar/heitingar til að undirstrika fullyrðingu. Sem ég er lifandi; féð er komið strax aftur inná! „Ég get ekki sannara orð sagt; sem ég er sit hér á stólnum“!

Sem ég kann að nefna (orðtak) Notað sem setningarending á eftir hugtaki sem mælandi veit nafn á en telur sig ekki þekkja frekar. „Það var víst brotið eitthvað í drifinu; einhver pinjón sem ég kann að nefna“.

Sem fyrst (orðtak) Eins fljótt og unnt er; með fyrsta móti. „Þetta þyrfti að gera sem allra fyrst“.

Sem leið liggur (orðtak) Rakleiðis; eftir leiðinni. „Heldur nú Einar sem leið liggur með bola upp á Hálsinn innanverðan“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Eyra heillar æskumanns/ unnar strengjakliður;/ enda löngum liggur hans/ leið til strandar niður“ (JR; Rósárimur).

Sem maður sáir mun hann uppskera (orðatiltæki) Maður tekur afleiðingum gerða sinna, hvort sem þær eru góðar eða slæmar. Sjá *eins og til var sáð/stofnað*.

Sem mest má verða (orðtak) Eins mikið og unnt er. „Nú baknagar hann nágrannann sem mest má verða“.

Sem (neinu/nokkru) nemur (orðtök) Sem munar um; eins og nær. „Það hefr ekki rignt sem neinu nemur í heilan mánuð“.

Sem nöfnum tjáir að nefna (orðtak) Sem unnt er að tala um/ láta sér detta í hug. „Ég hrúgaði í þessa köku öllu sem nöfnum tjáir að nefna“.

Sem oftast (orðtak) Eins oft og unnt er. „Til þess að ná góðum árangri í íþróttum þá þarf að æfa sig sem allra oftast“ (Guðbjartur Hákonarson; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).

Sem og (orðtak) Að auki; einnig. „Hann sporðrenndi átta eggjum; sem og stórrí brauðsneið og mjólkurglasi“.

Sem steini/þrumu lostinn (orðtak) Mjög undrandi; *standandi hissa*; svo hissa/undrandi að maður getur ekki hreyft sig. „Ég var í fyrstu sem steini lostinn þegar ég heyrði þetta“.

Sem slægur er í (orðtak) Sem eftirsóknarvert er; sem eigulegt er. „Hér eru fáar spýtur eftir sem nokkur slægur er í“.

Sem stendur (orðtak) *Að sinni; um sinn*; eins og nú er. „Hann er ekki innvið sem stendur; hringdu aftur síðar“. Sjá *nú sem stendur; rétt sem stendur; um þessar mundir*.

Sem svarar (orðtak) Jafngildi; sem jafngildir; jafnt og. „Fyrir þetta fékk hann sem svaraði einum daglaunum“.

Sem veigur er í (orðtak) Sem dugir; sem er sterkur/dugandi. „Ég þarf að fá með mér smala sem einhver veigur er í“.

Sem vonlegt var (orðtak) Eins og búast mátti við; eins og vænta mátti. „Hann var fúll yfir þessu, sem vonlegt var; honum hafði verið lofað öðru“.

Sem því nemur (orðtak) Að því marki; jafn mikið. „Þegar aðföng til búsinns hækka í verði verður afurðaverðið auðvitað að hækka sem því nemur“.

Sem vert er að nefna (orðtak) Sem ætti að ræða; sem er þess virði að sagt sé frá. „Eitt er það í viðbót sem vert er að nefna...“.

Sem vettlingi geta valdið (orðtak) Sjá *allir sem vettlingi geta valdið*.

Sem vonlegt er (orðtak) Eins og við er að búast; eins og ætla má. „En sem vonlegt var eru þeir þrekaðir af þreytu, vösbúð og kulda...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sement (n, hk) Steinlím; kalk- og kísilblanda sem blandað er í steinsteypu til að framkalla viðloðun og hörðun. Þróun sements hófst þegar menn komust uppá að vinna kalk úr kalksteini, og nær aftur til tíma Forngríkkja og Egypta um 2500 f.Kr. Ein elsta og merkasta bygging með sementsnotkun er Pantheon-musterið í Róm, frá 27 f.Kr, sem enn í dag er mesta steinsteypa bygging heims án járnabindingar. Fyrsta steinsteypa húsið í Rauðasandshreppi var íbúðarhúsið í Saurbæ; byggt 1907; smiður Finnur Thorlacius frá Saurbæ. Elsta steypa húsið í Kollsvík er Kollsvíkurhúsið sem enn stendur; byggt 1924.

Sementslöggun (n, kvk) *Sandsteypa; múr*. Þunn blanda sands, sements og vatns; oftast notuð til múrhúðunar.

Sementskústa / **Sementskústur** (s/ n, kk) Bera sementslög á húsvegg með hentugum bursta/kústi.

Sementskústun getur verið góð vörn á steinsteypu, einkum ef hún er sjálf sementsrýr. Var því mikið notuð fyrir á árum meðan sement var sparað í steypu, og voru t.d. gömlu útihúsin á Láganúpi sementskústuð.

Semítar (n, kk, fto) Fólki af kynstofnum sem tala semetísk mál. Til semíta teljast m.a. fornþjóðirnar Föníkíumenn/Föníkar; Aramear; púnverjar/ þ.e. íbúar Karþagó; Assýrar; Kaldear og Hebrear. Einnig nútímaþjóðirnar Arabar; Gyðingar og Eþíópíumenn. Samkvæmt gamla testamenti Biblíunnar voru semítar afkomendur Sems, en hann var elsti sonur Nóa.

Semja sig að (orðtak) Aðlaga sig; laga sig að; fella sig við. „Það verður víst að semja sig að þessum nýju síðum; hvort sem manni líkar það betur eða verr“. „Hann (Manús í Botni) samdi sig ekki alltaf að síðum annarra og sagt var til dæmis að klukkan væri ekki endilega það sem réði byrjun vinnu eða hættutíma“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Semjast um (orðtak) Semja um; ná samkomulagi um. „Okkur samdist um að skipta þessu að jöfnu“.

Semsagt / **Sem sagt** / **Semsé** / **Sumsé** (orðtak, uh) Hér um bil; nærri því; samasem. „Enn var það lágsjávað að báturinn tók sem sagt allur jafnt niðri, og dró það úr högginu“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Saltið er sem sagt búið“. „Það er semsé ekkert eftir“. „Þú heldur sumsé að þetta geti gengið“.

Semsé (ao) *Sem sagt*; samasem; *sumsé*. „Nú hafði mönnum hlaupið kapp í kinn og margir skorudu á þá Liða og Gumma að ljúka veðmálinu, en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi; semsé að slátra lambinu og vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).

Sena (n, kvk) Svið í samkomuhúsi; leiksvið. „Árni Helgason skýrði frá því að þorrablótsnefnd 1971 hefði gefið húsinu tjöld fyrir senu, ásamt brautum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Senda á (einhvern) (orðtak) Kasta til einhvers; ljóða á einhvern; senda bréf til einhvers; senda einhverjum.

Senda eftir (Senda einhvern til að sækja eitthvað. „Gamalt fólk trúði því að vatn úr Engislæknum hefði lækningamátt. Svað lítið sem krakkarnir urðu lasnir var alltaf sent eftir vatni úr honum“ (SE; Örn.skrá Stakkadals).

Senda kveðju guðs og sína (orðtak) Senda kveðju; biðja að heilsa. „Hann sendir þér kveðju guðs og sína, og biður þig nú endilega að *lita við* næst þegar þú átt leið um“.

Senda (einhverjum) tóninn (orðtak) Hasta á einhvern; skamma einhvern háum rómi; halda reiðilestur. „Hann sá okkur missa féð og sendi okkur tóninn; hvort við værum farlama gamalmenni og blindir í þokkabót“!

Sendast (s) A. Vera sendur. „Aftaná bréfinu stóð; sendist til baka ef vitakandi er fluttur“. B. Fara mjög hratt; þjóta; flýta sér. „Ég sentist á harðahlaupum niður holtið og náði að komast fyrir hópinn“. C. Fara í sendiferð. „Get ég fengið þig til að sendast dálítið fyrir mig“?

Sendiboð (n, hk) Skilaboð; orð; boð. „Ég fékk sendiboð um breytingu á fundartímanum“.

Sendibréf (n, hk) Bréf sem sent er. Meira notað áður.

Sendibréfsfær (l) Sæmilega ritfær. „Ég hélt að menn þyrftu að vera sendibréfsfærir til að verða ráðherrar“.

Sendiferð (n, kvk) Stutt ferð í erindum annarra. „Geturðu skroppið í sendiferð inn á Gjöggra fyrir mig“?

Sendiför (n, kvk) Lengri ferð í erindum annarra. „Þessi sendiför þeirra var á vegum yfirvalda“.

Sending (n, kvk) A. Það sem sent er, t.d. póstsending. B. Draugur; uppvakningur. „Eftir að sendingin sem Benedikt Gabríel sendi Einari í Kollsvík hafði gengið að hesti hans dauðum...“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Sendingskast (n, hk) Sjá *í sendingaskasti*.

Sendinn (l) Sandborinn; úr sandi. „Ofar taka við sendnir melar; svo mýrlendi“ (IG; Sagt til vegar I). „Fjaran er sendin, en hleinar um fjöruborð“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Senditík (n, kvk) Niðrandi heiti á þeim sem sendur er/ lætur aðra nota sig. „*Pessir háu herrar* þarna fyrir sunnan geta nú bara sleppt því að senda vestur einhverjar senditíkur til að tala gegn hagsmunum bænda“!

Sendlingur (n, kk) *Calidris/Erolia maritima*. Lítil strandfugl af snípuætt. Mjög algengur í fjörum landsins, m.a. í Kollsvík, og er gjarnan í hópum. Sendlingur er smáfaxinn, þybbinn vaðfugl, og fremur stuttfattur. Grábrúnn á baki með dökkum flekkjum, en að mestu hvítur að neðan. Brjóst með smáum daufum gráum blettum; stélið stutt og nær alveg svart. Á flugi sést mjó hvít rönd eftir öllum vængnum aftarlega. Fætur gulleitir, og einnig nef sem þó dökknar að framan. Sendlingur er að hluta farfugl hérlendis, og þeir sem fara halda til á austurströnd N-Ameríku eða vesturströnd Evrópu. Fæðan er einkum það smálegt sem finnst á útfiri, s.s. meyjapöppur og marflær. Til heiða tínr hann skordýr, snigla o.fl. Sendlingurinn verpir helst til heiða og fjalla; holta og hæða. Hreiðrið er oft á berangri; lítil grunn dæld. Eggj eru ljós á lit með dökkum flekkjum. Í fyrstu liggja foreldrar jafnt á eggjunum en síðar karlfuglinn eingöngu. Lendir það einnig á honum að sinna ungunum, sem fara fljótt úr hreiðri.

Sengjubragð (n, hk) Bragð af mat sem hefur náð að brenna við; *sængurkonubragð*. Einkum getur þetta átt við um mjólkurgrauta, s.s. grjónagrat og flóaða mjólk. „Við fengum hjá þeim grjónagrat með rúsinum, en nokkuð sengjubragð fannst mér af honum“.

Senn (ao) A. Bráðum, rétt strax; fljótlega. „Það fer senn að birta“. B. Samstundir; í einu. „Nú gerðist margt í senn...“. „Hann heyrði ekkert; þó við kölluðum báðir í senn“.

Senn bólar/bryddir á Barða (orðatiltæki) Viðhaft þegar enn er beðið eftir því sem væntanlegt er. Sumir hafa talið máltækið vísa til minnis úr Heiðarvígasögu, þegar Borgfirðingar biðu eftir að Barði Guðmundsson kæmi suðurum heiði til að veita þeim lið. Út frá orðatiltækinu varð til alþýðuskýring sem sjá má í Þjóðsögum Jóns Árnasonar; um smalann Barða sem hin fjölkunnuga Katla drekkti í sýrukeri. Líklegra er þó að orðtakið sé eldra; frá þeim tíma að menn áttu von á skipi úr hafi, en fornt heiti skips er „barði“. Menn biðu eftir að sjá skipið sem þúst/bólu við sjónarrönd. Önnur útgáfa orðtaksins er *ekki bólar (enn) á barða*.

Senna (n, kvk) Viðureign; rífrildi; deilur; verkbrota. „Við tókum eitthvert allharða sennu um þetta málefni“. „Munu renna tunglin tvenn;/ tímans brenna kerti þrenn;/ fyrr en kenni friðar menn;/ ferleg sennan stendur enn“ (JR; Rósarímur).

Sennilega (ao) Trúlega; líklega; líkast til. „Sennilega er þetta orð minna notað *núorðið* en áður var“.

Sennilegt (l) Líklegt; trúlegt. „Mér þykir sennilegt að Kollsvíkin komist fljótlega aftur í byggð“.

Sepi (n, kk) Flípi; húðfelling; tota. „Ég klippti af einhvern sepa sem ég fékk við að *hruflast*“.

Sepóttur (l) Með mörgum sepum; alsettur sepum. „Bergið í þaki holunnar er sepótt, líkt og þar sitji enn hraundropar sem storknuðu fyrir meira en tíu milljónum ára“.

Seppi (n, kk) Gæluheiti á hundi; hundsnafn.

Serða (s) Hafa samfarir við.

Serimóniur (n, kvk, fto) A. Eiginleg merking; athöfn. B. Líkingamál; sérstök aðferð; sérvíska. „Hann þykist alltaf þurfa að nota einhverjar serimóniur við þetta verk“. „Ætli þurfi einhverjar serimóniur til að ná þessu stykki úr vélinni“?

Servietta (n, kvk) Lítil handþurrka/munnþurrka sem stundum er notuð í finni veislum og á veitingahúsum, en var til skamms tíma alls óþekkt og óþörf í daglegu lífi Kollsvíkinga; enda innfluttur snobbsiður.

Sess (n, kk) A. Sæti. Oftast í orðtökum; valtur í sessi; hár í sessi; velta úr sessi. B. Staðsetning í röð. „Hann hefur fengið sinn sess í sögunni“.

Sessa (n, kvk) A. Sæti á þóftu í árabát. B. Púði eða þykkt áklæði sem setið er á, t.d. í söðli eða sæti.

Sessunautur (n, kk) Sá sem situr við hliðina/ sama borð.

Set (n, hk) A. Sæti; bekkur. „Hér vantar fleiri set, þegar við erum svona margir“. Sjá *færa sig um set*. B. Botnfall sem fellur út í vatni eða sjó; efnislag á botni eða í jarðlögum. „Eitthvað set hefur safnast hér fyrir“.

Seta (n, kvk) A. Það að sitja. „Okkur þótti orðin nokkuð löng setan, svo ég fór framá brúnina og skimaði eftir honum“. Sjá *fundarseta*, og *ekki til setunnar boðið*. B. Það að liggja við hákarlsveiðar. C. Sæti. Oftast notað nú til dags um hring þann á salerni sem setið er á.

Setbað / Setbaðker (n, hk) Stutt baðker, með stalli í öðrum enda; ætlað til að menn sitji á meðan þeir baðast. „Setbaðker var á seinni árum á klósettinu í gamla bænum á Láganúpi (rifinn eftir 1974). Ekki hefði verið unnt að hafa þar stærra bað vegna plássleysis í skúrbyggingunni. Fyrir þann tíma baðaði Láganúpsfólk sig um tíma í steypu baðkeri í verkfærahúsinu, en þar áður var notast við vaskafat og þvottapoka“.

- Setbekkur** (n, kk) Sæti sem margir geta setið á samtímis. „Í eldhúsinu var *eldhúsbekkur* og tveir setbekkir“.
- Setberg** (n, hk) Set sem orðið er að þéttri bergtegund vegna þrýstings og aldurs. T.d. er set í rauðu millilögnum sem áberandi eru í berglagastafla Kollsvíkur og víðar. Það er pressuð eldfjallaaska og jarðvegur frá goshléum meðan landið var að hlaðast upp fyrir mörgum milljónum ára.
- Setgagn** (n, hk) Stóll eða setbekkur; húsgagn sem setið er á. „Eru næg setgögn fyrir þennan mannfjölda“.
- Setið egg** (orðtak) Egg sem er enn ekki orðið *stropað* en rauðan er komin út að skurni og byrjuð að gulna. „Það er óþarfi að henda þessu eggi. Það er rétt örliðið setið og ekkert byrjað að stropa“.
- Setinn bekkurinn** (orðtak) Þétt raðað/skipað af mörgum einstaklingum. „... en það hefur líka verið setinn bekkurinn í Grundabænum, svo þú varst vön þrengslunum“ (S.G: Bréf til mómmu; Árb.Barð 80-90). Sjá *þétt setinn bekkurinn*.
- Setja** (s) A. Láta; staðsetja; koma fyrir. „Settu vatn í ketilinn fyrir mig og settu hann á eldavélina“. B. Um bát; draga/flytja. Í þrengri merkingu merkir orðið að *setja niður/upp* (sjá þar). Í almennari merkingu að draga hann milli staða með handafla, en í Kollsvíkurveiri nær eingöngu notað um að draga báta á land. „Talað var um að „setja upp“ og „setja niður“, en oft var það stytta í „setja“ ef augljóst var hvað við var átt“. „Hann er að auka sjóinn. Ég held að við þurfum að setja bátinn ögn hærra“. Bátar voru stundum settir langar leiðir. T.d. kom fyrir að bátar væru settir milli Rauðasands og Barðastrandar. „Í eystri brún Bjarngötudals eru tveir allmiklir hjallar; Neðri- og Efri-Skipahjalli. Draga þeir nafn af því að skip voru tekin á vaðdrætti upp dalinn og sett eftir hjöllum þessum, aðallega þeim hærri“ (ÍÍ; Örn.skrá Bæjarparts). Oftast var bátur þó settur í lendingu: „Ef formanni leist svo á veðurhorfur að hann taldi að gæfi á sjó, fór hann inn og vakti skipverja sína. Þeir klæddust og fengu sér bita, og síðan var haldið til skips. Þegar þangað kom var það ávallt fyrsta verk formannsins að setja negluna í bátinn, og því næst var farviður borinn um borð. Þá voru skorður teknar undan og síðan var skipið sett... Þegar skipið flaut fóru menn jafnóðum um borð, og síðan var tekið í, sem kallað var; skipinu snúið sólsarinnis. Þá voru tekin nokkur áratog en síðan gaf formaður skipun. Þá lyftu menn árunum; tóku ofan höfuðfötin og fóru með sjóferðabænum. Að því búnu var róið sem fastast uns komið var á mið“ (JÞÞ; Sjósókn og sjávarfang). Þessi lýsing á við sjósetningu sunnanlands, en hún fór að mestu fram á svipaðan hátt í öllum verstöðvum. Einkanlega átti það við, að snúa bát ætíð sólsarinnis og biðja sjóferðabænum þegar bátur var kominn á flot og áður en haldið var í róðurinn. C. Skipa í embætti. D. Undirbúa fyrir prentun.
- Setja að** (orðtak) Kólna; kvefast „Búðu þig nú almennilega krakki; annars gæti sest að þér“!
- Setja að eftirsjá/grát/hroll/óttu/sorg/ugg** (orðtök) Fá tilfinningu um eftirsjá/grát/hroll/óttu/sorg/ugg. „Það setti að mér nokkra eftirsjá þegar billinn renndi úr hlaði, enda myndi ég ekki sjá hann fyrr en að vori“.
- Setja (einhverjum) afarkosti** (orðtak) *Stilla einhverjum upp við vegg*; gera einhverjum slæma valkosti/skilmála í samningum/viðskiptum. „Stjórnevöld hafa í raun sett bændum afarkosti með þessari tillögu“.
- Setja á** (orðtak) A. Taka það fé til lífs að hausti sem ekki fer í slátrun; taka til ásetnings. „Það er rétt að setja tvílembingana Lukku á; þeir eru svo ári vænir“. „Ég set hann ekki á þennan hrút þó það sé freistandi“. „Hún Gibba gamla er orðin ósköp ræfilsleg og varla á vetur setjandi“. „Ætlarðu virkilega að setja heimalíngsfrækjuna á“? „Því lengur sem ég skoða og set á, eða hef þetta forðagæslueftirlit, því betur sannfærast ég um að fóðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930). B. Um forðagæslumenn; skoða hvað heyforði bónda dugir fyrir mikinn bústofn. C. Gera slæmt veður. „Þá setti á suð austan moldarbyl“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978).
- Setja á blað** (orðtak) Skrifa niður; rita. „Ég þarf endilega að setja þessa vísu á blað áður en ég gleymi henni“.
- Setja á/yfir él** (orðtak) *Renna á éli; bresta á með éli*. „Nú sýnist mér hann vera að setja yfir okkur annað él“.
- Setja á flot** (orðtak) *Um bát; setja niður; setja fram; sjósetja; fleyta; ýta úr vör*. „Hann er dottinn alveg niður með þennan gutlanda sem var; eigum við ekki bara að fara að setja á flot“? „Gamla Rut er sett á flot í Kollsvíkurveiri. *Sólóvél* sett í gang og keyrt suður á Bæi“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Setja/koma á fót / Setja á laggirnar** (orðtök) Stofna til verkefnis; stofna fyrirtæki; hefja. „Bændur settu á fót kaupfélög til að tryggja sölu sinna afurða og afla sér um leið nauðsynjavöru á réttmætu verði“. „Sett var á laggirnar Jarðræktarfélag Kollsvíkurbænda um fyrsta traktorinn“.
- Setja (einhvern) á galeiðuna** (orðtak) Láta einhvern í erfitt starf/ í erfiðan félagsskap. „Þú varst heldur betur settur á galeiðuna; ekki öfunda ég þig af að þurfa að vinna með honum“!
- Setja á guð og gaddinn** (orðtak) Ætla að hafa fleiri skepnur yfir vetur en unnt er að fóðra eða hýsa. Sumum bændum hætti til að vera um of bjartsýnir í þeim efnunum og voru mjög gagnrýndir af þeim varfærnari. Sjá *gaddur*; *éta (einhvern) út á gaddinn*; *reka (einhvern) út á gaddinn*.
- Setja á oddinn** (orðtak) Beita sér einkum fyrir; hafa sem helsta markmið. „Furðulegt er að flokkurinn skuli ætla að setja þetta mál á oddinn í kosningabaráttunni“.

- Setja á ræðuhöld** (orðtak) Halda langa ræðu; tala mikið. „Þetta veit ég alltsaman; það er óþarfi að setja á einhver ræðuhöld um það“!
- Setja á sig** (orðtak) Leggja á minnið; einsetja sér að muna. „Ég setti það nú ekki á mig hvar ég hvíldi mig, en líklega hef ég týnt hnífnum þar“. „Settu á þig miðin; við *rennum* hér aftur á morgun“.
- Setja á sig rögg** (orðtak) *Drifa sig*; fara að vinna kappsamlega; *hleyypa í sig kjarki*. „Við ættum nú að setja á okkur rögg og mála þakið; *ekki veitir því af*“.
- Setja á stall** (orðtak) Hefja um of til virðingar; dýrka.
- Setja á stofn** (orðtak) Stofna; stofnsetja; grundvalla; stofna/efna til. Stofn merkir hér grundvöll einhvers, s.s. samþykktir/stofnfé þegar fyrirtæki er sett á stofn.
- Setja á stokka** (aotðtak) A. Setja tré á búkka/stokka, til að unnt sé að saga það. B. Leggja kjöl að bát á stokka til að unnt sé að hefja smíði hans.
- Setja á streng** (orðtak) Um landtöku báts; setja afla seilaðan útbyrðis og hafa hann á streng/taug í sjónum meðan lent er, til að létta bátinn ef slæmt er í sjó. Eftir lendingu er strengurinn dreginn í land. „Samt lagði oft þá báru, að seila þurfti fiskinn á floti og láta seilarnar útbyrðis; jafnvel setja þær á streng, til þess að vera laus við þær meðan bátnum var brýnt úr sjó“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Setja á stöfnum** (orðtak) Um setningu báts; þoka bát ofar í fjöruna með því að færa stafnana í hálfhring hvorn á fætur öðrum; *stafnsetja*. Þannig má setja lítinn bát ef þrír eru við. Einn styður meðan hinir *baka* stafninn; sinnhvors vegar, og færa hann til.
- Setja á tamp** (orðtak) Um hákarlaveiðar; hagræða veiddum hákarli utanborðs. „Væri hlaðafli af lifur var hákarlinn settur á tamp. ... Með *trumbuhnif* var stungið í gegnum trjónu hákarlsins og snúið. Stóð þá eftir gat sem kaðall var þræddur í. Kaðallinn var látinn liggja undir bátinn; sinn endi bundinn í hvorn borðstokk og þannig bætt á að jafnt áttak væri báðum megin“ (Æ; Ljós við Látraröst).
- Setja bann við** (orðtak) Banna; *fyrirmuna*. „Það verður að setja blátt bann við því að aka þarna um á bíl“.
- Setja bát/setja upp** (orðtak) Bjarga báti undan sjó; koma honum úr lendingu í sitt *uppsátur*. Til að setja bát þurfti nokkra menn, jafnvel þó um smáan bát væri að ræða. Til léttis voru notaðir *hlunnar* úr tré, hvalbeini eða síðast með járnrullum. Bátar voru bæði *settir upp* og *settir niður* (eða *settir fram*), en það síðartalda nefndist einnig að *ýta á flot*. „Seila menn allan fenginn út, og flytja so skipin í eina lending, sem er í Kollsvikurlandi, og setja þau þar upp“ (ÁM/PV; Jarðabók). Oftast voru bátar settir á hlunnum, en þó þekktist að *setja á stöfnum*. Á síðari árum er sett á bátakerrum og dráttartækjum beitt fyrir. „Svo var spretturinn tekinn niður úr fjöru, þar sem þeir voru að setja bátinn...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Háflóð var, og því stutt að setja“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Setja ekki ljós sitt undir mæliker** (orðtak) Efast ekki um eigin visku; þykjast vita meira en raun er á; vera ekki gagnrýninn á eigin hæfileika/vísdom. Vísar til biblíutexta í Matt. 5.15; „Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker, heldur á ljósastiku; og þá lýsir það öllum í húsinu“. Mæliker er þarna ílát sem hvolfst er yfir ljósið. Segja má að öll merking myndlíkingarinnar hafi breyst, því skilningur þess er nú sá að menn mæli/meti/gagnrýni ekki nægjanlega það sem þeir segja.
- Setja endapunkturinn á** (orðtak) Láta lokið; ljúka; enda. „Hér setjum við endapunkturinn við þessa vertíð“.
- Setja fast** (orðtak) Festa vað/línu/stjóræfari eða annað. Vanalega átt við að festa færi sem er úti meðan annað verk er klárað; t.d. að blóðga úr síðasta drætti. Sett er fast t.d. með því að bregða skutilsbragði á tollu eftir að grunnmál hefur verið tekið. Einnig var talað um það í bjargferðum að setja fast þegar vaðnum var fest við örugga brúnarfestingu. „Láttu út af *stjóræferinu* sem svarar tvöföldu dýpi í *yfirvarp* og settu svo fast á hnýfilinn“. „Þegar farið er á Jónshöfðann er sett fast með því að bregða utanum lága klettabúst í efsta ganginum“. „Þótt nú gerðist harðla hvasst/ hrikti í rámm og taugum;/ segladótið set ég fast,/ sigli beint af augum“ (JR; Rósarímur).
- Setja fram** (orðtak) A. Um bát; setja niður; komast fram; ýta á flot/ úr vör; *sjósetja*. „Jæja, nú setjum við fram; takið á“! B. Líkingamál um málefni; segja sitt sjónarmið. „Þú skalt setja fram þína skoðun“.
- Setja fund/samkomu** (orðtak) Hefja fund/samkomu formlega. „Oddviti Snæbjörn J. Thoroddsen setti fundinn með nokkrum orðum og bauð fundarmenn velkomna“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Setja fyrir** (orðtak) A. Setja stýri á árabát í róðri; *hjara stýri*. Stýri voru tekin frá þegar báti var lent; þ.e. *stýrissveif* var tekin úr og stýrinu kippt upp úr *lykkjunum*. Þá skrölti það ekki eða týndist þegar bátnum hafði verið *brýnt*. Eftir að báturinn var kominn á flot í upphafi róðrar var stýrið sett fyrir, og gerði það formaður. „Flestra háttur var að halla sér út og aftur fyrir *borðstokkinn*, venjulega stjórnborðsmegin við *hnýfilinn*; hafa hægri hönd á *stýrisfjöður* og láta *krók* og lykkju greiðlega standast á. Ekki þótti formannslegt að *grúfa sig* yfir hnýfilinn þegar stýri var hjarað, enda var það kallað að *fara á kerlingu*“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). „Arni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakk í stýrisaugað“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Settu ekki í gang

- fyrir en ég er búinn að setja fyrir“. B. Um setningu báts; leggja hlunna í stefnu báts til að auðvelda setningu. „Hlunnar eru settir fyrir og báturinn settur niður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). C. Skipuleggja verk; segja nemendum hvað þeir eiga að læra næst.: „Ég setti þeim fyrir að stinga upp garðinn í dag“. „Mér var settur fyrir einn kafli í bókinni“. D. Setja hindrun fyrir, t.d. bíl svo ekki renni af stað. E. Loka hliði/fjárrett/dyrum. „Gleymdirðu nokkuð að setja fyrir dynnar á reykkofanum“?
- Setja fyrir sig** (orðtak) Gera mikið úr; telja *frágangssök*/óásættanlegt; þykja mikið; gera; fjargviðrast yfir. „Maður setur það nú ekki fyrir sig þó örlítill *loðpurpa* sjáist á ketbitanum: Svoleiðis má bara skafa í burtu“. „Þetta er nú vel klukkustundargangur frá Saurbæ, þó enginn setti slíkan smáspotta fyrir sig“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Setja hjá** (orðtak) A. Staðsetja eitthvað hjá öðru. B. *Hafa útundan*; hafa *afskiptan*. „Honum fannst hann hafa nokkuð verið settur hjá við þessi skipti“.
- Setja hljóðan** (orðtak) Slá þögn á; þagna; eiga ekki orð til að lýsa tilfinningum; verða mjög undrandi/hissa/sorgmæddur. „Svo horfa þeir út á Víkina. Margir bátar; vinir þeirra og kunningjar. Allt er þegar ófært. Hvernig fer þetta? Þá setur hljóða“ „Þóririnn Bjarnason tók til máls; alla setti hljóða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Setja hlunna** (orðtak) Setja fyrir; leggja hlunna fyrir bát til að *setja* hann. „Þá eru settir hlunnar og einn maður þarf að styðja bátinn. Það þarf að vera fljótur með hlunnana því margir eru á spilinu“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Setja/reka hnefann í borðið** (orðtak) Segja sínar skoðanir; mótmæla; standa fastur á sínum viðhorfum. „Hann er að verða fjári ágengur, ég þarf bráðum að fara að setja hnefann í borðið“. Sjá *spyrna við fótum*.
- Setja inn** (orðtak) A. Láta inn í hús. Sérstætt þýddi orðtakið einatt að láta fé inn í fjárhús; hýsa. „Ég ætla að skreppa í fjárhúsinn og setja inn“. B. Fella net á teina/þini. Tvær aðferðir voru notaðar við netafellingu. Sú eldri og meira notuð var *nálarfelling*. Til eru nokkur afbrigði við hana, en þeim er sameiginlegt að dreginn er þráður; netagarn, með netanál í gegnum möskva á jaðri netsins, og hann hnýttur um teininn með vissu millibili. Stundum er teinninn jafnframt dreginn í gegnum jaðarmöskvana, og stundum er netið fellt á sérstakan (mjóan) tein sem svo er benslaður við teininn. Hin megináferð til fellingar/innsetningar er *bekkfelling*. Þá er rör fest í þægilegri hæð á undirstöðu; oft lítinn lausan bekk. Uppá rörið eru jaðarmöskvar netsins þræddir, og er sett skutulsbragð á suma þeirra með vissu millibili. Síðan er teinninn dreginn í gegnum rörið og möskvarnir felldir af; þ.e. festir utanum teininn. Bekkfelling er fljótleg fyrir þá sem vanir eru, en þykir ekki jafn góð og nálarfelling, þar sem hætta er á að möskvarnir dagist eftir teininum, séu þeir ekki benslaðir fastir. C. Setja mann í fangelsi.
- Setja inn net** (orðtak) *Fella net*; setja *tein/þin* á *netaslöngu*. „Ég man samt eftir að Einar bróðir vann tog í tuttugu faðma innsett net; kembdi, spann, tvinnaði, riðaði og setti inn; og veiddi svo ágætlega í netið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Setja í** (orðtak) A. Um veiðiskap; veiða; krækja í; fá á öngul. „Nú held ég að ég hafi sett í lúðu!“ B. Stilla stórviðarsög upp fyrir sögun trjáviðs. „Það var kallað að setja í þegar söginni hafði verið stillt þannig upp í byrjun að hún lægi beint við strikunum; bæði því lóðréttu og lárétta“ (LK; Ísl.sjavarhættir I).
- Setja (einhvern) í bobba** (orðtak) Setja einhvern í vandræðalega/erfiða stöðu; *stilla (einhverjum) upp við vegg*. „Nú seturðu mig í nokkurn bobba; en ég get illa neitað þér um þetta“. Sjá *bobbi*; *komast/kominn í bobba*.
- Setja í brýrnar** (orðtak) *Hleypra brúnum*; *hvesa augun*; láta augabrúnir síga, t.d. í reiði. „Hann setti í brýrnar og skipaði þeim að fara strax og sækja skófluna“.
- Setja í driftir / skafli** (orðtak) Skafa snjó í skafli. „Hann hefur sett allan snjó í driftir í látunum“.
- Setja í gang** (orðtak) Gangsetja vél. „Á þeim árum sem ljósavélar voru keyrðar í Kollsvík þurfti að fara daglega til að setja í gang, en það var sjaldnast orðað öðruvísi. Fyrstu árin voru þær ekki láttnar ganga nema seinnipart daganna eftir að dimma tók, en síðar allan daginn, eftir því sem raftækjum fjölgaði á bæjum“.
- Setja í hlið/dyr/gat** (orðtak) Loka; setja hurð/hliðgrind/hlera fyrir. „Nú hefur gleymst að setja í hliðið, svo féð er allt komið inná!“ „Settu í milligerðina; það er orðið nokkuð jafnt í hólfunum“.
- Setja/geyma í súr** (orðtak) Um geymsluáferð matvæla sem notuð hefur verið frá fornu fari; setja matvæli, t.d. kjötmeti, í mysu eða annan mjólkurmat til að þau súrni og geymist en haldist vel æt og næringarrík.
- Setja klukku/úr** (orðtak) Stilla klukku/úr á réttan tíma. „Nú þyrfti að setja klukkuna“.
- Setja (einhverjum) kosti/úrslitakosti** (orðtök) Gefa einhverjum kost á að velja; setja lokaskilyrði. „Ég setti honum þá úrslitakosti að annaðhvort smalaði hann sjálfur sitt land eða annar yrði fenginn til að gera það á hans kostnað“.
- Setja kúrsinn** (orðtak) Taka stefnuna; stefna. „Ætli við förum ekki óðara að setja kúrsinn til lands“.

- Setja í fisk/lúðu** (orðtök) Veiða fisk/lúðu. „Hana! Loksins setti ég í fisk!“ „Hér setti ég eitt sinn í stórlúðu“.
- Setja í reyk** (orðtak) Setja matvæli í reyk. Sjá *kveikja undir; taka úr reyk*.
- Setja í skorður** (orðtak) A. Koma bát á sinn stað, t.d. í sátri, og skorða hann svo ekki velti. B. Líkingamál; koma einhverju í fast/staðfast/stöðugt form; koma einhverju á endanlegan stað.
- Setja/krækja í þann stóra** (orðtak) Sjómannamál og merkir eignlega að fá stóran fisk á sinn krók, en er oftast notað í líkingamáli um það að festa færið í botni; *draga fósturjörðina/föðurlandið*. „Ertu nú búinn að setja í þann stóra? Þú hefur ekki tekið nógu mikið grunnmál“!
- Setja/hafa í öndvegi** (orðtak) Koma til virðingar; setja í forgang. „Það er allt í lagi að kunna enskuna, en ástæðulaust að setja hana í eitthvað öndvegi“. Sjá *öndvegi*.
- Setja niður** (orðtak) A. Um bát; koma báti á flot; setja bát af kambi á sjó. „Hlunnar eru settir fyrir og báturinn settur niður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Viða var skutur látinn ganga á undan í setningunni, nema ef brimaði; þá var *borið við*; þ.e. skipinu snúið sólarinnis á landi. Var það gert þar sem skip voru yfirleitt *viðtakameiri* að framan. Þegar sexæringur var settur niður vestra *hlunnaði hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan. Mennt fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip formaður þá *stjaka* jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr *vörinni*“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja; hvolfu upp; botnmálning*. B. Setja bát niður í fjöru, sem hvolfur hefur verið til geymslu uppi á bökkum, þó ekki sé sjósettur um leið. „Ætli við förum ekki að *hvolfa upp* og setja niður, fyrst hann er að spá sjóveðri á næstunni“. C. Um mann/máfni/stað; lækka í álititign; *setja ofan*. „Mörgum fannst að staðurinn setti dálítið niður við þessar breytingar“. D. Koma kartöflum í jörð til ræktunar. „Ég setti niður fjórar tegundir“. E. Skrásetja; skálda. „Ég er svosem ekkert skáld, en ég setti niður eina stöku við þetta tækifæri“. F. Leggja frá sér. „Settu þetta bara hér niður“. G. Snjóá; fenna. „Hann hefur sett niður fjandi mikinn snjó síðasta sólarhringinn. Það gæti orðið skrautlegt ef hann hvessir í þetta“. H. Jafna ágreining milli manna; semja sættir. „Hann setti niður deiluna með þessu móti“.
- Setja ofan** (orðtak) A. *Setja niður/* sjósetja bát. „Við skulum nú bráðum fara að setja ofan“. B. *Setja niður*; missa álit; minnka að virðingu. „Hann hefur sett ofan í mínum augum“. C. Um hlaup á kindum/fé; hlaupa niður brekku. „Ég náði að króa þær af uppi við kletta, en þá settu þær allar ofan; beint strik niður í fjöru“! D. Snjóá; fenna. „Enn setur hann ofan; ekki veit ég *við* hvað þetta *lendir*“!
- Setja ofaní við** (orðtak) Skamma; ávíta; veita ákúrun. „Mér finnst að einhver ætti að setja rækilega ofaní við karlinn fyrir þetta tiltæki“!
- Setja saman** (orðtak) A. Koma einhverju saman sem aðskilið er. „Menn hjálpuðust að við að setja traktorinn saman í fjörunni“. B. Semja skáldverk/vísu/ljóð. „Hver setti þessa vísu saman“?
- Setja sér / Setja sér það mark og mið / Setja sér það takmark** (orðtak) *Einsetja sér*; ákveða það takmark/stefnumið fyrir sig. „Hann setti sér að ná kindunum í rétt hjálparlaust“.
- Setja sér fyrir hugskotssjónir / Setja sér fyrir sjónir** (orðtak) Ímynda sér; hugsa sér. „Það má alveg setja sér fyrir sjónir að þetta hefði getað gerst með öðrum hætti; en þetta er nú það sem varð“. „Það getur hver og einn sett sér fyrir hugskotssjónir hvernig það færi ef báturinn fengi á sig sjó, svona hlaðinn“.
- Setja sér markmið/takmark** (orðtak) Hafa hugsjón/markmið/takmark sem unnið er markvisst að. Á þann hátt næst jafnan skjótari árangur en ef unnið er stefnulaust. „Og treystirðu Guði þá tekst þér um síð/ það takmark er snemma þú settir./ En mundu að oft kemur yfir sú tíð/ sem engu úr fyrir þér réttir./ Þá verðurðu að standa sem drengur á dröfn/ og drengur að reynast uns kemurðu í höfn“ (VÖe; Ísland).
- Setja sig** (orðtak) Taka á rás. „Kindurnar settu sig neðan brekkuna þegar ég hóaði“. „Hundurinn setti sig strax í sjóinn eftir fuglinum“ (IG; Sagt til vegar I). „Ég reyndi að komast fyrir lambhrútinn á brúninni, en hann setti sig þá bara framaf“! „En viti menn: Allt í einu setja ærnar sig út á ísinn í einum hnapp, er ég var rétt að komast fyrir þær“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans)
- Setja sig á háan hest** (orðtak) *Hreykja sér*; þykjast meiri en maður er. „Vertu ekkert að setja þig á háan hest“!
- Setja sig inni** (orðtak) Kynna sér. „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu...“ (PG; Veðmálið).
- Setja sig í stellingar** (orðtak) *Búast til*; verða viðbúinn; hafa uppi viðbúnað; *gera sig kláran*. „Hann er að verða búinn að tína egginn saman af hillunni; setjið ykkur í stellingar til að draga“!
- Setja sig neðan / ofan** (orðtak) Fara (óvænt) upp eða niður; oft notað um fé sem smalað er í brattlendi. „Ég hélt ég væri kominn fyrir kindina í hlíðinni, en þá allt í einu setur hún sig ofan alla hlíð; á þessu líka *skurki*“!

„Hrúturinn tekur þá rennslið og setur ofan allan hrygginn, niður undir *sjórarkletta*“. „Hópurinn setti sig neðan; upp hrygginn og Lambagang; alveg á brún“.

Setja sig niður (orðtak) A. Faá sér sæti; setjast. „Gerðu svo vel og komdu innfyrr og settu þig niður“. B. Setjast að; *rífa sér ból*. „Þau voru varla búin að setja sig niður á jörðinni þegar karlinum datt í hug að flytja aftur“.

Setja sig upp á móti (orðtak) Leggjast gegn; vera andvígur. „Ég ætla ekki að setja mig upp á móti þessu ef þið haldið að það sé til bóta, en ekki er ég vel hress með það“.

Setja/reisa skorður við (einhverju) / Setja (einhverju) skorður (orðtak) *Setja (einhverju) takmörk*; sporna við. „Stjórnvöld hafa talið nauðsynlegt að setja skorður við flóttamannastraumi til landsins“. Skorður eru reistar undir súð báta til að halda þeim réttum í sátri. Hér gæti þó verið átt við hindrun af einhverju tagi, t.d. í orrustu.

Setja skörinni lægra/hærra (oðtök) Meta/virða meira/minna en annað. „Fyrir mína parta þá set ég nú þennan hrút skörinni hærra en hinn, hvað varðar byggingarlagið“. Orðið er komið frá setu manna eftir virðingarröð í skálum að fornu. Pallar voru með veggjum og á þeim bekkir sem húsbændur og jafningjar þeirra sátu á, en vinnufólk, börn og annar lýður átti setu á pallskörinni. (Sjá *skörin færir upp í bekkinn*).

Setja (einhverjum) stólinn fyrir dyrnar (orðtak) Draga mörkin; reisa skorður við; grípa í taumana. „Skemmtanalífið var farið að verða æði kostnaðarsamt, og að því kom að foreldrarir settu honum stólinn fyrir dyrnar“. Komið úr réttarvenju erlendis að setja stól fyrir dyr sem bann við aðgengi. „Þannig var t.d. settur sóll fyrir framan dyr tvígífts manns, ef rjúfa átti eignarsamfélag hans og barna af fyrra hjónabandi“ (HH; Ísl. orðtakasafn).

Setja/gera strik í reikninginn (orðtak) Setja áætlanir úr skorðum; hindra; breyta því sem ætlað var. „Ég ætlaði að vera kominn suður um þetta leyti, en veðráttan hefur *heldur betur* sett strik í reikninginn“. Dregið af breytingum í bókhaldi/reikningshaldi með útstrikunum.

Setja (einhverju) takmörk (orðtak) Takmarka eitthvað; draga einhverju mörk. „Það verður að setja því einhver takmörk sem eytt er í svona óþarfa af almannafé!“ Sjá *engin takmörk sett*.

Setja til (orðtak) A. Ráða einhvern til verks/vinnu. „Ég var settur til að hause“. B. Gera að skilyrði. „Hann seldi mér hrútinn, en setti það til að ég tæki hann strax á hús“.

Setja til höfuðs (orðtak) Setja til tryggingar; setja til gæslu. „Ég setti strákinn til höfuðs árans kúnum; að líta eftir því að þær færðu ekki í rófgarðinn“.

Setja til sjóar / Setja niður / Setja ofan (orðtök) „Búið var að hreinsa sand úr bátum, og voru þeir settir til sjóar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Setja tönn fyrir tungu (orðtak) Hætta að tala; þagna; loka sínum munn.

Setja undir sig hausinn (orðtak) Um erfitt úrlausnarefni; einhenda sér í; gera atlögu að. „Nú þarf ég bara að setja undir mig hausinn og klára að smíða þetta“.

Setja um (orðtak) Hrinda niður; fella; hella úr í ógáti. „Nei; nú setti ég bollan um í ógáti; réttu mér einhverja þurrku“. „Passaðu að hrútarnir setji ekki vatnfötuna um, þegar þú vatnar þeim“.

Setja undan sjó (orðtak) Setja/draga bát svo hátt í fjöruna að honum sé óhætt fyrir öllum sjógangi um háflæði. „Oftast var báturinn skolaður áður en hann var að fullu settur undan sjó; nema því aðeins að ráð væri á unglíngum til að gera það þegar báturinn var kominn í skorður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Setja undir sig hausinn (orðtak) Um það þegar skepna býst til að veita atlögu með því að lækka höfuðið og beina því í átt að andstæðingi. Einnig notað um það þegar maður beygir sig og gengur á lútur gegn veðri til að hlífa andlitinu; eða beygir sig þegar ágjöf ríður yfir bát. Í líkingamáli notað um að nota seiglu/þrjósku þegar maður kemur málefni áfram. „Það verður víst að setja undir sig hausinn og halda út í élið“.

Setja upp (orðtak) A. Að draga bát upp á land. Áður fyrr var sett upp með handaflí, enda nægur mannskapur til þess. Síðar var farið að nota gangspil, og enn síðar að taka bát í sérsníðaðan vagn, sem hann var settur í á floti og síðan dreginn upp með dráttarvél eða öðru. „Var verið að setja bátinn upp, en óðara brugðið við og haldið í áttina til Guðbjartar og hann fluttur í land, en síðan var báturinn sóttur“. (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Að búa til lanir, galta eða hey. „Rifjað var þrisvar á dag, og rakað upp að kvöldi; í föng ef hey var blautt, annars lanir og að lokum galta; oftast kringlóttá, þegar heyið var farið að þorna vel“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). C. Reisa mastur á bát; *tréreisa*. „Þegar seglbúið var fylgdu því ýmsar skipanir formanns til háseta: -Setjið upp!- Setjið upp og greiðið úr seglum! – Tréreisið! – Mastrið! – Takið til!“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Setja upp gestaspjót (orðtak) Um hegðun kattar; teygja aðra afturlöpp upp í loftið og sleikja sig að aftanverðu. Þjóðtrú sagði það boða gestakomu.

- Setja upp hundshaus / Vera með hundshaus** (orðtak) Vera óánægður; vera fúll/afundinn. „Það þýðir ekkert hjá honum að setja upp hundshaus yfir þessu; hann verður bara að *bíta í það súra epli* að þessu verður ekki breytt“!
- Setja upp húfu/hatt/höfuðfat** (orðtök) Setja höfuðfat á koll sér. „Segir sagan að fljóttir hafi þeir félagar Jóns verið að setja upp húfur sínar er þeim mætti þessi sjón“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Setja upp skeifu** (orðtak) *Beygja af*; mynda grátvipru á munni. „Það tekur því ekki að setja upp skeifu yfir því að heimalningurinn sé settur í sláturhúsið; það verður kannski annar næsta sumar, stuttur minn“.
- Setja upp svip** (orðtak) Verða reiðilegur/móðgaður/undrandi/hneykslaður á svipinn. „Ég sá að frúin setti upp svip þegar ég nefndi verðið“.
- Setja út** (orðtak) A. Hleypa fé útúr húsum; láta út. „Það mætti fara að setja féð út“. B. Í spilum; leggja spil af hendi í borðið. „Nú átt þú að setja út“. C. Um siglingu skips; miðun þeirrar stefnu í korti sem sigla skal. Ef siglt er til staðar sem ekki er í augnsýn er stefna sett/stungin út í korti og síðan sigld eftir kompás.
- Setja (einhvern) útaf laginu** (orðtak) Fipa/rugla einhvern við það sem hann er að fást við. Vísar til þess að fipa áralag/takt manns við róður. „Nú settirðu mig alveg útaf laginu; ég þarf að byrja aftur að telja“!
- Setja út af sakramentinu** (orðtak) Fella í ónáð; segja upp störfum; svipta ábyrgðarstöðu. „Ég er hræddur um að þessi nýi smali verði fljótt settur út af sakramentinu ef hann liggur bara í berjum *sýknt og heilag*“.
- Setja út á** (orðtak) A. Finna að; gera aðfinnslu/athugasemd við. „Ég held að hann *hafi engin efni á* að setja út á umgengni annarra“! B. Láta eitthvað út á annað. „Settu ögn meiri kanil úta grautinn fyrir mig“.
- Setja yfir** (orðtak) A. Setja pott á eldavel til matargerðar. „Ég set þá soðninguna yfir ef þið komið fljótlega í mat“. B. Breiða hærur yfir galta. „Það þarf að setja yfir niðri á Fitinni áður en fer að rigna“. C. Um úrkomu; koma með; setja á. „Nú held ég að hann sé að setja yfir okkur *glórulaust* él“.
- Setjast að** (orðtak) A. Búast til langdvalar. „Förum nú að koma okkur; eða ætlaðu kannski að setjast alveg að“? B. Um sár; skurma; byrja að gróa. „Það er byrjað að setjast dálítið að þessu“.
- Setjast að** (orðtak) A. Verða um kyrrt; búa um sig á stað; staðnæmast. „Nú þurfum við að fara að halda áfram göngunni; ef við ætlum ekki að setjast hér að“! „Þeim leist vel á bújörðina og langar að setjast hér að“. B. Umkringja; þjarma að. „Þeir settust að honum eftir þessa uppákomu, og hann viðurkenndi að lokum sín mistök“. C. Um sár/hrufll/skurð; byrja að gróa; koma bandvefur. „Ég tók umbúðirnar af og sýndist að aðeins væri byrjað að setjast að sárinu“.
- Setjast að** (orðtak) A. Um mann skepnu; verða um kyrrt; *slá sér niður*. „Heimakæri frændinn, hann rekur blómlegt bú;/ blessaður hann var að láta út kýrnar./ Ég flýtti mér þá til hans og sagði „sælinú/ ég sest hér að“; hann hvessti á mig brýrnar“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Um sár; myndast skurn/húð á yfirborði; byrja að gróa; *skurma*. „Vertu nú ekki að rífa ofanaf sárinu eftir að farið er að setjast að því“!
- Setjast að (einhverjum)** (orðtak) Um það þegar einn eða fleiri hitta mann og reyna að þvinga hann eða fá til að samþykkja sinn vilja. „Þeir settust að honum og reyndu hvað þeir gátu, en hann *sat fastur við sinn keip*“.
- Setjast að snæðingi** (orðtak) Setjast að borðum; fá sér að borða. „Settust nú allir að snæðingi og kveikt var undir *kaffikatlinum*“ (EO; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Nú er Gummi kominn á Gjöggra og hefur komið lömbum sínum í réttina og er þá sest að snæðingi í kofanum, eins og torfhúsið var oftast kallað“ (PG; Veðmálið). „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng. Síðan var sest að snæðingi“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).
- Setjast að spilum** (orðtak) Setjast niður saman til að spila á spil. „*Að því loknu* var sest að spilum“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans).
- Setjast á rökstóla** (orðtak) Hefja *rökræður*; ræða um mál til að komast að kjarna/sannindum þess; *jafna ágreining*. „Við settumst á rökstóla og náðum að lokum samkomulagi“.
- Setjast í dómarsæti** (orðtak) Dæma; fella dóm. „Ég ætla ekki að fara að setjast í neitt dómarsæti í þessu“.
- Setjast í helgan stein** (orðtak) Hætta að vinna; *slá sér til rólegheita*. „Eruð þið alveg sestir í helgan stein þarna í aðgerðinni“?! Í líkingunni merkir steinn klaustur, og því er merkingin sú að ganga í klaustur.
- Setjast til borðs** (orðtak) Fá sér sæti við borð. „Maturinn er alveg að koma;viljiði ekki bara setjast til borð“? Af sama meiddi er að „setja (einhvern) til borðs með (einhverjum“; að láta einhvern snæða með öðrum.
- Setjast upp/ setjast að** (orðtak) A. Um fólk; *slá sér niður til langdvalar*; verða um kyrrt; *standa lengi við*. „Það er best að fara að koma sér; ég ætlaði nú ekki að setjast hér upp“. B. Um fugl; koma í varpstað. „Nú er múkkinn farinn að setjast upp“.

Setjast upp (orðtak) A. Um fugl; koma í bjarg til undirbúnings varpi. „Múkkinn er farinn að setjast töluvert upp“. „Fuglinn er að mestu sestur upp á þessum tíma“. B. Um gest/aðkomumanneskju; gerast þaulsættinn á bæ; setjast að og vilja ekki fara. „Nú þarf ég annaðhvort að fara að *koma mér*, eða hreinlega setjast upp“!

Setjum sem svo... / Segjum nú... (orðtök) Ímyndum/hugsum okkur.... „Setjum nú sem svo að þessi flokkur komist í ríkisstjórn; haldiði bara að hér muni drjúpa smér af hverju strái daginn eftir“?!

Setlag (n, hk) Lag af seti, vanalega rauðleitt, milli blágrýtisлага í jarðlagastafla, t.d. í grennd við Kollsvík.

Setningsspil (n, hk) Gangspil; spil sem notað er til setningar á bát. „Tvö setningsspil voru í Kollsvík frameftir 20.öld; eitt í Kollsvíkurveri og annað ofanvið vörina í Lágánúpslendingu“.

Setningur (n, kk) Það verk að draga bát upp, þannig að öruggt sé fyrir sjógangi. Var áður fyrr jafnan í karlkyni í máli Kollsvíkinga, en vegna aðkominna áhrifa er það líklega oftar í kvenkyni nú. „Við setning voru alltaf notaðir hlunnar, er lagðir voru fyrir bátinn það þétt að jafnan voru tveir undir kjölum samtímis“ (KJK; Kollsvíkurver).

Setprik (n, hk) Prik í hæsnahúsi/hæsnakofa, sem hænur sitja á.

Setskauti (n, kk) Hluti af skinnbrókum; sjá *skinnklæði*. „Í hverja brók þurfti fjögur skinn; eitt í setskauta, helst kálfskinn; eitt í hvora brókarskálum og eitt í ofanásetur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Settla (s) Gera málamiðlun; stilla til friðar; koma á hreint. „Honum tókst að settla málin áður en til meiri ófriðar kom“. „Ætli við þurfum ekki eitthvað að settla þetta með skuldamálin“.

Settlega (ao) Myndarlega; reglulega; snyrtilega; rétt. „Mér fannst öllu mjög settlega fyrir komið“.

Settlegur (l) Myndarlegur; reglulegur; í góðu/réttu formi; snyrtilegur. „Frúin trítlaði á eftir; settleg og hringaskreytt“.

Setur (n, hk) A. Aðsetur höfðingja/prests; stytting úr höfðingjasetur/prestssetur. „Prestssetur var lengi í Sauðlauksdal“. B. Stór varpstaður bjargfugla; stytting úr fuglasetur. „Það er vel orpið í Setrunum“.

Sexflakandi (l) Um stærð á lúðu og skiptingu hennar í stykki. „Aftara flakið var látið halda fullri lengd á þeirri lúðustærð sem nefndar voru *langflökur*. Á stærri lúðum var þverbiti tekinn, jafnt *vaðhornsskurði* og þá voru þær kallaðar sexflakandi“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá nánar um „vaðhorn“.

Sexróinn (l) Um bát; róið af sex ræðurum allajafna.

Sextantur (n, kk) Mælitæki, einkum notað fyrr á tíð í skipum til staðarákvarðana og stefnumiðunar. Nafnið er dregið af því að skali tækisins tekur yfir sjötta part úr hring, eða 60 gráður. Notkunin felst í því að fá tiltekna stjörnu til að sýnast vera við sjóndeildarhring, en þá var hægt að reikna út þá breiddargráðu sem skipið var á. Ekki er vitað til þess að Kollsvíkingar hafi notað sextant til siglinga til eða frá víkinni, þó sumir hafi eflaust þekkt notkun hans.

Sexæringur (n, kk) Bátur af vissri stærð; oftast róinn af sex mönnum, en það var þó ekki einhlítt. „Sexæringar (á Tálknafirði og Arnarfirði) voru einkum notaðir til hafróðra og flutninga... Þeir voru átrónir þótt þeir væru nefndir sexæringar. Allir sexæringar voru tvísigldir, og fylgdi þeim því tvö möstur, tvö segl og ein fokka. Útleggjari fyrir klýfi þekktist ekki fyrr en sprytsiglingin sunnlenska kom til sögunnar, rétt fyrir aldamótin (1900)“ (Ingivaldur Nikulásson; Barðstrendingabók).

Seyði (n, hk) Soð; súpa; soðvatn þess sem verið er að sjóða. Oftast er talað um seyði þegar soðnar eru jurtir, t.d. *fjallagrasaseyði*.

Seyðingur / Seyðingsverkur (n, kk) Langvarandi verkur, ekki mjög sár en óþægilegur. „Ég er kominn með einhvern fjárans seyðing í endajaxlinn. Ætli ég þurfi ekki að fara að líta til tannlæknis bráðlega“.

Seyma (s) Negla/festa með saum; oftast notað um bátasmíði. Bátar gátu verið þéttseymdir eða gisseymdir.

Seyma upp (orðtak) Endurnýja/bæta neglingu/seymingu á báti. „Það þyrfti að fara að seyma bátinn upp“.

Seymi (n, hk) A. Hverskonar saumur eða efni til sauma. B. Þráður til sauma; t.d. skinnklæða og skóá, fenginn úr sinaböndum sem liggja ofan á hryggvöðvum nautgripa, hrossa og hvala. Sinarnar voru þurrkaðar og þá mátti fá úr þeim fina og grófa þræði að vild.

Seymur (n, kk) Saumur. Orðið er eingöngu notað núorðið í orðtakinu að *draga seyminn*, þ.e. segja eitthvað með áberandi langri áherslu á sérhljóða. Ekki fer á milli mála að það orðtak vísar til sauma; til þess að draga langan þráð í gegnum klæði. Orðið „seymi“ sem nú er oftast í hvorugkyni, hefur því fyrrum verið í karlkyni.

Seyra (n, kvk) A. Drulla; efja; mykja. B. Stundum notað eingöngu um mannsaur sem safnað hefur verið í rotþró eða *skitapró*. Fyrrum var seyra talin mikilvægur áburður og borin á tún. T.d. nýtti Guðbjartur á Lágánúpi seyruna úr kamrinum þar meðan hann var. En nú veldur einhver þempiuháttur því að þessi dýrmæti áburður er urðaður; engum til gagns. C. Fátækt, bágindi. Sbr. *búa/lifa við sult og seyru*.

Seytl (n, hk) Vætl; sigt; sytra; lítið rennsli vatns eða annars vökva. „Viða er seytl úr jörðu á Hústóftarbökkunum“.

Seytla (s) Vætla; renna lítilsháttar. „Heimantil við Litlavatn seytlar vatn undan Strympuormunum“.

Sexróinn bátur (orðtak) Bátur með sex ræðum/keipum, sem unnt er að róa með sex árum. „Þeir fara frá Kollsvík fyrri part dags af stað, á róðrabát sem hét Heppinn. Þetta var sexróinn bátur, eins og flestir bátar voru þá sem sóttu sjó með lóðum sem veiðarfæri í Kollsvík“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Sextugt (l) Sextíu faðma sjávardýpi/hæð bjargs. „Þar er sextugt af brún í fjöru“. „Snemma virðist sá háttur komast á að telja sextug (þ.e. 60 faðma) færi hæfilega löng“ (GG; Skútuöldin).

Sexæringur (n, kk) Bátur sem róinn er af sex ræðurum, þ.e. með tólf ræði. Þeir voru oft um 23-27 fet að lengd eða 7-8 ½ m, og burðargetan oft um 4 tonn. Sexæringar og stærri fôr voru gjarnan nefnd skip en bátar minni. „Þar sem Miðlandahilla er breiðust mætti hvolfá sexæringi“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Séð það svartara (orðtak) Sjá *sjá það svartara*.

Ség (s, þt) Þátíð orðsins að „siga“ var yfirleitt með þessum hætti í Rauðasandshreppi áður fyrr, þó nú sé „seig“ almennt notuð. „...þegar hlaup var í ánni ruddi hún mól og rofahnausum í Síkið; eins ség jarðvegur frá myrlendinu milli Holtanna og þrengdi farveginn“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Sélegur (l) Laglegur; vel útlítandi. „Þetta er hinn sélegasti gripur“.

Séni (n, hk) Dönskuletta, upptekin á síðari árum í merkingunni gáfnaljós/snillingur.

Séns (n, kvk) Sletta, upptekin á síðari árum í merkingunni möguleiki.

Sénslaust (l) Ómögulegt. Dregið af slettunni *séns*.

Sér (ao) Sér í lagi; sérstakur; aðskilinn frá öðrum. „Tvílembur eru hafðar í sér hólfi“.

Sér/sést á (orðtak) Má sjá á. „Nú er ég glaður á góðri stund/ sem á mér sér“ (Hallgrímur Pétursson).

Sér á grís hvar í garði er alinn (orðatiltæki) Útlit eða framferði manns ber oft upprunanum vitni. „Það var þá fögnuður að fá þennan *flokkahlaupara* í framboð; sér á grís hvar í garði er alinn“!

Sér á parti (orðtak) A. Sérstaklega; beinlínis; *sér í lagi*. Vegagerðin þarf að veita fé í þennan veg, sér á parti“ B. Einstakur; sérstakt mál/atriði. „Þarna voru margir góðir leikarar, en hann var alveg sér á parti“.

Sér eignar smalamaður fé (þó engan eigi hann sauðinn) (orðatiltæki) Menn láta oft sem þeir eigi það sem þeir höndla með í umboði annarra.

Sér ekki á dökkan díl (orðtak) Svo mikill snjór á jörðu að fátt stendur uppúr; allt hvítt af lausamjöll. Sjá *dökkur díll* og *rauð jörð*.

Sér ekki á svörtu (orðtak) Sjá *það sér ekki á svörtu*.

Sér ekki fyrir endann á (orðtak) Sjást engin endalok á. „Það sér ekki enn fyrir endann á þessari kuldatíð“.

Sér ekki fyrir vend (á vað) (orðtak) Um það þegar vaður er gefinn svo hratt niður í bjargsigi að ekki sjást skil vafninga á honum þegar hann rennur um hendur *undirsetumanna*. „Ef um stórt loftsig var að ræða var vönun sigara gefið svo fljótt að ekki sá fyrir vend á vaðnum“ (LK; Ísl.sjávarhættir V).

Sér ekki högg á vatni (orðtak) Sést ekki að neitt sé farið/eytt/horfið. „Þrátt fyrir alla þessa miklu eggjatöku virtist ekki sjá högg á vatni; þetta hafði engin áhrif á fuglastofnin“. Líkingin á við það að ekki sér á vatni þó höggvið sé í það.

Sér ekki út úr augum (orðtak) Um dimmviðri; lítið skyggni vegna úrkomu/snjókomu/kófs. „Það þýðir ekkert að leggja af stað í þessu; það sér ekki út úr augum fyrir byl“.

Sér er (nú) hver/hvað (orðtak) Upphrópun í byrjun andsvara í þrætu eða hneykslun. „Hann segist hafa látið moka hingað í gær. Sér er nú hver moksturinn, þegar vegurinn er gjörsamlega teptur niðri í Hæðinni“!

Sér fyrir / Sér móta fyrir (orðtök) Sjást mót á; mótar fyrir. „Þarna sér ennþá fyrir tóftum“.

Sér fyrir endann á (orðtak) Fer að ljúka. „Loksins fer að sjá fyrir endann á þessari netahreinsun í bili“.

Sér hver heilvita maður / Sér hver sjáandi maður (orðtök) Getur hver maður séð; eir greinilegt. „Svona getur þetta ekki gengið; það sér hver heilvita maður“! „Þetta hlýtur hver sjáandi maður að sjá“!

Sér í hann hvítan (orðtak) Um sjólag; brotnar úr báru; fellur úr báru; hvítar í báru (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar. „Fór nú vindur óðum vaxandi en jafnframt var komið norðurfall á móti vindi. Jók það báru mjög fljótt, þannig að farið var að falla af báru og sjá í hann hvítan“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Sér í lagi (orðtak) Sérstaklega; einkanlega. „Sér í lagi þykir fylnum lifrin herra manns matur“.

Sér til óbóta (orðtak) Svo manni verður illt af; svo manni líður illa. „Nú er ég búinn að *éta* mér til óbóta“.

Sér til sálubótar/sáluhjálpar (orðtök) Sér til hugarhægðar/yndisauka. „Maður er nú meira að hripa þessi orð niður sér til sálubótar en af einhverri fræðimennsku; hvað þá heldur af nokkurri getu“.

Séra (n, kk) Titill presta og prestvígðra manna. Var undantekningarlaust viðurnefni á undan nafni þeirra fyrrum, en stundum sleppt nú á tímum. „Séra Grímur Grímsson bjó síðastur presta í Rauðasandshreppi“.

Sérdeilis / Sérleiðis (l) Mjög; sérstaklega. „Það væri sérdeilis gaman ef þið létuð sjá ykkur í veislunni“.

Sérdrægni (n, kvk) Hlutdrægni; eigingirni; viðleitini til að *skara eld að sinni köku*. „Mér finnst að þeir hafi sýnt verulega sérdrægni í þessum vegamálum“.

Sérdrægur (l) Hneigist til hlutdrægni/eigingirni/sérdrægni.

Sérframboð (n, hk) Framboð utan flokka á pólitískum vettvangi.

Sérfróður (l) Fróðari en almennt gerist um tiltekið efni. „Hann er sérfróður á þessu sviði“.

Sérfræðingur (n, kk) Maður sem er sérfróður/ sem veit meira en hver annar um tiltekið efni. Sú fráleita hefð hefur skapast í íslensku nútímamáli að orðið eigi eingöngu við um þá sem lengsta hafa skólagaönguna. Þetta er ein af skaðlegustu kreddum nútímaþjóðfélags, og veldur því að illa nýtist þekking hinna fjölmörgu sem hennar hafa aflað af eigin rammleik og/eða búa yfir meðfæddum hæfileikum. Hluti af *menntasnobbi*. Sjá einnig *undirlægjuháttur*.

Sérgáfa (n, kvk) Sérstakur meðfæddur hæfileiki.

Sérgóður (l) Sjálfgóður; sérhlífinn. „Það þótti hinn mesti löstur í Kollsvík að vera sérgóður og nískur“.

Sérgæðingur (n, kk) Sá sem er sérgóður. „Sumum þótti hann heldur mikill sérgæðingur í þessu efni“.

Sérgæðingsháttur (n, kk) Sú tilhneyging að halda sig og sína betri/æðri/fullkomnari en aðra. „Þessi fjölskylda hefur komið sér fyrir í ráðandi stöðum samfélagsins af óverðskulduðum sérgæðingshætti“.

Sérhlífinn (l) Hlífir sér við vinnu/fyrirhöfn; latur. „Hann er helst til latur og sérhlífinn finnst mér“.

Sérhlífni (n, kvk) Leti. „Mér finnst þetta nokkur sérhlífni af honum“!

Sérhver jafnan sínu ann (orðtak) Hverjum þykir vænst um sitt/ sínar eigur/ sína vandamenn.

Sérhvur (fn) Sérhver; sérhver. Nokkuð algeng framburðarmynd var áðurfyrr. „Þetta getur sérhvur maður séð“.

Sérilagi (ao) A. Sérstaklega; einkanlega. „Egg eru viðkvæm í flutningum; sérilagi múkkaegginn“. B. Sér; útaf fyrir sig. „Það er betra að sjóða lifrina sérilagi, en ekki með fiskinum“.

Sérkenni (n, hk, fto) Síðari tíma orð yfir einkenni.

Sérkennilegur (l) Einkennilegur; sérstakur; sker sig úr. „Niðurundan þúfustekk er sérkennilegt vik eða skarð í hjallanum, nánast ferhyrnt að lögun, og heitir Klettakví“ (HÖ; Fjaran).

Sérlega (ao) Sérstaklega; mjög; afar. „Hann er sérlega laginn við svona smíði“. „Ekki þykir mér þetta sérlega gott, en hollt mun það vera“.

Sérlegur (l) Sérstakur. „Hann var sérlegur sendiboði stjórnvalda í þessum málum“.

Sérlundaður / Sérsinna (l) Sá sem hugsar öðruvísi en aðrir; sérvitur. „Hann þótti alltaf dálítið sérlundaður“.

Sérmunalega (ao) *Sérdeilis*; sérstaklega; einstaklega; afar; mjög. „Mér fannst þetta sérmunalega *súrt í brotið*, og lét óánægju mína skýrt í ljósi“. „Þetta finnst mér sérmunalega fráleit aðgerð“!

Sérmunalegur (l) Sérstakur; einstakur; mjög mikill. „Þetta var alveg sérmunalegur klaufaskapur“! Oriðn „sérmunalega“ og „sérmunalegur“ voru nokkuð almennt notuð í máli Kollsvíkinga framundir þennan dag, en virðast ekki hafa þekkt annarsstaðar.

Sérplæginn (l) Sérgóður; eigingjarn; hugsar mest um eigin hag.

Sérplægni (n, kvk) Eigingirni; síngirni; gróðahyggja.

Sérrettindi (n, hk, fto) Réttur umfram það sem almennt gerist; forréttindi.

Sérsaumaður (l) Um fatnað; saumaður sérstaklega til að passa viðkomandi manneskju.

Sérsinna (l) Sérvitur; *sérlundaður*; dyntóttur. „Sumum þótti hún dálítið sérsinns, en ég *komst vel af með hana*“.

Sérstaða (n, kvk) Það sem gerir eitthvað einstakt/sérstakt. „Sérstaða landslags á þessum slóðum liggur ekki síst í því að það er ómótað af skriðjöklum og stórfljótum á síðari tímum“.

Sérstaklega (ao) Einstaklega; mjög. „Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af þessu“. „Ég þakkaði öllum fyrir, en henni þó sérstaklega fyrir þessa dýrmætu gjöf“. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skrokknum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu“ (PG; Veðmálið). „Heyrðu herna lagi, lýst þér ekki á mig?/ Lagleg er ég, sérstaklega í myrkri./ Ég fylgi þér í rúmið, þá fer svo vel um þig,/ og faðma þig með jómfrúrhendi styrkri“ (DÓ/ÖG; Bónorðsforin).

Sérstæður (l) A. Sá sem stendur sér/ aðskilinn frá öðrum. B. Sérstakur; einkennilegur. „Hann var óumdeilanlega mjög sérstakur karakter“.

Séruppdráttur (n, kk) Sérstakt kort; sérstök teikning mannvirkis. „Teiknarinn Samúel Eggertsson bjó um tíma á Grund/Torfamel í Kollsvík og teiknaði þá séruppdrátt af Kollsvík og nágrenni“.

Sérviska (n, kvk) Sterk persónueinkenni í háttum/vilja; ákveðni í skoðunum; kenjar; duttlungar. „Sumir kalla það sérvisku að éta ekki þetta græna *vatnsglundur* sem kallast agúrka“.

Sérviskufullur (l) Haldinn mikilli sérvisku.

Sérviskufugl / Sérviskugaur / Sérviskuhundur / Sérviskupúki (n, kk) Sérvitringur; sá sem þykir helst til fylginn sér í skoðunum; mjög sjálfstæður í hugsun. „Þú færð þann sérviskufugl seint inn á þetta“. „Hann er óttalegur sérviskuhundur; það verður ekki af honum skafið“.

Sérviskukjafaði / Sérviskurugl (n, hk) Fullyrðing sem talin er byggð á sérvisku. „Þetta er nú bara eitthvað sérviskukjafaði, sem ekkert mark er á takandi“!

Sérvitringur (n, kk) Sá sem er sérlundaður/dyntóttur/öðruvísi í háttum/skoðunum en fjöldinn.

Sérvitur (l) Dyntóttur; hefur aðrar skoðanir en tíðkast; sérlundaður. „Karlinn var ekki vitlaus en afar sérvitur“.

Sést það síst sem nefinu er næst (orðatiltæki) Maður sér stundum ekki það sem er nálægt. Um það var einnig sagt „það var of nærri mér“. Stundum haft um það að menn gagnrýni fremur hjá öðrum en sjálfum sér.

Sétla (s) Jafna; róa; friða. „Það verður að fara í að séttla þetta deilumál; það *biður sér ekki til bóta*“.

Sétla málin (orðtak) Jafna ágreining; lægja öldurnar; friða. „Hann reynir til að séttla málin milli bæjanna“.

Sétlaður (l) Um mál/ágreining; búið að sætta; komin niðurstaða í. „Við getum ekki slitið fundi fyrr en þessi álitamál hafa verið séttluð“.

Sétla sig / Sétlast (orðtak/s) Róast; færast friður/ró yfir. „Við látum féð vera í hólfinu meðan það er að séttla sig“. „Úr þessu spunnust töluverðar deilur sem voru lengi að séttlast“.

Siða / Siða til (s/orðtak) Aga; ala upp; temja góða siði. „Það þyrfti aðeins að siða strákinn til“.

Siðaboð (n, hk, fto) Regla í siðferði; boðorð. „Rituðu margir riðuspá/ og reistu siðaboðin há./ /Engum griðum ærnar ná;/ úti er friður bændum hjá“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort þegar riðufé í Tálkna var skotið).

Siðaður / Siðmenntaður (l) Uppalinn; agaður; temur sér góða siði; kurteis. „Hagaðu þér nú eins og siðaður maður“!

Siðapostuli / Siðapredikun / Siðavendni / Siðferði (n, kvk) Ströng eftirfylgni þess sem viðkomandi ætlar að séu ríkjandi og góðir siðir samfélagsins; *umvandanir* við þá sem síður feta þann þrönga veg og þeir sjálfskipuðu regluverðir sem bera hitann og þungann af þessu. „Yfirlétt hafa Kollsvíkingar ekki mikið tafið sig við umhyggju fyrir kreddum samtímans, né heldur hlaupið eftir siðaboðskap sem á hverjum tíma er í tísku. Þeirra æðstu lögmál eru þau sem náttúran setur; þeirra helsta kennisetning er lífsbarátta. Þó hafa í þeirra hópi verið einstaklingar sem telja verður siðavanda í meira lagi. Hinir nafntoguðustu eru allt kvenfólk, sem bendir til að *karlpeningurinn* sé ekki eins smámunasamur á siðalögmálin. Á fyrri öldum rétttrúnaðar og kirkjulaga fólst starf siðapostulanna einkum í að halda breyskum lýðnum við trúarsetninguna; líta eftir að siðsemi væri gætt; að ástamál fylgdu stéttvísi; föstur væru haldnar og guðsorð haft um hönd fremur en hin litríku áhersluorð sem Kollsvíkingum eru nokkuð töm á tungu. Á fyrrihluta 20. aldarinnar þróaðist starf siðapostulanna meira í það að halda fólki að góðum ungmennafélagsgildum; forðast brennivínsfjandann og gæta siðsemi í ástamálum. Eftir að hinir öflugum siðapostular hættu að þrúma sína siðavendni yfir Kollsvíkingum og öðru útnesjafólki var þess stutt að biða að hrun yrði í byggðinni. Má svo hver velta fyrir sér samhenginu þar á milli“.

Siðasakir (n, kvk, fto) Kurteisissakir; yfirskin kurteisi/siðsemi/venju. Sjá *fyrir siðasakir*.

Siðaskipti (n, hk, fto) Nafn sem jafnan er notað um það þegar Danakóngur og höfðingjaveldi hans þröngvuðu Íslendingum til að kasta rótgrónum kaþólskum siðum og taka upp nýja lútherska siði kristinnar trúar. Er vanalega miðað við að þetta hafi orðið haustið 1550, en þá var Jón Arason Hólabiskup; síðasti forvígismaður kaþólskra Íslendinga, hálshöggvinn í Skálholti. Siðbreyting í trúmálum var þó mestmegnis yfirvarp kónigs, sem í skjóli hennar sölsaði undir sig eignir kirkjunnar; kom á ýmsum ströngum lagabreytingum, t.d. með Stóradómi og bjó í haginn fyrir hina illræmdu dönsku einokunarverslun. Fyrir íslenska bændur fólst breytingin líklega helst í því að í stað kúgunar kaþólskrar kirkju kom nú kúgun kónigsins og höfðingja hans. Sama skýring virðist vera á siðaskiptunum annarsstaðar í Evrópu. Kirkjan var orðin valdamikil, rík og innan hennar þreifst allmikil spilling. Stjórnvöld gripu því víða feginshendi þessa tylliástæðu hreintrúar til að seilast eftir auði og völdum kaþólskrar kirkju. Vitanlega sótti smám saman í sama farið hjá hinni nýju kirkju varðandi spillingarmál, en girðingar voru settar við fyrri auðsöfnun.

Siðferði (n, hk) Hegðun með tilliti til siða, trúar og hefða. Oft í munni þeirra sem vilja upphefja sjálfa sig.

- Siðgæði** (n, hk) Óljóst hugtak og hvergi vel skilgreint, en vísar til siðferðiskenndar og góðra siða.
- Siðlaus** (l) Merkingarlaust hugtak, enda er enginn án siða eða lífsgilda af einhverju tagi.
- Siðmenning** (n, kvk) Menningarsérkenni hvers þjóðfélags eða samfélagshóps. Þannig hefur siðmenning t.d. Kollsvíkinga verið nánast sú sama og annarra Útvíknamanna; lítt frábrugðin því sem gerðist í næstu byggðum á sunnanverðum Vestfjörðum, en í fleiri atriðum frábrugðin t.d. Faxaflóasamfélaginu.
- Siðprúður** (l) Til fyrirmyndar í hegðun/siðum/kurteisi.
- Siðsamlega** (ao) Af siðsemi; með góðu/siðuðu framferði. „Hagaðu þér nú siðsamlega“!
- Siðsamlegur** (l) Háttprúður; siðprúður; sem sýnir háttvísi/kurteisi. „Þetta er nú ekki vel siðsamlegur klæðnaður við svona tækifæri“.
- Siður** (n, kk) A. Venja; ávani. „Hann hafði það til siðs að hella kaffinu úr bollanum á undirskálina og súpa af henni“. B. Háttprýði; góð venja; kurteisi. „Mikil áhersla var á að ala börnin upp í guðsótta og góðum siðum“. C. Trú; trúarbrögð. „Í Kollsvík var hálfkirkja í kaþólskum sið“.
- Siðvenja** (n, kvk) Venja; siður; hefð. Enn er í Kollsvík haldið þeirri siðvenju að biðja sjóferðabæn.
- Sifjabönd** (n, hk, fto) Skyldleiki; fjölskyldutengsl; mægðir. „Ég held að þeir séu tengdir einhverjum sifjaböndum, þó ég kundi ekki að rekja það“.
- Sifjaður** (l) Mægður; tengdur *sifjaböndum*. „Ég held að þeir séu sifjaðir í fjórða legg“.
- Sifjamál** (n, hk) Dómsmál sem rís vegna gruns um *sifjaspell*“.
- Sifjaspell** (n, hk) *Blóðskömm*; samfarir einstaklinga sem teljast of skyldir samkvæmt lögum.
- Sig** (fn) Svonefnt „afturbeygt fornafn“; hefur þá séstöðu að nefnifall er ekki til. „Það er best að fara að drífa sig“. „Þetta hefur ekkert uppá sig“. „Það segir sig sjálf“.
- Sig** (n, hk) A. Það að síga í bjarg, t.d. eftir fugli, eggjum eða fê. „Niður á Miðlandahillu er langt sig“. B. Stag sem sett er yfir bát, hús eða annað til að ekki fjúki. „Sett var sig yfir húsið og stórgryti í hvorn enda“. C. Grjót sem stagað er neðan í hornstaur eða aðra hluta girðingar til að halda henni niðri í lautum.
- Sigaband / Sigafesti** (n, hk/kvk) Heyrðist sjaldan; venja var að tala um *bjargtóg*, *bjargvað*, *sigtóg*, *sigvað* eða einungis *vað*.
- Sigamaður / Sigari** (n, kk) Maður sem sigur í björg til fylginga, eggja o.fl. „Hann var þrælvanur sigari og því sjálfsagt að fara að hans ráðum“. Venja var vestra að tala ýmist um sigmann eða sigara.
- Sigðarlaga / Sigðboginn** (l) Í laginu eins og sigð; bogið; hálfmánalagað.
- Sigg** (n, hk) Þykkildi sem myndast á hornhimnu húðar við endurtekið álag og núning; t.d. á höndum vegna mikillar vinnu eða á fótum vegna langra gönguferða.
- Sigga dýra** (sérnafn) Heiti á villisjeppa sem Össur og Ingvar í Kollsvík áttu um tíma í sameiningu á 7. áratug 20.aldar. Nafnið fékk jeppinn hjá fyrri eiganda, en það fylgdi honum síðan.
- Sigggróinn** (l) Með mikil þykkildi af siggi á höndum vegna vinnu. „Þegar menn byrja á erfiðisvinnu með höndum, s.s. rakstri, mokstri, steinhleðslu, vaðdrætti, róðri eða netadrætti, verða hendur fyrst fjári aumar og drifblöðrur myndast á álagsstöðum. En eftir nokkurn tíma þykknar skinnið og sigg kemur í þeirra stað. Á endanum verða hendur sigggrónar og þola þá vel hið endurtekna álag“.
- Siginn** (l) Sem hefur sigið/hnigið/lækkað. „Heyið í hlöðunni er töluvert sigið, eftir að hitnaði í því“.
- Siginn blundur á brá** (orðtak) Sofnaður; farinn að sofa. „Mér sýnist að honum sé siginn blundur á brá, þarna í hægindastólnum“.
- Siginn fiskur / Sigin grásleppa** (orðtök/heiti) A. Fiskur, oftast smár þorskur eða ýsa, sem hengdur er á rá í hjall *slægður* og *hausaður* og látinn verkast þannig að fiskurinn *visast* og *breytir bragði* án þess að úldna. Tveir eru festir saman í *spyrðu* með bandsmeyg; *spyrðubandi*, sem hert er að stirtlunum með snúningi. Leggjast fiskarnir þannig sinn hvorumegin við rána. „Stærri fiskur en 12 tommur var yfirleitt *flattur* og saltaður eða hafður í *skreið*. Fiskur sem átti að visast var alltaf spyrður, þ.e. tengdir saman tveir og tveir með lykku; spyrðubandi og kallaðist parið *spyrða*. Stakur siginn fiskur nefnist *spyrðingur*... Spyrðubönd voru jafnan úr slitinni línu. En eigi að siður var þeim safnað saman jafnóðum og þau losnuðu. Snúningurinn var tekinn af og spyrðuböndin geymd kippuð. Það var gömul trú að þau ættu að draga að afla, samanber málshátturinn „Gefst í gjörðar spyrður“. B. Grásleppa sem hengd er upp slægð en í heilu lagi og látin þorna/síga í nokkurn tíma. Einnig fyrrum nefnd *afsigin* grásleppa (sjá *hrognkelsi*). Grásleppa var látin síga í heilu lagi í Kollsvík, en ekki flökuð og kúluð eins og sá rauði, þunni og ónýti þráagrautur með sama nafni sem tíðkast syðra.
- Sigla / Siglutré** (n, kvk) Mastur á báti. Að reisa siglu var nefnt að *tréreisa* (sjá *sigling*).

- Sigla** (s) A. Koma báti leiðar sinnar með seglum og stjórna honum (sjá sigling). „Gísli gamli kom æpandi á móti syni sínum og sagði: „Ja þetta áttir þú ekki að gera. Þú áttir að sigla; halda á að sigla. Þá hefðir þú haft lagið upp““ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi). Sjá *sigling*. B. Ferðast til útlanda.
- Sigla af sér** (orðtak) Sigla hraðar en annar bátur. „Eftir að Ólarnir komu á hraðbátinn voru þeir fljótir að sigla af sér alla aðra grásleppubáta“.
- Sigla á reiðanum** (orðtak) Látta bát/skip berast undan vindi með mastur og reiða uppi en án segla. Slíkt er gert ef vindur er svo mikill að báturinn þolir engin segl. Við þá siglingu er báturinn undir stjórn, en sé hann það ekki er það nefnt að *látta reka á reiðanum*.
- Sigla beitivind / Sigla nærri vindi** (orðtak) *Beita uppi*; sigla bát eins nærri mótvindi og unnt er.
- Sigla/fara bil beggja** (orðtak) A. Sigla skipi mitt á milli tveggja hindrana, t.d. boða. B. Líkingamál; Fara meðalveginn við lausn máls.
- Sigla brattan/krappan/úfinn sjó** (orðtak) A. Sigla í miklum/úfnum sjó. B. Líkingamál; *standa í stórræðum* með mál/verkefni sem við er að fást; mæta erfiðleikum/andstöðu.
- Sigla fullum seglum** (orðtak) A. Sigla með öll segl uppi; *tjalda því sem til er*. B. Líkingamál; reka málefni/verkefni af fullum krafti.
- Sigla fyrir** (orðtak) A. Sigla fyrir/yfir víkina. „Þarna er tvímöstruð skúta að sigla fyrir“. B. Líkingamál; forðast ásteyting/hindrun varðandi verkefni/málarekstur. „Við reynum að sigla fyrir þetta vandamál“.
- Sigla fyrir lausu** (orðtak) Um siglingu báts, þegar formaður/stýrimaður hefur *dragreiði* í hendi sér en setur það ekki fast, til að vera viðbúinn að lækka seglið í viðsjárverðri siglingu.
- Sigla fyrir (öll) sker** (orðtak) A. Sigla skipi svo djúpt að ekki steyti á grynningum og skerjum. B. Líkingamál; forðast vandræði/mótlæti/ásteyting. „Það verður seint siglt fyrir öll sker í svona málum“.
- Sigla heilu fari/skipi í höfn** (orðtak) Komast klakklaust í gegnum eitthvað. „Enn er ekki ljóst hvort hann siglir heilu fari í höfn eftir þennan málarekstur“.
- Sigla hraðbyri** (orðtak) A. Sigla hratt í góðum byr. B. Líkingamál; fara hratt/rakleiðis í átt að tilteknu marki. „Ég fæ ekki annað séð en þetta fyrirtæki sigli hraðbyri í gjaldþrot, með sama áframhaldi“.
- Sigla í áslögum** (orðtak) Nota beitiás þegar sigldur er beitivindur með þversegli (sjá *beitiás* og *sigling*).
- Sigla í grænni tóft** (orðtak) *Sitja í grænni tóft* sjá þar. Sigla þannig að svo virðist sem sjór sé hærri borðstokkum bátsins, en haldist frá af ferðinni.
- Sigla í harða húnboru** (orðtak) Sigla með segl órifuð og rá við húnboru/mastursauga, sem er gat ofarlega í siglu, sem *dragreiði* liggur um. Í líkingamáli er orðtakið notað um það að fara fram af fullum þunga, eða berast mikið á.
- Sigla í strand** (orðtak) Sigla skipi óvart þannig að það strandar. „Togarinn sigldi í strand á Blakknesboða“.
- Sigla krappan sjó** (orðtak) Sigla í slæmu sjólagi. Óbein merking; að lifa við hættur. „Oft sigldi Andrés krappan sjó í bókstaflegri merkingu, t.d. fór hann oft sinna ferða í því veðri sem stærri skip töldu sig fullkeypt á“ (ÖG; minningargrein um AK).
- Sigla ljúft** (orðtak) Sigla bát fremur flatt með vindi.
- Sigla milli skers og báru** (orðatiltæki) Fara milliveginn þegar um tvo kosti er að ræða, til að forðast vandræði. Sjá *vandi er að sigla milli skers og báru* og *fara milli skers og báru*.
- Sigla niður** (orðtak) Sigla á annað skip eða rekald svo það sekkur.
- Sigla sama byr** (orðtak) Sigla við sömu skilyrði vinds og sjólags. „Það sigla ekki allir sama byr“ merkir í líkingamáli að „misskipt er mannanna láni“; ekki njóta allir sömu velgengni.
- Sigla sinn sjó** (orðtak) Fara leiðar sinnar; fara þangað sem vill. „Hann verður þá bara að sigla sinn sjó ef hann vill ekki verða samferða okkur“. Sjá *látta sigla sinn sjó*.
- Sigla strik** (orðtak) Sigla í þá stefnu sem ákveðin hefur verið, t.d. *sett út* í korti.
- Sigla til sama lands** (orðtak) Fara heim; koma sér á sinn stað. „Jæja; nú er orðið áliðið og ég held að maður fari bara að sigla til sama lands bráðum“. Einnig stundum einungis „sigla“, viti viðstaddir hvað við er átt.
- Sigla upp / Sigla uppundir** (orðtak) Sigla í land; fara í áttina til lands. Notað eftir tíma seglbáta um róðrar- eða vélbáta. „Við skulum nú fara að sigla aðeins upp; við getum þá rennt einhversstaðar á leiðinni“.
- Sigla við laust** (orðtak) Sigla bát þannig að formaður heldur sjálfur við skaut segls og stjórnar því, en setur það ekki fast. Hann *hefur* seglið þá á *höndum*, sem kallað er.

Sigla þvert (fyrir vindi) (orðtak) Sigla með vind þvert á annað borðið. Sé vindur stífur getur slíkt reynt allmjög á hæfni báts og stjórnenda.

Siglari (n, kk) Skip sem fer vel í sjó/ lætur vel að stjórn undir seglum.

Sigldur (l) A. Farinn í siglingu. B. Líkingamál; búinn að fara til útlanda. „Hann var heldur betur rogginn með sig þegar hann kom úr *reisunni*; enda orðinn sigldur maður“!

Sigling Sjómenn í Útvíkum þurftu að kunna sitthvað fyrir sér í siglingum og vera *naskir* á sjólag til að tryggja öryggi sitt og annarra. Einkanlega reyndi á formennina, sem höfðu alla stjórn á hendi og stýrðu skipi. Notuð voru *þversegl* á minni bátum, þó aðrar seglagerðir hafi komið til á síðari öldum á þeim stærri. Formaður sagði fyrir um *reisingu* segla og hélt um stýri (sjá *setja fyrir*). „Að hafa geiglausu og listilega stjórn á stýri, jafnt í *lognsævi* sem *spildusjó* og *háaroki*, var *óvæfengjanleg* íþrótt... Ávallt reyndist munur á mönnum við stýri og kom margt til. Ef skip þótti *skima* mikið; vera *óstöðugt í rásinni* var það kallað að *elta lambær*... Stundum reis skip svo hátt í sjónum að það var hált á lofti að aftan og við það *misssti* stýrið *sjó*. Var þá sagt að *skæri undan*. En þá stýrðist ekki og skipið rann við og átti á hættu að *taka sjó*. Til að auka meðþyr þótti áhrifaríkt að *leita sér lúsa* og fleygja þeirri veiði aftur af skipinu. Aðrir létu lúsina á *þóftu* og veittu athygli skriði hennar; átti *þyrinn* að koma úr sömu átt. Loks létu sumir lúsina í seglið. Með þessum aðferðum vonuðust menn eftir *lúsabyr*... Hvor sem þessi ráð dugðu betur eða verr þurfti oft að halda þangað sem *kulaði*; að *róa undir vind*. Væri svo lítið *kul* að *róa* þurfti undir seglum var talað um að *damla undir*. Þegar *seglbúið* var fylgdu því ýmiss konar fyrirskipanir formanns til háseta: Setjið upp og greiðið úr seglum! *Tréreiði!* Takið til! Einn maður réð við að *tréreiða* á bátum....Jafnskjótt og *tréreið* hafði verið, masturshællinn var kominn í *stellinguna* og mastríð hespað við þóftu, voru *stagir* leystir frá *siglunni* og síðan stagað í stafn og á bæði borð; *framstag* vanalega fest á undan *höfuðbendum*. Meðan *jómfrúr* og *undirgjarðir* voru notaðar voru *stagir* hertir með þeim, en eftir að *stagkrókar* komu var stagað með því að krækja þeim í lykkju í *hástock* eða í hlekk. Á *einsigldum sexæringi* með *þversegli* *tréreiðu* *andófsmenn*, en miðskipsmenn tóku sinn hvora höfuðbendu og festu þeim. Annar hálsmaður festi *forstag* um *hnýfil* en hinn greiddi fyrir segli og *hnýtti dragreipinu* um *rána*. Síðan var miðskipsmanni á *kulborða* fengið dragreipið en hinn greiddi fyrir skauti aftur til formannssætis, en það var vanalega dregið undir *röng* og sett fast í *skut*... Áður en hægt var að vinda til húns þurfti að fletta seglinu utan af ránni og festa dragreipið við hana með *rábragði*. Væri *beitiás* þurfti, strax og segl var komið að *húnboru*, að *leggja í áslag*, en það var að festa innri enda hans í þóftukverk, áslagið, og þeim ytri á *saxinu*. Þá var sagt að *siglt væri í áslögum*. Ef eitthvað var að veðri var dragreipið haft í höndum; *siglt fyrir lausu*. Sumir formenn sigldu ætíð fyrir lausu *skauti*, en þá var skautið dregið undir *röng* og hélt formaður í það með annarri hönd en hafði hina á stýrinu. *Byr* bar nafn af því hvar hann stóð á skipið... Væri vindur beint á eftir því var *beggja skauta byr*. Hann þótti viðsjálf ef eitthvað var að veðri og sjó. Þegar vindur stóð á skutröng var skutrangarbyr, en á bitahöfuð bitahöfuðsbyr eða vindur á kinnung. Þegar vindur stóð á mitt borð var *síðuvindur* eða hálfur vindur. Yrði vindur þverari varð ekki hjá því komist að leggja bátnum við. En staði vindur um saxið var kominn *beitivindur*; og ef hann stóð enn framur var *naudbeit*. Þá var skammt til þess að vindur tæki ekki segl. En jafnframt því að sigling fór eftir veðri og vindstöðu var hún einnig komin undir straumum og sjólagi. *Lensið* þótti einna hættulegust sigling. Þá átti að varast að láta ölduna elta sig heldur til hliðar. Til þess að verja skipið *áföllum* var talið heppilegast að sigla talsvert skáhallt með vindi, einkum í *spildusjó*. Væri siglt ljúft; nokkuð flatt með vindi, sá stjórnarinn stöðugt út frá skipinu á *kulborða* hvar og hvernig sjóar risu. Sumir formenn höfðu þann sið, þegar þeir sigldu krappan sjó, að hafa eina ár úti á vindborða til að brjóta með bárur. Þegar báran tók sig upp við skipshliðina... var barið með árinni í öldufaldinn og sprakk þá báran fyrir utan skipshliðina í stað þess að hvolfa niður í skipið. Ekki var alveg óþekkt að menn hefðu lag á að láta skipið *ausa sig* sjálf. Ekki var óalgennt að svo mikið væri siglt að skipið *leggðist á lista*. Þegar *sýður á keipum* skera *tollurnar* sjóinn, og eru þá *borðstokkur* og *hástockur* komnir á kaf. Slík sigling þótti *gapaleg*. Ef sigldur var *beitivindur* þurfti í hvert skipti að *venda*, þegar tekinn var nýr *slagur*, eða *bógur*. Að sigla þannig var að *slaga*, *bóga* eða *krusa*. Stundum var eins bógs leiði í áfangastað en oftast urðu bógarnir margir, og þá ekki komist hjá því að *venda* í hvert skipti. Þegar veður var svo hvasst að seglum varð ekki við komið voru árar reistar í kjöl með *hlumma* niður og vindurinn látinn standa í *árablöðin*; þá var siglt með árum. Í roki nálægt landi, þegar öll segl höfðu verið tekin frá en möstur látinn standa, var skipið *látið reka á reiðanum*. Ef hlöðnum báti er siglt í ljúfum vindi og hann grefur sig svo niður að sjórinn virðist báðum megin vera hærri en borðstokkurinn án þess að *gefi á*, var sagt að báturinn *sitji í grænni töft*. (ÓETH o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir)

Siglingabjart (l) Nægilega bjart til að skipi/bát verði siglt af öryggi. „Slysavarnafélagið hafði beðið Saurbæ um að senda skeyti þegar siglingabjart væri undir Bjarginu“ (SbG; Að vaka og vinna).

Siglingaleið / Siglingamið (n, kvk) Leið sem er tiltölulega örugg og fjölfarin af skipum og viðmið hennar. „Siglingaleið fyrir Kollsvíkina er greið, sé siglt frá Bjargtöngum fyrir Blakk. Fari menn grunnleið frá Breiðuvík þarf að fara framfyrir Landamerkjahlein og hleinarnar framaf Hnífaflöggunni. Þegar fer að sjást inná Kollsvíkina má ekki vera grynna en svo að Skandardalstennurnar séu framundan til að vera framan við

Djúpboðann og aðra boða. Í lygnum sjó má þó þræða grunnmegin Djúpboða en utan Arnarboða á litlum bátum. Sé farið fyrir Blakk sunnanað má forðast röstina og fara grunnmegin við Blakknesboða. Þá þarf að gæta þess að halda Bræðragjám ljósum þar til Tálkni kemur framundan. Á sama hátt má forðast Látraröstina og fara grunnt í sæmilegu sjólagi, með því að „fara gat“, þ.e. hafa gatið í sjávarklettum Bjarnanúpsins sýnilegt meðan farið er fyrir Bjargtangana“.

Siglingaljós (n, hk, fto) Ljósbúnaður skipa sem gefur til kynna stefnu þeirra og fleira. Skip á siglingu hafa uppi landþernur, sigluljós og skutljós. Skip sem er að veiðum hefur uppi tvö hringljós hvort yfir öðru. Á togurum er rautt yfir hvítu en annars grænt yfir hvítu. Lóðsbátar hafa hvítt yfir rauðu. Skip við akkeri hefur uppi hvítt hringljós eða svarta kúlu. Stjórnvana skip hefur uppi tvö rauð hringljós en skip með takmarkaða stjórnhæfni hefur auk þess uppi hvítt hringljós milli þeirra. Sjá *landþerna/ þerna; sigluljós og skutljós*.

Siglykkja (n, kvk) Lykkja á enda sigvaðs, sem bundin er um sigmann þegar sigið er; *vaðarauga* (sjá þar).

Sigluband (n, hk) Gjörð sem heldur segli við mastur á bát/skipi. Siglubönd voru ýmist eiginleg bönd eða úr eik, horni, seigum giarðviði eða hvalskiði.

Sigluljós (n, hk) Ljós í siglu/mastri skips, sem lýsir framávið. Siglingareglur segja að öll skip sem sigla í dimmu skuli hafa sigluljós sem lýsir framávið í 225° geira. Sé skipið yfir 50 metrar að lengd skulu ljósin vera tvö, og það fremra nokkuð lægra. Sjá *siglingaljós, landþerna og skutljós*.

Siglutoppur (n, kk) Masturstoppur; efsti hluti masturs/siglu á bát/skipi.

Siglutré (n, hk) Sigla; mastur. Neðri hluti masturs á tvískiptu mastri stórs skips; efri hluturinn nefnist stöng.

Sigluþófta (n, kvk) Þófta á bát, sem sigla er fest við þegar hún er reist.

Sigmaður (n, kk) Sá sem sigur niður í kletta til fyglinga/eggja eða í öðrm tilgangi. „Sigmaður situr í sérstakri vaðarlykkju sem brugðið er í kappmellu um lendar og læri, en heldur um vaðinn og stýrir sér með fótum til að halda sér réttum. Hann er síðan gefinn niður af þeim sem eru á vað og stýrir sjálfur niðurferð og uppferð með merkjagjöf til vaðarmanns. Vaðurinn er sver og góður og liggur oftast á brúnahjöli.“

Sigmannshlutur (n, kk) Þó sigari sé vanur og gættinn þá er hann í meiri áhættu en aðrir. Því fær hann aukahlut við skipti; sigmannshlut. Oftast er það heill hlutur, en þó misjafnt.

Signa (s) A. Gera krossmark og fela sig með því á guðs vald. Fyrrum var venja að signa sig við fleiri tækifæri en nú er gert. Sjálfsagt var að signa sig áður en haldið var í langferð; áður en sigið var í bjarg; áður en bátur var settur ofan; áður en farið var í róður; áður en menn fóru að sofa og að morgni. Einnig var bæjarhurð signd að kvöldi. B. Eldri merking; helga; vígja; gera Þórsmark yfir.

Signa sig (orðtak) Gera krossmark fyrir sér til að biðjast guðsblessunar. „Sá gamli siður hefur líklega haldið sér lengur í Kollsvík en víða annarsstaðar, og má vera að stutt signing hafi verið ýmsum einlægasta reglulega trúarathöfnin. Börnum var kennt að signa sig fyrir svefn, að loknum bæna- og faðirvorslestri. Undantekningarlaust var beðin sjóferðabæn þegar sett hafði verið á flot og áður en haldið var í róður. Allir tóku ofan höfuðfötin báðust fyrir í hljóði og signdu sig. Eftir að húfur voru aftur komnar upp gat hinsvegar hrokkið af munni blótsyrði ef t.d. vél var óþæg í gang. Örnefnið Bænagjóta utan við Láturdal minnir á þennan forna sið, en sagt var að vermenn í Láturdal skyldu hafa lokið bænum sínum áður en komið var útfyrir gjótuna. Í Kollsvík var vani að ljúka bænum eftir að komið var á flot en áður en farið var af Læginu. Signingar voru viðhafðar áðurfyrr áður en haldið var í ferðalög og áður en sigmaður fór í kletta. Í kirkjugarði er enn signt yfir hinn látna við greftrun og einnig þegar menn vitja grafar“. „Er bátnum hafði verið snúið í stefnu út Patreksfjörð, signdi formaður sig; tók ofan höfuðfatið, og við gerðum slíkt hið sama“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Bjargmenn signdu sig og kvöddu sitt heimafólk, eins og þeir væru að fara í langa för“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Sjá *biðja bænir*.

Signa yfir (orðtak) A. Gera krossmark yfir, t.d. gröf eða líkkistu. B. Líkingamál; kveðja eitthvað hinsta sinni; ljúka verki/verkefni.

Signing (n, kvk) A. Það að *signa*. „Prestur hafði nærri gleymt signingunni“. B. Það að láta fisk síga. „Hann lét mig hafa nokkrar grásleppur til signingar“. C. Fyrrum notað yfir galdrapulur/særingar.

Signingarhjallur (n, kk) Hjallur sem einkum er notaður til að láta fisk síga. „Össur á Laganúpi reisti signingarhjall á brystinu utanvert við Kaldabrunn í kringum 1980“.

Signingartíð (n, hk/kvk) Veðurfar/tíðarfar sem hentar til að siginn fiskur verkist vel. „Það held ég að grásleppan fái góða signingartíð; hún verður klár eftir nokkra daga í viðbót í sveljandanum“.

Signt og heilagt (orðtak) Eilíflega; alltaf. „Vertu nú ekki að *amast við* honum bróður þínum; signt og heilagt“! Algengur framburðarmáti, en er í raun afbökun á orðtakinu *sýknt og heilagt*; sjá þar.

Sigra (s) Hafa sigur/vinning í viðureign. „Ég var ári montinn að hafa sigrað þá alla í spretthlaupinu“.

Sigra svefn (orðtak) Sofna; dotta. „Það má mikið vera ef mig hefur ekki sigrað svefn smástundi stólnum“.

Sigrast á (orðtak) Yfirvinna; sigra; *hafa betur*. „Þau eru nú að sigrast á mestu fjárhagserfiðleikunum“.

Sigrihrósandi (l) Fagnandi sigri; ánægður með að hafa haft betur.

Sigstaður (n, kk) Staður þar sem sigið var til eggja/fyglinga. Sigstaðir í Blakk eru t.d. á Höfðann í Mávakömbunum og á Höfðann norðan Jónshöfða. Fjölmargir sigstaðir eru í Látrabjargi.

Sigt (n, hk) Örlítið vatnsrennsli; *sytra*; *vætl*. „Í Harðatorfspytti er nú lítillsháttar sigt, en hefur líklega verið meiri lækur áður en Mýrarnar voru ræstar fram“. Orðið virðist ekki þekkjast annarsstaðar í þessari merkingu.

Sigta (s) A. Sálda/sía í gegnum sigti. „Hrognin þarf að sigta áður en þau eru söltuð í tunnu“. B. Miða á. „Kötturinn sat lengi og sigtaði á músina áður en hann stökk á hana“. „Það er erfitt að sigta á máfynn þegar hann er á svona hröðu og lágu rennsli“. C. Um vatn; renna í mjög litlu magni. „Það rétt sigtar úr krananum“. D. Fyriritíma merking; sakfella; dæma sekan.

Sigti (n, hk) A. Áhald til að sigta/sía/sálda eitthvað í gegnum. T.d. mjólkursigti, hrognasigti, mjólsigti o.fl. B. Litlir nabbar á byssuhlaupi, eða kross í byssukíki, til að miða á bráðina; mið.

Sigtisbotn (n, kk) *Vattbotn* (sjá þar).

Sigtóg / Sigvaður / Sigfesti (n, kvk/kk) *Bjargtóg*; *bjargvaður*; *sigaband*; *sigafesti*; *festi*; *tóg*; *sigvaður*; *vaður*; *mannavaður*. Ýmis heiti á festi þeirri sem notuð er til bjargsigis. Oftast var venja að tala um bjargtóg; bjargvað; sigtóg eða vað/sigvað. „Þar kom að bændur ákváðu, seinni hluta dags, að leggja upp að morgni, og varð þá uppi fótur og fit. Kvenfólkið tók til að útbúa nesti og taka til nauðsynjar. En karlmennirnir náðu í vaðina, sem geymdir voru á slám uppi undir rjáfri úti í hjalli. Hver bóndi áti nokkra vaði úr hæfilega gildum kaðli; mismunandi langa. Til siga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir“ (MG; Látrabjarg).

Sigtun (n, kvk) Það að sigta; t.d. sigtun mjólkur/hveitis/hrogn o.fl.

Sigurkraftur (n, kk) Afl sem þarf til að sigrast á mótlæti. „Útlitið um framtíð þess er gott; það starfar af hugsjón og treystir á sigurkraft góðs málefnis“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Sigurlykkja (n, kvk) Lykkja sem hnýtt var á ákveðinn hátt og átti, samkvæmt þjóðtrúnni, að hafa galdramátt; m.a. að geta létt konum fæðingu og lagað þvag- og hægðateppu.

Sigurnagli (n, kk) *Segulnagli*; búnaður sem settur er í taug/vað/festi til að létta af snúningi og hindra snurðu. Augu eru á hvorum enda sem í festist taugin í báðar áttir en á milli er liður, þannig að annað augað getur snúist án þess að valda snúningi á hinu. „Hákarlaöngull nefnist sókn. ... á efri enda sóknarinnar var *sigurnagli*, og í hann fest sóknarkeðja 3-4 álna löng.... Við hinn enda keðjunnar var tengdur sigurnagli... en hann var áfastur *vaðarsteininum*“ (GG; Skútuöldin). „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlód með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrökur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Ás í sökku er ekki farið að nota fyrr en upp úr aldamótum, eða sigurnagla“ (GG; Kollsvíkurver).

Sigursæll (l) Sem sigrar oft í viðureignum. „Hann var oftast sigursæll í þeim hlaupum sem hann tók þátt í“.

Sigurvegari (n, kk) Sá sem sigrar/ hefur betur. Uppruni orðsins er líkast til mjög forn og merkir „sá sem vegur/drepur til sigurs“.

Sigurverk (n, hk) Upptrekt gangverk t.d. í úri eða klukku. Líklega skýrist fyrrihluti orðsins af því að með réttum gangi sigurverksins er sigrast á flókinni tækni/ flóknum vandamálum. Sama skýring getur átt við orðið *sigurnagla*.

Sigvaður (n, kk) Vaður (band) sem notaður er til bjargsigis; *sigtóg*; *bjargtóg*; *bjargvaður*; *vaður*. Var lengst af úr nautshúð, en síðar úr manillahampi og nú til dags úr sterku gerviefni. Sigvaður var mikil eign áður fyrr og fyrir hann var tekinn sérstakur hlutur; *vaðhlutur*. *Sigari* var einnig á hærri hlut en aðrir þátttakendur, enda í meiri áhættu.

Sikksakka (s) Fara í krókaleiðum/sniðum. „Ég sikksakkaði allan dalinn og gáði í hverja laut; hrúturinn er ekki þar“. Nýlegt orð í málinu, komið úr t.d. zigzag í ensku sem merkir sagtennt mynstur.

Siklingur (n, kk) Verkfæri til slípunar yfirborðs viðs; stálplata með beinni og skarpri brún sem dregin er eins og skafa eftir viðnum.

Sikringsnæla (n, kvk) Öryggisnæla; *lásnæla*. Læst næla; notuð til að festa saman fataefni eða flíkur. Orðið er ekki í orðabókum en var almennasta heitið á þessum hlut í Kollsvík. „Réttu mér stóru sikringsnæluna“.

Silakeppur (n, kk) A. Sá sem silast/ er þungur á sér; hægfara/hægvirkur maður. Oftast í norðandi merkingu. „Óttalegur silakeppur getur maðurinn verið; hann er gersamlega ótækur í smalamennskur“! Þess hefur verið getið til að heitið sé dregið af klyfjum sem bundnar hafi verið með silum upp á hest. B. *Otiorhynchus arcticus*. Lítið svart gljándi skordýr af ætt ranabjallna, sem algengt er um allt land; frá fjöru til fjalla.

Silakeppurinn líkist járnsmíð í útliti, en er mjög hægfara í hreyfingum, eins og nafnið ber með sér. Hann er helst að finna á melum, söndum og öðru lítt grónu landi; forðast grósku og bleytu. Er helst á ferð að nóttunni en liggur á daginn undir steinum og öðrum hlutum. Nagar blöð margra plöntutegunda og lirfurnar leggjast á ræturnar.

Silalega (ao) *Löturhægt; ofurhægt*; með letilegum hreyfingum. „Hann teygði silalega úr sér“.

Silalegur (l) Hægfara; seinn í hreyfingum. „Ári er hann silalegur á brekkuna“!

Silast (s) Fara hægt/seinlega. „Mér sýnist að kýrnar séu að silast heim á leið“.

Silfraður (l) A. Silfurlitur; með silfurlitum blæ. B. Um lit á sauðkind; með gráum hærum í ljósari ull.

Silfur (n, hk) A. Góðmálmur með efnatáknið Ag. Hefur lengi verið talinn verðmætur, bæði til smíða og í viðskiptum. Mjög nýttur nú á tíð til húðunar muna úr öðrum málmum. B. Peningar úr silfri; mynt yfirleitt.

Silfurberg (n, hk) Kristall úr kalsíti/kalkspati. Silfurberg er fágætt utan Íslands; enda er alþjóðlegt heiti þess „Iceland spar“, en hér finnst það sumsstaðar í miklu magni, t.d. í Helgustaðanámu í Reyðarfirði og í Djúpadal í A-Barðastrandasýslu. Hefur ekki verið greint í Kollsvík, en er þar líklega; e.t.v. í tengslum við gangainnskot. Nafn sitt fær silfurberg af tærleika sínum og sérkennilegu ljósbroti. Silfurberg klýfur ljós í tvo geisla sem hafa sveiflu hornrétt hvor á annan; þ.e. ljósið pólariserast. Daninn Rasmus Bartholin lýsti fyrstur þessu tvöfalda ljósbroti, en síðan hefur silfurberg orðið undirstaða ýmsa merkra framfara í vísindum. Það var unnið í námum í Helgustöðum og að Hoffelli og flutt út í nokkru magni á fyrrihluta 20. aldar.

Silfurbúinn / Silfurrekinn (l) Um hlut; skreyttur með silfri. Margir munir efnafólks fyrir á tíð voru silfurbúinir; s.s. sverð, svipur, stafir, pontur og baukar.

Silfurhærður (l) Með silfurgrátt hár; gráhærður.

Silfurmura (n, kvk) *Potentilla anserina*. Jurtin er yfirleitt nefnd tágamura meðal grasafraeðinga og margra annarra, en í Kollsvík var hún einatt nefnd silfurmura, og þar er hún algeng. Skriðul jurt af rósaætt, sem myndar langar ofanjarðarrenglur. Blóm eru fimmdeild; krónublöð sólgul en bikarblöð græn. Blómstilkur stuttur. Laufblöðin eru einnig á stuttum stilk. Þau eru stakfjöðruð og loðin, einkum á neðra borði. Ljósgræn að neðan en dökkgræn að ofan; með sérkennilega silfurlitum blæ. Af því er fyrri hluti nafnsins dreginn, en síðari hlutinn af forngermannska orðinu „murhon“, sem nefnir æt rót. Silfurmuran vex gjarnan í sendnu landslagi eins og er í Kollsvík; jafnvel í eintómum sandi og er meðal þrautseigasta gróðurs gagnvart uppblæstri.

Silfurplett (n, hk) Silfurhúðaður kopar. (e: Sheffield plated).

Silfurrefur (n, kk) Innflutt refategund á Íslandi, til ræktunar vegna skinnafraeileiðslu; afbrigði af rauðref (*Vulpes vulpes*). Talið er að einhverjir þeirra hafi sloppið út og jafnvel tímgastr með íslenska refnum.

Silfurský (n, hk) Lýsandi næturský. Ský sem myndast mjög hátt á lofti, eða ofan veðrahvolfs; í 75-80 km hæð Bláhvít örþunn skýjaslæða sem þekur heimskautasvæðin á sumrin, en sést aðeins að næturlagi í sérstökum birtuskilyrðum nætursólar. Skýin eru talin mynduð úr ískristöllum þar sem frostið er 99-123°C, en jafnvel hjúkpuð málmum úr geimryki. Því endurvarpa þau radargeislum. *Glitský* myndast hinsvegar mun neðar.

Sili (n, kk) A. Lykkja almennt. B. Lykkjan sem er á milli hagldanna á reipi, og heybaggar eru hengdir á.

Silkimjúkur (l) Mjúkur eins og silki.

Silungur (n, kk) Silungur hefur ekki verið í vötnum í grennd Kollsvíkur í manna minnum af náttúrulegum orsökum, en hinsvegar hafa a.m.k. tvisvar verið gerðar tilraunir með sleppingar í þau. Fyrri sinnið var á 7.áratug 20.aldar, en þá slepptu Ingvar og Össur Guðbjartssynir nokkru af silung (líkega urriða) úr Sauðlauksdalsvatni í Sandslágarvatn, Kjóavatn, Stórvatn og Litlavatn. Lítið veiddist af þessu aftur og er talið að fiskurinn hafi fljótlega dáið út í öllum vötnunum. Rúmum 10 árum síðar fengu þeir nokkuð magn seiða með flugvél; þingvallahleikju (*Salvelinus alpinus*) frá Skúla Pálssyni í Laxalóni. Seyðin voru flutt í plastpokum og voru þökkalega hress þegar þeim var sleppt í Kjóavatn; Stórvatn og Litlavatn. Ekkert veiddist í Kjóavatni; og smávegis í Litlavatni. Hinsvegar virtist belikjan dafna mjög vel í Stórvatni, þó hún virtist ekki ná að fjölga sér. Fiskurinn tók ekki á krók, en veiddist þökkalega í net í allmörg ár. Varð hann mjög stór og sólpikaður; svo að roðið lagðist í fellingar á hnakkanum. Eitthvað barst niður í leysingum, og mátti oft að vori sjá för eftir dauða fiska í uppbornuðum Smávötnunum.

Simbadýrið (n, hk, sérnafn) Nafn á óvætti sem sagður er búa á Látraheiði og amaðist við ferðafólki áður fyrir. Kennt við Sigmund Hjálmarsson bónda á Hvalskeri sem lenti í átökum við það (ÁE; Ljós við Látraröst).

Simfónn (n, kk) Viðrekstur; fretur: *búklöft*. „Hver spilar svona listilega á simfónn hér í stofunni“?

Sin (n, kvk) A. Sérstök gerð af sterkum bandvef, sem festir t.d. vöðva við bein líkamans. B. Reður nauts, hrúts o.fl. dýra.

Sina (n, kvk) Trénað og dautt gras. „Sinuhilla hefur nafn sitt af því að þangað var sótt sina til að gefa kúm, þegar heyllítið var orðið“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Sinaber (l) Um mann; grannur og með þunna húð, þannig að mikið ber á vöðvum og sinum.

Sinadráttur (n, kk) Vöðvakrampi sem helst er hætta á ef reynt er mikið eða lengi á illa þjálfaða vöðva.

Sinfóniusarg (l) Niðrandi heiti á klassískri tónlist. Tónlistarsmekkur fólks er mismunandi, og sigild tónlist hljómaði oft skelfilega í ófullkomnum útvörpum fyrri tíðar; jafnvel í þeirra eyrum sinna aðdáenda.

Sinkill (n, kk) Tréankeri; teinn sem er yddur og vinkilbeygður í báða enda. Notaður til að festa saman tré á samskiptum, t.d. máttarviða í húsi. Sinklar voru t.d. notaðir við smíði fjárhúss/hlöðu/fjóss á Láganúpi.

Sinn (n, hk) Skipti. „Ég gaf þetta eftir í þetta sinn; en það geri ég ekki næst“! „Þetta gerðist mörgum sinnum“.

Sinn á hvora hönd / Sinn til hvorrar handar (orðtök) Báðumegin; einn við hvora hlið.

Sinn er siður í hverri sveit / Sinn er siður í landi hverju (orðatiltæki) Speki sem oft er viðhöfð þegar fréttist af háttum/siðum/lausnum annarra, sem þykja einkennilegir eða öðruvísi.

Sinn í hverju/hvoru lagi (orðtak) *Hver/hvor fyrir sig.* „Hrognin saltaði sinn í hverju lagi“.

Sinna (n, kvk) Ræna; hugsun; sinning; áhugi. „Hann hefur enga sinnu á þessu lengur“.

Sinna (n, kvk) Áhugi; ástundun. „Þú þarft að hafa meiri sinnu á náminu drengur“.

Sinna (s) A. *Veita athygli*; hugsa um; *huga að*. „Það þarf einhver að sinna barninu“. B. Ansa; svara; bregðast við. „Ég sinni ekki svona heimskulegum athugasemdum“!

Sinna fé/skepnur (orðtak) Hirða um fé/skepnur. „Um Völlur, Hryggi og Vallagjá/ Valla á lengstu sporin./ Lambánur hún þurfti þá/ þrátt að sinna á vorin“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Sinnaður (l) Hugsandi; þenkjandi. „Ég er ekki svo menningarlega sinnaður að ég sleppi þurrki vegna tónleika“.

Sinnaskipti (n, hk) Það að *skipta um skoðun; umsnúningur*. „Nú hafa heldur betur orðið sinnaskipti hjá honum þykir mér“! Sjá *taka sinnaskiptum*. „Einhver sinnaskipti hafa orðið hjá honum í þeirri afstöðu“.

Sinnast (s) Verða ósammála/sundurorða; deila; *slettast uppá vinskapi*. „Þeim sinnaðist eitthvað útaf þessu“. Sjá *kastast í kekki*.

Sinnast uppá (orðtak) Sinna; hafa áhyggjur af; *amstra með*. „Ég er þá ekkert að sinnast uppá karlinn fyrst hann lætur ekki vita af sér; hann hlýtur að hafa fengið far með einhverjum öðrum“.

Sinnhvor (fn) Hvor sinn; hvor einn. „Hann skar eplið í sundur og gaf okkur sinnhvorn helminginn“.

Sinnhvorsvegur / Sinnhvorumegin (ao) Hvor sínu megin; sinn á hvora/hvorri hlið; báðumegin. Orðhlutana má skrifa hvern í sínu lagi, en hinsvegur er notkun og framburður oftast með því móti að um eitt orð sé að ræða. „Við förum sinnhvorsvegur við Stórafellið“. „Við tókum sinnhvorumegin á bátnum og mjökuðum honum upp“. Einnig haft í kvenkyni og hvorugkyni.

Sinni (n, hk) Hugur; skap; skapgerð. „*Svo er margt sinnið sem skinnið*“.

Sinning (n, kvk) A. Viðvera; áhugi; athygli; *drift*. „Lambféð þarf stöðuga sinningu yfir sauðburðinn“. „Mér þykir þú hafa litla sinningu á náminu“. B. Fjósverk; fjárhúsverk; *gegningar*; verk sem sinna þarf á málum.

Sinnissjúkur / Sinnisveikur (l) Veikur á geði; þunglyndur. „Hann varð hálf sinnissjúkur eftir konumissinn“.

Sinnisveiki (n, kvk) Geðveiki; hugarvél.

Sinnisveila (n, kvk) Geðveiki; þunglyndi. „Einhver sinnisveila virðist *hrjá* karlangann“.

Sinnulaus (l) Áhugalaus; hirðulaus; sljór. „Það gengur ekki að vera svona sinnulaus um námið“!

Sinnuleysi (n, kvk) Hirðuleysi; andvaraleysi. „Mér finnst þetta sinnuleysi hjá þingmönnum“.

Sinnulítill (l) Áhugalítill; fráhverfur. „Hann er orðinn sinnulítill um búskapinn“. „Hangi ég því með sýrðan svip og sinnu lasna/ yfir daufum durins-asna“ (JR; Rósarímur).

Sinubeðja / Sinudyngja / Sinuflóki / Sinuruddi / Sinusæng (n, kk) Samfelldur flóki af visnuðu grasi; mikið af sinu. „Túnin eru öll lögst í sinubeðju“. „Þetta er fljótt að verða ein sinusæng þegar ekki er slegið“.

Sinubrenna / Sinubruni (n, kvk) Það að brenna sinu. „Sinubrenna getur farið úr böndunum. Pabbi sagði að eitt sinn hefði átt að brenna sinu í Breiðnum til að örva grassprettu, en eldurinn hafði farið víða um hlíðina og upp í ganga. Mökkurinn var svo mikill að um tíma sást ekki af Hústóftarbökkum suður á Bjarnanúp“ (VÖ).

Sinueldur (n, kk) Eldur í sinu; gróðureldur. „Sinueldur er stundum skæður ef hann fer úr böndunum. Því fengu Kollsvíkurbændur eitt sinn að kynnast er þeir kveiktu í sinu í Breiðnum. Eldurinn breiddist fljótar út en þeir fengu við ráðið og endaði svo að stór hluti af hlíðinni brann. Gróður jafnaði sig þó fljótt“.

Sinuruddi (n, kk) Fornslægja; hey sem inniheldur mikið af dauðri og næringarsnauðri sinu. „Við setjum þetta hey neðst í hlöðuna. Það er eitthvað í því af sinurudda“.

Sinustopp (n, hk) Sina sem notuð er sem stopp í eggjalát. Þurr ófúin sina er besta stopp sem hugsast getur, en stundum var ekki völ á henni, og þurfti jafnvel að nota *mosastopp*.

Sinutotti / Sinubrúskur / Sinutoppur / Sinuvisk (n, kk/kvk) Toppur/brúskur/visk af sinu. „Sinubrúskar geta verið góðir og tryggir sem hald í klettum ef maður þekkir þá og grípur rétt í þá“. „Ef maður grípur vel niður í sinutottana og sparkar sér góð fóttafór, þá má komast yfir þessa slefru með sæmilegu öryggi“.

Sirka (ao) Um það bil. Enskusletta, tilkomin á síðari árum

Sirkill (n, kk) Hringfari; áhald til að teikna hring eða færa lengdir milli staða, t.d. á korti.

Sirkla út (orðtak) Finna/reikna út; hnitmiða; áætla. „Ég held að ég sé búinn að sirkla út bestu leiðina til að komast í þetta fles“.

Sisona/ Sisvona / Rétt sisona (ao/orðtak) Svona; á þennan hátt; þannig. „Heilsan er sisona sæmileg, en ekki meira en það“. „Ég ætlaði, rétt sisvona, að hjálpa lambinu á fætur, en þá renndi móðirin í hnésbæturnar á mér“. Sjá einnig *tisona*; *tilsvona* og *til svona*.

Sitja að (orðtak) A. *Sitja undir vað*; sitja á brún og halda við vað. „Sitjið þið vel að þarna uppi á brúninni“? B. Búa yfir; *hafva undir höndum*; vera í góðri aðstöðu til. „Hann situr betur að þessum upplýsingum en aðrir“.

Sitja að sumbli (orðtak) Fást við drykkjuskap; vera á fylleri. „Þeir sátu enn að sumbli þegar ég fór“.

Sitja að völdum (orðtak) Vera við völd; *sitja/vera við stjórnvölinn*.

Sitja af sér (orðtak) Missa af. „Nú sátum við af okkur uppstyttuna fyrir bölvaðan kjaftaganginn“! Sjá einnig *bíða af sér*.

Stitja af sér sjóveður (orðtak) Vera í landi þó gefi á sjó. „Ég ætla nú ekki að sitja af mér sjóveðrið aftur“.

Sitja auðum höndum (orðtak) Sitja aðgerðarlaus. „„Fjórir bæir bættust við á árinu með *sjónvarpsgláp* nú rétt fyrir jólin, með ærnum tilkostnaði umfram tækjakaupin. Fólk telur fénu ekki illa varið. En skelfing er það þó *landeyðulegt* að sjá sveitafólk sitja auðum höndum öll kvöld. En þetta kannske venst“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).

Sitja á (orðtak) Geyma með sjálfum sér; láta aðra ekki fá. „Það dugir ekki að hann sitji á fjallskilaseðlinum *dögum saman*“!

Sitja á hakanum (orðtak) Lenda í drætti/útideyfu. „Þetta hefur setið dálítið á hakanum hjá mér, en nú ætla ég að drífa í þessu“. Uppruni orðtaksins virðist ekki viss, en sumir ætla að haki þessi hafi verið endinn á kirkjubekk. Hafi þar ekki þótt þægilegt að sitja og þar gjarnan lent þeir sem útundan voru í samfélaginu.

Sitja á rassgatinu (orðtak) A. Um bát; vera mjög afturhlaðinn/reistur að framanverðu. „Færið ykkur aðeins framí, svo hann sitji ekki svona á rassgatinu“. B. Um mann; sitja auðum höndum; vera iðjulaus.

Sitja á rökstólum (orðtak) Rökræða; bera saman ráð sín. Rökræðulist var í hávegum höfð í Kollsvík, og er enn. Málefnið sem um var rætt gátu verið af hinu margvíslegasta tagi, en sneru oftast ekki að fræðilegum efnum. Þó bar dægurmál oft á góma; innansveitarmál jafnt sem pólitík.

Sitja á sátts höfði (orðtak) Halda friðinn; vera friðsamur. „Hann var ansi *uppivöðslusamur* við nágranna sína í byrjun, þó hann hafi að vísu setið á sátts höfði í seinni tíð“. Uppruni orðtaksins er ekki fyllilega ljós. Hugsanlega vísar þetta til þeirrar reglu frá víkingatíma, þegar stríðsskip voru gjarnan með ógnandi stafnskraut, að það jafngildi árás eða stríðsyfirlýsingu að sigla að landi með gapandi trjónu; þ.e. með hið ógnandi stafnskraut. Er þess getið t.d. í Landnámabók þegar rætt er um nafn Þjórsár. Sá stýrimaður sem situr á sínu stafnskrauti situr því örugglega á sátts höfði. Í sumra munni hefur orðtakið ummyndast í að „sitja á sárs höfði“ eða „sárshöfði“, en hitt er líklega réttara.

Sitja á sér (orðtak) Stilla sig um; *halda aftur af sér*. „Ég gat ekki setið á mér lengur, og sprakk úr hlátri“.

Sitja á strák sínum (orðtak) Halda aftur af sér með hrekki/strákapör. „Sú saga er sögð af Árna Thoroddsen að eitt sinn hafi hann verið með öðrum að hvíla sig á brún eftir bjargferð. Þegar einn í hópnum sofnaði á bakinu, með útréttan lófa og opinn munn, gat Árni ekki setið á strák sínum. Hann *brá* þá *brókum*; skeit í lófann og kitlaði síðan manninn í nefið með strá, sem brást við með því að skella lortinum í andlit sitt. Ekki fer sögum af eftirmálum þess grúa gamans, en fleiri sögur voru sagðar af glettum Árna“ (VÖ eftir GnÖ).

Sitja á svikráðum við (orðtak) Vera tilbúinn að svíkja; vera ótrúur/ótraustur vinur. „Honum fannst aðrir stjórnarmenn sitja á svikráðum við sig og var *var um sig*“

Sitja bát / Sitja rétt í bát (orðtök) Sitja þannig í bát að hann fari vel á siglingu. Mjög fer eftir hleðslu bátsins, sjólagi og siglingarlagi hvernig hentar að sitja bát, en vanalega er best að hann sé sem réttastur á þverveginn og með lítillsháttar afturhalla á siglingu.

- Sitja eftir** (orðtak) A. Verða eftir. „Ég ætla ekki að sitja eftir ef aðrir eru til í að fara“. B. Sitja um; sækjast eftir; reyna að fá. „Ég hef verið að sitja eftir svari frá honum, en það er eitthvað *djúpt á því*“.
- Sitja eftir með sárt ennið** (orðtak) Vera skilinn eftir tómhentur; sæta prettum í viðskiptum. „Sjavarbyggðinar sitja eftir með sárt ennið þegar sægrefarnir selja skip og kvóta af staðnum“. Upprunaskýring er ekki ljós, en líklega vísar þetta til þess að maður sé sleginn niður og rændur.
- Sitja fastur** (orðtak) Vera fastur. „Traktorinn sökk ofaní pyttinn og situr þar fastur“.
- Sitja flötum beinum** (orðtak) Sitja á gólfinu með beina fætur. „Vaðurinn hefur nú verið rakinn frá brúninni og *hjólmaður kallar dráttarfólkið á vaðinn*. Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. (MG; Látrabjarg).
- Sitja fyrir** (orðtak) A. Veita fyrirsát; vera í vegi einhvers. Sjá *standa fyrir*. B. Vera fyrirmynd í teikningu eða á ljósmynd.
- Sitja fyrir rekum** (orðtak) *Ganga á reka*; vakta það þegar reka ber á fjörur og *bjarga* honum *undan sjó*. „It þriðja (bú) átti hann (Skallagrímur) við sjóinn á vestanverðum Mýrum. Var þar enn betur komið að sitja fyrri rekum, og lét hann hafa sæði og kalla að Ökrum“ (Egils saga Skallagrímssonar). Í Kollsvík var viðhaft orðalagið að ganga á reka.
- Sitja fyrir svörum** (orðtak) Svára; vera spurður. „Hann verður að sitja fyrir svörum varðandi þetta; ég kom ekki nálægt því“!
- Sitja hjá** (orðtak) A. Taka ekki afstöðu; greiða ekki atkvæði. B. Vakta; *standa hjá*. Fyrrum var setið hjá fé, t.d. kvíam eða meðan það var á beit. Í Kollsvík var fremur talað um að *standa hjá*, varðandi það síðarnefnda
- Sitja hver í sínu horni** (orðtak) Hafa ólíkar skoðanir; eiga ekki samskipti. „Félagið kemur litlu í verk ef hver situr í sínu horni og vill ekki vinna með hinum“!
- Sitja í damminum / Sitja í súpunni** (orðtak) Í slæmri stöðu; í klípu/vandræðum. „Þeir hlupu frá áður en verkið var hálfnað, svo ég sat eftir í damminum“. „Nú sitjum við í súpunni; heldurðu ekki að karlskarfurinn hafi lagt ofaní hjá okkur“! Dammur merkir í raun stífla/uppistaða, en var notað um for/drullupoll.
- Sitja í festum** (orðtak) Um konu; vera heitbundin en þurfa að bíða brúðgumans til giftingar.
- Sitja í grænni tóft** (orðtak) Um siglingu báts: „Ef hlöðnum báti er siglt í ljúfum vindi og hann grefur sig svo niður að sjórinn virðist báðum megin vera hærri en borðstokkurinn án þess að *gefi á*, var sagt að báturinn sitji í grænni tóft“ (ÓETH o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir).
- Sitja í óskiptu búi** (orðtak) Um erfðir; þegar ekkja/ekkill sér áfram um eignir eftir að maki fellur frá, án þess að gengið sé frá skiptum þeirra til erfingja.
- Sitja í súpunni** (orðtak) Vera í vandræðum; vera skuldum hlaðinn. Súpa er þarna stytting á *skuldasúpa*.
- Sitja lömb** (orðtak) Gæta lamba sem tekin voru frá mæðrum meðan fráfarur voru enn stundaðar. „Þessi brekka nefndist Lambabrekka; líklega örnefni frá því lömb voru setin á þessum slóðum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). „Þá sagði faðir minn mér að fara yfir á Kryppu; svo hét fell er skyggði á leiðina. Þar voru setin lömbin á sumrin“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Sitja með hendur/höndur í skauti** (orðtak) Vera aðgerðalaus. „Þó ég sé með einhverja *lumbru* ætla ég ekki að sitja bara með hendur í skauti meðan allir aðrir eru að vinna“. *Skaut* er sama og kjólta/fang.
- Sitja meðan sætt er** (orðtak) A. Vera á stað/ í husi meðan manni er vært; meðan maður er ekki hrakinn burt. B. Oftast notað í líkingu um veiðiskap; vera að veiðum meðan helst er unnt vegna veðurs/sjólags. „Það er ástæðulaust að rjúka í land þó *gjóli* eitthvað. Við skulum sitja meðan sætt er“.
- Sitja og standa eftir (einhvers) höfði / Sitja og standa eins og (einhverjum) líkar** (orðtök) Haga sér eftir geðþótta einhvers. „Bæjarhöfðingjarnir voru löngum einvaldir í Rauðasandshreppi og flestir hreppsúar urðu að sitja og standa eftir þeirra höfði“.
- Sitja sig ekki úr færi um** (orðtak) Nota hvert tækifæri til. „Maður situr sig aldrei úr færi um eggjaferð ef hún býðst“. Færi í þessari merkingu er stytting úr tækifæri.
- Sitja til (bát)** (orðtak) Sitja þeim megin í bát sem þarf til að hann sitji sem réttastur í sjónum. „Veriði heldur bakborðsmegin og framí strákar; báturinn *grefur sig* dálítið í skutinn og ekki veitir af að sitja hann til.
- Sitja til borðs** (orðtak) Sitja við borð til að matast. „Hann *sneri upp á sig* og sagðist helst ekki vilja sitja til borðs með svona vitleysingum“.
- Sitja um / Sitja eftir** (orðtak) Bíða eftir; vakta. „Á Geirseyrri var þá gestkomandi Þorgrímur Ólafsson úr Litluhlíð á Barðaströnd og sat um ferð út í Kollsvík“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Sitja undir (orðtak) Ver tilneyddur að hlusta á. „Ég nennti ekki að sitja undir þessari hundleiðinlegu ræðu lengur“. „Það er helvíti hart að þurfa að sitja undir svona ásökunum *að ósekju*“!

Sitja undir borðum (orðtak) Sitja til borðs; vera við borð; sitja að snæðingi.

Sitja undir stjórn / Sitja undir stýri (orðtök) Vera við stjórn/stýri á bát/bíl o.fl. „Mennirnir komast á kjöl, nema Torfi sem setið mun hafa undir stjórn en varð laus við bátinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sitja undir vað (orðtak) Sitja og draga upp bjargmenn og afla þeirra. „Við sátum undir vaðnum, hver með sína spyrnu og vorum að draga“ Frásögn AH (ÓS; Útkall við Látrabjarg). „Þegar við komum úteftir leynir sér ekki að eitthvað alvarlegt hefur komið fyrir. Davíð situr undir vaðnum með brugðið aftur fyreir bak og spyrnir af miklu afli...“ (SbG; Að vaka og vinna). „Fólkið sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmáður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgindinni*. Hann *situr undir*, sem kallað er; lætur vaðinn renna yfir læri sér“ (MG; Látrabjarg).

Sitja uppi (orðtak) Sitja uppréttur (t.d. í rúmi). „Hann var hressari og sat uppi í rúminu þegar ég kom upp“.

Sitja uppi með (orðtak) Dæmast til að hafa á höndum/ vera með. „Ég kæri mig ekkert um að sitja uppi með féð frá honum í mínum túnum“!

Sitja uppi við dogg (orðtak) Sitja eða liggja á hliðinni og styðja sig við annan olnbogann. *Doggur* var heiti á litlum hákarli, og er orðtakið líklega dregið af því þegar hann sveigðist í bátinum eftir að hann var innbyrtur.

Sitja við (eitthvað) með sveittan skalla (orðtak) Strita/erfiða við. „Hann sat við það með sveittan skalla að berja saman vísur fyrir þorrablótið“.

Sitja (fast) við sinn keip (orðtak) Standa fast á sinni skoðun; gefa sig ekki í deilum/rökræðum. „Hann sat fast við sinn keip og neitaði að selja bílinn á þessu verði“. Keipur merkir þarna líklega tolla/ræði á borðstokk, sem árin leikur á, og hver ræðari situr við sinn keip eftir því sem formaður skipar til verka.

Sitja/vera við stjórnvölinn (orðtök) A. Halda um stýri/steyrissveif/stjórntauma báts og stjórna honum. B. Líkingamál um t.d. félagsskap eða fyrirtæki.: Vera við völd; sitja að völdum; stjórna; stýra.

Sitja yfir (orðtak) A. Vera bundinn yfir. „Ég þurfti að sitja yfir árans símanum *lungann úr* deginum“. B. Gæta; sjá um gæslu. „Kennarinn sat yfir börnunum meðan þau þreyttu prófið“.

Sitjandi (n, kk) Rass. „Ég er blautur á sitjandanum eftir að hafa setið í röku grasinu“.

Sitt á hvað (orðtak) Til skiptis; á víxl.

Sitt er nú hvað (orðtak) Það eru tveir ólíkir hlutir/ tvö aðskilin mál. „Auðvitað á að refsfa fyrir svonalagað; en sitt er nú hvað að gera menn hausnum styttri eða stinga þeim í steininn um tíma“!

Sitt/ sittlítið af hvoru/hverju (tagi) (orðtak) Margbreytilegt; ýmislegt. „Hann er orðinn dálítið boginn og slitinn karlanginn, enda *ekki furða*; hann er búinn að *úðra* sitt af hvoru um ævina“. „Í bakaleið bar ég einhvern varning; sitt lítið af hverju“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Sitt/sinn/sín í hverja áttina (orðtök) Í tvær/margar áttir. „Gemlingarnir hlupu sinn í hverja áttina, og það var allnokkuð verk að ná þeim saman aftur“.

Sitt líst/sýnist hverjum (orðtak) Ekki hafa allir sömu skoðun. „Stundum sýndist sitt hverjum, en þarna var þó oft ráðinn róður eða afráðinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sitt smakkast hverjum (orðatiltæki) Hver hefur sinn smekk.

Sithvað (fn) Hitt og þetta; ýmislegt. „Líklega hefðu steinarnir sithvað að segja ef þeir fengju málið“.

Sithvað er Jón og séra Jón (orðatiltæki) Máltækið lifir góðu lífi enn í dag, en það vísar til þess tíma að prestar voru forréttindastétt, og létu sér ekki duga það sama og sauðsvartur *pöpullinn*. Sjá *það eru ekki sama Jón og séra Jón og ekki eru allir Jónar jafnir*.

Sithvorumegin (ao) Hvor á sinni hlið; báðumegin. „Þá var tekið í það og plógurinn veginn inn yfir borðstokkinn. Síðan var tekið í tvö bönd er lágu sithvorumegin úr plögnum niður í horn pokans“ (KJK; Kollsvíkurver). „Grastór eru sithvorumegin í Dalnum; Breiðavíkurtó til vinstri og Hænuvíkurtó til hægri“ (IG; Sagt til vegar II).

Situr á hakanum (orðtak) Mætir afgangi; verður gert síðast. „Önnur búverk sitja dálítið á hakanum yfir sláturtíðina“.

Situr í (orðtak) Hvílir þungt á; veldur stöðugum ama/reiði/hefndarhug. „Þessar ásakanir sátu lengi í mér; enda áttu þær ekki við nein rök að styðjast“.

Sí og æ (orðtak) *Alltaf sífell*; einatt; alltaf; aftur og aftur. „Hættu nú þessu nuddi sí og æ“!

Sía (orðtak) Sigti; sáld. Sbr mjólkursía, skyrúsía; kaffísía, bensínsía, olíusía o.fl. Síðari liður orðsins *skrúfsía* er væntanlega af öðrum stofni, en það orð virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur og næsta nágrennis.

Sía (s) A. Látu eitthvað ganga í gegnum sigti/síu; sigta. „Það er eftir að sía þessa mjólk“. Sjá; *lata grön sía*. B. Renna einhverju hægt í gegn. „Skyldi það aldrei ætla að síast inni hausinn á þeim að þetta er ómögulegt“?!

Síargandi / Sírgargandi / Sírgrenjandi / Síhljóðandi / Síæpandi / Síöskrandi (l) Einatt arngandi/gargandi/æpandi. „Krakkarnir hætta fljótlega að taka mark á foreldrum sem eru síargandi á þau“.

Síberjandi lóminn / Síkvartandi / Síkveinandi (orðtak/l) Sífellt að bera sig illa/ kvarta. „Í raun hafa þau það bara ágætt, þó þau séu síberjandi lóminn“.

Síbetlandi / Síbiðjandi / Sínuddandi / Sínöldrandi / Sísníkjandi (l) Sífellt að biðja/sníkja. „Ég kann ekki við að vera síbetlandi um að fá þetta lánað svo ég keypti mér það bara sjálfur“.

Síblaðrandi / Sígapandi / Sígasprandi / Síjaplandi / Síkjafandi / Síklifandi / Sísuðandi / Sítalandi / Síþvaðrandi (l) Eilíft að blaðra/gaspra; klifa á. „Skelfing þoli ég illa þetta sígasprandi þakk“!

Síblautur / Sívotur (l) Alltaf blautur/votur. „Ég límdi gatið á stígvélinu, til að vera ekki síblautur í fæturna“.

Síblótandi / Síböldvandi / Síragnandi (l) Alltaf að blóta/bölva

Síboppandi / Síhóstandi / Síkjöltrandi (l) Sífellt hóstandi. „Ansi er þreytandi að vera svona síboppandi; það er eins og þessi kveffjandi ætli aldrei úr manni“!

Síborðandi / Síétandi / Sídrekkandi (l) Borðar mjög oft; alltaf að éta/drekka. „Ég fæa mér bara eitthvað seinna; maður getur ekki verið síétandi“.

Síbreytilegur (l) Sem breytist í sífellu. „Sandmagnið í fjörunni er síbreytilegt“.

Síbrosandi / Síglottandi / Síhlæjandi / Síkátur (l) Alltaf glaðlyndur. Síglottandi notað fremur í neikvæðri merkingu, en hin orðin í jákvæðri.

Síbullandi (l) Fer eilíflega með bull/rugl/vitleysu/lygi.

Síbylja (n, kvk) Leiðigjörn sífelld endurtekning. „Hann endurtók þetta í síbylju“.

Sídd (n, kvk) Lengd niður, t.d. á klæðaði. „Ja, ekki veit ég við hvað þetta lendir með síddina á pilsunum sem þessar ungpúur klæðast nú til dags! Faldurinn er kominn langt uppyfir hné og stefnir alla leið upp í klof“!

Sídetandi (l) Alltaf að detta/hnjóta. „Óttalega ertu *hrösull* ljúfurinn minn; þú ert bara sídetandi“!

Síduftandi / Sídundandi / Sígaufandi (l) Sífellt að dunda við. „Hann er sídundandi við þessa bíldrúslu“.

Síða (n, kvk) A. Hlið á manns- eða dýralíkama. „Ég er með árans verk í síðunni“. „Sálaður á síðu lá/ sauður fagur garði hjá“ (Jón Thoroddsen). B. Landshluti sem líkist síðu skv A. T.d. Síða í Skaftafellssýslu. C. Blaðsíða í bók/blaði.

Síðan (ao) Eftir það; frá þeim tíma. „Hann hefur ekki sést hér síðan í hittiðfyrra“. „Þetta var fyrir löngu síðan“.

Síðan ekki söguna meir (orðtak) Svo ekkert eftir það; svo var því lokið. „Hann sinni þessu af alúð og dugnaði í nokkur ár, en síðan ekki söguna meir; þá missti hann áhugann á því“.

Síðan er mikið vatn til sjávar runnið (orðtak) Mjög langt er síðan; það gerðist fyrir löngu.

Síðari róður (orðtak) Síðari fiskiróður úr veri, ef tvíróið var sama daginn. „Þá var farið af stað í annan; venjulega síðari róður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Síðarmeir (ao) Seinna; síðar. „Þetta kann að nýtast síðarmeir“. Sjá *seint og síðarmeir*.

Síðast en ekki síst (orðtak) Ekki hvað síst. „Síðast en ekki síst þurfti hún að annast barnahópin sinn; sjá þeim fyrir fæði, gera þeim skó, þrjóna sokka og sauma allar flíkur“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu; bæði á baki og bringu; taka það upp til að meta skrokþungann, og síðast en ekki síst að koma sínu álitni á framfæri“ (PG; Veðmálið).

Síðasta kvöldmáltíðin (orðtak) Minni úr píslarsögu Kristis; síðasta máltíðin sem Kristur deildi með lærisveinum sínum. Samkvæmt Nýja testamentinu var hún að kvöldi skírdags/ fimmtudags fyrir páska. Kristnu fólk hefur löngum þótt altarisganga sérlega mikilvæg á þessum degi, enda vísar hún til útdeilingar Kristis á víni og brauði, sem hann sagði vera tákn blóðs síns og holds.

Síðastaleikur (n, kk) Eltingaleikur barna með ákveðnum reglum. Fer í stórum dráttum þannig fram að einn „er hann“ og reynir að „klukka“ (snerta) þann sem hann nær; sá „er hann“ og tekur við hlutverkinu. Ýmis afbrigði eru til af leiknum, og sum e.t.v. skálduð á staðnum.

Síðasti biti í háls/kjafi (orðtak) Um síðasta matarbitann í boði eða lok verks. „Hér er eftir síðasti biti í kjafi. Ætli sé ekki best að ég taki hann; þá þarf ekki að slást um hann“!

Síðastliðinn (l) Sá tiltekni tími sem síðast leið; t.d. síðastliðinn vetur; síðastliðin helgi.

Síðastnefndur (l) Sá sem síðast var nefndur í umræðu/upptalningu.

Síðborið / Síðgotið (l) Lamb sem fæðist seint á sauðburði. „Það er ekki furða að hrúturinn sé lítill; hann er svo síðborinn“.

Síðborningur / Síðgotungur (n, kk) Lamb sem fætt er í enda sauðburðar eða eftir hann.

Síðbúinn (l) Seint tilbúinn; seinn fyrir. „Sigurður fer svo af stað með tvær stangir og ég á eftir honum með vað, en hinir þrír sem með okkur voru urðu eitthvað síðbúnari frá tjaldinu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Síðbær (l) A. Um viðburð; veður seint. „Okkur barst þessi síðbæra frétt ekki fyrr en jarðarför var afstaðin“. B. Um kýr; ber seint á sumri.

Síðbæra (n, kvk) Kýr sem ber seint á sumri. Betra var að kýr bæru snemma á sumri til að beit nýttist sem best og kálfurinn braggadist vel yfir sumarið.

Síðdegi (n, hk) Síðari hluti dags.

Síðdegisflæði (n, kvk) Seinni flæði; flód sem verður eftir hádegi. „Hann gæti aukið aftur á síðdegisflæðinni“.

Síðfengin (l) Um ær; höfnuð af hrút seint á fengitið, og verður því *síðborin*.

Síðgotungur (n, kk) Lamb, barn eða annað ungvíði sem fæðist seinna en búast mætti við.

Síðjúgra (l) Um kýr; með síð júgur. „Síðjúgra kúm er mjög hætt við að stíga sig (stíga í spena og slasa sig). Til að forða þv, er stundum settur á þá júgurhaldari“.

Síðjökultími (n, kk) Tímabilið fyrst eftir lok ísaldar, eða frá ca 10.000 árum til ca 7000 árum. Á þeim tíma var jökull að hverfa, en láglendi víða undir sjó, þar sem landið hafði ekki náð að lyfta sér eftir jökulfargið. Þá var t.d. sjávarmál í Kollsvík líklega um Biskupsþúfu, Nautholt, Svarðarholt, Gróumel og Brunnsbrekku.

Síðla (ao) Seint. T.d. síðla dags; síðla vetrar; síðla sumars.

Síðmiðaldir (n, kvk, fto) Síðari hluti miðalda; venjulega átt við tímabilið frá 1400 eða fyrr, fram yfir 1500.

Síðri (l) Lakari; verri; óæðri. „Hann er ekki síðri í smalamenskum en aðrir“.

Síðskeggjaður (l) Með sítt skegg.

Síðsleginn (l) Um gras/hey; slegið/heyjað seint að sumri. „Síðsleguð hey úr fyrsta slætti ést verr en annað“.

Síðslægja (n, kvk) Hey sem slegið er og verkað seint á sumri. Síðslægja þykir allajafna lakara fóður en snemmslegið hey, þó það fari reyndar mjög eftir aðstæðum og verkun.

Síðsumars (ao) Seint að sumri.

Síðubiti (n, kk) Rifjabiti; kjötbiti af síðu skrokksins. „Ári eru þetta feitir síðubitar sem eru eftir“.

Síður (ao) Frekarhelst ekki. „Best er að drífa þetta af í dagsbirtunni; ég vil síður vera að því í myrkri“.

Síður en svo (orðtak) Alls ekki; þveröfugt. „Það er síður en svo minni afli núna en á sama tíma í fyrra“.

Síðustu forvöð (orðtak) Síðasta tækifæri; *hver að verða síðastur*. „Það eru líklega að verða síðustu forvöð með að fara í fýlsegg, ef maður ætlar að fá þau ný“. Eldri mynd er „ystu forvöð“. Líkingin vísar til þess að sá sem fer með fjöru undir klettum þarf að komast fyrir áður en fellur uppá ystu/síðustu forvaðana.

Síðuvindur (n, kk) Um siglingu; hálfur vindur; vindur sem stendur þvert á bátinn.

Síðvembdur (l) M eð síðan kvið. „Mikið sýnist mér þessi kind vera síðvembd; ætli hún sé kviðslitin“?

Síemjandi / Síkvartandi (l) Hafa sífellt uppi *kvartanir/bölmóð*. „Maður er síkvartandi yfir vegunum, en þeir lagast lítið“.

Síendurtaka (s) Endurtaka oft. „Símasambandið var svo slæmt að ég þurfti að síendurtaka hvert orð“.

Síendurtekinn (l) Sem endurtekinn er í sífellu.

Síétandi (l) Alltaf að borða/éta. „Það liggur ekkert á að fara strax í matinn; maður er bara síétandi“.

Sífátandi / Sífiktandi (l) Sífellt að fikta/fáta í einhverju *til ópurftar*. „Vertu nú ekki sífátandi í stillingunum á útvarpinu; ég þarf að heyra veðrið á eftir“!

Sífellt (ao) **Alltaf; sí og æ; alla tíð**. „Hann var sífellt að spyrja miðg að þessu“.

Sífra (s) Nöldra; klifa; tuða. „Hættu nú að sífra um þetta drengur“!

Sífretandi / Síprumpanði / Sírekandi við (l/orðtak) Einatt að leysa vind/prumpa/ reka við. „Þetta er ókosturinn við rúgbrauðið; maður er sífretandi ef maður étur það í óhófi“!

Sífullur (l) A. Alltaf mettur/saddur. „Það verður hreint ekkert gaman að éta ef maður er sífullur“. B. Alltaf ölvaður/kenndur. „Er karlinn bara sífullur þessa dagana“?!

Sífúll (l) Alltaf í þungu skapi; einatt reiður/leiður. „Maður nennir ekki að vera sífúll alla daga“.

Sífækkandi (l) Fækkar stöðugt. „Þeim fer sífækkandi sem tala það mál fullkomlega sem, Kollsvíkingum fyrr á tíð var tamt á tungu“.

Síga (s) A. Um það þegar sigari er látinn síga niður í bjarg í sigvað. „Þá var stundum sigið í Hjöllunum af þeim sem því þorðu, en ég var notaður til að *halda við* bandið“ (IG; Æskuminningar). B. Um það þegar hey sígur í hlöðu undan þunga, einkum þegar hitnar í því. C. Um það þegar fiskur er látinn þorna á rám eða í hjalli (siginn fiskur) D. Um ýmislegt annað, t.d. þegar mysa er látin síga af skyri eða saft af berjamauki eða bleyta úr fatnaði.

Í Kollsvík var oftart notuð þátíðarmyndin „sé“ en sjaldnar „seig“. Þannig var um önnur orð; „sté“ í stað „steig“; „hné“ í stað „hneig“; „mé“ í stað „meig“.

Síga að (orðtak) Um þoku/dimmviðri; koma yfir. „Mér sýnist að hann sé frekar að síga að með þokuna“.

Síga af (orðtak) Um bleytu; drjúpa af. „Við skulum láta síga af heyinu á vagninum í nótt og bæta á gryfjuna á morgun“.

Síga af stað / Síga heimleiðis / Síga í áttina (orðtak) Halda af stað/ halda heim á leið. „Ég held að við ættum nú að fara að síga af stað, ef við ætlum að ná á fundinn“. „Ætli maður ætti ekki að fara að síga heimleiðis“. „Það fer víst að koma tími til að síga í áttina *hvað úr hverju*“.

Síga á árar (orðtak) Leggjast á árar; taka á í róðri. „Þið megið síga betur á árararnar í andófinu; hann er að auka strauminn“.

Síga á seinni hlutann (orðtak) Komið á síðari hluta þess sem fyrir liggur/ þarf að gera; farnar að minnka birgðir o.fl. „Enn eigum við nokkuð eftir af verkinu, en það er farið að síga á seinni hlutann“.

Síga í (orðtak) A. Vera þungt að bera; þyngjast. „Það sígur í að bera tvo fulla eggjakúta og vaðinn að auki“. B. Reiðast; fjúka í; þyngjast skap. „Ég játa að það var farið að síga verulega í mig að horfa uppá þennan endemis klaufaskap, en ég stillti mig og þagði“. C. Fara í kletta/bjarg með sigi. „Sagnir eru um að Sighvatur þessi hafi sigið í Stóðin og haft þar sauði til eldis“.

Síga í brjóst (orðtak) Dotta; sofna; *hverfa veröldin*. „Ég held að mér hafi bara sigið aðeins í brjóst“.

Síga í sjó (orðtak) Um bát/skip; verða siginn vegna afla eða leka. „Skipið var farið að síga í sjó að framan“.

Sígandi lukka er best (orðatiltæki) Stöðug jákvæð þróun er heillavænlegri en skyndilegt happ. Sjá *góðir hlutir gerast hægt*.

Sígaretta (n, kvk) Vindlingur.

Sígaulandi (l) Niðrandi orðalag yfir að vera sífellt raulandi/syngjandi.

Sígeispandi (l) Syfjaður; alltaf að geispa. „Það gengur ekki að rorra hér sígeispandi; best að hafa sig í bælið“.

Sígeltandi (l) Alltaf að gelta; geltir oft. „Það verður að lóga hundinum ef hann ætlar að vera sígeltandi“.

Sígildur (l) Alltaf í sama verði; heldur verðgildi/gildi sínu. Orðið er oft ranglega notað um ýmiskonar list, s.s. tónlist, en eðli sínu samkvæmt er engin list sígild, þar sem viðhorf til hennar er misjafnt milli einstaklinga og tímabila. Sama bábilja ríkir í heimi akademíunnar varðandi skáld; ekkert skáld er sígilt fremur en list þess.

Sígláður / Síkátur / Síhress (l) Alltaf í góðu skapi; mjög sjaldan óánægður/niðurdreginn/fúll.

Sígrátandi / Sígrenjandi / Sískælandi / Sívolandi / Sívælandi

Sígrænn (l) Alltaf grænn; sölnar ekki. „Dýjamosinn kemur sígrænn undan vetrinum“.

Sígur í (orðtak) Er þungt. „Eggjakútarnir síga verulega í þegar gengið er á mosanum upp Geldingssskorardal, jafnvel þó þeir séu bornir í fatla“. Einnig haft um sigmann. Þegar hann bjóst til niðurferðar byrjaði hann á því að „síga í“; þ.e. setjast rólega af fullum þunga í vaðinn.

Síhikandi (l) Mjög oft hikandi/óákveðinn.

Síhikstandi (l) Með samfelldan hiksta. „Skelfilega er leiðinlegt að vera svona síhikstandi“!

Síhlaupandi (l) Alltaf á þönum/hlaupum. „Maður fitnar ekki meðan maður er síhlaupandi á eftir þessum rollurössum“!

Síhnuplandi / Sístelandi (l) Alltaf að taka ófrjálsri hendi. „Þeir sögðu að hann hefði verið síhnuplandi frá þeim; *stal öllu steini léttara*“.

Síhræddur (l) Sífellt hræddur/smeykur. „Maður er síhræddur um að þessi börð á Litlufitinni geti öll farið af stað, en þá yrði Láganúpsjörðin óbyggileg með öllu“.

Síhugsandi (l) Sífellt að hugsa um. „Segja má að maður hafi verið síhugsandi um þetta, allt frá unglingsaldri; hvernig beisla megi orku sjávar með raunhæfum hætti“.

Sihungraður / Sísaltinn / Sísvangur (l) Alltaf hungraður/svangur. „Heldur var naumt skammtað á bænum; við vorum sihungraðir meðan við vorum þarna í vinnu“.

Sihækkandi (l) Sem sífellt hækkar. „...einkum minntist hann á að rekstur barnaskólans færi sihækkandi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Síjarmandi (l) Sífellt að jarma. „Hvað er með þetta síjarmandi lamb þarna uppi í Urðum“?

Síkveðandi / Síraulandi / Sísyngjandi / Sítrallandi / Síönglandi (l) Sífellt að kveða/raula/syngja/tralla. „Ég man ekki eftir ömmu minni, Halldóru Kristjánsdóttur, öðruvísi en sísyngjandi. Hún kunni firn af vísnum með lögum, og hafði góða söngródd. Sama var um dóttur hennar; Sigríði móður mína, þó hún gerði heldur minna af því“.

Síkvefaður (l) Sífellt með kvef. „Ég held að maður sé bara síkvefaður þennan veturinn; *svei mér þá*“!

Síkvikur (l) Sífellt á hreyfingu; órólegur. „Hún var með einkennilega síkvik augu“.

Síla (s) Fá á sig ísingu/klakabrynju. „Grjótið sílar allt í frostinu“.

Sílaður (l) Með ísingu/klakabrynju. Einkum notað um ísingu á steinum og klettum. „Grjótið er allt sílað og stórvarasamt frammi á útfiri í svona miklu frosti“

Sílamávur (n, kk) *Larus fuscus*. Fremur stór mávur; líkist svartbaki en er minni og nettari. Dökkgrár á baki og vængjum, en annarsstaðar hvítur. Ungfuglar eru dökkbrúnflíkróttir. Vængbroddar eru mjög dökkir. Fætur eru gulir og rauður blettur fremst á neðra skolti; augun gul. Sílamávur byrjaði að verpa á Íslandi á þriðja áratug 20.aldar, en hefur ekki orpið í Kollsvík eða annarsstaðar á vestanverðum Vestfjörðum, svo vitað sé.

Sílatorfa (n, kvk) Þétt torfa af síli, t.d. sandsíli; *ger/gjör*.

Síldarmjöl (n, hk) Mjöl sem gert er með bræðslu síldar. Allmikið notað sem skepnufóður milli 1930 og 1970. „Velfóðrað fé er einnig á Melanesi, enda hefur þar verið gefið síldarmjöl og nokkuð af því sem aukafóður, borið saman við vanalega gjöf undanfarna vetur...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Síldarmjölspoki (n, kk) Poki af síldarmjöli. „Ég man enn eftir sjálfsánægju minni, þegar mér var í fyrsta skipti treyst til að bera 200 punda síldarmjölspoka upp úr bát í Kollsvíkurveiri“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Sílesandi (l) Sífellt að lesa. „Maður var sílesandi flestar stundir þegar frí gafst frá vinnu og leikjum“.

Sílförð (n, kvk) Göngur af síli. „Það hlýtur að vera mikil sílförð á vikinni núna því það standa uppi nokkur gjör. Ég held það væri ráð að setja fram og renna fyrir fisk“.

Síli (n, hk) Síli var yfirleitt samheiti á eiginlegu síli og seiðum í munnri sjómanna í Kollsvík og víðar. Þó voru sumir sem stúderuðu fisktegundir; lífshætti þeirra og hegðun meira en aðrir.

Síljúgandi / Síslúðrandi (l) Einatt að ljúga/bera út kjaftasögur. „Ég hlusta ekki á þetta síslúðrandi pakk“!

Sílogandi (l) Um ljósfæri/rafljós; alltaf kveikt. „Það er óþarfi að hafa sílogandi á útiljósinu“.

Sílspikaður (l) *Akfeitur; asafeitur; rær í spikinu*. „Hann var sílspikaður; hérumbil hnöttóttur“.

Síma (s) Hringja; hafa símsamband; tala í síma. „Að því búnu símaði ég til Snæbjarnar Thoroddsen...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949). „Þann 17.apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar árásar í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Símaat (n, hk) Hrekkir með síma. „Stundum stálust *hrekkiálómarnir* til að gera símaat. Það var auðvelt á dögum sveitasímans. T.d. var hægt að skjóta inn einu og einu orði í samtal annarra eða trufla með öðru móti. Þetta var þó grátt gaman og hart á því tekið ef upp komst“.

Símabilun (n, kvk) Bilun í símasambandi. Símaþilunir voru mjög algengar meðan enn voru lofflínur. Var fremur regla en undantekning að símalínur biluðu í miklum veðrum eða snjóþyngslum.

Símadama (n, kvk) Símastúlka; kona sem vinnur á skiptiborði á símsstöðeða hjá fyrirtæki. „Símadaman bað mig að bíða aðeins á línunni“.

Símafundur (n, kk) Fundur sem haldinn er í síma. Sveitasíminn gamli bauð uppá ýmsa möguleika; m.a. þann að hlera samtöl annarra. En einnig gátu notendur á sömu línu haldið fund; tveir, þrír eða fleiri.

Símahlerun / Símhlerun (n, kvk) Það að liggja á hleri í sveitasíma/ hlera samtal um opna línu. „Allir vissu að það var argasti ósiður að hlera, en einnig að símahlerun var skilvirkasta fréttaveitan sem í boði var“.

Símakúla (n, kvk) Hvít einangrandi bjöllulaga kúla úr postulíni, sem höfð er efst á símastaur. Símalína í lofti liggur svo um þessa kúlu, sem varnar því að rafmagn leiði til jarðar.

Símalandi / Síblaðrandi (l) Sífellt talandi; *samkjaftar ekki*. „Hún er símalandi um þessa blessaða englabossa sína“. „Þú ert síblaðrandi um að það sé ekkert mál að komast upp klettinn; sýndu nú hvað þú getur“!

Símalaust (l) *Dauður sími*; ekkert símasamband. „Það er þá símalaust *eins og vant er*, eftir *skrugguveðrið*“.

Símálína (n, kvk) A. Lína sem áður lá í lofti milli bæja, borin uppi af staurum. „Niður með Gilínu lá símálína að Breiðuvík og Látrum. Þarna á brúninni laust eldingu niður í línuna og af þremur staurum voru einungis eins meters stubbar upp úr jörð; og næstu klofnir niður í jörð. Ég var þá með eftirlit með símanum og tjaslaði þessu upp til bráðbirgða“ (IG; Sagt til vegar II). B. Rauðasandshreppi var skipt í svæði, og innan hvers svæðis höfðu nokkrir bæir sameiginlega símálínu; sem þýddi að ekki gat nema einn bær í einu notað línuna og unnt var að hlera símtöl hinna. Á Víkna línunni voru bæirnir Kollsvík, Stekkjarmelur, Láganúpur, Breiðavík, og Látrabæirnir Ásgarður, Húsabær og Sæból.

Símamaður (n, kk) Maður sem vinnur við símalagningu/símaviðgerðir. „Símamenn að sunnan komu yfirleitt árlega í hreppinn; nokkrir saman á bíl sem var furdulegt sambland af smárútu og pallbíl. Á pallinum tróndu nokkrir símastaurar sem þeir höfðu til skiptanna.“

Símasambandslaust (l) Án símasambands. „Fyrir stuttu þekktist ekki sími og fólk lifði í friði og ró. Nú lamast allt þjóðfélagið ef það verður símasambandslaust! Svo kalla menn þetta framfarir“!

Símastaur (n, kk) Staur til að halda símalínu frá jörð. Raðir símastaura voru áberandi í landslagi sveitarinnar meðan loftlínur voru notaðar til tenginga milli bæja. Símastaur er líklega um 10m hár og um 6-8“ í þvermál; sívalur og gegnsoðinn með tjöru. Neðri endi er tryggilega grafinn/rústaður í jörð og á efri endann er fest *símakúla* með sérstöku bognu járn sem skúfast í staurinn. Staurum er valinn staður á efstu hólum í landslagi, með nokkru millibili; þó helst ekki á hæstu fjallstindum vegna eldingahættu. Í dimmviðrum gat verið öryggi að því fyrir ferðamenn og smala að geta fylgt símalínu milli staða. Eftir að loftlína lagðist af hafa staurar og línur sumstaðar verið til óþrifa á jörðum, en sumstaðar hafa bændur gtað hagnýtt sér staurana.

Símatími (n, kk) Tími sem viðvera er á símstöð. „Á fyrstu dögum síma í sveitum landsins hafði þetta orð aðra merkingu en nú er. Þá var einungis unnt að hringja yfir daginn, meðan vakt var á símstöðinni. Alltaf var þó unnt að ná í næstu bæi sem voru *á sömu línu*, en símstöð þurfti að tengja á næstu línur og í langlínusímtöl“.

Símaviðgerðarmaður (n, kk) Sá sem gerir við símalínur. „Ingvar í Kollsvík var símaviðgerðarmaður á Útvíkna línunni. Hann þurfti iðulega að brjótast langar leiðir í erfiðum aðstæðum, en þá bilaði helst“.

Símavír (n, kk) Efni það sem er í símalínu; venjulega koparvír með stálkjarna.

Símhringing (n, kvk) Hringing síma. Meðan gömlu sveitalínurnar voru við lýði hafði hver bær sína einkennandi hringingu, sem merkti að símtali væri beint á þann bæ. Í Kollsvík var hringingin ein löng og ein stutt, en á Láganúpi tvær stuttar og ein löng. Til að hringja á símstöð/miðstöð hringdu menn eina langa. Líklega hefur hringing á aðra bæi Víkna línunni verið þessi: Breiðavík, tvær langar; Ásgarður, stutt löng; Húsabær, þrjár stuttar og ein löng; Sæból, þrjár stuttar.

Sími (n, kk) A. Símsamband; tækni sem gerir mönnum kleyft að talast við um langar vegalengdir. Skotinn Alexander graham Bell þróaði fyrsta nothæfa talsímamann í Bandaríkjunum 1871, en Thomas Edison gerði á honum nokkrar breytingar. Landsími Íslands var stofnaður 1906 og sama ár var lagður sæsímastrengur frá Skotlandi um Færeyjar og til Seyðisfjarðar. „Sími kom fyrst í Rauðasandshrepp með lagningu sæsíma yfir Patreksfjörð árið 1927, fyrst að Hvalskeri og Kvígindisdal. Þar voru svonefndar 3.flokks símstöðvar. 1933 var lagður sími frá Kvígindisdal um Örylgshöfn (Hnjót) að Breiðavík og Látrum (Sæbóli). Einkalínur voru lagðar að Sauðlauksdal, Vatnsdal og Tungu. Af Hafnarfjalli var tekin lína að Kollsvík (Stekkjarmel) árið 1934. 1937 var lagður sími að Saurbæ á Rauðasandi og 1939 kom sími að Hænuvík. 1950-54 var lagður sveitasími á alla bæi hreppsins, með miðstöð á Patreksfjörð. Sjálfvirkur sími kom í hreppinn 1984, og voru þá símalínur lagðar í jörð“ (BÞ; Fólkið, landið og sjórinn). Sjá *símálína*. B. Tæki til að móttaka og senda símtöl; *símtæki*; símtól. Til að hringja var snúið sveif sem knúði rafala og þá hringdi bjalla á hverjum bæ á línunni og í símstöð. Sjá *símhringing*. Símtæki voru yfirleitt vegghengd, en af ýmsum gerðum. Á Láganúpi var nettur veggssími úr Bækelit-plasti, en á Stekkjarmel og í Kollsvík voru símtæki í viðarkassa. Þegar símtól var *lagt á tækið* rauf það sambandið.

Símleiðis (ao) Með símasambandi; gegnum síma. „Fundurinn var boðaður símleiðis“.

Símon kjaftur (orðtak) A. Um seglabúnað skips; gæluheiti á stormklýfi. „Aðeins var lagt til með þrírifuðu stórsegli og stormklýfi, eða Símoni kjafti, eins og sjómenn kölluðu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar). B. Gæluheiti á rifjarni; sérstöku verkfæri til að draga út nagla/saum.

Símskeyti (n, hk) Skeyti/boð/kveðja sem sent er með því móti að sendandi kemur boðinu til sinnar símstöðvar sem kemur því til símstöðvar notanda; sem prentar það út á sérstakt eyðublað og kemur því til móttakanda. Í upphafi símans og framyfir 1960 var algengt að menn sendu símskeyti, sérilagi boð sem þurfti að votta að hefðu komist til skila. Einnig sendu menn kveðjur til ástvina, s.s. heillaóskaskeyti og samúðarskeyti, sem enn er gert þó tölvur hafi mikistil tekið við hlutverki símstöðva.

- Símstjóri** (n, kk) Umsjónarmaður landsímastöðvar. Ein slík stöð var starfrækt að Stekkjarmel í Kollsvík í upphafi símvæðingar; þangað þurftu Kollsvíkingar þá að leita með sín simtöl. „Andrés Karlsson, símstjóri á Mel í Kollsvík, fór nú heim til sín“ (ÞJ; Sargon strandið).
- Símstjóri** (n, kk) Umsjónarmaður símstöðvar. „Andrés Karlsson, símstjóri á Mel í Kollsvík, sem þarna var með okkur, fór nú heim til sín...“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).
- Símstöð** (n, kvk) *Miðstöð*; tengistöð fyrir sveitasímalínur og langlínu.
- Símtal** (n, hk) Samtal gegnum síma.
- Símtól** (n, hk) A. *Símtæki*. B. Hluti símtækis; tólið sem haldið er á; talað í og hlustað. Tengt með snúru við símtækið fyrrum.
- Símtæki** (n, hk) Símar voru, í upphafi símvæðingar, mun umfangsmeiri og svipmeiri tól en núorðið er. „Fyrstu símtækin voru stórir trékassar, hengdir á vegg, með utánaliggjandi bjöllum að framanverðu og þungu snúrutengdu símtóli hangandi á krók á hliðinni. Þannig símtæki var t.d. fyrsti síminn á Stekkjarmel, sem fluttist síðan að Kollsvík. Símtækið á Láganúpi var einnig vegghengt; úr svörtu baekelíttplasti og með ofanáliggjandi snúrutengdu símtóli. Einnig þekktust borðsímar af svipaðri gerð. Þessir símar voru allir með sveif til hringingar, en síðar komu skífusímar; þar á eftir takkasímar og löngu síðar þráðlausir símar“.
- Sínagandi** (l) Sífelld að naga/narta. „Það er ekki hollt að vera sínagandi rabbarbara; þú færð varaþurrk af því“.
- Síngirni** (n, kvk) Eigingirni; ágirnd. „Það er nú bara síngirni að gefa aldrei neitt til góðgerðarmála“.
- Síngjarn** (l) Eigingjarn; sjálfhverfur. „Það hafa aldrei þótt mannkostir að vera sjálfselfskur og síngjarn“.
- Sínkur** (l) Aðsjáll; sparsamur; nískur. „Hann var ekkert sínkur á saltið við okkur“.
- Sínum augum lítur hver á silfrið** (orðatiltæki) Viðhaft um misjafnt álit manna; sérhver metur málefni og hluti á sínum forsendum. Vísar líklega til þess að fyrrum gátu orðið deilur um hreinleika og verðmæti silfurs sem notað var sem gjaldmiðill.
- Sípárandi / Sískrifandi** (l) Einatt að skrifa/ punkta hjá sér.
- Sípirraður / Síæstur** (l) Mjög oft pirraður/æstur. „Maður er sípirraður yfir þessum bjálfum sem kunna ekki að leggja í rétta stefnu“! „Það hefur ekkert uppá sig að vera síæstur yfir þessu; það bætir lítið blóðþrýstinginn“.
- Síplagaður / Síþjakaður / Síþjáður** (l) Sífelld hrjáður/kvalinn; eilíft með verki/þjáningar. „Það er óskemmtilegt að vera síplagaður af tannverkjum“. „Það étur hvern mann að vera síþjakaður af áhyggjum“.
- Sípuðandi / Sístarfandi / Síúðrandi / Sívinnandi** (l) Sífelld vinnandi; iðinn. „Ég man eftir henni Gunnu gömlu í Gröf, sem var ein af þessum gömlu sívinnandi konum sem ekki hafði verið mulið undir um ævina“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Sírennandi** (l) Rennur samfelld. „Ég hef sírennandi vatn hjá fénu í hólfinu“.
- Sírennsli** (n, hk) Vatn sem rennur stöðugt úr krana/lögn o.fl. „Það þarf að laga þetta sírennsli í klósettinu“.
- Sírexandi** (l) A. Sífelld að ganga um. „Það kólnar fljótt í húsinu þegar krakkarnir eru sírexandi út og inn“! B. Sífelld að nauða/biðja/tuða. „Vertu nú ekki sírexandi í mér með þetta“!
- Síreykjandi** (l) Sífelld að reykja. „Það er nú varla nein hollusta að vera síreykjandi þessa pípu“!
- Síríus** (n, kk) *Hundastjarnan*. Bjartasta stjarnan í stjórnumerkinu Stórahundi og reyndar bjartasta fastastjarnan á himninum; um 25 sinnum ljósmeiri en sólin. Fjarlægð frá okkar sólkerfi er tæp 9 ljósár. Sírius er tvístirni, þar sem önnur stjarnan er hvítur dvergur.
- Sísal / Sísalhampur / Sísaltóg** (n, kk/kvk) Trefjar sem unnar eru úr plöntunni Agave sisalana, sem er hitabeltisplanta af þymililjuætt. Trefjarnar voru notaðar í kaðla/reipi/tóg sem nýtt er til margvíslegra hluta, en nú hafa gerviefni leyst hampinn af hólmi í flestu. Hampiðjan framleiddi sísalhamp fyrir á tíð.
- Sískimandi** (l) Sífelld að skima/skyggna eftir. „Ég hef verið sískimandi eftir þessum kindum sem vantar“.
- Sískjálfsandi** (l) Sífelld skjálfsandi. „Blessaður búðu þig nú betur; það gengur ekki að vera sískjálfsandi úr kulda“!
- Sísofandi** (l) Sefur mjög mikið. „Það vinnst nú lítið ef menn eru sísofandi; bæði dag og nætur“!
- Síspríklandi** (l) Einatt á iði/ spríklandi. „Þú mátt alveg sofa uppí hjá okkur ef þú ert ekki síspríklandi“.
- Síspyrjandi** (l) Einatt að spyrja. „Vertu nú ekki síspyrjandi alltaf að sama hlutnum“!
- Síst datt mér það í hug/ til hugar** (orðtak) Það hvarflaði síst að mér; ekki datt mér það í hug.
- Sístagast / Sístaglast** (s) Þrástagast; endurtaka ítrekað. „Hættu nú að sístagast á þessu“!
- Sístækkandi** (l) Sem stækkar jafnt og þétt. „Lífsbaráttan var erfið fyrir sístækkandi fjölskyldu á örreytiskoti“.
- Sísveittur** (l) Endalaust sveittur. „Nú mætti hann fara að kula dálítið; maður er sísveittur í þessari mollu“.

Sísyfjaður (l) Alltaf syfjaður. „Ekki veit ég af hverju ég er svona sísyfjaður þessa dagana“.

Sísyngjandi (l) Iðulega að syngja. „Hún var alltaf í góðu skapi og sísyngjandi“.

Síungur (l) Virðist alltaf jafn ungur; eldist ekki sýnilega. „Alltaf virðist hún síung, frá því að ég sá hana fyrst“.

Síúðrandi (l) Önnur kafinn; vinnuþjarkur. „Aldrei sér maður hana öðruvísi en síúðrandi“.

Sívafinn (l) Margvafinn; undið með mörgum vafningum. „Gert var að fótbroti á kind með því fyrst að sóttþreinsa sárið vel, væri það opið, og sívefja með finni sárgrísku eða hreinu lérefi. Síðan voru útbúnar spelkur, t.d. úr bambusteinum, og þeim raðað kringum legginn með litlu millibili, og þannig að klaufir stæðu vel niðurúr. Hnýtt var rækilega að með snæri; fyrst með draglykkju en síðan sívafið utanum spelkurnar. Ef vel tókst til gat kindin farið allra sinna ferða og brotið greri vel, en halda þurfti umbúðunum þurrum“.

Sívaxandi (l) Sem stöðugt eykst/vex. „...fá Barðstrendinga til smölunar með Rauðsendingum, sökum mikils og sívaxandi ágangs fjár frá Barðstrendingum á fjalllendi Rauðsendinga“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Sívinnandi (l) Vinnur stöðugt/mikið; alltaf að. „Menn voru sívinnandi myrkranna á milli“.

Sívefja (s) Vefja oft kringum. „Ég lagði spelkurnar við fótbrotið á kindinni; sívafið svo með snæri og batt tryggilega að“.

Síviljugur (l) Alltaf viljugur/reiðubúinn. „Ég var síviljugur í alla hreyfingu; hvort sem það var smalamennskur eða eggjaferðir“.

Sívökull (l) Alltaf vakandi/á verði. „Ekkert matarkyns fór framhá sívökulum augum krumma“.

Síþreyttur (l) Alltaf þreyttur/ með þreytutilfinningu. „Það gengur ekki endalaust að vera síþreyttur“.

Síþyrstur (l) Alltaf þyrstur. „Maður er síþyrstur eftir þetta skötuát; hún hefur verið alltof sölt“!

Sjal (n, hk) Klútur sem konur sveipa gjarnan yfir herðar sér til skjóls og/eða skrauts.

Sjaldan (l) Ekki oft; fáum sinnum. „Þá tók sauðburðurinn við og við urðum að smala út í Breiðavík, ekki sjaldnar en annanhvær dag“ (IG; Æskuminningar). Orðmyndin „sjaldan“ var ekki notuð í Kollsvík, a.m.k. ekki í seinni tíð.

Sjaldan bitur refur/tófan nærri greni (orðatiltæki) Refir kunna vel að leyna greni sínu, og liður í því er að fara gjarnan í langar veiðiferðir, en ekki eingöngu í sínu nágrenni. Spekin er svo heimfærð á mannfólkið; t.d. það að sauðabjófum var gjarnan að stela fjarri sínu heimili.

Sjaldan bregst mjaldur af miði (orðatiltæki) Um þann sem er þaulsætinn á sama stað, eða bregður lítt útaf sínum vana. Vísar til þess að hvaltegundin mjaldur, sem fáséð er hér við land, mun vera heimakær og halda sig mikiðstil á sömu slóðum.

Sjaldan brotnar bein á huldu (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að bein eru oft sterk, og því þarf bæði að hafa gott undirlag og öflugt högg þegar þau eru brotin, t.d. til mergjar. Setningin er stundum sögð vera tilvitnun í skálkinn Axlar-Björn, þegar útlimir hans voru brotnir. Sjá; *saxast nú á limina hans Björns míns*.

Sjaldan brýtur gæfumaður gler (orðatiltæki) Vísar til þeirrar hjátrúar að maður kalli yfir sig ógæfu með því að brjóta gler.

Sjaldan bætir biðin / Sjaldan er bið til batnaðar/bóta (orðatiltæki) Sjaldgæft er að hlutirnir batni eða vandamál leysist við það að bíða.

Sjaldan er á botninum betra (orðatiltæki) Ekki skal leita langt yfir skammt; ekki finnst betra þó gramsað sé í íláti; þvert á móti er t.d. grogg við botninn í lýsistunnu. „Hentu til mín tveimur sneiðum þarna ofanaf; sjaldan er á botninum betra“. „Ég gekk út þegar hann upphóf skammarræðuna; minnugur þess að sjaldan er á botninum betra“. Stundum snúið upp í andhverfu: *Oft er á botninum betra*.

Sjaldan er bagi að bandi (orðatiltæki) Spekin vísar til þess að bandleysi bagaði menn oft á fyrri tíð; ekki síst í verstöðvum, þar sem þess var mikil þörf. Því tóku menn því jafnan feginshendi ef spotta var að finna. Því var það að eldri Kollsvíkingar töldu það happafeng þegar á fjörur rak lóðaflækjur eða vörpuslitur, og viðhöfðu þá gjarnan þetta máltæki. Til var lengri útgáfa; „sjaldan er bagi að bandi né burðarauki að staf“.

Sjaldan er bið til batnaðar / Sjaldan bætir biðin (orðatiltæki) Hið fyrra er meira notað í Kollsvík í seinni tíð, ekki síst af þeim sem ópolinmóðir eru. „Við ættum nú að fara að setja niður ef eitthvað á að verða úr róðri í dag! Sjaldan er bið til batnaðar og óvíst hvað sjóveðrið helst“. Sjá *biður sér ekki til batnaðar*.

Sjaldan er breyting til batnaðar (orðatiltæki) Sjaldnast eru breytingar til bóta, ef þær eru gerðar án þess að nauðsyn beri til. Oftar er notað orðtakið *breyting til batnaðar*.

Sjaldan er ein báran stök (orðatiltæki) Oftast notað um áföll/óhöpp af einhverju tagi og vísar til þess að hverju ólagi á sjó eða í lendingu fylgja vanalega fleiri bárun. „Ólagsöldurnar eru taldar 4-5 og í vaxandi brimi er ætíð styttra milli ólaga“ (JT Kollsvík; LK; Ísl.sjávarhættir III). Þessi kenning um fjölda bára milli ólaga var

býsna lífseig, þó fjöldinn væri á reiki. Vísindamenn telja hana þó almennt ekki trausta. Sjá *þegar ein báran rís er önnur vís*.

Sjaldan er eyndin einsöm (orðatiltæki) Vísar til hörmunga fyrri tíma, þegar harðræði, plágur og óáran gekk yfir þjóðina og flestir lifðu við kröpp kjör. Þá *þústnaði að hjá mörgum í senn*.

Sjaldan er flas til fagnaðar (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að fara gætilega en ekki með *asa/offorsi*.

Sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur eftir renni (orðatiltæki) Sjá *gill*.

Sjaldan er glens í dauðs manns húsi (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver er niðurdreginn/ókátur, og oft nefnd ástæða á eftir. Tilvísunin er auðskiljandleg.

Sjaldan/aldrei er góð vísa of oft kveðin (orðatiltæki) Aldrei er góð speki of oft höfð um hönd. Sama gildir um góðan kveðskap og heilræði.

Sjaldan er köttur í feigs manns fleti / Sjaldan er fluga í feigs mat (orðatiltæki) Speki sem vísar til forlagatrúar; að dýr forðist fólk sem er feigt; sem er áskapað að deyja; einkum kettir. Viðhaft í seinni tíð meira í gamni en alvöru um það þegar köttur velur sér ból.

Sjaldan er langvinnur laugardagsþerrir (orðatiltæki) Máltækið kann að lýsa óþreyju sem skapast af þeim sið annarsvegjar að undantekningarlaust er borið út, þ.e. hafinn heyskapur, á laugardegi, en hinsvegjar að menn héldu heilagt á sunnudögum. Þá var ekki unnið nema brýna nauðsyn bæri til. Því nýttist illa þurrkur sem hugsanlega var á laugardag.

Sjaldan er mein að miðsvetrarís (orðatiltæki) Minni skaði er af hafis sem berst að landinu að vetrarlagi, þegar fé er á húsum og bátar í nausti, heldur en ef hann kemur að sumri.

Sjaldan er skammsýnn skaðlaus (orðatiltæki) Vísar til þess að sá sem er hugsar ekki fyrir hlutunum getur lent í vandamálum síðar.

Sjaldan er ýsa í asafiski eða ufsi í ördeyðu (orðatiltæki) Orðtakið heyrðist ekki vestra, a.m.k. ekki í seinni tíð, en kann að hafa verið þekkt þar fyrrum. Fiskifræði fyrri tíma. Menn tóku eftir því að ýsan dróst ekki mikið ef nóg var af öðrum fiski, en hinsvegjar er ufsinn býsna viljugur þegar mikið er af fæðu í hlýsjó, en hverfur frá endranær; enda er hann hlýsjávarkær.

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni (orðtak) Ávöxturinn dettur beint af sinni grein og fer því ekki langt frá trénu. Oftast viðhaft um manneskju; að hún hafi sama svipmót eða hegðun og hennar forfeður. Líklega ævafornt, eða frá þeim tíma að Íslendingar höfðu náin kynni af eplum og orðið eik var notað um eplatré.

Sjaldan fellur tréð við fyrsta högg (orðatiltæki) Vísar til þess að lengi þarf að höggva til að fella tré; og á sama hátt getur þurft að vinna lengi að málefni til að fá því framgang.

Sjaldan fer betur þá breytt er (orðatiltæki) Ekki er öll *breyting til batnaðar*; breytingar virka ekki alltaf sem skyldi.

Sjaldan gefst sofandi manni sigur (orðatiltæki) Sá sem sefur nær litlum árangri/ kemur litlu í verk.

Sjaldan hef ég flotinu neitað (orðatiltæki) Ég slæ ekki hendinni á móti því; ég þigg það með þökkum. Orðatiltækið er viðhaft þegar manni er boðið ljúfmeti eða annað kærkomið og vísar líkingin til þess þegar feitmeti var eftirsóttur matur, í erfiðari lífsskilyrðum fyrri tíma.

Sjaldan hittir leiður í lið (orðatiltæki) Viðhaft um það að hinn leiði sækir sjaldan í skemmtan annarra, né kemur þegar vel stendur á. Málshátturinn er kominn úr Hávámálum; „Mikilsti snemma/ kom ek í marga staði/ en til síð í suma;/ öl var drukkit,/ sumt var ólagat; /sjaldan hittir leiður í lið“. Hann hefur verið talinn vísa til þess að erfitt er að hitta rétt í liðinn þegar löpp er skorin af skrokk sauðkindar/grips sem slátrað hefur verið. Til þess þarf umfram allt lagni en ekki óþolinmæði (leiða).

Sjaldan launar kálfur ofeldi (orðatiltæki) Spekin á eflaust rætur í því að kálfar geta étið ótæpilega af föðri í sínum uppvexti án þess að skila því í auknum nytjum fullvaxnir. Á sama hátt er ekki víst að maður launi alltaf vel fyrir sig þó vel sé gert við hann.

Sjaldan lýgur sveitarrómur/almannarómur (orðatiltæki) Meiningin er sú að varla geti allir haft rangt fyrir sér. Ekki er vítað hvaða spunameistari skapaði orðatiltækið, en rangari staðhæfing er líklega vandfundin. Nægir þar að vísa í bullið sem iðulega viðgengst á netmiðlum almennings síðari árin.

Sjaldan ropar svangur maður (orðatiltæki) Auðskilið, þar sem ropi er oftast afleiðing saðningar.

Sjaldan sem aldrei (orðtak) Nær aldrei en þó örsjaldan. „Það gerist sjaldan sem aldrei að kind fari þarna í svelt“.

Sjaldan veldur einn þá tveir deila (orðatiltæki) Þessi speki á stundum við, en þó getur hún verið kolröng. Þvert á móti er það líklega oftast svo að friðarspillir á alla sök á deilumálum. Ekki er ólíklegt að þessi frasi hafi verið uppfundinn af yfirgangssömu höfðingjaslekti eða kóngapakki.

- Sjaldan viðrar eins um páska og páska** (orðatiltæki) Um veðurlag; sjaldan er sama veður á pálmásunnudag og páskadag. Spakmálið mun hafa verið gamalt en ég man KÓL, Hænuvík fara með þetta (VÖ).
- Sjaldgæfur** (l) Sem sjaldan ber fyrir augu; sem finnst sjaldan. „Í Grænlandinum var sjaldgæf bergtegund“.
- Sjaldséður** (l) *Fáséður*; sem sést sjaldan. „Hingað komu sjaldséðir gestir um helgina“.
- Sjaldséðir (eru) hvítir hrafnar** (orðatiltæki) Gripið er til þessarar líkingar þegar t.d. gest ber að garði sem sjaldan kemur í heimsókn.
- Sjatna** (s) Minnka; lækka. „Það hefur sjatnað í Ánni“. „Ég verð að leggjast og láta sjatna í mér eftir matinn“.
- Sjá að sér** (orðtak) Breyta til betri vegar; láta af röngum gerðum/fyrirætlunum. „Hann ætlaði í fyrstu að leggjá einn af stað niður í klettana, en sá að sér og ákvað að skynsamlegra væri að bíða eftir hinum“.
- Sjá af** (orðtak) Láta í té; gefa; láta eftir/frá sér. „Geturðu nokkuð séð af örlytu salti, þar til næst fellur ferð“?
- Sjá aumur á** (orðtak) Vorkenna; líkna. „Hvíti haninn mátti hýrast í sínum kofa nema einhver sæi aumur á honum og ræki hænur hans heim“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Sjá á** (orðtak) Sjást skaði/meiðsli/óhreinindi; vera meiddur/skaðaður/skítugur. „Það sá ekkert á honum eftir byltuna“. „Hún sagði einusinni: „Það er ég viss um að Ingvar lærir aldrei að halda sér uppúr skítum. Það er munur en hann Össur; það sér aldrei á honum““ (IG; Æskuminningar). Sjá *stórsjá á*.
- Sjá á bak (einhverjum)** (orðtak) Horfa á einhvern hverfa. „Það var þungbært að sjá á bak hnífnum. Eftir það var lítið annað að gera en hafa sig í land“.
- Sjá á langleið** (orðtak) Sjá langt að. „Það má nú sjá það á langleið að þarna fer enginn um“.
- Sjá ástæðu til** (orðtak) Finnast þörf á. „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum og sá ástæðu til að veita honum tiltal út af því“ (PG; Veðmálið).
- Sjá (engin) deili/mót til** (orðtak) Sjá vott um; sjá ummerki um. Ég sé engin deili til þessa að hann muni birta til í dag“. „Ég sé lítil mót til þess að hann ætli að standa við loforðið“.
- Sjá eftir** (orðtak) Sakna; iðrast. „Ég sé mest eftir því að hafa ekki látið karlskrattann heyra það meðan ég var í kallfæri við hann“! „Það var haft eftir Gumma að aldrei hefði hann séð eftir bita eða sopa ofan í nokkurn mann...“ (PG; Veðmálið).
- Sjá ekki fyrir vend** (orðtak) Um bjargsig; gefa sigara svo hratt niður að ekki verði greindir vindingar (*vend*) á vaðnum. „Ef um loftsig var að ræða var vönnum sigara gefið svo fljótt að ekki sá fyrir *vend* á vaðnum“ (LK; Ísl sjávarhættir V).
- Sjá ekki glóru / Sjá ekki handa sinna skil / Sjá ekki út úr augum** (orðtök) Sjá lítið sem ekkert fyrir myrkri/dimmviðri. „Ég sé ekki glóru hér inni svona ljóslaus“. Það er að verða svo dimmt að maður sér ekki handa sinna skil“. „Það skall á okkur slíkur *þreifandi bylur* að við sáum ekki útúr augum“.
- Sjá ekki handa sinna skil** (orðtak) Greina ekkert fyrir myrkri/þoku/reyk/snjókófi, jafnvel ekki hendur sínar. „Við snerum við uppi í Jökkladalshæð. Hann gerði svo dimmt el að maður sá ekki handa sinna skil“.
- Sjá ekki hálfá sjón** (orðtak) Ver glámskygg; láta fara framhjá sér; yfirsjást. „Sjáiði ekki nema hálfá sjón?! Þið misstuð kindurnar framhjá ykkur í seilingarfjarlægð“!
- Sjá ekki sólina fyrir (einhverjum/einverri)** (orðtak) Vera mjög ástfanginn af einhverjum/einverri.
- Sjá farborða** (orðtak) Bjarga; komast af. „Lífsbaráttan var ávallt hörð og menn urðu að leggja hart að sér til þess að sjá sér og sínum farborða“ (KJK; Kollsvíkurver). Merking ekki augljós. Farborð er heiti á einu af neðstu borðum súðbyrta báts. E.t.v. hefur nafnið áður átt við eitt af efstu borðunum, en bátur er ekki öruggur nema að *borð sé fyrir báru*.
- Sjá fjandann í hverju horni** (orðtak) Vera mjög tortrygginn/ á verði. „Það þýðir ekkert að vera með svona svartsýni; þú kemst ekkert áfram með þetta ef þú sérð fjandann í hverju horni“!
- Sjá framá** (orðtak) Sjá fyrir/fyrirfram. „Ég sá framá að við næðum heynu ekki öllu í hlöðu fyrir rígninguna, svo við settum það upp í galta“. „Mér varð fyrst fyrir að hrópa á hjálp, en sá fljótt framá að engin minnstu líkindi væru til björgunar; allt fólkið í rúminu nema prestkonan og ein stelpa“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans).
- Sjá framúr (einhverju verki)** (orðtak) „Þetta hefur tekið óhemju langan tíma, en ég held ég fari nú að sjá framúr þessu“.
- Sjá frá** (orðtak) Um skipti á fiski; horfa í áttina frá hrúgum sem búið er að skipta, áður en sagt er hver skal hvað“. Sjá *skipti*. „Ég bendi; þú sérð frá“.
- Sjá frá sér** (orðtak) Sjá umhverfið í kringum sig; vera ekki blindaður af dimmu/dimmviðri/sjónleysi. „Ég er hættur að sjá eins vel frá mér og fyrrum“. „Við sáum ekkert frá okkur í þokunni“.

Sjá fyrir (orðtak) A. Spá fyrir um; átta sig á áður en skeður. „Enginn gat séð það fyrir að byggðin færi í eyði“. B. Sjá um; taka að sér; sjá farborða. „Ég sá fyrir því að smiðirnir hefðu nóg að *bíta og brenna*“. „Hann sá okkur fyrir nægu efni“.

Sjá fyrir endann á (orðtak) Sjá endalokin á; sjá enda. „Enn sér ekki fyrir endann á þessari rigningatið!“ „Það fer nú loksins að sjá fyrir endann á þessu verki“.

Sjá hvað setur / Sjá hvað verður / Sjá hverju fram vindur (orðtak) Sjá til; bíða og sjá hvað gerist. „Kannski kemur hann á morgun; við sjáum hvað setur“. „Við sjáum hvað verður með þetta veður; hvort þetta getur gengið í fyrramálið“.

Sjá (til) hvernig kaupin gerast á eyrinni (orðtak) Bíða eftir niðurstöðu mála. Bændur fóru með sína vöru í kaupstað fyrr á tímum, og lögðu inn hjá kaupmönnum. Verðið var oft ákveðið í samningum á staðnum, og því ekki alltaf vitað fyrirfram hvernig kaupin gerðust á eyrinni, þar sem verslun var gjarnan staðsett.

Sjá hvernig landið liggur (orðtak) Sjá hvernig í pottinn er búið; athuga hvernig málin standa. „Hér er dálítið af fé frammi í dalnum. Við skulum nú skoða betur hvernig landið liggur áður en við gerum vart við okkur“.

Sjá hvernig til verkast (orðtak) Bíða og sjá hvernig framvindan verður. „Ég er hræddur um að þessi girðing haldi illa; en við skulum bara bíða og sjá hvernig til verkast áður en meira er gert“.

Sjá hvorki haus né sporð (orðtak) *Sjá hvorki tangur né tetur*; finna ekki neitt af. „Ég leitaði fram allan dalinn en ég sá hvorki haus né sporð af þessum kindum sem sluppu“.

Sjá hvorki veður né reyk af (orðtak) *Sjá hvorki tangur né tetur af; sjá hvorki haus né sporð af*. Heyrðist mun sjaldnar notað í seinni tíð en hin orðtökin. „Ég sé hvorki veður né reyk af þessari bauju“.

Sjá hvorki tangur né tetur (orðtak) *Sjá hvorki haus né sporð*; finna ekkert af. „Af trúna sást hvorki tangur né tetur eftir flæðina“.

Sjá í (orðtak) Horfa í; sjá eftir; vera sínkur/sparsamur á. „Ég er ekkert að sjá í það þó menn fái sér egg í soðið í mínu landi. En annað er ef menn gera útá það í flokkum; þá finnst mér sjálfsagt að þeir biðji um leyfi“.

Sjá í friði (orðtak) *Láta í friði; láta kjurrt*. „Reyndu nú að sjá í friði það sem yngri bróðir þinn er að leika með“.

Sjá í gegnum (orðtak) Átta sig á, t.d. blekkingum. „Hann var fljótur að sjá í gegnum þessa leikfléttu“.

Sjá í gegnum fingur sér (orðtak) Líta framhá; þykjast ekki sjá. Dregið af því að þykjast halda fyrir augu en fylgjast samt með milli fingra. „Landeigandinn sá í gegnum fingur sér vegna þessara óboðnu tjaldbúa“.

Sjá í hendi sér/sinni (orðtak) Sjá greinilega; sjá *blasa við*; greina mjög vel. „Ég sá það strax í hendi mér að það yrði ekki auðvelt verk að komast fyrir kindurnar þarna í klettunum“.

Sjá í iljarnar á (orðtak) Sjá einhvern forða sér hratt; um þann sem lætur sig hverfa/fer burt. „Ég sá bara í iljarnar á þessum letihaug, um leið og ég nefndi að mig vantaði mannskap í steypu“.

Sjá (eitthvað) í nýju ljósi (orðtak) Horfa á eitthvað frá nýju/öðru sjónarhorni. „Skyndilega skýrt og vel nú skynjar Rósi/ náttúruna í nýju ljósi“ (JR; Rósarímur).

Sjá jafnlangt nefi sínu / Sjá/vita lengra en nef (einhvers) nær (orðtak) Vita meira en lítur útfyrir í fljótu bragði. „Karlinn sér lengra en nef hans nær í þessum efnum“.

Sjá lit á / Sjá litmót á (orðtak) Sjá möguleika á; telja mögulegt/gerlegt. „Ég sé engan lit á að geta klárað þetta í dag“. „Sérðu nokkuð litmót á að þú getir aðstoðað mig á morgun“?

Sjá með eigin augum (orðtak) Sjá sjálfur; upplifa. „Ég hefði ekki trúað þessu nema af því að ég sá það með eigin augum“!

Sjá með öðru auganu (orðtak) Verða var við án þess að veita því sérstaka athygli; *sjá útundan sér*. „Ég sá þetta með öðru auganu, en *gaf* því engan sérstakan *gaum* á þeim tíma“.

Sjá merki til (orðtak) Sjá ummerki um. „Ég sé engin merki til þess að hér hafi komið tófa“.

Sjá ofsjórnir (orðtak) Sjá sýnir; missýnast; sjá það sem ekki er raunverulegt. *Sjá ofsjórnir*.

Sjá ofsjónum yfir (orðtak) Öfunda; býsnast yfir. „Á hinum bátunum sáu menn nokkrum ofsjónum yfir því að karlinn skyldi koma með *hlaðning*, dag eftir dag, meðan þeir urðu varla varir sem grynna voru“.

Sjá rautt (orðtak) Vera mjög reiður/æstur. „Hann sér alveg rautt þegar minnst er á þessa stofnun“.

Sjá sér farborða (orðtak) Sjá fyrir sér; framfleyta sér. „Meðan á náminu stóð sá hún sér farborða með skúringum“. Farborð er neðsta borðið í síðu súðbyrts báts, ofanvið kjalsíðuna. Tenging máltækisins er ekki augljós, en það vísar e.t.v. til þess að mikilvægt var að vel tækist til með sveigjuna á farborðinu. Ef hún lánaðist ekki var báturinn ekki sjóhæfur. Jafn mikilvægt er að menn sjái sér farborða; þ.e. komist af. Önnur skýring segir að farborði sé skipsfar/ far með skipi, en hún er ólíklegri.

- Sjá sér fyrir** (orðtak) Sjá sjálfur um að fá. „Við þurftum því að sjá okkur sjálf fyrir ferð norður“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Sjá sér fært** (orðtak) Telja sig færann um; sjá möguleika á. „Ég sá mér ekki fært að mæta á fundinn“.
- Sjá sér leik á borði** (orðtak) Sjá/grípa tækiræri; sjá færi á. „Ég sá mér leik á borði og greip lambið um leið og það hrasaði í hillunni fyrir ofan mig“. Líkingin vísar til taflmennsku.
- Sjá sig um** (orðtak) Litast um; horfa í kringum sig. „Ég ætla að hlaupa uppá hjallann og sjá mig um“.
- Sjá sig um hönd** (orðtak) Skipta um skoðun. „Hann byrjaði á að velja sér fólksbíl en sá sig svo um hönd og fékk sér jeppa“.
- Sjá sitt óvænna** (orðtak) Sjá að í óefni er komið; átta sig á slæmri/tapaðri stöðu. „Nautið kom froðufellandi og bölvandi á móti mér, svo ég sá mitt óvænna og stökk aftur yfir girðinguna“.
- Sjá sína sæng uppreidda** (orðatiltæki) Horfast í augu við úrslitakosti/hið óumflýjanlega. „Maður reyndi að þrauka í búskapnum á þrjóskunni, en eftir síðustu *bommertur* ríkisstjórnarinnar sá ég mína sæng uppreidda“. Að reiða upp sæng er að hafa rúm tilbúið undir svefn eða veikindalegu. Sá sem sér sína sæng uppreidda er sá sem horfir framá langa legu í rúmi t.d. vegna veikinda eða annars óláns. Af því er líkingin dregin.
- Sjá sóma sinn í** (orðtak) Sjá að manni er sæmd í; sjá hvað manni er rétt að gera. „Ég held að hann ætti að sjá sóma sinn í að gera þetta almennilega, en ekki *kasta svona til þess höndunum*“!
- Sjá (eitthvað) svart á hvítu** (orðtak) Sjá eitthvað greinilega. „Það verður bara að sekta þessa letihauga; þeir sjá það þá kannski svart á hvítu hvað það þýðir að gera ekki fjallskil“!
- Sjá til** (orðtak) A. Bíða; láta bíða með. „Við skulum sjá til með að *taka af* þessari; henni er ekki vel *fyllt* ennþá“. „Hann sagðist ætla að sjá til með róður á morgun; það færi eftir útlitinu með morgninum“. B. Sjá tilsýndar/álengdar; verða vitni að. „Ég sé ekki lengur til kindanna vegna fjúksins“. „Sáu þeir til er skipið sökk“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Láttramanna). „En þegar hann sér til Jóns, sem heima átti enn í Kvígindisdal, koma suður í Verið; hleypur hann af stað norður þangað“ (ÖG; glefsur og minningabrot). C. Geta séð hvað gert er. „Ég sé ekkert til að gera neitt í þessu myrkri“. „Sérðu nokkuð til við þetta“? D. Sjá um; taka ábyrgð á. „Þú verður að sjá til þess að þú eigir nóg salt ef þú vilt fara í róður“.
- Sjá til fiskjar** (orðtak) Sjá fisk á færi/línu niðri í sjó, áður en hann kemur að borði. Um það viðhöfðu menn ýmis orð áður fyrr; „Meðan á drætti stóð, varð stundum þeim sem línuna dró þetta á munn þegar hann sá til fiskjar: „Einn fer að heiman“....“Tveir hafa það verið“.... „Nei, heilagur andi“.... „Og hefur staf“!...þegar fjórir voru komnir í sjónmál. Það kom þó fyrir, þegar vel var um fisk, að fleiri mátti sjá á ferð“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Sjá til lands / Hafa landkenningu** (orðtök) Um skyggni af sjó. „Nú vildi svo til að þokunni létti í bili, og sást þá til lands“ (ÖG; Þokuróður).
- Sjá til sólar** (orðtak) Sjá sól fyrir dimmviðri. „Það sá ekki til sólar í vikutíma fyrir úrhellisrigningum“.
- Sjá tormeiki á** (orðtak) Finnast örðugt í framkvæmd; vera vantrúaður á. „Þetta er ágætis hugmynd, en ég þykist sjá ýmis tormeiki á að koma henni í framkvæmd“.
- Sjá um** (orðtak) Annast um; taka að sér. „Hún sá um búskapinn meðan hann var að heiman“.
- Sjá út** (orðtak) A. Horfa út. B. Átta sig á; finna útúr. „Góður hleðslumaður er fljótur að sjá út hvern stein; hvernig hann fer best í hleðslunni“.
- Sjá út sjóveður** (orðtak) *Bræða hann*; reyna að spá fyrir um sjólag. „Á Skiptingshól skiptu Látrabændur fugli og eggjum, ef ekki var skipt á veiðistað. Þar komu menn einnig saman til að rabba um daginn og veginn, ræða bjargferðir, sjá út sjóveður til hákarlaveiða og annarra *fiskifanga* ef veður var tvísýnt, og margt fleira“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).
- Sjá útundan sér / Sjá tilsýndar** (orðtak) Sjá án þess að vera beint að horfa; sjá úr fjarlægð. „Ég sá útundan mér að strákarnir voru eitthvað að bralla“.
- Sjá útúr** (orðtak) Finna útúr; gera sér grein fyrir; finna lausn á. „Ég er að reyna að sjá útúr þessari flækju“.
- Sjá við** (orðtak) A. Bregðast við; kunna ráð við. Tekur með sér þgf í þessari merkingu. „Það er erfitt að sjá við svona bragði“. B. Sjá kosti við; sjá fegurð í. Strýrir þolfalli í þessari notkun. „Ekki veit ég hvað hún sér við hann“. C. Borga; greiða; meta til fjár. „Þakka þér fyrir greiðann; ég sé þetta við þig þó síðar verði“.
- Sjá það svartara** (orðtak) Upplifa verra ástand; vera í meiri hættu; eiga við meiri erfiðleika. „Ástandið var vissulega orðið nokkuð slæmt, en maður hefur nú séð það svartara“. „Það skall á okkur þvílíkur þreifandi bandvitlaus bylur að ég hef bara aldrei séð það svartara“! Vísar til dimmviðris.
- Sjá þann kost vænstan** (orðtak) Þykja það best; velja þann kostinn. „Ég sá þann kost vænstan að forða mér uppundir klettana til að losna úr mesta grjóthruninu“.

- Sjáaldur** (n, hk) Upphaflega merkingin er sjón, en orðið er nú notað um opið í augasteininum miðjum, sem ljós það kemur innum sem lendir á sjónhímnunni í augnbotninum. *Sjá gæta eins og sjáaldurs augna sinna.*
- Sjáanlegur** (l) Sem sést; sem unnt er að sjá. „Þarna var ekki nokkur kind sjáanleg“. „Þegar tekið er tillit til þess að vetur hefur verið fremur góður er það sjáanlegt eftir mælingu á heyjunum í haust þá hafa þau almennt verið laus og því ódrjúg“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Sjáðu nú til** (orðtak) Líttu nú á. Einskonar upphrópun eða hiksetning sem iðulega er höfð á undan setningu þegar verið er að útskýra eitthvað fyrir viðmælanda.
- Sjáðu til!** (orðtak) Upphrópun sem iðulega er notuð á eftir fullyrðingu, til frekari sannfæringar. „Þetta á eftir að fara illa; sjáðu bara til!“ Einnig notað sem hikorð inni í setningu, líkt og „sko“.
- Sjálegur** (l) Laglegur; fallegur; snotur. „Þetta er hinn sjálegasti gripur“.
- Sjáum hvað setur** (orðtak) Bíðum og sjáum hvað gerist. „Kanski væri rétt að raka upp ef hann færi að rigna, en ég held við látum það bíða og sjáum hvað setur“.
- Sjálfafsakað** (l) Afsakast af sjálfu sér; óhappaverknaður sem augljóslega er óviljaverk. „Ég tel það alveg sjálfafsakað þó menn reki við; jafnvel þó það sé í finni veislum“.
- Sjálfala** (l) Um búfé; án fóðrunar/umönnunar manna. „Það eru mikil hlunnindi þar sem svo háttar til á bújörðum að fé getur gengið nánast sjálfala vegna mikillar útibeitar. Þannig var fé í Kollsvík mjög létt á fóðrum; væri næg fjörubeit og bitjörð. Enn föðurléttara gat þó orðið á Hvallátrum“.
- Sjálfbirgingsháttur** (n, kk) Mont; stærilæti; þóttá; það að hugsa meira um sjálfan sig en aðra. „Hann verður þá bara að eiga sig með sinn sjálfbirgingshátt“!
- Sjálfbirgingslegur** (l) Sérgóður; montinn; setur sjálfan sig í öndvegi. „Þetta finnst mér ári sjálfbyrgingslegur hugsanaháttur hjá honum“!
- Sjálfbirgungur** (n, kk) Sá sem er sjálfbyrgingslegur/sérgóður. „Sá sjálfbyrgingur ætti bara að skammast sín“!
- Sjálfbjarga** (l) Sem getur bjargað sér sjálfur; ekki hjálparþurfi; *einfaer*. „Hann er alveg sjálfbjarga með þetta“.
- Sjálfblekungur** (n, kk) Eldra heiti á blekpenna/lindarpenna.
- Sjálfboðalið** (n, hk) Hópur sjálfboðaliða.
- Sjálfboðaliði** (n, kk) Sá sem býðst til að vinna án endurgjalds. „Samvinna fólks var mikil í sveitinni, og ef einhver vantaði mannskap t.d. í göngur eða framkvæmdir, var óðar mættur hópur sjálfboðaliða“.
- Sjálfboðavinna** (n, kvk) „Mikið meira var unnið í sjálfboðavinnu í hinu gamla sveitasamfélagi en síðar varð, með vexti kaupstaða. Margar meiriháttar framkvæmdir samfélagsins voru unnar af sjálfboðaliðum, svosem vegavinna við hestavegi; kirkjubyggingar; bygging samkomuhúsa; lendingabætur, slátrun o.fl. Þá þótti sjálf sagt að allir legðu hönd á plóg við einstakar framkvæmdir hjá sveitungum, svosem við uppsteypu og járnun húsa, einkum hjá þeim sem stóðu verr að vígi t.d. vegna veikinda eða aldurs. Allir voru boðnir og búnir til að aðstoða ef sveitungi lenti á áfalli s.s. vegna húsbruna eða fráfalls fyrirvinnu. Ekki var heldur tekið fé fyrir það þó billausu fólki væri komið á milli staða af þeim sem bíl áttu, eða þó traktorseigendur aðstoðuðu hina við heyskap sem ekki höfðu vélvæðst. En þeir sem greiðans nutu leituðust einatt við að láta greiða koma á móti í einhverju formi. Úr þessum jarðvegi spruttu upp ungmennafélög og fyrstu kaupfélögin; þessi samhljálpi og förnfýsi var sú gróður mold sem nærði þau og þroskaði meðan hún entist“.
- „Að miklu leyti var þetta verk (vegalagning uppúr Kollsvík) unnið í sjálfboðavinnu; þ.e.a.s. að menn afsöluðu sér ákveðnum hluta af launatöxtum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Sjálfboðið er góðum gesti** (orðatiltæki) Góður gestur er alltaf velkominn og honum þarf ekki að bjóða. „Þú ert alltaf velkominn hvenær sem er; auðvitað er sjálfboðið góðum gesti“!
- Sjálfbrynnari** (n, kk) Sjálfbrynningartæki; brynningarskálar sem nú eru algengar; þar sem búfé skammtar sér sjálft vatnið, nefndust þessu nafni upphaflega í Rauðasandshreppi.
- Sjálfbær / Sjálfbærni** (l/ n, kvk) Orð sem ekki var notað í Kollsvík, en engu að síður í hávegum haft. Sjálfbærni er það að stunda endurnýjanlegt ferli; t.d. það að ganga ekki svo á neinar auðlindir að þær nái ekki að endurnýja sig. Menn gættu þess í lengstu lög að hrófla ekki náttúrunni til skaða; ganga ekki nærri gróðri eða fiskistofnum o.s.frv.
- Sjálfdautt** (l) Kjöt af fé sem drepist hafði úr veiki; *afveltu; mýrafestu* eða hrapi. Var síður haft til matar, en bar þó við ef skepnan hafði nýlega drepist af slysum. Sama var um þorsk sem drepist hafði í netum.
- Sjálfdæmi** (n, hk) Kaupandi ræður verði/endurgjaldi sjálfur. „Þú hefur alveg sjálfdæmi um verðið á þessu“.
- Sjálfgefið** (l) Sjálf sagt; auðvitað. „Það er ekkert sjálfgefið í þessum efnum“.
- Sjálfgert** (l) Það sem er gert/gerist/verður af sjálfu sér. „Eftir að við misstum síðari slóðann var það nokkuð sjálfgert að hafa sig í land“.

Sjálfhelda (n, kvk) Svelti; staður sem menn/skepnur fara á en komast ekki hjálparlaust frá aftur. „Sjálfhelda í klettum er nefnd svelti eða að það komist á þrot, en á fari fé í sjálfheldu á skerjum er sagt að það flæði“.

Sjálfhitnun (n, kvk) Hitamyndun í heyi vegna gerjunar. „Sjálfhitnun verður oftast í heyi sem sett er í hlöðu, og því meiri sem heyið er fjær fullþurrkun. Bændur eru oftast meðvitaðir um þessa hættu. Ekki er hættu þó lítilsháttar orni, en varasamt er þegar hitnar svo að ekki er hægt að halda hendi inni í stæðunni eða þegar mikill stakkur myndast á yfirborði hennar. Djarfar er hirt þar sem súgþurrkun er í hlöðu en þar sem fullþurrka þarf. Stundum dó mikill hiti út af sjálfu sér, þannig að einungis sat eftir dökkmórátt og ornað hey, en stöku sinnum kviknaði í heyi. Það skeði m.a. einusinni í hlöðu í Kollsvík, líklega á 8. áratug 20. aldar. Með miklum mannskap náðist að moka heyinu út í tíma, og slökkva glður sem komnar voru. Nokkrum árum síðar brann hlaða á Stökkum á Rauðasandi vegna sjálfhitnunar“.

Sjálfhleðsluvagn (n, kk) Heyvinnutæki sem um tíma var algengt í sveitum; eða kringum 1980-90. Heyvagn sem tók heyið uppí sig sjálfur með sópvindu, og skilaði því afturúr sér með færiband; en hvortvegga var drifið af dráttarvélinni. Sú heyskaparaaðferð vék víða fyrir rúllubindivélum stuttu síðar.

Sjálfhælinn (l) Montinn; lætur mikið yfir sjálfum sér. „Mikið ósköp getur maðurinn verið sjálfhælinn“!

Sjálfhælni (n, kvk) Mont; gort; raup. „Ég þoli illa sjálfhælnina í karlinum“!

Sjálfhætt (l) Verk/athöfn sem stöðvast vegna augljósra orsaka. „Allri mjólkurframleiðslu var auðvitað sjálfhætt eftir að mjólkurbúid hætti að sækja mjólkina“.

Sjálfkjörinn / Sjálfkosinn (l) Sem er einn í framboði/kjöri; því óþarft að kjósa á milli og telst réttilega kjörinn.

Sjálfkrafa (ao) Án utanaðkomandi aðstoðar/verknaðar; *af sjálfu sér*. „Dyrnar höfðu lokast sjálfkrafa“.

Sjáflærður / Sjálfmenntaður Margfróður/menntaður fyrir eigin rammleik, með lestri bóka o.fl. en ekki með skólagöngu. „Margt sveitafólk áður fyrr var víðlesíð og í raun hámenntað þó það hefði takmarkaða skólagöngu hlotið og skartaði ekki glansandi prófgráðum. Þetta sjálfmenntaða fólk hafði ýmsar leiðir með að ná sér í lesefni sem það lagði sig eftir, og las það af meiri athygli og skilningi en margir skólanemendur“.

Sjálfmenntaður (l) Sem öðlast þekkingu/færni með eigin þekkingarleit, en ekki eingöngu með ítrodslu í skólakerfi. Yfirleitt er hinn sjálfmenntaði allajafna færari í því sem hann hefur menntað sig til, en hinn sem notið hefur ítrodslu hins steinrunna og kassavædda menntakerfis. Hinsvegar kann samfélagið yfirleitt ekki að nýta getu hins sjálfmenntaða, þar sem það er byggt upp fyrir kassakerfi hins skólagengna.

Sjálfráður (l) Sem ræður sér sjálfur. „Hann er auðvitað sjálfráður með sinn eignarhlut, en ég ætla að selja minn“. „Þér er ekki sjálfrátt“!

Sjálfrennandi / Rennandi (l) Sem rennur af sjálfu sér. Oft notað um vatn sem ekki þarf að dæla. „Það var mikill munur þegar sjálfrennandi vatn var lagt í hús, ásamt frárennsli“.

Sjálfrunnið lýsi (orðtak) Lýsi sem skilst úr fisklifur ef hún er látin standa í íláti. Þannig lýsi er bragðmeira en brætt lýsi, og þykir mörgum það betra.

Sjálfraði (n, hk) Frelsi; það að ráða sjálfur sínum ákvörðunum. „Hann hefur visst sjálfraði í þessari vinnu“.

Sjálfraðisaldur (n, kk) Aldur einstaklings þegar hann verður „sjálfs sín ráðandi“ sem kallað er; þ.e. að miklu leyti laus undan forraði foreldra og annarra. Skv. lögræðislögum nr 71/1997 er það við 18 ára aldur.

Sjálfs er höndin hollust (orðatiltæki) Vísdomur sem minnr á að það sé jafnan best sem menn geta sjálfir unnið í sína þágu; en síður það sem þegið er hjá öðrum. Tryggast er að treysta á sjálfan sig. Ævaforð speki.

Sjálfs sín (orðtak) Sjálfstæður; fjárráða; getur séð um sig sjálfur. Heyrist vart nú á tíð en var algengt fyrrum; oftast í merkingunni fjárráða eða fjárhagslega sjálfstæður.

Sjálfs síns herra (orðtak) Ræður sér sjálfur. „Hann er sjálfs síns herra í sínu fyrirtæki“.

Sjálfsafgreiðslubúð / Kjörbúð (n, kvk) Verslun þar sem viðskiptavinir taka sjálfir til sína vöru í körfu eða vagn og koma með hana að afgreiðsluborði, en kaupmaður tekur vöruna ekki til eins og áður tíðkaðist. Verslun Sláturfélagsins Örlygs á Gjögurum var breytt í kjörbúð kringum 1970, og færð sunnantil í húsið. Áður hafði verslunin verið sjávarmegin í húsinu og þá var afgreitt yfir borð.

Sjálfsagður hlutur / Sjálfsagt (orðtak/l) Eðlilegur hlutur; eðlilegt; það sem óþarft er að gefa leyfi til. „Honum þótti það bara sjálfsagður hlutur að hann fengi þetta lánað“. „Það er sjálfsagt að hjálpa þér með þetta“.

Sjálfsábyrgð (n, kvk) Eigin ábyrgð/áhætta. Oftast notað í tenglum við tryggingar. EF bótaskyldt tjón verður þá greiðir tryggingataki sjálfur það sem nemur sjálfsábyrgð hans, en tryggingafélagið bætir eftirstöðvar tjóns.

Sjálfsáinn (l) Um jurt; sáir sér sjálf án mannlegrar aðstoðar.

Sjálfsálit (n, hk) Mikið álit á sjálfum sér; nauðsynlegt í hófi en getur orðið mont ef það er í óhófi.

Sjálfsánægja (n, kvk) Hreykni; vellíðan með sjálfan sig. „Ég man enn eftir sjálfsánægju minni, þegar mér var í fyrsta skipti treyst til að bera 200 punda síldarmjölsþoka upp úr bát í Kollsvíkurvei“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Sjálfsásökun (n, kvk) Það að kenna sjálfum sér um eitthvað sem komið hefur fyrir. „Svona sjálfsásökun bætir ekkert, og á engan rétt á sér“.

Sjálfsbjargarleysi (n, hk) Skortur á sjálfsbjörg; hjálparleysi; umkomuleysi. „Óttalegt sjálfsbjargarleysi er þetta“!

Sjálfsbjargarlíf (n, kk) Sjálfsþurftabúskapur; sjálfsbjargarviðleitni. „Annars skiptir það ekki mestu máli; heldur hitt að ég reyni að skrásetja merkilegan atburð úr sjálfsbjargarlífi Kollsvíkurmanna, sem flest er úr minni liðið nú til dags“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Sjálfsbjargarviðleitni (n, kvk) Það að reyna að bjarga sér sjálfur; viðleitni til að leysa málin sjálfur.

Sjálfsblekking (n, kvk) Það að telja sjálfum sér trú um annað en rétt er.

Sjálfs eignarbóndi (n, kk) Bóndi sem býr á sinni eignarjörð en ekki á láns- eða leigujörð.

Sjálfs eignarjörð (n, kvk) Jörð þar sem sjálfs eignarbóndi býr.

Sjálfselska (n, kvk) Það að virða sjálfan sig mun meira en aðra/ hugsa meira um sjálfan sig en aðra.

Sjálfsforræði (n, hk) Sjálfræði; það að ráða sér sjálfur.

Sjálfsból (n, hk) Mont; sagnir af eigin ágæti. „Ekki vantar sjálfsbólíð hjá þessum blöðrusel“!

Sjálfsíkveikja (n, kvk) Þegar eldur kviknar án þess að mannshönd komi nálægt. Oftast var talað um sjálfsíkveikju þegar ofhitnaði svo í illa þurrkuðu heyi að eldur kom upp í því.

Sjálfskaparvíti (n, hk) Slæm staða/uppákoma sem menn skapa sér sjálfir. „Auðvitað má kalla það sjálfskaparvíti kjósenda ef ríkisstjórnin reynist illa“.

Sjálfskaparvíti eru ekki/síst betri en önnur víti / Sjálfs eru vítin verst (orðatiltæki) Síst eru betri þau vandræði sem maður veldur sjálfur en þau sem aðrir valda.

Sjálfskeiðungur (n, kk) Vasahnífur. Orðið var þekkt í Kollsvík en lítið notað þar.

Sjálfskuldarábyrgð (n, kvk) Ábyrgð fleiri en eins á sömu skuldbindingu; in solidarium; einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef aðalskuldari greiðir ekki skuldina á gjalddaga er sjálfskuldarábyrgðarmaður skyldugur til að greiða hana eins og hann væri sjálfur aðalskuldari.

Sjálfsmennska (n, kvk) Það að sjá um sig sjálfur, t.d. í fæði. „Hann leigir þarna herbergi í sjálfsmennsku“.

Sjálfsnám (n, hk) Það að læra af eigin hvötum og þekkingarleit. Sjá *sjálfsmenntaður*.

Sjálfsstraust (n, hk) Trú á sjálfan sig; sjálfsöryggi; trú á eigin getu.

Sjálfsstæðisár (n, hk) 1918; árið sem Ísland hlaut sjálfsstæði. „Baldur var „heimtur úr helju“ aftur sjálfsstæðisárið 8. des. 1918“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Sjálfsstæður (l) Óháður öðrum; getur staðið *einn og sér*.

Sjálfsþurftabúskapur (n, kk) Notað um rekstur sem er sjálfum sér nægur um nánast allt og getur viðhaldið mannlífi. Í rauninni vísar hugtakið til þess búskaparforms sem tíðkaðist víðast á íslenskum bændabýlum til forna og allt framá 20.öld. Slíkt búskaparform endurspeglar glöggð í býlum í Kollsvík. Kollur landnámsmaður sá það strax í hendi sér að hentugt myndi að reka sjálfsþurftabúskap í Kollsvík, og tók sér ekki stærra landnám en hann þurfti til þess. Eftir að uppfylltar voru grunnþarfir í upphafi, svo sem skepnur sem þurfti til að hefja búskap og bátur til veiða, var Kollsvíkin orðin sjálfbær. Matur og klæði fékkst með fullnýtingu búfjárafurða og sjávarafla; efniviður til húsbýgginga af grjóti, torfi, hrísi og rekavið; eldsneyti af mó, rekavið og lyngi, auk lýsis og tólgar; hagabeit og fjörubeit var næg að vetri og sumri fyrir sauðfé; taða fékkst af túnnum sem ræktuð voru upp með ræksnum og húsdýraáburði, auk útslagna í tóm, vatnabroku, teigum og klettum; egg voru tekin í fuglavörpum og björgum; fugl snaraður og selur veiddur. Allt var til alls og engin brýn nauðsyn til búðarkaupa, þó vissulega væri þegið að geta fengið úr verslun salt, korn, járn og annað þegar á því varð kostur.

Sjálfum sér líkur (orðtak) Um mann; *samur við sig*; alltaf eins. „Alltaf er hann sjálfum sér líkur, sá *háðfugl*“.

Sjálfum sér nógur/nægur (orðtök) Hefur nóg fyrir sjálfan sig; þarf ekkert frá öðrum. „Bændur í Kollsvík voru yfirleitt sjálfum sér nægir um allt, og *vel það*“.

Sjálfum sér samkvæmur/ósamkvæmur (orðtök) Íúr takti við það sem sá sami hefur áður sagt. „Vissulega langaði mig dálítið að mæta á fundinn, en til að vera sjálfum mér samkvæmur sat ég heima“.

Sjálfur (fn) Einkum notað með ýmsum nafnorðum og í orðasamböndum. Stundum einnig til að auka áherslu á orð: „Fjandinn sjálfur; þremillinn sjálfur“.

Sjálfvalinn (l) A. Velur sig sjálfur, annaðhvort af yfirburða verðleikum eða vegna þess að enginn annar er í boði; sjálfkjörinn. B. Það sem maður velur sjálfur. „Þetta var alveg sjálfvalið af honum“.

Sjálfviljugur (l) Af eigin vilja. „Kýrnar fóru alltaf sjálfviljugar á sína réttu bása“.

Sjálfþakkað (l) Þakkað fyrir af þeim sem þakkir á að fá. „Vertu ekki að þakka mér þetta; reyndar er þetta sjálfþakkað, eftir greiðann sem þú gerðir mér í fyrra“.

Sjár (n, kk) Sjór; haf. Sjaldan notað í nefnifalli nema í skáldskap, en bregður fyrir í eignarfalli; t.d. *setja til sjávar*, og í samsettum orðum; *sjávarfall*. Í Kollsvík var þó fremur notað eignarfallið af orðinu sjór; *setja til sjóar* og *sjóarfall*.

Sjást ekki fyrir (orðtak) Sýna ekki fyrirhyggju vegna ákafa/áagirndar o.fl. „Þegar svona aflahrota gengur yfir sjást menn stundum ekki fyrir, heldur ana á sjó í hvaða veðurútliti sem er“.

Sjást ekki útúr augum (orðtak) Sjást lítið, t.d. fyrir dimmviðri eða reykt. „Það sést ekkert útúr augum í þessari bikaþoku“.

Sjást litur á jörð/túnum (orðtak) Tún/jörð farin að grænka. „Hann vorar hratt þessa dagana. Það er strax farinn að sjást litur á túnum“.

Sjást yfir (orðtak) *Yfirsjást*; taka ekki eftir; líta óvart framhjá. „Þarna hefur mér sést yfir eitt kartöflugras í upptektinni“.

Sjávaður (l) Um sjávarstöðu; *stendur á sjó*. Þegar hásjávað er, er oft talað um að hann sé „hátt sjávaður“, og á sama máta „lágt sjávaður“ þegar stór fjara er. „Hvernig er hann sjávaður“? merkir „Hvernig *stendur á sjó*“? og er þá átt við hvort flæði sé eða fjara.

Sjávarafli (n, kk) Fiskifang; sjávargagn. *Svipull er sjávarafli*.

Sjávarafurðir (n, kvk, fto) Hvaðeina gagnlegt/verðmætt sem úr sjó kemur. Þannig á orðið jafnt við um nytjafisk, sem salt og sjávarorku.

Sjávarágangur / Sjóarágangur (n, kk) Skemmdir sem sjór getur valdið á landi við háa sjávarstöðu og mikinn sjógang. Dæmi um það er rof sem hófst á Grundabökkum kringum aldamótin 2000, og rof á Görðunum nokkru sunnar.

Sjávarbakkar / Sjóarbakkar (n, kk, fto) Bakkar ofan hæsta fjöruborðs; brimstallur sem sjór gengur sjaldan uppá. „Grundabakkar eru sjávarbakkar neðan Grundatúns. Í þeim koma fram fiskbenalög sem benda til að útgerð í Láganúpsveri eigi sér lengri og meiri sögu en skráð hefur verið“. „Bakkar voru grasbýli á Grundatúni, og stóð íbúðarhúsið neðst í túninu; alveg á sjávarbakkanum“ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).

Sjávarborð (n, hk) Yfirborð sjávar. Í daglegu tali er oft átt við meðaltals-sjávarborð, burtséð frá sjávarföllum og loftþrýstingi. Sjávarborð í þeim skilningi fer nú hækkandi vegna bráðunar jökla af völdum hlýnunar jarðar; sem aftur er talin stafa af gróðurhúsaáhrifum af mannavöldum.

Sjávarborðshækkun (n, kvk) Hækkun á meðalyfirborði sjávar; talin mestmegnis vegna bráðunar jökla heims af völdum hækkandi hitastigs andrúmslofts, sem rakin er til mengunar af mannavöldum. „Áhrifa sjávarborðshækkunar virðist þegar gæta í Kollsvíkurfjöru sem annarsstaðar. Glögg ummerkin leyna sér ekki þar sem sjórinn nagar nú úr Grundarbökkunum á stöðum þar sem áður var gróið niður að malarfjöru. Einnig í því að í mesta brimi gengur sjór upp á bakkana sunnantil og hefur ágangurinn rofið Gardana á nokkrum stöðum, sem fengið hafa að standa óáreitir frá því þeir voru hlaðnir á miðöldum. Ekki er annað að sjá en þessi óheillaþróun muni halda áfram, því þrátt fyrir að vita áhrifin heldur mannkyn áfram að menga umhverfi sitt sem aldrei fyrr. Því má gera ráð fyrir að Gardarnir sléttist út, að hluta til, á næstu áratugum; að Grundabakkarnir rofni þannig að sjór gangi upp í Lögmanslá og Grundamýri; að gríðarmiklar breytingar verði á Rifinu með ófyrirséðum áhrifum á uppblástur yfir Láganúpsland og jafnvel eyðingu jarðarinnar. Kollsvíkingar leggja nú sitt að mörkum til að breyta þessari óheillaþróun, með því m.a. að koma á framfæri tækni til orkuframleiðslu úr sjávarföllum, sem er án allra umhverfisáhrifa, nýtist víða um heim og mun koma í stað mengandi jarðefnaeldsneytis (VÖ). „Hér verður þó að *slá þann varnagla* að samkvæmt nýjustu upplýsingum er sjávarborðshækkun á Íslandi líklega lítt merkjanleg enn vegna þyngdarafldsáhrifa og lyftingar landsins. Hinsvegar bendir ýmislegt til þess að nefndur sjávarágangur í Kollsvíkurfjörum stafi af ofbeitt skollakopps á vikinni, en eyðing þaraskóganna veldur því að brimbáran á greiða leið með fullu afli upp á fjöruna. Sú kenning var rökstudd og sett fram af VÖ í grein í Bændablaðinu í febrúar 2017“.

Sjávardjúp (n, hk, fto) Djúp hafsins. „Lúðan hvarf aftur í sjávardjúpið og með henni slóði og sakka“.

Sjávardýpi (n, hk) Dýpi sjávar. Jafnan stýtt í „dýpi“ í tali Kollsvíkinga.

Sjávarfall (n, hk) *Sjóarfall*. Reglubundin sveifla á sjávarhæð vegna áhrifa/togs tungls og sólar á yfirborð sjávar. Í storum dráttum má líkja sjávarföllum við það að tunglið veldur útbungun á þeirri hlið jarðar sem

snýr að tungli, um leið og önnur slík verður til á gagnstæðum jarðarhelmingi. Jörðin snýst svo innan í þessum mishæðum svo sjávarföll; flæði og fjara, verða tvisvar á sólarhring. Sólin togar með hálfu minni krafti en stærst verða sjávarföllin í stórstraumi; þ.e. þegar jörð, sól og tungl eru í beinni línu. Staðsetning meginlandanna gerir þessa mynd þó mun flóknari. Því verða sjávarföll ýmist einusinni á sólarhring eða tvisvar, en sumsstaðar gætir þó alls ekki sjávarfalla. Í úthöfunum eru sumsstaðar straumleysispunktar (amphidromic points) þar sem engin sjávarföll eru, en út frá þeim liggja jafntímalínur sjávarfalla í allar áttir. Einn slíkur er á vestanverðu Norður-Atlantshafi. Við Íslandsstrendur gætir sjávarfalla mjög mismikið. Flóðhæð verður langmest í Breiðafirði, en lítill flóðhæðarmunur er t.d. víða á Norðurlandi. Þar sem sjávarfallabylgjan þarf að sveigja fyrir annes eða fara yfir grynningar verður straumur mun hraðari en annarsstaðar. Mestur verður straumurinn hérlandis í sundum, t.d. í Breiðafirði; sumsstaðar yfir 7 m/sek. Einnig er gríðarlegur straumur í mörgum annesjaröstum, en stærst þeirra er Látraröst, þar sem straumur verður nokkrir metrar á sekúndu þegar harðast er fallið. Blakknesröstin er mun umfangsminni en getur orðið mjög straumhörd á kafla.

Víða um heim er leitað leiða til að virkja orku sjávarfalla. Flestir þróunaraðilar beina sjónum að mesta straumhraðanum; 2,5 m/sek eða meira, enda er þar mesta orku að hafa. Orka í streymi vökvá eykst í þriðja veldi við aukningu straumhraða, þannig að við tvöföldun straumhraða eykst orkan áttfalt. Hinsvegar eru orkurýrari straumar margfalt umfangsmeiri í víðáttu en þeir hraðari. Því beinist verkefni Valorku ehf; eina íslenska þróunarverkefnisins á sviði sjávarorkutækni, að því að virkja hægari straumana á hagkvæman hátt. Er Valorka nú komin lengst allra í þeirri viðleitni.

„Á Kollsvík gætir sjávarfalla í tvær áttir; þar er ýmist norðurfall eða suðurfall, og er norðurfallið mun sterkara. Einnig munar miklu á styrk hvort stórstreymt er eða smástreymt. Þá er sjólag breytilegt eftir samspili vinds; ríkjandi báruáttar og vindátt. T.d. er Blakknesröstin mjög úfin og hættuleg smábátum ef stórstraumsnorðurfall liggur undir stífa norðanátt, og þeim mun verri ef ríkjandi er sver norðansjór. Hraði fallastrauma hefur ekki enn verið vísindalega mældur á þessum slóðum, en líklega fer hann vel yfir ½ m/sek í Blakknesröstinni í stórstraumsnorðurfalli“ (VÖ).

Sjávarfallaverfill (n, kk) Vélbúnaður/hverfill til nýtingar á sjávarfallaorku. Fyrsti íslenski sjávarfallahverfillinn er fundinn upp af Kollsvíkingsi; höfundur þessarar samantektar. Sá hverfill var fyrsti íslenski hverfillinn til að hljóta einkaleyfi, og hlaut gullverðlaun International Inventors Awards árið 2011.

Sjávarfallaorka (n, kvk). Hreyfiorka sjávarfalla. „Sjávarfallaorka er all veruleg kringum Kollsvík. Til suðurs er hin völduga Látraröst, þar sem sjávarfallið úr Breiðafirði þrýstist framhjá Bjargtöngum með firnamiklu afli. Látraröst er án vafa öflugasta sjávarröstin við Ísland þó enn hafi engar mælingar farið fram á umfangi hennar. Áhrifa hennar gætir langt úti haf til norðurs og til hliðar, uppá Útvíkurnar. Norðurfallið, sm er mun öflugra en suðurfallið, heldur á áfram norðaustur með núpum, en veldur um leið iðustraumumum upp á hverja vik, sem greinilegast er á Seljavík. Þar er nánast alltaf suðurfall. Blakknesröstin er mun kraftminni en Látraröst, en eigi að síður mjög öflug. Í þessum röstum býr gríðarmikil sjávarfallaorka, og eru Kollsvíkingar leiðandi á heimsvísu í þróun tækni til nýtingar á henni. Þó engar rannsóknir hafi fram við Ísland, hvorki á straumhraða í annesjaröstum né umfangi sjávarorku, þá má leiða að því líkum, með samanburði við erlendar rannsóknir, að hér við land séu um 338 TWst/ári í formi sjávarfallaorku. Sé gert ráð fyrir að Látraröst og núparastir við Útvík séu 6% þeirrar orku, þá eru þar yfir 20 TWst/ári, eða 2.315 MW, sem er nær fjórföld orka Kárahnjúkavirkjunar. Mögulegt nýtingarhlutfall þeirrar orku fer vitaskuld eftir þeirri tækni sem tiltæk er á hverjum tíma. Ekki er óraunhæft að ætla að innan fárra ára verði komin fram tækni sem gerir mögulegt að nýta um 10% þessarar orku, eða yfir 200 MW, en það er meira en allt uppsett afl Búrfellsvirkjunar“.

Sjávarfallastraumur (n, kk) Straumur sem verður til vegna *sjávarfalla*. Við réttar aðstæður er unnt að virkja hreyfiorku sjávarfallastraums með *sjávarfallavirkjun*.

Sjávarfallavirkjun (n, kvk) Virkjun sem nýtir sjávarfallaorku. „Sú staðreynd að þetta er í fyrsta sinn sem þetta orð kemst í orðasafn, lýsir því e.t.v. best hve þróun orkutækni á Íslandi hefur hingað til verið illa sinnt. Gnægð sjávarfallaorku er að finna allt í kringum Ísland, en Íslendingum hefur ekki verið sýnt um að nýta hana fremur en síldina fyrrum. Kollsvíkingar hafa nú komið fram með fyrstu tæknina til nýtingar á þessari gríðarmiklu orku sem í sjávarföllum býr. Með aðferðum Valorku á að vera unnt að virkja þessa orku án allra umhverfisáhrifa. Sjávarfallaorku er að finna víða við strendur heims. Sú staðreynd, ásamt vaxandi áherslum allra ríkja á endurnýjanlega orkuöflun, og að tækni Kollsvíkinga er fremst á heimsvísu, þýðir að markaðsmöguleikarnir eru gríðarlegir. Hverflar Valorku hafa verið þróaðir í 5 mismunandi gerðum, auk þess sem unnið er að fyrstu blandingstækni öldu- og sjávarfallavirkjunar í heimi. Með sjóprófunum í Hornafirði í júlí 2013 hóf Valorka fyrstu prófanir sjávarorkutækni á Íslandi; tækni sem á eftir að verða uppistaða orkuframleiðslu komandi kynslóða, þar sem hefðbundnir orkukostir vatnsfalla- og jarðhitaorku verða fullnýttir á næstu áratugum með sömu þróun, sé nýleg rammaáætlun lögð til grundvallar“ (VÖ).

Sjávarfang (n, hk) Sjávarfang; hvaðeina af verðmætum sem fæst úr sjó. Hingaðtil hefur sjávarfang merkt fiskmeti, skel og annað matarkyns í hugum margra. Rökrétt er að undir það falli einnig orka sem unnin verður úr sjó.

Sjávarfitjungur (Puccinella maritima) Fremur smávaxin grastegund sem er algeng á sjávarfitjum og í fjörum, allt í kringum landið. Vex í þéttum breiðum eða toppum; punturinn hefur grannar puntgreinar; blöðin mjó, sívöl og grópuð; stöngulblöðin stundum flöt eða samanbrotin. Vex líklega í Kollsvík, en greiningu vantar; erfitt er að greina sjávarfitjung frá varpafitjungi.

Sjávarflóð / Sjóarflóð (n, hk) Óvanalega há sjávarstaða, t.d. þegar saman fer stórstraumsháflæði, lágur loftþrýstingur og stífur álandsvindur. Þar sem land liggur mjög lágt að sjó hafa sjávarflóð stundum valdið gríðarlegum skemmdum og jafnvel manntjóni. Ekki er vitað til slíks tjóns af völdum sjávarflóðs í Kollsvík, en í *manna minnum* hefur sjávarflóð t.d. hlaupið upp á Leirana.

Sjávargagn / Sjóargagn (n, hk) Sjávarfang; það sem fæst gagnlegt úr sjó; fiskifang; fiskur. „Þó kom það fyrir að þurrabúðarfólk hafðist þar við með fáeinir kindur, en treysti að öðru leyti á sjávargagn sér til framfærslu“ (HÖ; Fjaran).

Sjávargangur (n, kk) Brim; sjógangur. „..... ekki var fært um skipið fyrir sjávargangi, roki og náttmyrkri“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Sjávargata / Sjóargata (n, kvk) Leið frá bæjum til sjávar, þar sem heimræði var. Um vertíðina munu konur og börn oftast hafa þrætt sjávargötu í Kollsvík en karlmenn sem reru, enda höfðu þeir þá aðsetur í sínum verbúðum og fengu sendan mat að heiman.

Sjávargos (n, hk) Nýyrði VÖ. E.t.v. væri réttara að nefna fyrirbærið „sjóargos“, samkvæmt þeim beygingarhætti sem alltaf var notaður í Kollsvík, en þessi fellur betur að því sem nú er almennast notað. „Sjávargos vera með þessum hætti: Lóðréttir strókar af sjó sem verða til við það að sjór þrýstist inn í lokaðan helli og uppúr gati á þaki hans. Sjávargos geta orðið á tveimur stöðum í Kollsvík vegna aðstæðna. Annar staðurinn er í Bekknum, norður undir Straumskeri undir Blakknum. Í miklum vestansjó og á flæði ganga öldur inn í sjávarhelli í Bekknum og spýtast upp um gat á þaki hans. Þau gos geta orðið tugir metra upp í loftið og sjást greinilega úr allri Víkinni. Hinn staðurinn er á hleinunum framundan Sandhelli í Hnífum utanverðum. Í henni er hellir með gati uppúr. Hleinin kemur uppúr á fjöru og í norðansjó geta orðið tilkomumikil gos uppúr gatinu. Orðið sjávarhellisgos er hér notað þar sem ekki hefur fundist annað hugtak yfir þetta náttúruyfyrirbæri. Orðið var reyndar ekki notað í Kollsvík, heldur sagt sem svo; „Það er töluverður vestanrosi; sjór gegnur uppí miðjar hlíðar“, enda vissu heimamenn hvað við var átt. Kominn er tími til að þetta náttúruyfyrirbæri fái viðeigandi og lýsandi heiti“ (VÖ). „Sumsstaðar breytast öldurnar í stórfengleg gos; marga tugi metra í loft upp, er falla inn í voga og skúta“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sjávargróður (n, kk) Hverskonar gróður sem þrífst neðansjávar; þari þursaskegg og annað.

Sjávargrunn (n, hk) Grunnsvæði; grunn. Oftast var talað um *grunn* í Kollsvík.

Sjávarháski (n, kk) Hætta sem mönnum og bátum er búin til sjós eða við strönd. Furðu fáar sagnir hafa varðveist um að Kollsvíkurbátar hafi lent í sjávarhásk, þó vissulega séu þær til. Ekki er þó vafi á því að á tímum hinnar miklu sjósóknar fyrr á öldum hafi orðið ýmis atvik sem ekki hafa ratað í rit.

Sjávarhellir (n, kk) Hellir í sjó; hellir sem sjór er allajafna í. „Dýpstur og lengstur voganna er Helluvogur, sem endar í miklum sjávarhelli sem gengur innundir sjávarklettana“ (HÖ; Fjaran).

Sjávarhús / Sjóarhús (n, hk) Hús sem byggt er við sjó, annaðhvort til að gagnast við sjósókn eða fjárhús vegna nytja fjörubeitar. Orðið var helst notað um veiðarfærageymslur eða smíðahús við sjó, en ekki um verbúðir eða naust. Guðbjartur á Láganúpi byggði sér sjávarhús til að saga þar stórvið og geyma veiðarfæri.

Sjávarjörð (n, kvk) Jörð sem liggur að sjó og hefur oftast meiri og minni sjávarnyttjar. Sjávarjörð fylgir jafnan rekafjara og *nethelgi*, sem nær 60 fæðma út frá stórstraumsfjöruborði. Frá upphafi byggðar hefur einnig verið litið svo á að sjávarjörðum væri heimilt að nýta óátalið alla veiði sem frá henni var unnt að sækja. Þann rétt hafa stjórnvöld á síðari tímum afnumið með glæpsamlegum hætti, og fært hann í hendur sínum útvöldu kvótageifum og stórútgerðum í fjarlægum landshlutum.

Sjávarkambur (n, kk) *Fjörukambur*; kambur; rif; hryggur sem mundast oft í sand- eða malarfjörum ofan hæstu fjörumarka/sjávarmarka. „Við þurfum að setja bátinn alveg uppá sjávarkambinn; hann er að auka straum núna“. Oftast nefnt aðeins *kambur* í máli Kollsvíkinga; eða rif.

Sjávarklettur / Sjóarklettur (n, kk, fto) Klettur við sjó, oft lægri klettur í núpum og múlum. „Þarna eykst brattinn og sjávarklettur hækka“ (IG; Sagt til vegar I). Annars oftast talað um sjóarkletta í Kollsvík.

Sjávarloft (n, hk) Loftslag og lykt sem einkennandi er nærri sjó, einkum þegar vindátt er af hafi.

Sjávarlón (n, hk) Oftast stytt í lón. Oft kemur fyrir í Kollsvík að mikil rif af skeljasandi myndast á skömmum tíma í fjörunni eftir mikil brim af norðri eða vestri. Þá geta lækir ekki runnið óhindrað til sjávar, heldur myndast uppistöðulón ofan hins nýja rifs. Þetta skeður oft í Ánni, en stundum í Búðalæk og stöku sinnum í Steingrímslæk/Myllulæk.

Sjávarlöður (n, hk) *Sjólöður*; froða sem myndast í miklum sjógangi; þegar brimið þeytir lífræn efni sem í sjónum eru. Verða stundum miklar hrannir löðurs í fjörum eftir stórbrim, sem oft sitja þar yfir sjávarfall eða lengur. Fremur var talað um *sjólöður* í Kollsvík.

Sjávarmál (n, hk) Yfirborð sjávar. A. Oftast er átt við hæstu stöðu sjávar, þ.e. í stórstraumsflæði. Hæð landslags, s.s. fjalla, er oftast miðuð við sjávarmál. B. Yfirborð sjávar hverju sinni.

Sjávarmegin / Sjóarmegin (ao) Þeim megin sem veit að sjó. „Rúm formanns var sjóarmegin í búðinni“.

Sjávarmenjar (n, kvk, fto) Menjar um sjávarágang frá löngu liðnum tímum. Sjávarmenjar frá síðjökultíma, þegar sjávarstaða var allmiklu hærri en nú, má sjá í fornum sjávarbökkum, t.d. ofanvið Fitina; um Svarðarholt, Nautholt, Breiðuseil, Túnbrekku og Trantala í Kollsvík.

Sjávarmöl (n, kvk) Möl sem núin er af því að velkjast í sjó. Sjávarmöl finnst víðast í fjörum í Kollsvík þar sem ekki er skeljasandur, grjót eða hleinar.

Sjávarmörk (n, hk, fto) *Fjörumörk*; mörk þess sem sjór fellur hæst upp, að jafnaði. „Menjar má sjá í Kollsvík og víðar um að í eina tíð hafi sjávarmörk legið herra en nú er. Ísaldarjökullinn þrýsti landinu nokkuð niður í jarðmöttulinn og þegar hann hropaði var landið nokkru seinna að rísa aftur en sem nam sjávarborðshækkun af bráðnun jökla. Því var t.d. allt Suðurlandsundirlendi og Borgarfjörður undir sjó um tíma. Landið þrýstist minna niður á Vestfjörðum, en þó lágu sjávarmörk ofar um tíma. Í Kollsvík eru þessi 11000 ára sjávarmörk einkum sýnileg sem stallur neðantil á Brunnsbrekkunni, t.d. rétt ofan Kaldabrunns. Þá virðist sjór hafa náð upp að þar sem nú standa fjárhúsin á Láganúpi. Þegar grafið var þar fyrir haughúsi við fjósið sáu greinilega menjar um þennan forna fjörukamb, og fannst þar bein úr máfi. Ýmsir telja sig greina merki þess að nú sé sjávarborð enn byrjað að hækka, og má þá líklega rekja það til bráðunar jökla af völdum gróðurhúsaáhrifa“.

Sjávarpláss / Sjávarþorp (nb, hk) Síðari tíma heiti á þéttbýlisstað sem myndast við sjó, einkum vegna vélbáraútgerðar, með ýmiskonar verslun og þjónustu. Sjávarplássin eru arftakar hinna fornu verstöðva. Þannig tóku Vatneyri (Patreksfjarðarkauptún) og Sveinseyri (Tálknafjarðarkauptún) við hlutverki verstöðva í Útvíkum og víðar. Eflaust hefði þó mátt nefna byggðina í Kollsvík sjávarþorp þegar þaðan var mest sjósóknin; í aldirum úr Láganúpsveri og í byrjun 19.aldar úr Kollsvíkurveri.

Sjávarrof (n, hk) Rof í fjöruborði af völdum sjávaröldu/brims. Sjávarrof er jafnan töluvert í fjöruborði; einkum á stöðum fyrir opnu hafi, eins og í Kollsvík. Menjar um sjávarrof frá síðjökultíma má sjá nokkru ofan núverandi sjávarborðs; sjá *sjávarmenjar*. Sjávarrof sést vel í Grundabökkum. Sá sjávarbakkinn hefur lítið breyst um aldir, eins og sjá má af því að þar stóð Láganúpsverstöð til forna. Á síðustu áratugum, eða frá því laust fyrir aldamótin 2000, hefur rofið hinsvegar stóraukist, og minjar um þá fornu verstöð eru nú í stórhættu. Í fyrstu var talið að þetta tengdist hækkaðri sjávarstöðu vegna hlýnandi loftslags, en VÖ hefur sett fram líklegri kenningu. Hún er sú að ígulkerið skollakoppur hafi, vegna offjölgunar sem sannanlega varð í stofnstærð þess, hafi étið svo upp þaraskógana á Kollsvíkinni að þeir séu ekki sú fyrirstaða og dempun á brimöldunni sem þeir jafnan eru. Brimaldan æðir því óhindrað upp í fjöru; brýtur niður sjávarbakkana á háflæði; veldur spjöllum á Görðunum og ryður upp miklu magni sands, sem svo fýkur upp og veldur frekari spjöllum. Að beiðni VÖ var lögð fram fyrirspurn á Alþingi um vernd verminja sem nú eru víðast að hverfa vegna þessa mikla ágangs, en stjórnvöld hafa ekki sýnt mikil viðbrögð til að vernda þessar menningargersemar þjóðarinnar.

Sjávarorka (n, kvk) Orka sjávar, en helstu birtingarmyndir hennar eru *sjávarfallaorka*; *ölduorka*, *dreygniorka* og *hitastigulsorka*. Orðið er ekki að finna í orðabókum, enda hefur lítið verið hugað að nýtingu þessarar orku héraðs þar til safnari þessa orðasjóds stofnaði verkefni á því sviði árið 2009; Valorku ehf. Þau verkefni snúa að þróun *sjávarfallahverfla*, *ölduvirkjun* og rannsóknir á sjávarorku við Ísland. VÖ hefur leitt að því rök að sjávarorka sé í heild langstærsta orkulind landsins og hvatt stjórnvöld til að hefja rannsóknir og undirbúning nýtingar á henni. Sjá *sjávarorkurannsóknir*.

Sjávarorkunýting (n, kvk) Vinnsla og hagnýting sjávarorku í formi haföldu og strauma. VÖ hefur manna fyrstur unnið að þróun íslenskrar tækni til nýtingar á sjávarorku. Hugmyndavinna byrjaði á unga aldri en verkleg þróun sjávarfallahverfla hófst 2008 og VÖ stofnaði Valorku 2009 til að standa fyrir henni. Fjöldi nýrra hverfilgerða hefur komið fram og skilað góðum árangri í prófunum. Í byrjun er stefnt að nýtingu sjávarfallastrauma með hverflum staðsettum undir ölduhreyfingu og ofan *botnkyrrðar*. Enn hefur ekki fundist lausn á að beisla ölduorku, einkum vegna eyðingarmáttar brimsins þegar verst gegnir.

Sjávarorkurannsóknir (n, kvk, fto) Rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku. Engar slíkar rannsóknir hafa farið fram við Ísland, þó sjávarorka sé langmesta orkulind landsins; hrein og endurnýjanleg orka sem unnt er að nýta án allra umhverfisáhrifa. Að beiðni VÖ var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi um undirbúning slíkra rannsókna árið 2011. Allir flokkar voru málinu sammála og eftir að hafa velkst um í þinginu var tillagan samþykkt samhljóða vorið 2014. Hinsvegar eyðilagði þáverandi iðnaðarráðherra málið með því að skipa afturhaldssama hagsmunagæslumenn í nefnd sem um það fjallaði, en

sniðgekk forgöngumenn þess. Slík er hagsmunagæsla orkurisa sem einokað hafa orkumarkaðinn til þessa. Síðari kynslóðir munu fella sinn dóm um þennan framgang; þær *eiga* hér mest í *húfi*.

Sjávarorkuver / Sjávarvirkjun (n, hk/kvk) Tæki sem umbreytir orku sjávar, t.d. ölduorku eða sjávarfallaorku, í raforku eða annað nýtanlegt orkuform. Ýmis þróun á sér stað í þessháttar tækni víðsvegar um heim, þó engin slík virkjun sé enn tengd helstu neyslunetum. Líklegt er að sjávarorka verði nýtt í stórum stíl innan fárra áratuga; enda er hún umfangsmikil og endurnýjanleg orkulind sem unnt er að nýta án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa. Valorka ehf er eina íslenska fyrirtækið sem stundar þróun á sjávarorkutækni.

Sjávarröst (n, kvk) Annesjaröst; aukinn straumhraði í sjávarfalli þar sem það mætir hindrun, s.s. grynningum eða annesjum; eða þarf að fara um þröng sund og firði. Sjávarrastir eru fyrir flestum ystu núpum Vestfjarða, t.d. Látraröst útaf Bjargtöngum og Blakknesröst útaf Blakknesi.

Sjávarselta (n, kvk) A. Saltmósta/saltstorka sem fallið hefur út og sest á hluti eftir mikið sæk. B. Seltustig sjávar. Selta sjávar við Ísland er yfirleitt 33-35 seltustig; þ.e. 3,3-3,5 grömm af uppleystum söltum eru í hverju kíló sjávar; mest matarsalt.

Sjávarsíða / Sjóarsíða (n, kvk) Strandsvæði; landsvæði sem liggur nærri sjó. „Í hallærum fyrri tíðar áttu byggðir við sjóarsíðuna mun betri afkomuguleika en byggðir inn til landsins“.

Sjávarstaða (n, kvk) Staða *sjávarfalls*; *stendur á sjó*. „Hvernig verður sjávarstaða þegar við *komum að*“? „Mér sýnist að sjávarstaða ætti að verða sæmileg ef við komumst snemma fram“.

Sjávarstraumur (n, kk) Straumur í sjó; sjávarfallastraumur og aðrir hafstraumar. Sjávarstraumar í Kollsvík orsakast einkum af sjávarföllum, en þeir fylgja þó fjölbreyttara mynstri en ætla mætti við fyrstu sýn. Tveir áhrifavaldar eru þar mestir: Annarsvegar er það sjávarfallasveiflan sjálf, sem orsakar norðurfall tvisvar á sólarhring og nokkuð vægara suðurfall jafn oft. Styrkur þessara reglulegu falla fer eftir því hvernig *stendur á straum*; hvort *stórstreymt* er eða *smástreymt*. Einnig hefur land- og botnlögun mikið að segja: Straumurinn verður sterkastur þar sem sjávarmassinn þarf að fara fyrir nes og núpa og yfir *grunnsvævi*; t.d. í Blakknesröst. Meðan *fallastraumurinn* skiptir um stefnu eru *fallaskipti* eða *liggjandi*. Hinsvegar eru straumar sem orsakast af nálægð við öflugustu röst Íslands; Látraröstina. Breiðafjörðurinn verkar eins og trekt á sjávarfallabylgjuna, á leið hennar vestur og norður fyrir land. Mesta svefluhæð sjávarborðs við landið verður í Breiðafirði; þaðan spýttist straumurinn vesturmeð Bjarginu og sveigir til norðurs fyrir Víkurnar. Látraröstin er greinileg, einkum þegar hún í miklum ham ólgar á móti norðanátt í nokkrum sjógangi. Úr Kollsvík er hún þá tilsýndar sem hvítur borði *boðafalla* úti við hafsbrún. Þó ekki liggja fyrir því vísindalegar rannsóknir, þá bendir allt til þess að frá Látraröstinni séu hringiður upp á Útvíkurnar; sín iðan upp á hverja viku, og jafnvel ein heildariða til viðbótar. Slíkar iður má t.d. sjá af myndum af Golfstraumnum, þar sem hann liggur uppmeð vesturströnd Ameríku. Þar sem meginstefna Látrarastar er til norðurs, þá er augljóst að þessar iður orsaka straum til suðurs meðfram ströndinni í hverri viku. Þar er komin skýringin á því t.d. að sífellt er suðurfall á Seljavíkinni, og því hve mjög sandur úr Breiðafirði berst upp á strendur Útvíkna; sem og því hve sá sandburður leitar suðurmeð ströndinni. Þriðji meginþáttur hafstrauma er óreglulegri, en það eru áhrif vinda. Um þau áhrif verður ekki mikið fullyrt, en í tvennu eru þau þó greinanleg í Kollsvík. Annarsvegar eykur hvass álandsvindur flóðhæð og ágang sjávar, en hinsvegar getur langvarandi eináttar vindstaða ráðið miklu um það hver mikið magn af sandi er uppi í fjöru og hve langt hann teygist með ströndinni. Þörf væri á mælingum sjávarstrauma til að unnt sé að sannreyna þessi kerfi, enda getur sá skilningur á þeim komið að notum t.d. við varnir gegn uppblæstri.

Sjávarútvegur (n, kk) Sjósókn; fiskveiðar og það starf sem þeim viðkemur. Orðið var lítt sem ekki notað í Útvíkum fyrr á tíð, heldur var fremur talað um sjósókn, veiðar, verstöðu, útræði og róðra.

Sjóaður (l) A. Vanur sjómennsku; farinn að þekkja viðeigandi vinnubrögð og handtök. B. Hættur að vera sjóveikur. Flestir sem fara í fyrsta skipti á sjó í langan tíma finna til sjóveiki og verða sumir mjög veikir. Eftir nokkurn tíma/nokkra róðra fara menn að sjóast og sjóveikin hverfur. C. Afleidd merking; vanur/reyndur. „Hann er orðinn nokkuð sjóaður í fundarstjórninni“.

Sjóarapeysa (n, kvk) Duggarapeysa; notað í seinni tíð yfir bláar peysur úr ullarbandi, háar í hálsmálið, sem algengar voru í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar.

Sjóarbakki (n, kk) Sjávarbakki. „Víða er farið að brjóta úr sjóarbökkunum“. „Sjóar“ var algengari beyging áður fyrr en „sjávar“.

Sjóarfall (n, hk) *Sjávarfall*, sjá þar. Í Kollsvík var venja að nota fremur orðið „sjór“, með eignarfallsmyndina „sjóar“, en „sjár“ með eignarfallsmyndina „sjávar“. „Við sátum þarna yfir eitt sjóarfall og höfðum ágæta viðveru af fiski“.

Sjóargata (n, kvk) Gata sem liggur t.d. frá bæ niður að sjó. „Sjóargatan frá Kollsvíkurbænum niður í Verið er nú algerlega horfin“.

Sjóarhjallur (n, kk) Hjallur sem stendur við sjó, til herðingar/upphengingar á fiski.

Sjóarhús (n, hk) Hús við sjó. Orðið var þó hvorki notað um verbúðir né naust, heldur einkum um geymslur.

Sjóarklettur (n, kk, fto) Sjávarklettur. „Skammt utanvið Garðsendann byrja lágir sjóarklettur; fyrst uppað Hreggnesanum, en svo hækka þeir við Undirhlíðarnefið, við norðurenda Hnífanna“.

Sjóarlöður (n, hk) Sjávarlöður; *ágið*. „Svo er Hreggnesi; klettaneft á bersvæði, sem næðir mikið um og sjóarlöðrið eða gufan gengur upp að“ (Ól.Sveinss; Örn.skrá Naustabrekku).

Sjóast (s) Verða *sjóaður*; hætta að vera sjóveikur; farinn að kunna til verka á sjó; vera reyndur. „Mér líður betur en í síðustu róðrum; held ég sé að sjóast“.

Sjóbað / Sjöblautur (n, hk/l) Bað/kaffæring í sjó/ blautur af sjó. Ekki tíðkaðist í Kollsvík að stunda sjóböð að ástæðulausu, eins og nú er síður sumra landsmanna, en algengt var að menn urðu sjóblautir af ágjöf eða við setningu báta.

Sjóborð (n, hk) Nafn á því borði skips (oft 5.umfar) sem vanalega er að hluta í sjó á lítið hlöðnum bát. Næsta borð fyrir ofan nefnist sólbörð, og er að jafnaði uppúr ef bátur er ekki mjög hlaðinn.

Sjóborg (n, kvk) Bátur/skip sem ver sig mjög vel í sjó; andstæða við t.d. *sjókæfu*.

Sjöblautur (l) Blautur af sjó. „Þegar sjóklæðin urðu sjóblaut voru þau þurrkuð, og var brókin sett til þurrs á svokallaðri brókarkvísl...“ (EÓ; Skinnklæðagerð).

Sjöbleyða (n, kvk) Sá sem er sjóhræddur/ þorir ekki að sækja sjó. „Atyrti hún Guðmund ráðsmannt sinn harðlega; kvað hann hina mestu sjóbleyðu sem hræddist hverja golu, og ætti varla skilið að stíga út í bát framar“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Sjóbratt (l) Mikill bratti í átt til sjávar. „Geldingsskorardalslækir liggja niðurunan Háhöldum og út undir Flaugarnef; *vætulækir*, en gras á milli og sjóbratt mjög“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Sjóbúa (s) Um báta; gera klárt á sjó/ til sjóferða; *gera sjóklárt*. „Það var alltaf byrjað á einmánuði að þvo fisk frá haustinu áður, og um sumarmál að hvolfa upp bátunum og sjóbúa þá. Róðrar hófust svo strax og gaf“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Sjóbúð (n, kvk) Annað heiti á verbúð. Verbúðir í Kollsvík voru ekki nefndar sjóbúðir, en það var notað yfir verbúð í Kvígindisdal, sem stóð þar fram yfir 1970. Í henni var svefnloft. „Þetta gerðist á áliðnu sumri 1928. Og við vorum staddir í sjóbúðinni í Kvígindisdal“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sjódaður (l) Daður á sjó; dauður í sjóslysi. Mikil virðing hefur jafnan verið borin fyrir þeim mönnum sem leggja líf sitt í hættu til að sækja björg í bú í greipar ægis. Til var máltæki á þá leið að „sæll er sjódaður en vesæll vatnadaður“. Þjóðtrúin segir að sjódaðir menn komi jafnan heim fyrst eftir dauða sinn og birtist annaðhvort í draumum berdreyminna eða sem sýn skyggna. Er þá mikilvægt að ekki sé á þá yrt. Í draugasögum eru mörg dæmi þess að sjódaðir menn séu vaktir upp og nýttir til sendinga. Hefur sú sagnahefð eflaust skapast af því að hinir sjódaðu voru stundum sjómenn úr fjarlægum lands- eða heimshlutum sem enginn þekkti, og því ekki eins þungbært að hafa dauða þeirra í flimtingum og hinna.

Sjódraugur (n, kk) Draugur sem verður til þegar *sjódaður* maður *gengur aftur* eða er *vakinn upp*.

Sjódrífa / Sjódrif (n, kvk) Sælöður; úði sem rýkur úr öldufaldi í roki. „Sjódrífan var svo mikil þarna í fjörinni að við urðum *kollvotir* við að bjarga trénu“. „En þegar þangað kom var veðurofsinn svo, að óstætt var og sjódrifið svo mikið að lítið sást frá sér“ (MG; Látrabjarg). „Var þá kvikmyndatökuvélin varla orðin gangfær fyrir sjódrifi sem á hana hafði sest“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Sjódrukknaður (l) Drukknður á sjó.

Sjódyngjur (n, kvk, fto) Stöðugar gæftir. „Í góðviðri henti það stundum að farnir oru ellefu róðrar yfir vikuna. Svona stöðugar gæftir voru kallaðar sjódyngjur“ (PJ; Barðstrendingabók).

Sjóða (s) A. Elda mat með suðu. „Hæfilegt er að sjóða múkkaegginn í sjö til níu mínútur“. B. Sjóða/brasa saman; bræða járnhluti saman með mikilli hitun og renna málmni aukalega í samskeytin.

Sjóða á keipum (orðtak) Um siglingu báts; þegar skipið hallast svo undan byr í segl að sjór gutlar uppundir keipana/tollurnar hlémegin. Þótti háskasigling, einkum ef eitthvað var í sjóinn.

Sjóða á söxum (orðtak) Um siglingu báts; þegar skipi er siglt þannig að sjór freyðir uppundir söxin. Sjá *sax*.

Sjóða niður (orðtak) Um matvælageymslu; sjóða matvæli í íláti og loka því síðan; niðursuða. Með því er varan gerilsneydd og rotnar mun hægar. Þetta er sérlega auðvelt með súran mat. T.d. tíðkaði Sigríður Guðbjartsdóttir það í sinni búskapartíð að sjóða niður rabbarbara í lofíttar glerkrukkur. Hann var svo einkum snæddur sem ábætisréttur með rjóma, og þótti engu síðri en niðursoðnir ávextir, sem þá voru torfengnari en nú.

Sjóða saman (orðtak) A. Elda saman í potti. B. *Sjóða*/festa tvo málmhluta saman með hitun. C. Líkingamál; búa til texta, kvæði, ræðu eða annað.

Sjóða upp (orðtak) Um vökva í potti; gufa allt upp. „Vatnið hafði allt náð að sjóða upp af kartöflunum, og þær voru orðnar eins og kolamolar“.

Sjóða uppúr (orðtak) Um vökva sem hitaður er í potti; bulla svo ákaft við suðuna að froðan lyftist uppyfir barma ílátsins. Hættast er við uppúrðu þegar soðinn er mjólkurmatur.

Sjóðandi heitur / Sjóðheitur (orðtak/l) Svo heitur að nálgast suðumark; *brennheitur*; *brennandi heitur*. „Passaðu þig á grautnum; hann er sjóðheitur“!

Sjóðandi illur / Sjóðandi reiður / Sjóðandi vitlaus (orðtak) *Blóðillur*; *saltvondur*. „Sjóðandi illur henti hann moldarhnaus á eftir fjárhópnum“.

Sjóðbandvitlaus (l) Lýsing á mikilli reiði; brjálaður; kolvitlaus; *trompaður*; *umturnaður*. „Hann varð alveg sjóðbandvitlaus af vonsku þegar hann frétti af þessum tiltektum“.

Sjóðbullandi (l) Áhersluorð, einkum þegar blótað er eða lýst miklum æsingi; sjóðandi. „Fari það nú í sjóðbullandi helvíti“! „Hann varð alveg sjóðbullandi illur þegar hann heyrði af þessu“.

Sjóðhiti / Sjóðandi hiti (n, kk/orðtak) Mjög mikill hiti; steikjandi hiti. „Það þarf að setja í gang súgurrkunina; það er kominn sjóðhiti í heyið og *stakkur* ofaná það“.

Sjóður (n, kk) A. Safn peninga eða annarra verðmætra muna. Þessi notkun orðsins var algeng í upphafi Íslandsbyggðar, en er nú einkum bundin við ráðstöfunarfé fyrirtækja og stofnana, t.d. ríkissjóður. B. Líkingamál um safn hverskonar muna og jafnvel huglægra efna, s.s. reynslusjóður. Nafn þessa orðasafns er dæmi um slíkt, enda má líta á orðaforða Kollsvíkinga sem hluta óáþreifanlegra menningarverðmæta sm þar voru lengi staðbundin en er nú í hættu með að glatast vegna byggðahrönnunar.

Sjóðvitlaus fiskur (orðtak) Asafiski; mjög góð veiði; aflahrota. „Við lentum í sjóðvitlausum fiski þarna“.

Sjóðvondur (l) Mjög reiður/æstur; saltvondur; blóðillur. „Hann var sjóðvondur yfir þessari niðurstöðu“.

Sjófang (n, hk) Afli/veiði úr sjó; *sjávarafli*; *sjávargagn*.

Sjófarandi (n, kk) Sá sem siglir um sjó. „Vitarnir bættu mjög öryggi sjófarenda“.

Sjóferð (n, kvk) Róður; ferð á sjó. „*Þannig fór um sjóferð þá*“!

Sjóferðabæn (n, kvk) Undantekningarlaust var venja að fara með sjóferðabæn, *bæna sig*, áður en farið var í róður. Bænin var vanalega flutt eftir að búíð var að sjósetja og báturinn kominn fram á lægi. Þá voru árar lagðar upp; höfuðföt tekin niður og hver bað sína bæn í kyrrð áður en tekið var aftur til ára eða vél gangsett. Í sumum verstöðvum var þó ekki gert neitt slíkt stopp. Venja í Láturdal var sú að sjóferðabæn ætti að vera lokið þegar róíð hafði verið út að Bænagjótu, en hún er rétt utanvið Klaufatangana. (Svo sagði mér Ingvar Guðbjartsson; VÖ). Ekki er nú vitað hvernig sjóferðabænar hljóðuðu áður fyrr, en hver hafði sitt lag á í seinni tíð. Oftast munu menn hafa farið með faðirvorið. Ríkt var haldið í þann sið að lesa sjóferðabæn í róðrum úr Kollsvíkurveru fram yfir 1970, þó þá væru þeir strjálir, og mun hann hvergi hafa viðgengist lengur (VÖ). „Allir tóku ofan sín höfuðföt og báðu sjóferðabænina þegar komið var á flot og menn höfðu sest undir árar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveru). „Þá taka allir ofan höfuðfötin og lesa bæn; hver fyrir sig“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveru; Niðjatal HM/GG). „Heilög goð er heitið á/ höldum stoð að veita;/ brugðið voðarbandi þá;/ brunar gnoðin landi frá“ (JR; Rósarímur).

Sjóferðahugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir/bollaleggingar um sjóferð. „Eruð þið í einhverjum sjóferðahugleiðingum? Ég held ég fari þá að berja eitthvað í nesti“.

Sjófiskur (n, kk) Fiskur sem lifir í sjó. „Af hvaða sjófiski hafa menn mest not“? (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1919).

Sjóflutningar (n, kk, fto) Vöruflutningar á sjó. Fyrr á tímum fóru aðrættir Kollsvíkinga og ýmis flutningu afurða ýmist fram með sjóflutningum eða með landflutningum um hestavegina gömlu. Sjóflutningar voru jafnan nýttir fremur ef til þeirra gaf veður; einkum meðan alla vöru þurfti að sækja á Eyra.

Sjófugl (n, kk) Fugl sem er aðlagður lífi á sjó, og sækir fæðu sína einkum í sjó. Algengustu sjófuglar sem verpa í Kollsvík eru múkki, rita, hvítmáfur, svartbakur, hettumáfur, kría, lundi, teista, skarfur og æðarfugl, en aðrir eru algengir gestir á víkinni, s.s. súla, sílamáfur, langvía, nefskeri, álka og skrofa.

Sjófær (l) Um bát/skip; fær til siglinga; haffær. „Hann taldi bátinn ekki sjófæran fyrr en búíð væri að *seyma* hann verulega að nýju“.

Sjógalli (n, kk) Hlífur; hlífðarfatnaður sjómanna. „Sjógallar hafa breyst í gegnum tíðina. Öldum saman voru skinnklæði bestu hlífur sem völ var á, og gerð þeirra var orðin nokkuð þróuð í Kollsvík, eins og sjá má af lýsingum þeirra sem síðast kunnu þar til verka. Eftir að olíustrigafatnaður varð fánlegur tóku við dagar sjóstakksins; kjóllaga verju sem steipt var yfir höfuð sér og notuð með klofstígvélum og barðamiklum sjóhatti. Síðar komu til jakki og buxur úr þjalli efnum, notuð þá með lágstígvélum, enda sjaldnast þörf lengur á að vaða sjó í klot“.

- Sjógangur** (n, kk) Slæmt sjólag; mikill sjór; ókyrrð. „Það fer enginn smábátur í Röstina í þessum sjógangi“.
- Sjógarður** (n, kk) Stórsjór, brim. Þegar leið á daginn gerði áhlaupaveður með miklum sjógarði“. (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Sjógarpur / Sjókempa** (n, kk) *Sægapur*; sá sem þykir góður og *sækinn* sjómaður; áræðinn en útsjónarsamur og farsæll. Oftast stýtt í *kempa*.
- Sjógusa** (n, kvk) Skvetta af sjó; ágjöf. „Var nú henst stein af steini, og þeir stírdari fengu sjógusu, því brim var óskaplegt“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Sjóhattur** (n, kk) Höfuðfat sem notað er á sjó. „Sjóhatt áttu flestir, er aðeins var settur upp þegar ágjöf var eða illviðri“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Sjóhrakinn** (l) Þrekaður eftir *volk* í sjó. „Þegar þessir sjóhröktu menn töldust ferðafærir ... voru þeir fluttir til Patreksfjarðar“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Hinum sjóhröktu mönnum var tekið tveim höndum af heimamönnum....“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum).
- Sjóhraustur** (l) Þolir vel velting og volk á sjó *án þess að blikna* eða verða sjóveikur.
- Sjóhundur** (n, kk) Sá sem er ófyrirleitinn við sjósókn/sækir sjó þegar öðrum sýnist ekki fært sjóveður.
- Sjóhögg** (n, hk) Högg sem greitt er skötu eða steinbít til að rota/dauðrota. „Þegar skata kom að borði var hún dauðrotuð með haka eða kepp áður en hún var innbyrt; kallað sjóhögg“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Sjóinntak** (n, hk) Gat í byrðing báts neðan sjávarborðs þar sem tekinn er inn sjór fyrir kælingu vélarinnar. „Vélin ofhitnaði þegar við fengum þara í sjóinntakið“.
- Sjókind** (n, kvk) Vera sem býr í sjó, oftast átt við þjóðsagnaveru/óvætt. „Það var ekkert frammi á hleininni þegar ég kom á staðinn, svo þetta hlýtur að hafa verið einhver sjókind“.
- Sjóklár** (l) Síðari tíma heiti um að vera tilbúinn í sjóferð. Notað bæði um bát og sjómann.
- Sjóklæddur** (l) Kominn í hlífar/sjógalla/skinnskæði sem þarf til sjóferðar/róðurs.
- Sjóklæði** (n, hk, flo) Hlífar/hlíðarfatnaður á sjó, sjá *skinnskæði*. „Karlmennt saumuðu sjálfir sjóklæði sín að vetrinum“ (KJK; Kollsvíkurver). Þjóðtrúin segir að ekki megi staga sjóklæði á sunnudegi; þá farist þeir sem þau bera. (JÁ; Þjs).
- Sjókort** (n, hk) Kort sem sýnir legu strandar, stefnur, leiðir, dýpi, boða, vita og annað. Góð sjókort fóru ekki að tíðkast fyrr en á 19.öld, eftir að konungstilskipun hafði verið gefin út um strandmælingar við Ísland. Sjómenn Útvíkna treystu á staðkunnáttu sína og munu sjaldnast hafa stuðst við sjókort. Færasti kortateiknari Íslands á sinni tíð bjó um tíma í Kollsvík; Samúel Eggertsson á Grund. Hann teiknaði gott kort af Rauðasandshreppi þar sem m.a. eru merktar inn sjóleiðir og boðar.
- Sjókæfa** (n, kvk) Bátur sem stingur sér í ölduna í stað þess að lyfta sér uppá hana. (Orðasafn Ingvars Guðbj.).
- Sjókæld** (l) Um vél í bát; kæld með sjó en ekki ferskvatni. Á grásleppuveiðum og við lendingar í fjöru þurfti að gæta varúðar að þari næði ekki að stífla sjóinntak slíkra véla, sem þá hælti til að ofhitna.
- Sjólag** (n, hk) Hegðun sjávaryfirborðs/öldu; ölduhæð og öldugerð. „Oftast er annað sjólag í röstinni en það sem er beggjamegin við hana á sama tíma. Hún getur verið kolófær í stífu falli á móti vindi, þó rétt hjá henni sé hægt að vera að veiðum“.
- Sjólaus** (l) Ládeyða, eða a.m.k. ekki sjór til vandræða. „...mælirinn hefur fallið og sjáanlega er norðanátt í aðsigi en hann er sjólaus ennþá“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Sjólax** (n, kk) Gæluheiti á *ufsa*.
- Sjóleið** (n, kvk) Sjóferð; ferðalag sjóleiðis. „Vermenn í Kollsvík komu flestir sjóleið úr Breiðafirði í byrjun vertíðar. Sumir komu þó landleiðina“. Sjá *sjóleiðis*.
- Sjóleiðis/landleiðis** (ao) Þessar tvær meginleiðir voru til flutninga og *aðdrátt* í Kollsvík. Hestavegir, áður nefndir fjallvegir, lágu inn yfir Hænuvíkurháls til Hænuvíkur og inn með firði; yfir Tunguheidi til Örlygshafnar; yfir Sandsheiði og Brúðgumaskarð til Rauðasands og um Breið til Breiðuvíkur. Þurfti flutning út kaupstaðnum á Eyrum var oftast betra að sitja eftir sjóveðri og róa eða sigla fyrir Blakk og inn Patreksfjörð. „Enda þótt neysla á aðfluttum varningi væri mun fábreyttari en nú er orðið hefði orðið tafsamlegt að flytja aðfluttar vörur á hestum. Var því mestur hluti þeirra fluttur sjóleiðina“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Einar brá þegar við, og fór sjóleiðis inn fyrir Blakknes“ (TO; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Sjóleysa** (n, kvk) Ládaður sjór. „Einnig hafði sunnangoluna hægt og alveg var ládeyðu sjóleysa, svo eftir engu var hægt að átta sig“ (ÖG; Þokuróður).

Sjólína (n, kvk) Um skip; skilin á skrokki skips milli þess sem er uppúr og ofaní sjó. „Kom þá í ljós að kjalfatta þurfti allt skipið fyrir ofan sjólinu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Arb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Sjólítill (l) Lítill sjógangur; ekki mikið brim. „Veður var gott; sjólítið og logn.“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík). „Hann hefur *dottið niður* og er orðinn fremur sjólítill“.

Sjólök (n, hk, fto) Yfirborð sjávar; þar sem sjó lýkur við yfirborð/hafflöt. „Lúðan braust um í sjólokunum, en okkur tókst að koma ífærinni í hana“. „Var þá svo komið að báturinn maraði í sjólokunum, nær fullur af sjó“ (BS; Barðstrendingabók)

Sjólæða (n, kvk) Lág þoka sem leggur inn frá sjónum. Getur þá tekið fyrir allt skyggni á láglendi þó bjart sé ofantil á fjöllum og núpum.

Sjólöður (n, hk) *Sjávarlöður*; froða sem myndast á sjó í miklu brimi. „Sjólöðrið lá í hnédjúpum hrönnum í fjöruborðinu“. Oftar var talað um sjólöður í Kollsvík en sjávarlöður.

Sjómaður (n, kk) Sá sem stundar fiskveiðar eða sækir af öðrum sökum sjó í atvinnuskyni. Heitið var ekki almennt notað í Kollsvík áðurfyrr; fremur var m.a. rætt um vermenn, fiskimenn, farmenn og útvegsbændur. Það ryður sér til rúms með tilkomu sjávarþorpa, seglskúta og síðar vélskipa.

Sjómannsefni (n, hk) Efni í sjómann; verðandi sjómaður. „Því allir voru þessir formenn, og skipsmenn þeirra flestir, margþjálfaðir á þessum litlu fleytum. Munu þær ekki sjómannsefnum lökustu skólaskipin“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sjómansævi (n, kvk) Störf manns á sjó. „Ég hafði setið þarna hjá honum (Árna Dagbjartssyni) á þóftunni flest útstímin síðast liðin tvö vor og sumur; hlustað á sagnir frá hans löngu sjómansævi á flestum gerðum skipa, víðsvegar um Atlantshafið; allt norður í Íshaf; við flestar tegundir fiskveiða, hvalveiði og selveiði, og einnig farmennsku“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sjómennska (n, kvk) Það að vera sjómaður/ stunda sjó.

Sjómenskubragur (n, kk) Hegðun/vinnubrögð eins og hjá sjómanni. „Mér finnst nú lítill sjómenskubragur að því að mæta til skips á strigaskóm og í stuttermabol! Blessaður komdu þér í eitthvað skjólbeta!“

Sjómenskulegur (ao) Sýnir þekkingu á sjómennsku. „Guðbjartur Torfason er jafnkunnur öllum staðháttum hér og við, og á engan hátt ófærari til sjómenskulegra aðgerða en við“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sjómíla (n, kvk) Mælieining vegalengdar, oftast notuð á sjó áðurfyrr, en nú einnig í flugi og víðar. Ein sjómíla er 1/60 úr breiddargráðu eða ein bogamínúta. Vegna þess að jörðin er ekki fullkomlega kúlulaga er lengdin því dálítið breytileg, en alþjóðlegur skilningur er sá að hún jafngildi 1.852 metrum. Hraðaeiningin *hmútur* er skilgreind sem ein sjómíla á klukkustund.

Sjón (n, kvk) A. Skyn sem byggir á augum. „Ég hef alveg sæmilega sjón ennþá“. B. Útlit. „Það var ekki sjón að sjá hann þegar hann skreiddist uppúr fjóshaugnum“.

Sjón ber sögu vitni (orðtak) Það sannast með sýnileikanum/ því sem sjá má; það sést. „Ég hélt að grásleppur yrðu ekki svona stórar, en sjón ber sögu vitni“.

Sjón er sögu ríkar (orðatiltæki) Það segir og sannar meira að sjá hlutina en heyra um þá. Forn speki.

Sjónarhorn / Sjónarhóll / Sjónarmið (n, hk) Afstaða; skoðun. „Frá mínu sjónarhorni er ekkert athugavert við þetta“. „Mitt sjónarmið í málinu liggur fyrir“.

Sjónarmunur (n, kk) Sýnilegur munur. „Lúðurnar eru álíka þungar, en þessi er þó sjónarmun stærri en hin“.

Sjónarrönd (n, kvk) Sjóndeildarhringur; það sem lengst verður séð. „Hafið, blá hafið, hugann dregur;/ hvað er bakvið ystu sjónarrönd?“ (Örn Arnarson; Sigling). „Léttan skoppar ára-önd/ öldutoppa kvika./ Glævur hoppa, hylur önd/ hríðarloppa sjónarrönd“ (JR; Rósarímur).

Sjónarspil (n, hk) Leiksyning; leikaraskapur; skrautsýning; ljósagangur. „Flugeldasýningin var mikið sjónarspil“.

Sjónarsvið (n, hk) Það svið sem augað sér; það svæði sem er sýnilegt. Sjá *fram á sjónarsviðið*.

Sjónarsviptir (n, kk) Breyting á svipmóti; missir þess sem setur svip á umhverfi sitt. „Það er alltaf sjónarsviptir að því þegar gömul og æruverðug hús hverfa. Þannig var t.d. þegar niður voru tekin Mókofinn og hænsnakofinn á Láganúpi; þegar brunnhúsið hvarf og þegar sjávarkofinn hans afa féll niður“.

Sjónarvegur (n, kk) Leið sem sýnileg er. Eingöngu notað í afleiddu merkingunni; möguleiki; hugsanlegt; tilsjón. „Heldurðu að það sé *nokkur sjónarvegur* að þú komist með okkur í smalamennskur um helgina“?

Sjónarvinkill (n, kk) Sjónarhorn. „Það má líka líta á málið með þeim sjónarvinkli“.

Sjónarvottur (n, kk) Vitni; sá sem sér/ er viðstaddur. „Ég varð sjónarvottur að þessu sjálfur“.

Sjónauki (n, kk) Kíkir. Sjónauki hefur lengi verið mikilvægt hjálpartæki; jafnt varðandi búskap og sjósókn.

Sjóndapur (l) Sjónskertur; farinn að sjá illa. „Maður verður sjóndapur með aldrinum“.

Sjóndepurð (n, kvk) Slæm/döpur sjón. „Skírnarvatnið þótti hafa lækningamátt við sjóndepurð og annarri augnveiki“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).

Sjóngler (n, hk) Stækkunargler.

Sjónglögur (l) Sér glögg. Notað bæði um að sjá hluti sem eru í mikilli fjarlægð, og að glöggva sig á óljósu staki í stórum hópi. „Mikið asskoti ertu sjónglögur að greina markið; svona ofanaf réttarvegnum“!

Sjónhending (n, kvk) Sjónlína. „...en úr greindum læk hjá Klúkutóftm ræður sjónhending upp í Altarisberg og ofan í áður skrifaðar reiðgötur“ (Landamerkjavitnisburður Saurbæjar 1660).

Sjónhverfingar (n, kvk, fto) Blekkingar þess sem sést. „Þarna hvarf féð; eins og fyrir sjónhverfingu“.

Sjónlína (n, kvk) Leið sem sést óhindrað; það sem séð verður. „Af Núpnum er sjónlína á Bjargtanga“.

Sjónmál (n, hk) Sjónlína. Eingögnu notað með forsetningunni „í“. Sjá *sjónmáli*.

Sjónminni (n, hk) Hæfileikinn til að muna glögg það sem maður hefur séð.

Sjónskarpur(l) Hefur góða/skarpa sjón.

Sjónvarp (n, hk) A. Tækni til þráðlausra myndsendinga, tilkomin á síðari hluta 20.aldar. B. Tæki til að sýna mynd sem send er með sjónvarpstækni.

Sjónvarpsútsendingar hófust hérlendis 30.09.1966, og fljótlega eftir það kom endurvarpstöð í Stykkishólmi og síðar var unnt að ná sjónvarpi á Patreksfirði. Tæknimenn Rúv mældu skilyrði til sjónvarpsmóttöku á bæjum í Rauðasandshreppi og voru vonlitlir um þau vegna hins fjöllotta landslags; en sendingargeislinn þarf að komast nánast um sjónlínu. Sumir bæir hreppsins gátu þó fljótlega náð sjónvarpi frá Patró, s.s. Kvígindisdalur, Tunga og Hænuvík. Meðan sjónvarpslaust var á bæjum í Kollsvík var Kollsvíkingum oft boðið til vinafólks í Hænuvík eða að Tungu ef eitthvað það var á dagskrá sem sérlega þótti áhugavert. T.d. fjölmenntu Kollsvíkingar að Hænuvík til að sjá leikritið Mann og Konu og fleira, og að Neðri-Tungu til að sjá fyrstu lendingu manna á tunglinu 20.07.1969. Eftir að ríkið hafði nánast afskrifað sjónvarpsmóttöku í Útvíkum um aldur og ævi var leitað til þúsundþjalasmiðsins Ólafs Sveinssonar á Sellátranesi; líkt og endranær þegar eitthvað vandasamt þurfti að lagfæra. Sá sjálfmenntaði töframaður vann svo það stórvirki við frumstæðar aðstæður og á eigin spýtur, að setja upp háreist loftnet á fjallsbrúnum til að ná merki frá Stykkishólmsendingum; leiða það mörghundruð metra leið að húsum og ná hljóði og mynd merkilega vel. Hann smíðaði sjálfur greiður magnara og annað sem til þurfti og sýndi einstaka útsjónarsemi og seiglu. Sjónvarp kom á Láganúp líklega 1970 eða 1971. Það var löngum hrjád af hinni miklu mögnun merkisins; t.d. kom oft norsk sjónvarpsstöð inná og truflaði. Sjónvarpsgreiðan var uppi á Hjöllum, hjá Nónvörðu; reist á 8m langan staur. Merkið var leitt heim í jarðkapli með mögnurum á leiðinni. Móttakan varð fyrst truflanalaus á Láganúpi með tilkomu gervihnattadisks eftir aldamótin 2000. Sjónvarp í Kollsvík kom fyrst í búskapartíð Hilmarssonar. Með aðstoð Óla á Nesi reisti hann loftnet á brún Núpsins, ofan bæjarins; leiddi merkið í loftlínu niður og heim í bæ. Sá búnaður var aflagður eftir að Hilmar brá búi. Ólafur Sveinsson vann svipuð þrekvirki víðar um hreppinn; í Breiðavík; á Látrum; og á flestum bæjum á Rauðasandi. Til að betrubæta móttöku á Hnjóti setti hann upp endurvarpsstöð á Tunguhlíð sem hann smíðaði sjálfur. Ein lárétt greiða tók á móti merki frá Patró en önnur lóðrétt sendi það áfram að Hnjóti. Gekk stöðin fyrir orku frá rafgeymum, en áform hafði hann um virkjun lækjarsprænu í grenndinni.

Sjónvarpsgláp (n, hk) Áhorf/gláp á sjónvarp. „Fjórir bæir bættust við á árinu með sjónvarpsgláp nú rétt fyrir jólin, með ærnum tilkostnaði umfram tækjakaupin. Fólk telur fénu ekki illa varið. En skelfing er það þó *landeyðulegt* að sjá sveitafólk *sitja auðum höndum* öll kvöld. En þetta kannske venst“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).

Sjónvarpsgreiða / Sjónvarpskapall / Kóaxkapall / Sjónvarpsmagnari (n, kvk) Tæki og tækjahlutar sem til þurfti svo unnt væri að ná sjónvarpsútsendingum í Útvíkum og víðar. Sjónvarpsgreiða var loftnetið sem merkið nam; það var svo sent til bæjar um sjónvarpskapal; skermaðan „kóaxkapal“ með kjarna, en til að merkið dofnaði ekki á hinum langa flutningi var það magnað með sjónvarpsmagnara. Sjá *sjónvarp*.

Sjónvilla (n, kvk) Missýning; sýn sem ekki er raunveruleg. „Ég hélt fyrst að þetta væri einhver sjónvilla, en svo sá ég að það *fór ekki á milli mála* að þarna var hrúturinn kominn“.

Sjópróf (n, hk, fto) Réttarhöld og vitnaleiðslur sem halda þarf í kjölfar slyss á sjó, til að komast að og skrásetja rétta atburðarás, t.d vegna hugsanlegra saka eða bótaskyldu og til að geta fyrirbyggt endurtekningu.

Sjór (n, kk) Ýmis merking: Getur þýtt vökvann sjálfan; „Hann hafði sopið allmikið af sjó þegar honum var bjargað“. Getur þýtt haf; „Við björguðum bátnum undan sjó“. Algengt í Kollsvík sem annað orð yfir brim; „Hann hefur haldið tölverðum sjó í tvær vikur samfellt“. Getur einnig verið stytting úr *brotsjór*. „Skipið fékk á sig sjó og laskaðist mjög“. „Á nefndu haustu, laugardagsmorgun einn, var hryðjuveður, ótryggt skýjafar og allmikill sjór“ (PJ; Barðstrendingabók). „Þó tókst Arna að forða honum frá stærstu sjónum. ...“

Bátum var snúið leiftursnöggt, en hann var samt ekki orðinn fyllilega réttur er stór sjór reið undir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sjór á grasi / Sjóblautt á (orðtök) Mjög blautt á grasi eftir náttfall/úrkomu. „Það er enn hafsjór á; það þýðir ekki að hugsa til þess að hreyfa hey fyrr en líður á daginn“.

Sjór í miðjum hlíðum (orðtak) Sú fjarlægð frá landi að neðri hluti fjallshlíða hverfur bakvið sjóndeildarhring sjávar í björtu veðri og frá lágreistu fari. Líklega er þá komið langleiðina út í Víkurál frá Kollsvík.

Sjór undir þóftur (orðtak) Svo mikill sjór kominn í bát að fylli uppundir þófturnar.

Sjór upp í miðja snældu (orðtak) Sjór kominn inn í bát sem nær upp í miðja *snældu* (stoð undir þóftunni).

Sjórekinn (l) Rekinn af sjó á fjöru. „Mikið af þarfaböndum fékkst úr sjóreknum *flækjum*; línunum og færnum sem tapast höfðu af línubátum“.

Sjóreyfari / Sjóræningi (n, kk) Sjá *fríbýttari*.

Sjóréttur (n, kk) A. Réttarreglur sem gilda um siglingar. B. Sjódómur; réttur sem dæmir í sjóréttarbrotum.

Sjóriða (n, kvk) Ósjálfráð tilfinning hjá sumum, einkum þeim sem óvanir eru á sjó, þannig að þeim finnst þeir enn vera í veltingi þegar í land er komið.

Sjórok / Særok (n, hk) Sjódrífa; sædrífa; hávaðarok sem feykir miklu af sjó og sjólöðri uppá land eða yfir bát.

Sjóróðrar (n, kk, fto) Róðrar; vertíð. „Var hann farþegi og var á leið til sjóróðra í fyrsta sinn; ráðinn hjá Hákonni Jónssyni er þá var húsmáður á Stekkjarmel í Kollsvík“ (GG; Kollsvíkurver).

Sjórót (n, hk) Særót; öldugangur; stórsjór; brim.

Sjóselta (n, kvk) Selta sjávar; seltumósta sem sest á hluti. „Sjóseltan er fljót að vinna á beru járninu“.

Sjósetja (s) *Setja á flot; setja fram; ýta úr vör*. „Nú þurfum við að fara að sjósetja áður en fellur meira út“.

Sjósetning (n, kvk) Það að gera bát sjókláran, setja hann niður og ýta honum á flot. „Í Útvíkum báru hásetar *farbúnað* á skip meðan formaður *naglfesti*. Árar voru *lagðar til lags*; blöð *andófsára* lágu fram á *söx* en blöð *miðskips-* og *austurúmsára* aftur. *Mastur* og *segl* lágu þannig að *masturstoppur* nam við *hnýfil*, en *masturshæll* við *kollharð* á *miðskipsþóftu bakborðsmegin*. Aldrei mátti *krossleggja barkann*, sem kallað var; láta árar og mastur liggja í kross hvað ofan á öðru fram í barka. Víða var skutur látinn ganga á undan í setningunni, nema ef brimaði; þá var *borið við*; þ.e. skipinu snúið sólarinnis á landi. Var það gert þar sem skip voru yfirleitt *viðtakameiri* að framan. Þegar sexæringur var *settur niður* vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan. Mennt fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip formaður þá *stjaka* jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr *vörinni*“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Sjósiða (n, kvk) *Sjávarsíða*; svæði nærri sjó; strandsvæði.

Sjóskip (n, hk) Bátur/skip í umræðu um hæfni til siglinga, og þá með lýsingarorði, t.d. gott, fyrir framan. „Vigga sigldi vel en var ekki gott sjóskip“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Sjóskór (n, kk, fto) Hluti skinnklæða (sjá þar). „Í hvert skipti er *brók* var klæðst varð ekki hjá því komist að binda skó á fætuna til hlífðar *brókarsólum*. Voru það sjóskór nefndir. Þeir voru vanalega gerðir úr *sútuðu leðri*, *allþykku*. Einnig gerðir úr leðri er skorið var ofan af lélegum leðurstígvélum. Þessir skór voru *þjáll* og fóru betu á fæti. Þeir voru *varpaðir* með snæri og með því sama snæri bundnir yfir *mjóalegginn*“ (KJK; Kollsvíkurver). „Við brækur voru notaðir sjóskór úr sútuðu leðri, til að hlífa þeim við sliti“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Sjóskrímsli (n, hk) Furðudýr úr sjó sem sumir segjast hafa séð á fjörum; þjóðsagnavera. „Ekki eru til beinar sannanir fyrir því að sjóskrímsli hafi sést á Kollsvíkurfjörum, en sagðar voru sögur af mönnum sem töldu sig hafa orðið vara við slíkt. Síðastur slíkra sjónarvotta var Gunnar Össurason. Hann sagðist eitt sinn hafa séð *torkennilega* veru á *snövl* í Langatangabótinni. Sýndist honum það vera þeirrar tegundar sem nefnd hefur verið *skeljaskrímsli*, en þau eru svo vaxin skeljum að skröltir í þegar þau hreyfa sig. Þoka var á þegar þetta var og dýrið lét sig hverfa í sjóinn þegar Gunnar nálgast. Því komst hann aldrei svo nálægt að *óbyggjandi* væri, en var sannfærður um tilvist sjóskrímsla þaðan í frá. Þetta sagði Gunnar mér sjálfur“ (VÖ).

Sjóslys (n, hk) Slys sem verður á sjó, t.d. drukknun manna eða bátur strandar eða ferst. Fyrrum var líklega sjaldan eða aldrei notað orðið sjóslys, heldur önnur heiti; t.d. bátstapi, drukknun, strand, skipsskaði o.fl.

Sjósmár (l) Sjólítið. „Veður var suðvestan kafaldskóf, hægletisveður en ylgja; sjósmár“ : Um strand togarans Croupiers undir Blakk, líkl. haft eftir GG; (EÓ; skipsströnd í Rauðasandshreppi).

Sjósókn (n, kvk) Að sækja sjó; róa til fiskjar. „Furðu gegnir hve fá slys urðu við sjósókn úr Kollsvíkurveri“.

Sjósóknari (n, kk) Duglegur sjómaður. „Hann var mikill sjósóknari; sjómaður hinn besti...“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Þórarinn Bjarnason, gamall og þekktur sjósóknari úr Kollsvík sem ekki lét sér allt fyrir brjósti brenna...“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „... en Jón faðir hans var mikill og áhugasamur sjósóknari“ (ÓG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).

Sjóstakkur (n, kk) *Oliustakkur*; vatnsheldur stakkur til að verjast ágjöf og annarri vætu á sjó. Á 20.öld tíðkuðust víðir og síðir stakkar úr striga og gerviefnum sem menn steypu yfir höfuð sér. Þeir vörðu líkamann niður á hné, fram á hendur og uppeftir hálsi. Ef maður var jafnframt í klofstígvélum, sjóvettlingum og með sjóhatt, var hann þökkalega vel varinn fyrir *pusi*. Síðar færðist heitið yfir á styttri stakka sem bornir eru við sjóbuxur; eru með hettu og allmiklu liðugri í notkun.

Sjóstígvél (n, hk, fto) Upphá stígvél; klofstígvél. „Ég skal ýta frá; ég er í sjóstígvélum“.

Sjóvanur (l) Aðlagður veru á sjó; hættur að finna til sjóveiki og sjóriðu. „Þú verður orðinn sjóvanur eftir örfáa daga“.

Sjóveður (n, hk) Veður til að fara á sjó; gæftir. Lífsafkoma margra byggðist á sjósókn og því var fast sótt. Kappið hefur þó furðu sjaldan borið glöggskyggina ofurliði, en slysi í Kollsvík voru sennilega sjaldgæfari en í öðrum verstöðvum. „...þeir tóku daginn oftast snemma ef sjóveður var“ (FG; Niðjatal HM/GG). „Þegar ekki þótti *einsýnt* sjóveður á venjulegum róðartíma var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til þess að *bræða veðrið*...“ (KJK; Kollsvíkurver). Eftirfarandi vísa er höfð eftir Ólafi E Thoroddsen Vatnsdal: „*Sýður á keipum sælðður;/ sönglar í reipum vindgustur;/ gnoðin hleypur graföldur;/ glettinn leikur hræsvelgur*“ (ÓETh; LK; Ísl. sjávarhættir III).

„Það er hagkvæmt að bóndi sjái innan úr húsi sínu hvað um er úti; hvort nokkur ferðast um eða kemur að garði; um tún sitt og engjar; fjós og fjárhús; hjalla og skipavör við sjó. Þetta síðasta taka bændur á Vestfjörðum til vara og sjá þeir úr rúmi sínu hvort sjóveður er og hvað sjóarföllum líður“ (BH; Atli). „Það er hæg norðlæg átt og báraust; ákjósanlegt sjóveður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Sjóveðurslegur (l) Líkt sjóveðri; nærri því sjóveður. „Ekki sýndist mér hann mikið sjóveðurslegur þegar ég gekk hér útfyrir húshornið áðan“. „Spáin er ekki sjóveðursleg næstu dagana; bölvæður norðansveljandi!“

Sjóveðurspá (n, kvk) Spá um sjóveður. „Ekki líkaði mér alveg þessi sjóveðurspá hjá honum“.

Sjóvegur (n, kk) Ferð/leið á sjó; sjóferð. „Fyrrum völdu menn oft að fara sjóveg milli staða, fremur en landveg. T.d. voru aðdrættir frá Eyrum að mestu með þeim hætti“. „Torfi sótti okkur á fjórum hestum. Eitthvað af dótinu fór sjóveg“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Sjóveiki (n, kvk) Ógleði sem sumir finna fyrir í veltingi á sjó; einkum óvanir. „...fólkið var yfirleitt *sjóveikt* og ein stúlka verulega *sjóhrædd*“ (VÖ; sendibréf 1930) „Eina viku reri ég með ömmubróður mínum Guðbjarti Guðbjartssyni... og brá svo við að þar um borð fann ég aldrei til sjóveiki“ (ÓG; Úr verbúðum í viking).

Sjóveikiefni (n, hk) Það sem eykur mönnum sjóveiki. „Skelin var svo geymd í pokum þar sem sjór féll á hana, en þegar þetta fór að eldast drapst skelin og þetta varð úldið og blátt. Varð þetta ekta sjóveikiefni þegar lyktin af þessu blandaðist saman við þefinn af brókunum sem verkaðar voru með lýsi eða grút“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Sjóveikur (l) Með ógleði vegna veltings á sjó. „Það var oft erfitt fyrir viðvaninga; sjóveika í byrjun, og kvalræði að fara með kúfiskinn“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Sjóvelktur (l) Búinn að velkjast á/í sjó. Yfirleitt notað um mann sem orðinn er þreyttur eftir langan dag á sjó en stundum um rekatré eða annað sem greinilega er búið að vera mjög lengi í sjó.

Sjóverk / Sjóvinna (n, hk, fto /kvk) Hverskonar vinnubrögð sem lúta að sjósókn, veiði og meðferð afla. Ekki oft notað í Kollsvík, enda voru þessháttar störf hluti af lífnaðarháttum; menn þurftu að vera jafnvígir á sjóvinnu sem bústörf.

Sjóvettlingar (n, kk, fto) Þykkir þrjónavettlingar, notaðir af vermönnum. Sjá *vettlingar* og *aðgerðarvettlingar*.

Sjóvíkingur (n, kk) A. Fyrrum notað um sjóræningja/reyfara. B. Á síðari tímum notað um þann sem sækir sjóinn af miklu kappi og hræðist fátt.

Sjóvíti (orðtak) Sá glæpur að viðhafa orð sem ekki má viðhafa á sjó, til að valda ekki slysum og höfmungum. Hjátrú sjómanna var fyrrum rötgróin og hafði í aldanna rás magnast svo að hræðslan við ýmis hindurvítmi varð jafnvel yfirsterkari hræðslu við stórsjó og illviðri. Einkenni hjátrúarinnar voru einkum ófrávikjanleg íhaldssemi í fornar venjur og hætti; allt varð að gerast eftir því sem áður hafði tíðkast. T.d. varð ætíð að snúa báti með sól en ekki á móti, væri slíkt mögulegt. Sjóferðabæn var ófrávikjanleg og líklega hefur bænalestur verið viðhafður við ýmis verk á sjó, s.s. þegar færi var rennt. Helstu sjóvíti voru þó þau að ekki mátti nefna sumar skepnur sínum nöfnum. Þannig mátti ekki nefna fisk eða þorsk, því þá kom hann ekki á færi; heldur var talað um þann gula eða önnur dulheiti notuð. Steinbítur var sá blái en hákarlinn var sá grái. Alvarlegra var þó að nefna hval á nafn, því þá yrði bátnum örugglega grandað af honum. Því urðu til ýmis dulnefni sem

gengu meðal manna. Sum þeirra urðu síðar sjálf að sjóvítum er fram leið, og þá voru fundin ný. Þannig hefur líklega verið um orðið stökkull, *svínfiskur*, búrfiskur, búrhveli, hundur og köttur. Þó dulnefni eða feluorð væru almælt meðal sjómanna voru þau einnig notuð í landi. Því varð t.d. til orðið lágfóta yfir ref; *afrás* yfir flot/feiti og hóflax yfir hrossakjöt. Orðið pokaönd yfir æðarkollu var notað á síðari tímum, eftir að bannað var að skjóta æðarfugl.

Sjóvolk (n, hk) Þrekraun/hrakningar á sjó. „3. júní 1758 var jarðsettur Guðmundur Ásbjörnsson; giftur; dó af sjóvolki“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Sjóvotur (l) Blautur af sjó; sjóblautur. „Farðu nú í stakkinn, svo þú verðir ekki sjóvotur“.

Sjóvott á (orðtak) Rennandi blautt á grasi/jörðu. „... þegar á bjargbrún kemur er sjóvott á, en ekki er talið ráðlegt að fara í bjargið þegar blautt er um...“ (MG; Látrabjarg).

Sjóþungi (orðtak) Sver undiralda. Venjulega fremur talað um „sjó“. „Það er enn nokkuð sver vestansjór“.

Sjúga sig (orðtak) Um kýr; sjúga sína eigin spena. „Það verður að setja júgurhaldara á Dumbu ef hún er farin að sjúga sig“.

Sjúga uppí nefið (orðtak) Sjúga hor uppí nef og niður í kok, fremur en að spýta. Getur einnig verið tjáningarfom, án þess að hor um hor sé að ræða. „Það er lítið við þessu að gara annað en bita á vörina og sjúga uppí nefið“.

Sjúkdómsgreina (s) Greina sjúkdóm/veikindi/kvilla.

Sjúkdómur (n, kk) Veikindi; pest; kvilli. „Læknar vita ekki enn hverskonar sjúkdómur þetta er“.

Sjúkleiki (n, kk) A. Sjúkdómur; lasleiki. B. Slæm árátt. „Þetta er einhver sjúkleiki á honum; að þurfa eilíflega að egna fólk uppá móti sér; jafnvel af engu tilefni“!

Sjúkrabeður (n, kk) Rúm sjúks/veiks manns; kör. Oftast í orðtakinu; *liggja á sjúkrabeði*.

Sjúkravitjun (n, kvk) Ferð læknis eða þess sem hjúkrar/læknar til að fylgjast með líðan sjúklings.

Sjúskaður (l) Þvældur; tuskulegur; illa útlítandi. „Maður er orðinn hálf sjúskaður eftir þessa bjargferð“.

Sjöa (n, kvk) Sjö í spilum.

Sjösofendadagur (n, kk) 27. Júní. Messudagur sem í kaþólsku var tileinkaður sjö ungum mönnum sem sagt er að hafi sofði í sjö hundruð ár í helli við Efesus í Litlu-Asíu, til að losna undan ofsóknum Desíusar keisara um miðja 3.öld. Var á þá heitið við svefnleysi og hitasótt. Eins og margir kaþólskir messudagar var þessi dagur spádagur um tíðarfar. Sú trú lifði mikið lengur en hin, og var tilvitnuð í Rauðasandshreppi út 20.öld. Það veður sem er á sjösofendadag á að haldast næstu sjö dagana (sumir sögðu sjö vikur).

Sjóstirnið / Sjóstjarnan (n, kvk, m.gr) Stjörnuþyrping í stjörnumerkinu Nautið; sem sýnist í fljótu bragði vera ein stjarna. Menn með sæmilega sjón greina þó 6-7 einstaka stjörnur í henni, eða meira. Greindar hafa verið a.m.k. 120 stakar stjörnur á myndum, en þær eru mun fleiri. Fjarlægð frá okkar sólkerfi er um 400 ljósár.

Sjötti (num) Raðtalan af sex. Sumum var tamara að segja „sétti“, og heyrðist það framundir lok 20.aldar.

Sjöundármálið Alræmdasta sakamál sem upp hefur komið í Rauðasandshreppi á síðari öldum. Í lok 18.aldar bjuggu tvenn hjón á Sjöundá, sem er innsta býlið í hreppnum sé Skor frátalin, en bæði eru fyrir löngu farin úr byggð nú á dögum. Á öðrum bænum bjuggu Bjarni Bjarnason og Guðgrún Jónsdóttir en á hinum Jón Þorgrímsson og Steinunn Sveinsdóttir. Steinunn þótti frið sýnum og mikill kvenkostur en Jón fremur vílsamur. Bjarni þótti ófyrirleitinn þó röggssamur væri, en Guðrún pasturslítil. Áður en dró til tíðinda var nokkuð skrafað í sveitinni um samdrátt Steinunnar og Bjarna. Í apríl 1802 hvarf Jón og voru leiddar líkur að því að hann hefði hrapað þegar hann var að sækja hey að Skor, en þar er um hættulegar skriður að fara. Uppfrá því tók einnig að bera á veikindum Guðrúnar, og í júní sama ár lést hún. Var þá hafin rannsókn á samdrætti Bjarna og Steinunnar; hvort þau gætu hafa orðið völd að láti sinna maka. Sa grunur styrktist þegar lík Jóns fannst rekið á fjörur með grunsamlegum áverkum. Var Einar Jónsson í Kollsvík skipaður opinber sækjandi í málinu þegar Guðmundur Scheving sýslumaður í Haga setti rétt yfir skötuþjúnum. Þeir Einar og Guðmundur voru reyndar viðskiptafélagar; báðir áttu hlut í jaktinni Delphin. Fór svo að þau voru dæmd sek í nóvember 1802, og skyldu líflátast fyrir morð á mökum sínum. Bjarni var dæmdur fyrir að hafa unnið á Jóni með broddstaf en þau bæði fyrir að hafa eittrað fyrir Guðrúnu. Eingir þeirra skyldu falla til kóngsins. Þessi dómur var síðan staðfestur í Landsyferrétti, en Einar og Guðmundur fengu snuprur fyrir misfellur í réttarfari. Bæði voru þau flutt í hegningarhúsið í Reykjavík, sem þá gekk undir nafninu „Steinninn“, en er nú aðsetur Stjórnarráðs Íslands. Bjarna tókst að strjúka úr fangavistinni í september 1804, en var handsamaður í Stafholtstungum og stungið aftur inn. Næsta ár var dómurinn staðfestur af kóngi og skyldu þau þá flutt til Danmerkur til aftöku. Steinunn lést hinsvegar í fangelsinu áður en að því kom; 36 ára að aldri. Sú saga komst á kreik að fangavörðurinn; alræmdur danskur ruddi, hefði nauðgað henni og fyrirkomið henni þegar þungun fór að sjást á henni. Sem dæmd manneskja mátti Steinunn ekki jarðast í kirkjugarði og því var hún

dysjuð á Skólavörðuholti. Þar hét lengi síðan Steinkudys, en síðar var þar reist Skólavarða og löngu síðar Hallgrímskirkja. Vegfarendur höfðu það fyrir sið að kasta steini í Steinkudys, sem sýnir e.t.v. að í huga fólks naut hún nokkurrar samúðar. Bjarni var hinsvegar fluttur með skipi til Björgvinjar í Noregi og tekinn þar af lífi; þá 43 ára. Var hann síðastur Íslendinga fluttur út til aftöku.

Gunnar Gunnarsson ritaði skáldsöguna Svartfugl sem kom út 1929, og byggði hana á Sjöundármálum. Ekki voru heimamenn í Rauðasandshreppi fyllilega sáttir við alla efnismeðferð þar, en enginn deildi um stílbragðið. Í hugum manna í hreppnum hefur Steinunn alltaf notið nokkurrar samúðar og dómur alþýðunnar var sá að hún hafi í raun verið leiksoppur í höndum Bjarna í þessu morðmáli. Sjöundá fór í eyði árið 1921.

Sjöviknafasta (n, kvk) Sjá *langafasta*.

Skadda / Skaða (s) Skaða; valda tjóni/skemmdum. „Það skaðar ekki að röлта hér niður á kletthornið og spá í útlitið, en einhvervegin *leggst* það í mig að það verði landlega í dag“.

Skaddaður (l) Skemmdur; meiddur. „Mesta furða var hvað karlinn slapp lítið skaddaður frá þessu hrapi“.

Skaða sig (orðtak) Meiða/slasa sig. „Skaðaðu þig ekki á hnífnum; hann er flugbeittur“.

Skaðaður (l) Slasaður; meiddur. „Ertu mikið skaðaður á höbbdínu eftir *steinkastið*“?

Skaðasár (l) Sárt um sínar eigur; fárast yfir minnsta missi. „Blessaður vertu nú ekki að *telja það eftir* þó hann hafi stolið brauðsneiðinni. Þú mátt ekki vera svona fjandi skaðasár“!

Skaðbrenna (l) Brenna til skaða/mjög illa. „Kaffið var svo heitt að ég skaðbrenndi mig á því“.

Skaðbrunninn (l) Brunninn til skaða af eldi eða sól. „Hann varaði sig ekki á sólarsterkjunni og er skaðbrunninn á bakinu“. Orðabækur gefa upp myndina „skaðbrennur“, sem ekki var notuð vestra.

Skaði er þó minna væri (orðatiltæki) Þó tjónið væri minna væri það samt verulegur skaði.

Skaðkalinn (l) Kalinn til skaða; með miklar kalskemmdir.

Skaðlaus / Skaðlítill (l) A. Ekki/lítið skaðaður. „Ég slapp skaðlítill frá þessum viðskiptum“. B. Ekki/lítt til skaða. „Ég held að þessar töflur séu alveg skaðlausar; en líklega einnig gersamlega gagnslausar“.

Skaðlegur (l) Til skaða; hættulegur. „Þetta getur haft skaðleg áhrif á byggðina“.

Skaðræði (n, hk) A. Skaðsemi. „Þetta getur haft ýmiskonar skaðræði í för með sér“. B. Skaðlegur hlutur; skaðleg skepna; *skaðvaldur*. „Tófufjandinn getur verið bölvæð skaðræði í lömbum“.

Skaðræðisbrim (n, hk) Stólpabrim; öskrandi brim; mikill sjógangur. „Gætið nú að ykkur þarna undir klettunum; það er skaðræðisbrim og *flanið* getur kastast ansi hátt“.

Skaðræðisbylur (n, kk) Blindbylur; svo dimmur og hvass bylur að mannskaði getur orðið af.

Skaðræðisgripur (n, kk) Hættulegur hlutur/maður; mannýgt naut. „Hentu þessum vasahníf; hann er skaðræðisgripur eftir að fjöðrin brotnaði“.

Skaðræðishávaði (n, kk) Mjög mikill hávaði. „Steinninn skall niður á hleinina stutt frá okkur, með skaðræðishávaða. Við vorum í öruggu skjóli uppundir, en fundum fyrir flísum úr honum“.

Skaðræðishiti (n, kk) Brennandi hiti. „Skaðræðishiti er nú á kaffinu“!

Skaðræðishósti (n, kk) Slæmur hósti; hrygluhósti með andköfum. „Þetta er ljóti skaðræðishóstinn í þér“.

Skaðræðiskjafur (n, kk) Sá sem er mjög orðljótur/kjöftugur/slúðurgjarn. „Ég tek nú lítið mark á þeim skaðræðiskjaftri; honum væri skammarnær að halda sér saman“!

Skaðræðiskvikindi / Skaðræðisskepna / Skaðræðisvargur (n, hk/kvk/kk) Hættulegt dýr. „Þessi hundfjandi hjá honum er skaðræðisskepna, þó karlinn fullyrði að hann bítu engan að fyrri bragði“!

Skaðræðisveður (n, hk) Aftakaveður; mannskaðaveður. „Það fer enginn milli bæja í þessu skaðræðisveðri“.

Skaðræðisöskur (n, hk) Mikið/ógnvekjandi öskur. „Hann rak upp skaðræðisöskur þegar hann sá þetta“.

Skaðsamt / Skaðvænlegt (l) Skaðlegt; hættulegt. „Þetta getur haft skaðvænlegar afleiðingar“.

Skaðsemi (n, kvk) Tjón sem valdið er; það að valda tjóni. „Hann var að tauta um skaðsemi pípureykings“.

Skaðvaldur (n, kk) Sá/það sem veldur skaða; *skaðræði*. „Grasmaðkurinn getur verið árans skaðvaldur“.

Skaðvænlegur (l) Hættulegur; háskalegur. „Hætta skvettur skaðvænar;/ skilar léttu fari/ inn í kletta kjörið var;/ kólgu sléttir hrukkur þar“ (JR; Rósarímur).

Skafa (n, kvk) A. Áhald til að skafa með, t.d. flórskafa; siklingur; málningarskafa. B. Það sem skafið er af. „Hann tók eina sköfu með heflinum til að slétta yfirborðið“.

Skafa (s) A. Hefla; skrapa. „Þeir eru að skafa veginn yfir hálsinn“. Viltu skafa fyrir mig rófu? Í fornu máli var einatt talað um að skafa við en ekki hefla. B. Skafa ösku af sviðum meðan sviðið er. „Ætlar þú að skafa ef ég svið“?. C. Renna snjó/sandi með jörðu. „Hann er farinn að skafa töluvert. Það er hætt við að einhversstaðar setji í skafla í þessu“.

Skafa að (orðtak) Skafa snjó uppáð/ í kringum. „Hafðu með þér reku ef mikið hefur skafið að hlöðudyrnum“.

Skafa á sér vangana (orðtak) Raka sig. Vísar til raksturs með rakhnífi eða rakvél með blaði. „Maður ætti kannski eitthvað að skafa á sér vangana, ef við erum að fara í fina veislu“.

Skafa ekki utanaf því (orðtak) Segja hreinskilnislega; segja sína meiningu. „Hann var ekkert að skafa utanaf því þegar hann *las þingmanninum pistilinn*“.

Skafa í driftir/hryggi/rastir/skafla (orðtak) Skafa snjó/sandi í litla eða stóra hryggi á sléttum fleti, s.s. vegi, en autt eða mun minni snjór á milli. „Hann hafði skafið í driftir uppi í Jökkladalshæðinni“.

Skafa svið (orðtak) Skafa ösku af sviðum þegar sviðið er. Getur þurft að endurtaka sviðingu nokkrum sinnum, og skafa á milli, þar til allt hár er sviðið af skinni.

Skafa úr eyrunum (orðtak) Leggja betur við hlustir. „Reyndu nú að skafa aðeins úr eyrunum; ég var að segja að þetta væri alrangt hjá þér“!

Skafaheiðríkja (n, kvk) Algjörlega heiður himinn. „Hann rignir ekki úr svona skafaheiðríkju“

Skafaheiðríkt (l) Algerlega heiðríkt; ekki ský á himni.

Skafanki (n, kk) Agnúi; galli; það sem ekki er í lagi. „Hann taldi einhverja skafanka vera á þessu máli“.

Skafbylur (n, kk) *Skafmold* með *ofankomu*. „Við lentum í nokkuð blindum skafbyl á Aurtjörninni“.

Skaffa (s) Sjá fyrir; útvega. „Hann skaffaði fæði og húsnæði meðan á vinnunni stóð“. Dönskuletta.

Skafheiðríkja (n, kvk) Heiðskírt veður; ekki ský á himni; *skafaheiðríkja*.

Skafheiðríkt (l) Algerlega heiðríkt; ekki ský á himni; *skafaheiðríkt*.

Skafheiður himinn / Skafið loft (orðtak) Heiðskír himinn.

Skafi (n, hk) A. Skóf; það sem skafið er af. B. Einkum notað um lítið skýjafar á himni. „Það sést varla skafi á himni“. Sjá *skafaheiðríkja*.

Skafinn / Skafinn himinn / Skafheiður himinn (orðtak) Heiðríkja; sést ekki ský á himni. „Það er heldur betur breyting á eftir fúlviðrið; kominn rífanði þurrkur og skafinn himinn“. Stundum bara: „Hann er alveg skafinn núna“.

Skafli (n, kk) A. Snjóskafli. „Það er kominn firnamikill skafli í Hæðarendann“. B. Stórt grunnbrot; *grunnskafli*. C. Broddur á skeifu hests / skaflaskeifu. D. Tönn í kjafti hákarls.

Skaflajárn / Skaflaskeifa (n, hk/kvk) Skeifa á hest, með broddum til að gera hestinn stöðugri á ís/klaka.

Skaflajárna (s) Setja skaflajárn/skaflaskeifur undir hest.

Skaflar af sandi (orðtak) Dyngjur af skeljasandi sem sest hefur til í miklu *sandfoki*. „Eftir norðanbálið voru skaflar af sandi ofanvið öll hús á Láganúpi; uppi á Flöt og í garðinum. Einnig sumsstaðar úti á Hnífum“.

Skaflaskil (n, kvk, fto) Bil/skil á milli snjóskafila. „Miðbrekkan er ein þykk snjódyngja; þar er ekki hægt að segja að séu nein skaflaskil“.

Skaflbrún / Skafljaðar / Skaflrönd / Skaflpil (n, kvk/kk) Hlutar skafils/snjóskafils. „Fannir hafa engar verið síðustu áratugin miðað við það sem algengt var á vetrum áður. T.d. lagði iðulega svo háa skafla sunnanvið Láganúpsbæinn að krakkar gerðu þar veglega snjóhella. Dyrnar í skaflpilinu voru svo háar að vel var gengt fullorðnum“.

Skafmold (n, kk) *Skafrenningur*; *renningur*. Einnig; *skafmoldarbylur* og *skafbylur*.

Skafmoldarbylur (n, kk) Skafbylur; skafhrið; hvass vindur með *ofankomu* og miklum skafrenningi. „Við lentum í bölvuðum skafmoldarbyl á Hálsinum; svo dimmum að það *sá ekki útúr augum* um tíma“.

Skafmoldarkóf (n, hk) Þétt skafmold. „Mikið er gott að komast inn úr þessu skafmoldarkófi“. Sjá *moldarkóf*.

Skafmoldarmökkur (n, kk) Dimm og háreist skafmold. „Skafmoldarmökkurinn byrgði alla sýn“.

Skafrenningur (n, kk) *Skafmold*. „Það er töluverður skafrenningur; hætt við að safnist fljótt í skafla“. „Á Látraheiði er þokusamt og oft skafrenningur á vetrum og villugjarnt“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Skaft (n, hk) Handfang; stöng. T.d. hrífuskraft, hnífuskraft, drifskraft o.fl.

Skaftlaus (l) Með öngvu skafti. „Það er langbest að nota í þetta skaftlausan skrúbb“.

Skaftpottur (n, kk) Lítil pottur með skafti; *kastarhola*.

Skafstuttur (l) Með stuttu skafti. „Hamarinn er bölvað ólán; svona skafstuttur“.

Skaga (s) Tróna; ná fram á eða upp. „Barð heitir núna...brik, skagandi fram á sjó útúr Bjarginu“ (MG; Látrabjarg).

Skagi (n, kk) Sá hluti landslags sem gengur fram; aðskilinn frá öðru með t.d. sjó. „Rauðasandsheppur er nafn skagans syðst á Vestfjörðum; milli Patreksfjarðar og Breiðafjarðar“.

Skak / **Skakveiðar** (n, hk/kvk) Skak merkir í raun endurtekin hreyfing fram og til baka/ upp og niður, en er vanalega notað um tiltekinn veiðiskap. Veiðar með *haldfæri/handfæri*; það að dúa handfæri til ginningar fiski. Fyrir daga skakrúlla var *skakað* með færi; línu með krók/*slóða* og *pilk/sökku* í enda. Færinu var rennt til botns á fiskimiði og dregið fljótt fæinar álnir upp aftur; *tekið grunnmál*, til að ekki *festist í botni*. Skakað var *kulmegin* á báti; þ.e. vindmegin, þannig að færið leggðist ekki *undir kjöl*. Stundum var höfð *vaðbeygja* á borðstokknum til að hlífa honum. Færinu var síðan skakað með því að draga það í ákveðinni sveiflu með annarri höndinni og láta síga aftur. Misjafnt er hvaða lag menn hafa við skakið. Sumir dúa færinu mjög létt og skaka stutt, meðan aðrir skaka langt; taka jafnvel bakföll. Mikilvægt var talið, ef reyna átti við lúðu, að taka stutt grunnmál og dúa færinu mjög létt nærri botni; jafnvel hafa beituna hreyfingarlausu um tíma. Krakkar sem skökuðu stutt voru sagðir *mjólka tik*. Þegar fiskur fór að *narta* var e.t.v. breytt skaklagi og reynt að tryggja að hann yrði vel fastur, jafnvel *kokgleypti*. Fyrir kom að hann var *þverhúkkaður*. Ef fiskað var með fleiri krókum á sama færi; með *slóða*, var reynt að fá sem flesta í einum drætti, einkum ef fiskur var *undir*; var *viljugur*; var *við*, eða var jafnvel *kolvitlaus*. Þá *hljóp á snærið*. Síðan var kappsmál að vera fljótur að *innbyrða* fiskinn, *krækja honum af* og *hafa úti* aftur. Síðan var fiskurinn *blóðgaður*, en ekki var hann *slægður* fyrir en *haft var uppi* (hlé varð á veiðum eða á *landróðri/landstími*). Fyrir kom, einkum ef kapp var í mörgum veiðimönnum á sama báti eða straumur/vindur var verulegur, að færin færu í *færaflækju* og þurfti þá að *hafa uppi* með tilheyrandi töfum. Tilgangslítið þótti að skaka ef færin fóru á *glæ*, *glæjaði*, í miklum straumi, og var þá frekar beðið *liggjanda*; fallaskipta. Þá var *hankað uppi*; þ.e. færið gert upp í hönk. Tíminn var jafnvel nýttur til að *kippa dálítið*; færa sig um set áður en rennt var aftur og *tekið rek*; þ.e. látið reka yfir sjávarfall. Fiskur gat *verið undir* þó komið væri út af hefðbundnum miðum. Oft var rennt í *ger*; *fuglager*; þ.e. þar sem fugl hópaðist saman til að grípa sili í yfirborðinu í mikilli *silferð*, en fiskur sækir gjarnan í sama veisluborð. Það ger sem þá *stóð uppi* gat verið *mávager* eða *svartfuglsger*. Fyrsti fiskur veiðimanns var *maríufiskur* og átti að gefa hann fátækum. Fyrir kom að *ódráttur* kom á færið, s.s. marhnútur. Það þótti *til háðungar* en jafnvel var verra að koma með *öngulinn í rassinum*; þ.e. koma fisklaus úr róðri. Hinsvegar var það *happadráttur* ef *hljóp á snærið* lúða; *spraka*. Þá þurfti að beita þolinmæli og lagni til að leyfa henni að *kokgleypta* krókinn. Þungt gat verið að draga og ekki mátti *slíta úr*. Lúðan gat tekið uppá því að *strika*; þ.e. synda til hliðar af miklu afli og þá þurfti jafnvel að *hafa úti* (árar) til að létta á færinu. Þegar upp kom var mikilvægt að hafa *í færu* (stóran krók) tilbúna til að *færa* í lúðuna og helst líka góðan gogg til að *innbyrða* hana.

Skaka / **Skaka fyrir fisk** (s/orðtak) Skaka á skakfiskveiðum. „Byrjað var að skaka fyrir smáfisk uppi í þaragarði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG). „Það var norðurundir Blakknesinu; grunnt nokkuð, og þar var tekið til að skaka. ... „Dagbjartur Björgvin skakaði þá í krafti og gekk illa“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei).

Skakari (n, kk) Sjómaður sem stundar skakveiðar.

Skakbátur (n, kk) Bátur sem einkum er gerður út til skakveiða. Fyrrum, meðan veiðar voru eingöngu stundaðar með skaki, var þetta orð ekki notað, heldur rætt um t.d. báta, skektur, för eða róðrabáta.

Skakk (ao) Ská; snið; til hliðar. „Gættu að því að spottinn liggur dálítið á *skakk* í lásnum“. „Hann var með derhúfuna á skakk, og töldum við það ekki góðs viti“.

Skakka / **Skakka litlu/miklu** (s/orðtök) Setja á skakk; halla; muna; búa til skekkju. „Það skakkar ekki svo miklu hvort við förum í dag eða á morgun“.

Skakka leikinn (orðtak) Stilla til friðar. „Þeir ætluðu að fara að fljúgast á, en ég hljóp til og skakkaði leikinn“.

Skakkafall (n, hk) Bára sem kemur skáhallt að landi. „Við lendingu er ár rennt út í skutnum til að varna því að bátinn fletji, því skakkafall var oft með sandinum“ (IG, Niðjatal HM/GG)

Skakkar skyrtuþykktinni (orðtak) Munar mjög litlu; ber sáralítið á milli. „Það rétt skakkaði skyrtuþykktinni að ég næði að grípa fötuna áður en hún fauk framaf“. Vísar e.t.v. til samfara manns og konu.

Skakkeygður (l) Með skásett augu. „Hann var sannfærður um að í fyrra lífi hefði hann verið skakkeygður hrísgrjónaræktandi í Austurlöndum“.

Skakkhyrnd (l) Um kind; með ósamhverf/skökk horn; með annað horn frábrugðið hinu. „Sú skakkhyrnda er *óheimt* ennþá“. Einnig notað um hornskökk hús o.fl; til er hús í Örlygshöfn sem heitir Skakkhyrna.

Skakki (n, kk) A. Mismunur; skekkja. „Það þyrfi að rétta af mesta skakkann á þessu“. B. Þrjónuð þríhyrna; þríhyrndur höfðuðklútur; þríhyrnt segl. „Konan er líka illa klædd; hafði bundinn skakka um herðar sér af möræðu ullarbandi, með hvítan bekk að neðan“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Skakklappalegur (l) Ólaginn/ófímur í fótaborði; hrösuull. „Ári var maður eitthvað skakklappalegur í lásnum; Ég held maður sé bara farinn að eldast“!

Skakklappi (n, kk) Gæluorð yfir þann sem er með bæklaðan fót/ lélegur til gangs; *fúinnfótur*.

Skakklappast (s) Þvælast; skenglast; ganga með erfiðismunum. „Ég skakklappast þetta nú einhvernvegin“.

Skakkur (l) A. Hallandi; ekki rétt vísandi miðað við annað. „Mér sýnist staurinn vera dálítið skakkur“. B. Rangur. „Nú tók ég skakkan hníf með mér“.

Skakkur og skældur (orðtak) Mjög aflagaður/beyglaður/skekkur.

Skakkyrðast (s) Deila; rífast; verða sundurorða; *fúkyrðast*. „Hann fór eitthvað að skakkyrðast yfir því að *hrognasigtid* væri ekki á sínum stað, svo ég minnti hann á hver ætti það“.

Skakstur (n, kk) Hristingur; þvælingur. „Hún var orðin svo lasburða að hún treysti sér ekki í skaksturinn á þessum holóttu vegum“. „Það er bölvæður skakstur hérna í röstinni“ .

Skakveður (n, hk) Veiðiveður; veður til skakveiða. „Þetta er eiginlega ekki orðið neitt skakveður lengur“.

Skal hengja mig uppá (orðtak) Er tilbúinn að leggja mikið undir; er alveg sannfærður um. „Ég skal hengja mig uppá það að nú er hann eitthvað að plata okkur“! Sjá *þori að hengja mig uppá*.

Skal út með (orðtak) Skal láta af hendi; skal segja frá. „Ef hann greiðir eftir eindaga þá skal hann út með dráttarvexti í ofanálag“! „Vildi hann ekki segja frá því; ja hann skal nú út með það“!

Skall hurð nærri hælum (orðtak) Um atvik sem nærri varð að tjóni/slysi. „Þar skall hurð nærri hælum; ekki hefði verið gaman að lenda í þessu broti“!

Skall (nú/þar) þeim sem skyldi (orðatiltæki) Sá hlaut skell/ráðningu sem átti það skilið. Forn speki.

Skalli (n, kk) A. Hárlaus blettur þar sem hár er allajafna. Oftast átt við hárlausan blett á höfði sumra karlmannna. „Skalli er algengur í Kollsvíkurett, þó sumir kjósi að nefna það fremur há kollvik“. B. Aftari endinn á haus ásláttarverkfæris, s.s. hamars og axar; sé hann þver fyrir. Fremri endinn nefnist *munni*.

Skamma (s) Ávita. „Það þýðir ekkert að skamma mig fyrir þetta. Það er ekki mér að kenna“.

Skamma blóðugum skömmum (orðtak) Skamma/ávita mjög mikið. „Ég skammaði hann blóðugum skömmum fyrir athæfið“.

Skamma eins og kvikindi (orðtak) *Húðskamma*; skamma/ávita mjög mikið. „Ég var skammaður eins og kvikindi, enda voru flestir fundarmenn á öndverðri skoðun“. Vísar til þess að skamma óhlýðinn hund. Sjá *eins og kvikindi*, um það að veðrða gegnblautur.

Skamma heim / Skamma í burtu (orðtak) Um hund; skipa honum að fara him eða reka hann frá.

Skamma hríð / Skamma stund (orðtök) Í/yfir stuttan tíma.

Skamma sig upp (orðtak) *Vinna sér til óhelgi*; gera *skammarstrik*. „Nú hefur hann eitthvað skammað sig upp við frúna, fyrst hann fer á aðra bæi að sníkja sér að éta“.

Skamma stund verður hönd höggi fegin (orðatiltæki) Vísar til þess að menn dofna stundum fyrst þegar slegið er á hendi, en finna síðan til sársauka. Á sama hátt getur annað mótlæti virst skaðlaust í fyrstu; áður en menn átta sig á afleiðingunum.

Skamma til óbóta (orðtak) Skamma mjög mikið; *hella sér yfir*. „Mér dettur ekki í hug að hjálpa til ef maður er svo bara skammaður til óbóta fyrir smávægilegustu mistök“!

Skammarkornið (n, hk, m.gr) Áhersluorð í neikvæðum setningum: „Nei skammarkornið; heldurðu að þetta geti verið rétt“? „Ég held skammarkornið ekki“. Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur.

Skammarkornið það ég veit / Skammi mig að ég veit / Skammi það ég veit (orðtak) Ég get bara alls ekki munað (vitað) það. „Það slapp eitthvað af fé norður í Hryggi, en skammi mig að ég veit hvað það var margt“.

Skammargrey / Skammarkvikindi / Skammarræfill / Skammarstuska / Skammarskinn (n, hk/kk/kvk) Gæluheiti sem einkum eru höfð um kött, en stundum um aðrar skepnur einnig, og jafnvel í vorkunnartóni um börn. „Ég gat ekki verið að skamma *kattaróvænið*; henni er það ekki láandi skammarstuska þó hún fari í fiskinn ef hann er skilinn eftir óvarinn“!

Skammarlega (l) Smánarlega; til lítilsvirðingar. „Réttu mér kaffiþöskuna mína Gauji! Þetta var svo skammarlega lítið sem strákurinn gaf mér í morgun“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Skammarlegt (l) Til skammar; smánarlegt. „Mér finnst skammarlegt hvernig staðið var að þessu“!

- Skammarnær** (l, mst) Hefði verið hyggilegra/betra. „Ekki skil ég í þessu *útsáelsi* á drengnum um helgar. Honum væri skammarnær að *halda sig* betur að náminu; *ekki mun af veita*“! „Þér hefði verið skammarnær að búa þig betur áður en þú fórst út. „Honum hefði verið skammarnær að gå til veðurs áður en hann setti niður“. Einnig *nær*. „Átti Guðrún að hafa sagt við mann sinn (Einar Jónsson í Kollsvík) að „skammarnær hefði honum verið að láta Gunnar (lausaleiks barn Einars) aldrei í burtu en að taka við honum horuðum og máttvana““ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Skammarorð / Skammaryrði** (n, hk) Stuttur skammir. „Einhver skammarorð lét hann víst falla, en var þó ekki tiltakanlega reiður“. „Hann notaði þetta saklausa orð eins og *hálfildings* skammaryrði“.
- Skammarræða** (n, kvk) Reiðilestur; miklar skammir. „Þeir fengu víst að heyra magnaða skammarræðu þegar þetta komst upp“.
- Skammar skot** (n, hk) *Feilskot*; skot sem ekki hæfa. „Þetta eru nú orðin fjári mörg skammar skot í röð“. Orðið var alloft notað þar þegar skot geigaði við mávaskytterí. Þekktist annarsstaðar án „r“.
- Skammarstrik** (n, hk) Óknyttir; hrekkur; óleyfileg athöfn. „Ósköp eruð þið undirfurðulegir og þegjandalegir strákar. Voruð þið að gera eitthvað skammarstrik“?
- Skammarverðlaun** (n, hk, fto) Óvirðing sem þeim er sýnd sem tapar oftast, þegar spiluð er félagsvist. „Oft var spiluð félagsvist á spilakvöldum í Fagrahvatni. Í lok kvöldsins voru veitt vegleg *aðalverðlaun* og mun óverulegri skammarverðlaun, en þó ekki þannig að óvirðing væri að“.
- Skammarvísa** (n, kvk) Tækifærsvísa sem kveðin er í áminningarskyni.
- Skammast sín (niðurfyrir/ofanundir allar hellur)** (rðtak) Skammast sín mjög mikið. „Við skömmuðumst okkar niðurfyrir allar hellur fyrir þennan hrekk“.
- Skammast til** (orðtak) Drattast til. „Ég held honum væri nær að skammast til að vinna heldur en að leika sér“.
- Skambbitasperra** (n, kvk) Sperra í húspaki, sem hefur skambbita sér til styrkingar, en liggur ekki á mæniási. „Í húspökum í Kollsvík á síðari tímum voru skambbitasperrur algengari en *ásapök*, þó þeu þekktust einnig“.
- Skambbiti** (n, kk) Þverbíti sem liggur ofarlega á milli gagnstæðra sperruleggja í húspaki sem ekki hefur *mæniás*. „Upp á skambbitann í Mókofanum var skotið hrífum; orfum og öðrum amboðum til geymslu“.
- Skammdegi** (n, hk) Vetrardagar með stuttri dagsbirtu. „Suðvestan stórvíðri var skolið á, skammdegisnóttin í aðsigi, langt til lands og leiðir ókunnar og skerjöttar...“ (BS; Barðstrendingabók). „Fyrst á haustin var setið í rökkriinu og þrjónað. Þegar kom fram á skammdegið lagði eldra fólkið sig í rökkriinu (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Skammdegisbirta** (n, kvk) Skammæ dagsbirta í skammdeginu.
- Skammdegismyrkur** (n, hk) Myrkur í skammdeginu. Áðurfyrir vann fólk margskonar vinnu í skammdegismyrkrinu til að spara ljósmeitið.
- Skammdegisvonleysi** (n, hk) Vonleysi/svartsýni sem grípur suma í mesta skammdeginu/ að vetrarlagi. „Þetta var ekkert skammdegisvonleysi, heldur gert þegar sól var hæst á lofti og bjartsýni á best með að njóta sín“ (ÞJ; Árb.Barð 1968).
- Skammdrjúgur** (l) Skammvinnur; ekki drjúgur/mikill. „Við þurfum að hafa með okkur meira bensín; það er hætt við að þessi sopi verði skammdrjúgur sem á tanknum er“.
- Skammfeila** (s) Klikka; bregast. Einkum notað þegar skot hleypur ekki úr byssu þegar skotið er, eða ef skotið geigar illilega.
- Skammfeila sig** (orðtak) A. Gera mistök; rugla; víxla. „Nú skammfeilaði ég mig alveg á þessu; ég setti lifrina ofaná mörinn í kassanum“. B. Skjóta skammar skot; skjóta framhjá. „Ég skammfeilaði mig illilega þarna“!
- Skammfeilaður** (l) Um taug/vað/rafstreng; trosnaður/skorinn/bilaður/veiklaður/leiðir út. „Þið yfirfarið vaðina vel áður en þið setjið mann í þá; hvort þeir eru einhversstaðar skammfeilaðir“. „Einhversstaðar er rafstrengurinn skammfeilaður; öryggið fyrir hæsnakofann brann yfir“.
- Skammfeill** (n, kk) Bilun/veiklun í vað; skammhlaup í rafleiðslu. „Hér er skammfeill á einum þætti í vaðnum“.
- Skammfæra** (s) Gera lítið úr; *gera til skammar*. „Karlinn, kominn hátt á sjötugsaldur, skammfærði alla unglíngana þegar hann stakk þá af í kapphlaupinu“.
- Skammgóður vermir** (orðtak) Dugði ekki lengi; hrökk ekki langt. „Það reyndist skammgóður vermir þessi sólarglenna í gær; komin grenjandi rigning í dag“. Vermir er þarna hitagjafi; gæti verið átt við steina sem hitaðir voru og settir undir rekkjuvöðir hjá mönnum til að hlýja þeim; t.d. eftir ofkælingu. Sjá *vermistein* og *það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn*.

Skammi mig (orðtak) *Svei mér.* „Ég held að þetta hafi skeð í fyrra, en skammi mig að ég man hvaða dag það var“! Vísar líklega til þess, líkt of „svei mér“, að fyrr á tímum var rík sú trú að fólk ætti von á ávítum og reiði guðs fyrir hinar minnstu yfirsjónir.

Skammi það / Skammi sú ögn (-in) (orðtak) *Það er svo eiðfært;* ég segi það alveg satt. „Einhvern afla fengu þeir, en skammi sú ögn að ég veit hvað það var mikið“. „Skammi sú ögn að hér sé nokkur rigning; það er lítið að marka spána“! Ekki sést að þetta hafi verið notað annarsstaðar. Sjá *ögn*.

Skammir (n, kvk, fto) A. Ávítur; ádrepa. „Hann fékk óbótaskammir þegar hann kom heim“. B. Óæskilegur verknaður; hrekkir; skemmdarverk. „Ég er hræddur um að hundurinn hafi gert einhverjar skammir af sér; mér sýnist hann vera að naga skó úti á hlaði“.

Skammlaust (l) Án skammar/mistaka; sómasamlega. „Mikið getur sumum körlum gengið illa að hitta skammlaust á klósettið þegar þeir miga“! „Ég var orðinn það sterkur að ég gat hæglega snúið fugl skammlaust.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Skammlífur (l) Sem lifir/varir ekki lengi; skammær; skammvinnur.

Skammrif (n, hk) Hluti ketskrokks sem hlutaður hefur verið með fyrra laginu. Þá var skrokkurinn fyrst sagaður þversum, þannig að aftari hlutanum, krofinu, fylgdu 2-4 rif. Af framhlutanum voru teknir bógar og sagaður bringukollur, en það sem eftir var nefndist skammrif. Sjá *böggull fylgir hverju skammrifi*.

Skammrifsbrók (n, kvk) Frampartur af sauðkind, í verkun með sérstakri aðferð áður en hann er settur í reyk: „Fyrir sláturdaginn var afi minn búinn að útbúa litla trénagla sem hann notaði til að verka hangiketið í salt. Það var saltað nýslátrað, stráð í það volgt og staflað í stæðu. Tekið var í reyk helst geldfé; gjarnan valið vænt fé. Tekin voru krof af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftan við bógana og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi. Svo var framparturinn klofinn eftir hrygg og þá fór hann afi að nota *trépollana* sína. Skorið var inn með herðablaðinu í einskonar vasa, og þar var sett salt inn í vasann. Svo var nælt fyrir með trénöglunum svo saltið rynni ekki úr þessum vasa. Þetta var gert til þess að öruggt væri að saltaðist jafnt um þetta þykka stykki. Þetta var kallað skammrifsbrók“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Skammt stórra högga á milli (orðtak) Stutt á milli stórra/mikilla atburða.

Skammsýni (n, kvk) Fyrirhyggjuleysi; ekki hugsað til langs tíma. „Mér finnst það nokkur skammsýni að gera þetta svona. Þetta er bara eins og að *pissa í skóinn sinn*“!

Skammsýnn (l) Fyrirhyggjulaus; sem hugsar ekki langt fram í tímann. „*Sjaldan er skammsýnn skaðlaus*“.

Skammt er milli lífs og dauða (orðatiltæki) Speki sem alltaf á við þegar dauðinn er nálægur, en hefur þó líklega staðið Kollsvíkingum nær fyrr á tímum, þegar sjór var stíft sóttur á litlum fleytum fyrir opnu hafi.

Skammt er/mun skells að bíða (orðatiltæki) Ekki mun þurfa að bíða lengi eftir óláni/óveðri/áfalli. „Skammt mun skells að bíða; hann er að ljókka hratt núna“.

Skammta (s) Úthluta; útbýta. „Heldur þykir mér naumt skammtaðar fjárveitingar í þessa vegarspotta“.

Skammta (skít) úr hnefa (orðtak) Skammta naumt; gefa lítinn skammt. „Það þýðir ekkert að skammta þessa aðstoð úr hnefa“. „Þeir ætla að skammta þetta eins og skít út hnefa“!

Skammtur (n, kk) Það magn sem skammtað/úthlutað er. Fyrr á tímum var orðið einkum notað um matarúthlutun/skatt á máltíðum/málum. Húsfreyja hafði öll matarvöld á hverju heimili og var á hennar ábyrgð að láta þann mat endast sem heimilinu var tiltækur.

Skammt er milli lífs og dauða (orðatiltæki) Vísar til þess hve lífið er stutt; hve dauðinn getur komið óvænt; hve lífið getur stundum *hangið á blápraedi*.

Skammt er milli skitins og óþvegins (orðatiltæki) Vísar líklega til þess að sá sem er óhreinn geti einnig verið ómerkilegur og illa síðaður að eðlisfari.

Skammt er oft milli hláturs og gráts (orðatiltæki) Sjá *oft er skammt milli hláturs og gráts*.

Skammt er öfganna á milli (orðatiltæki) *Vandratað er meðalhófið*; oft er ekki langt úr einum öfgunum í aðra.

Skammvinn er óhófs ævin (orðatiltæki) Gömul sannindi sem þó hafa æ betur sannast á síðari tímum. Óhóflifnaður, t.d. of mikil neysla óholls fæðis, drykkjuskapur og vímuefnaneysla leggja sístækkandi hlutfall fólks inn á stofnanir og í gröfina.

Skammvinnur (l) Varir stutt; stendur stutt yfir. „Heldur4 finnst manni þetta skammvinnur þurrkur“!

Skammær (l) Sem varir stutt. „Ég hafði töluverðan verk í þessu fyrst á eftir, en hann var skammær“.

Skandalisera (s) Gera *skammarstrik*; valda hneyksli. „Hann var þá að skandalisera á þorrablóttinu að vanda“!

Skandall (n, kk) Hneyksli; *óþverraháttur*. „Mér finnst það hreinn skandall hvernig þeir haga sér“.

Skanderast (s) A. *Kveðast á* (sjá þar). B. Í Kollsvík var merkingin þrengri og merkti að kasta kersknisvísunum á milli manna; sem sumar gátu verið nokkuð grófar en aðrar voru háðvísur eða góðlátlegt grín. Stundum var orðið notað um jag/hnútukast/þrætur milli manna þó ekki væri í bundnu máli.

Skankaband (n, hk) Lykkja/hringur úr grönnu garni/seglgarni sem brugðið er afturfyrir banakringluna á kjötskrokki strax eftir slátrun og verkun, og framfyrir völna á hvorum skanka/framfæti, til að skrokkurinn stíriðni í þeim stellingum.

Skankalangur (l) Útlimalangur; með langar hendur. „Þú mættir gefa einu fangi færra en ég á jötuna; þú ert svo ári skankalangur og tekur meira í hverju fangi“.

Skanki (n, kk) A. Útlímur; hand-/fótleggur. „Réttu út skankann svo ég geti mælt hvort peysuermin sé orðin nógu löng“. B. Það sem skagar útúr. „Upp með Kinninni er skanki sem kallaður er Tranthali“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur). „Það þyrfti að raka mestu skankana inn að flekknum, svo hægara sé að rifja“. Sjá *teygja skanka sína; teygja úr skönkunum*.

Skans (n, kk) Virkisveggur; virki.

Skapa sér aldur / Styttá sér aldur (orðtak) Fremja sjálfsmorð; taka eigið líf.

Skapadægur (n, hk) Dánardægur sem hverjum er áskapað samkvæmt forlagatrú. „Enginn flýr sitt skapadægur“. „Þarna hafði nátttröllíð mætt sínu skapadægri þegar sólin kom upp að morgni“. Sjá *förlög; örlög; áskapað*.

Skapalón (n, hk) Mót til formunar á smíðagrip, t.d. báti. „Gaman hefði verið að eiga skapalón af Rutinni, sem Óli á Nesi smíðaði fyrir Össur og Ingvar í Kollsvík. Hún var listasmíð í alla staði; burðarmikil; góður sjóbátur; gangmikil og létt í setningu“.

Skapanornir (n, kvk, fto) Örlaganornir; örlagagyðjur; vættir sem í mörgum fornum trúarbrögðum voru taldar ráða örlögum manna. „Þessu fári verst í vök/ veldið trölla forna./ Þaðan koma ragnarök;/ reiði skapanorna“ (JR; Rósarímur). Sjá *forlög; örlög*.

Skapbráður / Skapstyggur (l) Öргеðja; fljótillur; ör. „Honum hætti stundum til að vera nokkuð skapbráður“.

Skapfellt / Skapfellilegt (l) Það sem er manni að skapi; það sem manni fellur við/ líkar vel. „Honum var það ekki vel skapfellt, en samþykkti það þó“.

Skapferli / Skapgerð / Skapsmunir (n, hk) Geðslag; eðli; karakter. „Að sumu leyti hef ég líklega erft skapferli föður míns“.

Skapgerðareinkenni (n, hk) Persónugerð; lyndiseinkunn. „Hver hefur sitt skapgerðareinkenni“.

Skaphundur / Skapofsamaður / Skapvargur (n, kk) Sá sem er fljótur að reiðast heiftarlega/ verður bráðillur. „Hann er óttalegur skaphundur; fljótillur með afbrigðum“. „Það er vissara að fara gætilega í sakirnar við slíka skapofsamenn“.

Skaphöfn (n, kvk) Skapgerð; lyndi. „Hann var hinn mesti sómamaður, bæði að tryggð og allri skaphöfn“.

Skapi farinn (orðtak) Með skapsmuni; lundaður. „Ég er ekki þannig skapi farinn að ég sé neitt að erfa þetta“.

Skapi næst (orðtak) Eftir skapi; í takti við skapið. „Mér er skapi næst að fara í land ef hann *gefur sig* ekki *til*“.

Skapillska (n, kvk) Geðvonska; ergelsi. „Svona skapillska bætir ekkert ástandið“.

Skaplaus / Skaplítill / Skapmikill (l) Sem skiptir sjaldan skapi; með mikið jafnaðargeð. „Ekki held ég að hann sé alveg skaplaus, en mikill *geðstillingarmaður*“.

Skaplega (ao) Sæmilega; vel; þokkalega. „Hann ætlar að fara skaplega með veðrið í dag“.

Skaplegur (l) Ágætur; sæmilegur; þokkalegur. „Við fengum skaplegan afla herna suður á Bæjunum“.

Skaplegheita veður (orðtak) Ágætt/þokkalegt/meinlaust veður. „Það er komið skaplegheita veður, svo við ættum að leggja af stað bráðlega“.

Skaplegt (l) Sæmilegt. „Enn er allt skaplegt með landtöku...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Veðrið er mun skaplegra núna en það var í gær“.

Skaplyndi / Skapsmunir (n, kk, fto) Skapgerð; geðslag. „Hans skapsmunum var svo farið að hann gat orðið mjög fljótillur, en það rauk jafn fljótlega úr honum“. „Hann var dálítið erfiður á skapsmunum“.

Skapmaður / Skapsmunamaður (n, kk) Maður sem er fljótur að skipta skapi/ reiðast; sá sem er er skapstirður/uppstökkur.

Skapmikill (l) Fljótur að skipta skapi; reiðist auðveldlega; ekki með mikið jafnaðargeð/langlundargeð.

Skapnaður (n, kk) Sköpulag; gerð; lögun.

Skapofsi (n, kk) Bræði; snögg og mikil reiði; ofstopi. „Svona skapofsi gengur ekki ef menn ætla að semja“.

Skapraun (n, kvk) Mæða; gremja; leiði; ami. „Mér var nokkur skapraun að þessu framferði“.

- Skaprauna** (s) Ergja; móðga; reita til reiði. „Þeir gerðu það sem þeir gátu til að skaprauna karlinum“.
- Skapstilling** (n, kvk) Rólegheit; yfirvegur; gott taumhald á skapsmunum.
- Skapstillingarmaður** (n, kk) Sá sem hefur mikið jafnaðargeð/skiptir sjáldan skapi. „Nú var jafnvel farið að síga í þennan mikla skapstillingamann“.
- Skapstirður** (l) Erfiður í skapi; uppstökkuur; fúll. „Hann er orðinn skapstirður og þolir ekki svona stríðni“.
- Skapstór** (l) Þungur á bárunni; *langrækinn*; reiðist/móðgast illa þegar *gert er á hlut* hans.
- Skapvondur** (l) Reiður; slæmur í skapinu; fjúkandi illur. „Maður verður bara skapvondur af því að hlusta á svona bévítans þvælu“!
- Skapvonska** (n, kvk) Reiði; bræði; illska. „Vertu nú ekki með þessa bölvæða skapvonsku; hún lagar ekkert“!
- Skapþungur** (l) Með erfitt skap; hættir til að verða reiður.
- Skar** (n, hk) A. Útbrunninn kveikur á kerti. Meðan kerti voru heimagerð úr tólg og kveikir snúnir úr fífu eða öðru, þurfti að taka skarið af til að kertið færi ekki að *ósa*. Sja *taka af skarið*. B. Líkingamál; Hrörlegur/vesæll maður. „Hann er orðinn hálfgerð skar, gamli maðurinn“.
- Skara** (s) A. Leggja byggingarefni þannig að brúnir leggist á misvíxl. Báti er skarað þannig að neðri brún skiðis/borðs leggst yfir efri brún borðs sem er neðar. Helluþaki á húsi er skarað þannig að neðri brún efri hellu leggst yfir efri brún neðri hellu; svo vatn renni niður af þakinu en ekki inn í húsið. „Í þakinu voru sperrur, og á þeim langbönd og ofan á þau skarað hellum og tyrft yfir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). Borðum í súð á bát er skarað nokkuð á misvíxl. Þannig er oft gert með súð á húsi, sem þá er nefnd skarsúð. B. Hreyfa til glóð með skörungi, til að eldur nái súrefni fyrir kolun; sjá *skara eld að eigin köku*.
- Skara að** (orðtak) Færa eld/glóð að því sem verið er að hita, t.d. með *skörungi*. Meðan eldað var á hlóðum þurfti að fylgjast vel með eldinum og skara honum að pottinum.
- Skara eld að eigin/sinni köku** (orðtak) Vilja koma sínu fram; hygla sjálfum sér; *ota sínum tota*. „Mér sýnist að hann hugsi nú meira um að skara eld að eigin köku en hag almennings“. Vísar til þess að kökur voru bakaðar á glóð í hlóðum. Þegar hver bakaði fyrir sig reyndi e.t.v. einhver að koma glóðinni nær sinni köku.
- Skara framúr** (orðtak) Vera/standa skör/sjónarmun framar en næsti maður.
- Skara í bálið/glóðina/eldinn** (orðtak) Færa glóð til í eldi með *skörungi*, þannig að eldsmaturinn/eldiviðurinn komist að súrefni og nái að brenna, en lendi ekki undir koluðu efni og ösku. Á þann hátt fæst aukinn hiti.
- Skara saman** (orðtak) Fella efni saman með skörun/ því að skara; láta byggingar-/ smíðafni ganga á misvíxl.
- Skaraður** (l) Látinn skarast. „Þakjárið var skarað um minnst tvær tommur“.
- Skarbítur** (n, kk) Töng til að taka skar af kerti. Löguð eins og lítil skæri, en með lítilli pönnu fyrir skarið.
- Skarð** (n, hk) Rauð; dæld; skora. Skarð er algengt heiti í landslagi í nágrenni Kollsvíkur, um lægð á milli tveggja dala eða víkna. T.d. Skarð milli Kollsvíkur og Vatnadals; Hænuvíkurskarð, sunnantil í Hænuvík; Brúðgumaskarð, milli Breiðavíkur og Keflavíkur; Gjárdalsskarð, milli Sanddals og Gjárdals o.fl.
- Skarða** (s) Mynda skarð. Oftast notað um sjólag, þegar skil verða á milli brota í sömu báru. Formaður þurfti að vera glöggur á hvenær skarðaði í báru, bæði á siglingu en enn frekar í landtöku.
- Skarð fyrir skildi** (orðtak) Saknað manns; vantar góðan mann. „Nú er skarð fyrir skildi þegar þessi mikli baráttumaður er fallinn frá“. Líklega vísun til þess að skarð myndist í skjaldborg liðs, við það t.d. að hermaður fellur. Sumir vilja vísa til þess að bardagamenn hengdu skildi sína á vegg í skála, aftan við sætin. Þegar einhver hafði fallið í orrustu var skjöldurinn samt hengdur á vegginn, en skarð var í sætaröðinni.
- Skarð í vör** (orðtak) Fæðingargalli sem orðið getur þegar samruni á efri vör og/eða gómi fösturs verður fyrir truflun í móðurkviði. Vörin mótast á fimmtu til sjöundu viku meðgöngu, en gómurinn á þeirri sjöundu til tólfu. Á þessum tíma getur slík truflun orðið. Nú á dögum er unnt að lagfæra slíka fæðingagalla með skurðaðgerðum. Talið er að eitt af 6-800 börnum fæðist með skarð í vör.
- Skarður hlutur** (orðtak) Skertur skiptahlutur; of naum skipti. „Mátti Einar þó vita hvaða orð fór af Benedikt, og gat búist við því að hann sætti sig ekki við skarðan hlut“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Hann var því ekki vanur að bera skarðan hlut frá borði“.
- Skarður máni** (orðtak) Tungl sem er að verða fullt eða byrjað að skerðast.
- Skarfakál** (n, hk) *Cochlearia officinalis*. Planta af krossblómaætt, sem algeng er í klettum t.d. í kringum Kollsvík og víðar. Blöðin eru þykk, dökkgræn og hóflaga eða nær kringlótt; blóm eru hvít og í klösum. Skarfakál er mjög ríkt af C-vítamínum og hefur verið notuð sem heilsubótar- og lækningajurt lengi. Einkum þótti hún þjóðráð til lækninga á skyrbjúg, sem orsakast af C-vítamínskorti. Skarfakál var einkum

borðað nýtt á staðnum í seinni tíð, en fyrrum mun það hafa verið notað sem salat eða soðið í grauta. Oft var einungis notað stuttheitið „kál“ yfir skarfakál. Sjá *kálhilla*.

Skarfaket (n, hk) Ket af skarfi. Skarfur var nokkuð skotinn til matar, líkt og mávur, fyrr á tíð; enda ágætur matfugl og matarmikill. Hann getur þó stundum verið *undirlagður* af hringormi.

Skarfjúk (n, hk) Skafrenningur af þeirri gerð að skör rifnar upp af snjónum þegar hversir, og fýkur með jörðu. Gerist þetta helst þegar sólbráð hefur orðið á snjó, þannig að næfurþunn skör/klakaskán myndast. Hún brotnar síðan upp þegar kólnar, og fýkur af stað þegar vindar.

Skarfur (n, kk) A. Skarfur er algengur sjófugl í Kollsvík og nágrenni, og verpur dílaskarfur á stöku stað í rótum sjávarkletta; helst þar sem fjara er grýtt og stutt til sjávar. Mest er um dílaskarf (Phalacrocorax carbo), en einnig sést toppskarfur (Phalacrocorax aristotelis). Dílaskarfur er heldur stærri eða 70-102cm að lengd og allt að 3,7 kg. Svartur að lit en með hvíta kverk og vanga. Nafnið er dregið af hvítum díl í lærum, sem er áberandi í varpskrúða. Flýgur með sjó, en þó herra en toppskarfur. Eftir ætisleit þarf fuglinn að þurrka vængina. Hann situr þá gjarnan fremst á hleinum, breiðir út vængina og blakar þeim lítillga. Er þá líkur presti að blessa sinn söfnuð. Þegar menn nálgast skarf á hreiðri gerist hann viðskotallur; glennir upp ginið, hvæsir og hristir hausinn. Um leið og hann flýgur af dritar hann gjarnan yfir eggin til að gera þau ólystugri. Toppskarfur er mun stýggari. Skarfar eru gamlir í þróunarsögu fugla. Þeir eru skyldir pelikönnum og súlu. Fætur skarfa eru aftarlega á búknum og því eru þeir mjög slæmir til gangs og sitja uppréttir. Sundfitin er sérkennileg og stór og öðruvísi löguð en á öðrum hérlandum sundfuglum. Helsta fæðan er fiskur, og eru skarfar miklir kafarar og veiðifuglar. Í Kína tíðkast enn sá ævagamli siður að nota skarfa til fiskveiða. Eru þeir aldri sérstaklega í því skyni og ól bundin lauslega um háls þeirra fyrir köfun. B. Líkingamál um mann sem þykir sérkennilegur/undarlegur/skapstíður. Sjá *karlskarfur*.

Skari (n, kk) A. Hörð frostskan á snjó. Stundum mannheld en stundum ekki. „Það er fljótfarið yfir Tunguheiðina þegar unnt er að ganga á rennislettum og öruggum skara í björtu veðri“. B. Hópur; söfnuður; mikill fjöldi einstaklinga. „Það var þröng á þingi þegar allur þessi skari var kominn inn í herbergið“. Sbr herskari. C. Maskinujárn; maskinukrókur; áhald til að skara í glóð á hlóðum eða í eldavél. Á tímum kola- og olíueldavéla var skarinn nauðsynlegt eldhúsáhald. Hann var oft með handfangi í öðrum enda, og krók á hinum endanum. Þannig nýttist hann bæði til að skara í eldi og til að taka upp heita hringi og hellur af eldavélinni. D. Skarbítur; sérstakt áhald til að klippa skar á logandi kerti, sem farið er að ósa.

Skariffill (n, kk) Leontodon autumnalis Meðalstór fifill sem algengur er um allt land. Vex einkum á láglandi. Karfan er gul; stönglar greindir, grannir, 1.5-2mm gáraðir, en ekki holir og sléttir einsog á tünffli. Laufblöðin eru fjaðurflipótt og í hvirfingu. Algengur í Kollsvík og nærsvæðum; helst á harðböllum. Skariffill blómstrar seint á sumri, og af því er síðara heitið dregið í því latneska.

Skarir (n, kvk, fto) A. Ísbrúnir sem myndast við bakka ár/vatns. „Féð stökk í ána en komst ekki upp á skarirnar“. B. Kverkar á borðaskilum í skarsúðuðum báti. „Gættu þess að mála vel í skarirnar“.

Skark / Skarkali (n, kk) Hávaði; skrölt; fyrirgangur. „Verið ekki með þennan déskotans skarkala strákar“!

Skarka (s) A. Búa til skark/hávaða/skrölt. B. Rjála við. „Verið nú ekki að skarka í þessu strákar“! C. Reyna að veiða; skrapa saman; snövla. „Snurvoðabátarnir eru byrjaðir að skarka í Flóanum“.

Skarkoli (n, kk) Pleuronectes platessa; *koli*; *rauðsprettu*. Flatfiskur af rauðsprettuætt sem algengur er við landið sem í öllu N-Atlantshafi; þar á meðal á Útvíkum og Patreksfirði. Algengastur er hann á 10-50m dýpi, á sand- eða leirbotni. Algeng stærð er 30-50cm. Hreistrið er slétt, fingert og ekki skarað. Líkt og aðrir flatfiskar skyldir lúðu syndir kolinn á hliðinni Bæði augu eru á þeirri efri, sem er dekkri en hin og í henni eru rauðir blettir; neðri hliðin er hvít. Fæðan er skeldýr, smákrabbar, ormar og fleira smálegt. Grefur sig oft í botninn, þannig að augu standa uppúr. Góður matfiskur og mikið veiddur; aðallega í snurvoð, nót eða vörpu, en einnig kemur hann sem meðafli t.d. í grásleppunet. Gjarnan steiktur á pönnu. „Helgi þegar hratt fram gnoð/ og hervæddist sinni brók./ þá skalf hvert einasta sköturoð/ og skarkolinn andköf tók“ (ÖG; glefsur og minningabrot; formannsvísa um Helga Árnason í Tröð).

Skarlat (n, hk) Vandaður og fingerður ullarvefnaður, oftast í mörum litum.

Skarleppar (n, kk, fto) Ræmur úr taui/striga sem voru tjörubornar og lagðar milli borða/planka í skarir/samskeyti til þéttingar í nýsmíði og viðgerðum á bátum; einkum þeim stærri, s.s. skútum.

Skarn (n, hk) A. Skítur; taðköggull. B. Líkingamál sem gæluorð um barn: „Komdu nú hérna skarnið mitt“; eða dýr: „Ertu búinn að gefa kattarskarninu eitthvað að éta“?

Skarn er líka í skálinni prestsins (orðatiltæki) Vísar til þess að prestar og pótintátar eru rétt eins og annað fólk, þurfa t.d. að gera þarfir sínar. Heyrðist ekki oft í seinni tíð, en hefur eflaust verið tautað fyrr á tímum þegar undirlægjuháttur við höfðingjana gekk fram af fólki.

Skarpgáfaður / Skarpgreindur (l) Vel greindur; mikill viskubrunnur; snjall. „Hann er sagður skarpgreindur“.

Skarpheitur (l) Mjög heitur. „Til að bræða úr lögninni gat dugað að hella yfir hana skarpheitu vatni“. Varaðu þig á kaffinu; það er skarpheit“. Orðið var algengt vestra en finnst ekki í orðabókum.

Skarpholda (l) Grannur; beinaber; horaður. „Ári er kýrin orðin skarpholda, hún þyrfti að fá meiri fôðurbæti“.

Skarphygli (n, kvk) Glöggskyggni; athygli; skynsemi. „Enginn stóð honum á sporði um greind og skarphygli“.

Skarplega athugað (orðtak) „Það var skarplega athugað hjá þér að muna eftir þessu atriði“.

Skarplegur (n, kk) Gáfulegur; af glöggskyggni. „Þetta er nokkuð skarpleg ályktun“.

Skarpleikskona / Skarpleiksmaður (n, kvk/kk) Sá/sú sem er greindari en almennt gerist.

Skarpleitur (l) Hvassleitur; með skarpa/harða andlitsdrætti; *tekinn í andliti*.

Skarpnefjaður (l) Hvassnefjaður; með hvasst/þunnst nef. „Þetta er hin *gjörvulegasta* kona, en nokkuð *grannholda* og skarpanefjuð“.

Skarpskyggn / Skarpsýnn / Skarpur (l) Glöggur; fljótur að átta sig; tekur vel eftir smáatriðum.

Skarpur (l) A. Beittur. „Gáðu að þér á hnífnum hann er mjög skarpur“. B. Heitur. „Ekki get ég sagt að það sé skarpur hiti á kaffinu“. C. Greindur. „Drengurinn er bara bráðskarpur“. D. Fljótt; skyndilega; ört. „Hann er að þykkna upp, ansi skarpt“. „Þurrkurinn er nokkuð skarpur í dag“. „Passaðu að hella ekki of skarpt á sigtið, þannig að flói útúr því“. „Það er varasamt að þamba kalt vatnið svona skarpt“.

Skarpur þurrkur (orðtak) Góður/hraður þurrkur; hlýtt, vindasamt og þurrt loft. „Það er svo skarpur þurrkur að grasið þornar á ljánum“.

Skarphorna (s) Porna hratt; *breyskja af*. „Við skulum hinkra ögn með sláttinn; jörðin skarppornar fljótt í þessu *breyskjusólskini*“.

Skarppurrkaður (l) Þurrkaður hratt/við skarpan hita. „Þegar vöknar í rót virðast þessi leirhnoð minnka og mýkjast, samt verður ekkert hey af svona slægju sandlaust þó það sé margrakað upp og *skarppurrkað*“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Skarsúð (n, kvk) Þiljun með borðum, þannig að brúnir ganga á misvíxl/skarast. Skarsúð er tíðast á bátum, en var einnig algeng sem innri þilja í húspökum.

Skarsúða (s) Þilja með skarsúð. Aðferðin er notuð við smíði súðbyrtra báta og við þiljun lofta í húsum.

Skarsúðaður (l) Súðaður/þiljaður með skarsúð. „Bátar í Kollsvíkurveru voru allir skarsúðaðir“.

Skart (n, hk) Skraut; glingur; það sem haft er til fegrunar, bæði á fólki sem öðru. „Smávinir fagrir, foldarskart./fifill í haga, rauð og blá;/brekkusóley við mættum margt/ muna hvort öðru að segja frá...“ (Jónas Hallgrímsson; Úr hulduljóðum).

Skarta (s) Bera skart; skreyta sig með skarti.

Skarta sínu fegursta (orðtak) Vera glæsilegur; vera skreyttur/ í skartbúningi.

Skartar það á einum sem skömm er á öðrum (orðatiltæki) Einum fer vel það sem öðrum fer illa.

Skartbúinn (l) Sparibúinn; vel búinn og með mikið skart.

Skartklæði (n, hk, fto) Glæsifatnaður; hátíðarbúningur. „Það þýðir nú lítið að mæta á skartklæðum til skips“!

Skaröxi (n, kvk) Öxi til smíða, með sveigðu blaði sem snýr þvert á skaftið og oft með öngvum/litlum skalla. „Sumir eru slíkir snillingar með skarexi að efnið verður sem heflað á eftir. Enn er til á Láganúpi skaröxin hans Guðbjartar föðurafa míns“ (VÖ). Sjá *öxi*.

Skass (n, kvk) Frekja; frenja; brussa; skapmikill/ögnandi/orðljótur/skömmóttur kvenmaður. „Ég hálfvorkenni karlinum að þurfa að búa við þetta skass; en það er ekki mitt mál“. Náskylt heitinu „skessa“.

Skata (Raja batis) var töluvert veidd í Útvíkum, sennilega frá öndverðu, þó nú fáist ekki skata á sömu miðum og fyrrum. Skata var veidd bæði á línu/haukalöð og á handfæri. *Rauðegni* (slang) og kræklingur var notað í beitu; einnig *ljósabeita* sem roðin var með blóði. Sökum þess að skatan er oftast við botn þótti eðlilegt að láta beittan öngulinn nema við hann, eða taka lítið *grunnmál*. Öll skata var krækt/*húkkud* sem veiddist á færi. Þegar skata kom að borði var hún dauðrotuð með haka eða kepp áður en hún var innbyrt; kallað *sjóhögg*. Skata er líflítill í drætti. Algengast var að *barða*/slægja skötuna í landi, þó stundum væri það gert á sjó. Ef mikið veiddist af henni var hún látin liggja óhreyfð í *kös* í eina viku. Þegar byrjað var að *gera* að skötu var farið með höndina uppí kjaftinn á henni, helst með vettlingi til að skaða sig ekki á *skötuskaganum*/tönnunum; hnífnum stungið í gegn fyrir ofan hausamótin og skorið kringlótt stykki í kringum kjaftinn. Að því búnu var skorið fyrir á *magálnum*; flípanum lyft upp og innnyflin tekin. Loks var halinn skorinn af; kallað að *sverja fyrir rass*. Þegar skatan var börðuð var fyrst rist kringum hausinn eins og áður er lýst; o g síðan niðurmeð maganum báðumegin og út með *hlaununum*. Börðin héngu þá saman á trjónunni. Stykkið allt; bak, kviður

og hali, sem losað var, hét einu nafni hlaunir/skötuhlaunir/sköturass. Í hlaununum eru tól graðskötunnar, en á börðum hennar eru smátennur; *þornabök*. Skötumaginn/*bumlungurinn* var víða hirtur. Hann var þrífinn; látinn standa í saltvatni; síðan hleypt upp á honum; lagður í súr og etinn með flautum. Einnig var hann blásinn upp eða troðinn út og notaður sem ílát/lýsisþjása/sýrubelgur/dufl á lagvað.

Verkun skötu var með ýmsu móti. Börð sem verkuð voru til útflutnings voru fyrst lögð í saltþækil og síðan þvegin, söltuð og þurrkuð; breidd eins og saltfiskur. Sumir söltuðu börðin en kæstu ekki né hertu. Aðrir kæstu en söltuðu síðan. Meðan heitast var á sumrinu var skatan látin liggja vikutíma í kös, en síðla sumars og að haustinu ekki skemur en tólf daga. Að söltun undanskilinni var farið með skötu eins og hákarl, ema hvað verkun hennar tók miklu skemmri tíma. Mðean skatan var að gerjast/*ryðja sig* í kösinni varð að verja hana vatni. Algengt var að láta börðin í gryfju með grjóti og torfi ofaná. Ef menn vildu flýta fyrir kösuninni var skatan sett í fjós. Eftir kösun voru börðin hengd upp í hjalli. Þau voru þá ýmist hengd upp á trýninu, en einnig skorin þar í sundur og þá annaðhvort gerð þar *þuma* eða hnýttur var spotti utanum barðnefið og ranni stungið í gegnum hana eða þumuna. Algengt var að rista börðin í *strengsli* ofanfrá og niðurúr og jafnvel halda þeim sundur með spýtum eins og strengjaflaki lúðunnar. Einnig voru kösuð börð þurrkuð á klöppum og reitum. Sumir létu þau roðþorna en aðrir hertu þau eins og harðfisk.

Vestra var algengt að rífa roðið af skötunni áður en hún var látin í pottinn og yfirleitt var haft *mörflot* með henni. *Skötustappa* var algengur Þorláksmessumatur um Vestfirði og víðar. Skatan var þá helst ekki kösuð minna en í 2-4 vikur, því best þótti að þefinn legði framúr nefinu þegar hún var etin. Stór skata/lóðaskata þótti best í stöppuna. Eftir suðuna var brjóskið tint úr og hún síðan stöppuð í svo miklu mörfloti að sneiða mátti hana niður eins og kæfu. Fyrrum var síður vestra að sjóða Þorláksmessuskötuna í hangikjótssöðinu. Með stöppunni höfðu ýmsir, feitar, reyktar bringur og rúgkökur. Í Kollsvík og e.t.v. víðar var skatan upp úr söðinu snædd með reyktum eða óreyktum bringum; hangiflot haft sem viðbit og á eftir drukkíð kaffi með lummum. Skatan hert var etin eins og harðfiskur og viðbitið þá oft bræðingur. Það þynnsta af skötubarðinu; *þynnkan/skötubynnkan*, var sett í súr eins og hún kom fyrir; ósoðin, og etin á sumrin til svala. Alltaf fékkst eitthvað af þeirri skötu sem *tindabykkja* heitir. Fyrir á tímum var hún hert og eingöngu hirt sem skepnufóður. Egg skötunnar nefnast *þéturskip/þétursbuddur* (sjá þar)“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild m.a. GG). Þjóðsagan segir að skötumóðirin sé stærst af öllum skötum. Hættulegt getur verið að veiða hana, því hún kemur uppundir bátinn; kreppir börðin uppýfir borðstokkana og dregur bátinn í kaf. „Þá ætla ég að segja frá einum sköturóðri með haukalóð. Þeir voru oftast farnir um mitt sumar. Haukalóðin var úr sterkara efni en lóðir sem notaðar voru fyrir þorsk; oft 150 – 200 krókar, og voru þeir stærri en á þorskalóð. Hafður var tveir og hálfur faðmur á milli tauma, og taumurinn var einn faðmur. Steinar eða drekar voru á báðum endum og niðristöður og dufl. Byrjað var að skaka fyrir smáfisk uppi í þaragarði. Þegar nóg var komið í beitu var keyrt á það mið sem leggja átti lóðina. Smáfiskurinn var skorinn í lítill stykki og lóðin beitt niður í miðrúmið. Venjulega var farið þegar smástreymt var; keyrt á mið sem heitir Tálkni og Sandhóll; þegar Tálkni sást fyrir Blakkinn og Sandhóllinn í Breiðavík fyrir Breiðinn. Þar var leirbotn, og brást varla að fá skötu. Lagt var þvert á straum, og hyllst var til að leggja lóðina í fullhörku á straum. Láta hana fá einn snúning og draga svo aftur þegar tók að harðna fallið. Fljótlega fór lóðin að þyngjast, því skatan lá þungt í.... Skatan var gerð til; börðin voru grafin í sand svona vikur til 10 daga, þá tekin og þvegin; söltuð dálítið og geymd sem vetrarforði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Á Þorláksmessu var alltaf borðuð skata, eins og raunar er gert víða enn“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Á Þorláksmessukvöld var skata og reyktar bringur og kaffi; og svo var spilað á Þorláksmessukvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Skati (n, kk) Fornt heiti yfir mann. Helst notað nú á dögum í skáldskap. Var einkum haft um hávaxinn/höfðinglegan mann. Líklega leitt af orðinu“skate“ sem merkir beinan trjástofn, og er því skylt orðinu „skíði“, sem bæði er haft um borð í bát og þau sem á fötum eru höfð. Fleirtalan er „skatnar“. „Skatnar þarna skemmta sér í skapi þínu./ Býst svo hver að búi sínu“ (JR; Rósarimur).

Skatta (s) Taka/innheimta skatt/toll/gjald.

Skattera (s) Sauma út; baldera; myndskreyta með ísaumi.

Skattfé (n, hk) Fé sem innheimt er með skattlagningu.

Skattgildur (l) Skattskyldur; skyldugur til að greiða skatt.

Skatthol (n, hk) Húsgagn af tiltekinni gerð. Oftast Skrifpúlt með skúffum undir og litlum skápum eða hillum yfir borðinu, þannig gert að unnt er að leggja skrifborðið upp og loka þannig af það sem er fyrir innan það.

Skattland (n, hk) Land sem greiðir skatt til annars lands, en hefur að öðru leyti sjálfstjórn. Í sumu tilliti má líta svo á að Ísland hafi verið skattland Danmerkur um aldir, því þó í orði kveðnu væri yfirstjórnin einnig í Danmörku var hún í raun að mestu í höndum innlendra höfðingja. Kóngur var drjúgur að leggja álögur á Íslendinga, einkum þegar hann stóð í stríðsrekstri.

Skattur (n, kk) A. Gjald sem greitt er öðrum, oftast með viðmið í tekjum eða eignum. Nú á dögum er oftast átt við það gjald sem hver maður greiðir í samfélagslegan sjóð, t.d. ríkissjóð, til að standa undir sameiginlegum

útgjöldum þjóðar eða tiltekins hóps. B. Matarskammtur sem húsfreyja útbýtti hverjum heimilismanni á málum fyrir á tímum. Var þá einkum átt við morgunmat.

Líklegt er að orðið „skattur“ eigi sér sömu rót og „skammtur“, og merki þá að hver maður eigi að greiða „skammt“ (þ.e. stutt/hluta) af sínu fé til höfðingja, landeiganda eða annars.

Skattyrðast (s) Deila; jagast; *skútyrðast*. „Ég ætla nú ekki að skattyrðast neitt við þig um það sem ég veit“!

Skattyrði (n, hk, fto) Skammir; harðorðar athugasemdir; *fúkyrði*.

Skauf (n, kvk) Orð sem ekki var notað vestra í seinni tíð. En þar sem umræður hafa iðulega orðið um nafnskýringu örnefnisins Skaufhóls milli Lambavatns og Naustabrekku skal hér litið ofaní heimildir. Orðsifjabók Ásgeirs Blöndal segir orðið merkja „yfirhúð á hestskökli; sköp konu; rifu; skarð; sár eftir geldingu; nárasvæði og reðurslíður á hestum“. Einnig „skott“ sbr heitið „*skaufhali*“ um tófu. Skyllt er orðið „skaufi“ í merkingunni getnaðarlimur. Engar samsvaranir eru í grannmálum. Orðabók Árna Böðvarssonar og Menningarsjóðs gefur að auki upp skýringuna „lítill poki; paufi; smábaggi; smáhnykill“. Að öllu samanlögðu má álykta að skauf merki eitthverskonar litla og staka þúst, og er þá komin skýring á nafni hins sérstæða Skaufhóls. Höllinn kann að hafa heitið Skauf í byrjun en „hóls“-viðbótin komið síðar á öldum, þegar orðið var fallið úr almennri notkun og til áréttingar. Sjá einnig *skaufhali*.

Skaufast (s) Drattast; hundast; skriflast. „Reyniði nú að skaufast til að sækja kindina sem þið misstuð“!

Skaufhali (n, kk) Annað heiti á ref/tófu. „Refurinn hefur verið kallaður skaufhali og má láta sér detta í hug að e.t.v. sé samband milli þess og Skaufhólsnafnsins“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns). Sjá *skauf*.

Skaup (n, hk) Skop; háð; grín.

Skaut (n, hk) A. Neðstu hornin á segli, jafn að framan sem aftan. Af því er dregið heitið skautasegl um þversegl. B. Sérstakur höfuðbúnaður kvenna. C. Póll á segli/jarðhnetti/rafspennugjafa o.þ.h. D. Kelta; fang. Sbr að „sitja með barn í skauti sér“; „*falla (einhverjum) í skaut*“ o.fl.

Skauta (s) A. Bera höfuðbúnað/*skaut*. „Fyrir á öldum var talað um að kvenfólk skautaði sér, þegar það setti upp þeirra tíðar höfuðbúnað“. B. Fara á skauta; renna sér á skautum. C. Skautfesta; festa skauti segls við borðstokk báts. D. Kljúfa ljós á sérstakan hátt (pólarisera).

Skautafæri / Skautasvell (n, hk) Aðstæður til að renna sér á skautum. „Það er fint skautasvell á Lögmannslánni núna“.

Skautahlaup (n, hk) Það að fara á skautum; sýna listir á skautum. „Glímur og skautahlaup hafa margir fjelagar æft, suma veturnar“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Skautar (n, kk, fto) Fótabúnaður til að renna sér á ís. Skautar í dag eru sérstaklega gerðir uppháir reimaðir skór, með áföstum meiða undir úr hörðum málm. Framá miðja 20.öld notuðu menn heimasníðaða skauta úr tré, líka bátum með járnkili undir, og bundu þveng um fótinn. Fyrir á öldum renndu menn sér á leggjarbeinum sem bundin voru undir fætturna.

Skautasegl (n, hk) Þversegl; rásegl. Eina tegund siglingar héraendis frá landnámi framundir lok 18.aldar.

Skautasvell (n, kk) Ís sem unnt er að nota til að iðka skautahlaup og aðrar skautakúnstir. Skautasvell getur víða orðið í Kollsvík, en oftast var farið á skautum á Lögmannslág í seinni tíð.

Skauti (n, kk) A. *Skautar* til að renna sér á ís (sjá þar). B. Hlíðarþynna á ár, þar sem hún leikur í keipunum. Oftast gerð úr hvalbeini.

Skáhallt / Skáhallt við (l/orðtak) Á ská; á skakk/skjön við; hallandi; ekki í beinni línu/stefnu við. „Straumurinn lá skáhallt frá landinu þarna við Þyrsklingahrygginn“. „Hornstaurinn hefur lent dálítið skáhallt við stefnuna“.

Skáhenda / Skáhendur bragarháttur (n, kvk/ orðtak) Skáhenda er afbrigði af ferskeytlu, og liggur munurinn í því að fyrsta og þriðja ljóðlína ríma ekki í enda. Hinsvegar er innra rím í þeim báðum, þannig að innrím og endarím hvorrar línu ríma saman. Dæmi: „Leit hann brátt hvar lýsti hátt/ linna bólið rauða;/ ofnis má þar unga sjá,/ öllum veitti hann dauða“ (Úr Konráðsrímum; höf ók; úr rímnabók Íslands frá 1550-1600).

Skái (n, kk) A. Hallandi flötur. „Báturinn var dreginn upp skáann í höfninni. B. Það sem betra er; *skáinn af*.

Skáinn af (orðtak) Það skásta af einhverju. „Kartöflurnar voru orðnar skemmdar en þetta er þó skáinn af þeim“

Skák (n, kvk) A. Hluti svæðis; landræma; túnblettur. „Ég girti af dálitla skák úr túninu fyrir kýrnar“. B. Stóll, bekkur eða annað *setgagn*. „Náðu þér í einhverja skák og sestu hjá okkur“. C. Tafl.

Skáka (einhverjum) (s) Leika á (einhvern); sjá við (einhverjum); gera betur en (einhver); sigra (einhvern). „Hann skákaði okkur alveg með því að leggja netin uppi kvöldið áður. Með því komst hann fyrir á miðin og var búinn að leggja þegar við komum út“.

Skáka í skjóli þess / Skáka í því skjólinu / Skáka í því hróksvaldinu (orðtak) *Hafa það sér til blóra; njóta þess. „Þeir skáka í því skjólinu, þessir þingmenn, að maður er ekki á svæðinu til að taka í lurginn á þeim“!* Vísar til þess að færa valdaðan taflmann á skákborði.

Skáka sér (orðtak) Fara; færa sig. „Ég þurfti að skáka mér *afsíðis* í smástund til að *gera að brókum*“.

Skákarendi (n, kk) Endi á skák/bekk. „Geturðu ekki sest hérna á skákarendann? *Þröngt mega sáttir sitja*“.

Skákborð (n, hk) Taflborð.

Skákmaður (n, kk) Manneskja sem er slyng í að tefla. Taflmaður er hinsvegar oftast haft um einn þeirra hluta sem teft er með.

Skákreka (n, kvk) „Þegar þetta skeði var Bjarni eldri á leiðinni úr hlöðunni heim að bænum og gekk við skákreku“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). Ekki er fyllilega ljóst hvernig reku um er að ræða, en af OH má ráða að orðið sé ekki alveg óþekkt frá fyrri tíð (VÖ).

Skáktafl (n, hk) Venjulegt tafl. Orðið var ráðandi fyrrum en í seinni tíð er einatt talað um tafl.

Skál (n, kvk) A. Dallur; ílát. Sami orðstofn og orðið „skel“. B. Upphrópun þegar menn *lyfta glösum*. Þekkt en ekki viðhaft í Kollsvík.

Skáld (n, hk) A. Sá sem semur ljóð, upplognar sögur eða á annan hátt færir mál í listrænan búning. Misjafnt er mat manna á því hvenær maður telst skáld með slíkum gerningi; t.d. voru menn tæpast taldir skáld í Kollsvík þó þeir gætu gert prýðisgóð kvæði eða samið góðar sögur. Til þess titils þurftu menn að vinna nokkuð, og verða jafningjar t.d. Jóns úr Vör; Guðmundar G. Hagalín; Guðmundar Inga Kristjánssonar eða annarra slíkra. „Já, það var mikið kveðið í Kollsvíkurveri; einkum um það broslega sem fyrir kom. Býst við að flest sé það gleymt; þótt þetta væru dægurflugur voru innanum vel gerðar og prenthæfar vísur. Um skáld var lítið að ræða; helst var það Pétur Jónsson frá Stökkum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Málfræðingar hafa ekki greint augljósan uppruna orðsins, en líklega er það af sama stofni og skál og skel; með vísan í það að skáldið kemur málinu í fast listrænt form; býr það í fasta skel. Má í því efni benda á lýsingarorðið „skáldaður“ í merkingunni að hafa á sér skel óhreininda, og vera hárlaus að hluta eða öllu. Sagnorðið að skálda var notað um að *rota* hár af húð eða fiður af *bumb*.

Gömul sögn segir að skáld megi þekkja á því að þau hafi svo langa tungu að þau geti stungið henni upp í nefið, og var henni haldið á loft í Kollsvík. B. Lönguhrogn voru ýmist nefnd skáld eða greppur.

Skálda (n, kvk) Gæluheiti/ niðrandi heiti á riti. Ágætur maður af Kollsvíkurætt notaði þetta orð yfir bókina Kollsvíkurætt eftir TÓ, þar sem hann taldi að þar væri nokkuð um rangfeðranir.

Skálda (s) A. Semja ljóð eða skáldsögu. B. Ljúga; búa til. C. *Rota* hár af húð eða fiður af *bumb* fugla.

Skálda í eyðurnar / Skálda í skörðin (orðtök) Ljúga/ búa til, þegar sagt er frá, til að sagan verði heillegri og áheyrilegri. „Þarna held ég að hann hafi skáldað hressilega í skörðin; þetta er allst ekki rétt“!

Skálda upp / Skálda upp úr sér (orðtak) Búa til; ljúga; ýkja. „Ég held að karlinn hafi ekki lent í neinum ávætti, heldur hafi hann fengið þessi meiðsli við að detta, enda all *slompaður*; og skáldað upp söguna á heimleiðinni“.

Skáldaður (l) A. Sköllóttur; hárlaus; hárlaus á blettum. B. Mjög óhreinn. Sjá *skáldaður af skít*.

Skáldaður af óhreinindum/skít (orðtak) Mjög óhreinn/skítugur; með skánir af óhreinindum. „Mikið *ankolli* ertu nú skáldaður af skít drengur; þér veitti víst ekki af góðu þrifabaði“! Svo virðist sem orðið „skáldaður“ hafi ekki þekkt víðar í þessari merkingu. Það var oftast notað í þessu orðasambandi. Annars merkti orðið „sköllóttur/hárlaus“. Mjög skítugt búfé virðist vera hárlaus, og kann merkingin þannig að hafa yfirferst.

Skáldagáfa / Skáldgáfa (n, kvk) A. Hæfileiki til að semja ljóð eða skáldverk. B. Hæfileiki til að ljúga/ýkja. „Hann hefur aldrei skort skáldagáfuna“!

Skáldalaun (n, hk, fto) Laun/ábati skálds fyrir skáldskap sinn.

Skáldaleyfi (n, hk) A. Heimild sem skáld taka sér stundum til að hagræða framsetningu á bundnu eða óbundnu máli, svo betur falli að ljóðformi/skáldverki; *færa í stílinn*. B. Líkingamál; leyfi til að ýkja/skrökva.

Skáldaskarð / Skáldhrukka (n, hk/kvk) Skáldaskarð er lóðrétt dæld framaní höku á manneskju. Þótti það bera vitni um skáldgáfur, einkum hjá barni. Sömuleiðis voru hrukkur í enni barns nefndar skáldhrukkur, og áttu að boða hið sama.

Skáldraftur (n, kk) Stuttur raftur/sperra/stoð í stoðgrind torfhúss. „Eitt fjárhús er þarna enn í átjándu aldar stíl. Það er tvæstæðuhús fyrir 50 kindur; veggir af torfi og grjóti; tveir mæniásar sem hvíla á stoðum og raftar af þeim niður á veggina. Á raftana eru svo haganlega skaraðar hellur, en utanyfir þær þakið með torfi. Að framan eru skáldraftar niður á dyratré“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).

Skáldhneigður (l) Hefur/sýnir burði til að verða skáld; sýnir skáldlega hæfileika; stundar skáldskap.

Skáldlega mælt (orðtak) Sagt á ljóðrænan hátt; sagt með háfleygum orðum/ líkingamáli.

Skáldlegur (l) Ljóðrænn; eins og skáld.

Skáldmæli (n, hk, fto) Skáldverk; ljóð.

Skáldmæltur (l) A. Hefur hæfileika til að yrkja. „Hann þykir allvel skáldmæltur“. B. Talar skáldlega.

Skáldsaga (n, kvk) A. Lygasaga. „Þessu trúi ég ekki; þetta hlýtur að vera einhver skáldsaga“. B. Skáldverk.

Skáldskapur (n, kk) A. Skáldsaga; ljóð/kvæði/vísur. „Já, það var mikið kveðið í Kollsvíkurvegi; einkum um það broslega sem fyrir kom. Býst við að flest sé það gleymt; þótt þetta væru dægurflugur voru innanum vel gerðar og prenthæfar vísur. Um skáld var lítið að ræða; helst var það Pétur Jónsson frá Stökum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Lygi; uppspuni. „Þetta held ég að hljóti að vera skáldskapur“!

Skáldskapargáfur (n, kvk, fto) Hæfileikinn til að yrkja ljóð eða skrifa sögu, svo vel fari. „Hann hefur aldrei viljað *flíka* sínum skáldskapargáfum, en hann getur gert *prýðisgóðar* vísur“.

Skáldverk (n, hk) Oftast notað um langa útgefna sögu rithöfundar, sem að stofni er tilbúningur/uppspuni.

Skáli (n, kk) A. Íverustaður/bústaður fólks. Til forna var skáli meginbygging mannaþústaða; oft háreist og stór hús. Hann var helsti íverustaður fólks fram yfir árið 1300, en síðan tók baðstofan við því hlutverki. Ekki er ólíklegt að Kollur landnámsmaður hafi reist sér skála í Kollsvík. Síðar varð skáli hluti af hinum íslenska bæ, sem hafði fleiri burstir og vistarverur. B. Lítið skýli, sbr. fjallaskáli. C. Hol í nútímahúsum.

Skálka hurðum (orðtak) Loka hurðum tryggilega; oftast átt við lokun með slagbrandi. „Var örugglega búið að skálka töðugötunum á hlöðunni“?

Skálför (n, hk, fto) Ruddaskapur; glæpir.

Skálför (n, hk) Yfirvarp; afsökun; blóri; það sem nýtist sem skjól fyrir hrappa/skálka. „Hann nemti ekki til kirkju og hafi það fyrir skálför að hann þyrfti að fylgjast með hvort kýrin jafnaði sig að doðanum“.

Skálfur (n, kk) A. Þrjútur; ribbaldi. „Nú hefur minkfjandinn drepit kolluna á hreiðrinum. Það verður að fara að ná skálfurum“! B. Hefur líklega verið notað um slagbrand fyrir dyrum/lúgum, þó ekki væri í seinni tíð.

Skálm (n, kvk) A. Neðri hluti á buxum; buxaskálm. B. Sax; stór sveðja; eineggja sverð. C. Áhald til að drepa hákarl. Svipað og *drepur*, nema að „skálmarnar voru líkastar stórum hnífum með álnarlöngu eineggjuðu blaði og rösklega álnarlöngu skafti“. (GG; Skútuöldin). „Kappinn grípur gnissu frá/ gilda skálm á lofti;/ sendir aftur, fálan flá/ fellur glenntum hvofti“ (JR; Rósarímur). D. Annar hluti hrognasekks/gotu.

Skálma (s) Ganga hratt/ákveðið; strika; rigsa. „Þú mátt ekki skálma svo hratt að strákrinn hafi ekki við þér“. „Hér mun eigi hlotnast nein/ hvíld í nauðum brýnum:/ Skjótt í hellinn skálmur ein/ skessa mikil sýnum“ (JR; Rósarímur).

Skálmöld (n, kvk) Stríðstími; tími mannviga; ógnaröld; ófriður. Í seinni tíð ríkir um ófriðlegt ástand.

Skálmörk (n, hk, fto) Álmur á brókarkvísl, sjá *skinnklæði*. „Flestir munu þó hafa átt og notað brókarkvíslar. Þær voru í fjórum pörtum; *kvíslarfötur* rekinn ofan í jörðina; *kvíslarhnakkur* með hringlaga gati í miðjunni en *tappi* á fætinum gekk upp um. Önnur tvö göt voru á kvíslarhnakknum; sinn í hvorn enda frá *hliðarfleti*. Í þessi göt var *skálmörkum* stungið og brókin færð á kvíslarnar. Ávallt snerust skálmarnar undan vindi og blés þá inn í brókina svo hún þornaði *næsta fljótt*, en mátti ekki *ofharðna*“ (KJK; Kollsvíkurvegur).

Skán (n, kvk) A. Sauðatað; þurr kindaskítur úr fjáhúsum eða *afrak* af túni. „Skán er *útmetin* til uppkveikju“. Sumsstaðar notað um mó sem skorinn hefur verið í flögur. Einnig notað um lag sem myndast ofaná moldargólfum með þjöppun af umgangi. B. Rjómi sem skilist hefur út úr mjólk þegar hún stendur, og sest ofaná. C. Himna sem myndast ofan á grautarpottum o.fl. D. Himna sem stundum myndast á tungu. E. Frostþekja á pollum og tjörnum.

Skána (s) Batna; lagast. Oft notað um veður eða kvilla. „Mér sýnist verðrið eitthvað vera að skána“. „Mér hefur skánað mikið af pestinni“.

Skáoki (n, kk) Oki sem negldur er á ská innan á t.d. hurð til styrkingar; milli tveggja oka sem liggja þversum.

Skána (s) Lagast; batna. „Mér sýnist veðrið eitthvað vera að skána“.

Skáoki (n, kk) Oki/slá/biti sem liggur á ská. Oftast er talað um skáoka innaná hurð, milli þverokanna; sem hefur það hlutverk að mynda þríhyrnur og þannig varna bjögum í henni.

Skápur (n, kk) A. Algengt húsgagn. B. Vik/hvolf/skot inn í klettavegg. „Nokkuð fyrir innan Klauf er í fjörunni skápur sem heitir Bás. Hér fellur sjór í berg“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur). Jörðin Skápadalur í Patreksfjarðarbotni sunnanverðum dregur eflaust nafn af djúpum klettagljúfrum innst í dalnum. Jörðin er reyndar nefnd Skyttudalur í eldri heimildum. „Skyttudalur (aðrir meina það Skytludaler). Almennilega kallast jörðin Skápadalur“ (ÁM; Jarðabók). Skytta og „skytla“ er líklega af sömu rót og „skot“ = skápur.

- Skár** (l) A. Betur; sæmilegar. Sjaldan notað í frumstigi nú á tímum. „Mér líður mun skár en í gær“. „Veðrið er orðið mun skár en í morgun“. „Ég held að þetta sé skásti kosturinn“. Sjá orðtökin *skárna en ekkert* og *skárna er það nú*. B. Síðari líður orða, s.s. herskár, opinskár o.fl. Endingin vísar líklega í stofninn „skái“ eða „á ská; sem hallast að“, líkt og endingin „-legur“.
- Skára** (s) Búa til skurðarfar/sláttufar/*skára*; slá með orfi „Skaflinn í Kinninni nær alveg fram af kanti og heldur líklega bílnum, en gott væri að skára far fyrir efra hjólið til að skriki síður til“. „Afi stóð uppi í Bæjarhólnum þegar ég kom út, og skáraði af kappi“.
- Skári** (n, kk) Farið sem myndast þegar slegið er með orfi; einn skári fyrir hverja sveiflu. Annarsstaðar virðist þetta hafa verið notað um grasið sem slegið er, en um það var notað orðið *múgi* í Kollsvík. Skári var einnig notað um það sem var svipað í lögun og skárar á velli; t.d. um skýjafar.
- Skárna af tvennu illu** (orðtak) Betri kosturinn af tveimur; betra úrræðið. „Af tvennu illu held ég að það sé skárna að draga þetta núna í slæmu, *heldren* geyma það til morguns“.
- Skárna en ekkert** (orðtak) Betra en án. „Ertu húfulaus eins og auli! Hérna, settu á þig pottlokið mitt; það er skárna en ekkert“.
- Skárna er það /væri það (nú)!** (orðatiltæki) Upphrópun í vanþóknun eða hneykslun. „Skárri eru það nú *merkilegheitin* í karlinum! Hann heilsaði ekki þegar við mættum honum á útstíminu“. „Auðvitað helli ég upp á kaffisopa þegar ég fæ heimsókn; skárna væri það nú“! Sjá *ekki er það nú!*
- Skásettur** (orðtak) Liggur á ská; hallandi. „Endastaurinn varð dálítið skásettur við aðra í girðingunni“.
- Skáskera** (s) Fara á snið upp/niður brekku. „Við skáskerum Sandahlíðina fyrir ofan Sandhólana; upp undir kletta“ (IG; Sagt til vegar I).
- Skáskjóta augum / Skjálgra augum** (orðtök) *Gefa hornauga; skotra augum á skjálg; horfa útundan sér*.
- Skáskjóta sér** (orðtak) Troða sér á milli með því að snúa hliðinni að. „Hellisopið er svo þröngt að maður verður að skáskjóta sér til að komast, og ófært er það fyrir feitlagið fólk“.
- Skástífa** (n, kvk) Biti/máttarviður sem liggur á ská, t.d. í húsgrind; til að gefa henni styrk þríhyrnnar.
- Ske** (s) Verða; gerast. „Hvað er að ske“? „Það má ekki ske að þetta tækifæri glatist“. „Ég horfði á það ske“. „Hvernig má þetta ske“?
- Skeður** (l) Orðinn. „Það er of seint að jesúsa sig þegar skaðinn er skeður“.
- Skefjalaus** (l) Hömlulaus; gengdarlaus. „Það sem mér fannst um útrásarvíkinga fyrir hrun er hið sama og nú; nema hvað ég... hafði ekki hugmynd um hvað gróf þessi græðgi var, og skefjalaus“ (SG; Bankahrúnið).
- Skefjar** (n, kvk, fto) Takmörk; útmörk. Einkum notað í orðtakinu að *halda einhverju í skefjum*; þ.e. innan ákveðinna marka. Skefjar var fyrrum notað um slægjubletti eða útslægjur (það sem skafið/slegið var).
- Skefta** (s) Setja skaft/handfang á áhald. „Það þyrfti að skefta þessa reku upp á nýtt“.
- Skefti** (n, hk) Skaft. Einkum notað nú um skaft á byssu; byssuskefti, en fyrr víðar, s.s. hnífskefti.
- Skeftur** (l) Búið að *skefta*. „Hnífurinn hafði nýlega verið skeftur“.
- Skegg** (n, hk) A. Hárvöxtur í andliti, einkum karlanna. Sbr *skylt er skeggið hökunn*. B. Hökuþráður á fiski, s.s. þorski. C. Hak fremst á lykli; lykilskegg. D. Hak á *skeggöxi*. E. Stuttheiti á *þursaskeggi*.
- Skeggbolli** (n, kk) Drykkjarmál með loki yfir að hluta, til að yfirskegg blotni ekki í því sem drukkið er. Minnir á það sem nú er nefnt „stútkanna“, og er ætlað ung börnum að drekka úr, eða öðrum sem illa valda bolla.
- Skeggbroddar** (n, kk, fto) Skegg sem rakað hefur verið en er að byrja að vaxa aftur.
- Skeggburst / Skeggflóki** (n, kvk) Mikið skegg; ósnyrt skegg. „Hann svaraði ekki strax, heldur kímði og strauk skeggburstina“.
- Skeggbursti / Skeggkústur** (n, kk) Bursti til að sápa fyrir rakstur skeggs. „Ég þyrfti nýjan skeggkúst“.
- Skegghýjungur / Skegglýjur** (n, kk/ kvk, fto) *Óræktarlegt* skegg, t.d. á unglíngi. „Farðu nú að raka af þér þennan skegghýjung“! „Skelfing eru þær óræktarlegar þessar skegglýjur framaní honum“!
- Skeggjajúði** (n, kk) Gæluheiti á þeim sem er með áberandi eða tætingslegt skegg. „Kemur þá þessi skeggjajúði“. Sagt þannig í máli Kollsvíkinga og nágretta; annarsstaðar þekkist „skeggjúði“.
- Skegglýja / Skegglufta / Skeggstrý** (n, kvk) Gisið/tætingslegt/vanhirt skegg. „Hann mætti nú snyrta þessa skegglýju aðeins“.
- Skeggprúður** (l) Með tilkomumikið/þétt/glæsilegt skegg. „Fyrr á tíð voru margir karlar skeggprúðir mjög“.
- Skegggræða** (s) Ræða saman; diskútera. „Eftir spilamenskuna skegggræddu menn um heima og geima“.

Skeggsápa (n, kvk) Sápa sem ætluð er til að mýkja skegg fyrir rakstur. Fyrir tíma þrýstibrúsa var hún seld ýmist í staukum eða í bollum.

Skeggvari (n, kk) Lítil nestispoki. „Gleymdu svo ekki skeggvaranum“. Sköggvari mun annarsstaðar á landinu hafa verið notað um mal sem hékk aftan og framaná; með gati fyrir höfuð; einnig nefndur helsingjapoki.

Skeggöxi / Skeggja (n, hk) Öxi með áberandi langa egg miðað við blaðið, og er blaðið við eggina dregið í hyrnu, einkum neðantil. Slíkar axir voru algengar á 14. og 15. öld og voru fremur notaðar sem verkfæri en vopn. Heimildir benda til að þær hafi kostað meira en kýrverð.

Skegla (n, kvk) A. Annað heiti á fuglinum ritu. Rita var þó oftar notað í seinni tíð. B. Blökk úr tré.

Skegla sig (orðtak) Geifla sig; gretta sig. „Vertu nú ekki að skegla þig framaní barnið“!

Skeið (n, kvk) A. Áhald sem notað er til að borða spónamat/graut. Sbr *eiga hvorki til hnífs né skeiðar*. B. Gamalt heiti á stóru skipi. „Þrátt með löndum, þar sem bröndur vaka,/ fleyti ég minni fornu skeið/ fjarri glæstra skipa leið“ (JR; Rósarímur). C. Leggöng; kynfæri kvenna/kvendýra. D. Í ft; slíður hnífs, sverðs og annars eggjárns. E. Hluti í vefstól, með raufum sem þræðir liggja um. Líklega er orðstofninn „skíði“; þ.e. fjöl.

Skeið (n, hk) A. Afmarkað tímabil; afmörkuð vegalengd. „Um skeið var búið á Strákamel, og hefur hann síðan gengið jafnframt undir heitinu Gestarmelur“. B. Kapphlaup. Sbr. *bregða á skeið*. C. Gangtegund hests.

Skeiða (s) Um hest; hlaupa á *skeiði*.

Skeiðarblað (n, hk) A. Íhvolfur fremsti hluti skeiðar. B. Gróf mælieining; það magn sem kemst í skeið. „Það mætti setja úti þetta skeiðarblað af rommi til bragðbætingar“.

Skeiðklukka / Skeiður (n, kvk/hk) Klukka/úr sem notað er til afmarkaðra tímamælinga, t.d. í íþróttum.

Skeiðvatn (n, hk) Þynnt saltpéturssýra. Var um tíma notað til lækninga, t.d. til að sóttverja og bera á sár.

Skeifa (n, kvk) A. Hóflaga járnþynna sem fest er til hlífðar undir hófa reiðhests. B. Skeifulaga grátvipra um munninn. *Setja upp skeifu*.

Skeifhyrnd (l) Um hornalag kinda; hornin bogin líkt og skeifur. „Skeifa gamla var að sjálfsögðu skeifhyrnd“.

Skeifnajárn (n, hk) Flatt stangajárn, notað til smíða á skeifum. „Ekki er ljóst hvenær byrjað var að nota kúffiskplóg, en þabbi minnst þess að Torfi Jónsson bóndi í Kollsvík hafi smíðað kúffiskplóg úr skeifnajárni og með honum var m.a. reynt að plægja undir Breiðavíkurrifi...“ (GG; Lóðir í Kollsvíkurveri).

Skeika (s) Mismuna; geiga; fara/gera skakkt; skjöplast. „Ekki skeikaði nema sekúndubroti að ég yrði á undan honum í markið“. „Þarna mátti engu skeika“. *Sjá láta skeika að sköpuðu*.

Skeikull (l) Sem skeikar; sem er ekki mjög nákvæmur. „Páfinn er skeikull sem aðrir“.

Skeina (n, kvk) Lítið sár. „Þetta er bara lítil skeina“.

Skeina sig (orðtak) A. Meiða/*flumbra sig*. „Hann skeindist eitthvað á hnénu“. B. Snyrta á sér óæðri endann.

Skeinast (s) A. Meiðast; fá sár; *flumbra/skeina sig*. „Varstu nú eitthvað að skeinast á puttanum“? „Þetta er bara *smáskeina*; það grær áður en þú giftir þig“. B. Í aðfinnslutón; drattast; drífa sig. „Reyndu nú að skeinast til að laga aðeins draslið í kringum þig“!

Skeinast til (orðtak) Drattast til; hafa sig í; *sluddast til*. „Reyndu nú að skeinast til að klára þetta verk áður en það er um seinan“. „Ekki stendur á loforðunum hjá þeim; bara að þeir gætu nú skeinst til að efna þau“.

Skeindur (l) A. Meiddur. „Ertu ekki eitthvað skeindur eftir byltuna“? B. Búið að þrifa hægðir.

Skeini (n, hk) A. *Skeinisappír*. B. Lítil fjöl sem fest er innaná stefni báts. Af henni er dregin líkingin skeini, sem heiti á aumum/vesölum manni.

Skeinisblað / Skeinisbréf / Skeinisappír (n, hk) Bréf til að þurrka endaparm eftir hægðir. „Þess var gætt að á kamrinum væri alltaf nóg af skeinisappír. Flokksmálagn Framsóknarmanna gegndi þar veigamiklu hlutverki, en einnig mátti nota umbúðir hans, þunnan pappírshólk, með sæmilegu móti. Á hinn bóginn var vonlaust að nota „Fakta om Sovietunionen“ sem stundum slæddist með í bunkanum. Það rit reyndist þó mjög gagnlegt þeim kamarnotendum sem voru að byrja að stauta sig framúr dönsku og alþjóðastjórnámálum“.

Skeinisblaðsvirði (l) Verðgildi eins skeinisblaðs. „Mér finnst nú lítið til um þessa nýju stjórnarstefnu; held nú bara að hún sé ekki skeinisblaðsvirði“!

Skeinuhætt (l) Hætta búin; í hættu. „Fénu getur orðið nokkuð skeinuhætt í hlíðunum eftir vetrarbyrjun“.

Skekja (s) Hrista rækilega til. „Hann sagðist vera uppgefinn eftir að skekjast á þessum vegleysum“.

Skekking (n, kvk) Skekkja; halli. Skekkingar er örnefni norðantil í klettum Núpsins. Þar er hægt að ganga úr Sandahlíðinni á ská uppá brún Sanddalsins“.

Skekkja (n, kvk) Frávik; skekking; halli. „Hér er einhver skekkja í mælingunni“.

Skekkja (s) Gera skakkt/frávik; halla. „Karlinn var búinn að skekkja húfuderinu alveg aftur á hnakka, svo eitthvað hlaut að hafa gengið á“. „Það þyrfti að skekkja tönnunum í sögninni“.

Skekta (n, kvk) Lítill bátur; oftast 2ja manna far. „Gísli Guðbjartsson átti litla skektu sem kölluð var Korkanes“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Skektuhorn (n, hk) Gæluheiti á lítilli skektu. „Hann lagði rauðmaganet og vitjaði um það á skektuhorninu“.

Skel (n, kvk) A. Skel skeldýrs. T.d. krákuskel, öðuskel, kúffiskskel, olnbogaskel o.fl. B. Lítill bátur; bátskel. C. Almenn um þunna stökka skán eða hjúp; skurn.

Skelbeita (n, kvk) Skelfiskur sem *skorinn* er úr og notaður fyrir beitu, oftast *kúffiskur*.

Skeleggur (l) Ákveðinn; harður; fylginn sér. „Hann var mjög skeleggur í þeirri baráttu“. Vísar til þess að vera með skelþunna/flugbeitta egg.

Skelfdur (l) Hræddur; óttasleginn. „Hann var greinilega skelfdur við að heyra þessi torkennilegu hljóð“.

Skelfilega / Skelfing (ao) Illa; bölvanlega; hrikalega. „Það gengur skelfilega illa að fá svör frá ráðuneytinu“.

Skelfdur (l) Hræddur; mjög smeykur.

Skelfing / Skelfingar / Skelfingarinnar (n, kvk) Ógn; ótti. Oftast notað til áherslu: „Mikið skelfing geturðu verið sinnulaus“. „Skelfingar hávaði er þetta“. „Hann er nú orðinn skelfing hrumur, karlanginn“. „Skelfingarinnar ósköp geturðu nú verið treggáfaður; ég beiddi þig að búa þig almennilega áður en við lögðum af stað, og samt ertu húfulaus“!

Skelfingaróp / Skelfingaröskur (n, hk) Öskur/óp þess sem verður mjög hræddur.

Skelfingarósköp (n, hk) Upphrópun/áhersluorð. „Mikil skelfingarósköp er þessi eilífa rigning nú leiðinleg“.

Skelfingarsvipur (n, kk) Svipbrigði hræðslu. „Ég gleymi ekki skelfingarsvipnum sem kom á hann“!

Skelfingu lostinn (orðtak) Mjög hræddur; frávita af hræðslu/seklfingu; í áfalli.

Skelfiskeitrun (n, kvk) Eitrun sem menn geta orðið fyrir af skelfiskneyslu. Það er ævagömul regla að ekki skuli tína skelfisk í r-lausum mánuðum; þ.e. að sumarlagi, og var hún þekkt og virt í Kollsvík. Vísindalegar rannsóknir hafa núna sýnt að reglan á fullan rétt á sér, þar sem skelfiskurinn innbyrðir oft mikið af eitruðum þörungum sem fjölga sér einkum að sumrinu. Í mönnum veldur eitrið þrennskonar kvillum. Algengastur er skelfiskeitrun, með miklum niðurgangi og uppköstum. Lömunareitrun er fátíðari en alvarlegri, þar sem lömun getur orðið í taugum og öndunarferum. Þá er sumsstaðar erlendis þekkt minnistapseitrun. Á síðari tímum hefur meira orðið vart við hina eitruðu þörunga en áður; líklega vegna aukins magns næringarefna af landi, t.d. vegna afrennslis tilbúins áburðar.

Skelfisksát (n, hk) Neysla á skelfiski. Hún hefur eflaust alltaf verið töluverð þar sem skelfiskur var á fjörum, og lífsbjörg í harðindum. Mikið rekur á land í Kollsvík af *öðu* og *kræklingi* eftir brim, og hefur það löngum verið tínt til átu. „Vitað er að Sauðlauksdalskirkja verður mjög snemma eigandi að Hvalskeri og Skersbugnum og að þarna var mikið um að menn kæmu seinni hluta vetrar og að haustinu að afla sér þessarar bjargar. Skelfisksát var þá almennt um þessar slóðir. Til dæmis var sett bænhús í kaþólskum sið vegna þess fólks er þarna safnaðist saman vor og haust“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Skelfiskur / Skeldýr (n, kk) Lindýr sem hafa um sig kalkskel, oft í tveimur hlutum. Allmikið er um skelfisk á Kollsvík, enda góð lífsskilyrði margra tegunda í þaragarði og á hleinum og boðum. Brimið ber skelfisk iðulega upp á fjöru, og hefur hann nokkuð verið tíndur til manneldis. eru það tegundirnar *aða* og *kræklingur*.

Skelja (s) A. Gera ísskán á vatni, jörð eða snjó. „Það hefur skeljað á pollum í næturfrostinu“. B. Um fisk; fá á sig harða skorpu við að þorna. „Fiskurinn er byrjaður að skelja dálítið í þurrkinum“. C. Um sár; fá á sig harða verndandi skel þornaðra vessa og blóðstorku. D. Um mó; verða þurr/skorpinn að utanverðu.

Skelja úr (orðtak) Skera skelfisk úr skel (kúskel) til að nota hann í beitu; *skera úr*. „Var það aðgengilegra fyrir þann sem beitti ef búið var að skelja úr, og skera beitu þegar þeir komu af sjónum“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Skeljabrot (orðtak) Brot skeljar. Mikið er af skeljasandi á fjörum í Breiðafirði og við sunnanverða Vestfirði. Allur er hann myndaður af skeljabrotum; mismunandi fingerðum.

Skeljaður (l) A. Búinn að *skelja*. B. Þakinn áföstum skelfiski. Þannig ásætur eru algengar á hvöllum og, að sögn, einnig *skeljaskrímslum* sem sumir telja sig hafa séð á fjörum.

Skeljasandsbotn (n, kk) Sjávarbotn þakinn skeljasandi. „*Botnrek* er töluvert mikið á skeljasandsbotninum“.

Skeljasandsfjara (n, kvk) Fjara í skeljasandi. „Hvít skeljasandsfjara er með sjónum, frá Grundatöngum norður undir Blakk; um 2 km að lengd“ (IG; Sagt til vegar I).

Skeljasandslag (n, hk) Jarðvegslag af skeljasandi. „Allur neðri hluti Breiðavíkur.. er þakinn þykkur skeljasandslagi“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Skeljasandur (n, kk) Sandur sem myndaður er úr mulinni skel og skeljabrotum. Skeljasandur er í miklu magni á fjörum þar sem mikið er um skelfisk á grunnsævi framundan. Þannig er við utanverðan Breiðafjörð; sunnan og norðan, og á fjörum sunnanverðra Vestfjarða. Skeljasandur getur verið mismunandi að lit, eftir því hvar á fjörum hann er. Þannig er skeljasandur á Rauðasandi rauðleitur, enda mikið í honum af hörpudiski, en skeljasandur á Útvíkum og norðar er ljósleitur, vegna hins háa hlutfalls krækings og öðu. Sýnir þetta betur en annað að sandurinn er að mestu myndaður af þeirri skel sem fyrir landi er. Myndunin er vafalítið með tvennu móti: Annarsvegar mylur brimið niður skeljar og hinsvegar étur steinbíturinn gríðarlegt magn af skel sem hann mylur með sterkum tönnum. Hefur menn greint á um það hvor orsakavaldurinn sé öflugri. Þriðja kenningin um uppruna hins mikla sands norðan Látrarbjargs er sú að hann hafi borist þangað úr Breiðafirðinum. Vissulega er sjávarfallastraumur öflugur útmeð Bjarginu og Látraröstin eflaust fær um mikla efnisflutninga af því tagi. Hinsvegar er erfitt að skýra með þessu móti hið mikla sandmagn inni í fjörðum og hina miklu flokkun eftir tegundum, sem áður er getið.

Skeljasandsbreiður liggja á grunnsævi á þessum slóðum en rótast upp í fjöruna í brimi. Geta verið gríðarlegir flutningar á sandi eftir því úr hvaða átt brimar. Þannig getur mikið vestanbrim flutt sand upp á fjörur undir Hryggjum og í Vatnadalshóli á einni flæði, í því magni að á fjöru verði gengt þurrum fótum þar sem áður voru forvaðar; en skolað sandinum aftur út í næsta norðansjó; byggt upp sandrif suðureftir Grundagrjótum og myndað lón við útfall lækja.

Í gegnum tíðina hafa myndast mikil landflæmi af skeljasandi í víkunum. T.d. eru þykk lög af sandi neðantil í Kollsvíkinni allri; einkum sunnantil. Sandurinn hefur gróið upp í gegnum tíðina, en gróðurþekjan er viðkvæm á þurrum og næringarsnaudum sandinum. Því hefur sandfok og uppblástur hrjád þessar jarðir svo langt sem heimildir greina; einkum á þeim tímum þegar mikið er um norðanrok; þurr er löngum í tíð, og mikið beitarálag er. Blása þá upp stór melaskörð og sandskaflar berast upp á tún og suðurfir hálendið. Í sandfokinu er ekki einungis sandur heldur einnig leir og salt. Verður mökkurinn svo mikill í miklu sandfoki að skyggni verður lítið sem ekkert. Sandmóstan sest vindmegin á alla hluti og er t.d. járn fljótt að tærast. Tæki og girðingar hafa því gjarnan minni endingartíma en annarsstaðar. Ekki hafa fundist mikil not fyrir sandinn, að öðru leyti en því að nýta hann til steinsteypu. Hinsvegar eru sandbalarnir hinn besti þurrkvöllur, og þar urðu hin ágætustu tún þó þau séu í eðli sínu áburðarfrek mjög. Í gegnum tíðina hafa bændur kakkað á þau skít og ræksnum, með þeim árangri að kominn er frjór jarðvegur á yfirborðið. Gömlu túnin á Láganúpi, Hólum og Grundatúni eru t.d. í gríðarlegri rækt enn (2017), þó ekki hafi þau fengið áburðarkorn í nokkra áratugi, en nýjar sandsléttur gróa ekki nema með miklum áburði.

„Jarðvegur á Láganúpi er byggður upp á skeljasandi og því ófrjór og áburðarfrekur.“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Skeljaskrímsli (n, hk) Tegund *sjóskrímsla*. Þó vísindin eigi erfitt með að finna þessari dýrategund stað þá er viss rökfræði í þjóðtrúnni, hér sem víðar. T.d. er ekki ólíklegra að ásætur eins og skeljar festi sig við skrímsli sem skríður á land en hvali sem reglulega koma úr sjó. „Sýndist honum það vera þeirrar tegundar sem nefnd hefur verið *skeljaskrímsli*, en þau eru svo vaxin skeljum að skröltir í þegar þau hreyfa sig“.

Skeljatínsla (n, kvk) Hirðing skelja af fjörum. „Skeljatínsla til matar var alltaf einhver í Kollsvík. Tínd var lifandi og óskemmd skel sem barst á land áföst þönglum eftir mikið brim. Í r-lausum mánuðum er skelin talin eitruð og ekki tínd. Síðari tíma vísindi hafa staðfest að þá er meiri hætta á þörungaeitrun í henni“.

Skelkaður (l) Hræddur; skelfingu lostinn. „Ég varð bara dálítið skelkaður við að horfa á þig þetta“.

Skelkjast (s) Verða mjög hræddur/skelfdur. „Það er óþarfi að skelkjast þó gefi dálítið á herna í röstinni“.

Skelkur (n, kk) Hræðsla; beygur. „Einhver skelkur var í honum að leggja í lásinn“. Sjá; *skjóta skelk í bringu*.

Skella (n, kvk) A. Blettur; flekkur. „Er þetta kind þarna heimantil við hvítu skelluna í klettunum“? „Um morguninn ég uppdagaði óttalega þraut;/ ég alsettur var heljarmiklum bólum./ Með þessar rosaskellur til Þóris læknis þaut;/ ég þreyttur var og linnti ekki gólum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Graslaus blettur í túni; hárlaus/litaður blettur á húð. C. Hávær stelpa; brussa.

Skella (s) Detta harkalega; hlunkast. „Láttu ekki eggjakútinn skella harkalega utani í hifunginni“!

Skella af (orðtak) Skera af; stytta. „Það þyrfti að fara að skella aðeins af hárinu á mér“. „Við þurfum að skella af hornunum á hrútnum áður en þau gróa inn“. Sjá *hornskella*.

Skella aftur (orðtak) Loka t.d. hurð/loki. „Ekki skella svona aftur útihurðinni; þú getur brotið glerið“!

Skella á / Skella yfir (orðtak) Um veðurbreytingu; skúr/rigning/él/stormur/fárviðri eða annað fer að. „Mér sýnist hann vera að skella á með eitthvað úrhelli; við ættum að fara að koma okkur heim“. „Ekki vorum við komin langt þegar á okkur skall suðaustan bylur...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

- Skella/smella í góm** (orðtak) Mynda hvelld hljóð með því að loka góm með tungubroddi; mynda lofttæmi í munnholi og opna fyrir. Oft notað til að lýsa vanþóknun eða fyrirliðningu; eða sem tákn við stjórnun dýra.
- Skella í sig** (orðtak) Slangurmál yfir það að innbyrða/borða/drekka eitthvað. „Það er ekki tiltökumál þó eggjó sé örlítið byrjað að unga; skelltu þessu bara í þig“!
- Skella/slá (sér) á lær** (orðtak) Slá á lærið á sér í undrun/hneykslun/kátínu eða til að undirstrika önnur geðbrigði.
- Skella skollaeyrum við** (orðtak) Hlusta ekki á; hundsá; þykjast ekki heyra. „Svona fer þegar menn skella skollaeyrum við aðvörunum þeirra sem reynsluna hafa“. Gæti annaðhvort vísað til þess að fjandinn varni mönnum þess að heyra mál annarra, eða þess að þúki tekur einungis við skipunum síns húsbónda.
- Skella skoltum** (orðtak) Loka opnum munn í fljótheitum; bita snögg saman gómum/tönnum. „Allt í einu skellti hún skoltum á stykkið, og það undraði mig mest hvað hún náði stórum bita“ (IG; Æskuminningar).
- Skella undir nára** (orðtak) A. Berja fótastokkinn á hesti; hleypa hesti. B. Líkingamál; hlaupa af stað; fara af stað í flýti. „Hann sagði þeim að *éta það sem úti frýs*; skellti svo undir nára og fór heim *í fússi*“.
- Skella uppúr** (orðtak) A. Um róðrarlag árabát; árin kemur uppúr sjónum í átaki og skellur aftur í sjóinn. Slíkt getur t.d. hent þegar róid er í miklum veltingi og ekki er *tekið* nógu *djúpt í árinni*. B. Líkingamál; Fara að hlæja hátt; *skrolla* (hart l). „Mér *varð það fyrst fyrir* þegar þetta skeði að skella uppúr“.
- Skella við skætingi** (orðtak) Svvara með meinlegum/rætnum athugasemdum/svörum; hreyta ónotum.
- Skellibjart** (l) Flennibjart; alveg/mjög bjart. „Hann hafði létt þokunni og var komið skellibjart sólskin“.
- Skellibylur** (n, kk) *Kastvindur; kasthviða*. Mjög snörp og hvöss vindhviða niður dalverpi eða vík í *aflandsvindi*. „Það liggur við að karlgarminum finnist það spennandi, eftir allt hans amstur og bardús, að eiga nú að upplifa einn af þessum frægu skellibyljum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Skellihlátur** (n, kk) Hár og dillandi hlátur. „Hann rak upp skellihlátur þegar hann heyrði þetta“.
- Skellihlæja** (s) Hlæja skellihlátri. „Ég þurfti að *hafa mig allan við*, til að fara ekki að skellihlæja“.
- Skellihurð** (n, kvk) Hurð sem dregst sjálf að stöfum vegna halla, draglóðs eða annarrar þvingunar.
- Skellinaðra** (n, kvk) A. Annað heiti á skröltormi; amerískri eiturslöngu. B. Gælunafn á litlu mótörhjól.
- Skelliskauti** (n, kk) Um bát með keiparæði; sá keipur/skauti keiparæðis sem veit frá ræðara/ er aftar á bátinum. Á honum skellur árin þegar henni er sveiflað fram eftir áratogið. Einnig nefndur fyrirskauti.
- Skellóttur** (l) Með *skellum/flökkjum*. „Túnin voru ansi skellótt eftir kalið“.
- Skelltur** (l) Klippur; stýfaður. „Útaf fyrir sig er í lagi þó netið sé skellt í sundur ef maður hefur *lagt yfir*; en það er ruddaskapur að *skera í sjó* og binda ekki saman“!
- Skellur** (n, kk) Smellur; dynkur; snöggur hávaði.
- Skemmdarvargur** (n, kk) Sá sem skemmir að gamni sínu/þarflausu. „Það þarf að ná þessum skemmdarvargi“.
- Skemmta skrattanum** (orðtak) Gera illt verra; valda úlfúð/ruglingi/málþófi/skaða. „Mér líka ekki þessi ummæli hans, en ég ætla ekki að fara að skemmta skrattanum með því að deila meira við hann“.
- Skella skolleyrum við** (orðtak) Um það sem sagt er, t.d. viðvaranir; taka ekki mark á; hlusta ekki á; *láta sem vind um eyru þjóta*. „Hann skellti skollaeyrum við öllum viðvörunum og lagði af stað“. Skollur merkir svik eða vélráð, sbr „skolli“. Skolleyru eru því væntanlega eyru sem svíkja; þ.e. þykjast ekki heyra/ heyra ekki.
- Skellihæja** (s) Hlæja hátt og dátt. „Hann skellihló þegar ég sagði honum frá þessum mistökum“.
- Skellóttur** (l) Blettóttur; *skjömbóttur*. „Þakið er að verða dálítið skellótt, það fer að þurfa málningu bráðum“.
- Skelmir** (n, kk) Þrjútur; vargur; óþokki. „Haldiði ekki að bannsettur skelmirinn hafi stolið af mér hnífnum“!
- Skelmislegur** (l) Hrekkjalegur; prakkaralegur. „Ekki gekkst hann við þessu, en mér fannst hann grunsamlega skelmislegur á svipinn“.
- Skeltekjja** (n, kvk) Afli af skel þegar hennar var aflað til beitu. „Svona gekk þetta æ ogfan í æ; að draga plóginn og tæma pokana, uns sæmileg skeltekjja var fengin og þreyta og svefnleysi fór að sækja á mannskapinn“ (KJK; Kollsvíkurver; sjá *kúskel*).
- Skelþorna / Skelþurr** (s/l) Þornuð skán utaná en rakara inni. „Riklingurinn...var venjulega þurrkaður. Flökin hengd upp og látin *skelþorna*...“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Skelþunnur** (l) A. Mjög þunnur; eins og skel að þykkt. „Fyrir alla muni farið ekki út á ísinn; hann er skelþunnur“! B. Líkingamál um þann sem er mjög heimskur eða með eftirköst áfengisdrykkju.
- Skemill** (n, kk) Lágt sæti; upphækkun til að hvíla færur meðan maður situr.

- Skemma** (n, kvk) Geymsluhús. Var oft eitt húsa í gömlu burstabæjunum, en hefur síðar haldið heiti sem sérstætt hús.
- Skemma** (s) Spilla; eyðileggja; valda skemmdum. „Farðu nú varlega með þetta til að skemma það ekki!“
- Skemma fyrir (einhverjum)** (orðtak) Spilla fyrir. „Hann skemmdi fyrir sér með þessum kjaftagangi“.
- Skemmast** (s) A. Um hlut; verða fyrir skemmdum. B. Um mann; kala; meiðast.
- Skemmd** (n, kvk) A. Skaði; tjón; það sem ónýtt er af stærri heild. Sjá *til skemmda*. B. Kal; ígerð.
- Skemmdarfýsn** (n, kvk) Vilji til að valda skemmdum. „Ég skil ekki svona skemmdarfýsn“.
- Skemmdarstarfsemi** (n, kvk) Eyðileggingarnáttúra; ribbaldaháttur; vandalaháttur; það að eyðileggja eitthvað viljandi. „Þetta er auðvitað skemmdarstarfsemi og ekkert annað“!
- Skemmdarvargur** (n, kk) Sá sem skemmir/ veldur skemmdum. „Selurinn er bölváður skemmdarvargur í netunum“.
- Skemmdarverk** (n, hk) Skaði sem unninn er vísvitandi. „Þetta eru bara *hrein og klár* skemmdarverk“!
- Skemmri skírn / Skemmriskírn** (orðtak/n, kvk) A. Skírn barns af óvígðum manni. Í kaþólskri kristni fyrir á öldum var álitid mjög mikilvægt að allir yrðu skírðir fyrir andlátið til að einhver von væri til að þeir yrðu sáluhólpnir; einnig börn sem séð varð að myndu deyja fjótlega eftir fæðingu. Því varð hver fullorðinn maður að kunna faðirvor og trúarjátningu til að vera reiðubúinn að skíra skemmri skírn. Er kveðið á um það í kristinrétti hinum forna frá því kringum 1130. Konur máttu þó helst ekki skíra skemmri skírn, ef vól var á karlmanni til verksins. B. Líkingamál um verk sem vinna þarf í hasti, þó ekki verði það jafn vandað og vera skal; verk sem virðist flauturslega unnið. „Þeir voru búnir að mála húsið, en mér fannst vera óttaleg skemmriskírn á því“.
- Skemmst er frá (því) að segja** (orðtak) Til að gera langa sögu stutta; svo farið sé fljótt yfir sögu; í stuttu máli.
- Skemmta** (s) Veita skemmtun/gleði. „Hann skemmti þar með söng“. Einnig í þolmynd: „Mér var ekki skemmt þegar ég fékk þessi tíðindi“.
- Skemmta sér** (orðtak) Hafa gaman; gleðjast; hlakka. „Ég skemmti mér hið besta við að horfa uppá þetta“.
- Skemmta skrattanum** (orðtak) Um óreiðu eða tilgangslausan/skaðlegan verknað. „Ég held að það *hafi nú ekkert uppá sig* að bölsótast þó vélin fari ekki í gang; það er nú bara til að skemmta skrattanum“. Vísar til þess að þjóðtrúin segir að þúkar og árar fagni mjög þegar illa gengur hjá mannfólki og blótsyrða er von. Segir í þjóðsögum JÁ að orðtakið eigi sérlega við það þegar tveir kveða; sína vísuna hvor.
- Skemmtanahald** (orðtak) Samkoma; mannfagnaður. „Það verður lítið af skemmtanahaldi í þessu veðri“.
- Skemmtiefni** (n, hk) Það sem verður manni til skemmtunar; *gleðiefni; aðhlátursegfi*. „Mér fannst það ekkert skemmtiefni að fá svona fréttir“.
- Skemmtilega** (l) Á áhugaverðan/skemmtilegan hátt. „Pabbi las líka oft sögur fyrir okkur á kvöldin, þegar við vorum lítil. Hann las svo skemmtilega að það var ekki hægt annað en taka eftir hverju orði“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Skemmtiferð / Skemmtireisa** (n, kvk) Ferð sem farin er til skemmtunar. „Eina skemttiferð hafa fjelagar (í Vestra) farið á sjó; út á Bjargtanga til þess að skoða Bjargtangavitann, og aðra inn að Vestur-Botni í Patreksfirði til þess að skoða skógarleifarnar og skemta sjer. Fjelagar í Von komu þangað líka sama dag. Sumarið 1926 gekkst Von fyrir skemttiferð í Skor. Þar var haldin guðsþjónusta undir beru lofti í Skorarvogi í rigningu og fyrirlestur um Eggert Ólafsson“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Skemmtiganga** (n, kvk) Skemmtileg gönguferð. „Hann var *drullulofthráddur* og fannst það lítil skemmtiganga að þurfa að smala þessar hliðar“.
- Skemmtiheimsókn** (n, kvk) Heimsókn í skemmtanaskyni; vinaheimsókn. „Það er nú lítil skemmtiheimsókn að fá þessa hrútafjanda innanað. Þeir verða bara að sækja sem eiga“!
- Skemmtilega** (ao) Með ánægjulegum/gleðilegum hætti. „Það vill svo skemmtilega til“.
- Skemmtilegheit** (n, hk, fto) Ánægjuefni; ástæða til að gleðjast. Oft notað í andstæðri merkingu: „Hann segist vera kominn með ælupest, niðurgang og önnur slík skemmtilegheit“.
- Skemmtilegheit** (n, hk, fto) Skemmtiefni; glens. „Það voru ýmis skemmtilegheit þarna á hátíðinni“. Einnig í kaldhæðinni merkingu: „Það verða líklega skemmtilegheit í netunum eftir norðangarðinn“!
- Skemmtilesning / Skemmtilestur** (n, kvk) Ánægjulegt lesefni/sendibréf/rit. „Ekki er það nein skemmtilesning sem skattstjórinn er að senda núna“!
- Skemmtisamkoma** (n, kvk) Samkoma fólks til skemmtunar. „Almennar skemmtisamkomur hafa verið fátíðar í fjelaginu; ein og eingin á vetri, og hefir húsleysi valdið því“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Skemmtisigling (n, kvk) Skemmtileg sigling/bátsferð. „Það verður engin skemmtisigling í röstinni þegar svona stendur á falli“.

Skemmtun (n, kvk) Gleði; ánægja. „Við gerðum okkur það til skemmtunar að sigla tunnubátum á Torfalæknum“.

Skenglast (s) A. Rölta; komast; drattast. „Það er nú ekki fyrir hvern sem er að fara Sveltisganginn, en einhvernvegin skenglast maður þetta“. „Er hann ekkert að skenglast á fætur ennþá“? B. Um skó; epjast; skekkjast undir ilinni. „Það er ómögulegt að vera í of stórum stígvélum í smalamenssu; þú verður fljótt sárfættur þegar þau skenglast í ósléttunni“.

Skenkja (s) Gefa; færa að gjöf. „Hann skenkti mér þessa forláta bók“.

Skens / Skensyrði / Skensvísa (n, hk) Grín; hæðni. „Hann er alltof montinn til að skilja svona skens“.

Skensa (s) Gera grín að; hæða. „Þeir eru ennþá að skensa hann fyrir þessa uppákomu á þorablótinu“.

Skensinn (l) Hæðinn; gagnrýninn. „Það er ekki nóg að vera skensinn á annarra manna tillögur, ef maður hefur svo ekkert sjálfur fram að færa“!

Skepna (n, kvk) A. Dýr í víðtækustu merkingu. „Þetta tíðarfar bitnar bæði á mönnum og skepnum“. B. Búfé, sbr *skepnuhald*; *skepnuþúskapur*. C. Vesalingur; aumkunarverð manneskja. „Maður liggur bara í sínum veikindum, eins og hver önnur skempna“. D. Örlög. Dregið af sögninni að skapa eins og fyrrnefndar merkingar, og vísar stundum til skaparans: „Það þarf ekkert að sjóða þessi krúegg; maður étur þau bara *eins* og þau koma fyrir af *skepunn*“. E. Fantur; ruddi; ótuft. „Óttaleg skepna getur hann verið“!

Skepnan líða meinlaus má, mannsins því hún geldur (orðatiltæki) Spekin virðist hafa verið þekkt í Rauðasandshreppi áður fyrr, af því sem ráða má í grein í Lilju; blaði Ungmennafélagsins Smára í Örlygshöfn í jan 1938, er nefnist „Meðferð á dýrum“. Heyrðist þó ekki mikið síðar á þeirri öld.

Skepnuhald / Skepnuþúskapur (n, kk) Búskapur með sauðfé og/eða stórgripi, til aðgreiningar frá t.d. garðyrkjubúskap og ferðabjónustu; framgangur/velferð búfjár. „Í Rauðasandshreppi hefur frá öröfi alda verið stundaður skepnuþúskapur á hverri jörð, og sumsstaðar útræði að auki; allt framá 20. öld. Þá fóru að koma upp ýmsir aðrir atvinnuhættir“. „Skepnuhöld hafa verið góð, að undanskildu því að í haust og fyrir hluta vetrar gjörði bráðapest vart við sig með mesta móti“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Skepnufóður (n, hk) Fóður/matur fyrir skepnur. „Þetta rúgmjöl er varla nothæft í skepnufóður“!

Skepnuheldur (l) Garður, girðing eða annað hólf sem skepnur komast ekki gegnum. „Á kambinum er hlaðinn túngarður sem stendur sumstaðar mjög vel. ...Fyrir ofan þennan garð voru hlaðnir veggir um kartöflugarða sem seinna standa það vel að þeir væru enn skepnuheldir með litlum lagfæringum“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). Orðið finnst ekki í orðabókum en er almennt notað um girðingar og fleira í Kollsvík.

Skepnuhirding (n, kvk) Umönnun búfjár, t.d. gjafir, vötnun, mjaltir, skítmokstur o.fl. „Karlmennt komu ekki að skepnuhirdingu eftir að þeir fóru í Verið. Konur urðu að bæta þeim á sig, og vinna á túnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Skepnuhús (n, hk) Hús sem búfénaður er hafður í; fjárhús/fjós o.fl. ásamt fóðurgeymslu/hlöðu.

Skepnuþúskapur (n, kk) Illkvittni; slæm meðferð. „Hann var alræmdur fyrir skepnuskap við sína leiguliða“.

Skepnutegund (n, kvk) Dýrategund. „Ekki veit ég hvaða skepnutegund þetta er, þarna í þaranum“.

Skeppa (n, kvk) Gömul mælieining á rúmmáli þurrvöru. Ein skeppa samsvaraði 17,4 lítrum; tvær skeppur voru fjórðungur (34,7 lítrar) og átta skeppur sama og ein tunna (139 lítrar). Kornvara var oft mæld í skeppum.

Skeptískur (l) Tortrygginn; gagnrýninn; efinn. „Ég er dálítið skeptískur á svona *tiltektir*“.

Sker (n, hk) Hlein; klettur eða klöpp sem fer á kaf í sjó á flæði en kemur uppúr um fjöru. Getur verið landfast um fjöru eða úti í sjó. Dæmi um sker eru Breiðasker og Straumsker. Undantekningar eru á reglunni, t.d. fer Nónsker í Skor aldrei á kaf á flæði. Ef skerið kemur ekki uppúr sjó nefnist það grynning eða boði. Þó eru undantekningar á því einnig, t.d. Arnarboði, sem kemur uppúr um fjöru. Ekki eru dæmi þess í Rauðasandshreppi að sker séu inni í landi, líkt og sumsstaðar annarsstaðar á landinu. Sjá *flæðisker*.

Sker/nístir í gegnum merg og bein / Sker í eyru (orðtak) Um óhljóð/iskur/gaul/væl; illbærilegt að hlusta á. „Hrafninn renndi sér niður þakið með ískri sem skar í gegnum merg og bein“.

Sker (s) A. Taka í sundur með hníf. B. Um búfé; slátra. „Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í *snatri* og *gert til*“ (PG; Veðmálið).

Sker að sér/ frá sér (orðtök) Beita hnífsegg að/frá þegar skorið/telgt er.

Sker af fóðrum/heyjum (orðtak) Slátra fé að vetrarlagi, þegar sýnt er að fóður dugir ekki framúr (til vors) að öðrum kosti. Var talið neyðarúrræði í búskap.

- Skera á** (orðtak) Skera sundur band/línu o.þ.h. „Við skárum á netið sem lá yfir okkar, og gengum frá endum“.
- Skera (sig) frá** (orðtak) A. Skera sig svo illa á hníf að maður geti ekki unnið. „Getur þú mætt í slátrun á morgun; það var einn að skera sig frá“? B. Skera bát frá landfestu/öðrum báti t.d. vegna slæms sjólags. „Við urðum að skera okkur frá þegar hvert ólagið eftir annað skall yfir“. „Hafði því hákarlinn verið skorinn frá aðlokum; en ekki fyrr en um seinan“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).
- Skera fyrir** (orðtak) Skera fyrstu hnífsbrögðin við *flatningu fisks* (sjá þar).
- Skera handa skollanum** (orðtak) Hjátrú/víti sem segir að ef maður sker matinn frá sér í stað þess að skera hann að sér þá sé maður að skera handa skollanum; þ.e. fœðra andskotann.
- Skera hrúta** (orðtak) Hríjóta í svefni. „Það þýðir ekkert að þræta fyrir það; þú varst grjótsognaður og farinn að skera hrúta. Minna mátti nú heyra“!
- Skera inn** (orðtak) Skera hákarl sem settur hefur verið á tamp, og innbyrða það sem nýtilegt er, t.d. lifur. Miðstykki úr baki var annars látið ganga fyrir ef plásslítið var í bátum.
- Skera í ígerð/meinsemd** (orðtak) Gera lítinn skurð í ígerð til að hleypa greftri út og sóthreinsa sárið.
- Skera í sjó** (orðtak) Skera í sundur net/línu sem lögð hefur verið yfir annað veiðarfæri af slyzni/gáleysi, án þess að hnýta skornu endana saman aftur. Óskráð regla var að setja skornu endana aftur saman með góðum hnút, en í *svekkelsinu* var hún ekki alltaf virt. „Það þykir hinn mesti ruddaskapur að skera í sjó, enda kostar það tafir við að fara í hitt bólið og getur valdið auknum skemmdum á veiðarfærum“.
- Skera niður** (orðtak) A. Skera stykki í búta/sneiðar. „Skerður ekki meira niður af brauðinu en notað verður“. B. Slátra bústofni að mestu eða öllu leyti, t.d. til að *fækka á fjöðrum* eða vegna faraldurs. „Það þurfti að skera niður hjá honum vegna riðuveiki“. C. Skera net eða stóra skepnu við borstokk og hleypa niður. „Netin voru svo kjaftfull af skít að á kafla urðum við að skera þau niður“. „Meðan mest verð var á hákarlalýsi kom lítið á land annað en lifrin; hákarlinn var skorinn niður við skipshlið úti á miðum“. D. Minnka; rýra. „Fjárveitingar til snjósmoksturs voru verulega skornar niður þetta árið“.
- Skera (eitthvað) niður við trog** (orðtak) Farga einhverju algerlega; drepa eitthvað niður. Líking við slátrun sauðkindar, en þá er trogi brugðið undir strjúpann til að hirða blóðið, eftir að hálsæðar eru skornar.
- Skera ofanaf** (orðtak) Rista torf af jörð; skera þúfur/þúfnakolla til að slétta land, t.d. við túnagerð.
- Skera sig úr** (orðtak) Vera öðruvísi en fjöldinn; vera áberandi. „Mér finnst þessi alveg skera sig úr“.
- Skera til** (orðtak) Sníða til; laga eitthvað, t.d. gæru eða skinn, með því að skera skækla af.
- Skera undan** (orðtak) Um *siglingu* báts; *missa stýri*; *missa sjó*; þegar kjölur báts lyftist að hluta upp úr sjó í öldugangi. „Stundum reis skip svo hátt í sjónum að það var hálf á lofti að aftan og við það *missti stýri sjó*. Var þá sagt að *skæri undan*. En þá stýrðist ekki og skipið rann við og átti á hættu að *taka sjó*“ (LK; Ísl. sjávarh. III; eftir ÖETh).
- Skera upp** (orðtak) A. Gera skurðaðgerð. B. Hirða uppskeru, t.d. af korni. „Það *uppsker hver sem hann sáir*“. C. Búta hákarl niður í lykkjur.
- Skera upp herör** (orðtak) Notað nútíldags um það að efna til átaks gegn einhverju málefni. Orðtakið vísar til ævaforms síðar sem viðhafður var til þess m.a. að kalla saman herlið til orrustu og efna til hreppsfunda. Var þá skorið boð um það á legg örvar eða eftirlíkingar af ör, og það boðsent bæ frá bæ; *réttu boðleið*, um byggðarlagið. Um boðsendinguna giltu afar strangar reglur sem tryggðu að boðið var fljótt í förum. Vitað er að Hákon Aðalsteinsfóstri endurbætti þessar reglur kringum 950. Síðar tóku *þingboðsaxir* og *þingboðskrossar* við hlutverki örvanna. Um *axarboð* giltu m.a. reglur í Grágás og síðar Jónsbók. Sjá nánar; *boðleið*. Sjá *örvarboð*.
- Skera uppúr** (orðtak) A. Rista fyrir þegar kindarskrokkur er fleginn. Einkanlega átt við fyrirristu á kvið. B. *Skipta eftir hrygg*; skera ullarreyfi á kind eftir hryggnum, þannig að hægara sé að taka af henni. C. Skera á milli blaða í nýútkominni bók. Bækur eru prentaðar í örkum, og fyrrum voru þær gefnar út þannig að lesandi þurfti að byrja á að skera milli blaða að framan og ofan. Nú er þetta skorið í vél fyrir útgáfu. D. Kveða upp úrskurð; taka ákvörðun í deilumáli. „Um þetta var þrætt, þangað til réttarstjóri skar uppúr með það að hrúturinn yrði boðinn upp“.
- Skera úr** (orðtak) A. Kveða upp úrskurð/dóm í máli; ákveða; ákvarða. B. *Skera úr skel* (sjá þar).
- Skera úr skel / Skelja úr** (orðtök) A. Skera skelfisk úr kúskel til að nýta hann í beitu. Meðan *legið* var *yfir línu* var skorið úr skel og beita brytjuð... (KJK; Kollsvikurveir; *kúfiskur*). „Var það aðgengilegra fyrir þann sem beitti ef búíð var að skelja úr, og skera beitu þegar þeir komu af sjónum“ (KÓ; Róið úr Kollsvikurveiri). B. Skera kjaftbein úr steinbítshaus. „Þegar hausinn var orðinn hálfpur var kjaftbeinið stundum alveg losað frá; kallað að skera úr“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Skera úr hryggjum** (orðtak) Skera sundmaga innanúr þorskhyggjum (sjá *sundmagi*).

Skera út (orðtak) Skera myndir/listaverk í tré. Í Kollsvík hafa búið margir oddhagir menn og listakonur. Af síðari tíma fólki má nefna listakonuna Sigríði Guðbjartsdóttur á Láganúpi.

Skera vel/illa (orðtak) Um það hvort *sláturdilkar* eru vænni eða rýrari en búist var við meðan þeir voru á *fæti*. „Þú varst að slátra; og hvernig skarst hjá þér“?

Skera við nögl (orðtak) Skammta naumt; vera spar á. „Hann var kominn í stakkin; tók upp rjólstubbinn; brá honum undir jaxla og klippti af. Hún var ekki skorin við nögl þessi“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Skera (niður) við trog (orðtak) Slátra; skera stórlega niður; eyðileggja. „Fjárveitingar í þessa vegi hafa verið skornar niður við trog á síðari árum“. Þegar skepnu er slátrað er blóðinu safnað í trog, til sláturgerðar.

Skera (s) A. Ganga inni. „Gjárdalur skerst inni brún Blakksins að norðanverðu“. B. Um búfé; slátrast. „Hann taldi að vel hefði skorist hjá sér þetta haustið“.

Skera í leikinn (orðtak) Skipta sér af. „Skriillinn var orðinn of galsafenginn svo lögreglan skarst í leikinn“.

Skera í lið með (orðtak) Veita liðsinni; aðstoða; ganga til liðs við. „Ég skarst í lið með þeim við *innreksturinn*“.

Skera í odda með (orðtak) Koma til bardaga/átaka á milli. „Á fundinum skarst nokkuð í odda með þeim sem voru með og á móti“. Vísar til orrustu; þegar lið mætast skarst oddar á vopnum.

Skera úr leik (orðtak) Hætta þátttöku; vera ekki með. „Ætli ég verði ekki að skera úr leik að þessu sinni“.

Skera (s) Skera; skera/hluta af; minnka. Upprunalega hefur sögnin þýtt að skera, sbr *ráskerðingur*, sem er fiskur sem hengdur er upp til herslu. Í hann hefur upprunalega verið skorin *þuma* til festingar.

Skerðing (n, kvk) A. Það að skera. B. Skora; skarð.

Skerðast um (orðtak) *Sneiðast um*; skorta; verða lítið um. „Það fer bráðum að skeraðast um *brauðamat*“.

Skerfur (n, kk) Skiptahlutur; hluti; framlag. „Hann hefur nú fengið sinn skerf af mótlætinu blessaður“.

Skeri (n, kk) A. Fjörumaðkur; liðormur í sjó, með húðtotur og kítínbursta á hliðum. „Þorskurinn reyndist stútfullur af skera“. B. *Torfljár; þökuskeri; ristuspáði*; plógblað „Mér sýnist þetta vera blað af skera“.

Skeraþálkur / Skeraþálki / Skeraþálfi (n, kk) Mörg samliggjandi sker; samliggjandi hleinar. „Að norðanverðu er skeraþálkur sem kallast Bjarnarklakkar“ (HÖ; Fjaran). „Undan Hænuvíkurnúpnum innanhallt er mikil skeraþálfi sem getur verið varasöm þegar siglt er grunnt með landi um hálfallið“.

Skerjótt (l) Mikið um sker. „Undan Hreggnesanum er skerajótt og varasöm grunnleið“.

Skermsl (n, hk) Hróður yfir sár. „Það er hætt að blæða og fljótlega kemur eitthvað skermsl yfir sárið“.

Skerpa (n, kvk) A. Töggur; viðbragðsflýtir; kraftur til vinnu, hlaupa og gangs; glöggskyggni í hugsun. „Það er enn fjandi mikil skerpa í gamla mannum, þegar hann þarf að smala kindum“. B. Mikill og skarpur þurrkur; *skerpuþurrkur*.

Skerpa (s) Brýna; gera skarpri/beittari.

Skerpa á (orðtak) A. Hnykkja á: „Hér gæti þurft að skerpa á reglum“. B. Hita: „Ég ætla að skerpa á kaffinu“. „Venjulega var tekið mað lítið eitt af kolum, sem þótti gott að geta gripið til ef sérlega þurfti að skerpa lítilliga á eldi“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Skerpa bróðurkærleikann/kærleikann (orðtak) Oftast notað um það þegar tveir vinir eða skyldir rífast eða slást, og er því nokkurskonar kaldhæðni. „Það mátti heyra það um öll miðin þegar þeir fóru að skerpa bróðurkærleikann, og það skeði ekki ósjaldan“.

Skerpa undir (orðtak) Um eldun/hitun; auka hita undir. „Ég ætla að skerpa undir vatninu; svo hellum við okkur uppá kaffi“. „Ketsúpan er mikið betri eftir að búið er að skerpa undir henni í annað sinn“.

Skerpiket (n, hk) Þurrkað ket að hætti Færeyinga. Skerpiket er nokkurskonar þjóðarréttur Færeyinga og á sér meira en þúsund ára hefð.

Skerpiþjöl (n, kvk) Þjöl til að skerpa sagartennur; *þristrendingsþjöl*. „Þessi þjöl er nú varla orðin nokkur skerpiþjöl lengur; hún er orðin svo lúin“.

Skerpla (n, kvk) Annar mánuður sumars samkvæmt fornu tímatali. Hefst laugardaginn í 5.viku sumars; 19.-25.maí. Nafnskýring ekki viss. Nefnd eggðið og stekktið í Snorra Eddu.

Skerpuróður (n, kk) Skarpur róður; hraður/ákafur róður. Notað þannig í Kollsvík, en annarsstaðar á landinu mun hafa tíðkast skerpingsróður eða að róa í skerpingi.

Skerpusólskin / Skerpuþurrkur (n, kk) Mjög góður þurrkur, þannig að hey þornar mjög fljótt (skarpt). „Fjandi verður heitt í bjarginu í þessu skerpusólskinu“. „Það verður *likastil* framhald á þessum skerpuþurrki á morgun; eftir spánni“. Annarsstaðar mun hafa þekkt „skerpiþurrkur“.

Skerpuspöttur (n, kk) Hraður spöttur; hratt en tiltölulega stutt hlaup. „Þetta var skerpuspöttur, en ég hafði kvikindið að lokum“!

Skerstokkur (n, kk) Stuttur stokkur með raufum í hliðum, sem notaður er til að saga sundur efni af nákvæmni.

Skessa (n, kvk) Óvættur úr þjóðtrú; tröllkona; flagð. Grýla og Gilitrutt voru nafntogaðar skessur.

Skessuketill (n, kk) A. Ketill sem þjóðtrúin segir skessur nota, m.a. til að sjóða í þeim mannfólki. B. Náttúrufyrirbæri sem finnst þar sem harður straumur vatns eða sjávarbrims þeytir steinum til á sama bletti og holar með því bergið í brunn. Víða má sjá skessukatla á hleinum, m.a. í Kollsvík og nágrenni.

Skessuleikur (n, kk) Leikur barna. Hann fer í stórum dráttum þannig fram að eitt barn í hópi er skessan, og situr hún í ímynduðum helli sínum. Hin börnin koma á landið hennar og tína ber. Segja gjarnan eitthvað á þessa leið; „tína ber í skessulandi; skessa er ekki heima“. Þegar skessan sér barn í færi stekkur hún upp og reynir að fanga það. Takist það verður hinn sami skessan.

Skeyta (s) A. Tengja/festa saman; setja skeyti/borð í bát. B. Skipta sér af; taka eftir. „Ég kallaði á hann en hann skeytti lítið um það“.

Skeyta að sköpuðu (orðtak) Laga sig að því sem er; gera það sem aðstæður gefa tilefni til. Skeyta merkir að fella að, og merkingin er sú að fella sig að þeim aðstæðum sem skapast hafa. Einnig; *láta skeika að sköpuðu*.

Skeyta engu/öngvu (orðtak) Hirða ekki um; hlýða ekki; hafa ekki áhyggjur af. „Hann skeytti því öngvu þó blóðið lagaði úr sárinu, heldur dró netið inn í kappi. Enda mátti engan tíma missa svo bátinn ræki ekki upp“.

Skeyta saman (orðtak) Tengja/festa saman.

Skeyta skapi sínu á (orðtak) Láta skapvönsku bitna á. „Tuddinn var kominn í ham og skeytti skapi sínu óspart á moldarbarðinu“.

Skeyta um (orðtak) Skipta sér af; hirða um

Skeytasendingar (n, kvk, fto) A. Um orrustu; örvahrið; örvar/kastspjót sem skotið er gegn óvini. B. Líkingamál; köpuryrði/skammir/aðfinnslur/níð sem sent er milli manna, annaðhvort einhliða eða gagnkvæmt. Stundum í bundnu máli. „Ég kæri mig ekkert um svona skeytasendingar frá honum“! C. Líkingamál; sending símskeyta um fjarskiptanet/símalínu; sending smáskilaboða/SMS.

Skeyti (í báti) (n, hk) A. Borð í báti. „Þegar fór að batna tíð var farið að huga að bátunum, en þeir voru á hvolfi frá því um haustið. Það þurfti að bika þá innan og mála utan, og ef til vill skipta um eitt eða tvö skeyti; gera við band eða bunkastokk og setja niður vélina“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). B. Spjót, ör eða annað kastvopn. Síðar yfirfært á eldflaugar/flugskeyti. C. Símskeyti; símpóstur; smáskilaboð/SMS. D. Viðbót; viðskeyti við eitthvað, t.d. orð.

Skeyting (n, kvk) A. Samskeyti; samsetning. B. Hirðusemi; umhyggja.

Skeytingarlaus (l) Hirðulaus; kærulaus; áhugalaus. „Hann virðist alveg skeytingarlaus um þetta“.

Skeytingarleysi (n, hk) Hirðuleysi; áhugaleysi; kæruleysi.

Skeytingarlítill (l) Kærulaus; áhugalaus. „Óttalega finnst mér þú vera skeytingarlítill um námið“.

Skifta / Skiftast (s) Skipta / skiptast. Í eldri skjölum Kollsvíkinga (fyrir ca 1950) er rithátturinn með f en ekki p eins og annarsstaðar var og nú er viðtekið. „Arður sem verða kann af rekstrinum skiftist árlega á hluthafa eftir hlutafjárupphæð þeirra“ (Samþykktir fyrir Jarðræktarverkefni Kollsvíkinga, 1945).

Skiki (n, kk) Lítið svæði; hluti svæðis. „Það tekur því varða að slá þennan skika þegar nóg er annað“.

Skikk / Skikkan (n, hk/kvk) Regla; skipulag; siður; háttur. „Hann sá til þess að skikk var á hlutunum“. „Ætli það verði ekki að reyna að koma einhverri skikkan á þetta“. *Koma skikki/skikkan á; með skikk og spekt*.

Skikka til (orðtak) Skipa að gera; fyrirskipa. „Bændur voru skikkaðir til að flytja smjörið til bæja og svo bauð sýsli allt saman upp. Geri aðrir betur í húsbóndahollustu!“ (SG; Handverk og smíði; Þjhd.Þjms).

Skikkanlega (ao) *Sæmilega*; þolanlega. „Mér líður skikkanlega núna“.

Skikkanlegheit (n, hk, fto) „Rólegheit; gott lag; kurteisi; heiðarleiki. „Ég leit aðeins inn í fjárhúsin og þar var allt með skikkanlegheitum; engin virtist í tilferð með að bera“.

Skikkanlegheit (n, hk, fto) Reglusemi; rósemi; regla; kyrrð. „Það virtist allt með skikkanlegheitum í fjárhúsunum, og engin í tilferð með að bera“.

Skikkanlegheita (ao) Góður; rólegur; skynsamur. „Það er komið skikkanlegheita veður“.

Skikkanlegt (l) Sæmilegt; hóflegt. „Veðrið er nú skikkanlegt ennþá, en hann verður fljótur að breyta, trúi ég“. „Ég er nú með skikkanlegra móti en í gær, en hóstinn er ekki góður enn“.

Skikkast til (orðtak) Um veður/sjólag; lagast; batna; lygna. „Eitthvað sýnist mér þetta vera að skikkast aðeins til. Ég ætla allavegana að fara að hleypa fénu í vatn“.

Skikkelsi / Skikkur (n, hk) Regla; ró. „Það þarf að koma einhverju skikki á þessi mál“. „Er ekki allt í skikkelsi hér“?

Skikkelsisfólk / Skikkelsisgrey / Skikkelsisnáungi / Skikkelsismanneskja / Skikkelsispiltur / Skikkelsiskepna (n, hk/kk/kvk) Orð sem höfð eru til að lýsa mönnum og skepnum sem eru friðsöm/vingjarnleg/ ekki óstýrilát. „Strákurinn er mesta skikkelsisgrey“. „Mér fannst þetta bara skikkelsisnáungi“. „Þetta er mesta skikkelsiskepna“.

Skikkja (n, kvk) Möttull; ermalaus yfirhöfn sem fest er saman á brjósti.

Skikkun (n, kvk) Skipun; fyrirmæli. „Ég tek ekki við neinni skikkun af hans hendi“!

Skikkunarbréf (n, hk) Skipunarbréf, t.d. í embætti; bréf með fyrirmælum.

Skikkunarvald (n, hk) Vald til að gefa fyrirskipanir; vald til skipunar í stöðu/embætti.

Skil (n, kvk, fto) A. Aðgreining; skipting; landamörk; takmörk. „Um Ívarsegg liggja skilin milli Láganúps- og Breiðavíkurjarða“. *Sjá ekki handa sinna skil*. B. Greining þekkingaratriða. „Ég kann engin skil á þessu“. C. Greinargerð; reikningsskil; skilvísi. „Hann er í skilum með lánið“. „Hann greiddi þetta allt með skilum“. „Óskilafé ber að færa á skilarétt“. D. Bil milli þráða í vefstól.

Skila (s) Gera skil; greiða/láta til baka. „Ég skilaði þeirri vöru sem gölluð var“. B. Koma boðum áleiðis. „Skilaðu kveðju til allra“. C. Komast áfram í ætlaða stefnu. „Okkur skilaði fremur hægt áfram“.

Skila af sér (orðtak) *Koma því til skila* sem til stóð; losa sig við sendingu til vitakanda.

Skila nestinu (orðtak) Um sjóveiki; leggjast útá borðstokkinn og æla; *leggja lóðir; kalla í Eyjólf*. „Ætlaðu að skila öllu nestinu drengur“?

Skila sér (orðtak) Koma til baka. „Þaðan skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“ (PG; Veðmálið).

Skila sér til sama lands (orðtak) Fara aftur á þann stað sem maður var á; snúa aftur heim. „Þetta var indælis heimsókn, en ætli maður fari ekki að skila sér til sama lands *hvað úr hverju*“. Líking við það að bátur snúi til vers úr róðri. Mikið notað af Kollsvíkungum.

Skilaboð (n, hk, fto) Boð sem send eru gegnum þriðja aðila. Vísar e.t.v. upphaflega til axarboðs, sjá *boðleið*.

Skiladagur (n, kk) Dagur þegar gera skal skil; greiðsludagur; gjalddagi.

Skilamaður (n, kk) Sá sem stendur í skilum/ greiðir á réttum tíma það sem honum ber.

Skilarétt – Aðalrétt – Aukarétt (n, kvk) *Lögrétt*; fjárrétt sem yfirvöld ákveða að skuli vera opinber miðstöð fjallskila. „Breiðavíkurrétt var skilarétt fyrir utanverðan Rauðasandshrepp; það er Örlygshöfn, Hænuvík, Útvíkur og Keflavík“ (PG; Veðmálið). Síðar var Breiðavíkurrétt skilgreind sem aukarétt: „Skilaréttir í hreppum sýslunnar skulu vara á þeim stöðum sem hér segir... Rauðasandshreppur: Aðalrétt á Rauðasandi; aukaréttir í Breiðuvík og Vesturbotni“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Skilasamur (l) Skilvís; reglusamur með skil/uppgjör/greiðslu. „Hann er mjög skilasamur“

Skilasemi (n, kvk) Skilvísi; reglusemi með skil/uppgjör/greiðslu. „Það má alltaf treysta hans skilasemi“.

Skildagi (n, kk) Ákveðin tímasetning sem skil eru miðuð við; skiladagur. Venjulega er átt við *vinnuhjúaskildaga*, sem var 14. maí, en þá hafði vinnufólk vistaskipti. Eða *eldaskildaga*; 10.maí, en þá skyldi skila fé úr vetrareldi; t.d. prestlömbum og því sem alið var fyrir landsdrottinn.

Skildi þar milli feigs og ófeigs (orðatiltæki) Þar slapp sá sem líf var ætlað en hinn fórst sem það var ætlað. Máltækið vísar til forlagatrúar; að mönnum séu sköpuð örlög og þar með dánardægur. Sá er feigur sem kominn er að sínum dánardegi. Máltækið er viðhaft þegar þegar einhver er hætt kominn en lifir af.

Skildingsvirði (n, hk) Verðgildi sem svarar einum skildingi, sem var verðlítill mynt. Venjulega notað í neikvæðri merkingu; að eitthvað sé „ekki skildingsvirði“, þegar gert er lítið úr verðmæti þess.

Skildingur (n, kk) A. Verðlítill mynt, sem um tíma tíðkaðist í Danaveldi og var 1/96 úr ríkisdal. B. Ensk mynt; shilling; 1/20 úr pundi. Nú aflögð, líkt og skildingar í Skandinavíu, Írlandi, Bretlandi og Austurríki. D. Ríki þar sem skildingar eru í gildi (2017) eru Kenýa; Sómalía, Tansanía og Úganda.

Skilgetinn (l) A. Fæddur í hjónabandi. Fyrrum hafði slíkt meiri þýðingu en nú til dags. B. Líkingamál; talað er um að eitthvað, t.d. málefni, sé „skilgetið afkvæmi“ einhvers annars, þegar það hefur greinileg tengsl við það.

Skilgreina (s) Lýsa með rökstuðningi og í smáatriðum; útlista. „Það er erfitt að skilgreina þetta til fulls“.

Skilgreining (n, kvk) Greind lýsing; flokkun með rökstuðningi; útlistun.

- Skilíri** (n, hk) Málverk; veggskjöldur. „Þar hangir þetta forláta skilíri eftir Kjarval uppi á vegg“.
- Skilja** (n, kvk) A. Milligerð í bát, til að afli renni ekki á milli rúma. B. Tæki til aðgreiningar á einhverju, t.d. hrognaskilja sem skilur himnur frá hrognum.
- Skilja** (s) A. Sýna skilning; botna í. B. Vinna úr mjólk; skilja hana í rjóma og undanrennu. „Þá þurfti að mjólka kýrnar kvölds og morgna og koma mjólkinni í mat. Skilja mjólkina, strokka rjómann og hleypa skyr úr undanrenninni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). C. Um hjón slíta hjónabandi/samvistum.
- Skilja að borði og sæng / Skilja að lögum** (orðtak) Við skilnað að borði og sæng er slitid hjónabandi að hluta; þ.e. hjón eru ekki samvistum en þó enn lögformlega gift. Við skilnað að borði og sæng fellur niður ýmis réttur, t.d. sameiginleg fjárhagsábyrgð og erfðaréttur. Við skilnað að lögum; lögskilnað, er hjónabandi slitid.
- Skilja að skiptum** (orðtak) Slíta vinskap. Hefur líklega í upphafi merkt að hætta í róðrum, víkingaferðum eða öðrum sameiginlegum aflaferðum, þar sem hópurinn skiptir fengnum. Er nú notað um slit á hverskonar sambandi eða kunningsskap. Sjá *skipti*.
- Skilja eftir í lausu lofti** (orðtak) Um málefni; hafa óákveðið/ganga ekki frá ákvörðunum. „Segja má að þessi mál hafi verið skilin eftir í lausu lofti“.
- Skilja ekki baun / Skilja ekki neitt í neinu** (orðtak) *Skilja hvorki upp né niður*; átta sig alls ekki á. „Ég skildi ekki neitt í neinu þegar ég kom á staðinn; þar voru hvorki kindur né smalar“.
- Skilja fyrr en skellur í tönnum** (orðtak) Skilja fljótt hvernig í málum liggur; átta sig snarlega. Vísar til þess að átta sig áður en óvættur/vargur nær að bíta.
- Skilja hrogn** (orðtak) Skilja hrogn frá himnum og öðru sem ekki er söluvara. Meðan það var gert með handafli í hrognasigti var talað um að sigta hrognin, en síðar voru þau skilin í vélrífinni hrognaskilju.
- Skilja hvernig í málinu liggur / Skilja hvernig landið liggur** (orðtök) Átta sig á máli/samhengi. „Eftir þetta samtal skildi ég betur hvernig í málinu liggur“. „Við skulum byrja á að skoða hvernig landið liggur“.
- Skilja í** (orðtak) Botna í; átta sig á; skilja. „Ekki skil ég í þessari árans vitleysu í honum“!
- Skilja/vita hvorki upp né niður** (orðtak) Átta sig alls ekki á; *botna ekki í*. „Ég skil hvorki upp né niður í öllu þessu bulli“!
- Skilja kjarnann frá hisminu** (orðtak) Greina það í mæltu/skrifuðu máli sem mikilvægt er.
- Skilja leiðir** (orðtak) Um tvo/hóp á ferðalagi; fer hver/hvor sína leið; skiptast upp. „Þegar við komum út á Strympur skildu leiðir: Ég hélt áfram upp Vörðubrekku til að smala Sanddalinn, Flosadalinn og Hjallana, en pabbi hélt út í Breiðshlíðina til að smala Fjarðarhornið og Sandhólana“.
- Skilja á milli** (orðtak) A. Greina í sundur; aðgreina. B. Skilja nýbura frá móður með því að klippa/slíta naflastrenginn.
- Skilja má fyrr en skellur í tönnum / Skilst fyrr en í tönnum skellur** (orðatiltæki) Unnt er að skilja fyrr en brestur á. Vísar til þess að rándýr gefa oft frá sér viðvörðun/urr áður en þau leggja til atlögu.
- Skilja milli lífs og dauða** (orðtak) Um það sem er lífshættulegt og ræður því hvort maður lifir eða deyr; notað bæði um atvik og hluti. „Skildi þar milli lífs og dauða að þeir komust af sem höfðu orku og fimi til að stökkva af lunningunni upp á hleinina; hinir hurfu í brimið“. „Það getur skilið milli lífs og dauða fyrir sigarann, að vel sé hreinsuð brúin“.
- Skilja mjólk** (orðtak) Aðskilja rjóma frá undanrennu. Var gert áður með því að láta standa um tíma í trogum og hella síðan undan, en síðar með skilvindum.
- Skilja sneiðina** (orðtak) Skilja aðfinnslur/háð þó ekki sé sagt berum orðum.
- Skilja undan** (orðtak) Undanskilja; halda eftir; taka ekki með.
- Skilja úr/frá** (orðtak) Vinsa frá/úr; aðskilja. „Við skulum reyna að skilja Breiðavíkurkindurnar úr okkar fé“.
- Skilja við** (orðtak) A. Fara frá. „Það er ekki hægt að skilja við verkið svona hálfklárað“! B. Slíta hjónabandi. „Hún er víst skilin við karlinn fyrir löngu“. C. Andast; deyja; sálast. „Þá er hann skilinn við, blessaður“.
- Skiljanlegt** (orðtak) Sem unnt er að skilja. „Ég gerði honum það skiljanlegt að ég kærði mig ekkert um þetta“.
- Skiljast við** (orðtak) Skilja sig frá; skilja við sig. „Mér hefur alltaf gengið illa að skiljast við heimaslóðirnar“.
- Skilkarl** (n, kk) Það tæki í *skilvindu* sem skilur rjóma frá undanrennu mjólkurinnar.
- Skilmáli** (n, kk) Skilyrði. „Hann taldi sig hafa uppfyllt alla skilmála sammingsins“. „Gummi hafði þegar sett fram hluta af skilmálunum og bætti nú við...“ (PG; Veðmálið).
- Skilmerkilega** (ao) Vel;greinilega; með skilum. „Hann gerði skilmerkilega grein fyrir sínum ferðum“.
- Skilmerkilegur** (l) Greinilegur; skýr. „Ég taldi mig hafa sagt honum þetta *skýrt* og *skilmerkilega*“.

Skilnaðarstund (n, kvk) Kveðjustund; stund þegar einhver fer/ einhverjir skiljast að.

Skilnaður (n, kk) A. Almennt það að skiljast að. B. Slit hjúskapar hjóna.

Skilningarvit (n, hk, fto) Skynfæri, s.s. eyru, augu, nef, munnur og húð. Einnig glöggskyggni/dómgreind sem þarf til að greina/skilja það sem skilningarvitin nema.

Skilningslaus / Skilningssljór (l) Skilur ekki; tregur; lokaður. „Hann reyndist alveg skilningslaus í þessu máli“. „Skelfing geturðu verið skilningssljór“!

Skilningsleysi (n, hk) Skortur á skilningi; sljóleiki.

Skilningssljór (l) Tregur; lokaður; gengur illa að skilja. „Skelfilega geturðu nú verið skilningssljór“!

Skilningur (n, kk) Það að skilja; greining og rökleiðsla þess sem skynjað er.

Skilorð (n, hk) A. Skilyrði; forsenda. „Hann fékk þetta lánað með því skilorði að hann færi vel með það“. Þannig var orðið einkum notað vestra. B. Í almennu máli; skilyrði fyrir lausagöngu fanga.

Skilrúm / Skilveggur (n, hk) Milligerð; milliveggur.

Skilsmunur á (orðtak) Munur; stigsmunur. „Þeir eru svipaðir, en þó er sá skilsmunur á að annar er hyrndur“.

Skilveggur (n, kk) Innveggur; milliveggur. „Skilveggur var í réttinni, og sláturlömbin sett þar innfyrir“.

Skilvinda (n, kvk) Tæki til að skilja að rjóma og undanrennu úr mjólk. Skilvinda var á flestum bæjum með kúabú á síðari hluta 20. aldar. Allar voru þær handknúnar. Mjólkinni var hellt í stóra skál ofaná skilvindunni. Byrjað var að snúa skilvindunni og hraðinn aukinn upp í 18-20 sn á mínútu á sveifinni, sem svo var mjög giráð upp inni í vélinni. Bjalla í handfanginu lét vita ef hæfilegri ferð var náð, en mikilvægt var að halda jöfnum hraða. Þá var opnað fyrir botnloka skálarinnar; mjólkin rann niður yfir *skilkarlinn* sem þar snerist undir; þar skildist hún á mörgum diskum; rjómi rann úr pípu öðrumegin og undanrenna hinumegin; hvort í stitt ílát. Á eftir var skilvindan tekin sundur og þvegin vandlega. Rjómagerð heimavið leið að mestu undir lok eftir að rjómi varð fánlegur frá mjólkurbúum.

Skilvindukar (n, kk) Sá hluti skilvindu sem í raun skilur rjóma mjólkurinnar frá undanrennunni. Hylki með mörgum kónískum skifum sem snúast á miklum hraða. Þegar mjólkin lendir á blöðunum þeytist þungri hluti hennar; undanrennan, lengra frá, meðan rjóminn, sem er léttari, se st nær miðju, og rennur sitt útum hvora rás.

Skilvindusónn / Skilvindusöngur (n, n, kk) Hátóna klišur sem heyrir í skilvindu þegar hún snýst á fullum hraða. Söngurinn kemur bæði frá gírhjólum skilvindunnar og skilvindukarlinum, sem snýst með gríðarlegum hraða. Eftir að hætt er að snúa sveifinni er söngurinn nokkurn tíma að deyja út.

Skilvís (l) Skilasamur; skilar/greiðir á réttum tíma; unnt að treysta.

Skilvísi (n, kvk) Skilasemi; skil/greiðsla á réttum tíma. „Það má alltaf treysta hans skilvísi“.

Skilvíslega (ao) Með skilum; eins og um var samið. „Hann greiðir sína skatta skilvíslega“.

Skilyrði (n, hk) Skilorð; forsenda. „Hann leyfði eggjatökuna með því skilyrði að fá landslutinn heim“.

Skilyrðislaust (l) Án skilyrða; *fortakslaust*. „Þeir þurfa skilyrðislaust að heflla veginn með vorinu“! „Ég lofa því skilyrðislaust“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb. Tímans 1964).

Skima (s) A. Skyggast um í kringum sig; grína; litast um. B. Um siglingu báts; rása; vera ekki stefnufastur. „Ef skip þótti *skima* mikið; vera *óstöðugt í rásinni* var það kallað að *elta lambær...*“ (LK; Ísl. sjávarh. ÓETH).

Skima eftir (orðtak) Leita/gá að; leita/kíkja eftir. „Ég fór upp á hæðina og skimaði eftir kindunum“.

Skimpast (s) Hæðast; grínast. Heyrðist nær aldrei í rauðasandshreppi; heldur var þar notað „*skippast*“; sjá þar.

Skin (n, hk) Birta; geislar. Sjaldan notað nema með forskeyti; sólskin; tunglskin.

Skinhelgi (n, kvk) Hræsni; helgislepja; yfirborðskenn/blekkjandi trú. „Mér finnst það bölvuð skinhelgi að pína sig til kirkju ef maður hefur engan áhuga á því sem þar fer fram“. Orðið er líklega gamalt; jafnvel frá ásatrú eða náttúruvættatrú, og vísar líklega til þess að einhver reyni að lýsa því yfir, til að auka völd sín, að náttúruvætti eða goð undir hans yfirráðum sé heilagt. Ef almenningur festir ekki trúnað á því er það einungis skinheilagt; þ.e. það er þarna í skini sólar, en enginn trúir á það. Væri á það trúað var það *ginheilagt*.

Skinhóraður (l) Mjög grannholda/hóraður/magur. „Ærin var skinhóruð og *tjásuleg*“. Vísar til beina sem sól hefur skinið á.

Skinin bein (orðtak) Bein sem legið hafa í sól. „Það var ekkert eftir af hræinu nema skinin beinin“.

Skinn (n, hk) A. Húð; gæra; bjór; há; feldur; *bjálfi*. „Skinnið roðnar við sólbruna“. B. Gæluheiti í vorkunnartón um barn eða þann sem aumkunarverður er. „Hann var mjög þakklátur, blessað skinnið“.

Skinn er undir þá skarn er af þvegið (orðatiltæki) Sá sem er illilegur í útliti og/eða tali getur reynst góðhjartaður/velviljaður undir niðri; *enginn er alvondur*. Einnig viðkvæði þegar kvartað er yfir að maður sé skítugur.

Skinn og bein (orðtak) Um mjög rýrt holdafar. „Kindin var ósköp aðframkomin; lítið annað en skinnin og beinin, þegar hún náðist úr sveltinu“.

Skinna (n, kvk) Punnur efnisbútur; bót. Nú oft notað um skífu sem höfð er undir nagla-/boltahaus.

Skinna (s) Klæða með skinni; binda bók inn í skinn.

Skinnaköst (n, hk, fto) Um sjólag; þegar í logni koma vindsveipir á sjóinn hér og hvar, og gárublettirnir verða eins og skinnnum hafi verið dreift á sjóinn. „Er þá farið að sjást eins og skinnaköst á sjóinn og fullt útlit fyrir skarpa aðlögn af norðri...“ (ÖG; Fiskiróður). „En þegar komið var yfir undir miðjan fjörð saúst smá skinnaköst á sjónum, og í sama bili brast á veður af norðaustri svo að við ekkert varð ráðið“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Skinnband (n, hk) Innbinding bókar í skinn.

Skinnbátur (n, kk) Kúði; bátur sem byrtur er með skinni en ekki borðum eins og algengast hefur verið hérlandis. Skinnbáta hafa menn notað frá því fyrir sögulegan tíma; líklega jafn lengi og trébyrta báta. Írar notuðu þá frá fornu fari og framá miðbik 19.aldar. Þar nefnast þeir „curragh“, en voru nefndir „kúðar“ meðal norræna manna. Hafi þapar komið til landsins, og séu sagnir af komu Brendans biskups réttar, er líklegt að þeir hafi komið á slíkum kúðum. Sannað hefur verið með eftirgerðum að kúðar eru vel brúklegr hafskip. Sesar rómakeisari segir að Bretar hafi notað skinnbáta þegar hann átti í stríði við þá.

Eskimóar hafa notað skinnbáta til þessa dags, og þróað sérstaka gerð þeirra. Annarsvegar er um að ræða eins manns báta sem henta til veiða og nefndir eru „kayak“, en hinsvegar burðarmeiri báta sem nefnast „umyak“ eða konubátar. Kayakar eru nú framleiddir úr ýmsum efnum og notaðir til sportsiglinga hjá fleiri þjóðum. Ekki er vitað til að landnámsmenn hafi notað skinnbáta, þó líkum hafi verið leitt að því varðandi suma þeirra. Skinnbátar hafa vafalítið verið þekktir á Suðureyjum, þar sem fóstbræðurnir Örlygur og Kollur voru að námi hjá Patreki biskupi. En líklega hafa þeir komið hingað út á knörrum eins og aðrir. Til þess bendir skipbrot Kolls á Arnarboða.

Skinnbelgur (n, kk) Belgur úr sérstaklega fleginni og verkaðri *gæru*. „Skinnbelgir voru notaðir mikið undir mat; bæði kæfu, smjör, tólg og fleira. (Einnig í baujur/belgi). “ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *gæra*.

Skinnbrók (n, kvk) Brók/buxur úr skinni. Sjá *skinnkæði*.

Skinnflipi (n, kk) Skinn sem rifnað hefur upp, t.d. við meiðsl eða hrúfl.

Skinnfóðraður (l) Með *skinnfóðri*.

Skinnfóður (n, hk) Skinn í innra byrði fatnaðar, oftast yfirhafnar s.s. úlpu.

Skinnið atarna (orðtak) Blessað skinnið/barnið; auminginn; vesalingurinn. „Hann gerði þetta ekki viljandi, skinnið atarna“. Atarna er líklega samansláttur úr „að þarna“ eða „það arna“ (sjá *sá arna*).

Skinnklæðaþráður (n, kk) Þráður úr togi til að sauma skinnklæði. „Eftir hátíðar var varið að elta skinn í brækur og spinna skinnklæðaþráð, en í hann var haft gott tog“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Skinnklæði (n, hk, fto) Skinnklæði voru lífðarbúnaður sjómanna í Kollsvík langt fram á 20. öld, og hafði svo verið um aldir. „Voru það *brók* og *skinnstakkur*, venjulega að mestu úr *sauðskinnnum*. *Sjóhatt* áttu flestir, sen hann var aðeins settur upp þegar *ágjöf* var eða *illviðri*. Karlmennt saumuðu sjálfir sín skinnklæði að vetrinum. Tæki til þess voru fábotin; aðeins tvær nálar, *fyrirseyma* og *eftirseyma*, og *klembrur* (sjá þar). Saumgarnið var alltaf *heimaspunninn togþráður*, en náldrugið annaðhvort *hampgarn* eða *hvalseymi*, ef það var til. Saumþráðurinn var venjulega hafður sex- eða áttfaldur. Í hverja brók þurfti fjögur skinn; eitt í *setskauta*, helst kálfskinn; einn í hvora *brókarskál* og eitt í *ofanásetur*. Auk þess þurfti leður í sóla og aflanga skinnþjötlu í *loku*. Þær brækur þóttu *fara betur* er saumaðar voru með loku. Ennfremur þurfti nokkurt skinn í *miðseymi*, einkum notað úr gömlum skinnklæðum. Skinnin sem notuð voru til skinnklæðagerðar voru misjafnlega undirbúin. Sum voru jafnvel *blásteinslituð*, og þótti það eitthvað verja *fúa*; önnur voru *hert ólituð* og þannig tekin til *brókargerðar*, en síðar voru flestir farnir að *elta* þau vandlega áður en saumað var úr þeim. Þau skinnklæði tóku mikið betur við *áburði*; *fernissölu* og *lýsi*, og urðu mýkri að klæðast í. (Nánar um *brók*, *skinnstakk* og *sjóskó* þar). Klæðst var brók og skinnstakki nær daglega við að bera fisk úr fjöru til *ruðnings*. Þegar meiri *vöðsluverk* voru unnin, t.d. borinn farmur af skipi, þ.e. stærri flutningabátum í nokkru brimi, þjuggust menn svo sem best mátti vera eða *bakbeltuðust* (sjá þar). Mjög gat skipt í tvö horn um þrif og verkun skinnklæða. Flestir munu þó hafa átt og notað *brókarkvíslar* (sjá þar). Ýmsir sýndu mikla *natni* við þrif og verkun skinnklæða en aðrir miður, enda klæddust menn *hlífðarfötum* misjafnt eins og öðrum klæðum. Sagt var að sjómaðurinn, alklæddur hlífðarfötum, væri öðrum *rétthærri*; t.d. á við prestinn í stólum.“ (KJK; Kollsvíkurver).

„Eftir hátíðar var farið að *el*ta skinn í brækur og spinna *skinnklæðabrað*, en í hann var haft gott *tog*. Kálfsskinn var notað í *setskauta* á brókum og leður í sóla. Notuð voru elt eða eirlituð skinn, Ljúka þurfti að sauma öll skinnklæði fyrir vertíð“ (H.M; Í Kollsvíkurveiri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964). „Á Vestfjörðum var algengt að *barkarlita* skinn. Löngum var notaður innlendur börkur, einkum af birkitrjám, einnig rekabörkur... Víða voru skinn *eirlituð*... Það bar við að *eirnaglar* og *eirflögur* væru látnar í *trédall* með fjórum *pottum* af *keytu*. Unglingur var látinn sitja úti í fjósi; lesa *kverið* sitt og *gutla*. En það var fólgið í því að hafa *dallinn* á kné sér og hreyfa hann að staðaldri uns eirinn var leystur upp úr *hlandinu*, en það tók stundum lengri tíma. Flestum þótti þetta leiðindaverk... Lengi tíðkaðist að elta skinn sem áttu að fara í brók og stakk. Þeir sem lagnir voru að handelta byrjuðu á jöðrunum. Aðrir byrjuðu á hálsinum; tóku skinnið saman með báðum höndum; settu á það einn snúning og nudduðu með því að láta vinstri hönd hvíla á vinstra hné. syðst á Vestfjörðum voru skinn ávallt elt áður en þau voru lituð. Þar var mönnum sem stóðu yfir fé á vetrum fengið skinn til að elta. Eins næturgestum ef þá bar að garði. (Frásögn ÖETH, HM o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir II).

„Brók og skinnstakur voru þau hlífðarföt sem almennt voru notuð í verstöðvum frá fornu fari og fram um 1930. Brækur voru buxur sem náðu uppundir hendur, með áföstum sokkum. Pabbi saumaði mikið af skinnklæðum fyrir sig og aðra, en það var mikið vandaverk því brækurnar máttu ekki leka. Í hverja brók þurfti þrjú ærskinn og kálfsskinn í setskautann, en leður af stórgrip í sólana. Við brækur voru notaðir sjóskór úr sítuðu leðri, til að hlífa þeim við sliti. Þeir voru ekki saumaðir, heldur gerð göt í hliðar skæðisins og bundið saman fremst; snæri dregið í götin; svo hert saman á hælnum og bundið um mjóalegg. Lýsi var borið á brækurnar til að mýkja og þétta þær; það var svo endurtekið um helgar eða í landlegum. Ef óhappagat kom á brók var gert við á þann hátt að smíðaður var tappi með rauf í röndunum. Honum smeyft í gatið; svo vafið utanum raufina með finu bandi. Það var kallað að tappa brókina. Í skinnstakinn fóru þrjú labsskinn. Hann var hafður í mjaðmasídd og tekinn saman í mitti með bróklinda. Skinnklæðin entust nokkur ár með góðri meðferð“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).

Skinnleisti (n, kk) Skinnsokkur; sokkur úr sauðskinni (sjá *gæra*).

Skinnskór (n, kk, fto) *Sauðskinnsskór*, sjá þar. „Meðal annars sem þurfti að gera var að búa til skinnsko á allan hópinn, og helst að þrjóna leppa í þá“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Skinnspretta (n, kvk) Grunnt sár; rispa sem e.t.v. blæðir lítillaga úr. „Ég er ekki mikið meiddur þó ég sé blóðugur. Þetta er bara skinnspretta“.

Skinnstakur (n, kk) Efri hluti skinnklæða (sjá þar). „Í skinnstakinn fóru þrjú skinn, venjulega *lambskinn*. Tvö í *bak-* og *framstykki* og eitt í *ermar*. Þegar klæðst var skinnstakki var fyrst farið í *ermar* og staknum síðan *steipt* yfir höfuð sér. Hafa þurfti *hálsmál allvitt*, en til þess að þrengja það, eftir að komið var í stakinn, voru smágöt gerð á skinnið umhverfis hálsmálið og í þau þræddur *skinnþvengur* eða *snæri*, til þess að geta dregið saman og þrengt stakinn í hálsmálið. Þetta var nefnt *hálsbjörg*. Lítil *beinplata* með *tveim* götum var þrædd upp á *þvengendana* og þeir bundnir saman. Þegar hálsmálið var þrengt var *þverhnútur* með lykku settur framan við plötuna, en hún var nefndur *hálsbjargartygil*“ (KJK; Kollsvíkurveir).

Skinnþvengur (n, kk) Ólþvengur/reim sem búin er til úr *gæru*; sjá þar.

Skip (n, hk) A. Farkostur sem flýtur á sjó eða vatni. Venja er að nefna skip það sem stærra er, en báta, kænur, skektur o.fl. það sem minna er. Oft er miðað við að sexæringar og stærra teljist vera skip, en bátar það sem minna er. B. Meginrými kirkju, þ.e. milli kórs og forkirkju.

Skípa (s) A. Bjóða; gefa fyrirsmæli. „Verkstjórinn skípaði honum að hætta þessu og fara að vinna“. B. Haga; ráðstafa. „Enn er ekki búíð að skípa í embættið“. „Hún skípaði mönnum til borðs“.

Skípa á (orðtak) Skípa í áhöfn á bát og hvernig menn ráðast í rúm, en það var verkefni formanns.

Skípa (einhverjum) á bekk með (orðtak) Setja einhvern í flokk með. „Með sinni framgöngu skípaði hann sér í bekk með þeim sem lengst héldu úti vörnum fyrir sína byggð“. Visar til þess hvernig mönnum var ráðað á kirkjubekki fyrrum; en það var gert eftir mannvirðingum. Höfðingjarnir áttu sín sæti fremst; oft vandlega stíaðir frá *pöpulnum*.

Skípa kirkju (orðtak) Stofnsetja kirkju á nýjum kirkjustað. „E.t.v. hefur Jón Gerreksson Skálholtsbiskup skípað hálfkirkjuna í Kollsvík um svipað leyti og hann skípaði bænhúsið í Breiðavík, en það var árið 1431“.

Skípa til sætis (orðtak) Ákveða hvar hver skal sitja þegar um hóp er að ræða.

Skípa til verka (orðtak) Ákveða verkhluta hvers og eins af hópi.

Skípa upp (orðtak) Landa varningi úr skipi. „Báðum þessum bílum var skípað upp á Hvalskeri úr Ríkisskip, og voru notaðir tveir trillubátar til þess, en þar var ekki bryggja sem skip komst uppað“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

- Skipa út** (orðtak) Hlaða varningi í skip. „Þegar útgerð var mest í Kollsvíkurveri kom það fyrir að strandferðaskip komu upp á víkina, og var fiski skipað beint út í þau. Slíkt sparaði siglingu á Eyrar með Fönix, en í þá daga var ekki um landflutninga að ræða í verulegu magni; enda bílvegir öngvir“.
- Skipadómur** (n, kk) Dómur sem Páll Stígsson hirðstjóri kvað upp árið 1564, og varðaði málefni vermannanna og útgerðar. Þar var m.a. kveðið á um hvað vermanni bæri að gjalda fyrir kost sinn; hve mikið af tiltekinni fæðu ætti að vera í vermötunni og hve lengi vertíð skyldi standa.
- Skipaeign** (n, kvk) Eign manns af skipum/bátum. Ekki er vitað um skipaeign í Kollsvík á fyrri öldum, eða frá því að Kollur braut knörr sinn á Arnarboða og þar til Árne Magnússon var á ferð árið 1703. Öruggt má telja að útræði frá Láganúpsveri hafi eflst mjög með skreiðarsölu, líklega fyrir árið 1400. Um það leyti sölsaði Guðmundur ríki Arason jörðina undir sig, og hún komst síðar í eigu Saurbæjarhöfðingjanna. Þó bændur ættu gjarnan sínar fleytur var skipaeignin mest hjá höfðingjunum, sem mönnum báta sína með ánaudugum leiguliðum um allan hreppinn. Á 18. öld settist Einar Jónsson að í Kollsvík og gerðist umsvifamikill sveitarhöfðingi. Hann hélt bátum til róðra frá Kollsvíkurveri, en einnig eignaðist hann hlut í skútunni Delphin (sjá *skútueigandi*), og er því sá Kollsvíkingurinn sem átt hefur stærsta skipið ef frá er talinn Kollur. Annar skútueigandi hafði reyndar löngu fyrr verið eigandi Kollsvíkur, en það var séra Páll Björnsson í Selárdal sem smíðaði sér skútu og var sjálfur stýrimaður á henni; en hann bjó aldrei í Kollsvík. Kollsvíkingar áttu hákarlaskipið Fönix (eldri). Um líkt leyti og það var úr sögunni, undir lok 19.aldar, hófst útgerð frá Kollsvíkurveri, og urðu bátar þar flestir 25 eða 26, í eigu margra. Flestir voru þeir litlir, enda stutt að sækja, en sá stærsti var yngri Fönix sem notaður var til flutninga. Verstaða í Kollsvíkurveri leið undir lok fyrir síðari heimsstyrjöld, en síðan hafa heimamenn ávallt átt smábáta sem róid er til fiskjar vegna heimilisþarfa.
- Skipaferðir** (n, kvk, fto) Ferðir/umferð skipa. „Í Kollsvík má vel fylgjast með skipaferðum um grunnleiðir“.
- Skipaleið** (n, kvk) Leið sem skip sigla um. Fjölfarin skipaleið er fyrir Bjargtanga, og oftast en ekki má sjá skip á undan Kollsvíkinni; grunnt eða djúpt.
- Skipalægi** (n, hk) Staður þar sem skip varpa gjarnan stjóra. T.d. hefur löngum verið skipalægi innanvið Vatneyri í Patreksfirði.
- Skipaskoðun** (n, kvk) Prófun og skoðun á sjóhæfni skips/báts áður en leyfi er gefið fyrir róðrum. „Það var engin skipaskoðun fyrr en á seinni árum; líklega ekki fyrr en 1912 – 1914“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Skipasmiður** (n, kk) Sá sem smíðar skip/báta. Færir skipasmiðir hafa löngum verið í Kollsvík. Síðastur þeirra var Andrés Karlsson á Stekkjarmel, sem smíðaði allnokkra báta. Einnig má nefna Halldór Jónsson. „Sá Halldór bjó á Láganúpi 1703, og var einn hinna kunnna Sellátrabráðra, sem rómaðir voru fyrir atorku og hreysti. Bróðir Halldórs; Bjarni Jónsson, bjó í Kollsvík. Hann var kunnur skipasmiður; smíðaði m.a. teinæring 19 ára gamall og fór á honum fjölda byrðingsferða norður á Strandir“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). Einn iðnlærður skipasmiður hefur búið í Rauðasandshreppi á síðari tímum; Borgar Þórisson á Hvalskeri.
- Skipast á (einhvern) veg** (orðtak) Æxlast; þróast. „...hafi ekki á fimm ára tímabilinu viðskipta- og félagsmálum sveitarfélagsins skipast á þann veg að sveitarstjórn og framkvæmdastjórn félagsins verði sammála um að ráða þessum málum á annan veg...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Skipast um** (orðtak) Verða breyting á; víxlast. „Heldur þykir mér hafa um skipast þegar hásetinn er farinn að segja skipstjóra fyrir verkum“!
- Skipast við (eitthvað)** (orðtak) Róast; spekjast. „Hann var orðinn fjúkandi illur og skipaðist lítt við það að ég sagði honum að þetta væri allt byggt á misskilningi“.
- Skipbrot / Skipskaði / Skipstrand** (n, hk) Strand og eyðilegging skips. Fyrsta skipbrot sem sögur fara af á Íslandi er strand Kolls landnámsmanns í Kollsvík. Í Hellismannasögu segir m.a. „Þá hét Örlygur á Patrek biskup, fóstur sinn, til landtöku og hann skyldi af hans nafni gefa örnefi þar sem hann tæki land, og voru þá komnir vestur um landið. Hann kom skipi sínu í Örlygshöfn, og þar inn kallaði hann Patreksfjörð. En Kollur hét á Þór. Þá skildi í storminum og kom hann þar er Kollsvík heitir og braut hann þar skip sitt. Þeir voru um veturinn og segir eigi meir af þeim í þessari sögu“. Þetta er ekki einungis fyrsta skráða frásögnin af skipbroti við Íslandsstrendur heldur fyrsta frásögn af björgun úr skipsstrandi. Gömul arfsögn segir að Kollur hafi strandað á Arnarboða, sem er stutt undan Grundagrjótum; kemur uppúr á hvri fjöru en verður aldrei landfastur. Aðstaður eru þar allar slíkar að þar gæti hafa strandað skip sem fer grunnt í stórvíðri um hálfvallinn sjó, og að þar gætu menn hafa komist af með því að fleyta sér í land á braki, eða sigla í fjöru illa löskuðu skipi. Verðugt væri að setja þarna upp eitthvað til minningar um þetta upphaf íslenskrar sjóbjörgunar, án þess þó að spilla náttúrufegurð og minjum sem þarna er að finna. Sjá einnig *skipherra/skipstjóri*.

Skipbrotsmaður (n, kk) Sá sem lendir í skipbroti/strandi/sjávarháaska á skipi. „Skipbrotsmenn af togaranum British Empire náðu að stökkva í land eftir að hann strandaði undir Strengberginu, og komust af sjálfsdáðum til byggða“.

Skipbrotsmannaskýli (n, hk) Skýli sem skipbrotsmenn geta leitað í. Eftir strand togarans Dhoon undir Látrabjargi var byggt skipbrotsmannaskýlið Guðrúnarbúð í Keflavík“.

Skipeigandi (n, kk) Sá sem á skip/bát; bátseigandi. „Seilastrengi og seilarólar leggja skipeigendur (í Láganúpsveri) til með skipunum“ (ÁM/PV Jarðabók).

Skipgengur (l) Sem skip komast eftir. „Hafnarvaðall í Örlygshöfn mun áður fyrr hafa verið skipgengur á flæði, a.m.k. fram fyrir eyri þá sem nefnist Neteyri; neðan Kálfadals. Sagði mér Ólafur Magnússon bóndi á Hnjóti að í hans minni hafi verið mikill hylur innanvert við eyrina og að í honum hafi verið veiði; jafnframt því sem skipgegn læna hafi verið út allan ósinn á flæði. Nú er þessi hylur fullur af framburði vaðalsins. Sé frásögn Landnámu dregin í efa er sennilegt að Örlygshöfn dragi nafn af því að þar hafi verið slík friðarhöfn í upphafi byggðar, enda er Landnáma líklega ekki góð heimild um uppruna örnefna (sjá *landnám*). Hugsanlega hefur heitið upphaflega verið „Örleikshöfn“ eða „Örlogshöfn“, en það síðan hljóðbreyst eins og víða hefur orðið“.

Skippherra / Skipstjóri (n, kk) Sá sem stjórnar skipi. Skippherra er einkum titill skipstjóra á varðskipi eða herskipi. Nafnkunnasti skippherra á landinu er Eiríkur Kristófersson frá Brekkuvelli á Barðastönd, sem var af Kollsvíkurett. Stýrimaður gengur skipstjóra/skippherra næstur við skipstjórn í dag, en á landnámsöld var stýrimaður æðsti stjórnandi um borð og stafnbúi gekk honum næstur að tign. Munnmælin um strand Kolls á Arnarboða segja að Örn hafi verið stýrimaður Kolls. Sú staðreynd að skipstjórar voru ekki til gæti bent til þess að landnámsmaðurinn hafi í raun heitið Örn, en fegnið Kollsnafn sitt af öðru, t.d. af vikinni sem hann skýrði eftir hinni sérstæðu lögun Núpsins. Örn kann þó að hafa verið stafnbúi Kolls. Sjá *skipbrot/skipaskaði*.

Skiphlutur (n, kk) Bátshlutur; sá hlutur sem bátseigandi fær þegar afla er skipt. „Í kvaðarnafni er ábúandi (á Grundum) formaður fyrir landsdrottins (Sauræjarbónda)skipi þar, og hefur í formannskaup höfuðin af skiphlutum“ (ÁM/PV Jarðabók). Sama kvöð og skiptaregla gildi um bóndann á Hólum.

Skipleiga (n, kvk) Leiga fyrir bát; gjald sem er fastákveðið fyrirfram en ekki háð afla eins og *skiphlutur/bátshlutur*. „Lýng til eldiviðar rífa vermennirnir í Láganúpslandi. Þar er engin skipleiga. Í skiphlutum. Allur hlutur skiptist ex æqvo (til jafnaðar) þá skift verður. Seglfiskar. Maðkafiskar engir“ (ÁM/PV Jarðabók).

Skippast með (orðtak) Hafa í flimtingum; grínast með. „Það er nú ekki rétt að vera að skippast með svo alvarlega hluti“. Þessi framburðarháttur virðist hafa verið bundinn við þetta svæði; annarsstaðar ríkti framburðarhátturinn „skimpast með“ í sömu merkingu.

Skippersaga (n, kvk) Grobbsaga skútukarls af sjómennsku sinni. „Byrjar hann enn eina skippersöguna“! Sjá *sögustund*.

Skipfund (n, hk) A. Mælieining þyngdar fyrrum; jafngildir 320 *pundum* eða 160 kg; eða 4 fjórðungum. „Hæfileg saltnotkun var talin 180 kg í skipfundid af fullverkuðum fiski“ (GG; Skútuöldin). B. Mælieining yfir fisk. Þannig merkir það; 600 kg óslægður fiskur með haus; eða 500 kg slægður fiskur með haus; eða 400 kg flattur fiskur; eða 250 kg fullstaðinn saltfiskur.

Skipreika (l) Af skipi sem farist hefur. „Áhöfn British Empire varð skipreika í Kollsvík, eftir að togarinn strandaði undir Hnífum“.

Skipsferð (n, kvk) Ferðalag með skipi. „Ekki var um neina áætlunar- eða skipsferð að ræða frá Þingeyri til Patró fyrir jólin“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Skipsflaut (n, hk) Eimpípublastur; hljóð í flautu/lúðri skips. „Þegar ég var að alast upp í Kollsvíkinni mátti oft í þoku heyra skipsflaut í fjarska, djúpt frammi á Víkinni“ (VÖ).

Skipshöfn (n, kvk) Áhöfn á skipi/bát. „Gengið var inn í endann á flestum búðunum, en væri gengið inn á miðjum vegg voru þær oftast svo stórar að sín skipshöfnin var í hvorum enda“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Skipsrúm / Skipprúm (n, hk) Pláss/starf á báti yfir vertíð. „Skiprúmið mitt hjá Eyjólfi var uppá hálfan hlut, og það gerði 65 krónur sem ég hafði yfir vorið. ... Þá bauðst mér skipsrúm hjá móðurbróður mínum, Gísla Guðbjartssyni“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „Nokkrir Kollsvíkingar höfðu fengið skiprúm í þá leguferð“ (KJK; Kollsvíkurvei). „Rauðsendingar voru mikið í skipsrúmi í Kollsvík“ (IG; Sagt til vegar II).

Skipta (s) A. Deila í hluta; deila á milli; hluta/taka í sundur. „Við skiptum þessu á milli okkar“. „Áin skiptir löndum milli Láganúps- og Kollsvíkjarða“. B. Skipta afla/feng. Sjá *skipti*. Breyta; býtta; hafa býtti á. „Hér þarf líklega að skipta um gir“. „Ég þyrfti kannski að skipta um buxur“.

Skipta afla / Skipta í hluti (orðtak) Skipta sameiginlegum afla/feng. Sjá *skipti*.

- Skipta (jafnt/bróðurlega) á milli** (orðtak) Kasta/hluta í sundur milli aðila; skipta upp. „Við skiptum súkkulaðinu bróðurlega á milli okkar“.
- Skipta á sléttu** (orðtak) Eiga kaup/skipti á eignum þannig að hvorugur greiði meðgjöf í reiðufé eða skuld.
- Skipta eftir hrygg** (orðtak) *Skeru uppúr*; skipta reyfi á kind eftir hryggnum áður en tekið er af henni, til þægindaauka.
- Skipta engum togum** (orðtak) Gerist umsvifalaust/tafarlaust/fyrirvaralaust. „Hann steig útá grænu þúfuna, og skipti engum togum að hún sökk í dýið og hann með; alveg uppundir hendur“. Vísar til áratoga á bát; að ekki séu mörg áratog þar til komið sé að einhverju.
- Skipta falli** (orðtak) Um sjávarföll; fallaskipti; snúningur. „Hann fer fljótlega að skipta falli; þá gæti hann *gefið sig betur til*“. „Við förum í grunnbólið; ég held hann sé búinn að skipta falli“.
- Skipta í köst og krumma** (orðtak) „Síðan var tekið til við að skipta, og þar vestra kallað að skipta í köst og krumma; hálfu kastið var krumminn“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).
- Skipta í tvö horn** (orðtak) Greinast í tvennt ólíkt; vera mjög misjafnt. „Það skiptir í tvö horn með veðráttu þessa dagana; annan daginn rigning og hláka, en hinn *beingaddur* og hríð“.
- Skipta liði** (orðtak) Skipta hóp í tvo eða fleiri hópa. „Þegar upp á Breiðinn kom skiptum við liði: Tveir héldu áfram út Sanddal en tveir fóru niðurá brún. Annar þeirra færi síðan niður Dulu en hinn niður Flosagil“.
- Skipta litum** (orðtak) A. Roðna; verða litverpur í framan. „Hann skipti litum þegar hún kyssti hann á kinnina“. B. Breyta frá einum lit til annars. „Sérkennilegt er hvernig hlíðin skiptir litum við Bekkinn“.
- Skipta löndum** (orðtak) Vera á landamerkjum. „Milli Króks og Bæjar skiptir löndum lækur er heitir Landamerkjakrókur...“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).
- Skipta máli** (orðtak) Vera mikilvægt; hafa vægi; koma máli við; hafa hlutverk í því sem um er rætt. „Mér finnst það ekki skipta máli hvort við gerum þetta í dag eða á morgun“. Sjá *skipta ekki/engu máli*.
- Skipta niður/upp** (orðtak) Um akstur ökutækis; skipta í lægri/hærri gír.
- Skipta orðum við** (orðtak) Tala/deila við; eiga orðaskipti við. „Ég nenni ekki að skipta orðum við hann“.
- Skipta sér af** (orðtak) *Blanda sér í; hafa afskipti af; sletta sér framí*. „Ég skipti mér ekkert af þessu máli“.
- Skipta skapi** (orðtak) Verða reiður/æstur. „Sjaldan sást hann skipta skapi; sama hvað á gekk“.
- Skipta sköpum** (orðtak) Breyta mjög miklu; ráða *örlögum*. Sjá *skiptir sköpum*.
- Skipta um** (orðtak) Breyta; setja einn í stað annars. „Ég skipti um blað í ljánum“. Oft notað um veðurbreytingar: „Ég spái því að þessi rigning verði út vikuna, en svo skipti hann um í vikulokin“.
- Skipta um skoðun** (orðtak) Breyta álitinu; *taka sinnaskiptum*. „Hann hafði skipt um skoðun þegar ég talaði við hann aftur, og var nú tilbúinn að koma með okkur“.
- Skipta úr fjöru** (orðtak) Skipta fiski blautum til bátverja; um leið og hann er borinn af báti. „Gísli skipti úr fjöru Einars hlut, en við lögðum inn í félagi; ég og formaðurinn...“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveri).
- Skipta (einhverjum) út** (orðtak) A. Láta einhvern hafa sinn aflahlut/eignarhlut án þess að aðrar breytinngar verði. B. Skipta um; láta einhvern fara úr liðsheild um leið og annar kemur í hans stað. Einnig um hluti.
- Skipta (með sér) verkum** (orðtak) Deila verkum niður á þá sem þau munu vinna. „Þá var skipt verkum; einn fór að kokka; annar að beita lóðina, og tveir að gera að aflanum...“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Skiptabelti / Skiptabeltissneið** (n, hk, fto) *Rafabelti* sem hlutaskipt er á sérstakan hátt: „Áður en skipt var rafabeltunum voru tekin frá eitt eða tvö þau vænstu og þeim skipt á meðal skipverja. Voru þau kölluð skiptabelti. Fékk þar hver maður sinn deilda verð. Var síðan sest að snæðingi og voru menn glaðir og reifir eftir unna þraut. Getið var þess að sumir hefðu þá verið svo lystugir að þeir hefðu etið smjör við *skiptabeltissneiðinni* sinni“ (PJ; Barðstrendingabók). „Oft þrengdist í búi hjá vermönnum er að vertíðarlokum leið, enda var gamalt nafn hjá vermönnum á síðustu vertíðarvikunni. Nefndu þeir hana Roðaviku“. (PJ; Barðstrendingabók). „Áður en skipt var voru tekin frá tvö stærstu *rafabeltin*, svokölluð *skiptabelti* sökum þess að þau voru skorin í sundur og þeim deilt á milli áhafnarinnar. Fékk hver skipverji eina *skiptabeltissneið* og vænan *riklingsbita*. Slíkur skammtur þótti koma sér vel í lok roðavikunnar. Skipverjar settust síðan allir að snæðingi. Þess er getið að sumir hafi verið svo lystugir að þeir hafi étið smjör með *skiptabeltissneiðinni* sinni. Að síðustu var hitað kaffi og sjaldan mun þá brennivínstár hafa brostið til að sæta með soðið“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; eftir ÓETH og ÞJ).
- Skiptafjara** (n, kvk) Staður þar sem afla var skipt þegar í land var komið. „Úr skiptafjörinni bar síðan hver sinn afla til verkunar“.
- Skiptahlutur** (n, kk) Sá hlutur sem maður hefur úr *skiptum* eftir veiðiferð eða bjargferð.

Skiptar skoðanir (orðtak) *Deildar meiningar*; aðilar ósammála. „Allmiklar umræður spunnust út af þessum svörum, og virtust skoðanir mjög skiptar“ (Gerðabók Rauðas.hr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).

Skiptasneið (n, kvk) Gláðningur formanns í vertíðarlok, til viðbótar við *skiptabelti*. „Í verstöðvunum milli Látrabjargs og Patreksfjarðar var venja, þegar aflaskipti höfðu farið fram, að formaðurinn tók vænt rafabelti; sneiddi það niður og gaf hverjum háseta eina sneið; skiptasneið“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: ÓETH, Vatnsdal).

Skiptast á ný og nið / Skiptast á skin og skúrir (orðtak) Um misjafnt gengi. „Það hafa skipst á skin og skúrir varðandi aflabrogðin þetta vorið“. „Það skiptast á ný og nið í mínu lífi sem annarra“. Ný og nið vísa í kvartilaskipti tungls.

Skiptast í tvö horn (orðtak) Vera mjög misjafnt; um öfgar í báðar áttir. „Mjög gat skipst í tvö horn um þrif og verkun skinnklæða“ (KJK; Kollsvíkurver).

Skiptavöllur (n, kk) Staður þar sem afla er skipt; eggjum eða fiski. „Þegar eggjum er skipt eftir bjargferð var vani að gera það á sléttum velli. Bjargmenn gengu í hring, hver með sitt eggjaílát og settu tvö egg í senn í hrúgur sem voru jafnmargar hlutunum sem skipt var út. Þannig var haldið áfram, hring eftir hring, þar til öllum óbrotnum eggjum hafði verið skipt, en eigandi skiptavallar fékk leskingjana gegn því að hreinsa völlinn. Sá yngsti í hópnum sneri sér undan og þuldi upp nöfn hluthafa meðan skiptastjóri benti á hrúgu og spurði „hverjum skal þetta“? Með þessari aðferð blönduðust eggin vel frá hinum ýmsu stöðum og útdeiling hluta varð tilviljanakennd. Skipting afla úr bát mun einhverntíma hafa verið með svipuðum hætti.

Skipti (n, hk) Sinn. „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum“ (PG; Veðmálið).

Skipti (n, hk, fto) Skipti afla skips milli háseta og í dauða hluti, eða skipti annars sameiginlegs fengs, s.s. eggja/fugls. Í Kollsvíkurveri og víðar voru yfirleitt sömu menn í áhöfn báts yfir vertíðina. Afli var verkaður sameiginlega og honum eða andvirði hans skipt í vertíðarlok (sjá *aflahlutur* og *vorhlutur*). Ákveðnar reglur gilda um skiptingu afla í fjöru. Þær eru víðast í stórum dráttum svipaðar um allt land og hafa sennilega breyst lítið gegnum aldirnar. Virðast að mörgu leiti hafa verið notaðar sömu reglur við skiptingu fugls og eggja úr bjargi.

„Eftir að fiskurinn var allur kominn í eina kös á *skiptavöll* (*skiptifjöru*)... hófust skiptin. Venjulega skipti formaður, en ef mikill var afli hafði hann einhvern sér til aðstoðar. Ýmist var skipt í *köst* eða hluti, en það fyrrnefnda var algengast á vetrarvertíð. Tveir voru um hvert kast, og spurði formaður háseta í byrjun vertíðar hverjir ætluðu að vera *hlutalagsmenn*, og var annar þeirra ávallt talinn fyrir kastinu. Þar sem var heimræði var venja að heimamaður og vermaður væru hlutalagsmenn. Væri t.d. skipt af sexæringi með sjö manna áhöfn urðu köstin fjögur og að auki hálf kast; *stakur*... Fyrst voru valdir stærstu fiskarnir í hvert kast og þá tveir saman... Er fiskunum úr kösinni fækkaði svo að *áhöld* voru um að dygði í öll köstin *gekk* hann á, þ.e. kastaði einum og einum. Og loks ef vantaði fisk í kast stóð hann við, t.d. við bakborðsmann í miðskipa. Það urðu menn að muna; ekki einungis til næsta ródurs heldur jafnvel til næstu vertíðar, og áttu þá að segja til þess þegar fyrst var skipt. .. Þegar aflinn var allur kominn í köst var komið að því að ákveða hveir ættu að fá hvert þeirra, og var það gert með tvennu móti: Formaður sagði við einhvern hásetann; „sting þú á – ég skal sjá frá“, eða; „tak þú á – ég skal horfa frá“. Formaður sneri síðan baki að köstunum en hásetinn benti á eitt kastið og sagði; „*hver skal þar*“? Formaður nefndi þá nafn annars hásetans af þeim tveim sem voru hlutlagsmenn. Þegar kom að kastinu sem hann kaus sér ásamt einum af hásetum sínum mælti hann; „Ég sjálfur“. Væru köstin fjögur, t.d. af sexæringi, þurfti ekki að nefna það fjórða, *bátskastið*, og ekki heldur *stak*. Annar háttur var sá að meðan formaður horfði á völdu þeir sem fyrir köstum voru taldir sér einhvern hlut, t.d. stein, þangkló, fiskhrygg eða haus og létu í hrúgu. Formaður fleygði síðan þessum hlutum á köstin og átti hver að hafa gát á sínu kasti. Nefnt að *kasta á*. Að því búnu fóru hlutalagsmenn að *hluta*, þ.e. skipta kastinu á milli sín, en það gerðu þeir sinn daginn hvor. Þegar því var lokið horfði annar frá en hinn lagði á milli hlutanna; hníf, vettling, fisk eða stóð þar með fótinn og sagði; „á er skaft og blað“, „á er lófi og laski“, á er haus og sporður“ eða „á er tá og hæll“. Hinn svaraði þá; „haf þú skaftið ég skal hafa blaðið“ o.s.frv....

Í syðri hluta Barðastrandasýslu tíðkaðist lengi að skipta ekki afla fyrr en í lok vertíðar. Þegar farið er uppúr fjörunni á Hvallátrum við Bjarg, veginn milli bæjanna, er neðst í túninu á hægri hönd flöt; Skiptingarflöt. Þangað var aflinn borinn að endaðri vertíð; venjulega á Mariumessu (2. júlí) eða næsta dag. Allar *hrýgjurnar* voru þá fluttar þangað, en áður teknir úr þeim *vanmetasteinbítar*, *horólarsteinbítar* og þeir lagðir til hliðar. eins var farið með mjög feita steinbíta, en þeir þóttu lítt ætir. Þá var tindur úr *hálfdrættingssteinbítur*, ef hann hafði verið látinn samanvið... Síðan var tekið til við að skipta, og þar vestra kallað að skipta í köst og *krumma*; hálfu kastið var krumminn. Að því búnu var *stungið á*, og loks hlutuðu lagsmenn úr köstunum. Sá sem hafði krummann þótti ekki afskiptur. Stundum hafði formaður hann, en oftast var þó báts- og formannshlutur saman í kasti. *Lúðuriklingur* var allur veginn á reislu og skipt á þann hátt. Steinbíts- og þorskhausum var skipt þannig að kippurnar voru taldar, en oftast voru jafnmargir hausar í hverri. Ef lagsmenn voru vinnumenn sama húsbónda þurftu þeir ekki að hluta kasti. Eftir að hver hafði tekið við sínum

hlut bar hann ábyrgð á honum. Sumir *hrýgjuðu* þá á ný, en þeir sem höfðu reipi settu í bagga; 30 steinbíta í hvern. Ef öll áhöfnin var frá sama stað var ekki skipt fyrir en heim var komið. “ (LK; Ísl, sjávarhættir IV; heimildir m.a. ÁE, DE og ÓETH).

Sú regla var við líði um 1700 að formenn á bátum Guðrúnar Eggertsdóttur í Saurbæ fengu hausa af aflanum í formannshlut, en ekkert annað umfram venjulegan hásetahlut. „Í Norðurvíkum fangast mest steinbítur; lítill fiskur. So verður þá höfuðhluturinn (sem þar er formannskaup) æði lítill“ (ÁM/PV Jarðabók).

Skipti Látramanna á bjargfugli voru um margt svipuð. „Skiptin fóru þannig fram að þeir sem fóru niður fengu hættuhlut. Skipt var í köst sem kallað var; þannig að tveir menn voru um hvert kast. Stæði hinsvegar á stöku var það látið til hliðar og kallaður krummi. Þessi hlutur var síðan notaður til að rétta af, ef mistalist hafði hjá einhverjum“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Sjá *skipta í köst og krumma*.

„Í nokkrum verstöðvum gátu menn *bætt sér í munn* með eggjum eftir að varptíð byrjaði.... Vanalega voru 2 eða 3 skipshafnir saman um bjargferðir og þurfti einn maður að vera vanur sigari. Hann fékk tvo hluti og var annar hættuhlutur. Fyrir bjargfestina var tekinn einn hlutur og annar fyrir bjargið, en því sem eftir var skipt jafnt á milli allra skipverja, hvort sem þeir höfðu verið með í bjargferðinni eða orðið eftir heima, við að laga til á hryggjugörðunum. Þegar jafnt hafði verið skipt, gat staðið þannig af sér að nokkur egg urðu í afgang; þau voru kölluð matarverð“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH). Sjá *skipta úr fjöru*.

Skipti engum togum (orðtak) Í einu vetfangi; allt í einu. Þá heyrir fólk skruðning og göngin fylltust af snjó.

Skipti engum togum að bærinn splundraðist og hrundi yfir heimilisfolkið, sem mun hafa verið 15“ (SG; Náttúruhamfarir; Þjhd.Þjms). „Skipti það engum togum, að jafnt og báturinn tók niðri voru borðstokkar hans þaktir hraustum höndum, sem kipptu honum upp áður en við fengjum ráðrúm til að stöðva vélina og komast út“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Tog er stytting úr áratog. Það sem skiptir engum togum gerist fljótt.

Skiptifjara (n, kvk) Sá staður í fjöru sem fiski var skipt. Sjá *skipti*.

Skiptilykill (n, kk) Skriflykill; stillanlegt áhald til að skrúfa maskinubolta/ró.

Skiptimynt (n, kvk) Mynt sem notuð er til að gefa til baka af verðmeiri mynteiningu, s.s. seðli.

Skipting (n, kvk) A. Deiling; sundurhlutun. „Ég er vel sáttur með þessa skiptingu aflans“. B. Gír á ökutæki; gírskipting; sjálfskipting.

Skiptir ekki/engu máli / Skiptir engu/öngvu (orðtök) Er lítils virði; léttvægt. „Það skiptir ekki máli hvernig hann gerði þetta; mestu skiptir að málið er leyst“. „Þetta skiptir mig öngvu“.

Skiptir í tvö horn (orðtak) Um misjafnt ástand. „Það skiptir í tvö horn með aflasældina; sumir koma drekkhlaðnir að landi meðan aðrir fá ekki bein úr sjó“.

Skiptir sköpum (orðatiltæki) Varðar *örlög* (sköp=örlög). Notað um tilvik þar sem atvik eða ákvörðun ræður því hvort vel eða illa fer, en þau urðu tíð við sjómennsku í Kollsvík. „En hver fær séð hvað sköpum skiptir? Þeir bíða lags uns róður er tekinn til lands en verða of seinir fyrir“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *forlög; örlög; enginn má sköpum renna*.

Skiptiskrúfa (n, kvk) Bátsskrúfa með snúanlegum blöðum, þannig að breyta má átaki hennar frá áfram til afturábak, eða öfugt; með óbreyttri snuningsátt öxulsins.

Skipulag (n, hk) Tilhögun; haganleg röðun.

Skipulega (ao) Með skipulagi; í góðri/rétttri reglu/röð.

Skipun (n, kvk) A. Fyrirmæli; boð. „Ég tek lítið mark á hans skipunum“! B. Ráðning/setning í starf.

Skipverji (n, kk) Sá sem er hluti af áhöfn skips, t.d. háseti eða yfirmaður.

Skirrast (ekki) við (orðtak) Tregðast/hika (ekki) við. „Það þýðir ekki að skirrast við að senda mann í göngur samkvæmt fjallskilaseðli“. „Þessir andskotar skirrast ekki við að sigla á fullir ferð á sjáfstýringunni, jafnvel með mannlausu brúna“!

Skíta (n, kvk) A. Niðurgangur; óþrif. „Tvílembingarnir eru komnir með skitu. Við þurfum að gefa þeim súlfalyf“. B. Lítilræði; óvera; smáræði. Það er einhver skíta enn eftir af föðurbæti, en ég þyrfti að fara að fá meira“. C. Gæluorð um krakka/manneskju/skepnu, stundum í niðrandi tón en stundum vorkennandi. „Nú hefur rollufjárinn laumast aftur inná, skitan áhenni“. „Hefurðu ekki alveg við okkur skitan mín“?

Skitinn (l) Skítugur; óhreinn; sem búið er að skíta á/ ata skít. „Ári er rúðan að verða skitin eftir flugurnar“. B. Oftar notað í líkingamáli, í merkingunni lítilfjörlegur/ómerkilegur. „Ég er ekki með skitinn fimmeyring á mér til að borga undir bréfið“. „Hann sagðist ekki hafa fengið skitna krónu fyrir þessa vinnu“.

Skitirí (n, hk) Óvera; lítilræði. „Við flengdum út á *ballarhaf*; allaleið niður á Dýpri-Skeggja, en fengum ekkert nema þetta skitirí“

Skitna (s) Verða skítugur/sölugur/saurugur. „Ég er hræddur um að blankskórni þingmánsins hafi eitthvað skitnað þegar hann heimsótti mig í fjárhúsin“.

Skitugemlingur / Skitugemsi (n, kk) A. Gemlingur með skitu. B. Niðrandi heiti á manni sem þykir ótélegur í útliti og/eða framferði.

Skitulögg (n, kvk) A. Lítil sopi í bolla/ílát. „Ætli ég þiggi ekki smá skitulögg af kaffi hjá þér, fyrst þú ert með það á könnunni“. Líklega dregið af því að þó um lítið magn sé að ræða, óhreinkar það ílát. B. Gæluorð um barn. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Skitupest / Skitustand (n, kvk/hk) Niðurgangsveiki í búfé eða fólki. „Ég er hræddur um að ég sé kominn með þessa skitupest“. „Eitthvað er það í rénun þetta árans skitustand á manni“.

Skituskarn / Skituskömm / Skituögn (n, kvk) Gæluorð um barn eða dýr. „Gefðu nú tíkargreyinu ketbeinið með því sem eftir er á því; hún hefur ekki fengið neitt eftir smalamennskuna, skituskömmin“. „Hann gerði sitt besta, skituskarnið. Hann getur auðvitað ekki hlaupið eins hratt og þeir sem lappalengri eru“.

Skíðabrekka (n, kvk) Brekka sem hentar til að fara niður á skíðum þegar snjór er.

Skíðaferð (n, kvk) Það að ferðast á skíðum; skíðaganga.

Skíðaferi (n, hk) Það hversu vel snjóalög henta til skíðaferða; færð fyrir mann á skíðum.

Skíðastafur / Skíðastöng (n, kk) Stafur til stuðnings skíðamanni. Skíðastöng er lengri; ætluð til að ýta skíðamanni áfram.

Skíðgarður / Skíðgerði / Skíðveggur (n, kk/hk) Girðing úr samanstæðum tréstaurom (skíðum). Orðið er gamalt í málinu, þar sem í skóglitlu Íslandi hafa ekki verið reistir margir skíðgarðar, en þeir tíðkuðust sem varnavirki erlendis.

Skíðhvalur / Skíðshvalur (n, kk) Hvalur sem lifir á smágerðri og síar hana átu, og síar hana úr sjónum með sérstökum skíðum sem hann hefur í stað tanna. Nokkrar hvalategundir; yfirleitt fremur stórvaxnar og er t.d. steypireyðurin stærsta dýr sem vitað er að lifað hafi á Jörðinni.

Skíði (n, hk) A. Upprunalega merkir heitið beinvaxinn og fremur grannan trjából, en sú merking er lítið notuð nú. B. Borðviður. „Það mætti smíða góðar mublur úr svona fallegum skíðum“. C. Skíði til göngu á snjó; renniskíði; svigiskíði. D. Byrðingur á báti. „Þegar skíðið var komin í fulla hæð var borðstokkað...“ (LK; Ísl sjávarhættir II; frá AE). E. Hornkenndar plötur í kjafti skíðishvala, sem koma í tanna stað. Þær eru trosnaðar í jaðra og henta til að sía hina smágerðu fæðu skíðhvala úr sjónum.

Skíðloga (s) Loga glatt. „Eftir stuttan tíma skíðlogaði í brennunni“. Vísar til þess að vel logar í þurrum skíðum; þ.e. viði.

Skífa (n, kvk) A. Hverskyns þynna/ þunn plata, t.d. „slúttskífa“ og „spenniskífa“ fyrir skrufbolta; reimskífa. B. Stafaborð á klukku/úri; klukkuskífa; úrskífa. C. Þunnt lítið hellublað. „Hér er úrval af hellum og skífum“.

Skíma (n, kvk) Lítil birta. „Maður sér varla nokkra skímu í þessu myrkri“.

Skíma (s) Byrja að birta lítillaga. „Við förum og leitum að þessum kindum þegar fer að skíma á morgun“.

Skíma af tungli (orðtak) Tunglsljós. „Góð skíma var af tungli og því ratljóst“.

Skín á gull þó í skarni liggja (orðatiltæki) Vísar til þess að gersemar geta leynst víða, jafnvel þó ytri umgjörð bendi ekki til þess. Getur bæði átt við mannfólk sem muni.

Skín lítið/ekkert gott af því (orðtak) er ekki til bóta/engu bætari. „Mér skín nú lítið gott af því, þó lækurinn komi eftir helgina: Ekki lagar það bakverkinn í dag“.

Skínandi (l) Áhersluorð. „Þetta er skínandi góð hugmynd“.

Skír (l) Hreinn, bjartur, óblandaður. „Þetta er skír vilji meirihlutans“. Sami orðstofn og „skær“. Sú málvilla festi rætur fyrir mörgum öldum að skrifa orðið með „ý“ í flestum tilvikum (sjá skýr). Engin viðhlítandi skýring (ritað með sömu málvillu) hefur fengist á því, sumir reyna að rökstyðja það með „skyri“ sem er ólíklegt. Í raun er „skír“ og „skýr“ sama orðið, með sömu merkinguna. Sjá *skýr*.

Skíra (s) A. Um trúarlega athöfn; gefa barni nafn og blessa það; *ausa* einstakling *vatni*. „Séra Grímur skírði okkur Láganúpsbræður alla“ (VÖ). B. Hreinsa; gera hreinan.

Skíragull / Skírasilfur (n, hk) Hreinir góðmálmar.

Skírdagur (n, kk) Fimmtudagurinn fyrir páska; einn bænadaganna. Meðal kristinna manna er hann talinn helgur vegna þess að þann vikudag þvoði Kristur fætur lærisveinanna fyrir *sidustu kvöldmáltíðina*/ fyrir krossfestingu sína. Skír merkir hreinn og vísar til hreinleika vatnsins, en vatnið er tákn hreinsunar; í þessu tilliti syndaaflausnar. Fótabað lærisveinanna var því ígildi skírnar. Fyrst eftir kristnitöku hét dagurinn líklega skíri þórsdagur. Eftir siðaskipti var lítið á skírdag sem lok föstu, og haldið upp á það með mat. Var skammtaður hnausþykkur rauðseyddur mjólkurgrautur áður en gengið var til messu. Hann er nokkuð vindaukandi, og má ætla að ekki hafi loft skánað við það í torfkirkjum þess tíma. Sagt var að veður á skírdag væri fyrirboði um það hve vel myndi ganga að þurrka mó og tað. Skírdagur er lögbundinn frídagur.

- Skíri** (n, hk) „Shire“; umdæmi/greifadæmi í Englandi. Aðrar slíkar einingar eru „county“. Frægast slíkra er líklega Nottinghamskíri, þar sem Hrói höttur er sagður hafa verið skógarmaður í Skírisskógi.
- Skírlífi** (n, hk) Hreinlífi; piprun; líf fullorðinnar manneskju án samfara við manneskju af gagnstæðu kyni. Var talin dyggð á fyrri öldum strangtrúnaðar. Vísar það til ætlaðs kvenmannsleysis Krists, en æskilegt þótti að líkja eftir hans lífsháttum í hvívetna. Klausturlífnaður byggir á skírlífi og yfirleitt er gerð krafa um skírlífi til presta í kaþólskri trú. Þá var skírlífi fyrir giftingu talin alger nauðsyn. Eitthvað los mun komið á það nú á tímum, og hefði fyrirtíðarfolk líklega orðað það þannig; „*heimur versnandi fer*“.
- Skírn** (n, kvk) Helgiathöfn sem viðhöfð er við lítil börn sem fæðast inn í kristna kirkjuhefð. Skírnin er annað sakramenta lútherskrar kirkju; tákn um það þegar Kristur sendi lærisveina sína út um heiminn og fól þeim að „gera allar þjóðir að lærisveinum“. Vatnsaustur sem skírninni fylgir er minni um skírn Krists í ánni Jórdan og fótáþvott hans á lærisveinum við *síðustu kvöldmáltíðina*. Kollsvíkingar hafa löngum verið skírðir uppúr Gvendarbrunnsvatni sem, auk náttúrulegs hreinleika, býr að blessan Guðmundar góða Hólabiskups. Skírnin var álitin mjög mikilvæg fyrir sálarheill manna fyrir á tímum, og ef illa horfði með lífslíkur barna við fæðingu var reynt að framkvæma *skemmriskírn*.
- Skírnarfontur / Skírnarsár / Skírnarskál** (n, kk) Skál sem *skírnarvatn* er haft í þegar barn er skírt. Skírnarsár er eldra heiti. Orðin skírnarfontur og skírnarsár ná einnig yfir stall þann er skálin stendur á, en oft er sá fótur viðamikill; fagurlega skreyttur/útskorinn og meðal helstu kirkjugripa. Skírnarskál nær yfir skálina sjálfa. Í litlum kirkjum, og þegar skírt er í heimahúsum, er oftast einungis skírnarskál.
- Skírnarkjöll** (n, kk) Síð mussa úr hvítu finofnu efni sem börn eru gjarnan sett í við skírn þeirra. Þó kjöllinn sé síðari tíma hönnun hafa hvít skírnarklæði líklega tíðkast lengi.
- Skírnarvatn** (n, hk) Vatn sem barn er skírt uppúr. „Skírnarvatn fyrir börn sem skírð voru í Kollsvíkinni var tekið úr Gvendarbrunni, a.m.k. í seinni tíð, þar sem hann var vígður af Guðmundi biskupi góða. Engu að síður blessaði prestur það vatn sem annað skírnarvatn. Eftir skírnina þvoðu viðstaddir stundum augu sín úr vatninu, en það var talið bæta sjónina og auka endingu hennar. Aðrir gamlir síðir eru tengdir skírnarvatni í almennri þjóðtrú. T.d. var því trúað að barn yrði skyggt, þ.e. gæti séð yfir í annan heim, ef skírnarvatnið rennur ekki í augu þess við skírnina. Þá var sá síður þekktur fyrrum að hella skírnarvatni sitthvorumegin við mæninn yfir rúmi foreldra barnsins, svo barnið verði þeim til blessunar“.
- Skírnarvottur** (n, kk) Sá skírnargesta sem er tilgreindur sem vottur að skírn þess; *guðfaðir*; *guðmóðir*. Skírnarvottar eru tveir, og vanalega tengdir foreldrum barnsins á einhvern hátt. Staða guðforeldra hefur í raun ekkert lagalegt gildi.
- Skírskota til** (orðtak) Vísa (skota/skjóta) til einhvers til sönnunar máli sínu/ til að *skíra* mál sitt; nefna til vitnis.
- Skírteini** (n, hk) Sönnun; sönnunargagn; skjal sem sannar. Myndað af orðhlutunum „*skír*“ og „teikn“ (tákn/sönnun), og auðskiljanlegt í því ljósi. Sbr. ökuskirteini, nafnskirteini o.fl.
- Skíta** A. Hafa hægðir; kúka; *flytja lögmann*; *leysa buxur*; *ganga örna sinna*. B. Óhreinka; ata; saurga. „Ertu strax búinn að skíta út buxurnar þínar“?!
- Skíta/gera í bælið sitt / Skíta/gera undir sig** (orðtök) A. Bókstafleg merking; skíta í rúmið. B. Líkingamál um það að fara illa með sinn málstað; gera það sem spillir fyrir manni. „Ég held að með þessu hafi hann gert alvarlega undir sig“.
- Skíta út** (orðtak) A. Óhreinka; saurga. „Varstu að skíta strax út buxurnar sem þú fórst í áðan drengur“?! B. Níða; tala illa um; baknaga. „Það er óþarfi að skíta hann út fyrir þetta; hann *gerði sitt besta*“.
- Skítabára / Skítagutlandi / Skítasteytingur / Skítaveltingur** (n, kk) Slæmt/leiðinlegt sjólag; erfitt að róa/sigla/ vera að veiðum. „Það var kominn skítagutlandi, og ekkert annað að gera en *hafa uppi* og koma sér í land“. „Við fengum vindinn á móti falllinu í röstinni og lentum í árans skítasteytingi“. „Það var andskotann *engin aðvera* að hanga á þessu í svona skítaveltingi. En mesta furða samt hvað *sargaðist upp*“.
- Skítaleyja** (n, kvk) Kúkaleyja; bleyja sem búíð er að kúka í.
- Skítablettur / Skítaklessa / Skítaskella** (n, kk/kvk) Óhreinindablettur; óþrifaklessa. „Hér er einhver skítablettur í buxunum“. „Það þyrfti að þvo mestu skítaskellurnar af þessu“.
- Skítabragð** (n, hk) Slæmur keimur; slæmt bragð. „Mér finnst eitthvað skítabragð af þessari gúrku“.
- Skítabrúnn** (l) Brúnn að lit, eins og skítur. „Mér finnst þessi skítabrúni litur ekki fegra þetta mikið“.
- Skítabörur** (n, kvk, fto) *Fjóshjólborur*; hjólbörur sem allajafna eru notaðar við að aka skít, t.d. úr fjósi.
- Skítadreifari** (n, kk) Mykjudreifari; tæki til að dreifa húsdýraáburði á tún. „Skítadreifarinn var mikið *þarfþing*, en ósköp óliðugur í meðförum og bilanagjarn“.
- Skítafýla** (n, kvk) Mikil/megn ólykt/fnykur. „Bölvuð skítafýla er af hundinum; nú hefur hann komist í hræ“.

Skítagalli / Skítaleppar (n, kk) Mjög óhrein/skítug föt; drullugalli. „Farðu úr skítagallanum úti; ég þvæ hann á eftir“. „Ég held ég drífi mig bara úr þessum skítaleppum; maður er varla í húsum hæfur“.

Skítagemlingur / Skítagemsi (n, kk) A. Gemlingur sem orðinn er *blakkur á lagð/ klepraður af skít* eftir inniveru og legu á taði. B. Oftast í líkingamáli í seinni tíð; niðrandi heiti á manni. „Ég hef nú lítið álit á þeim skítagemlingi“. „Þetta er óttalegur skítagemsi“!

Skítahaugur / Skíthaugur (n, kk) Mykjuhaugur. Fyrstu árin eftir að grindafjánhús urðu almenn var jafnan skítahaugur framandi þau, enda þurfti iðulega að moka undan grindum og aka skitnum úr húsunum. Eftir tilkomu öflugra traktora og *skítadreifara* var farið að aka honum beint á tún.

Skítahlass (n, hk) Kúaskítsklessa; kúaskítur. „Æ, þarna steig ég ofaní skítahlass“!

Skítaél / Skítahraglandi / Skítakóf (n, kk) Lýsingar á slæmu veðri sem veldur bleytu, kulda og jafnvel slæmu skyggni. „Við lentum í skítaéli“. „Búðu þig almennilega; það er skítahraglandi“! „Maður sá *ekki spönn frá rassi* í þessu skítakófi“!

Skítakaraktar / Skítalabbi / Skítbuxi / Skíthæll (n, kk) Mannlýsing; illa innrættur maður; óþverri. „Hún hafði fengið nóg af þeim skítakaraktar“. „Sá bölvauður skíthæll getur bara átt sig“!

Skítakaup / Skítalaun (n, hk) Mjög lág laun; lægri laun en vera ber. „Hann sagðist ekki vinna lengur fyrir svona skítalaun“.

Skítakerra (n, kvk) Kerra sem notuð er til að aka húsdýraáburði á tún. Eftir tilkomu traktors og fyrir daga skítadreifara var skít ekið á tún í kerru, og kastað úr honum þar með skóflu.

Skítakleprar / Skítaskán (n, kk/kvk) Lag af skít. Kleprar er oft notað um mykju sem sest hefur í hár/ull húsdýra. „Það þyrfti að kempa mestu skítakleprana af blessaðri kúnni“. Skán er hörð skel af skít, oft á linara undirlagi.

Skítakuldi / Skítanæðingur (n, kk) Bitur kuldi; kuldanæðingur. „Klæddu þig almennilega; það er bölvauður skítakuldi“. „Það var skítanæðingur orðinn þarna á brúninni“. Einnig oft notað *kuldaskítur*.

Skítaköggull / Skítakökkur (n, kk) Köggull af skít; oftast átt við eina stungu af skít, t.d. þegar verið er að *stinga út* úr fjárhúsum. „Gaffallinn er ágætur til að kasta skítakekkjunum upp í börur“.

Skítalykt (n, kvk) A. Óþefur; lykt af skít/mykju. B. Grunsamlegt yfirbragð á málefni. „Mér finnst einhver skítalykt af þessu máli“.

Skítamakari (n, kk) Sá sem vinnur verk sérlega illa; flumbrari; klastrari. „Hér hefur einhver andskotans skítamakari rekið krumlurnar í“! Skammaryrði sem stundum þurfti að grípa í; sést ekki í orðabókum.

Skítapleis (n, hk) Síðari tíma niðrandi heiti á stað, einkum þéttbýlisstað. „Ég er lítið hrifinn af því skítapleisi“!

Skítareka / Skítaskófla (n, kvk) *Fjósreka*; skófla sem notuð er til flórmoksturs.

Skítaskán (n, kvk) Hörð þunn skel af skít. „Ég skóf mestu skítaskánina af fjósstéttinni“.

Skítaskot (n, hk) A. Slæmt veður um stuttan tíma; stutt hret. „Hann er að ganga fjandi fljótt upp núna, en ég held að þetta verði lítið annað en skítaskot sem gengur fljótt yfir“. B. Um vél; feilpúst; missir neista í slagi og sprengir næst með hveli. „Ferleg skítaskot eru þetta í vélinn núna“!

Skítaskófla / Skítreka (n, kvk) Fjósaskófla; fjósreka; flórreka; mykjuskófla. „Þú ert þó ekki að nota skítaskófluna til að skafa *hússtéttina*“?!

Skítasletta (n, kvk) Sletta af skít. „Ég þreif mestu skítasletturarnar af traktornum“.

Skítastampur (n, kk) A. *Drullustampur*; ílát til að bera skítu úr fjósi út á haug fyrrum. B. Heyrist nú eingöngu í gróflega niðrandi lýsingum á manni eða bát.

Skítastígvél (n, hk, fto) Stígvél sem notuð eru í skítmokstur; mjög skítug stígvél. „Ég fer ekki á skítastígvélunum inn í slátursalinn“.

Skítaveður (n, hk) Vont veður; ekki síst viðhaft þegar gerði slydduél.

Skítapró (n, kvk) Pró sem saur er safnað í. Svo var m.a. nefnd próin undir kamrinum á Láganúpi, sem enn stendur, þó kamarinn sé aflagður. Reglulega þurfti að tæma skítapróna og var innihaldið jafnan nýtt sem áburður á tún og sléttur.

Skítbillegt (l) Hræódýrt. Dönskusetta.

Skíthræddur (l) Mjög skelkaður; lafhræddur. „Við fátt var ég eins skíthræddur og hrossaflugur, á yngri árum“.

Skíthús / Skítkjallari (n, kk) Haughús; forarþró; kjallari undir fjárhúsi/fjósi sem skít er safnað í, en hann er síðan nýttur sem áburður á tún. „Skíthús voru ekki algeng við fjós á þeim tíma, og voru Láganúpsbændur með þeim fyrstu að tileinka sér þá nýjung“.

- Skítkalt** (l) Mjög kalt. „Er þér ekki alveg skítkalt á höndunum; svona vettlingalaus í þessum kulda“?
- Skítkast** (n, hk) A. Það að kasta skít. B. Líkingamál; hreyta ónotum/skömmum í einhvern.
- Skítkokkur** (n, kk) Uppnefni á manni. Virðist hafa komist á kreik sem niðrandi heiti á kokkum á skútum og fyrstu togurum. Fæði um borð var oft slæmt, enda geymslu- og eldunaraðstaða léleg.
- Skítlingur** (n, kk) Gæluheiti á litlu/veikburða/vannærðu lambi, vísar e.t.v. til lambs með skitu. „Óttalegir skítlingar eru þetta hjá tvævetlunni þarna; skyldi hún ekki mjólka þeim nóg“? Stundum notað sem gæluorð við börn. „Komdu hérna skítlingurinn minn“.
- Skítmokstur** (n, kk) Mokstur skíts/mykju/taðs, t.d. út út skepnuhúsum. „Strákarnir höfðu uppi miklar áætlanir um að verða bændur þegar þeir yrðu stórir, og nota feður sína til skítmoksturs og annarra snúninga“.
- Skítnóg** (l) Alveg/yfrið nóg; nægir vel. „Við fengum skítnóg af smælki, en minna af stórfiski“.
- Skítnýta** (s) Nýta að lágmarki; virða viðlits. Vanalega í neikvæðri merkingu. „Ég get ekki vorkennt þessum aulum, sem vilja ekki skítnýta glænýjan fisk sem þeim er boðinn ókeypis“.
- Skítóánægður** (l) Mjög óánægður/vonsvikinn; þykir mjög slæmt. „Ég er skítóánægður með þeirra frammistöðu í þessu máli“! Allmikið notað.
- Skítsama** (l) Skiptir ekki máli; gersamlega áhugalaus; læt í léttu rúmi liggja. „Mér er skítsama hvað honum finnst um það“! „Ætli öllum sé ekki skítsama um það“.
- Skítsbætur** (n, kvk, fto) Það sem þykir alltof lítið. „Ég gat ómögulega verið að selja þetta fyrir einhverjar skítsbætur“!
- Skítseiði** (n, hk) A. Lítil fiskur; síli; kóð. B. Í líkingamáli; ómerkileg persóna; mannhundur; úrþvætti. „Bölvað skítseyði má maðurinn vera; að haga sér svona gagnvart móður sinni“!
- Skítsjá eftir** (orðtak) Sjá mikið eftir; sakna mjög. „Ég skítsé eftir því að hafa ekki tekið kíkinn með“.
- Skítskyldugur** (l) Mjög skyldugur; ber mjög mikil skylda til. „Það er sama hvað honum finnst; hann er skítskyldugur að ljúka þessu verki“!
- Skítsvirði** (n, hk) Mjög lítils virði. „Hans orð eru ekki skítsvirði í þessum efnum; það hefur sýnt sig“!
- Skítsækinn / Skítsæll** (l) Sem verður auðveldlega óhreinn/skítugur; sem sér fljótt á. „Þú ættir ekki að vera í þessum buxum í svona verki; þær eru svo skítsækna“.
- Skítsæmilegur** (l) Þolanlegur; þokkalegur; *slarkandi*. „Ég er að verða skítsæmilegur í fætinum“. „Veðrið var ekki nema *réttsvo* skítsæmilegt; en viðlétum okkur hafa það“.
- Skítt** (l) Slæmt; bölvað; *neyðarbrauð*. „Mér finnt það fjári skítt að þurfa að sitja aftur uppi með þessa stjorn“.
- Skítt með / Skítt með það / Skítt veri með það** (orðatiltæki) Það skiptir litlu máli; mér er sama um það. „Verst þótti mér að tapa skónum; skítt með það þó maður blotnaði dálítið“.
- Skíttapa** (s) Tapa með miklum mun; fá háðuglega útreið í keppni/slag/spili. „Þú ert búinn að skíttapa þessu“!
- Skíttapaður** (l) Sem búinn er að tapa stórt/ með miklum mun. „Þessi skák er skíttöpuð, er ég hrædur um“.
- Skítti** (n, hk) Óvera; lítilræði; skitirí. „Þessi nýju útvörp eru óttaleg skítti og hljóðið eftir því“.
- Skítugur** (l) Óhreinn; saurugur; ataður. „Asskoti er maður orðinn skítugur eftir þetta at“!
- Skítur** (n, kk) A. Saur; hægðir. B. Óhreinindi; kám. C. Niðrandi heiti á manni.
- Skítur á priki** (orðtak) Lýsing á því sem þykir mjög lítið/óverulegt. „Þetta var andskotann enginn afli; bara skítur á priki“.
- Skítur og ekki neitt** (orðtak) Hverfandi lítið; örlítið. „Það er auðvitað nauðsynlegt að taka ullina af fenu, en þetta er bara skítur og ekki neitt sem bændur eru núna að fá fyrir hana“.
- Skíturinn úr skrattanum** (orðtak) Niðrandi heiti á *lakkris*; einkum þeirra sem ekki kunnu að meta þá sælgætistegund þegar hún fluttist fyrst vestur.
- Skítverk** (n, hk) Verk sem er/þykir fráhrindandi/niðurlægjandi/óþrifalegt. „Hann verður að fá einhvern annan en mig til að sjá um sín skítverk“!
- Skjaldan** (l) Sjaldan. „Gíslavað var skjaldan farið“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur). Var áður algengur framburðarmáti, en heyrir ekki í dag.
- Skjaldborg** (n, kvk) Sú bardagaáferð að liðsmenn standa hlið við hlið og snúa skjöldum að óvininum, þannig að sýnist vera óvinnanlegur varnarveggur. Sjá *slá skjaldborg um*.
- Skjaldindi** (n, hk) Tálknop og tálknobogar á lúðu. (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: KJK, E-Tungu).

Skjaldburkni (n, kk) Polysichum lonchitis; uxatunga. Burkni af skjaldburknaætt; vex víða um land, einkum í urðum þar sem snjóþungt er, og í skóglendi; ekki síst á Vestfjörðum. Ekki skal fullyrt um hvort hann finnst í Kollsvíkurlöndum, en hann vex t.d. í Bjarnahlíð, sem er efst norðantil í Látradal. Blöðin vaxa í þéttum toppum, upp af stuttum en gildum jarðstöngli. Þau eru stuttstilkud, sígræn og einfjöðruð; 15-40 cm löng og 2-7 cm að breidd, með 20-40 pörum af skarptentum smáblöðum. Gró vaxa í blettum á neðra borði blaða, í röðum meðfram blaðröndunum.

Skjalfest (l) Skráð; fest á skjal/pappír. „Þetta hlýtur að vera einhversstaðar skjalfest“.

Skjall (n, hk) A. Yfirborðskennt/óhóflegt hól/hrós. „Vertu nú ekki að skjalla hann fyrir þessa vitleysu“, B. Skjallhimna; himna milli hvítu og skurns á egg.

Skjalla (s) Hrósa á yfirborðskenndan hátt; hlaða oflofi. „Hann kann að skjalla höfðingjana“!

Skjana uppá einhvern (orðtak) Orðtakið var ekki notað í seinni tíð í Kollsvík. Annarsstaðar þekktist orðtakið að „skjana uppá einhvern“, í merkingunni að sneiða að einhverjum; skensa einhvern. „Skjana“ er líklega af sömu rót og „skjön“, og „skensa“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Skjannabirta (n, kvk) Mikil birta; ofbirta. „Maður blindast alveg við að koma út í þessa skjannabirtu“.

Skjannabjart (l) Mjög bjart; glaðasólskin. „Það var skjannabjart yfir öllu og glampanði logn“.

Skjannahvítur (l) Snjóhvítur; alveg hvítur. „Mér sýnist að það sé komin einhver skjannahvít ær í fjárhópin; líklega þá útigengin“.

Skjannaljós (n, hk) Mjög sterkt ljós; bjartur ljósglampi. „Það brá fyrir einhverju skjannaljósi hér frammi á víkinni; það hefur kannski verið ljóskastari á bát“.

Skjannasólskin (n, hk) Glampanði sólskin; mikil sólarbirta. „Þetta er furðulegt veðurlag; grenjandi rigning fram á hádegi en eftir það skjannasólskin“!

Skjatti (n, kk) Lítill poki; posi. „Réttu mér pokaskjattann með dagblöðunum“.

Skjágluggi (n, kk) Gluggi sem áður var almennt notaður; kringlótt grind 5-6“, skjágrind, sem á var strekktur líknabelgur (skæni), sköturoð eða annað sem hleypti skímu í gegnum sig. Skjágluggar voru settir á miðja þekju og voru lausir, þannig að taka mátti þá úr. Þeir hurfu úr notkun eftir að glergluggar komu til.

Skjágrind (n, kvk) A. Eiginleg merking (horfin úr málinu); grind sem líknarbelgur var þaninn á í skjái (glugga). B. Afleidd mynd (almennt notuð vestra en líklega ekki annarsstaðar); ótraust mannvirki; hrófátildur. „Mér finnst nú þessi sjónvarpsloftnet vera óttalegar skjágrindur sem varla þoli hvassviðri“.

Skjágrindalegur (l) Veikbyggður; skjálfandi; sem hrikir í. „Ósköp finnst mér skjágrindaleg þessi fjárgrind á vörubílunum. Skyldi hún endast alla leið í sláturhúsið“?

Skjálfa á beinunum (orðtak) Skjálfa úr kulda eða hræðslu. „Þá var hann orðinn gegnkaldur og skalf á beinunum“.

Skjálfa eins og hildafullur hundur (orðtak) Skjálfa mjög mikið, t.d. úr kulda. Líkingin er dregin af þeirri trú að hundum yrði illt af því að éta hildir; þá fengu þeir ofsalegan skjálfta.

Skjálfa eins og strá í vindi (orðtak) Skjálfa mjög mikið. „Ég held þú ættir nú að fá þér eitthvað utanyfir þig; þú skelfur eins og strá í vindi“!

Skjálfa og nötra (orðtak) Skjálfa mjög mikið og hristast. „Húsið skalf og nötraði í verstu byljunum“.

Skjálfandi og nötrandi (orðtak) Með mikinn skjálfta. „Hann var skjálfandi og nötrandi af hræðslu“.

Skjálfa sér til hita (orðtak) Búningur var stundum vondur fyrrum og menn urðu hraktir af kulda við hjástöðu fjár, sjósókn og önnur störf. Þá setti að mönnum skjálfta og var trúað að mönnum hitnaði ögn við það.

Skjálfandi úr kulda (orðtak) Ósjálfráðan skjálfta setur að þeim sem eru vanbúnir og kólnar. „Farðu frekar inn heldur en að hýrast þarna skjálfandi úr kulda“.

Skjálfhentur (l) Með skjálfandi hendur. „Þræddu nú fyrir mig skóna góði; ég er orðinn dálítið skjálfhentur“.

Skjálftahrollur / Skjálftakast (n, kk) Hrollur með skjálfta; *kuldahrollur*. „Það er í manni hálfgerður skjálftahrollur svona fyrst í morgunsárið“.

Skjár (n, kk) A. Gegnsæ himna í glugga. Fyrir daga glers var oftast notaður þurrkaður líknarbelgur í skjá, en stundum sköturoð. B. Gluggi, þ.e. himnan og umgjörðin; skjágluggi. C. Gæluheiti á auga. „Hann glennti upp skjáina“. D. Gluggi á rafeindateki, t.d. sjónvarpsskjár, tölvuskjár, símaskjár o.fl.

Skjáta (n, kvk) Gælunafn um kind; stundum einnig um óþæga stelpu sem „stelpuskjáta“. „Ég ætla að skreppa í fjárhúsin og kasta í skjáturarnar“ (gefa kindunum). „Þarna voru engir kotkarlar á ferð“. „Margur kotkarlinn rak upp kætihlátur/ þegar sá hann sínar skjátur“ (JR; Rósarímur).

Skjástlast (s) Skjöplast; gera mistök; hafa rangt fyrir sér. „Það má vera að mér hafi skjástlast um þetta atriði“.

Skjástlast (getur) þó skýr sé (orðatiltæki) Maður getur haft rangt fyrir sér þó hann sé gáfaður. Nokkuð notað í Kollsvík fram á síðari ár.

Skjástuskinn (n, hk) Gælunafn um eitthvað aumkvunarvert eða lítið, annaðhvort stelpu eða dýr. „Komdu hérna skjástuskinnið og fáðu eitthvað í svanginn“.

Skjósta (n, kvk) Lítil poki; posi; skjatti; skinnpoki; tuðra; taska. „Réttu mér nú skjóstuna með prjónlesinu“.

Skjóst (n, hk) Hlé; var; afdrep. „Féð stóð í skjósti við hlöðuna í *norðanrenningnum*“.

Skjóla (n, kvk) Fata; *spanda*. „Helltu þessu svo í skjóluna“. Skjólur fyrri tíma voru gerðar af tréstöfum og girtar, líkt og tunnur; gjarnan með tréhaldi yfir, sem fest var með böndum í eyru á skjóluarminum.

Skjólagott (l) Um landslag; skjólsælt fyrir fé. „Þetta svæði heitir Undirlendi. Það er grasi vaxið og skjólagott.“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps). Orðið finnst ekki í orðabókum og hefur ekki heyrst notað eftir tíð Guðbjartar.

Skjólasamt (l) gott skjól; *skjólagott*; *skjólótt*. „Þá er komið upp fyrir Hjallana. Þar er skjólasamt og fjölbreyttur gróður og gott beitoland í kring; hefur áreiðanlega verið gott fyrir *fjárpening* þar“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Skjólbörð (n, hk) A. *Skjólbörði* (sjá þar). B. Upphækkun/veggur á byrðingi báts eða kerru eða bílpalli. „Guðbjartur afi á Lambavatni smíðaði hugvitssamlegan heyvagn á fjórum járnhjólum, og voru þau fremrí stýranleg með beislinu. Þessi heyvagn var án skjólbörða og þægilega lágur til gott væri að hlaða á hann með kvíslum“ (VÖ).

Skjólbörði (n, kk) Hlébörði; þeim megin skips/báts sem er undan vindi. „Það hefur nú alltaf þótt sjómannslegra að míga á skjólbörða en kulbörða. Þú manst það kannski næst góði minn“.

Skjólfat / Skjólfatnaður / Skjólflik (n, kk/kvk) Yfirhafnir; föt til að verja gegn regni/kulda/roki. „Ertu í nógu góðum skjólfatnaði“. „Þeir áttu ekki einusinni almennilegar skjólflikur; hvað þá hjálma“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

Skjólgarður (n, kk) Garður sem hlaðinn/gerður er til að veita skjól fyrir veðri eða sjóum. Garðarnir á Grundabökkum gegndu margvíslegu hlutverki. Þeir voru túngarður um Grundatúnið og áveitu í Grundamýri; þeir veittu aðhald þegar fé var rekið til beitar úr fjárhúsum í Láganúpsfjöru; og þeir voru skjólgarður fyrir norðanáttinni. Að auki kunna þeir að hafa verið þurrkgarðar fyrir fisk á tímum Láganúpsvers.

Skjólgóður grautur (orðtak) Þykkur grautur, einkum notað um grjónagraut. „Þetta kalla ég skjólgóðan graut“.

Skjóllegt (l) Skýlt; skjólsælt. „Litlu utar er Katrínarstekkur í litilli skjóllegru laut“ (IG; Sagt til vegar I).

Skjóllítill (l) Veitir lítið skjól/afdrepp. A. Um fatnað: „Mér sýnist að þessar dulur á þér séu skratti skjóllitlar“. B. Um landsvæði: „Það er fremur skjóllítið fyrir lambféð í girðingunni“.

Skjólótt / Skjólríkt / Skjólsælt (l) Um stað/svæði; skýlt; gætir síður vinds/veðra en í kring. „Þetta svæði heitir Undirlendi. Þar er grasi vaxið og skjólagott, enda er skjólótt og mishæðótt á Hnífunum og safnast þar oft mikil fönn í austanbyljum“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps).

Skjóta (s) A. Gera snögg; bregða við. „Hann skaut orfinu uppá skúrþakið“. B. Hleypa af vopni; kasta vopni. „Ég ætla að rölta niður að Görðum og reyna að *skjóta á fluginu*“. „Nú var lambið skotið og skorið og síðan flegið í snatri og gert til“ (PG; Veðmálið).

Skjóta að (einhverjum) (orðtak) Segja einhverjum eitthvað; gefa einhverjum vísbendingu; minna á. „Ég skaut því að honum að von væri á gestum“.

Skjóta augum á skjálg (orðtak) *Skotra augum*; *gefa hornauga*; horfa útundan sér eða til hliðar með því að renna til augunum.

Skjóta á fluginu (orðtak) Skjóta mál úr Byrginu á Grundarbökkum. Til þess var valin hagstæður vindur, helst norðanátt og um hálfvallinn sjó eða nær flæði. „Að fara á *skytterí* niður að Görðum var fastur liður í heimsóknum þeirra Einars og Páls“ (GÖ; minningabrot frá Láganúpi). „Það var íþrótt að skjóta svartbaksunga á flugi hér í vikinni. Í norðanstormi þá flýgur fuglinn alltaf í veðrið og flýgur lágt. Og á haustinn þá sátu þeir hérna niður á gömlu grjótgörðunum þegar þannig viðraði og skutu ungan á fluginu. Þetta þótti alveg herramannsmatur; ungarnir. Fullorðnir svartbakar þóttu ekki mannamat“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Skjóta á frest (orðtak) Fresta; láta bíða. „Hann skaut því á frest að taka ákvörðun í málinu“.

Skjóta á fundi (orðtak) Halda fund í flýti; ráðgast um mál.

Skjóta á land (orðtak) Setja á land úr báti. „Töluverður súgur var við hleinina, en með því að sæta lagi tókst okkur að skjóta tveimur á land, sem byrjuðu þegar að leita eggja“.

Skjóta fram báti (orðtak) *Fara fram*; *fara á sjó*; *fara í róður*. „Eigum við ekki að nota lognið og skjóta fram báti“?

- Skjóta inn orði** (orðtak) *Leggja orð í belg*; segja inn í tal annars/annarra. „Ef ég mætti skjóta hér inn orði...“.
- Skjóta í báru / Skjóta í fuglsbringur** (orðtak) *Falla úr báru*. Notað um það þegar hvítnar í einstaka báru þegar eykur sjó. „Hann var þá farinn að hvesa og skjóta í fuglsbringur um allan sjó“.
- Skjóta máli sínu til (einhvers)** (orðtak) Bera undir einhvern; láta einhvern dæma í sínu máli.
- Skjóta (einhverjum) ref fyrir rass** (orðtak) Leika á einhvern; blekkja einhvern; sjá við einhverjum. „Hann ætlaði að vakna eldsnemma til að ná þessu netastæði, en ég skaut honum ref fyrir rass og lagði um nóttina“. Ekki fullkomlega ljóst um uppruna orðtaksins, en e.t.v. vísar það til þess að læðast lymskulega aftan að manni, líkt og kænn refur, eða lauma/skjóta ref afturfyrir mann til að refurinn geti lesið hugsanir mannsins.
- Skjóta saman** (orðtak) Safna. Oftast notað um það þegar fólk leggur af fé mörkum til tiltekins málefnis eða til að áorka einhverju sérstöku. „Hreppsúar skutu saman nokkru fé í styrktarsjóð fyrir ekkjuna“.
- Skjóta sig í (einhverjum)** (orðtak) Vera ástfanginn af einhverjum.
- Skjóta sig í fótinn** (orðtak) Spilla fyrir sjálfum sér; gera eitthvað það sem kemur manni augljóslega í koll síðar. „Ég ætla ekki að skjóta mig í fótinn með því að leggja net á Kollsvíkinni, svona rétt fyrir norðangarðinn“.
- Skjóta (einhverjum) skelk í bringu** (orðtak) Hræða; gera bilt við; bregða. „Þeir ákváðu að skjóta honum skelk í bringu“. Skelkur merkir ótti/skelfing. Bringa vísar til stings sem menn fá fyrir brjóst þegar hjartsláttur eykst. Er því nánast sama orðtakið og „*hleypur hand fyrir hjartað*“, sem var mikið notað í Kollsvík en heyrir lítt þar fyrir utan.
- Skjóta skildi fyrir (einhvern)** (orðtak) Verja einhvern; halda uppi vörnum fyrir einhvern
- Skjóta skjólshúsi yfir** (orðtak) Veita húsaskjól; taka undir verndarvæng. „Auðvitað er sjálfsagt að skjóta skjólshúsi yfir þig yfir nóttina, *skárra væri það nú!*“
- Skjóta skökku við** (orðtak) Ekki eins og á að vera; ekki í góðu lagi; vera ankanalegt/undarlegt. „Mér finnst skjóta dálítið skökku við að tveir úr sömu fjölskyldu sitji í þriggja manna stjórn í svona félagi“! Líklega vísar orðtakið til *skakkafalls*; báru sem ríður skáhallt að strönd og getur valdið slysi/vandræðum í landingu báts. Getur einnig átt rætur í vopnaviðskiptum; t.d. að maður skjóti skildi sínum skökkum við atlögu, og verjist því ekki vel“.
- Skjóta til (einhvers)** (orðtak) Fela öðrum að skera úr; bera undir. „Hann skaut málinu til Hæstaréttar“.
- Skjóta undan** (orðtak) Fela; koma undan; halda fjármunum í heimildarleysi; svíkja undan skatti.
- Skjóta undir báru** (orðtak) Um sjólag; stór alda ríður undir bát. „... skaut samt undir sverri báru stöku sinnum,, (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Skjóta undir sjó** (orðtak) Sjó eykur lítillga, en þó vel vært að veiðum. (JT Kollsvík LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Skjóta upp** (orðtak) Koma úr kafí. „Ekki sást neitt til Sumarliða, en augnabliki síðar skaut honum upp góðan spöl frá bátnum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Skjóta upp kollinum** (orðtak) Koma í ljós; birtast. „Sú gráa skaut upp kollinum á Látraréttum“.
- Skjóta yfir markið** (orðtak) Ná ekki tilgangi sínum með atlögu/árás/ásökun; *missa marks*. Vísar til þess að hitta ekki í mark t.d. við skotfimi eða steinkasti/skeljakasti.
- Skjótast** (s) A. Fara í fljótheitum. „Ég ætla að skjótast á klósettið“. B. Skjöplast; misminna. „Mér kann að hafa skotist um einhver atriði í þessu langa máli“. C. Yfirsjást; trassa. „Mér hefur eitthvað skotist að greiða þennan reikning; hér fæ ég kröfu um dráttarvexti“. Sjá *skotaskuld*.
- Skjótast eins og eldibrandur / Skjótast eins og pila** (orðtök) Vera mjög fljótur í förum; hlaupa mjög hratt.
- Skjótífenginn** (l) Fljótífenginn; sem fæst fljótt. „Margir sáu í þessu skjótífenginn gróða“.
- Skjótlega** (ao) Fljótlega; fljótt; snarlega. „Þeir brugðust skjótlega við og komu okkur til aðstoðar“.
- Skjött skipast veður í lofti** (orðtak) Veðrabrigði geta verið mjög snögg. Einkum gátu þau orðið skeinuhætt þegar róið var á litlum árabátum frá hafnlausri úthafsströnd, líkt og var um róðra frá Kollsvík. Því var þessi áminning Kollsvíkingum mjög töm á tungu. „En á skammri stundu skipast veður í lofti. Veðurútlit hefur breyst. Til hafsins er kominn norðan mökkur; og jafnsnemma leggur norðan kisur heim úr Blakknum og eykur norðan báru“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *fáir kunna sig í fögru veðri heiman að búa*.
- Skjótur** (l) Fljótur; snar. „Vertu nú skjótur og hlauptu fyrir kýrnar; þær eru að *stedja* beint í garðinn“! „Brá nú Gummi skjött við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið).
- Skjótur í förum / Skjótur í snúningum** (orðtök) Fljótur að ferðast/skjótast; *snar í snúningum*.
- Skjögra** (s) Ríða; slaga; vera reikull í spori; ramba. „Ég ætti nú að geta skjögrað útá Brunnsbrekku til að standa fyrir, þó ég sé ekki liðugur til hlaupa“.

Skjöggt (n, hk) Snúningar; sendiferðir; endurteknar stuttar ferðir.

Skjögta (s) Skrönglast; ganga með erfiðismunum. „Gamli maðurinn er nú enn að skjökta í gegningar“.

Skjöggtari (n, kk) Farartæki sem notað er til snúninga. „Lítill skjöggtari var notaður til að fara fram á leguna“.

Skjögur (n, hk) Samheiti yfir hörgulsjúkdóma sem orsaka máttleysi í sauðfé. Talað var um að þeim lömbum væri hætt við að fá fjöruskjögur sem voru undan ám sem mikið var beitt í fjöru (röskun á koparupptöku). Stíuskjögur var talið orsakast af of mikilli inniveru lambánna(selenskortur) en það má lækna með selengjöf.

Skjöldóttur (l) Litur á kúm; Dökk með hvíta stóra bletti/flekki, eða hvít með dökka stóra bletti/flekki. Þannig litur nefnist skjöldótt á kúm en flekkótt á sauðfé.

Skjöldur (n, kk) A. Hlemmur sem notaður er til varnar í bardaga. Venjulega úr tré fyrrum; stundum leðurklæddu; með höldu að innanverðu; misjafn að stærð. Sjá *halda hlífiskildi yfir*. B. Hvaðeina sem minnir á skjöld að lögun; t.d. tólgarskjöldur; storknuð fitubrúð í potti.

Skjömbóttur (l) Smáskjöldóttur; dílóttur. Heyrðist notað um nautgripi með litla dökka bletti á ljósri húð. Mest þó notað í líkingamáli um krakka sem voru áberandi óhreinir í framan: „Farðu nú og þvoðu þér áður en þú borðar; þú ert svo ári skjömbóttur núna“. Heitið „skjambi“ mun áður hafa verið notað um kinn; litaðan blett á kinn eða kinnhest/löðrung. Má ætla að lýsingarorðið sé af því dregið.

Skjön (n, kvk) Skakki; skái. Oftast í orðtökum; ganga/vera á skjön við eitthvað.

Skjönglast (s) Skenglast; skriplast; komast/fara með erfiðismunum/við illan leik. „Ætli ég reyni ekki að skjönglast fyrir Breiðinn og reka úr Fjarðarhorninu ef þú kemur niður niður Flosagil og stendur fyrir þar“.

Skjöplast (s) Hafa rangt fyrir sér; skeika. „Þetta mun hafa verið svona, ef mér skjöplast ekki“.

Skjöplast skýrum / Skjöplast þó skýr sé (orðatiltæki) Hefur rangt fyrir sé þó hann sé greindur. Iðulega notað þegar talið er að einhver fari með rangt mál í umræddu tilviki, þó oftast megi treysta álitni hans; oft haft með „heldurbetur“ eða „illa“ á eftir. „Nú skjöplast skýrum heldurbetur, þykir mér“!

Sko (uh) Hikorð sem sumir nota ótæpilega. Vafalítið stytting á „skoðaðu“, og því sömu merkingar og „líttu á“ sem er annað mikið notað hikorð. Sumir eru svo andsetnir af þessu hikorði að þeir hnoða því óafvitandi í nánast hverja einustu setningu; einkum við þvingandi aðstæður s.s. í fjölmiðlum. Af þessu eru ýmsar útgáfur, t.d. „neisko“; „skotil“ og „hérnasko“. Oftast er „sko“ áherslulaust, en stundum með mikilli áherslu: „Ég skal sko sýna honum í tvo heimana“!

Sko til (uh) Lítið bara á. Upphrópun sem viðhöfð er þegar eitthvað er að ganga/gerast, sem tvísýnt var um áður. „Sko til; þarna er bara kominn þessi boltafiskur“!

Skoða (s) A. Líta á; virða fyrir sér. B. Hugleiða; velta fyrir sér. C. Líta eftir föðurbirgðum og ásetningi bænda. „Því lengur sem ég skoða og set á, eða hef þetta forðagæsluéftirlit, því betur sannfærast ég um að föðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæsclubók Rauðasands 1930).

Skoða hug sinn (orðtak) Hugsa sig um; hugleiða. „Hann er að skoða hug sinn með þetta“.

Skoða í krók og kring (orðtak) Skoða mjög vandlega; rannsaka frá öllum hliðum. „Eftir að hafa skoðað askinn í krók og kring, sagðist hann sjaldan hafa séð jafn fállegan *smíðisgrip*“.

Skoða ofan í kjölinn (orðtak) Rannsaka vel; skoða í smáatriðum. „Endurskoðendurnir töldu sig þurfa að skoða þetta ofan í kjölinn“. Líkingamál sem vísar til þess að e.t.v. þarf að leita undir plittum báts þegar hlutur týnist eða til að þrifa hann vel.

Skoða sig um (orðtak) Litast um; horfa í kringum sig; athuga aðstæður.

Skoða til veðurs (orðtak) Gá til veðurs. „Skoða“ var mun minna notað en „gá“ í þessu samhengi.

Skoðanamunur (n, kk) Ágreiningur; mismunandi skoðanir. „Það kann að vera einhver skoðanamunur í þessum efnunum, en í stórum dráttum eru menn þó sammála“.

Skoðanaskipti (n, hk, fto) Deilur; rífrildi; rökræður. „Á fundinum urðu uppbyggileg skoðanaskipti um þetta“.

Skoðandi (l) Athugandi; þess virði að skoða; vert skoðunar. „Það væri alveg skoðandi að fara í þetta verk“.

Skoðum til (orðtak) Sjáum til; látum sjá. „Það er ekkert sjóveður í dag; við skoðum til með útlitið á morgun“.

Skoðun (n, kvk) A. Álit; sannfæring; hugsun; niðurstaða. „Mín skoðun í þessu máli ætti að vera öllum kunn“.
B. Athugun; rannsókn. „Þetta þyrfti betri skoðunar við“.

Skoðunardagur (n, kk) Dagur sem skoðað er, t.d. heyforði bónda. „Þá er fram liðu stundir kom í ljós að föðurvöntun var almennt meiri en álitnið var skoðunardagana“ (ÓHE; Forðagæsclubók Rauðasands 1920).

Skoðunarefni (n, hk) Það sem vert er skoðunar; athugavert. „Skyldu þeir kunna margföldunartöfluna þessir kerfiskarlar sem drepa niður allt líf á landsbyggðinni? Það væri bara verðugt skoðunarefni“!

Skoðunarmaður (n, kk) Maður sem skoðar/rannsakar; endurskoðandi; forðagæslumaður. „Skoðun fór engin fram hjá Ólafi Ólafssyni í Krókshúsum. Hann vissi að skoðunarmaður væri á leið frá Naustabrekku en vildi ekki halda fé inni vegna þess að langt væri liðið á dag, en klukkan var 10 f.h. er þeir skildu. Ekki vildi Ólafur heldur ná í fêð, sem ekki var langt í burtu. Hafði hann heldur ósæmileg orð um skoðunarmann“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).

Skoðunarvirði / Skoðunarinnar virði (l/orðtak) Vert skoðunar; athugandi; *skoðunarefni*. „Það væri nú alveg skoðunarvirði að ganga þarna út á brúnirnar; það getur alltaf leynst fé þar í lautunum“.

Skoffin (n, hk) A. Furðukvikindi sem, samkvæmt þjóðtrúnni, átti að vera afkvæmi karlkyns refs og kattarlæðu. *Skuggabaldur* er hinsvegar afkvæmi refalæðu og kattarhögna. Skoffin var talið fáséður óvættur og tiltölulega skaðlaus. B. Niðrandi mannlýsing; bjáni; *furðugripur*; *viðrini*; *ólikindatól*.

Skokk (n, hk) Gangtegunð hests; jafn en óþýður gangur. B. Róleg hlaup.

Skokka (s) Hlaupa fremur rólega; fara tiltölulega stutta vegalengd; skreppa.

Skol (n, hk) A. Það að skola; þvottur. B. Lögur sem blandaður/þynntur er með vatni, sbr *mjólkurskol*; *kaffiskol*.

Skola (s) Þvo (stundum um óvandaðan þvott); hreinsa með vatni; skólpa. „Fiskurinn var skolaður í Búðalæknum“. „Ég skolaði úr sokkunum“.

Skola af sér (skítinn) / Skola á sér skrokkinn (orðtak) Þvo sér. „Ég ætla að skola af mér mesta skítinn áður en ég fæ mér kaffi“. „Maður þarf víst eitthvað að skola á sér skrokkinn ef maður er á leið í fína veislu“.

Skola á land / Skola upp (orðtök) Reka á land. „Hér festir lítið á fjöru, þó einhverju skoli upp“.

Skolast til (orðtak) Ruglast; fara á rangan stað. „Hér hefur eitthvað skolast til í frásögninni“.

Skolhærður (l) Með dökkleitan háralit, en þó ekki mjög dökkan.

Skollafingur (n, kk) A. Lágvaxin gróplanta af jafnaætt (*Huperzia selago*), sem víða má sjá í Kollsvík og grennd. Dálítið lík litunarjafna og lyngjafna. Stönglarnir teygja sig 5-12 cm uppúr jörðinni, loðnir og grænir, og vaxa nokkrir saman í kransi. B. Gróhluti elftingar (sjá *elftingarte*). Grannir gulleitir stönglar sem vaxa af rótum elftingar; með kólfi efst. Þjóðtrúin segir að skollafingur séu klær satans.

Skollagras (n, hk) Sjá *tófu-gras*.

Skollahár (*Desmarestia aculeata*) Sjávargróður sem algengur er með ströndum og stundum ranglega sagt vera þursaskegg. Greinóttir þræðir, oft um 1-3 mm að gildleika og allt að 1 m að lengd; hliðargreinar margar og stakstæðar. Leður kennd eða brjóskkennd. Berst iðulega í net og upp á fjörur.

Skollahráki (n, kk) Annað heiti á *marglyttu*. Vísar til þess að þjóðtrúin segir marglyttuna vera hráka skrattans.

Skollakollur (n, kk) Skrattakollur; niðrandi heiti á manni.

Skollakoppur (n, kk) *Strongylocentrotus droebachiensis*. Algengasta tegund ígulkerja; skrápdyra sem algeng eru í sjó allt í kringum landið. Grænbrún og fremur smávaxin tegund; verður mest um 8 cm í þvermál, en oftast minni. Hann lifir einkum á grunnsævi. Hrygnun og sviljun á sér stað á sama tíma í ígulkerjabyggð. Lirfurnar lifa sem svif fyrstu árin en setjast síðar á botninn og umbreytast í ígulker. Skollakoppur lifir einkum á blaðþara af ýmsum tegundum, t.d. stórþara og hrossaþara. Ígulker rekur iðulega á fjörur og eru einnig borin upp af sjófuglum. Þau ánetjast iðulega í netum og er stundum nokkuð vesen að greiða þau úr. Fjölgi þeim verulega, eins og hefur gerst á síðari árum, éta þau upp þaraskóga og eyðileggja með því búsvæði/veiðisvæði hrognkelsa og annarra sjávardýra. Miklar sveiflur geta orðið í stofnstærð skollakopps. Höfundur hefur leitt að því líkum að slík offjölgun kringum árið 1980 hafi lett til mikillar ofbeitar þaraskóga víðsvegar við strendur, sem aftur leiddi til þess að brimbáran komst óhindrað upp á fjörur og olli þar miklum spjöllum. Slíkt átti sér m.a. stað í Kollsvík undir lok 20.aldar, en þar braut brimið niður Grundabakka; olli spjöllum á Görðunum og bar upp kynstur af sandi sem síðan olli auknu sandfoki. Þessu orsakasamhengi hafði ekki verið lýst fyrir en VÖ sagði frá því í blaðagrein. Sjá *ígulker*.

Skollakornið (n, hk, m.gr) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Þetta getur skollakornið ekki staðist“! „Ég fer skollakornið ekki að búa mig uppá til að fara á spilakvöld“!

Skollakúnstir (n, kvk, fto) Furðuleg/fáránleg brögð. „Séra Þórarinn Þór skemmti eittsinn á jólatréssamkomu í Fagrahvammi með spilagöldrum og ýmiskonar skollakúnstum, enda fær töfra- og sjónhverfingamaður“. „Rollufjandinn ætlaði að snúa á mig með því að fara upp í ganginn, en ég var fljótur að sjá við svoleiðis skollakúnstum“.

Skollaleikur (n, kk) A. Leikur barna; *blindingsleikur*. Bundið er fyrir augu eins úr hópnum, sem síðan á að reyna að snerta aðra innan tiltekins svæðis. B. Líkingamál um það að fara í felur með eitthvað; hafa í frammi blekkingar/laumuspil. „Óttalegur skollaleikur er þetta“!

Skollamark (n, hk) A. Mark fjandans á skepnum, en samkvæmt þjóðtrúnni markar hann sér fé annarra með því að skera allt eyrað af. B. Líkingamál um það að sölsa undir sig. Sagt er að einhver setji sitt skollamark á eitthvað þegar hann vill gína yfir því.

Skollansári (ao) Blótsyrði/áhersluorð í vægari flokknum. „Mér finnst skollansári slæmt að þurfa að skilja þessar kindur eftir“. Élið var bara skollansári dimmt; við sáum varla handaskil“.

Skollansekkisen (ao) Bölvadur; árans. Milt blótsyrði. „Skollansekkisen gleymska var það að skilja kaffið eftir á borðinu; við verðum víst að láta vatnið nægja í þessum róðri“.

Skollansnær (fs) *Andskotansnær; fjandansnær*; verið betra. „Ég held að honum væri skollansnær að hugsa um það sem að honum snýr, en vera ekki að gagnrýna aðra“!

Skollapuntur (n, kk) Fjallafoxgras; *Phleum alpinum*. Grastefgund sem algeng er um allt land, frá láglandi uppá fjöll. Vex einkum í hvömmum, lækjargiljum og dældum. Skollapuntur þekkist frá vallarfoxgrasi á sérkennilega uppblásnu slíðri neðan við stöngulblaðið. Smáöxin eru mjög þétt saman í 2-4cm löngum axleitum punti. Axagnir eru broddhyrndar, sú eftir lengri en súr neðri. Blöðin eru flöt; 3-6mm breið; stráið stutt, sívalt, gáráð; blaðgrunnur oft fjólubláleitur við slíðurmótin; útstæð hár við slíðurhimmuna.

Skollareipi (n, hk) Rótartágar/renglur hrútaberjalyngs, sem oft eru sýnilegar ofanjarðar. Hrútaberjalyng hefur vaxið á einum stað í Kollsvík í seinni tíð; í Urðunum ofan Bergjanna í Kollsvík.

Skollaskyrpa (n, kvk) A. Dökkur blettur í gómfyllu *þorskhaus*s (sjá þar). „Gómhimnan er einnig kölluð gómfilla og gómroð. Neðst á henni er dökkur blettur; hælroði/illa/ónæmisblettur/skollablettur/skollaskyrpa eða spítalski blettur. Sagt var að hann væri eftir kló skrattans, eða hráka hans. Himnan var talin óæt og jafnvel sögð valda holdsveiki eða vitglöpum.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Annað heiti á marglyttu.

Skollapvengur (n, kk) Marþráður; *Chorda filum*. Brúnþörungur sem er eins og löng reim eða snúra í útliti; sívalur brunn; 2-6m langur; 3-6mm í þvermál; þráðlaga og greinalaus; með lítilli skífulaga festingu neðst; sleipur viðkomu. Skollapvengur er einær; vex snemma á vorin og hverfur að hausti. Algengur kringum allt land á grunnsævi. Kemur iðulega í net og á fjörur.

Skollapýska (n, kvk) Hrognamál; óskiljanlegt blaður. „Hver heldurðu að skilji þessa skollapýsku“?

Skolli (n, kk) A. Milt blótsyrði; milt heiti á myrkráhöfðingjanum eða útsendara hans. „Skolli varstu nú heppinn“! „Það er einhver skollans verkur í hnénu á mér“. B. Gæluheiti á tófu/ref.

Skolt (n, hk) Baknag; baktal; slúður; rógburður. „Ég ætla ekki að bera áfram þetta skolt sem maður heyrir“.

Skolta (s) Kjafta frá; uppljóstra; blaðra. „Hann var eitthvað að skolta um búskapinn á næsta bæ“. „Hann er búinn að skolta leyndarmálinu um allar jarðir“. Mikið notað af J.Hák. o.fl.

Skoltur (n, kk) Kjaftur; munnur. „Einhver eymsli eru nú skoltinum á mér; ég þyrfti að fara til tannlæknis“.

Skondið. (I) Skrýtið; sniðugt; skoplegt. „Það skondna er að áður framleiddi rennibekkurinn rafmagn. Pabbi tengdi við hann dýnamó og svo voru hlaðnar rafhlöður fyrir útvörpin, sem kallaðar voru votabatterí“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Skondið og skemmtilegt/skrýtilegt (orðtak) Sniðugt og skotplegt. Oft notað þannig tengt. „Þetta gæti orðið dálítið skondið og skemmtilegt“.

Skondra / Skondrast (s) Ganga; trítla. „Ég ætla að skondra herna norðuryfir víkina og heilsa uppá fólkið“. „Viltu ekki skondrast fyrir mig niðuri mjólkurhús og sækja í fótuna; hún er þarna á borðinu“.

Skonnorta (n, kvk) Nokkuð stórt seglskip með tveimur eða fleiri möstrum; gaffalseglum og stagssegjum (fokkusegl, klýfissegl, jagara og gaffaltoppsegl) og bugspjóti. Seglabúnaður af því tagi var nefndur „skonnortusegl“ eða „skonnortusigling“. Heitið „skonnorta“ er komið úr ensku (scooner), en franska heitið er „*góletta*“ (goélette). Skonnortur voru fyrst notaðar af Hollendingum á 17.öld. Þær voru mikið notaðar til fiskveiða, m.a. á Miklabanka við Nýfundnaland á 18.öld. Þá voru skonnortur notaðar sem herskip og til vörusiglinga á löngum leiðum; t.d. við te- og ópiumverslun Breta í Asíulöndum. Hér við land voru þær notaðar af Bandaríkjamönnum til lúðuveiða og af Frökkum til þorskveiða í kringum aldamótin 1900. Thor Jensen notaði skonnortur til Spánarsiglinga frá 1917. Fáeinar eru í notkun hér til hvalaskoðunarferða. Skonnortubrigg er skip með tvö möstur; annað með gaffalseglum en hitt með þverseglum. Hún er því millistig milli skonnortu og *briggskip*s, eða brigantínu, sem er með tvær siglur með þverseglum.

Skonrok (n, hk) Sérstök tegund af þurru, hörðu og geymsluþolnu hveitibrauði. Var allmikið notað í kost stærra skípa fyrrum, t.d. á skútuöldinni.

Skonsa (n, kvk) Lítið rými; klefi; skápur. „Þvottavélin var í skonsunni undir stiganum á Láganúpi“.

Skop (n, hk) Grín; aðhláturfefni; fyndni; spaug. „Ég hélt fyrst að þetta væri eitthvað skop“.

Skoplaust (l) Gamanlaust; grínlaust; alvörumál; ekki aðhlátursefni. „Þetta segi ég þér alveg skoplaust og í *fúlustu alvöru*!“ „Það hefði verið skoplaust ef karlinn hefði ekki náð að grípa í spottann í fallinu“.

Skoplegt (l) Hlægilegt; spaugilegt. „Þetta var hin skoplegasta viðureign“. „Ég sé lítið skoplegt við þetta“.

Skoppa (s) A. Velta. „Ég skoppaði varadekkinu til hans“. B. Skjótast; skreppa; hlaupa. „Skoppaðu nú niður í mjólkurhús og náðu í sopa í fótuna“!

Skoppa gjörð (orðtak) Barnaleikur; skoppa gjörð af tunnu á undan sér, ýmist með priki eða höndum. Tíðkuðust ýmsar keppnisgreinar í þeim leik. Einnig var stundum skoppað gjörð af hesthjólum.

Skoppandi (n, kk) Um sjólag; *veltingur*; *typpingur*; *bárusláttur*. „Heldur er hann að aukast þessi skoppandi þegar harðnar innlögnin“.

Skopparakringla (n, kvk) A. Leikfang; kringla, oftast keilulaga, sem snúist getur af miklum hraða og haldið honum af snúðvægi sínu. Á sumum er trekkibúnaður til að auðvelda snúninginn. B. Líkingamál um mann sem er á miklum hlaupum/snúningum; eða skiptir oft um skoðun. „Hann hefur snúist í þessu máli eins og skopparakringla. Það er engu að treysta um hans stuðning við það“.

Skoppast (s) Skjótast; skreppa; hlaupa. „Skoppastu nú fyrir mig eftir mjólk í tankinn snöggvast“.

Skopskyggni / Skopskyn (n, kvk) Næmi manneskju fyrir því skoplega/skemmtilega í málum/umhverfi.

Skopstæling (n, kvk) Eftirgerð/teikning af einhverju en með gamansömum/afkáralegum frávikum.

Skor (n, kvk) Skora/rifa almennt; glufa inn í klett/hlein eða milli tveggja kletta/hleina. Skor er nafn á jörð sem löngum var í byggð; austast í Rauðasandshreppi. Dregur hún líklega nafn af lendingunni, sem er þröngur vogur milli tveggja kletta.

Skora (n, kvk) Skor; rifa; vik; rispa.

Skora (s) A. Gera rifu/skurð/skoru í eitthvað. B. Gera tilkall til. Sbr *skora á hólum* og *skorast undan*.

Skora á (einhvern) (orðtak) Mana einhvern í tiltekinn verknað; kalla einhvern til tiltekins verks. „Ég skora á þig að svara mér í bundnu máli“. Eflaust mjög gamalt í málinu, og vísar líklega til þess tíma að boð voru send með *örvarboði* eða *axarboði*. Þ.e. boðin voru skorin á legg örvar eða axar og boðsend viðtakanda. „Nú hafði mönnum hlaupið kapp í kinn og margir skorðu á þá Liða og Gumma að ljúka veðmálinu...“ (PG; Veðmálið). „Almennur hreppsfundur skorar á vegamálastjórn og þingmenn Vestfjarða að beita sér fyrir...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Skora (einhvern) á hólum (orðtak) Kalla einhvern til einvígis; mana einhvern til bardaga/slagsmála/viðureignar/hólmgöngu. „Ég get skorað hann á hólum í rökræðum um þessi efni, hvenær sem er“! Orðtakið er mjög gamalt. Hólmur sem hér um ræðir er líklega afmarkað svæði, en síður var að stinga niður tágum/greinum til að afmarka það svæði sem berjast mátti á; hasla bardaganum völlum. Þegar maður var *skorður á hólum* var skorið boð á *boðör* eða *boðöxi*, um að hann skyldi mæta til einvígis á tilteknum stað, og boðið boðsent honum *rétta boðleið*.

Skorast undan (orðtak) Víkjast undan. Hér er líklega um fornt orðtak að ræða; frá þeim tíma að menn voru boðaðir til þinga, dóma og einvígis með *axar-* eða *örvarboðum*. Sá sem taldi sig ekki geta orðið við boðinu „skoraði sig undan“; þ.e. hann hefur líklega skorið skilaboð um það, annaðhvort á sömu ör/öxi eða á sérstakt boð og komið þeim í hendur boðanda.

Skoraviðri (n, hk) Vindur sem stendur upp á bjargbrún. Ekki notað í seinni tíð, en til fyrritíðar notkunar bendir þessi gamla vísa sem ónefndur bjargmaður kvað á brún Látrabjargs forðum til hjólmannsins (*festarhara*); „Festarhari hugrakkur;/ hraustur snar og fljótur;/ vertu bara vaðglöggur;/ viðris skora njótur“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *festarhari*.

Skorbíti (n, kk) Bítur/slá/aukaþófta sem liggur á og milli hástokka á stærri róðrabátum, milli bita og öftustu þóftu. Undir skorbíta var oft stelkur niður í kjöl og á hann negldar fiskifjalir.

Skordýr / Skorkvikindi (n, hk) Undirfylking sexfætla. Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra jarðar, með yfir 800.000 þekktar tegundir, eða fleiri en allir aðrir hópar dýra samanlagt. Fyrstu skordýrin komu fram á Devon-tíma jarðsögunnar, fyrir um 400 milljónum ára, og tugir milljóna ára liðu þar til fyrstu tegundir þeirra komust á flug. Líkami skordýra er liðskiptur, með stoðgrind úr kítíni, og skiptist í þrjá hluta; höfuð, frambol og afturbol. Á höfði eru tveir fálmarar og þar af samsettum augum, auk einfaldara depiluga.

Skorða (n, kvk) *Búkki*; fjöl; það sem styður við/stillir af. Til að halda báti á réttum kili í fjöru voru settar undir hann skorður. Í Kollsvíkurverum voru bæði notaðir búkkar sem skotið var undir byrðinginn og reistar fjalir sem sátu að ofanverðu við skör. „Settu aðra skorðu undir bátinn að framanverðu“. „Oftast var báturinn skolaður áður en hann var að fullu settur undan sjó; nema því aðeins að ráð væri á unglungum til að gera það þegar báturinn var kominn í skorður“ (KJK; Kollsvíkurver). „Svo röðuðum við okkur á bátinn og felldum skorður undan. Tveir bökuðu aftan; einn studi miðskips og einn ýtti að framan“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

- Skorða** (s) A. Stilla af; festa; styðja við. „Mikilvægt er að skorða hvern stein þegar hlaðið er úr grjóti“. B. Ganga frá báti eftir *setningu*. Skorðað er með því að stinga búkka undir hvora síðu og slá hallandi skorður (fjalir) undir *skarirnar* framan og aftan.
- Skorða skipsmenn en ábyrgjast eigendur** (orðatiltæki) Minnir á þá reglu að áhöfn báts skal ganga frá honum í uppsátri en það er á ábyrgð eiganda að ganga úr skugga um að allt sé í lagi og rétt gengið frá. „Þegar báturinn er kominn upp á kamb er skorðað; oft var sagt: „Skorðið skipsmenn; ábyrgist eigendur““ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Skorðaður** (l) A. Um bát; stífaður af með skorðum, svo hann standi á réttum kili. B. Líkingamál; tryggður fyrir því að hreyfast ekki; aðþrengdur.
- Skorið við nögl** (orðtak) Naumt skammtað; sparað. „Veitingarnar voru ekki skornar við nögl á þeim bænum“.
- Skorinorður / Skorinyrtur** (l) Gagnorður; kjarnyrtur. „Ræðumaðurinn var skorinyrtur og sparaði ekki lýsingarorðin“. Vísar til þess að skera óparfa skrudmælgj utanaf því sem sagt er.
- Skorinyrði** (n, hk) Hnitmiðað mál; kjarngóð ræða. „Ég lét hann heyra fáein skorinyrði“!
- Skorningur** (n, kk) Far; rás; skora; hjólfar. „Þeir þyrftu nú að fara að hefja þessa leiðinda skorninga“.
- Skorpa** (n, kvk) A. Hörð skán, t.d. á brauði, haug eða sári. „Éttu skorpuna líka drengur; þetta er matur“! B. Skörp vinnulota; *skorpuvinna*. „Steypa þurfti veggina í einni skorpu, til að ekki yrðu í þeim steypuskil“.
- Skorpinn** (l) Hrukkóttur; með skorpu/ harða skán/skel. „Ég tindi þau ber úr sem voru skemmd eða skorpinn“.
- Skorpna** (s) Verða skorpinn; þorna; skelja.
- Skorpumaður** (n, kk) Sá sem vinnur hratt og afkastar miklu á stuttum tíma en hentar ekki eins vel jöfn og stöðug vinna. „Hann var skorpumaður til vinnu og það *gekk* vel *undan* honum meðan hann *var að*“.
- Skorpuróður** (n, kk) Ákafur róður sem róinn er í einni lotu.
- Skorpuvinna** (n, kvk) Verk sem þarf að koma frá í lotu; ekki stöðug vinna. „Löndunin var skorpuvinna, einkum ef afli var mikill og keppa þurfti við sjólag og sjávarfall“.
- Skorsteinn** (n, kk) Reykháfur. Sambærilegt orð er í norsku skorsten, og í þýsku schorstein. Merkingin er „skorðaður steinn“, sem vísar trúlega til þess að skorsteinn er gjarnan hinn fasti kjarni í því húsi sem hann er í; einkum í timburhúsum.
- Skorta** (s) Vanta; vanhaga um. „Mig skortir ekkert“. „Það gæti varið að skorta salt á næstunni“.
- Skorta á/uppá** (orðtak) Vanta á; vera ekki fullt/fullkomið. „Eitthvað skortir uppá mannsiðina hjá honum“.
- Skortur** (n, kk) Vöntun; hörgull. „Það er enginn skortur á rigningunni í dag“! Sjá *af skornum skammti*.
- Skoskur ljár** (orðtak) *Torfaljár; bakkaljár* (sjá þar).
- Skoskt tau** (oðtak) Tau/klæðaefti með rúðóttu mynstri. „Svuntan var af *rúðóttu* taui, sem var kallað skoskt tau; óhrein eða upplituð, því að framaná svuntunni var bót af sama efni er sýndi hinn upprunalega lit tausins“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb. Tímans 1964).
- Skot** (n, hk) A. Afkimi; útskot. Stígvélin eru þarna í skotinu“. B. Skothylki í byssu. „Ég tek pakka af þessum skotum með niður í Byrgi“. C. Ör; skutull. „Benedikt Gabríel krafðist skotmannslauna sinna af Einari í Kollsvík“. D. Skyndilegt og skammvinnnt óveður; *spæna; hvellur*. „Þetta var ansi hressilegt norðanskot“.
- Skotalaus** (l) Hefur engin skot. „Ég sé að ég er að verða skotalaus. Ætli maður fari þá ekki að hætta skytterií þennan daginn“.
- Skotaskuld** (n, kvk) Skuld sem er í vanskilum; skuld sem manni hefur *skotist* að greiða. Sjá; *verða ekki skotaskuld úr*.
- Skotbjart** (l) Nægilega bjart til að skjóta tófu. „..... þarna í köldum skothúskofanum sat maður hálfu og heilu vetrarnæturnar og skalf sér til hita, meðan tunglið skein svo skotbjart var“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Skotbyrgi** (n, hk) Skothús; *mávabyrgi; tófuhús*; staður þar sem legið var fyrir veiðibráð.
- Skotferð / Skottúr** (n, kvk/kk) Snögg/stutt ferð; *skreppitúr*. „Eg þarf víst að fara í skottúr á Patró“.
- Skotfimi** (n, kvk) Leikni í að skjóta/ hitta í mark.
- Skotfljótur** (l) Mjög fljótur í förum; eins og skot. „Ég ætla aðeins að skreppa; ég verð skotfljótur“.
- Skotfæri** (n, hk, fto) A. Hvaðeina sem skotið eða kastað er, s.s. steinar, örvar, spjót og hlaðin byssuskot. B. Líkingamál um tilefni til orðaskipta, einkum háðs eða skamma. C. Mjög góð færð á vegi.
- Skotglaður** (l) Þykir gaman að skjóta úr byssu; *byssuóður*. „Ekki voru allir leikir svo skotglaðir, því líka voru smíðaðir flugdrekar og einnig bátar af ýmsu tagi“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Skotharður (l) Um bráð sem skotið er á; brynjaður gegn skoti/ákomu; þolir vel kúlu/högl. „Það tekur því ekki að eyða skoti á *gamalmáv* þótt hann *gefi færi*. Bæði er hann seigur undir tönn, og svo er hann skotharðari en unginn“.

Skotheldur (l) A. Dugir sem vörn fyrir skoti. B. Líking; stenst gagnrýni; rökréttur.

Skothendingur háttur (orðtak) Um vísnagerð; Skothending nefnist alrím eða hálfím innan sömu braglínu. Dæmi um það er: „Hvert stefnið þér hrafnar,/ hart með flokk enn svarta“? (Þórður Kolbeinsson; Björns saga Hítardælakappa). Einnig nefnt sniðhending.

Skothríð (n, kvk) Áköf og ítrekuð byssuskot. „Heimanað mátti sjá mávahópinn nálgast Byrgið, þar sem fljótlega upphófst mikil skothríð“.

Skothundur (n, kk) Veiðihundur. „Með mér var mjög góður skothundur sem mér þótti mjög vænt um“ (IG; Sagt til vegar I).

Skothurð (n, kvk) Rennihurð; hurð sem skotið er til hliðar á brautum í stað þess að opnast á lömum.

Skothús / Skothúskofi (n, hk/kk) *Tófu*; lítið skýli þar sem legið var fyrir tófu. „Þarna á blábrúninni er mjög gamalt skothús sem notað var til skamms tíma. Þar var borið út hræ og legið fyrir tófu“ (IG; Sagt til vegar I). „... þarna í köldum skothúskofanum sat maður hálfu og heilu vetrarnæturnar og skalf sér til hita, meðan tunglið skein svo skotbjart var“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Á brún Strengbergs er rúst af skothúsi, frá því að vetrarveiðar voru stundaðar á ref“ (HÖ; Fjaran).

Skotist/skjátlast/skjöplast getur þó skýr sé / Skjátlast þó skýr sé (orðatiltæki) Vísar til þess að jafnvel þeim getur yfirsést/skjátlast sem er greindur/rökvís.

Skotklefi (n, kk) Klefi í sláturhúsi þar sem sláturfé er lógað. Sjá *banaklefi*.

Skotlaun (n, hk, fto) Verðlaun; þóknun sem greidd er af almannafé þeim sem vinnur tófu, vargflugl eða annan skaðvald. Vanalega nefnt *verðlaun* í Rauðasandshreppi í seinni tíð, sjá þar.

Skotlína (n, kvk) A. Leið sem skot fer þegar skotið er. „Gættu að því að ekkert sé í skotlínunni“. B. Fluglína; létt lína aftaní rakettu sem skotið er úr línubyssu, t.d. til björgunar úr strönduðu skipi. Rakettunni er skotið úr landi. Nái skipverjar skotlínunni draga þeir hana til sín, en í hana er fest sterkari tóg og síðan björgunarstól og tildráttarlínu.

Skotloka (n, kvk) Dyaloka; slagbrandur; renniloka. „Skotloka getur annað hvort verið með lausum slagbrandi, sem þá er rennt í kíl í dyrastafnum þegar lokað er, en hangir í spotta þegar opið er. Eða með slagbrandi sem rennur í spori á hurðinni; oftast í eitthvað móttak á stafnum“.

Skotmaður (n, kk) A. Sá starfsmaður í sláturhúsi sem hefur það hlutverk að *lóga* skepnum. B. Sá sem skýtur veiðidýr, s.s. tófu. „Skotmaður þarf að hirða skottið af refnum til að innheimta sín *verðlaun* hjá oddvita“.

Skotmannshlutur (n, kk) Hlutur þess sem skýtur af veiðifeng. „Leitar hann nú eftir við bónda hvort hann vilji ekki greiða sér skotmannshlut af hvalnum. En því neitar Einar með öllu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Skotra (s) A. Almennt; renna til hliðar. Skotraðu þessu til mín“. B. Um augnaráð; *skotra augunum*.

Skotra augunum (orðtak) Gefa hornauga; horfa á skjálg; horfa útundan sér. „Hann skotraði augum til hennar“.

Skotra sér undan (orðtak) Víkja sér undan. „Hann náði naumlega að skotra sér undan þegar steinninn kom fljúgandi niður klettana“.

Skotrenna (n, kvk) Þaksund; lægð milli aðhallandi húspaka, einkanlega renna sem þar tekur við regnvatni.

Skotróður (n, kk) Róður sem varir stuttan tíma; stuttur róður. „Ég náði að fara einn skotróður fram á Víkina“.

Skotsilfur (n, hk) A. *Brotasilfur*; silfur sem safnast (skotist) hefur úr mörgum áttum í viðskiptum fyrri tíðar. B. Líkingamál; laust fé; peningar. „Ég er hér með eitthvað skotsilfur“.

Skotspónn (n, kk) Fornr orð um skotmark; vísar líklega til þess að skotið hafi verið í tré eða tréskífu, en e.t.v. annað sem ör eða spjóti var beint að. Hugsanlegt er að orðið hafi einnig, og/eða í einhvern tíma, merkt örina sem skotið var. Til þess benda orðtökin *beina skotspónum að* og *heyra/frétta á skotspónum*; sjá þar. Sjá einnig; *vera skotspónn* einhvers; *hafa að skotspæni*.

Skott (n, hk) A. Rófa á hundi/ketti/tófu/mink. Aldrei var talað um skott á kúm eða kindum, eins og nú er *lenska* hjá borgarkynslóðinni. B. Gæluorð um barn. „Komdu hérna skottið mitt og leyfðu mér að strjúka mesta skítinn framanúr þér“. C. Geymslupláss aftan í fölskbíl. Síðari tíma líking. D. Hali á skottthúfu.

Skotta (n, kvk) Gæluheiti á draug/uppvakningi. Einnig sem hundsheiti.

Skottast (s) Skjótast; fara; hlaupa um; leika sér. „Stelpa hefur verið að skottast hérna úti á hlaðinu“.

- Skotthúfa** (n, kvk) A. Húfa með skotti á; húfa sem er svo ílöng að hún efri endinn lafir niður. B. Peysufatahúfa; hluti íslensks kvenbúnings. Húfa með skott og skúf niður úr kollhettunni. „Hún (huldumærin) var vel klædd; þó ekki í upphlut né með skotthúfu“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Skottleggur** (n, kk) Afturfótur. Nú einungis notað í orðtökunum að *ná í skottlegginn á og rísa upp á skottleggina* (sjá þar).
- Skottulækning** (n, kvk) Flaustursleg/léleg/ófagmannleg lækning. „Skotta“ er þarna hljóðbreyting af „skjótur“.
- Skottulæknir** (n, kk) Sá sem stundar skottulækningar/ þykist vera læknir; lélegur læknir.
- Skóa** (s) Gera skó á fætur; búa út með skó; járna hest.
- Skóaður** (l) Með skó. „Ertu nógu vel skóaður til að fara í kletta; er ekki betra að vera á strigaskóm“?
- Skóari** (n, kk) Skósmiður; sá sem gerir skó/ lagar skó.
- Skóaskipti / Skóskipti** (n, hk, fto) Skipti á skófatnaði. „Ég ætla að hafa skóaskipti áður en ég legg af stað“.
- Skóbót** (n, kvk) Bót á skó. Fyrrum var mikið gert af því að bæta skó og stígvél þegar göt komu á, eða slitna tók.
- Skóbótarvirði** (n, hk) Um það sem er mjög lítils virði. „Þetta er nú varla skóbótarvirði“.
- Skóbúnaður** (n, kk) Gerð af skóm/stífvélum sem á gengið er í. „Þetta er varla hentugur skóbúnaður í kletta“!
- Skóböðull** (n, kk) Sá sem er fljótur að eyðileggja skó/skófrekur. „Óttalegur skóböðull geturðu verið“. Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Skóbösl / Skófatnaður** (n, hk, fto) Skór; *skóbúnaður*.
- Skófir** (n, kvk, fto) A. Skánir; það sem skafið er af. Oftast er átt við það sem stundum sýður fast innanum pott þegar soðinn er mjólkurmat. B. Frumstæð jurtafyllking; fléttur. Fléttur eru sambýli sveppa og þörungna. Skófir er vanalega notað um þær tegundir fléttna sem eru blaðkenndar, s.s. geitaskóf og skeljaskóf, en vaxa ekki upp frá jarðvegi eins og flétturarnar fjallagrös og hreindýramosi.
- Skófla** (n, kvk) Reka; amboð til moksturs eða/og stungu efnis. Heitið reka var oftast notað vestra.
- Skófla** (s) Moka með skóflu/reku.
- Skófla í sig** (orðtak) Borða með mikill áfergu/græðgi.
- Skóflublað / Skófluskaf** (n, hk) Hlutar skóflu.
- Skóflustunga** (n, kvk) Mæling á jarðvegsdýpt; sem svarar lengd á skóflublaði. „Ég *pikkaði* niður úr *jaðrfrostinu* og það er alveg full skóflustunga á dýpt“.
- Skóinn kreppir að** (orðtak) Þrengir að; þrengingar steðja að. „Hann þekkti þetta manna best, og vissi hvar skóinn helst kreppti að“.
- Skólaskoðun** (n, kvk) Læknisskoðun skólabarna. „Skólaskoðun var einusinni á ári“.
- Skógahögg** (n, hk) Skógarnytjar; það að höggva skóg til nytja. Skógur kann að hafa vaxið norðantil í Kollsvík við landnám, en þar hefur verið skóglaut svo langt sem elstu heimildir greina. Hinsvegar benda allar líkur til að a.m.k. á tímum Einars Jónssonar í Kollsvík hafi Kollsvíkingar átt skógarhögg annarsstaðar; til þess bendir járnvinnsla hans. Líklega hefur Einar fengið skógarhögg hjá mágfólki sínu í Vesturbotni.
- Skógarítak** (n, hk) *Ítak* til skógarhöggs í landi annarrar jarðar. „Sauðlauksdalskirkja á *skógarhögg* í Botnsskógi, og brúka leiguliðar þar kolaskóg ókeypis“ (ÁM; Jarðabók).
- Skógarmaður** (n, kk) A. Á þjóðveldisöld var heitið haft um þann sem dæmdur var til skóggangs/útleðar; skóggangsmáður. Sekir skógarmenn voru gríðlausir og rétttræpir hvar sem þeir náðust, og er nafnið tilkomið af því að auðveldast var að leynast í skógum eða hellum. Þekktir skógarmenn eru t.d. Grettir sterki Ásmundarson og Gísli Súrsson. B. Sá sem er í skógi/ stundar skógarhögg.
- Skóggangur / Skóggangssök** (n, kvk) Skóggangur var ein þriggja refsinga sem sakamenn gátu verið dæmdir til, samkvæmt Grágáslögum, en hinar voru útleð og fjörbaugsgarður. Skóggangssök var glæpur sem til forna þótti svo mikill að rétt væri að dæma sakamann til útleðar/skóggangs. Skóggangur og fjörbaugsgarður nefndust sekt. Mannvíg voru yfirleitt skóggangssök, en einnig aðrar alvarlegar skir. Með skóggangi var hinn seki sviptur allri vernd samfélagsins, svo hann var rétttræpur þar sem hann náðist. Hann var óalandi og óferjandi; þ.e. enginn mátti gefa honum að borða eða aðstoða hann á ferðalögum. Mennv oru einnig sviptir öllum titlum og réttindum og voru oft dæmdir í mikil fjárútlát eða eignaupptöku. Um 970 gengu mikil harðindi yfir; sjá *öld* í *heiðni*, með mikilli fjölgun skóggangsmanna. Um 1000 var lögtekin *fjörbaugsgarður*, sem var vægari refsing. Sjá *skógarmaður*.
- Skóglaut** (l) Ekki vaxinn skógi. Skóglaut hefur verið í Útvíkum, svo lengi sem elstu heimildir greina. Hafi þar verið einhver skógur við landnám hefur hann fljótlega eyðst við notkun; a.m.k. eftir að verstaða hófst. Vel

líklegt er að fyrir landnám hafi skógur vaxið við bestu skilyrði, t.d. ofarlega og norðantil í Kollsvík og norðurundir Hjöllum í Breiðavík.

Skógrækt (n, kvk) Ræktun skógar. Tilraunur hafa verið gerðar til skógræktar í Kollsvík en ekki gengið. Páll Guðbjartsson plantaði birki í reit heiman Litlavatns, og síðar reyndu Ingvar og Össur bræður hans að koma til græðlingum í Urðunum *sinnhvorsvegur* í Kollsvík.

Skólaakstur (n, kk) Akstur með skólabörn milli heimilis og skóla. Á tímum farskóla hvíldi sú skylda á foreldrum að koma sínum börnum á kennslustað, þar sem þau dvöldu vanalega um tíma í fæði og húsnæði. Þegar Barnaskóli Rauðasandshrepps tók til starfa í Fagrahvammi 1965 var börnum í fyrstu skipt í yngri- og eldri-deild, sem skiptust á í skólanum hálfsmánaðarlega. Nokkrum árum eftir það var ráðinn sérstakur skólabílstjóri til að sjá um skólaaksturinn í stað foreldra. Síðar urðu ferðirnar vikulegar. Sá sem lengst af var skólabílstjóri í Rauðasandshreppi var Ólafur Sveinsson á Sellátranesi. Hann þótti fádæma öruggur og útsjónarsamur bílstjóri, en hvergi á landinu þurfti að aka börnum yfir fleiri fjallvegi til skóla.

Skólaskoðun (n, kvk) Læknisskoðun skólabarna, sem í Rauðasandshreppi var yfirleitt framkvæmd í byrjun skólalags að hausti. Þá kom héraðslæknir eða hjúkrunarkona og skoðaði heilsufar barna. M.a. var gert berklapróf sem fólst í því að líma plástur með séstöku efni á bringu barnsins og athuga eftir nokkra daga hvort roðnað hefði undan.

Skólþ / Skolp (n, hk) A. Skolvatn; óhreint vatn. B. Líkingamál um lélegt kaffi o.fl.

Skólpa (s) Þvo; skola. „Ég skal skólpa af diskunum eftir matinn“.

Skólpa af sér (skítinn) (orðtak) Þvosér lauslega; skola af sér. „Ég ætla rétt aðeins að skólpa mesta skítinn af höndunum“.

Skólþfata (n, kvk) Fata með óhreinu vatni; þvottaþata.

Skósiður (l) Um yfirhöfn; sem nær niður á skó.

Skóslit (n, hk) Slit/eyðing skóa við það að gengið er á þeim. Sjá *roðskóa leið*, *roðskór* og *skinnskór*.

Skósóli (n, kk) A. Bót af seigu þykku efni sem sett er undir gangflöt á skó. B. Líkingamál um mat sem þykir seigur undir tönn. „Ekki fannst mér nú varið í þessa pitsu; þetta er eins og ólseigur skósóli“!

Skósverta (n, kvk) Þykkt litarefni til að bera á svarta skó og viðhalda með því lit og vörn.

Skótau (n, hk) Skófatnaður. Hann var mikilvægur hluti lífsbaráttunnar í Útvíkum, þar sem ganga þurfti langar leiðir um fjalllendi til að halda fé að beit; til gangna; til vikulegra kirkjuferða og annarra nauðsynjaferða. „Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni bryddu með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbítsroði heima fyrir“ (ÞB; Lesbók Þjóðv; viðt. v. HM). „Það voru einnig notaðir skór úr steinbítsroði, en hætt var að nota slíkt skótau að mestu þegar ég fermdist“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Skótúttur (n, kvk) Lélegir/óþéanlegir skór; niðrandi heiti á skóm. „Ég fékk lánaðar einhverjar ólánlegar skótúttur sem bæði þösuðu mér illa og héldu engri vætu“.

Skóvarp (n, hk) Um snjódypt; um 3ja til 5cm djúpur snjór, eða upp að skóvarpi á fyrri tíðar skóm.

Skóþvengur (n, kk) Skóreim; spotti til að festa skó að fæti. Kemur við sögu í ólíkum átrúnaði. Jóhannes skírari kvaðst ekki þess verður að leysa skóþveng Jesú. Íslensk þjóðtrú segir að losni skóþvengur gjafvaxta karlmanns, sé líklega stutt í giftingu hans.

Skraddari (n, kk) Fatagerðarmaður; klæðskeri.

Skráf (n, hk) Samtal, einkum á lágværum nótum; mas; rabb. Sjá *til skrafs og ráðagerða*.

Skrafa / Skrafa saman (s/orðtak) Ræða; tala saman; rabba; slúðra. „Margt var skrafað manna á milli“.

Skrafdrjúgt (l) Mikið umræðuefni. „Mönnum hefur orðið skrafdrjúgt um þessi prestmál“. Sjá *verða skrafdrjúgt*.

Skrafhreifinn / Skrafhreifur (l) Liðugt um málbeinið; talar mikið. „Ekki vil ég kalla hann bullustrokk, en mikið er maðurinn skrafhreifinn“! „Eftir fyrsta glasið var hann orðinn nokkuð skrafhreifur“.

Skraglast (s) Staulast; skriplast; komast með naumindum. „Esinhverntíma skraglaðist ég þarna út ganginn“.

Skrall (n, hk) A. Óvirðulegt heiti um skemmtun/samkomu. B. Verkfæri; stöng til að skrúfa topplykla með. C. Óreiða; bilun. „Það var allt í skralli með tækin á bænum“. Linur framburður á „l“.

Skralla (s) A. Skrölta. B. Stunda skemmtanalífið ótæpilega. Lint „l“.

Skrallsamkoma (n, kvk) Niðrandi heiti á skemmtisamkomu; svallpartí. „Ég nenni ekki á svona skrallsamkomur“! Lint „l“.

Skralt (l) Fátæklegt; lítilfjörlegt; rýrt; fágæft; lítið um fóður/mat/veiði. „Fjári er þetta eit hvað skralt hér á grunninu; ættum við ekki að renna niður á Skeggja“? „Það fer að ferða ansi skralt með saltið bráðum; ég

þyrfti að fá meira áður en við förum aftur í róður“. „Nú er mér fremur skralt um ráð“ Samsvarandi orð má finna í dönsku (skral = magur; lélegur) og lágbýsku (schral = magur; þurr; naumur). Algengt enn í munn Kollsvíkinga.

Skrambansári / Skrambansekkisen (n, kk) Upphrópun; mjög vægt blótsyrði. „Skrambansári er ég slæmur í bakinu núna“. „Þetta er bara skrambansekkisen eigulegt *bátshorn*“.

Skrambanskuldi / Skrambansóheppni / Skrambansólán / Skrambansótið / Skrambansrigning / Skrambansvindur / Skrambansveltingur / Skrambansvesen / Skrambansþoka Heiti með áhersluorðinu *skrambi*. Áhersluorðið er stundum stakt, en stundum svo samtvinnnað heitinu að telja verður eitt orð.

Skrambi (n, kk) Áhersluorð/blótsyrði. „Hver skrambinn!“ „Skrambi er þetta nú horaður hrútur“. Skrambi var mjög vægt, og taldist varla til blótsyrða; *ivið* vægara en *skolli*. Eflaust afbökun á „skratti“, sem strangtrúaðir vildu helst ekki taka sér í munn.

Skrambihátt / Skrambiheitt / Skrambikalt / Skrambilangt / Skrambimikið / Skrambistutt / Skrambiþungt Lýsingar með áhersluorðinu *skrambi*. Stundum stakt, en iðulega samtvinnnað lýsingarorðinu eins og hér.

Skran (n, hk) Dót; rusl; lélegir/ónýtir munir. „Margt þarna á geymsluloftinu reyndist óttalegt skran“.

Skranbúð (n, kvk) Gælunafn á verslun sem ekki selur matvöru heldur hluti, t.d. verkfæri eða annað.

Skransa (s) Síðari tíma heiti á því að hemla farartæki þannig að hjól dragist snúningslaus á undirlaginu.

Skrap (n, hk) Samtíningur; leifar; strjált. „Það er kannski eitthvað skrap af eggjum þarna á pallinum“.

Skrapa (n, kk) Skafa; áhald til að skafa/skrapa með, t.d. málningu af fleti.

Skrapa (s) Skafa; skarka; skrölta.

Skrapa saman (orðtak) Ná saman; raka saman; safna. „Honum tókst að skrapa saman fyrir útborguninni“.

Skrapatól (n, hk) Lélegt áhald/bíll eða annað. „Þessi traktor er að verða algjört skrapatól“.

Skrattagangur (n, kk) Andskotagangur; fyrirgangur; læti. „Þessu fylgdi *dómadagshávaði* og skrattagangur“.

Skrattakollur (n, kk) Skúrkur; deli. „Sá skrattakollur má sigla sinn sjó fyrir mér“!

Skrattakornið (n, hk, gr) Vægt blótsyrði/áhersluorð. „Þú ferð skrattakornið ekki að fara einn í Breiðinn“?

Skrattalega (ao) Bölvanlega; illa. „Mér hefur liðið alveg skrattalega í hendinni upp á síðkastið“.

Skrattanum til skemmtunar (orðtak) Til óvinafagnaðar; til háðungar. „Ég held að það yrði bara skrattanum til skemmtunar ef ég tæki þátt í söngnum, svo ég sit bara hjá“.

Skrattansári (ao) Áhersluorð. „Skrattansári er þetta nú góður matur“! „Mér er orðið skrattansári heitt“.

Skrattansnær (fs) *Andskotansnær; fjandansnær*; væri betra. „Mér hefði verið skrattansnær að koma trénu aðeins hærra upp; þá hefði það ekki flotið út á kvöldflæðinni“!

Skrattast (s) Hypja sig; hundskast. „Ætli maður verði ekki að skrattast á þennan fund, þó það sé bölvað að fórna þurrkinum í það“.

Skrattast til (orðtak) *Hundskast til*; koma sér. „Skyldi hann ekki ætla að skrattast til að ná þessu útigöngufé“?

Skratti (n, kk) Áhersluorð eða milt blótsyrði; ári; púki. „Skratti getur þetta verið snúid“. Oft notað í ef m. gr: „Skrattans vesen er þetta“! „Skrattans löppin gaf sig, svo ég datt“. Oft einnig sem taglhnýtingur annarra heita: „Rolluskrattinn sneri á mig“!. „Skyldi hann ætla að svikja mig um þetta, karlskrattinn“? „Sigurður var fyrstur í botninn og dró strax einn hvítan og fallegan fisk; en hann var húkkaður sá skratti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Skrattinn hossi honum (orðtak) Upphrópun; fjandinn eigi hann; hann getur átt sig fyrir mér.

Skrattinn kemst í spilið (orðtak) Eitthvað fer úrskaiðis/miður vegna óvæntra atvika. „Það leit ágætlega út með að við næðum að hirða allt hey í hlöðu fyrir kvöldið. Þá fór að rigna og skrattinn komst í spilið; þá var ekkert annað að gera en ryðja þessu upp í galta“.

Skrattinn sjálfur! (orðtak) Upphrópun sem oft er viðhöfð, t.d. ef óvænt og óheppilegt atvik ber að.

Skrattinn skítur í eggina (orðtak) Sú var trú manna að ekki mætti ganga frá óbrýndum ljá eftir að slætti lauk um daginn; þá gæti skrattinn skitið í eggina, þannig að ekkert bit fengist í hann næsta dag.

Skraufapur / Skraufpur / Skrápur (l) Alveg þurr; án nokkurrar vætu. „Það má hirða þetta hey í gömlu hlöðuna; það er skraufpurrt“. „Settu húfuna á ofninn; hún verður orðin skrápur eftir matinn“.

Skraut (n, hk) A. Skart; glingur; það sem þykir bæta útlit. B. Skrautgripur.

Skrautgripur / Skrautmunur (n, kk) Gripur/munur sem er til fegurðarauka; skraut.

Skrautlega (ao) Fagurlega; litskrúðugt; glæsilega; með skrauti. „Henni þótti húsið skrautlega málað“.

Skrautlegur (l) A. Fagur; litskrúðugur; glæsilegur. „Hún óf skrutlegan krans úr blómunum“. B. Skrýttinn; furðulegur, „Þetta fannst honum hinn skrautlegasti samsetningur“.

Skrautskrift (n, kvk) Vönduð handskrift, oftast útlífluð. „Margir góðir skrautskrifarar hafa verið í Kollsvík í seinni tíð. Þar má nefna Samúel Eggertsson, kennara, kortateknara og bróðurson Matthíasar Jochumssonar, sem bjó um tíma á Grund; Össur Guðbjartsson á Láganúpi, oddvita, kennara og félagsmálafrömuð sem taldi sig reyndar ekki skrautskrifara en skrifaði listilega góða rithönd; Sigríði Guðbjartsdóttur, konu Össurar, listakonu og fræðimann sem var eftirsóttur skrautritari og síðast en ekki síst Hólmsfríði St. Sveinsdóttur, síðustu bóndakonu/*búandkonu* í Kollsvík og dóttur Sveins Ólafssonar myndskera frá Lambavatni“.

Skrá (n, kvk) A. Listi; innritun; upptalning; registur. „Hann hélt nákvæma skrá yfir fallþunga dilka“. B. Læsing. „Lykillinn gekk ekki að skránni“.

Skrá / Skrásetja (s) A. Rita; setja á blað; skrifa niður. „Þessi saga er hvergi skráð á bók“. B. Semja lista/skrá; setja á lista.

Skrá á bát / Lögskrá (orðtak/s) Bóka áhöfn báts í löggerningabók/skráningabók áður en haldið er í róðra. „Á seinustu árum var skráð á bátana og tryggingagjöld greidd; nokkru áður en útgerð lagðist þarna niður“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Skrárgat (n, hk) Gat það í hurð sem lykli er stungið um í skrá. Einnig notað í líkingamáli um eitthvað það sem ördugt er að komast um. „Strandveiðisjómenn áttu erfitt með að lifa við þetta skrárgat laganna“.

Skráma (n kvk) Fremur lítil meiðsli; hrufl. „Það sást ekki svo mikið sem skráma á honum“.

Skráma (s) Meiða; hrufla; særa. „Stórfurðulegt að hann skyldi ekki skrámast neitt við byltuna“.

Skrámaður (l) Meiddur; hruflaður; flumbraður. „Eitthvað var ég skrámaður á höndum eftir þetta“.

Skrápdýr (n, hk, fto) Fylking tegunda sjávardýra sem sum lifa á grunnsævi en önnur dýpra. Af algengum grunnsjávartegundum má nefna krossfiska, ígulker, sæbjúgu og sæliljur. Skrápdýr eru kennd við kalkflögur í húð þeirra, sem ýmist eru samfelldar, s.s. hjá ígulkerjum, eða sundurlausar, eins og hjá sæbjúgum.

Skrápur (n, kk) A. Hríf þykkt skinn sumra sjávarskepna, t.d. á hákarli. B. Líkingamál um ímyndaða brynju manns. „Það er nokkuð harður á honum skrápurinn, svo hann *tók* þetta ekki mjög *nærri sér*“.

Skráveifa (n, kvk) A. Upprunaleg merking er óviss. Skrá merkir skinn. Hugsanlega vísar orðið til einhverra galdraathafna eða helgisíða fyrrum; t.d. að maður hafi klæðst/veifað dýrsfeldi til að fá kraft; sjá fyrir atferli veiðidýra eða magna sendingu. B. Algennt í líkingunni hrekkur; sbr orðtakið *gera* einhverjum *skráveifu*.

Skrápur (l) Alveg/mjög þurr; skraufþurr. „Þetta hey er orðið skrápurtt“. Skrá er gamalt heiti á uppþornuð/skorpu skinni, og er líkingin þar af dregin.

Skref (n, hk) A. Bil milli spora manns. „Þegar þokan svimaði frá sá ég að einungis voru örfá skref framá brúnina“. B. Stundum notað sem gróf mælieining, og eru t.d. sumir furðu nákvæmir að mæla einn metra í skrefi. C. Áfangi verks. „Þetta bréf var fyrsta skref mitt í málinu“.

Skrefa (s) A. Stika stórum; taka löng skref. B. Mæla í skrefum; *stika*. „Ég skrefaði breiddina á stykkinu“.

Skreflangur (l) Sem tekur löng skref/*stikar stóran*. „Hægðu nú aðeins á þér; þú ert svo skreflangur að þú drepur alla hina af þér“!

Skreflengd (n, kvk) Vegalengd í einu skrefi.

Skrefstuttur (l) Sem tekur stutt skref/ trítlar. „Þú ert enn *helsti* skrefstuttur til að fara með, stuttur minn“.

Skreið / Skreiðarverkun (n, hk) Fiskur sem þurrkaður er með visum aðferðum. Verkun fisks í skreið er án efa upprunalegasta geymsluáferð hans; bæði til heimaneyslu og til sölu og hefur verið notuð frá upphafi byggðar í landinu til þessa dags. Skreiðarverkun í Kollsvíkurveri hefur eflaust nokkur verið frá upphafi, en líklega aukist verulega um 1300, þegar skreið varð helsta útflutningsvara Íslendinga, og á ensku öldinni; þegar Englendingar sóttu sjó við landið. Hugsanlega hafa þeir þá keypt skreið í verum Útvíkna, en ekki hafði minni áhrif að með þeim fluttist hingað tækni og efni til línuveiða. Línuveiðar voru síðan stundaðar samhliða skakveiðum um tíma, en lögðust tímabundið af í fiskileysisárum á 17. öld.

Útgerð í Kollsvíkurveri og öðrum útverum byggðist á skreiðarverkun framanaf, eða allt til þess að saltfiskverkun hófst, líklega í byrjun 17. aldar. „Á verslunarmáli nefndist útflutningsskreiðin *plattfiskur*, en á máli landsmanna skreið eða *malflattur fiskur/reithertur fiskur*. Það sem Danir nefndu hengifisk var sama og *hnakkaflattur fiskur/rábertur fiskur*; einnig nefnt *ráskerðingur*, og var þá jafnframt átt við fisk sem ekki var hnakkaflattur. Loks var *spelkafiskur*.... Fiskur sem var *kviðflattur* og átti að verkast sem harðfiskur/plattfiskur var ætíð þveginn strax eftir flatningu og síðan lagður á helming ef útlit var fyrir þurrk; hafður þannig í einn sólarhring meðan hann var að spýta sjónum. Að því búnu var hann breiddur. En væri ekki þerrisvon var hann *kasaður* strax eftir flatningu... Fiskurinn var lagður þannig í kösina að dálkurinn sneri niður... Hann var *kýttur*, en það var að beygja hann í hnakkann svo að fiskurinn myndaði ¼ úr hring. Næsta

lag var sett ofan á það, en fiskurinn þar sveigður í hina áttina... Þannig myndaðist hringlaga *kös* sem stóð mislengi; stundum svo vikum skipti. Hann gat geymt vel þannig í kulda, en vildi verða *maltur* í vætu og hita. Því næst var fiskurinn þveginn og *himnudreginn*; svarta himnan í þunnildinu fjarlægð; síðan breiddur á garða eða möl og roðið ætíð látið snúa niður á daginn og upp að næturlagi. Honum var því þráfaldlega snúið. Þegar fiskurinn var orðinn svo *skeljaður* að hann bar sig voru nokkrir látnir standa saman á hnökkunum, studdir sporðunum að ofan og sneru bökunum saman, nema þegar rigndi. Slikt hét *buðlungur*... Upp frá því var fiskinum hlaðið í smástakka og þeir fergðir, svo að úr honum sléttist. Í þurrki var fiskurinn breiddur úr þeim, uns hann var orðinn *sprekharður* og þar með hlaðtækur og vogbær. *Malflattur* fiskur var í margar aldir veigamikill í útflutningi landsmanna“ ... „Þegar gamalt fólk gaf klaustrum próventu sína (í kaþólskri tíð), setti það m.a. sem skilyrði að fá skreið til matar. Bæjarkirkja á Rauðasandi átti að fá eina vætt skreiðar frá hverjum skattmanni innan Bæjarþinga“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Athyglisvert er að í Norður-Noregi er orðið „skrei“ notað um hrygningarþorsk á miðum. Líklega er um sama orð að ræða, en ekki vitað hvenær merking þess færðist yfir á þurrkaðan fisk í íslensku máli.

Skreiðarbaggi (n, kk) Knippi sem skreiðin var bundin í til flutnings. Skreið var oft flutt langar leiðir á hestum. T.d. úr Útvíkum suður alla Barðaströnd; austur í sveitir. Oftast voru þá margir hestar í sömu *skreiðarferð*; nefnt skreiðarlest. Sjá *skreiðarferð* og *skreiðarkaupaleiðir*.

Skreiðarferð (n, kvk) Ferð með skreið; ferð til að sækja skreið. „Steinbítur þekktist ekki sem verslunarvara til kaupmanna, heldur eingöngu látinn til bænda sem ekki bjuggu við sjó. Verðið minnir mig að væri 20 aurar steinbíturinn. Margir komu í skreiðarferðir; t.d. man ég eftir sr. Guðmundi í Gufudal með stóra hestalest í skreiðarferð hingað. Viðskiptin voru einkum við bændur í sveitum við Breiðafjörð. Oftast voru það fastir viðskiptamenn: Þeir fengu steinbít og létu smjör og tólg. Þetta voru áreiðanlegir menn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Skreiðarhjallur (n, kk) Hjallur þar sem skreið er þurrkuð. Skreiðarhjallar voru ekki notaðir á fyrstu öldum skreiðarverkunar; enda timbur þá vandfengið. Í þeirra stað var skreiðin þurrkuð á steinhlöðnum gördum eða á mól.

Skreiðarhlaði / Skreiðarstakkur (n, kk) Stafli af skreið. Sjá *skreið*.

Skreiðarkaupaleiðir / Skreiðarflutningar „Úr vestanverðum Breiðafjarðarbyggðum var farið um Þorskafjarðarheiði til skreiðarkaupa við Djúp, en Geir- og Gufdælir héldu út í Víkur. Fyrsta daginn var farið úr Geiradal að Þingmannaheiði; annan yfir hana að Brjánslæk og þann þriðja yfir Kleifaheiði, út með Patreksfirði, yfir Vaðalinn í Örlygshöfn, Tunguheiði og niður í Kollsvík. aðrir fóru úr Örlygshöfn yfir í Breiðavík eða að Hvallátrum. Þessar skreiðarleiðir voru síðast farnar vorið 1909, og tók ferðin úr Gufudal í Kollsvík og heim aftur 8 daga.

Með lengstu og erfiðustu skreiðarleiðum á sjó var úr verstöðvum norðan Látrabjargs inn í Festureyjar á Breiðavirði. Lagt var upp í þessar ferðir síðustu dagana í júní eða í byrjun júlí, meðan sjór var stilltastur og von góðviðris. Farið var í einum áfanga í verstöðvarnar og umfram allt var hugað að *góðu leiði*, en þá sem jafnan réðu straumar og vindar á Breiðafirði mest ferðinni. Venja Vestureyinga sem reru fyrir norðan Bjarg var að halda heim um miðjan júní með fullhlaðna róðrabáta sína. Þeir sóttu þá stærri skip, átt- eða teinæringa, til að flytja voraflann. Meðan skreiðarskipin voru sótt var hafður í verinu einn maður frá hverjum báti, svokallaður *eftirliggjari*. Hann átti að hirða um þann hluta aflans sem ekki var fullþurr og líta eftir fiskifangi og föggum skipsfélaga sinna. Sú bið var aldrei skemmri en þrjú dagar, stundum vika eða meira. Þegar heim skyldi halda var oft erfitt að ráða í veður á Breiðafirði. Engin sæmileg landing var nær en á Siglunesi og að snúa aftur gat verið voði, ef ólga hljóp í Látraröst, sem þráfaldlega gerðist á svipstundu. Ef í nauðir rak var reynt að lenda í Keflavík austan Bjargs eða í Skorarvogi. Þegar allt var tilbúið undir heimferðina annað en bera á, var sendur athugull maður út á bjargbrún til þess að vita hvort viðunandi ferðaveður væri inn Sandflóa; buginn milli Bjargtanga og Skorar. Bátarnir voru háfermdir og hækkaðir með stikum; kallað að *brjóta út*. Stærstu skipin voru talin bera 5-6 smálestir eða 1000-2900 fiska, en ekki mátti hlaða þau meira en svo að sjór væði í saumfari á þriðja borði. Ef veður breyttist eftir að borið hafði verið á skip varð að fresta brottför og *bera af*, í minnsta lagi ofan að söxum. Ætíð var lagt af stað þegar lítið var fallið út, eða eins og svaraði fullri skipslengd, væri stórstreymt. Þá var *upptaka* suðurfalls er komið væri austur fyrir Bjargtanga og þess vegna *meðstreymt*; ella var ógerlegt að komast leiðar sinnar. Straumur var svo harður langt inn með Bjarginu að *gekk* sem siglt væri, en sex menn undir árum gerðu lítið betur en *halda í við* mótstreymi í fullhörðu falli í stórstreymi. Prekraunin mesta var að komast að Siglunesi. Væri logn eða leiði entist veðstraumur að mestu þangað. Ef tiltækilegt var hvíldu menn sig stöku sinnum í Skorarvogi. Þeir töldu sig komna heim þegar náð var að Siglunesi. Reyndar var þá enn nokkuð langt til Flateyjar, en á þeirri leið voru víða landingar. Stæði á austan þokuðust menn höfn úr höfn með austurföllunum, en lágu af sér vesturföllin inn með Barðaströndinni. Stöku sinnum liðu tvær vikur frá vertíðarlokum þangað til allir vermennirnir voru komnir heim til sín. Fyrir lánið á skreiðarskipinu voru teknir 60 steinbítar. Ekki er kunnugt um skipstapa eða slys í skreiðarferðum norðan fyrir Bjarg og inn í Vestureyjar“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir; GG; ÓETh; ÓM; PJ, Barðstrendingabók; Saga Snæbjarnar í Hergilsey o.fl.).

Skreiðarskemma (n, kvk) Skemma/hús þar sem skreið er geymd. Annaðhvort við bæ eða í veri.

Skreiðarskip (n, hk) Skip sem notað er til flutninga á skreið. „Fönix var aðallega notaður sem hákarlaskip, en einnig sem skreiðarskip og flutningsaskip í kaupstaðarferðum“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Skreiðarverslun (n, kvk) Verslun með skreið. Oftast er þá átt við útflutning skreiðar. Skreið hefur verið verkuð frá landnámi, og hefur líklega frá þeim tíma verið allmikil vöruskiptaverslun með hana innanlands; enda liggja staðir misvel að sjósókn. Í Egilssögu er sagt frá skreiðarflutningum Þórólfs Kveldúlfssonar frá Noregi til Englands. Skreiðarsala til útflutnings hófst héðan á 14.öld, og þá upphófust útver til mikilla muna. Þá sá höfðingjaveldið hagnaðarvon í skreiðarverslun og sölsaði undir sig jarðir sem best lágu við sjósókn. Þá komst t.d. Láganúpur í eigu Guðmundar ríka Arasonar, og var eftir það eign höfðingjaveldisins fram á 20.öld.

Skreiðast (s) Skriða; *skriplast*. „Hægt er að skreiðast niður í Smérhellissveldið afturábak og á ská“.

Skreika / Skreika fótur (s/orðtak) Skrika; skrika fótur. Hvortveggja orðmyndin heyrðist.

Skreipt í spori (orðtak) Sleipt að ganga og hætt við að *skriki fótur*. „Gáðu að þér, það er skreipt í spori“.

Skrekkur (n, kk) Hræðsla. Fremur nýleg sletta í málinu. „Það er hálfgerður skrekkur í manni útaf þessu“.

Skreppa (n, kvk) Þverpoki; lítill sekkur; malur.

Skreppa (s) A. Fara í stutta ferð; skjótast. „Ef við skreppum nú niður á láglandið er þar fyrst flöt sem heitir Hamraendaflöt“ (ÍH; Örn.skrá Melaness). „Ég þarf að skreppa aðeins norður í Kollsvík“. B. Hrökkva. „Bittu (bintu) nú þannig á steininn að ekki skreppi af honum“.

Skreppa af bæ (orðtak) Fara í stutta ferð að heiman; *bregða sér af bæ*. „Hundurinn hvarf meðan hann skrapp af bæ“.

Skreppa frá (orðtak) Fara í stuttan tíma að heiman/ úr vinnu/ í burtu.

Skreppa saman (orðtak) Rýrna; dragast saman. „Timbrið skrapp nokkuð saman og vatt sig þegar það þornaði“.

Skreppa uppúr (orðtak) Um það sem sagt er í ógáti. „Þetta var kannski óvarlega sagt hjá mér, enda skrapp það uppúr mér alveg óvart“.

Skreppitúr (n, kk) Snögg/stutt ferð; *skotferð*. „Hann kom hérna aðeins í skreppitúr“. Nýlegt í máli.

Skreyta (s) A. Búa skrauti; fegra; gera litskrúðugt/skrautlegt. B. Líkingamál; ýkja; skrökva; bæta við sögu.

Skreyta sig með annarra fjöðrum (orðtak) Tileinka sér orðsníld, hugkvæmni eða framtak annarra og eigna sjálfum sér, beint eða óbeint. Notað m.a. um ritstuld.

Skreytinn (l) Lyginn; *kritar liðugt; færir í stílinn*. „Hann er svo skreytinn að maður veit aldrei hvað satt er“.

Skreytni (n, kvk) Ósatt; lygi. „Óttaleg skreytni er nú í þér, ég held að þetta geti nú varla staðist“.

Skrið (n, hk) A. Það að skriða; fara um skriðandi. B. Allnokkur hraði. „Báturinn fór vel í sjó eftir að hann var kominn á skrið“.

Skriða (n, kvk) Brattur efnishaugur í fjallshlíð, oftast misstórt grjót og aur sem hrundi hefur úr klettum og myndar bratta fjallshlíð. Fjöll á Vestfjörðum einkennast mjög af skriðurunnum hæðum til landsins og sæbröttum núpum með efri- og neðriklettum og brattri skriðurunninni hlíð milli þeirra. Brött skriða getur verið hættuleg og erfið yfirferðar, sé hún ekki gróin eða komnar í hana fjárgötur.

Skriðinn (l) Hefur skriðið/ farið/gengið um. Notað um ýmislegt: Sagt er að túngras sé skriðið eða farið að skriða ef það er byrjað að leggjast og sölna í rót; orðið *úr sér sprottið*. Sagt er að tófa sé skriðin eða *grensmogin*, ef sýnilegt er á feldi hennar að hún hefur skriðið um greni. Sagt er að grásleppa sé *nýgengin* eða *nýskriðin* ef hún er nýkomin á grunnmið. Þá er hún vanalega ljósari en þær sem eru *legnar* í þara.

Skriðjökull (n, kk) Jökull sem er undir svo mikilli þjöppun og í svo miklum halla að hann myndbreytist, verður í nokkurskonar seigfljótandi ástandi og rennur hægt undan hallanum. Skriðjökull veldur allajafna miklu rofi á undirlagi sínu, bæði vegna þungans og vegna þess að í botni hans er frosið grjót sem skefur upp berg og annað. Því þykkari og þyngri sem skriðjökullinn er, því meira verður rofið. Engir skriðjökklar eru nú á suðurhluta Vestfjarða, en allt landslag er þar mótað af skriðjökklum ísaldar. Kollsvík er t.d. renna eftir skriðjökul, og sama á við um Vatnadal og nærliggjandi víkur og firði. Skriðjökklar ísaldar náðu fram á landgrunnsbrún og skófluðu griðarmiklu magni bergs fram á djúpið. Hlýnun eftir ísöld varð ekki samfelld, heldur komu kuldaskið, sem ollu framskriði jökulsins sem fyrr hafði hupað. Má ætla að við slík framhlaup hafi jökullinn rutt fram jökulöldum sem nú sjást víða sem þykk malarholt eða sjávarrif. Má þar t.d. nefna Breiðsholt; Rifið í Kollsvík; Rifið í Breiðavík, Hænuvíkurholt; Gjögraholt o.fl. Af sama toga eru líklega gryningarnar í Patreksfjarðarflóa, en dýpst náði rof fjarðarins í Grænhólsdýpi, utan Skápadals. Skriðjökullinn skildi einnig eftir miklar jaðarurðir, t.d. Brunnbrekku, og í dýpsta rofinu mynduðust stöðuvötn, s.s. Stóravatn, Litlavatn, Kjóavatn og Sandslágavatn.

Skríðkvikindi (n, hk) A. Skríðdýr. B. Líkingamál um vesælan mann. „Það er ekki tekið meira mark á manni en hverju öðru skríðkvikindi“!

Skríðljós (n, hk) Ljósker; meðfærlig lukt með glergluggum, sem kerti eða annað ljósmeti er sett inni.

Skríðufall / Skríðuhlaup (n, hk) Framskríð/hrun skríðu. „Það er hætt við skríðuföllum í svona leysingaveðri“.

Skríðufótur / Skríðujaðar / Skríðusporður (n, kk) Neðri mörk skríðu.

Skríðugrjót (n, hk) Grjót sem hrúnið hefur úr klettum. Grjót til veggjahleðslu er í stórum dráttum af þennum toga í Kollsvík. Skríðugrjót er hrjúft, oft með hvössum eggjum og brotflötum í ákveðna stefnu. Það gerir því nákvæmar kröfur um legu í hleðslu, en getur gefið sléttan útflöt. *Jökulnúið grjót* eða *holtagrjót* er núið eftir jökul eða vatn og eftir að hafa rótast langar leiðir í ruðningum. Það er ekki eins kröfuhart um legu í vegg, og er yfirleitt sterkara en skríðugrjót. *Lábarið grjót* eða *fjörugrjót* er mest slípað og núið, og er oft nánast hnöttótt eða egglega. Það er þægilegt hleðslufni, t.d. í grjótgarða, en þarf vandaða fyllingu ef hleðslan á að verða vindheld.

Skríðuhlið / Skríðurunnin hlið (n, kvk /orðtak) Hlið með skríðum.

Skríðuhætt (l) Hætt við skríðuföllum; hætta á skríðuföllum. „Skríðuhætt mjög, og grjótfall sífellt á vetur (um Kollsvíkurtún og bæjarstæði“ (AM/PV Jarðabók).

Skríðuurð (n, kvk) *Urðarskríða*; skríða af stórgerðu grjóti, oftast neðst í skríðuhliðinni þar sem bergmunlningurinn flokkast nokkuð þegar hann skríður fram og sá skríðþyngsti fer lengst.

Skríðþungi (n, kk) Vægi hlutar sem er á ferð og leitast við að halda þeirri ferð áfram ef ekki koma aðrir kraftar til, samkvæmt tregðulögmálinu (lögmálinu um varðveislu orku). Skríðþungi er þeim mun meiri sem eiginþyngd hlutarins er meiri.

Skrif (n, hk, fto) Það sem skrifað er; rit; sendibréf o.fl. „Ég hef ekki séð þessi skrif hans ennþá“. Sjá *tilskrif*.

Skrifa (s) A. Rita/letra stafi. B. Semja ritverk, t.d. skáldsögu. C. Skrásetja það sem lesið er fyrir. T.d. hafði bóndi oft einhvern með sér í fjárhús í fengitíma til að „skrifa“; þ.e. rita á bréfmiða nafn kindar sem fékk, og hrútinn sem farið var með. „Ætlar þú að koma með mér í húsin til að skrifa“? Sjá *fara með hrút*.

Skrifa bakvið eyrað (orðtak) Leggja á minnið. „Skrifaðu það bakvið eyrað að ég ætla að setja þessa gimbur á“. Oft notað. Sjá einnig *mundu það með mér*.

Skrifa eftir (orðtak) A. Skrifa afrit af lesmáli; *skrifa upp*. B. Skrifa, t.d. grein, til minningar um einhvern.

Skrifa einhverjum til (orðtak) A. Skrifa bréf eða annað til einhvers. B. Notað um það að krota með blýanti í kerti á bensínvél, til að örva kveikingu á neista. „Það gæti verið ráð að skrifa honum til; það lagar hann stundum af bévítans óþægðinni“!

Skrifa (einhvern) fyrir (orðtak) A. Skuldbinda einhvern með undirskrift sinni. „Hann er skrifaður fyrir litlum hlut í þessu hlutafélagi“. B. Ætla einhvern geranda/höfund/höfuðpaur. „Snorri er oft skrifaður fyrir Eglu“.

Skrifa hjá sér / Skrifa til minnis (orðtak) *Skrifa niður* minnisatriði.

Skrifa í sand (orðtak) Skrifa í tilgangsleysi; skrifa þannig að ekki varðveitist. „Þær reglur voru líkt og skrifaðar í sandinn; enginn virti þær“.

Skrifa niður (orðtak) Skrásetja; bóka; *færa til bókar*; *skrifa hjá sér*. „Skrifaðu niður vigtina á skrokkunum“.

Skrifa sig til skrattans (orðtak) Skrifa svo magnaða galdrastafi að skattinn komi og færi mann til vísis. Fyrrum var talið varasamt að klóra einhverja torkennilega stafi af þessum sökum. Varasamt gat jafnvel verið að pára slíkt í snjó eða sand. Börn voru vöruð við því að krota óskiljanlegt pár á blað af þessum sökum.

Skrifa (einhverjum) til (orðtak) A. Rita einhverjum sendibréf. B. Um *distilleringu*/viðgerð á bensínvél; taka kerti úr blokkinni og nudda með blýanti á neistaoddana. Neistinn átti þá auðveldara með að hlaupa á milli, og gat þetta riðið baggamuninn í því að koma vélinni í gang. Einkum átti þetta við um vélar með smellikveikju/magnettukveikju, enda var þar um tiltölulega lága spennu að ræða, og veikan neista.

Skrifa undir (orðtak) Undirrita; setja nafnið sitt undir t.d. bréf eða skuldbindingu.

Skrifa/rita upp (orðtak) A. Rita eitthvað eftir forsögn/tali. B. Lista upp eignir í aðdraganda uppboðs. C. Endurrita/afrita texta.

Skrifa uppá (orðtak) Skuldbinda sig með undirskrift til að ábyrgjast greiðslu, t.d. víxils, fyrir annan mann.

Skrifa utaná (orðtak) Árita sendingu til viðtakanda, t.d. bréf eða böggul.

Skrifað stendur (orðtak) Oft sagt í upphafi tilvitnunar, t.d. í biblíu, reglu eða lög. Sjá *eins og þar stendur*.

Skrifandi (l) Hefur getu til að skrifa skiljanlegt mál. „Strákurinn er orðinn bæði læs og skrifandi“.

Skrifari (n, kk) A. Sá sem skrifar; höfundur; ritari. B. Gælunafn á *óðinshana*. Mikið notað.

Skrifast á (orðtak) A. Skiptast á sendibréfum/tölvupóstum á víxl. „Við höfum verið að skrifast á um nokkurn tíma“. B. Telst vera skuld/sök. „Þessi mistök verða alfarið að skrifast á hans reikning“.

Skrifborð (n, hk) Borð sem skrifað er við. Skrifborð voru mönnum ekki alltaf tiltæk áður fyrr, og urðu margir furðu þjálfaðir í að skrifa á hnjám sér; e.t.v. með fjalarstúf undir.

Skrifbók (n, kvk) A. Bók sem skrifað er í, stílabók; glósubók; minnisbók. B. Forskriftabók; bók sem barn æfir sig að skrifa í. Oft með forskrift, þ.e. vel rituðum stöfum til viðmiðunar.

Skrifelsi (n, hk) Texti; sendibréf; lítilsháttar/óveruleg skrif. „Ég sendi dálítið skrifelsi á miða með pakkanum“.

Skrifinni (n, kk) Sá sem fæst mikið/eingöngu við skriftir. „Þetta kemur frá skrifinnunum fyrir sunnan“!

Skrifinnaska (n, kvk) Mikil skrif; niðrandi heiti á ritun; íþyngjandi ritun. „Honum fannst skattskýrslan vera orðin ári mikil skrifinnaska“.

Skriffæri / Skrifföng (n, hk, fto) Ritföng; það sem þarf til ritunar, s.s. penni, blýantur, strokleður, blekbytta, þerripappír, pappír o.fl. Í seinni tíð; tölva, prentari og það sem því tilheyrir.

Skrifíri (n, hk) Skrifinnaska; það sem skrifað hefur verið; krot. „Hér er eitthvað skrifíri“.

Skrifkunnátta (n, kvk) Hæfni til að skrifa. „Skrifkunnáttu almennings hefur stórlega hrakað á tölvuöld“.

Skriflast (s) *Klórast*; komast við illan leik; *skjöktta*. „Það er engin *forsjón* í að skriflast yfir skriðurnar í þessum þurrkum, sérstaklega þegar engin er fjárgatan“.

Skriflega (ao) Með því að skrifa; með ritun/skrift. „Ég tilkynnti honum þetta skriflega“.

Skriflegur (l) Skrifaður; ritaður. „Það þarf að leggja inn skriflega umsókn“.

Skrifletur (n, hk) Stafagerð sem skrifuð er. Menn skrifa margskonar rithönd, en nokkur munur þarf að vera á stafagerð svo hún sé talin sérstakt skrifletur. Þannig er t.d. myndletur Fornegypta frumstæð gerð skrifleturs, en af því þróaðist óhlutbundnara táknmál, s.s. letur Föníkíumanna, Grikkja og síðar hið rómverska letur sem við nú notum. Fundist hafa um 60 þúsund ára tákn í helli í Suður-Afríku, sem nú eru talin elsta þekktu skrifletur heims; rituð á strútseggjaskurn. Súmerar notuðu fleygletur sem þægilegt var að stimpla í leirtöflur. Margskonar skrifletur er notað í heiminum í dag. Hið latneska er í mörgum gerðum, en ólík því eru t.d. arabískt letur, sanskrít og ýmiskonar letur kínverja, japana og annarra asiuríkja. Skrifað letur hérlendis hefur löngum verið flokkað í ýmsa rithandarflokka, t.d. gotneskt letur; karlungaskrift; léttiskrift; fljótaskrift, settletur; snarhönd og blokkskrift.

Skrifli (n, hk) Hrófatildur; garmur; hró. „Það er nú ljóta skriflið þessi bill sem þú varst að kaupa“!

Skrifpappír (n, kk) Pappír sem skrifa má á.

Skrifpúlt (n, hk) Húsgagn sem hentar til að skrifa á, oft hallandi og með einhverskonar geymsluhólfi fyrir ritföng o.fl.

Skrifræði (n, hk) Stjórnkerfi sem útheimtir verulega vinnu skrifstofufólks og stjórnenda. Einkennist af flóknu reglugerðarfargangi og seinvirku leyfa- og eftirlitskerfi. Nútímaþjóðfélög hafa mjög þróað í átt til skrifræðis.

Skrift (n, kvk) A. Rithönd; skrifletur (sjá þar). B. Sá verknaður að skrifa. „Hann situr við skriftir“. C. Syndajátning í kaþólskri trú. Forðum var venja að skrifa syndir sínar fyrir presti og hljóta syndaaflausn t.d. gegn vissum trúarlegum athöfnum eða með gjöfum til guðskistu/kirkju. Ávallt í fleirtölu. D. Heilög ritning. „Synd kallast í skriptinne eigi einazta þat syneliga likamans lataði“ (Oddur Gottskálksson; Nýja Testam.).

Skrifta (s) Játa syndir sínar. Í kaþólskri trú tíðkast það að fólk játi í einrúmi fyrir presti það sem það kann að hafa aðhafst sem ekki samræmist dyggðugu líferni. Prestur getur þá veitt manni aflausn með því að fyrirskipa betrun af einhverju tagi, t.d. gjafir til gustukamála eða kirkju, eða bænalestur og annað af því tagi.

Skríka fótur (orðtak) Renna til í hálfu eða í brattlendi; *missa fótanna*; *renna við*. „Honum skrikaði fótur og *kútveltist* niður hlíðina“.

Skríka til (orðtak) Renna til. „Gættu þess að hafa góða handfestu, ef þú skrikar til í tæpum ganginum“.

Skríkull (l) Hrösull; hættir til að detta. „Það er hætt við að þér verði skrikult á svona skóm í vætunni“.

Skrimta (s) Draga fram lífið; *hjara*; komast lífs af. „Mér sýnist lambkettlingurinn ætla að skrimta“.

Skrimta af (orðtak) Komast lífs af; draga fram lífið; tóra. „Jafnvel í hörðustu hallærum skrimtu menn fremur af sem bjuggu við sjávarsíðuna en hinir sem bjuggu til landsins“.

Skringilega (ao) Furðulega; einkennilega. „Hann er farinn að hegða sér skringilega í seinni tíð“.

Skringilegheit / Skrýtilegheit (n, hk, fto) Furður; *undarlegheit*; *spaugilegheit*. „Þetta eru meiri skringilegheitin í veðráttunni; glampanði sól aðra stundina en skýfall hina“.

Skringilegur (l) Furðulegur; skrýttinn. „Mér fannst þetta nokkuð skringilegt alltsaman“.

Skripla (s) Renna til; skrika; skrika fótur. „Gættu þess að skripla ekki á hálkunni“!

Skriplast (s) *Skreiðast*; skrölta; *skakklappast*. „Það var með *naumindum* hægt að skriplast yfir svellbunkann“.

Skríða (s) A. Þokast; mjakast. „Krapaelgurinn er að skríða nær húsunum“. „Sólin er nú eitthvað að skríða hærra á himininn þegar kemur framá“. B. Færa sig til á maganum. „Barnið er byrjað að skríða“. C Um gras; spretta úr sér; gulna við rót og leggjast. „Það þarf að fara að slá sléttuna; það er farið að skríða á einstaka blettum á henni“. D. Um bát; komast á góða ferð/siglingu. „Virðist svo sem báturinn hafi ekki skriðið nóg, því að brátt lá hann undir stórágjöfum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „

Skríða saman (orðtak) Batna; *brá af*; hressast; *jafna sig*; *ná sér*; *verða jafngóður*. „Ég held ég sé nú eitthvað að skríða saman eftir pestina“.

Skríkja (s) Gefa frá sér hvelld/hávært hljóð; skrækja.

Skríll (n, kk) Niðrandi heiti á hópi; pakk; *rumpulýður*.

Skríslæti (n, hk, fto) Ólæti skríls; múgæsingur. „Það eru þá sömu skríslætin í borginni og vant er“!

Skrímli (n, hk) Óvættur. Sjá *sjóskrímli*.

Skrín / Skríni (n, hk) Hirsla í kaþólskum kirkjum, þar sem geymdir eru helgir dómar, þ.e. gripir kirkjunnar sem átrúnaður er á. Geta það t.d. verið líkamspartar Krists eða postulanna eða einhvers dýrlings. Eða klæði þeirra. Þá ku vera svo mikið til af flisum og bútum úr krossi Krists að feiknastór myndi vera samansettur. Skrín voru líklega að lögun sem einskonar koffort; misstór eftir vægi kirkna. Samskonar dýrkun var á sumum helgimyndum/líkneskjum/róðum og á krossum. Var krossinn í Kaldaðarnesi síðasta máttuga táknið af því tagi. Því var trúað að helgir dómar hefðu yfirnáttúrulega krafta og lækningamátt. Geta hálfheiðnir menn í dag hent gaman að þessu og kallað kjánaskap, en fyrrum veitti þetta þjáðu og kúguðu fólki von og þjappaði því saman félagslega. Ólíklegt er að skrín hafi verið í hálfkirkjum, líkt og í Kollsvík. En hinsvegar mætti líta á Biskupsþúfunu sem nokkuð ígildi þess. Undir henni er enn trúað að Kollur landnámsmaður hafi fólgið dýrgripi sína og vopn, en hann er einskonar „faðir Kollsvíkur“ og nam hjá Patreki biskupi á Suðureyjum. Á þúfunni hvílir helgi sem til þessa dags hefur varið hana. Því má velja upp að Kollur hafi reist fyrstu kirkju landsins í Kollsvík, og e.t.v. reist keltneskan kross á þúfunni í virðingarskyni við Patrek föstra sinn og þakkarskyni fyrir björgunina við Arnarboða. Gæti nafn þúfunnar því verið frá landnámsöld.

Skrína / Skrinukostur (n, kk) Nesti vermannna í verum, sem geymt var í skrinum; *vermatan*. Orðið „skrinukostur“ lifir góðu lífi í Kollsvík í dag um nesti og matarforða almennt. „Það er nú óþarfi fyrir gesti að koma með skrinukost; nóg er til“. Sjá einnig *verskrína*.

„Hinn eiginlegi skrinukostur vermannna var feitmeti; smjör, tólg, *hnoðmör*, og kjötmæti sem þá var oftast *kæfa*. En auk þess fengu vermenn rúg, brauð, kökur, *harðfisk*, *sýru* og síðar kaffi, *kaffibæti* og sykur... Hinn fastákveðni skammtur...var kallaður *lögútgerð*. Samkvæmt opinberri tilskipun frá 1720 var *mötusmjör*íð ákveðið 12 *fjórðungar* fyrir manninn fyrir haust- og vetrarvertíð... Í Víkum norðan Látrabjargs var 30 *punda* smjörmata til tólf vikna talin lögútgerð, eða 7 ½ pund til þriggja vikna, en það samsvaraði 5 *merkum* til vikunnar. ... Í þeim verstöðvum var skammturinn af kæfu *hálfvættarkind* yfir vertíðina; *geld ær* eða *sauður*. Nokkuð af kjötinu var *reykt* en hitt *saltað* og síðan búin til kæfa úr hvoru tveggja. Þar var algengt að formaður hefði með sér, auk kæfunnar, *huppa*, *bringukolla* og *síður*, því að þegar gestir komu *bauð hann upp á skrinuna*, eins og það var kallað. Einnig var venja hans að gefa hverjum háseta eitt hangikjötsrif; *formannsrifið*, eftir fyrsta róðurinn, þá er vel aflaðist. Einnig kom það fyrir að formaður gæfi hásetum bita úr skrinu sinni, auk formannsrifsins, þegar þeir komu að landi; *dauðlerkaðir* með *punghlaðinn* bát. Slíkum formanni gekk betur en öðrum að fá háseta og jók þetta á vinsældir hans. Í verstöðvum norðan Bjargs var *mjölskammturinn* einn fjórðungur til mánaðar, en 12 harðir steinbítar voru látnir koma í staðinn ef mjöl var ekki til. Húsbændur lögðu vinnuöðrum til kaffi þó það væri ekki skylda; allt að 1 pd yfir vertíðina... Þegar *tvi-* og *þríróið* var fengu menn sér bita milli þess að farið var á sjóinn... Sá sem kom *vanbúinn* af mötu í verið var kallaður *mötulitill*... Þegar *saxast* tók á mötuna var sagt að komnar væru *Mariumessur* í skrinurnar... *Roðavika* var gamalt nafn á síðustu vertíðarvikunni... Víðast var etinn *soðfiskur* að lokinni aðgerð, en þá matseld annaist einhver af áhöfninni eða *fangæslan*. Víða átti hver vermaður sinn disk, fyrrum úr tré, sem soðningin var færð upp á, og átti hann sjálfur að sjá um þrif á honum“ (Frásögn ÓETH o.fl.) (LK; Ísl. sjávarhættir II). (Sjá *vermata* og *verskrína*). „Þegar afli var kominn í ruðning var gengið til búðar; hitað kaffi og borðað með því smurt brauð með kæfu að áleggi. Það tók hver úr sinni skrinu eða kofforti“ (KJK; Kollsvíkurver). „Rekkjufélagar sváfu andfæting og höfðu koffortin sín; skrinurnar, við höfðalagið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Mat höfðu menn með sér heimanað í kofforti. Þá var kæfa brædd í annan endann á skrinunni og smjóri stungið í hinn endann“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Þeir sem voru lengra að komnir höfðu með sér nesti og bjuggu við skrinukost, enda var mötuneytisaðstaða engin“ (PG; Veðmálið).

Skrínukind (n, kvk) Kind sem valin var til þess að verða slátrað og soðin úr henni kæfa fyrir *skrínukost*. Var hún líklega valin við ásetning á haustin; e.t.v. geldær eða gamalær sem ekki var talin framtíðarfénaður. Hún var alin yfir veturinn en slátrað þegar leið að verferðum að vori. Einnig nefnd kæfukind eða mötukind.

Skrípalega (ao) Fáránlega; kjánalega. „Látiði nú ekki svona skripalega krakkar“!

Skrípalegur (l) Furðulegur; fáránlegur; kjánalegur. „Skelfing finnst mér hann stundum skripalegur í háttum“!

Skrípalæti (n, hk, fto) Fíflagangur; bjánangangur; ólæti. „Hættu þessum andskotans skrípalátum“!

Skrípafigúra / Skrípamynd / Skrípateikning (n, kvk) Mynd/teikning sem sýnir viðfangsefnið á afkáralegan hátt; skopmynd. „Hann hafði teiknað ýmsar skrípafigúror á blaðið, sem sumar minntu á fólk í sveitinni“.

Skrípi / Skrípildi (n, hk) *Furðufyrirbæri; himpigimpi*; fífl. „Ég ætla ekki að standa þarna uppi á sviði og gera mig að algeru skrípi“!

Skrjáf (n, hk) Lágvært hljóð/þrusk/brak/núningshljóð. „Erfitt var að vera í feluleik í hlöðunni þó þar væri myrkur, því alltaf heyrist skjáfið í heyinu þegar einhver nálgast“.

Skrjáfa (s) Braka; marra. „Það skjáfar í grásleppunni sem hangir hér undir þakskegginu“.

Skrjáfþurr (l) Svo þurr að skjáfar í. „Það má taka signu grásleppuna niður; hún er orðin skjáfþurr“.

Skrjóður (n, kk) A. Hrörlegur gripur/bíll. „Skyldi skjjóðurinn komast yfir fjallið“? B. Niðrandi heiti á manni; rumur; þrjútur. „Hann er farinn að verða dálítið gleyminn, *karlskrjóðurinn*“.

Skro (n, hk) Munntóbak; *rjól; rulla*. Sjá *tóbaksneysla*.

Skrof (n, hk) Íshröngl; ósléttur ís. „Fénu getur verið hætt ef það fer út á þetta skrof“.

Skrofa (n, kvk) Puffinus puffinus. Sjófugl af ættbálki pípunefja eða fýlinga, og því náskyld múkkanum. Hún heldur lengstum til úti á sjó, og kemur eingöngu á land til að verpa. Eini varpstaður skrofu á landinu er í Vestmannaeyjum. Hún hefur sést á sjó við Útvíkur. Fullvaxinn fugl er 30-38 cm að lengd með allt að 90 cm vænghaf; svört að ofan en hvít að neðan, með svörtu nefi og bleikum fótum. Skrofan verpir í holur eins og lundi, og er nafnið líklega komið af því að landið verður sem *skrof* eftir gröftinn. Fæðan er smáfiskur, krabbadýr og smokkfiskur. Skrofur eru góðir kafarar líkt og svartfugl, en flugið er líkt og hjá múkka. Sést gjarnan í hópum. Farfugl að hluta, og flýgur þá til strandsvæða Suður-Ameríku.

Skrofótt (l) Litur á sauðkind; því sem næst röndótt; hvít með dökkum röndum eða dökk með hvítum röndum. Sjaldnast eru þó ær reglulega röndóttar, heldur minnir mynstrið á rendur. Kind á Láganúpi um 1963 nefndist Skrofa; dökk með ljósum yrjum langseftir.

Skrokklag (n, hk) Lag á skrokki. Oftast notað um lag á bát, en einnig um byggingu skepna.

Skrokkmikill (l) Með stóran skrokk; feitlaginn; stórvaxinn.

Skrokkskjóða (n, kvk) Högg; bylta; ákoma. „Fékkstu ekki einhverjar skrokkskjóður við þetta fall“?

Skrokkskömm (n, kvk) Gæluheiti á líkama manns. „Ég hef það alveg ágætt, en skrokkskömmin er orðin lítlfjörleg til *puðvinnu* eða langhlaupa“.

Skrokkstór (l) Með stóran bók/skrokk; *búkmikill*.

Skrokkur (n, kk) A. Líkami manns í heilu lagi. „Ætli maður þurfi ekki eitthvað að skola á sér skrokkinn“.
„Hann er mesti *þrekskrokkur*“.
B. Búkur skepnu eftir slátrun, að frátöldum útlimum og höfði, innyflum og gæru/skinni. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi; semsé að slátra lambinu og vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).
C. Bátur/skip, og er þá einkum átt við byrðinginn.

Skrokkþungi (n, kk) Fallþungi/kjöþungi sláturgrips/dilks. „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu; bæði á baki og bringu; taka það upp til að meta skrokkþungann, og síðast en ekki síst að koma sínu álitni á framfæri“ (PG; Veðmálið).

Skroll (n, hk, linur frb.) Kverkmælgí. „Ekki lagast skrollið í honum með aldrinum“.

Skroll (n, hk, harður frb.) Sérlega hávæð og grófgerður hlátur; hrossahlátur. „Ég held að þeim hafi ekki orðið svefnsamt í næstu búðum, af skrollinu í karlinum“!

Skrolla (s, linur frb.) A. Að vera kverkmæltur; gormæltur. „Hann skrollar óskaplega á errunum ennþá“.
B. Skrölta. „Þessi skyrtta er svo víð að hún skrollar utan á manni“.
„Ég skrollaði eftir vegslóðanum“.

Skrolla (s, harður frb.) Hlæja með miklum hávaða/látum/tilþrifum; *skella uppúr*. „Það er nú ekki til síðs að skrolla svona í kirkjunni, þó prestinum verði á mismæli í ræðunni“!

Skrollroka (n, kvk) Samfelld roka/gusa af skrolli/hrossahlátri. „Hann rak upp þvílíka skrollroku þegar hann heyrdi þetta, að ég hélt að þakið ætlaði ofan“!

Skróp (n, hk) Vísvitandi seinkun/fjarvist í vinnu eða skóla.

Skrudda (n, kvk) A. Bók; gjarnan þykk og/eða torlesin. B. Gustmikill kvenmaður; *bryðja*; galsafengin stelpa.

Skrudningur (n, kk) Hávaði; læti. „Heyrði ég þá skrudning upp yfir mér“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Skrugga (n, kvk) Þruma. „Í suðaustan og útsunnanáttum á haustin og tíðlega á vetrum heyrir einstaka sinnum skruggur. Kalla menn það boði góðan vetur, heyrir það fyrir nýár, en vondan ef síðar“. (séra Gísli Ólafsson; Sóknarlýsingar 1840).

Skruggufærð / Skruggufæri (n, kvk/hk) Um vegi; flennifæri; mjög góð færð. „Það er skruggufæri innifyr“.

Skrugguveður (n, hk) Þrumuveður. „Óttalega fer það alltaf í mig þetta skrugguveður“.

Skrukka (n, kvk) Niðrandi heiti á gamalli/fráhrindandi konu.

Skrum (n, hk) Yfirborðskennar fullyrðingar; plat; mont. „Alltaf er það sama skrumið fyrir kosningarnar“!

Skruma (s) Blekkja; hafa í frammi mont/gort/ innantóma þvælu.

Skrumari (n, kk) Sá sem skrumar.

Skrumskæla (n, kvk) Gera afkárlegt; snúa útúr; afbaka.

Skrumskæling (n, kvk) Afbökun; útúrsnúningur.

Skrumskæling (n, kvk) Afskræming; afbökun. „Mér líkar bölvánlega svona skrumskæling á málinu“.

Skruna (n, kvk) Skriða.

Skruna (s) A. Renna sér á mikilli ferð. B. Tölvumál; renna mynd/tákni hratt niður/upp skjá.

Skrúbba (s) Skúra/þvo rækilega með skrúbb/bursta. „Skrúbbaðu vel allar blóðslettur úr bátnum“.

Skrúbbhaus / Skrúbbhár / Skrúbbskaft (n, kk/hk) Hlutar *gólfskrúbbs*.

Skrúbbur (n, kk) Bursti með stífum hárum. „Það þyrfti að fara með skrúbbinn á gólfíð eftir þetta“.

Skrúð (n, hk) Skraut; það sem er marglitt/skrautlegt. Sbr *blómskrúð* og *málskrúð*.

Skrúðganga (n, kvk) Oftast er átt við fjöldagöngu þróðubúins fólks á hátíðisdögum, gjarnan með fána, blöðrur, skilti eða annað litríkt. Slíkar göngur voru ekki farnar til sveita, en orðið var þekkt og notað í líkingum: „Hvaða skrúðganga kemur þarna niður Hjallana? Eitthvað hefur nú orðið eftir af fé í síðustu smölnun“.

Skrúðgarður (n, kk) Garður með fjölbreyttum og litskrúðugum jurtategundum, skipulagður af listfengi.

Skrúðhús (n, hk) Afhýsi í kirkju, þar sem messuklæði eru geymd og þar sem prestur undirbýr sig fyrir athafnir, t.d. með því að fara í skrúða.

Skrúði (n, kk) Skartbúningur; hátíðabúningur; einkennisbúningur t.d. presta; skraut; litahaf.

Skrúðklæddur (l) Klæddur í skrúða/einkennisföt/viðhafnarfatnað. Skrautlega klæddur.

Skrúðmælgj (n, kvk) Fagurgali; hástemmdar lýsingar; orðaflaumur. „Þetta finnst mér óþarfa skrúðmælgj“.

Skrúf (n, hk) A. Lítil hlaði/haugur. Heyrðist þó ekki vestra í þeirri merkingu, a.m.k. ekki í seinni tíð. B. Skrúfað lok. Notað í seinni tíð um bolla sem skrúfaður er ofaná hitabréna. „Gefðu mér hálf skrúf af kaffi“.

Skrúfa (n, kvk) A. Hlutur með gengjum. Notað nú um gengjaðan nagla sem skrúfaður er í efni eða ró með snúningi. B. Aflskrúfa báts; skíps; tæki með skásettum blöðum sem ýtir farinu í sjó/vatni við snúning. Einnig aflskrúfa flugvélar sem verkar eins í lofti en hentar önnur lögum.

Skrúfa (s) Festa með skrúfu; snúa skrúfu svo hún gangi í/úr efni eða ró.

Skrúfa sundur/saman (orðtök) Taka sundur með því að losa skrúfur, eða setja saman með skrúfum.

Skrúfa upp (orðtak) A. Þyrlla upp. „Hann lagði bálhvassa hviðu upp túnið; svo flekkurinn skrúfaðist upp og sáldraðist uppeftir Fitinni“. B. Þvinga; neyða. „Ég er hættur við kaupin ef hann ætlar að skrúfa upp verðið“! C. Hækka sig í landslagi/klettum. „Hann náði að klórast upp á sylluna og skrúfaði sig svo neðan slefrunnar“. D. Auka birtu frá olíulampa með því að hækka kveikinn í kransi hans. E. Festa upp með skrúfu.

Skrúfbolti / Skrúfnagli (n, kk) Skrúfa með þverum enda og jafnsver um gengjuhlutann, gerð til að skrúfast í ró.

Skrúfgangur (n, kk) Gengjur; skáflötur á skrúfu/bolta/ró eða öðru sem skrúfað er.

Skrúfhyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; horn vaxin áberandi uppávið; *upphyrnd*.

Skrúflykill (n, kk) *Skiptilykill*; áhald með stillanlegum kjafti, til að skrúfa t.d. *maskinubolta/skrúfbolta*.

Skrúfsía (n, kvk) Skrúfjárn. „Skrépptu út í Mókofa og náðu í skrúfsíuna fyrir mig“. Þetta var hið almenna heiti á skrúfjárn í Kollsvík langt fram eftir 20. öld og því undarlegt að það finnst hvergi í orðabókum.

Skrúfstykki (n, hk) Áhald sem fest er á borð, og notað til að halda hlutum föstum meðan unnið er við þá.

Skrúftappi (n, kk) Tappi sem skrúfaður er. T.d. flöskutappi.

Skrúftóg (n, hk) Aðferð til að velta sívölum og þungum hlutum; t.d. til að ná rekatrjám upp úr fjöru. Þá er tógi fest í annan enda spölkorn ofanvið tréð; brugðið utanum enda trjábolsins og togað í hinn enda tógsins. Eins var gert með öðrum vað á hinn bolendann og oftast togaði sinn maðurinn í hvorn enda til að velta trénu upp úr fjörunni. Með þessu geta tveir menn léttilega bjargað tré sem þeir hefðu annars ekki ráðið við.

Skrúfuhverfill (n, kk) Rella; hverfill t.d. til orkuframleiðslu í vindi/sjávarstraumi, sem snýst um einn öxul, þannig að öxulstefna sé í straumáttina/vindáttina en blöð með meginstefnu þvert á öxul. Hægstraumsverflar Valorku, þróaðir af Kollsvíkingsi, eru ekki þessarar gerðar, heldur *þverstöðuhverflar*.

Skrýkkjast (s) Rykkjast; hreyfast með stökum snöggum hreyfingum. „Eitthvað brotnaði af eggjum þegar við vorum að skrykkjast yfir torfærurnar“.

Skrýkkur (n, kk) Hnykkur; ójöfn hreyfing. „Fyrsta traktorsferðin hans gekk í rykkjum og skrykkjum“.

Skrýppildi (n, hk) Lítilfjörleg skepna; aumingi; ræfill. „Það er varla hægt að senda þetta skýppildi í sláturhús“.

Skrýða (s) Færa í skrúða/einkennisbúning/ skrautlegan búning.

Skrýtilega (ao) Undarlega; furðulega; einkennilega; forvitnilega. „Þetta finnst mér skrýtilega barið saman“.
„Mér er búið að líða eitthvað svo skrýtilega í dag“.

Skrýtilegheit (n, hk, fto) Furðulegheit; einkennilegheit; furðuleg/óútskýranleg atvik. „Enginn botnaði upp né niður í þessum skrýtilegheitum í karlinum“.

Skrýtilegt (l) Furðulegt; athyglisvert. „Það gerðist margt skondið og skrýtilegt í þessari ferð“.

Skrýtinn (l) A. Furðulegur; fáránlegur; öðruvísi. „Þetta er skrýtin saga“. „Ég er eitthvað skrýtinn í höfðinu“.
B. Geðbillaður. „Ertu eitthvað skrýtinn“! Dreigið af „skraut“, og því með „y“.

Skrýtla (n, kvk) A. Fyndin smásaga/frásögn. B. Hvaðeina skrýtið/skrautlegt; m.a. nafn á skrautlegri ær.

Skræða (n, kvk) A. Bók; skrudda. „Einar í Kollsvík átti skræðu eina er Fornótt hét“. „Ár og síð menn segja hann kafinn sínum fræðum;/ grúskandi í gömlum skræðum“ (JR; Rósarímur). B. Hamsar í floti. Voru þó oftast nefndir „hamsar“ í Kollsvík.

Skræfa (n, kvk) Hræðslupúki; raggeit. „Þú ert varla sú skræfa að þora ekki einn í hlöðuna í myrkri“?

Skræfuháttur (n, kk) Heigulsháttur; roluskapur; óþarfa hræðsla. „Skelfingar skræfuháttur er þetta í honum!
Það er hreint ekkert orðið að sjóveðri núna“!

Skrækja (s) Æpa mjög hvelt og hátt; reka upp stutt hávært væl/org.

Skrækraddaður / Skrækur (l) Um mann; mjóróma; *liggur hátt rómur*.

Skræla (s) A. Ofþurrka; láta visna. „Það er hætt við að þessir hitar skræli gróður þar sem þurrlegt er“. B. *Flysja*, t.d. kartöflur, rófur eða ávexti. Oftar var notað orðið „flysja“ í Kollsvík.

Skrælast (s) Um afla/feng; orðinn tregur. „Nú er þetta heldur farið að skrælast hjá okkur“.

Skrælhiti / Skrælandi hiti (n, kk/ orðtak) Steikjandi hiti; brennandi hiti. „Það þarf að passa vel uppá vatnið hjá kálfunum í þessum skrælhita“.

Skrælingi (n, kk) A. Niðrandi heiti á manni; bjálfi; auli. B. Heiti sem um tíma var notað yfir indíána og eskimóa, einkum þá þjóðflokka sem norrænir landafundamenn fundu í Kanada í fyrstu ferðum þangað.

Skrælingjaháttur (n, kk) Skammaryrði yfir það sem þykir *aulagangur/rataháttur/glópska/bjálfgangur* eða jafnvel *ruddaháttur/niðingsskapur*. „Svona skrælingjaháttur fer afskaplega í taugarnar á mér“!

Skrælna (s) Þorna upp. „Það er allur gróður að skrælna í þurrkinum“. „Hentu þessum skrælnuðu blómum“.

Skrælnaður (l) Visnaður; þornaður; kyrkingslegur. „Sendin tún eru orðin ansi skrælnuð í þurrkinum“.

Skrælt (l) Lítið að hafa; lítilfjörlegt; tregt. „Það var fjári skrælt hjá okkur í dag; ekki sömu uppgripin og í gær“.

Skrælt um (orðtak) Erfitt að fá; lítið um; fágætt. „Það er orðið skrælt um skötuna í dag; jafnvel á gömlum og grónum skötumiðum“. Annarsstaðar var notað í sama tilgangi orðtakið „skart um“, dreigið af „skarður“; þ.e. skertur/rýrður. Hér er stofnorðið „skrældur“, sem í raun merkir það sama.

Skrælt um góða kosti (orðtak) *Fátt um góða kosti*. „Það er skrælt um góða kosti í þessari stöðu“.

Skrælpurr (l) Mjög uppþornaður. „Jörðin er orðin skrælpurr í þurrkunum“. „Ég er skrælpurr í hálsinum“.

Skræmta (s) Gefa frá sér lágt hljóð; krimta. „Hann þorði hvorki að æmta né skræmta“. Einkum í því orðtaki.

Skræpótt (l) Litur á sauðfé: Hvítt með dökkum dílum um allan skrokk eða öfugt. Oft þó einlitt á haus og fætur.

Skröggháttur (n, kk) Hryssingur; grófgerð/stórkarlaleg framkoma. „Þetta finnst mér bara bölvaður skröggháttur í honum“!

Skröggslega (ao) Hryssingslega; önuget. „Ég hef kannski svarað þessu heldur skröggslega“.

Skröggslegur (l) Stórkarlalegur; grófur; hryssingslegur. „Mér fannst hann heldur skröggslegur við krakkagreyið; þetta var nú óviljaverk“.

Skröggur (n, kk) Karl; vanalega í fremur niðrandi merkingu, en þó stundum í vorkunartón. „Ég legg nú lítið uppúr því sem sá skröggur segir“. Hann hefur mátt þola margt um ævina, *karlskröggurinn*“.

Skrök (n, hk) Lygar; ósannindi. „Ég held að þetta sé nú bara skrök (*skröksaga*) hjá þér“.

Skrökfrétt (n, kvk) Slúður; ósönn frétt. „Ég er alveg hættur að trúá svoleiðis skrökfréttum“.

Skröksaga (n, kvk) Lygasaga; tilbúningur; uppspuni. „Best gæti ég trúað að þetta sé einber skröksaga“.

Skrökva (s) Ljúga; segja ósatt. „Það var ekki til siðs að skrökva, en hinsvegar voru sumir *lygnari* en aðrir“.

Skröll (n, hk, fto) Hávaði; hávært gaspur, köll eða skröllahlátur. „Hættið nú þessum skröllum krakkar; þið fælið allt féð af túninu og gerið hundinn vitlausan“. „Hefurðu ekki heyrt skröllin hjá tröllunum í fjöllumum“? Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum en það var mönnum tamt á svæðinu. E.t.v. má setja þetta í samhengi við að til er sérstakt fyrirbæri sem nefnist „Kollsvíkurhávaði“ og þykir liggja þar í ættum. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Skrölla (s) Tala mjög hátt; hlæja skröllahlátri. „Karlínur var mikið niðri fyrir þegar hann sagði frá og skröllaði svo hátt að ekki var nokkur lífsins vegur að festa svefn uppi á loftinu“.

Skröllahlátur (n, kk/kvk) Mjög hávæ, langvarandi og grófur hlátur; tröllahlátur. „Ferlegur skröllahlátur er þetta“!

Skröllroka (n, kvk) Stutt en hávæ hláturshviða. „Neðan úr stofunni barst glaðværi klíður upp á loftið, og innámilli háværar skröllrokur“.

Skrölt (n, hk) A. Glamur; hávaði; barsmiðar. „Vertu nú ekki að þessu skrölti í þakjárninu“! B. Gæluorð um ferð, og þá helst endurteknar ferðir. „Maður losnar þá við þetta daglega skrölt yfir Hálsinn ef mjólkurbíllinn sækir alla leið“. Einnig um næturferðir. „Ekki meira kaffi svona seint; mér leiðist þetta skrölt að nóttunni“.

Skrölta (s) A. Um hátt surgandi/snjallt og endurtekið hljóð; skella ítrekað. „Hjóðkúturinn er farinn að skrölta undir bílnum“. B. Fara; komast; röлта. „Ætli ég reyni ekki að skrölta hér fram í Vatnadal og skoða hvort þar eru einhverjar skjátur“.

Skröltfær (l) Um veg; ekki vel fær; hægt að komast. „Fram á Blakkinn liggur *eggjavegur*; skröltfær“.

Skröngl (n, hk) Það sem farið er með erfðismunum; skrölt; klór. „Það mætti kannski klórast þarna upp á hilluna, en það yrði hálfgezt skröngl“.

Skrönglast (s) Komast með erfðismunum; skrölta; skenglast; skjönglast. „Skríðan var skratti laus í sér, en einhvernvegin tókst mér að skrönglast yfir hana, og upp á bakkann hinumegin“. „Gat verið hægt að skrönglast niður Meðhjálparagjótu, þó Flosagil væri ófært“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Skröttur (n, kvk, fto) Skammaryrði um kindur sem þykja sérlega óþægar/erfiðar viðfangs. „Þær *sneru* á mig á hjallabrúninni og ég *mátti* elta þessar skröttur útyfir Sanddali áður en ég komst fyrir þær aftur“!

Skubba (s) Skera; klippa; stytta. Gjarnan átt við að gera það hroðvirknislega/á fljótlegan hátt. „Það þyrfti aðeins að fara að skubba neðanaf hárinu á mér“.

Skuddi (n, kk) Um smávaxna menn og skepnur. „Þessi *hrútskuddi* er nú varla til ásetnings“.

Skuðrildi (n, hk) Um hlut sem er ræfilslegur og ljótur. „Hvar hef ég nú týnt húfuskuðrildinu mínu“? Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum en það var mörgum tamt á svæðinu. Sjá *húfuskuð*.

Skufsast (s) Gaufast; slugsá; hangsa; gera klaufalega/silalega. „Ætliði að skufsast við þetta í allan dag“?!

Skufsi (n, kk) Gæluorð um gagnslítinn mann eða ræfilslega skepnu; ræfill; aumingi; kægill.

Skugga ber á (orðtak) Í forsælu; í skugga frá einhverju svo sól ná ekki að skína á. „Geymdu nú nestið einhversstaðar þar sem skugga ber á“.

Skuggabaldur (n, kk) Furðukvikindi úr þjóðtrúnni. Skuggabaldur var afkvæmi refalæðu og kattarhögna, en *skoffin* var afkvæmi refahögna og kattarlæðu. Skuggabaldrar voru sögð illvíg kvikindi. Þeir leggjast undantekningarlaust á fé; verða dýrbítar. Ekki verða þeir unnir með venjulegum skotvopnum, en sagt var helsta ráðið að nota á þá vígðar silfurkúlur.

Skuggalegur (l) A. Um veður; dimmur; þungbúinn. „Ári er hann orðinn skuggalegur til loftisins“. B. Um svípmót manns; illilegur; ógnandi.

Skuggamynd (n, kvk) A. Mynd sem birtist á lýstum vegg þegar skyggt er fyrir ljós með t.d. höndum. Sumir eru lagnir við að mynda þannig ýmiskonar figúrur með höndum. B. Skyggnumynd; sérstök tegund ljósmyndar sem unnt er að varpa á ljósan flöt með gegnumlýsingu.

Skuggamyndasýning (n, kvk) Sýning skuggamynda/skyggnumynda. „Eftir að skuggamyndir (slides) urðu algengar upphófust skuggamyndasýningar, þar sem menn komu saman og horfðu á myndir sem einn úr hópnum hafði tekið, t.d. á ferðalögum sínum. Það voru bíósýningar þess tíma. Gylfi Guðbjartsson hélt t.d. alloft slíkar sýningar á Láganúpi, en hann er snilldarljósmyndari og víðförull“.

Skuggamegin (ao) Forsælumegin; í skugga. „Ég setti fiskinn hérna skuggamegin við húsið“.

Skuggi (n, kk) *Forsæla*. „Leggðu svo fiskinn frá þér í skugga meðan við tökum upp bátinn“.

Skuggsjá (n, kvk) Gamalt heiti á spegli.

Skuggsýnt (l) Dimmt; ekki full birta; rokið. „Við komum ekki heim fyrr en skuggsýnt var orðið“.

Skuld (n, kvk) Eignakrafa sem einn maður á í garð annars vegna viðskipta af einhverju tagi.

Skuldabaggi (n, kk) Miklar skuldir.

Skuldabasl (n, hk) Erfiðar aðgerðir til að unnt sé að *standa í skilum* með skuld; t.d. mikil vinna.

Skuldabréf (n, hk) Skjal sem maður undirritar til viðurkenningar á skuld sinni; skuldaviðurkenning.

Skuldadagur (n, kk) Greiðsludagur/gjaldlagi skuldar. Sjá *kemur að skuldadögunum*.

Skuldaklafi (n, kk) Þrengingar í efnahag vegna mikilla skulda. „Hann var ánægður með að vera loksins laus úr þessum skuldaklafa“.

Skuldaskil (n, hk, fto) Uppgjör skulda; *skuldadagur*. „Fyrr eða síðar kemur að skuldaskilum“.

Skuldasúpa (n, kvk) Miklar fjárhagsskuldir eins aðila. Sjá *sitja í súpunni*.

Skuldaþræll (n, kk) Sá sem skuldar svo mikið að hann er mjög háður sínum lánadrottnum og tekjur fara að mestu til greiðslu skulda.

Skuldbinda sig til (orðtak) Undirgangast skyldur við; lofa að framkvæma/greiða.

Skuldbinding (n, kvk) Skylda; kvöð; skuld.

Skuldbindingarskrá (n, kvk) Skjal sem skuldbindur þann sem undirritar; handsölun. „enda átti fjelagið að starfa mest sem íþróttafjelag, þótt það þegar á fyrsta ári (31. okt 1909) sniði skuldbindingu sína eftir skuldbindingarskrá U.M.F.Í.“ (VÖe; Ungmennafjélög í Rauðasandshreppi).

Skuldseigur (l) Um mann; sem erfitt er að innheimta skuld hjá; greiðir illa sínar skuldir. „Bankastjórinn kvartaði yfir honum; sagði að hann væri skuldseigari en andskotinn“.

Skuldsetja sig (orðtak) *Hleypa sér í skuldir*; taka lán hjá öðrum; skuldbinda sig.

Skuldsettur / Skuldugur / Skuldum vafinn (l/orðtak) Skuldar mikið; er hlaðinn lánnum.

Skulfa (n, kvk) Mikil rigningarskúr; *hreða*. „Það gengur hér yfir hver skulfan eftir aðra og dúrar lítið á milli“

Skunda (s) Ganga rösklega; hraða sér; fara. „Ætli það sé ekki rétt að fara að skunda af stað“. „Hún um fjöllin fetar sig/ fljót og létt um tærnar./ Skekkinga um skakkan stíg/ skundar hún með ærnar“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Skupla (n, kvk) Höfuðklútur. Algengt var að konur bæru skuplur við t.d. útistörf eða mjaltir.

Skurðarróður (n, kk) Hákarlsróður þar sem fiskinum sjálfum er kastað, að því undanskildu að lifrin er tekin úr og hirt. Skurðarróðrar tíðkuðust mest á þeim tíma sem hákarlalýsi var verðmæt útflutningsvara sem ljósmeti, og voru helst farnir þegar leið á vetur.

Skurfa (n, kvk) Lítið sár; hrúfl. „Fékkstu ekki einhverjar skurfur á hnéð þegar þú dast“?

Skurn (n, kk) Skelin á eggjum var oftast nefnd þannig í Kollsvík. En ekki var það einhlítt, og þessar orðmundir hafa heyrst: **Skurn** (n, kvk); **Skurn** (n, hk) **Skurm** (n, hk); **Skurm** (n, kvk); **Skurmur** (n, kk). „Þú átt alltaf að byrja að brjóta á skurninum í breiðari endann“. „Sagt var að Hjalti hefði étið 40 bjargfuglasegg í einu; þar af 20 með skurminu“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Skupla (n, kvk) Höfuðklútur; slæða. „Almennt notuðu mjaltakonur skuplur áður fyrr“.

Skurðbakkur / Skurðbarmur (n, kk) Bakkur/brún á skurði. „Það þarf að hjálpa lambinu upp á skurðbakkann“.

Skurðgoð / Skurðgoðadýrkun (n, hk/kvk) Útskorið líkneski sem átrúnaður er á. Elstu skurðgoð sem vitað er um eru líklega litlar líkneskjur af kvenlíkama með ýktar lendar, maga og brjóst, sem talið er að hafi táknað frjósemisgyðju. Líkneski voru e.t.v. ákölluð í ásatrú, þó engin slík hafi fundist svo sannað verði. Biblían

varar sérstaklega við skurðgoðadýrkun, enda boðar hún trú á einn ósýnilegan guð. Dýrlinga- og krossadýrkun í kaþólsku jaðrar þó við skurðgoðadýrkun.

Skurðendi (n, kk) Endi á skurði. „Farðu nú og gefðu henni Skottu þetta úti í skurðenda“. Annarsstaðar var „s“ í orðinu; „skurðsendi“, en ekki í Kollsvík.

Skurðgrafa (n, kvk) Vél með skóflu á armi; hentug til að grafa skurð í jarðveg t.d. til að ræsa land fram og þurrka það. Skurðgröfur hafa líklega valdið mestum breytingum sem orðið hafa af mannavöldum í náttúrufari og ásýnd Kollsvíkur frá upphafi byggðar, ef frá er talin e.t.v. eyðing kjarrs í kjölfar landnáms. Kringum 1954-56 kom stórvirk viragrafa í vikina og þá voru mótuð þau skurðakerfi sem enn ber mest á; ræst fram drápsdý í Mýrunum og land þurrkað í stórum stíl. Í kjölfarið voru unnar og ræktaðar fjölmargar túnsléttur með stórauikum hefynd. Skurðinir hafa breytt ásýnd og lífríki, og sumsstaðar hurfu seilar og dý ásamt örnefnum sínum. Þrátt fyrir að síðar hafi oft verið grafið uppúr skurðunum hefur ekki tekist að uppræta að fullu öll *drápsaugu* sem heimtað hafa toll af búfénaði gegnum langa búskaparsögu Kollsvíkur. Skurðir voru reyndar grafnir í Kollsvík fyrir daga véltækni, og má víða enn sjá móta fyrir handgröfnum áveitu- og framræsluskurðum.

Skurðhagur (l) Hagleiksmaður um útskurð í tré; oddhagur. Skurðhagasti Kollsvíkingur síðari tíma er eflaust Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi, sem skorið hefur út listaverk af ýmsu tagi. Af Kollsvíkurætt var einnig Sveinn Ólafsson frá Lambavatni, sem varð afkastamikill útskurðarmeistari.

Skurðruðningur (n, kk) Efni sem grafið er uppúr skurði og verður eftir sem haugar á *skurðbakknum*.

Skurður (n, kk) A. Far þar sem skorið hefur verið, t.d. með hnífi eða öðru í hold/tré eða skurðgröfu í jarðveg. B. Verknáðurinn að skera, sbr uppskurður; melskurður; útskurður.

Skurfá (n, kvk) Grunnt sár; hrufi. „Ég datt og fékk skurfu á höfuðið“.

Skurfaður (l) Skrámaður; meiddur; hrufaður. „Eitthvað var hann skurfaður eftir byltuna, en ekki alvarlega“.

Skurfslegur (l) Líkur *skurfi*. „Mér fannst þetta dálítið skurfslegar aðfarir“.

Skurfur (n, kk) Niðrandi heiti á karli; lارفur; ódámur. „Hvað meinar skurfurinn með þessu“? Mun áðurfyrr hafa verið notað um skörðóttan hníf, og af því er líkingin dregin.

Skurk (n, hk) A. Hávaði. B. Hraðferð. „Hann kemur þarna á miklu skurki“. C. Átak; skorpa. „Þú ættir nú að gera *skurk* í að klára verkið fljótlega“. „Hann gerir líklega skurk í því“! Oft sagt háðslega um þann sem ekki er líklegur til framkvæmda, og þá með áherslu á „í“.

Skurka (s) Fara um með látum; bramholtast. „Hann skurkaði norður til að sækja rakstrarvélin“.

Skurma (s) A. Þegar kemur skurmur/hrúður á sár eða annað; *setjast að*. „Sárið hefst vel við og er aðeins byrjað að skurma“. B. Þegar klaki frýs ofan á vatni. „Aldrei þrýtur vatn í þessum brunni og í honum frýs ekki svo, að skurmaði í honum frostaveturinn 1918“ (ÞJ; Örn.Lýsing Hvallátra).

Skurmur (n, kk) **Skurn** (n, kvk) A. Eggjaskurn. „Það er vani að brjóta skurminn á egginu fyrst í sverari endann“. „Ýmist var notað hér nafnið skurn(in), eða skurmur; og svo skjall, rauða og hvíta“ (SG; Alifuglarækt). B. Hverskonar þunnt hart efnislag. T.d. stundum notað um þunnan ís á polli (sjá *skurma*). Stöku sinnum heyrðist orðið í hvorugkyni; „skurm“ en mun sjaldnar.

Skurnlaus (l) Um egg; án skurns. „Ef fuglinn vantar kalk þá er hætta á að egginn verði skurnlaus“.

Skurr (n, hk) *Skurk*; hraðferð; skutl.

Skurra (s) A. Skutla; láta einhvern hlut renna: „Skurraðu bakkanum til mín“. B. Fara í snögga ferð: „Ég ætla að skurra snöggvast á Patró“.

Skursl (n, hk) Sár; skurður. „Ég var með eitthvað *skursl* á hendinni sem búa þurfti um“. Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum en það var mönnum tamt á svæðinu.

Skursla (s) Skera; einkum notað um að skera með hníf. „Skurslaðu bandið í sundur fyrir mig“.

Skursla sig (orðtak) Skera sig. „Varstu nú að skursla þig á ljánum“?

Skussaháttur (n, kk) *Slóðaskapur*; leti; *dratthalagangur*. „Skelfingar skussaháttur er svona verklag“!

Skussi (n, kk) Slóði; letingi; trassi; dratthali; sá sem er óduglegur við verk eða nám.

Skutband (n, hk) Taug sem bundin er stundum um afturhnýfil báts, líkt og *kolluband/stjóri* er um framhnýfil.

Skutgafli (n, kk) Gafli í skut báts í stað afturstefnis. Tíðkaðist ekki fyrr en á síðustu tímum; eftir tilkomu véla í báta. Rut, sem Ólafur Sveinsson á Sellátranesi smíðaði fyrir Ingvar og Össur í Kollsvík um 1970, var með hálfum skutgafli, svo unnt væri að setja þar á utanborðsvél.

Skutilbragð (n, hk) *Skutulbragð*; hestahnútur; *hnokkabragð*. Heitið var m.a. notað við netafellingu en hnúturinn notast víða. Skutil er sama orð og skutull. Sjá *skutulbragð*.

- Skutilsveinn** (n, kk) A. Virðingarstaða við hirð Noregskonunga fyrrum. B. Niðrandi heiti á manni sem þjónar öðrum eða gengur erinda annarra. „Hann þvertur fyrir að verða þeirra skutilsveinn í þessum málum“.
- Skutkríkkja** (n, kvk) Hluti í bát; hælkrappi; kubbur úr sterkum viði sem er til styrktar samskeytum afturstefnis og kjalar.
- Skutla** (orðtak) Skjóta skutli. Einnig almennt um það að kasta einhverjum hlut. „Hann skutlar árinna fram til bátsins“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Skutlari** (n, kk) Sá sem skutlar seli eða hvali. „Í þann tíð var maður uppi í Arnarfirði er Benedikt Gabriel nefndist, og var Jónsson. Hann var hvala- og selaskutlari mikill“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Skutljós** (n, hk) Ljós á skipi aftanverðu. Siglingareglur segja að öll skip á siglingu skuli hafa afturljós í dimmu, sem ná yfir 135° geira. Sjá *landþernur* og *sigluljós*.
- Skutplittur** n, kk) Aftasti *plittur* í bát. Oftast þríhyrndur að lögun og stendur hærra í bát en þeir fremri.
- Skutrangarbyr** (n, kk) Vindur sem stendur uppá *skutröng* báts sem siglt er.
- Skutrúm** (n, hk) Aftasta *rúm* báts; formannsrúm. Í því er formannspóftan.
- Skutröng** (n, kvk) *Röng* í skut á bát/skipi. „Skipið stóð þannig að framstafn vissi lengst upp í fjöruna; hallaðist það lítið eitt í stjórnbörð og sjórinn lá í bakborðs skutröng“ (ÞJ; Sargon strandið; Arb.Barð 1949).
- Skuttogari** (n, kk) Sú gerð togskips/togara/botnvörpungs sem ruddi sér til rúms héraendis kringum 1960-70; með þveru afturstefni og skutrennu sem trollið er lagt og dregið um. Skuttogarinn er uppfinning Andrésar Guðmundssonar vélstjóra frá Patreksfirði. Hann kynnti hugmyndina fyrir ýmsum héraendis um miðja 20.öld, en fékk engan hljómgrunn. Sama áhugaleysið var í fyrstu í Bretlandi, en eftir að Andrés hafði gefist upp á þeim tilraunum sínum tóku Bretar hugmyndina traustataki og hófu smíði skuttogara, sem síðan tóku alfarið við hlutverki síðutogara hér heima. Reynsla Andrésar er ekki ólík reynslu annarra hugvitsmanna, sem lenda í því að hugmyndum þeirra er stolið og verða að gagni án þess að þeir njóti sannmælis.
- Skutulband / Skutullína / Skultaug** (n, hk) Lína sem fest er í skutuljárn í annan enda og hinum enda er fest í bát eða hann liggur í hendi skutlara. Henni er á leiðinni brugðið um *skutulstöngina* með *skutulbragði*. „Á Vestfjörðum var skutullínan oftast úr tveggja punda færi, er úr hafði verið dreginn einn þátturinn“ (LK; Ísl.sjávarhættir I).
- Skutulbragð** (n, hk) *Skutilbragð*; hestahnútur; hnökkabragð; hnútur/bragð á bandi til að festa það á hlut. Nafnið er dregið af því að með því var skutulbandi brugðið um skutulskafið á leið sinni frá *skutli* til *skutlara*. Þegar net er sett inn með *bekkfellingu*/pípufellingu liggur þinurinn gegnum jaðarmöskvana, og er annarhver möskvi hafður laus, en hinn með skutulbragði. Einnig oft notað t.d. til að festa fangalínu/kollubandi á hnýfil báts og streng á staur.
- Skutuljárn** (n, hk) *Skutull*; oddhvasst járn sem fest er framaná skutulstöng en þó oftast þannig að það losnar af og situr fast í bráðinni eftir að hún hefur verið skutluð; tengt skutlara með taug/skutulbandi. Deilur Einars gamla í Kollsvík og Benedikts Gabriels hvalskutlara og galdramanns í Arnarfirði, hófust vegna þess að Benedikt átti skutuljárn í hval sem Einar eignaði sér, og var svikinn um réttmætan hlut.
- Skutull** (n, kk) Kastvopn til veiða á sel eða hval. Skutull er í tvennu lagi, og er skutuljárninu oftast fest lauslega framaná skutulstöngina áður en skutlað er. Sjá *skutuljárn*.
- Skutulrá / Skutulstöng** (n, kvk) Selará; kastrá; stöng/handfang sem *skutuljárn* er fest á þegar skutlað er, oft með skutilbragði/hestahnút og þannig að hún losnar frá járninu þegar það situr fast í bráðinni.
- Skutulveiðar** (n, kvk) Veiðar hvala eða sela með skutli. Skutulveiðar hvals voru allmikið stundaðar þar sem hvalir komu reglulega, t.d. á Arnarfirði. Voru þar hvalkóparnir veiddir en ekki mæðurnar. Þær veiðar lögðust af kringum 1875.
- Skutur** (n, kk) A. Afturendi á báti. B. Aftasta rúmið í báti; skutrúm; formannsrúm.
- Skutþófta** (n, kvk) Formannspófta. Aftasta þóftan í báti. Stundum var í hennar stað laus fjöl. „Árni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakk í stýrisaugað. Svo settist hann á skutþóftuna og hafði sveifina undir hendinni, meðan hann náði í tóbakstölu úr vasa sínum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Skúffa** (n, kvk) A. Skúffa í húsgagni. B. *Skúffukjafur*; vansköpun/andlitseinkenni þegar neðri kjálki stendur óvanalega langt framnan þeim efri: „Það er *tæpt* að þetta lamb geti lifað; með svona ferlega skúffu“.
- Skúffa** (s) Valda vonbrigðum. „Ætli ég hafi ekki eitthvað skúffað hana með þessu?“ „Ég er dálítið skúffaður“.
- Skúffaður** (l) Móðgaður; vonsvikinn. „Hann var dálítið skúffaður yfir þessum málalokum“. Dönskuletta.

Skúffelsi (n, hk) Vonbrigði. „Það var heilmikið skúffelsi að komast ekki í þessa ferð“. „Auðvitað er það árans skúffelsi að róa alla þessa leið fyrir sáralítinn afla; en það verður að taka því eins og öðru hundsbiti“.

Skúffukjauftur (n, kk) A. Skúffa; vansköpun/útlitseinkenni þegar neðri kjálki stendur langt framundan þann efri. „Ferlegur skúffukjauftur er á lambinu“. B. Uppnefni á manni með skúffukjauft.

Skúfmagi (n, kk) Magatota/botnlangi í fiski; fiskmagi ásamt magatotum hans. Skúfmagi var það heiti sem mér (VÖ) var kennt í Kollsvík, en í fiskabók Bjarna Sæmundssonar er notað heitið skúflangar. „Á takmörkunum milli maga og garna eru oft einn eða fleiri botnlangar; skúflangarnir (appendices pylorici)“ (BS; Fiskarnir).

Skúfur (n, kk) A. Dúskur af einhverju tagi, s.s. skúfur í húfu. B. Gróður sem vex í topp; grasskúfur. C. Innyfli fisks; ræksni. D. *Skúfmagi*.

Skúfþang (n, hk) Skúfþang; *Fucus disthicus*. Blaðlaga brúnþörungur með kvíslgreindum sléttum blöðum og fremur ógreinilegri miðtaug. Getur verið all breytilegt í útliti. Oft um 30-90cm langt með 1-2cm breiðum sléttum blöðkum. Á greinunum eru oft ílangir loftfylltir belgir. Algengt á fjörum um allt land, m.a. í Kollsvík. Á stórum flæðum þornar af því fremst á hleinum. Oft eru á því ásætur; hvítir kalkríkir snúðormar.

Skúm (n, hk) A. *Húsaskúm*; ló/hnoðri af ryki, hárum, köngulóarvef og öðru sem safnast getur inni í húsum. Hefur líklega verið í kk fyrrum, sbr *skúmaskot*. B. Froða. Dönkskusletta, sjaldan notað í þeirri merkingu.

Skúma (s) Freyða. Sjaldan notað.

Skúmaskot (n, hk) Dimmur afkimi þar sem líkur eru á að óhreinindi/skúm safnist fyrir. Oft notað um óræðan stað: „Þetta leynist kannski einhversstaðar hjá mér í skúmaskotum“. „Ég leitaði í hverju skúmaskoti“.

Skúmur (n, kk) A. Fugl af kjóætt, sem ekki verpur í Kollsvík og sést þar sárasjaldan. Verpur á söndum í A-Skaftafellssýslu. B. Niðrandi mannlíking; svikahraupur; viðsjárverður maður. „Hann á það til að vera bölvæður skúmur í viðskiptum“. Einnig kjöftugur maður, sbr. *kjaftaskúmur/kjafiaglúmur*.

Skúnkur (n, kk) A. Erlend þefdyrstegund. B. Niðrandi mannlíking; refur; útsmoginn/undirföruill maður. „Sá árans skúnkur er varasamur“.

Skúr (n, kk) Smáhýsi; byrgi; skýli; skyggni. Virðist í fyrstu einkum hafa verið notað um skyggni yfir dyrum, síðan um litla viðbyggingu við anddyri húsa (bísлаг), og er nú algengt um smáhýsi. Norðlendingar notuðu orðið í karlkyni yfir skammvinna rigningu, meðan aðrir landsmenn höfðu það í kvenkyni. Norðlenski hátturinn hefur nú verið tekinn upp í opinberum veðurfréttatölunum; sumum öðrum til nokkurs ama.

Skúr / Skúrahryðja (n, kvk) Rigningarskúr. Algengt orð, en ástæða er til að undirstrika að vestra var og er litið á það sem kvenkynsorð, þó áhrifafólk í öðrum landshlutum vinni nú ótullega við að karlgera það. „Þær ganga ört yfir skúrirnar þessa stundina“. „Biddu meðan þessi skúrahryðja gengur yfir“.

Skúra (s) A. Þvo gólf. B. Um rigningardeður: *ganga í skúrir*; *skúra sig*

Skúra sig (orðtak) Um veður; breytast úr samfelldri rigningu í skúraveður; skúrir með hléum á milli. „Hann er eitthvað farinn að skúra sig, finnst mér“.

Skúra útúr dyrum (orðtak) Skúra/þvo/þrifa hús að öllu leyti.

Skúradembur / Skúrahryðjur (n, kvk, fto) Miklar/drjúgar skúrir; skúrir með mjög þéttri rigningu.

Skúradrög / Skúraleiðingar (n, kvk, fto) Um það þegar regnskúrir sjást ganga yfir í fjarlægð frá áhorfandanum. „Hann er með einhverjar skúraleiðingar fram með Hæðinni, en hangir þurr á hér ennþá“.

Skúralefsa (n, kvk) Staðbundin rigningarskúr. „Hann er að leiða einhverjar skúralefsur þarna norður með Hæðinni“.

Skúralegur (l) Um veðurútlit; litur út fyrir skúrir. „Ansi finnst mér hann skúralegur hér frammi á víkinni“.

Skúraloft (n, hk) Skúralegur; veðurlag sem bendir til þess að skúrir gætu fallið.

Skúraskil (n, hk, fto). Uppstytta/*uppihang* milli skúra. „Það eru nú farin að sjást einhver skúraskil í þessu“. Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum; annarsstaðar virðist þekkt „skúraskin“ í sömu merkingu.

Skúraskin (n, hk) Sólskin milli skúra. Einkum er slíkt áberandi í vestlægum áttum.

Skúraveður (n, hk) Veðurlag þar sem *gengur á með skúrum*.

Skúrgarmur (n, kk) Lélegur *skúr*; lélegt smáhýsi/byrgi.

Skúrksháttur (n, kk) Illur/níðingslegur verknaður; illvirki; níðingskapur; grófir hrekkir; undirferli; svik. „Svona skúrksháttur má bara ekki líðast“! „Þetta er bara skúrksháttur af verstu gerð“!

Skúrkur (n, kk) Niðrandi mannlíking; þrjótur; hraupur.

Skúta (n, kvk) A. Allstórt hafskip, knúið seglum. Heitið mun upphaflega stafa af því að í stórum skipum var uppreist þilja/skýli eða „skúti“ til að skýla fólki og farmi, en önnur kenning er sú að það sé dregið af lagi

stefnisins. Getið er um skútur á fyrstu öldum byggðar, en sjaldnar eftir að skreiðarsala hófst að mun. Hafa þær líklega verið á við tólfaæringa að stærð. B. Seglskip af ýmsum tegundum sem notuð var til veiða hérlandis á svonefndri skútuöld (ca 1800-1900). Fyrstu skúturnar voru einmastra slúppur, en af þeirri gerð var skútan Delphin sem Einar í Kollsvík átti hlut í. Slúppan er með lárétu buspjóti (spruði); fremur reistu stefni og nettum skut. Skonnortur voru tví- eða þrímastra, en af þeirri gerð voru mörg hákarlaskip og einnig lúðuveiðarar Ameríkana sem hér voru algengir um tíma. Galíasar voru skrokkmeiri og því burðarmeiri. Kúttar voru algengasta gerð skúta á skútuöld. Einkenni þeirra var reist og beint framstefni.

Skúti (n, kk) Lítill hellir; stór grunn hola; skvampa. „Smérhellirinn er nokkuð stór skúti yst í Undirhlíð í Hnífum, en undir Smérhelli er annar minni skúti í Smérhellissveldi“.

Skútueigandi / Skútuútgærd (n, kk/kvk) Segja má að upphaf þilskipaútgærdar á Íslandi megi að nokkru leiti rekja til Kollsvíkur. Þar bjó einn af fyrstu skútueigendum landsins; Einar Jónsson, bóndi, hreppstjóri og ættfaðir Kollsvíkurættar. Stuttu eftir aldamótin 1800 fjármagnaði hann kaup á fyrstu skútu Vestfirðinga; slúppunni Delphin, sem var um 35 tonn, og gerði hana út í félagi við frænda sinn; Guðmund Scheving sýslumann í Haga og síðar útgærdarfrömuð í Flatey. Einnig var hann um tíma í samstarfi við Thomsen; síðasta einokunarkaupmann Vatneyrar, um þessa útgærd. Delphin fórst árið 1813, og með henni Guðmundur Ingimundarson skipstjóri, sá sem upphaflega keypti skútuna og kom með hana til landsins. Ríkídæmi Einar beiddi við það hnekki, en þó ekki hrún. Guðmundur Scheving hélt áfram mikilli skútuútgærd í Flatey og var einn af mestu frumkvöðlum þilskipaútgærdar á Íslandi. Fjármögnun Kollsvíkurbóndans var því mikilvægur þáttur í hinni samfelldu útgærdarsögu þilskipa og síðar togara, sem síðan hefur verið meginstoð efnahags Íslendinga. Delphin var líklega gerð út jöfnum höndum til hákarlaveiða og handfæra. Guðmundur varð fyrstur útgærdarmanna á Vesturlandi til að taka upp hlutaskipti á skipum sínum, og má jafnvel ætla að þannig kjör hafi verið á Delphin. Taldi hann það eina ástæðu þess að sín skip fiskuðu betur en önnur. Skipverjar á Delphin voru líklega alltaf sex, og sá fjöldi fórst með skipinu árið 1813. Hlutaskipti við þorskveiðar voru þau að háseti fékk ¼ af afla sínum og yfirmenn fengu sérstaka þóknun, en útgærdin lagði til fæði og veiðarfæri. Við hákarlaveiðar var skipverja greidd viss upphæð á lifrartunnuna.

Skútyrðast (s) Skammast; *skútyrðast*; skiptast á ónotum; rífast. Fremur var talað um að *skútyrðast*.

Skútyrði (n, hk) Last; nið; skammir. Orðið er lítið notað á síðari tímum.

Skvaldra (s) Masa; tuldra; blaðra. „Á fundum saumaklúbbsins var mikið skvaldrað og *skvaldrið* á þessum klúbbfundum gat orðið býsna hávært ef mikið var að gerast í sveitaslúðrinu“.

Skvaldur / Skvaldurskliður (n, hk) Kliður;mas; rabb; blaður. „Hættið nú þessu skvaldri strákar og farið að sofa!“ „Upphófst nú mikið skvaldur og voru uppi deildar meiningar um ágreiningsefnið“ (PG; Veðmálið).

Skvaldursamur (l) Gefinn fyrir að skvaldra/masa/blaðra.

Skvamp (n, hk) Skvetthljóð; hljóð þegar eitthvað fellur í vatn/sjó. „Ekkert heyrðist nema skvampið í árunum“.

Skvampa (s) Skvetta; sulla; þvo. „Mikið væri óskandi að hann gæti hætt að skvampa vona mikið í víni“.

Skvampa af sér (höndunum) (orðtök) Þvo sér; þvo sér um hendurnar. „Þú borðar ekki með svona skítugar hendur drengur; farðu nú og skvampaðu aðeins af þér“!

Skvap (n, hk) Efni sem er laust/froðukennt/fitukennt; fita. „Óttalegt skvap er að safnast framaná mann“!

Skvapholda (l) Feitlaginn; fituhlunkur. „Það er furða hvað hann kemst í klettum; svona skvapholda maður“.

Skvera sig (orðtak) A. Um troll togara; opnast í sjó fyrir veiðar. Enkusletta tilkomin á togaraöld. Líkingamál; þrifa sig; gera sig fínan.

Skvetta (n, kvk) Skúr; ágjöf. „Það er kvöld; orðið lágskýjað, og hráslagalegur vindur slítur úr þeim skvettur og slengir framan í þann sem í heimsku sinni ætlar að gá til veðurs úti á hlaði“ (PB; Lesbók Þjóðv.)

Skvetta (s) Gusa; sletta; hella; ausa. „Skvettu fisksoðinu úr pottinum hérna út á Flötina“.

Skvetta í sig (orðtak) Drekkja heldur mikið af áfengi.

Skvetta sér upp / Skvetta úr klaufunum (orðtök) A. Um kýr sem kemur úr fjósi eftir innistöðu yfir vetur; stökkva um og slá upp afturendanum af kæti. B. Líkingamál um það þegar manneskja skemmtir sér.

Skvetta úr koppnum (orðtak) Hella hlandi úr næturgagni/kopp eftir nóttina.

Skvetta úr sér (orðtak) Um veðurfar; rigna dálítið; gera skúrur. „Ég er hræddur um að hann gæti skvett eitthvað úr sér með aðfallinu“.

Skvettlisti (n, kk) Listi eftir síðu báts; ofarlega að utanverðu, til að brjóta báru sem leitar upp með kinnungnum og varna því að hún skvettist inn í bátinn. Virðist annarsstaðar verið með i; „skvettlisti“, en var einatt án þess í Kollsvík; a.m.k. í seinni tíð.

Skvetta í (orðtak) Um sjómennsku; gefa á. „Við fengum væna báru og það skvetti drjúgt í“ (G.J.H; 13 ára hálfdrætingur í Kollsvíkurvegi; E.Ö. skrás; Árb.Barð 2004).

Skvetta í sig (orðtak) Drekkja áfengi í óhófi. „Þetta var viðkunnanlegur náungi en skvetti dálítið í sig stundum“.

Skvettur / Skvettugangur (n, kvk) Ágjöf; skvettur; sjógangur. „Við leggjum að innantil við hleinina; það er árans skvettur utanvið hana“ „Farðu í hlífar; það getur orðið skvettugangur í röstinni“.

Skvísa (n, kvk) Gæluheiti á ungru aðlaðandi konu. Síðari tíma sletta, byggð á ensku; „squeeze“. „Sá varð nú heldur byrstur og sagði: „Fussum fei;/ ég fer víst ekki að leika mér við skvísu./ Það kemur ei til mála; nei og aftur nei;/ ég var nefnilega að horfa á hana Dísu!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Skvampa (n, kvk) Hóla; lítill hellir/vik. „Ofan við Bæjarvöllinn er dálítill skvampa með nokkrum eggjum“.

Skyggður (l) A. Gerður dökkur/dimmur. B. Um egg; búið að *skyggna*.

Skyggja (s) Verða skuggsýnt; dimma. „Drífum í þessu áður en fer að skyggja“.

Skyggja að (orðtak) Dimma; sortna. „Við komum heim um það bil sem farið var að skyggja að“.

Skyggja á (orðtak) Varpa skugga á; vera fyrir sjónlínu/birtu.

Skyggja í álinn (orðtak) *Sortna í álinn* (sjá þar).

Skyggna (l) Með dulræna hæfileika; sér annars heimsverur sem öðrum eru huldar.

Skyggna (n, kvk) Auga; sjón. „Hann sagði fátt, en hvessti á mig skyggurnar“.

Skyggna / Skyggna (s) Skima; litast um; gá. „Ætli við förum ekki að skyggna í nestið bráðum“.

Skyggna egg (orðtak) Bregða eggjum upp að sterku ljósi eða mikilli birtu til að sjá hvort það er nýtt eða ungað. Í geymslu var haldið aðskildum *stropudum* eggjum og skyggndum.

Skyggna hönd fyrir augu (orðtak) Bera flata lárétta hönd yfir augu þegar horft er undir sól, til að varpa skugga á augun og útiloka sólarljós frá því að blinda/ trufla sýn.

Skyggna eftir (orðtak) Gá að/til; leita að. „...en hann hafði verið fenginn til þess að fara út á Látrabjarg og skyggna eftir því hvort hann yrði nokkurs vísari um afdrif þeirra félaga...“ (ÖG; Þokuróður).

Skyggna til veðurs / Gá til veðurs (orðtök) Líta til lofts og huga að veðurútliti. Til skamms tíma, eða frá öndverðu og fram á daga útvarpsfrétta, hefur mannskepnan þurft að skyggna til veðurs, enda háð því um allt sitt líf og starf. Með mönnum þróaðist hæfileikinn til að spá í það og segja fyrir um horfur til skamms tíma. Sú kunnátta er að miklu leyti horfin meðal almennings í dag.

Skyggna (n, hk) A. Birta; það að sjá kringum sig; útsýni. „Gerði þá kafaldsbyl svo skyggna var nánast ekkert“ (AE; Ljós við Látraröst). B. Der á húfu; spjald til að verjas sól í framglugga bíls.

Skyggna gáfa (n, kvk) Hæfileikinn að vera *skyggna*; geta til að sjá það sem öðrum er hulið af t.d. verum annars heims eða óorðnum atburðum. Skyggna menn flíka vanalega ekki sérgáfu sinni við aðra; enda geta þeir þá misst hana.

Skyggna húfa (n, kvk) Derhúfa; sixpensari; *húfupottlok* með skyggna að framan.

Skylda (n, kvk) A. Kvöð; það sem ber að gera. „Mér fannst það vera skylda mín að koma fénu alla leið heim“. „Honum ber skylda til að greiða þetta“. B. Skyldleiki; ættartengsl. „Manni *rennur blóðið til skyldunnar*“.

Skylda til (orðtak) Gera skuldbundinn/skyldugan til; skipa að gera. „Lögin skylda bændur til að smala sínu fé að hausti“. „Skoðunarmaður hugðist leita réttar síns, en sá það ekki fært vegna galla laganna; sem ekki skylda fjáreigendur að framvísa fé sínu til skoðunarmanns“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1938).

Skyldfólk (n, hk) Frændfólk; ættingjar.

Skyldi engan undra (orðtak) Ekki furða; kemur ekki á óvart. „Það skyldi engan undra ef hann ætti eftir að lenda í einhverjum hrakningum, eins og hann er fíldjarfur í sjósókninni“.

Skyldleikaræktun (n, kvk) Ræktun búfjár eða annarra skepna, þannig að mikil ættartengsl verði innbyrðis og skyldir einstaklingar eigi afkvæmi saman. Yfirleitt er mikil skyldleikaræktun talin óæskileg vegna hættu á erfðagöllum og úrkynjun, en þó má með henni kalla fljótt fram einstaka eiginleika. Var vestra með „un“ í enda, sem ekki mun hafa tíðkast annarsstaðar þó orðið sé annars algengt.

Skyldleiki (n, kk) Ættartengsl; skyldsemi; skylduleiki. Er á seinni tímum notað einnig um önnur tengsl.

Skyldmenni (n, hk) Ættingi; frændi.

Skyldugur/skyldur til (orðtak) Skuldbundinn/skyldur til; *ber skylda til*. „Vegagerðin er skyldug til að halda vegunum færum, eins og fremst er kostur“.

Skyldunám (n, hk) Nám sem einstaklingi ber að stunda. Á síðari öldum hefur börnum verið skylt að stunda skyldunám á unga aldri, til almenns þekkingarauka eða/og undirbúnings sérhæfðara námi.

Skyldur (l) A. Ættaður; með ættartengsl/ í ætt við. „Margt er líkt með skyldum“. „Skylt er skeggið hökunní“. B. Skuldbundinn; *skyldugur*.

Skyldurækinn (l) Rækir/uppfullir vel sínar skyldur/kvaðir.

Skyldurækni (n, kvk) Hollusta við réttarfar/trú/skyldu. „Hann kýs svona af skyldurækni við flokkinn“.

Skylduverk / Skylduvinna (n, hk) Verk/vinna sem skylt er að *inna afhendi*. „Þá var eitt skylduverkið að keyra *fiskslorið* í kerru úr Verinu og heim að Láganúpi“ (IG; Æskuminningar).

Skylmast (s) Berjast/ eigast við með sverðum eða öðrum vopnum. Oft notað í óeiginlegri merkingu nú á dögum, t.d. um það að deila/kýta eða kveðast á.

Skylmingar (n, kvk, fto) Viðureign; bardagi. Oft í óeiginlegri merkingu *nú til dags*.

Skylt er skeggið hökunní (og náíð er nefið augunum) / Skylt er með skeggi og höku (orðtök) Oftast notað um mikil ættartengsl, en einnig um annan skyldleika sem menn þykjast sjá, t.d. á málefnum.

Skylt með skít og kúk (orðtak) Ábending um að tveir slæmir hlutir/aðilar séu kannski nærri jafnslæmir. „Ekki veit ég hvorn flokkinn maður ætti frekar að kjósa; mér finnst dálítið skylt með skít og kúk“.

Skyn (n, hk) Skynjun; þekking; tilfinning; skilningur. Sbr þefskyn. Sjá í *því skyni; í gustukaskyni/guðspakarskyni og bera skyn/skynbragð á*.

Skynbragð (n, hk) Skyn; skilningur; vit. Oftast í orðtakinu; *bera skynbragð á*.

Skynbær (l) Hefur þekkingu á; ber skynbragð á. „Ég er ekki mjög skynbær á svonalagað“

Skyndi / Skynding (n, hk/kvk) Flýtir; hast; fljótheit; hraði. „Ég greip gogginn í skyndi og náði að setja í lúðuna um leið og hún *sleit sig af*“.

Skyndiferð (n, kvk) Ferð sem farin er í skyndi; ferðalag sem varir stuttan tíma.

Skyndiheimsókn (n, kvk) Heimsókn án fyrirvara; heimsókn sem varir stuttan tíma.

Skyndilega (ao) Snögg; allt í einu; fyrirvaralaust. „Skyndilega kom högg á bátinn“.

Skyndilegur (l) Snöggur; fyrirvaralaus. „Skyndileg rigning *setti strik í reikningin*“.

Skynding (n, kvk) Flýtir; hraði. Sjá; í *skyndingu*.

Skyndipróf (n, hk) Próf í skóla sem lagt er fyrirvaralítið fyrir nemanda til að kanna færni/þekkingu.

Skynfæri (n, hk) Næmt líffæri lífveru, sem nemur tiltekna aðstæður. T.d. snertinæmar frumur í húð; lyktarfrumur í nefi; bragðfrumur í tungu o.s.frv.

Skyni skroppinn (orðtak) Heimskur; vitlaus. „Maður er nú ekki svo skyni skroppinn að trúa öllu“!

Skynja (s) Finna; verða var við; öðlast skilning á. „Ég skynjaði að ekki var *allt með felldu*“.

Skynsamlega (ao) Af skynsemi/viti/rökhyggju. „Mér fannst þetta nokkuð skynsamlega ályktað“.

Skynsamlega mælt (orðtak) *Skarplega athugað*. „Þetta var skynsamlega mælt og þörf ábending“.

Skynsamlegheita (ao) Gáfulegur; með yfirbragð skynsemi. „Mér fannst þetta bara skynsamlegheita náungi“.

Skynsamlegur (l) Rökrænn; vitlegur; gáfulegur. „Mér finnst þetta skynsamleg niðurstaða í málinu“.

Skynsamur (l) Gáfaður; vitur; rökvis. „Ég átti ekki von á þessu; af jafn skynsömum manni og hann er“.

Skynsemdarmaður / Skynsemdarskepna (n, kk/kvk) Sá/sú sem er skynsöm/*veit sínu viti*.

Skynsemdarskortur / Skynsemiskortur (n, kk) Heimska; yfirsjón; greindarskortur. „Það er nú bara hreinn skynsemdarskortur að setja ekki útsæðið tímanlega í spírun“.

Skynsemi (n, kvk) Vit; greind; gáfur. „Hér þurfum við að beita skynseminni“.

Skynsemistrú (n, kvk) Efnishygga/rökhyggja í trúmálum; (rationalismi). Skynsemistrú reis hratt til vegs með aukinni vísindapekkingu og almennri skólagöngu, og hefur nú nánast alveg tekið við af bókstafstrú fyrri alda í kristnum heimi. Ekki er þar með sagt að almennt ríki trúleysi, enda er trúin samgróin mannlegri hugsun; heldur trúa menn ekki lengur almennt ýmsum skýringum biblíunnar á efnislegum fyrirbærum, t.d. um sköpun heimsins og upprisu dauðra. Einnig stendur nútímamönnum lítil ógn af Helvíti og Satan, sem prelátar fyrri tíma notuðu miskunnarlaust til ögunar. Þá hefur veraldleg réttarregla tekið við af kirkjurétti og veraldleggt vald af kirkjuvaldi. Flestum mun það þó eiginlegt; einkum þegar á bjátar, að trúa á Guð í einhverri mynd.

Skynsemisvottur (n, kk) Lítilsháttar skynsemi; tákn um skynsemi; *vitglóra*. „Hann er kannski *mistækur*, en mér þótti þetta framtak vera skynsemisvottur“.

Skynugur (l) Vitur; skynsamur; greindur; næmur. „Tíkarvíkindið hún Pollý var ótrúlega skynug skepna. Hún gaut eitt sinn í holu sem hún hafði gert sér úti í Gili til að forða hvolpunum frá vísun dauða. Hún hafði líka vit á að geyma hvolpana í holunni þangað til þeir voru farnir að stálpast, enda fékk einn þeirra að lifa“.

Skynvilla (n, kvk) Röng skynjun á umhverfinu vegna þess annaðhvort að skynfæri greina rangt eða heili les boðin rangt. Dæmi um skynvillur eru ofsjónir; missýning; misheyrn o.fl.

Skýr (n, hk) Mjólkurafurð sem unnin er úr *undanrennu*; ferskur súrostur. Þekking á *skyrgerð* fluttist hingað með landnámsmönnum og hélt við hérlendis þó hún týndist að mestu erlendis. Til að búa til skýr er mjólkinn fyrst skilin; þ.e. undanrenna skilin frá rjóma. Undanrennan er síðan hituð uppundir suðumark og með því gerilsneydd; en síðan kæld niðurundir líkamshita. Þá er þétti/*skyrþétti* bætt úti, en hann getur t.d. verið skýr úr fyrri framleiðslu sem inniheldur sýrumyndandi bakteríur og gersveppi. Ostahleypi/skyrhleypi er oft bætt úti til að gera skyrið þéttara, en hann var fyrrum fenginn úr kálfsmaga. Næst er skyrið látið standa og hlaupa, þ.e. gerjast og þykkna, sem tekur fáeinar klukkustundir. Síðan er það kælt; skorið í það og það látið standa í *skyrstu* meðan *mysan* rennur af því. *Skrymysa* er hollur drykkur sem fyrrum var safnað saman í sýrutunnu og síðan höfð meðferðis í ferðalög og róðra, gjarnan blönduð vatni og nefndist þá *blanda* eða *drukkur*. Skyrgerðin gat lánast misjafnlega. Ef skyrið var gófgert og kornótt var það nefnt *graðhestaskyr*. Skýr sem var ósíað var bragðverra og nefnt *ólekja*. Mjög þunnt skýr nefnist *skýrlap*. Fyrir daga nútíma geymsluaðferða var skyri safnað saman yfir sumarið og það látið súrna í stórum sáum. Nefndist slíkt skýrsafn.

Skýr var oft borðað sem eftirmatur á eftir heitum rétti, t.d. saltfiski, en einnig sem uppistöðufæða. Fyrir neyslu var það oft bragðbætt með því að hræra samanvið það dálitlum sykri, og þunnt hæfilega með mjólk; en einnig var mjólk hellt útá eftir að á diskinn var komið. Oft var skýr hrært samanvið hafragraut og nefndist þá *skyrhræringur* eða *hræringur*. Gott þótti að setja rjóma eða bláber útá skýr, sjá *berjaskyr*. Á síðustu árum hefur skýr verið selt í búðum með ýmsum bragðtegundum og í neysluskömmtum, auk þess sem það er nú orðin mikilvæg útflutningsafurð sem nýtur ört vaxandi vinsælda erlendis.

Skýrbjúgur (n, kk) Hörgulsjúkdómur sem stafar af skorti á C-vítamíni. Hann lýsir sér t.d. með mikilli tannholdsbólgu, tannlosi og síðar alvarlegri verkunum. Orðið er líklega stofnskyld ensku; *scurvy* og samsvarandi norrænum orðum. Skýrbjúgur þekktist ekki hjá fólki sem neytti grænmetis eða jurtafæðis. Í klettum vestra vex mikið af skarvakáli, sem er mjög auðugt af C-vítamíni, og var það notað þar til matar. Einna fyrstur hérlendis til að ráðleggja neyslu C-vítamínrikra jurta til lækningar á skýrbjúg var séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal.

Skýrdallur / Skýrkolla / Skýrskál (n, kk, kvk) Skál sem skýr er hrært í, og iðulega borið fram í.

Skýrgámur (n, kk) A. Hefur líklega fyrrum verið heiti á stóru íláti með skyri/ skýrsá; skýrkeri. B. Heiti eins af jólasveinunum, en sá á að vera sérlega sólginn í skýr.

Skýrgerð (n, kvk) Framleiðsla á skyri úr undanrennu. Sjá *skýr*.

Skýrhákarl (n, kk) Búkhákarl; býklykkja. Kæstur hákarl af baki skepnunnar; oftast hvítleitur í skurðarsárið; mjúkur til átu og bragðsterkur ef verkun heppnast vel.

Skýrhræringur (n, kk) *Hræringur*; spónamatur, gerður með því að hræra saman skyri og hafragraut. Oftast snætt með súrum blóðmör og mjólk. Nokkuð algengur matur áður, en þekktist varla nú á dögum.

Skýrlap / Skýrlepja / Skýrsúpa / Skýrþynnka (n, hk) Mjög þunnt skýr; skýr hrært mikilli mjólk, sem oft var haft sem eftirmatur heits réttar, s.s. saltfisks, meðan venja var að borða tvíréttað á hádegi. „Skýrlapið er ári þunnt; en gott er það“. „Áttu dálitla skýrsúpu fyrir mig“?

Skrymislegt (l) Um himnu/þynnu/fatnað; *skænislegt*; þunnt; brothaett. „Ekki er ég hissa á að þessi plasthlíf brotnaði; mér fannst hún óttalega skrymisleg“. „Þú ferð ekki út í svona skrymislegum klæðnaði!“ Skrymi er stofnskyld orðinu *skurmur/skurn*, og skrymi mun áður hafa verið notað í merkingunni *skæni*; t.d. um þunnan ís á vatni/polli.

Skrymysa (n, kvk) Mysa sem sígur af skyri við skýrgerð. Sjá *skýrsía* og *súr*.

Skýrpa (n, kvk) Hráki; munnvatn/slím sem hrækt/spýtt er úr munn. Ekki lengur notað en lifir í málinu sem hluti fiskheitisins *skollaskýrpu*, sem er annað heiti á grásleppu.

Skýrpa (s) Hrækja; spýta. „Þeir stóðu í hrókasamræðum á réttarvegnum, en öðru hvoru litu þeir til hliðar og spýttu mórauðu“.

Skýrpa/spýta í lófana (orðtak) *Ganga rösklega til verks; herða sig*. „Við þurfum að skýrpa heldur betur í lófana ef þetta á að klárast fyrir hádegi“.

Skýrpingar (n, kvk, fto) Sá kækur að vera sífellt að hrækja munnvatni.

Skýrsár / Skýrker / Skýrkerald (n, kk/hk) Stórt ílát; gjarnan stór tunna, sem notað er til söfnunar og geymslu á skyri. *Skýrsafn* varð allmikið á stórum búum, og víða finnast för eftir skýrsái í fornum bæjarrástum.

Skýrsía / Skýrgrind (n, kvk) Djúpt trog með rimlabotni; notað til að sía skýr. „Þegar ég var að alast upp var alltaf gert skýr; síað í litla tunnu; skýrsía með rimlum í botninum; í hana var sett grisja og síað, og svo var mjólkurafgöngum og undanrennu hellt út í mysuna“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Skysrleif (n, kvk) Sleif/þvara sem notuð er til að hræra/matbúa skyr. „Ég skal sleikja af skysrleifinni“.

Skysrleikja / Skysrletta / Skysrþónn / Skyrögn (orðtak) Lítið eitt af skyri. „Ég myndi þiggja hjá þér dálitla skysrlettu á eftir“. „Gefðu mér dálitla skysrleikju í viðbót“. „Mikið væri nú gott að fá skysrlettu á eftir þessu“.

Skysrveppur (n, kk) Sjá *gorkúla*.

Skyrta / Skyrututau (n, kvk) Fat sem borið er bert eða undir peysu/yfirhöfn og hylur bók milli lenda og háls, og oftast handleggi framundir hendur. Hlutar skyrta eru skyrtubolur; skyrtuermar; skyrtukragi; skyrtulíningar; skyrtuhnappar og skyrtuvasi. Léleg skyrta nefnist oft skyrtugopi; skyrturæfill; skyrtutíla; skyrtutötur eða skyrtudrusla.. Fyrrum voru menn bæði í nærskyrtu af t.d. bómull og milliskyrtu af þólnara efni, en það mun óalgengara nú.

Skyrugur (l) Með leifar/lit af skyri kringum munninn. „Þurrkaðu nú framan úr þér; þú ert dálítið skyrugur“.

Skyrþéttir (n, kk) Hvati (ensím) sem fæst m.a. úr maga úngkálfa, og notaður er til að hleypha mjólkurvöru; t.d. skyr. „Þegar ég var að alast upp var alltaf gert skyr; síað í litla tunnu; skysría með rimlum í botninum; í hana var sett grisja og síað.... Úr undanrennunni var yfirleitt gert skyr. Ef þéttirinn dugði ekki milli þess sem hleypt var, fengu menn þetta hjá nágrönnunum“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Skyssa (n, kvk) Mistök; afglöp. „Þarna varð mér á veruleg skyssa“!

Skytta (n, kvk) A. Skotmaður; sá sem skýtur af byssu, boga eða öðru skotvopni. B. Áhald sem notað er í vefstól til að þræða ívaf í vefnað þegar ofið er. C. Skytta eða „skytla“ er líklega gamalt orð yfir skot eða skáp. Sjá *skápur*.

Skytteri (n, hk) Veiðimennska með byssum. „Það var lengi íþrótt að fara niður að Görðum á mávaskytteri þegar *flaug* vel með“. „Menn lögðu mikið á sig í tófuskytteri meðan verð á refaskinum var hátt“. „Það var íþrótt að skjóta svartbaksunga á flugi hér í vikinni. Í norðanstormi þá flýgur fuglinn alltaf í veðrið og flýgur lágt. Og á haustinn þá sátu þeir herna niður á gömlu grjótgörðunum þegar þannig viðraði og skutu ungann á fluginu. Þetta þótti alveg herramannsmatur; ungarnir. Fullorðnir svartbakar þóttu ekki mannamat“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Ský (n, hk) A. Þétting vatnsgufu í lofti, þannig að smásærir dropar byrgi sýn en falli þó oft ekki sem regn. Ský eru af margvíslegri gerð eftir hæð, hitafari, rakastigi, vindum og myndun. Fyrri tíðar fólk var margt sérlega lagið að spá fyrir um veður með því að lesa úr skýjafari. Þjóðtrúin segir að hrafninn miði oft við skýin þegar hann urðar bráð sína, og finni hana því oft ekki aftur. Sama hótmyndni er stundum höfð um sjómenn sem tapa miðum. B. Hvítun/ógagnsæi sem myndast getur á glæru auga og hindrar sýn.

Skýdróg / Skýlufsa (n, kvk) Tætla/snifsi af skýi; lítið ský. „Það er ekki skýdróg að sjá á himni“. „Furðulegt er að fá þessa dropa úr heiðskýru lofti; þegar hvergi er skýlufsu að sjá“!

Skýfall (n, hk) Mjög mikil og skyndileg rigning; hellidemba. „Það gerði skýfall þegar við vorum að setja upp“.

Skýfar / Skýjafar (n, hk) Útlit á himni; tegund skýja. „Mér list nú ekkert á þetta skýfar hér suðurá núna“.

Skýferð (n, kvk) *Far á skýjum*; um það þegar ský fjúka hratt undan háloftavindum. „Það er mikil skýferð núna“. Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum en það var töluvert notað svæðinu.

Skýhnoðri (n, kk) Lítið ský; vottur af skýi. „Það sést hvergi skýhnoðri í þessari heiðríkju“.

Skýjabakki (n, kk) Svartur bakki sem í Kollsvík sést einungis í vestri eða norðri, og er einungis nefndur „bakki“ eða *bakki til hafsins*.

Skýjaband / Skýjarák / Skýjaröst (n, hk/kvk) Löng rák/runa/röst af skýjum.

Skýjaborgir (n, kvk, fto) Líkingamál um hugmyndir sem þykja óraunsæjar/glæfralegar/ heldur mikilfenglegar. Orðið kann upphaflega að hafa merkt skýjaklakk/skúraklakk/*skýjabólstur*, en sú notkun er þá löngu horfin.

Skýjabólstur (n, kk) Háreistur og mikilúðlegur skýjaklakkur; skýjahattur á háreistu fjalli.

Skýjadreif (n, kvk) Þunn/sundurslitin ský. „Það er einhver skýjadreif í austri, en annars heiðskírt“.

Skýjað (l) A. Himinn hulinn skýjum. B. Móða á gleri eða ský á auga.

Skýjafar (n, hk) A. Staðsetning og útlit skýja á himni. „Ekki list mér á skýjafarið þessa stundina“. B. Áberandi rek skýja fyrir vindi um himininn. „Kominn var *norðanbelgungur* og mikið skýjafar“.

Skýjafláki (n, kk) Áberandi/stór skýjabreiða á himni.

Skýjaglópur (n, kk) Niðrandi líking; sá sem starir upp í loftið. „Stattu ekki bara þarna eins og skýjaglópur“!

Skýjahattur / Skýjakúfur (n, kk) Lágský/þokublettur sem sest á eða rétt yfir háreista fjallsgnúpu eða hátt fjall; staðbundið og án tengingar við önnur ský. Gerist þetta við ákveðin veðurskilyrði og einatt áveðurs eða yfir fjallinu.

Skýjahula (n, kvk) Þekja af skýjum á himni; oft þunn en nægileg til að draga úr sólskini.

Skýjaklakkur (n, kk) Háreist ský; þrumuský; skúraklakkur.

Skýjaklasi (n, kk) Þyrping skýja á himni.

Skýjakljúfur (n, kk) Síðari tíma slanguryrði yfir mjög háreista byggingu.

Skýjakóf (n, hk) Þétt ský; skýjahula; staðbundinn lágskýjabakki. „Öðruhvorum móaði fyrir sól í gegnum skýjakófið“. „Skýjakóf lá með Blakkbrúninni og kæfði uppá hana í golunni“.

Skýjaloft (n, hk) Mikið um ský á himni; all *skýjað*.

Skýjarek (n, hk) Rek af skýjum; *skýjafar*; áberandi hreyfing skýja undan vindi.

Skýjarof (n, hk) Rof/gat í skýjahulu. Yfirleitt einungis nefnt rof.

Skýjaruðningur (n, kk) *Skýjabakki*; hrönn af skýjum, gjarnan í tiltekinni átt.

Skýjaskin (n, hk) Nýyrði höfundar; endurvarp ljóss af skýi, svo sterkt að það er merkjanlegt á jörð og veldur skuggum. Skýjaskin getur orðið í dimmviðri, þegar sól brýst í gegn og lýsir upp lágský, sem aftur varpar birtu á jörðina neðanundir. Greinilegast er það kringum þéttbýli í skammdegismyrkri, þegar sterk birta berst uppí lágský sem varpa henni aftur niður, svo skuggar myndast á myrkvuðu nærsvæði. Orðið varð til í huga VÓ að morgni aðfangadags 2016 í nágrenni Ásbrúar við Keflavík, þegar ratljóst varð og skuggamyndun vegna skýjaskins, þegar gengið var með hundinn í kyrru veðri og *snjófól* á jörðu.

Skýjaslitra / Skýjatjása (n, kvk) Vottur af skýi; tætt ský. „Einhverjar skýjaslitrur er að sjá þarna í austrinu“. „Það er bara alger heiðrikja; hvergis skýjatjásu að sjá“.

Skýjaslæða (n, kvk) Skýjaslitra; skýjatjása; þunnt sundurslitið belti af skýjum.

Skýjatrefill (n, kk) Skýjarönd í miðjum klettum hárra hamra. „Oft myndast skýjatrefill í Blakknum“.

Skýjataetingur (n, kk) Óreglulegt skýjafar; vindskafin ský; skýjatjásur. „Ekki veit ég hvað á að ráða í þennan skýjataeting á austurloftinu“.

Skýla (n, kvk) A. Skjól. B. Fatnaður sem skýlir. Nútil dags nær eingöngu notað um sundskýlu.

Skýla (s) Veita skjól/afdrepp. „Settu nestið inni lúkar til að skýla því fyrir ágið“.

Skýlaus (l) Afdráttarlaus; hreinn. „Það á að vera skýlaus krafa sjávarjarða að endurheimta sinn veiðirétt“.

Skýli (n, hk) Afdrepp; byrgi; hjallur; hvaðeina sem veitir skjól.

Skýlt (l) *Skýlagott*; *skýlótt*; mikið skjól. „Hlíðarhammur er fornt býli; þar eru greinilegar bæjarrústir. Þar er mjög skýlt“ (SE; Örn.skrá Stakkadals).

Skýluklútur (n, kk) Klútur/klæði sem skýlir annaðhvort hári/höfði (skupla/slæða) eða lendasvæði (lendaskýla).

Skýr (l) A. Greinilegur, ljós. „Hann gerði skýra grein fyrir sinni afstöðu“. Ypsiloníð í orðinu er breyting sem varð fyrir á öldum, og virðist ekki styðjast við nein rök. Í raun er um sama orð að ræða og „skír“, sem er dregið af „skær“ (sjá *skír*). B. Greindur; glöggur. „Þú ert skýr; að átta þig svona fljótt á þessu“!

Skýra (s) Útskýra; gera ljóst/greinilegt. „Það er erfitt að skýra svona hluti“.

Skýra frá (orðtak) Segja frá.

Skýra út (orðtak) Útskýra; gera ljóst/greinilegt.

Skýrlega (ao) Greinilega; skýrt. „Ég lét hann vita skýrlega af minni afstöðu“.

Skýrlegur (l) Greindarlegur; skynsamlegur; skýr. „Mér fannst þetta nokkuð skýrlegur náungi“.

Skýrleiksbarn/ -náungi /-piltur /-stúlka (n, kk) Um greinda/skynsama manneskju.

Skýrmæltur / Skýrorður (l) Talar skýrt og greinilega.

Skýrt og skilmerkilega (orðtak) Mjög greinilega; án vafa. „Hún tilgreindi sín skilyrði, skýrt og skilmerkilega“.

Skýst (mörgum) þó skýr sé (orðatiltæki) Mörgum skjáttast/yfirsést (skýst) þó gáfaðir séu. Allmikið notað viðkvæði þegar maður geriðr óvænt mistök.

Skýstrokkur (n, kk) Hvirfilbylur (e: tornado). Ekki er óalengt að iðuköst í líkingu við skýstrokka myndist hlémegin við fjöll í hvössum vindi, en ekkert í líkingu við þá sem myndast af mishitnun yfir meginlöndum. Má t.d. iðulega sjá stróka á sjónum sunnan Blakks í hvasstri norðanátt.

Árið 1856 dundu mannskæðar náttúruhamfarir yfir bæjarhúsin í Kollsvík, sem um langan aldur voru helst taldar stafa af skýstrokk. Má enn sjá þá ályktun í handbókum fyrir ferðafólk. Hinsvegar er langsamlega líklegast að hér hafi verið um snjóflóð úr Núpnum að ræða; enda kom samskonar flóð á sama stað laust fyrir aldamótin 2000.

Skýtjása / Skýttutla (n, kvk) Lítið ský; skýhnoðri. „Það sést varla skýtjása á himni“.

- Skæddur** (l) Skóaður. „Ertu nægilega vel skæddur til að ganga inn yfir Tunguheiði“?
- Skæðadrifa** (n, kvk) Dreif; það sem dreifst hefur víða. „Brakið úr kirkjunni var eins og skæðadrifa um allt“.
- Skæðagrös** (n, hk, fto) Mjög stór fjallagrös. „Stundum má finna skæðagrös uppundir Kóngshæð“.
- Skæðar tungur** (orðtak) Rógberar; slúðurskjóður; sveitaslúðrið. „Skæðar tungur segja að hjónaband þeirra standi fremur tæpt“.
- Skæðaskinn** (n, hk) Skinn/gæra sem nýtt er til að búa til *skinnskó*. Sjá *gæra*.
- Skæðatollur** (n, kk) Gjald sem greitt var áður frá bænhúsum og hálfkirkjum til presta (eða prestsetra) vegna skóslits presta við að halda uppi reglubundinni messu. „Hænuvík taldist að fornu til Saurbæjarsóknar, eins og allir bæir við Patreksfjörð. Kirkjuvegur hefur því verið langur og illur, svo að telja verður eðlilegt, að hér risi guðshús í einhverri mynd, enda mun svo hafa verið. Þannig kvittar Jón prestur Erlingsson hinn 4. október 1523 fyrir skæðatoll, sem goldist hefur og gjaldast á til Saurbæjarkirkju, en í máldögum hennar er þess getið, að hún eigi skæðatoll af hverju bænhúsi (sbr. um Saurbæ hér að framan)“ (Lýður B. Björnsson; Guðshús í Barðastrandasýslu“).
- Skæði** (n, hk, fto) Efni í skó. Notað jafnt um skinn sem roð (sjá *roðskór*).
- Skæður** (l) Skaðlegur; illur; eyðandi. „Svartidaudi var skæður sjúkdómur sem lagði fjölda fólks að velli“.
- Skæður með** (orðtak) Hættir til; hefur tilhneygingu til. „Íslensku hænurnar voru mun skæðari mað að vilja liggja á...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Skækil** (n, kk) A. Ystu separ á gæru: „Það þarf að salta vel í skæklana“. B. Lítill blettur/svæði. „Það tekur því nú varla að slá þennan smáskækil“.
- Skæklóttur** (l) Með mörgum totum/skönkum/skæklum; sundurskorinn; vogskorinn.
- Skæla** (s) A. *Vola*; gráta. B. Gretta. „Vertu ekki að skæla þig framan í barnið; það gæti farið að skæla“. C. Aflaga; skekkja. „Vertu nú ekki að skæla niður stígvélin þín“!
- Skælast** (s) Þvælast; skakklappast. „Einhvernegin skældist hann yfir Hálsinn í ófærðinni á Trabbanum“.
- Skælbrosa** (s) Brosa breitt.
- Skældur** (l) Skekkur; aflagaður. Oftast í orðtakinu *skakkur og skældur*.
- Skælingur** (n, kk) Þvælingur; erfið ferð. „Við komumst yfir hálsinn, en þetta er óttalegur skælingur eins og færðin er núna“. „Það var bara bölvaður skælingur í röstinni; vindur á móti fallinu“.
- Skæna** (s) Mynda húð/klaka/þynnu. „Aðeins hefur skænt á pollum í nótt“.
- Skæni** (n, hk) Þunnur ís. „Það er skæni á pollum eftir næturfrostrið“. „Þessar veggþiljur eru óttalegt skæni“
- Skænislegur** (l) Þunnur; lélegur; lítilfjörlegur. „Skelfing finnst mér þetta skænislegur fatnaður sem þú ert í“!
- Skænisþunnur** (l) Mjög þunnur. „Mér list ekkert á þennan bát. Byrðingurinn er svo skænisþunnur að maður þorir varla að stíga um borð“.
- Skær** (l) A. Mjög bjartur/ljós/skír. B. Sem unnt er að skera. Sbr tví-, þrí- eða fjórskær fiskur; þ.e. fiskur sem hagkvæmt er að þverskera í þrjá, fjóra eða fimm bita.
- Skærur** (n, kvk, fto) Erjur; illdeilur; skammvinnir bardagar. „Einhverjar skærur hafa verið með þeim“.
- Skætíngslegur** (l) Um veður; ljótur útlits. Um mann: hryssingslegur. „Skelfing finnst mér hann skætíngslegur til loftins. Mér kæmi ekki á óvart þó hann kæmi með einhvern skít seinnipartinn“.
- Skætíngur** (n, kk) Skammir; slæm veður. „Hreyttu þeir þar skætíngi hvor í annan“. „Það er einhver vestan skætíngur í honum núna“.
- Sköddun** (n, kvk) Skaði; meiðsli; skemmd.
- Sköflungur** (n, kk) Neðri hluti fótar, þ.e. milli hnés og ökkla. Í Sköflungnum eru sköflungsbein og dálkbein.
- Sköfujárn** (n, hk) Járn sem notað er til að skafa; skafa; siklingur. Fyrir daga hefла var viður sléttaður með öxi, lokar og sköfujárni. Nú er skafa einkum notuð til að hreinsa málningu af yfirborði.
- Skögultenntur** (l) Með skakkar tennur. „Ég hef aldrei séð svona skögultennta manneskju fyrr“.
- Skömm** (n, kvk) A. Það sem er skammarlegt/niðurlægjandi. B. Bilun; veikindi. „Það er einhver skömm búin að vera í mér í nokkra daga“. „Einhver skömm var þó í vélinni (í bátnum)...“, (ÁE; Ljós við Látraröst). C. Gæluorð um barn/mann/skepnu. „Þetta var nú alveg óvart hjá þér, skömmin mín“.
- Skömm er að** (orðtak) Til skammar; leiðinlegt. „Skömm er að sjá hvernig þú ferð með fötin þín“.
- Skömminni (til) skárri/skárstur** (orðtak) Örlítið/dálítið betri; ögn skárri; bestur af ýmsum miður góðum. „Ekki er ég orðinn góður af þessum *hóstaffanda* enþá, þó ég sé skömminni skárri en í gær“.

Skömmóttur (l) Skammast mikið; hvatvís. „Það er ekkert til bóta að vera svona skömmóttur“.

Skömmtunarstarf (n, hk) Vinna við skömmtun. Einkum notað á tímum innflutningshafta og skömmtunar á varningi, um starf þeirra sem fengust við þá umsýslu. Kemur iðulega fyrir í bókum Rauðasandshrepps; t.d. greiddi hreppurinn kr. 100 fyrir starfið árið 1960.

Skömmu eftir / Skömmu síðar (orðtak) Stuttu á eftir; stuttu seinna. „Ég breiddi *galtan* og kastaði heyinu í föngum í *flekkinn*, en hann kom skömmu síðar og *káði* úr“. „... og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall...“ (PG; Veðmálið).

Skömmustulegur (l) Niðurlútur; daufur; með sektarkennd. „Hversvegna er tíkin svona skömmustuleg“?

Skömmustusvipur (n, kk) Svipur sem bendir til sektarkenndar/skammar. „Mér sýndist á skömmustusvipnum á tikinni, að hún hefði eitthvað komið nálægt eggjunum“.

Sköndull (n, kk) A. Ílangur hlutur af hverskonar tagi. B. Getnaðarlimur, einkum á hestum, hákarl og öðrum stórum skepnum.

Sköp (n, hk, fto) A. Örlög; það sem áskapað er. „Enginn má sköpum renna“ vísar til þess að enginn getur flúið forlög/örlög sín, samkvæmt forlagatru þeirri sem innbyggð er í m.a. ásatru. B. Ytri kynfæri kvendýra/kvenna.

Sköpulag (n, hk) Mynd; skipulag í gerð. „Eigð þú við þennan netahnút; ég sé ekkert sköpulag á þessu“.

Sköpunarhæfileiki (n, kk) Hæfileiki til að skapa t.d. listaverk. „Sigríður á Láganúpi var gædd einstökum sköpunarhæfileika, eins og verk hennar sýna“.

Skör (n, kvk) A. Rönd; kantur; slá við stigaop. „Hann lagði frá sér næturgagnið á skörina meðan hann þokaði sér ofan stigann“. B. Súð á bát. „Málningin þarf að renna vel í skarirnar“. C. Borðstokkur á skipi. Sbr; *lata til skarar skríða*.

Skör lægra settur (orðtak) Tilheyrir lægri/óæðri hópi/stétt. Vísar til mannvirðinga í skálum til forna. Sjá *pallborð* og *skörin að færast upp í bekkinn og eiga ekki upp á pallborðið*.

Skörðóttur (l) Með mörgum skörðum/vikum. T.d. um fjall, hníf eða ljá. Þjóðtrúin segir að ef vanfær kona borðar með skörðóttum spæni (skörðótttri skeið) muni skarð verða í vör barnsins þegar það fæðist. Sama hefur verið sagt ef vanfær kona borðar af skörðóttum diskum.

Skörin að færast upp í bekkinn (orðtak) Þykir nóg um; gengur helst til langt. „Þá er nú skörin farin að færast fullmikið upp í bekkinn, ef hann þykist geta lokað veginum niður að kirkjugarði“! Orðtakið vísar til setu manna í húsum/skálum að fornu. Fólk sat á upphækkunum við veggina, gegnt eldi sem hafður var til hitunar. Upphækkunin nær veggnum nefndist bekkur, og þar sátu húsbændur og jafningjar þeirra. Lægri bekkurinn, fjær veggnum, nefndist skör og þar sat vinnufólk, börn og annað lægra sett fólk. Vísar orðtakið til þess er óæðra fólk tyllti sér á bekk húsbænda. (HH; Ísl.orðtakasafn). Til var orðatiltæki sem styður þetta: „Líkir sitja sæmilegast bekkinn“.

Sköruglega (ao) Með röggsemi/myndugleik. „Hann stýrði hreppsmálum sköruglega meðan heilsan entist“.

Skörulegur (l) Ákveðinn; einbeittur; duglegur. „Hann var skörulegur forystumaður í félaginu í áravís“.

Skörungsbragur / Skörungsskapur (n, kk) Myndugleiki; reisin; atorka. „Mér finnst lítill skörungsbragur hafa verið á stjórn hreppsmála eftir sameiningu hreppanna, og sumt má að skammlausu kalla aumingjádóm“.

Skörungur (n, kk) A. Teinn sem notaður er til að skara í eldi; þ.e. skafa ösku af eldmat og koma honum í mesta hitann. B. Líkingamál um mann sem þykir einstaklega duglegur/ötull/hetjulegur.

Skötubarð (n, kk) „Vængur“ af skötu, eftir að skorin hefur verið frá miðjan; *hlaunirnar*, með innyflum og kjafti.

Skötulíki (n, hk) Sem líkist skötu. Sagt er að eitthvað sé í *skötulíki* ef það er illa gert; óhönduglegt.

Skötulóð (n, kvk) *Haukalóð* (sjá þar).

Skötumið (n, hk) Mið þar sem vænlegt þótti að leggja haukalóð fyrir skötu.

Skötumóðir (n, kvk) Þjóðsagnakvikindi; risastór skata sem getur af sér mikla skötuveiði. Skötumóðir var sögð hafa verið í Skötutjörnum, sem eru tvær tjarnir uppi á Dalverpi, milli Sauðlauksdals og Keflavíkur. Þjóðsagan segir að á þeim hafi verið stunduð stórútgærd vegna mikillar skötuveiði sem þar hafi verið, og sjái enn til rústa af verbúðum. Dag nokkurn drógu menn þar risastóra skötu og komu henni til lands við illan leik. Eftir það hvarf öll skötuveiði úr Skötutjörnum. (Heimild MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn séra Magnúsar Gíslasonar, prests í Sauðlauksdal 1852-1879).

Sköturass (n, kk) *Hlaunir* skötu; stykki sem skorið er úr og hent þegar gert er að skötu. „Stykkið allt sem losað var frá börðunum (þegar barðað var); bak, kviður og hali. hét einu nafni hlaunir/skötuhlaunir/sköturass“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). (sjá *skata*).

Sköturoð (n, hk) Roð af skötu. Það er alsett göddum, en var nýtt til ýmissa hluta áður fyrr. „Helgi þegar hratt fram gnoð/ og hervæddist sinni brók,/ þá skalf hvert einasta sköturoð/ og skarkolinn andköf tók“ (ÖG; glefsur og minningabrot; formannsvísa um Helga Árnason í Tröð).

Sköturoðshnakkur (n, kk) Hnakkur sem gerður er að einhverju leyti úr sköturoði. „Á Rauðasandi voru saumaðir sköturoðsvettlingar og þeir hafðir utanyfir ullarvettlinga á vetrum við fjárgæslu. Þar var sagt um þann sem var síðastur við verk eða að búa sig, að hann lenti í *sköturoðshnakknum*“ (LK; Ísl. sjávarh. IV; heim; RÍ). Bendir til að einhverntíma hafi slík hnakkasmíði þekkt þar um slóðir.

Sköturoðsvefjur (n, kvk, fto) Flys; flus; fótábúnaður úr sköturoði. „Í vefjur var einungis notað roð af stórri skötu; flenju/gammskötu, og voru oftast tekin af henni nýrri. Roðið var lagt þannig á fótinn að totan, efsti hluti þess, kom fyrir tærnar og undir þær. Það huldi síðan fótinn að ofan og náði upp á legginn. Margbundið var um þessa vestfirsku sköturoðsvefju/flys/flus, sem einkum var höfð til hlífðar í slabbi við útiverk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild m.a. ÁE).

Sköturoðsvettlingar (n, kk, fto) Vettlingar gerðir úr sköturoði. „Á Rauðasandi voru saumaðir sköturoðsvettlingar og þeir hafðir utanyfir ullarvettlinga á vetrum við fjárgæslu. Þar var sagt um þann sem var síðastur við verk eða að búa sig, að hann lenti í *sköturoðshnakknum*“ (LK; Ísl. sjávarh. IV; heim; RÍ).

Sköturóður (n, kk) Róður til að veiða skötu; róður með haukalóð. „Þá ætla ég að segja frá einum sköturóðri með haukalóð“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverji; Niðjatal HM/GG).

Skötuselur (n, kk) *Lophius piscatorius*. Botnfiskur sem lifir í hafinu við Ísland og austar. Var ekki algengur við Vestfirði en virðist fara fjölgandi þar í seinni tíð. Gríðarlega kjaftstór miðað við búkinn. Var ekki nýttur fyrrum, en talinn sælkeramatur í dag. Ugga á kviðnum notar fiskurinn til að ganga á botninum, þar sem hann felur sig í botngróðri. Fiskurinn notar fálmara ofaná höfðinu til að ginna til sín bráð. Karlfiskurinn er miklu minni en kvenfiskurinn, en stærsti skötuselur sem veiðst hefur við landið var 134cm langur.

Skötuskagi (n, kk) Tennur í skötu. „Þegar byrjað var að gera að skötu var farið með höndina upp í kjaftinn, helst með vettlingi til þess að skaða sig ekki á skötuskaganum/tönnunum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Skötustappa (n, kvk) Matur gerður úr kæstri skötu, kartöflum og hnoðmör, sem öllu er hrært saman. „Skötustappa var algengur Þorláksmessumatur um Vestfirði og víðar. Skatan var þá helst ekki kösuð minna en í 2-4 vikur, því best þótti að þefinn legði framúr nefinu þegar hún var etin. Stór skata/lóðaskata þótti best í stöppuna. Eftir suðuna var brjóskið tint úr og hún síðan stöppuð í svo miklu mörfloti að sneia mátti hana niður eins og kæfu.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Skötuveiði (n, kvk) Veiði á skötu. „Skötuveiði er engin lengur á hinum gömlu skötumiðum“

Slabb (n, hk) Blautur snjór á jörð; krap. „Farðu í stígvél drengur, það er slabb á allri leiðinni“.

Slabbsamt (l) Krapí á jörð/leið; bloti. „Farðu í stígvél það gæti orðið æði slabbsamt á leiðinni“.

Sladdar í (orðtak) Heyrist skvamp í; er vætusamt. „Eitthvað sladdar í eggjakútnum“. „Hér sladdar í spori“.

Sladdi (n, kk) Slógmeri; slorugur og óaðgerður steinbítur. „Ég fékk eitt tonn af sladda til að hengja upp“. „Vorafinn var að mestu steinbítur. Hann var ávallt rotaður g slægður um leið og hann var kominn inn í bátinn. Áður en hann var borinn undan sjó var hann vandlega skolaður. Ekki var hann þvegin að lokinni flatningu en þess vandlega gætt að ekki bærist sandur eða slor á *mötuna*. Þótti spilla bragðinu að þvo flattan steinbít. Steinbíturinn var ekki hertur á rámm heldur á grjótgörðum. Þegar hann hafði verið flattur var hann hengdur á einhlaðna garða, en þá er hann var hálfþurr var hann tekinn af þessum gördum og síðan var honum hrygjað á aðra sem voru mun vandlegar hlaðnir en hinir og tvöfaldir að neðan. Um það bil þrjú hundruð voru höfð í hverri hrygju. Þar beið hann skipta, en þau fóru ekki fram fyrr en í lok vertíðar“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). Í seinni tíð hefur steinbítur verið hertur í hjöllum, einkum meðan hann var enn utan kvóta og fékkst fyrir viðráðanlegt verð.

Slaðra (s) Slúðra; segja kjaftasögur; masa. „Það er verið að slaðra með þetta út um alla sveit“.

Slaðrari (n, kk) Sá sem ber út kjaftasögur/slúður; slefberi.

Slaður (n, hk) Slúður; blaður; *kjaftasögur*. „Kanntu ekkert slaður að segja mér“?

Slaðursaga (n, hk) *Slaður*; slúður; *slandur*. „Það er nú varla hægt að leggja trúnað á svona slaðursögur“.

Slafneskur (l) Af austur-evrópskum/slafneskum ættum; sem talar slafneskt tungumál. „Báðir kunnu þeir bræður slafnesk mál; Gunnar Össurason tékknesku og Sigurvin bróðir hans rússnesku“.

Slafra / Slafsa (s) Éta. Notað oftast í nokkuð niðrandi merkingu. „Reyndu nú að slafsa þetta í þig drengur; það er bara *gikksháttur* að éta ekki signa grásleppu“!

Slafra í sig (orðtak) Éta. Einkum notað í niðrandi merkingu. „Ég held að þeim sé fullgott að slafra þetta í sig“. „Maturinn var ekki kræsilegur, en ég lét mig hafa það að slafra hann í mig“.

Slafs (n, hk) Blautfóður; bland sem snætt/drukkið er. „Réttu kálfinum slafsið sitt“.

Slag (n, hk) A. Högg. „Það þurfti bara nokkur góð slög til að rétta járnstöngina“. B. Klukkahljómur. „Klukkan slær eitt slag á hálf tímanum“. Í afleiddri merkingu: „Verkurinn kemur annars slagíð, en svo er ég góður á milli“. C. Magáll af kjötskrokk. „Slögin eru notuð í rúllupylsur eða annað“. D. Hjartaslag; heilablóðfall. „Hann dó víst úr slagi“. E. Um siglingu báts; krus; bógur; leggur. Þegar bát er siglt beitivind (mótvind) er siglt móti vindáttinni, en þó nokkuð til hliðar við hana, í krákustígum og vent á milli. Hver beinn leggur nefnist slag/krus/bógur.

Slag í slag (orðtak) Aftur og aftur; ítrekað. „Þetta gerðist slag í slag“. Vísar til þess að *slaga/krusa* þegar seglskipi er siglt *beitivind*.

Slaga (s) A. Riða; skjögra/reika sitt á hvað í göngu. B. Krusa; sigla beitivind með því að sigla skáhallt á móti honum í krákustígum sitt á hvað, og seglavendingum á milli. C. Sagga; verða rakur af sagga/slagvatni. „Kartöflugryfjan var grafin í jörð, svo veggir slöguðu síður“.

Slaga hátt í (orðtak) Nálkast að verða; nærri því. „Það fer nú að slaga hátt í *postulatöluna*; vantar einn uppá“.

Slagahár (l) Hefur fengið marga *slagi* í spilum. „Í lok *spilakvölda* voru verðlaun veitt þeim sem slagahæst voru; sín *aðalverðlaun* fyrir karla og konur, og sömuleiðis tvenn *skammarverðlaun*“.

Slagari (n, kk) A. Sá sem slær. Var stundum fyrrum notað um sjóræningja/ribbalda. B. Sá sem spilar á ásláttarhljóðfæri. Sbr. trommuslagari; hörpuslagari. C. Dægurlag sem „slegið hefur í gegn“.

Slagaveiki (n, kvk) Eldra heiti á flogaveiki.

Slagbekkur (n, kk) Bekkur/sæti sem unnt er að fella niður og upp, að þörfum.

Slagborð (n, hk) A. Vefjarslag; hluti af vefstól. B. Felliborð; borð sem unnt er að fella niður eða reisa upp. Slagborð var oft í verslunum fyrir tíma kjörbúða, sem unnt var að lyfta til að ganga um. Slagborð var í eldhúsinu í Láganúpsbænum (fyrir 1974), til að unnt væri að stækka það. Oftar nefnt felliborð.

Slagbrandur (n, kk) Hurðarloka. Annaðhvort slá sem lögð er þvert fyrir hurð, í móttök í dyrakörnum; eða minni tittur á innanverðri hurðinni, úr tré/járni, sem rennt er í far/auga í karminum til að loka.

Slaghamar (n, kk) Lítil sleggja; stór hamar sem gefur allmikinn slagkraft.

Slagi (n, kk) Vatn sem þéttist, t.d. á veggjum og rúðum í húsum þegar kalt er úti. *Slagvatn*.

Slagkraftur (n, kk) Afl í höggi/slagi.

Slaglóð (n, hk) Málmur eða málmblanda sem notuð er til að kveikja saman málmhluta. Koparslaglóð er notað til margskonar hluta, stundum blandað t.d. silfri. Silfur- og gullslaglóð eru notuð t.d. í skartgripasmíði.

Slaglóða (s) Kveikja saman málmhluti með hitun og slaglóði.

Slagna (s) Slaga; rakaslá sig; verða rakur. „Það þarf að setja það hey í sérstakan flekk sem hefur náð að slagna í botnunum á göltunum; það þarf lengri tíma til að þorna“.

Slagorð (n, hk) Orð eða orðtak sem ætlað er að vera grípanði/hrífandi. Mikið notuð t.d. af stjórnmálamönnum.

Slagsa (s) Vaða um; slaga; vingsast. „Veðrið er eitthvað að lagast; ætli við förum þá ekki að slagsa í áttina með hrútinn“.

Slagsíða (n, kvk) Um bát; halli vegna ójafnrar hleðslu. „Við þurfum að færa netin dálítið í bátnum svo ekki verði svona mikil slagsíða á honum á *landstíminu*“. Orðið vísar til þess að bátur leggst í annað borðið þegar honum er siglt beitivind; tekið *slag*. Hann liggur þá á slagsíðunni.

Slagsmál (n, hk, fto) Átök milli tveggja eða fleiri manna; bardagi; atgangur.

Slagsmálhundur / Slagsmálaseggur (n, kk) Sá sem oft lendir í slagsmálum/erjum. „Hann er ferlegur slagsmálhundur með víni“.

Slagsylla (n, kvk) Láréttur biti/máttarviður í húsbyggingu, milli stoða, sem þilja/klæðning festist á.

Slagur (n, kk) A. Bardagi; viðureign. „Þeir skildir að áður en rífrildið endaði í slag“. B. Sigling seglskips; leggur; bógur. „Við tókum slag uppundir Bjargið og lögðumst þar í var“. Í líkingamáli: „Við *látum þá slag standa*“. C. Vinningur í spilum; það sem í borði er. „Neisko; þarna fæ ég einn slag í viðbót á trompið“!

Slagvatn (n, hk) Saggi; vatn sem þéttist á yfirborði þegar rakaloft kólnar.

Slagveður / Slagviðri (n, hk) Lemjandi rigning; mikil slydda eða rigning í roki; *slagveðursrigning*. „Kom mönnum saman um að ekkert vit væri í að leggja af stað...í myrkri og slagviðri“ (MG; Látrabjarg). „Sauðfé rýrt vegna smfelldra slagviðra“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56). „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess... Varast þó slagviðri mikil; frost og snögga veðurbreytingu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Slagveðursrigning / Slagveðursúrheili (n, kvk) Mjög mikil rigning/hellirigning/hellidemba þegar hvassviðri fylgir með. „Þoka var á og slagveðursrigning“ (SbG; Að vaka og vinna). „Við lentum í slagveðursúrheili“!

Slagverk (n, hk) A. Sá hluti veggklukku sem slær hljóð við heila og hálf klukkustund. B. Notað í seinni tíð yfir hljóðfæri sem slegin eru í tónlist, s.s. trommur.

Slagpil (n, hk) Pil úr standandi fjöllum sem slegnar/festar eru á þverbita.

Slagæð (n, kvk) Meginæð frá hjarta í bláæðar.

Slaka (s) A. Lina átak. „Slakaðu dálítið á kollubandinu svo við komum bátnum í kerruna“. B. Í bjargsigi; gefa niður vaðinn. „Slakið mér niður á hilluna hér fyrir neðan“.

Slaka á klónni (orðtak) Gefa eftir í máli/verki. „Það má ekki slaka neitt á klónni ef þetta á að lánast“. Vísar til þess að strekkja kló á segli. Kló er efra horn segls, og úr henni liggur klófalur um blökk/trissu ofantil í siglunni í hendur formannsins; einnig var honum oft brugðið undir röng, öðrumegin í skutnum.

Slaka á taumunum (orðtak) Gefa eftir mikið aðhald; verða afslappaðri/vægari í stjórnun.

Slaka til með (orðtak) Um málefni; gefa eftir; samþykkja. „Ætli maður slaki ekki til með það að þú hafi r rétt fyrir þér í þetta sinn“.

Slaki (n, kk) A. Linka. „Það er einhver slaki í norðanáttinni þessa stundina“. B. Bugt/eftirgjöf á bandi/vað. „Takið af slakann strákar“!

Slakki (n, kk) Laut; geil. „Gáðu vel upp í slakkann í hlíðinni, hvort þar leynist fé“. „Stór slakki er þarna utanvið, niður í klettana, og heitir það Undirlendi“ (IG; Sagt til vegar I).

Slaklega (l) Linlega; fremur illa. „Hann stóð sig slaklega á prófinu“.

Slaklegur (l) Lélegur; aumur. „Aflinn er slaklegur það sem af er, en það gæti breyst núna í stórstrauminn“.

Slakna (s) A. Um átak; linast. „Stattu klár að því þegar slaknar á vaðnum“! B. Um frost; þiðna. „Það verður að láta fiskinn slakna til að hann náist í sundur“. C. Um vindátt; linast. „Eitthvað er að slakna á ofsanum“.

Slakur (l) A. Linur; laus; ekki hertur. B. Lélegur; ekki harður. „Þetta er slakur árangur“.

Slakur árangur (orðtak) Ekki góður árangur.

Slakt fóður (orðtak) Ekki kjarngott fóður.

Slampandi (l) Um ökuferi/sjóveður; rétt viðunandi; unnt að komast. „Ekki get ég nú sagt að þetta sé rennibliða, en kannski slampandi“.

Slampast (s) Sleppa fyrir horn; reddast. „Ég rétt slampaðist við að ná prófinu“. „Þetta slampast furðanlega“. Sjá *þetta slampast einhvernveginn*.

Slams (n, hk) Samsull; grautur; hræringur. „Yrðlingurinn át slamsið, og líkaði vel“.

Slamsa (s) Háma; éta af græðgi. „Maður er fljótur að slamsa í sig tíu eggjum“.

Slandur (n, hk) Slúður; kjaftasaga. „Kanntu ekkert slandur að segja mér“? Orðið finnst ekki í orðabókum.

Slang (n, hk) A. Innyfli úr sláturfé. Orðið var ekki notað á svæðinu um innyfli úr fiski, eins og sumsstaðar tíðaðist; þau voru nefnd *ræksni* eða *slóg*. „Það þarf að grafa slangið eftir að búið er að hirða úr því mótuna“.

Slanga (n, kvk) A. Skriðkvikindi sem ekki lifa í íslenskri náttúru. B. Mjúk pípa til að leiða vökva. C. Slöngva; vopn til að kasta steinum eða öðrum skotum. D. Net sem búið er að ríða en ekki að fella á teina. E. Kringlóttur gúmmihólkur sem settur er í dekk ökutækis til að halda lofti í því.

Slangra (s) Slaga; ganga óstöðugur. „Ökulagið var svipað og göngulag karlsins; billin slangraði milli kanta“.

Slangur (n, hk) A. Slæðingur; lítið magn. „Það er slangur af fé á Stignum“. B. Ónöfn; ótæk orð; orð sem ekki eru fallin að hefðbundnu máli.

Slankbelti (n, hk) Lífstykki; aðhald til að þrýsta inn mittiskeppum.

Slap (n, hk) Linka; slaki; það sem hangir/slapir. „Það þarf að taka allan slapa úr yfirbreiðslunni“.

Slapa (s) Lafa; hanga; slúta. „Þegar þú ferð eftir ganginum þarftu að gæta þín á grastorfunni sem slapir þarna fram yfir úr næsta gangi fyrir ofan; hún gæti hrunið niður“.

Slappelsi / Slappleiki (n, kk) Linka; veikindi; vesöld. „Það er enn einhver árans slappleiki í mér eftir pestina“.

Slapplegur (l) Slappur; linur; veikullegur; slenjulegur. „Ári ertu eitthvað slapplegur í dag“.

Slappna (s) Verða slappara/lakara/máttlausara/veikara; hraka. „Votheysveikikindinni hefur heldur slappnað“.

Slappur (l) Máttlaus; veikur; linur; sloj; latur. „Maður er enn fjári slappur eftir veikindin“.

Slark (n, hk) A. Erfið ferð; svaðilför. B. Drykkjuskapur; ólifnaður; ófriður.

- Slarka** (s) A. *Slarkast*; geta naumlega; nægja. „Við erum orðnir tæpir með bensín, en það slarkar kannski í land“. B. Vera drukkinn; stunda drykkjuskap.
- Slarkandi** (l) Polanlegt; hægt að komast af með það. „Þetta er svona slarkandi sjóveður, en það verður asskoti mikill veltingur á okkur“. Orðið virðist ekki hafa verið notað annarsstaðar í þessari mynd.
- Slarkast** (s) *Sluddast*; geta/framkvæma naumlega/ með erfiðismunum/ á einhvern hátt. „Einhvernvegin slarkaðist hann upp á brún, en hvorki hann né aðrir gátu botnað í því ferðalagi eftir“.
- Slarkferð** (n, kvk) Ferðalag þar sem mikið reynir á/hætt er við áföllum/erfiðleikum. „Það er hætt við að þetta geti orðið slarkferð, eins og veðurútlitið er núna“.
- Slarkfær** (l) Um það sem hugsanlega getur gengið en þó með erfiðismunum eða illa. „Vegurinn er slarkfær“. „Það er nú ekki meir en svo slarkfært sjóveður“. „Ég er svona slarkfær í þýsku“.
- Slarkróður** (n, kk) Róður í slæmu sjólagi/veðri. „Svona slarkróðrar skila litlu miðað við áhættu og fyrirhöfn“.
- Slarksamt** (l) Um ferðalag/verk;erfitt; hættulegt; kuldalegt; hætt við ágjöf/stórsjó. „Það var æði slarksamt að sigla fyrir Blakkinn í þessu sjólagi“.
- Slarkveður** (n, hk) Vont veður; nærri ófært veður.
- Slasa sig** (orðtak) Meiða sig mikið; verða fyrir slysi. „Slasaðu þig ekki á þessu bévítans þríli“!
- Slasaður** (l) Mikið meiddur; mjög sár.
- Slaufa** (n, kvk) A. Hnýting á bandi/reim þannig að tvær lykkjur verði í hnútnum, en hann er leystur með því að draga aðra þeirra út. Einnig skraut sem minnir á slíkt. B. Hálstau sem stundum er borið í bindis stað.
- Slattatunna** (n, kvk) Hrognatunna sem ekki er full. „Við notum þessa slattatunnu til áfyllingar á aðrar“.
- Slatti** (n, kk) Skammtur; dálítið magn. „Það er kominn slatti í miðrúmið“ „Við sameinum þessa slatta í eitt“.
- Slá** (n, kvk) A. Skör; *loftslá*. Á tvílyftum húsum er þetta notað yfir skörina ofan við stigann. „Farðu upp á loft og sæktu kassann. Hann er á slánni, rétt við stigagatið“. B. Þverbiti, t.d. undir fjárhúagrind; *grindaslá*.
- Slá** (s) A. Lemja. „Sláðu vel niður staurana“. B. Slá gras til heyja. „Hann fór tók orfið og sagðist ætla að fara að slá uppi í Urðum“. „Kollsvíkursystur; Halldóra og María Torfadætur, slógu. Annars var ekki algengt að konur væru við slátt, en þær systur misstu föður sinn ungar en voru þó elstar af systkinum, en enginn karlmaður til a slá“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). C. *Slá til baka*. Vélar sem snúnar voru í gang með handafli gátu átt það til að kveikja á vitlausum tíma og slógu þá í öfuga átt. „Farmallinn sló mig svo *duglega* að ég er hálf *handlama* á eftir“. D. Um bakslag haglabyssu: „Ég hélt byssunni ekki nægilega þétt að, svo hún sló mig illyrmislega“.
- Slá að** (orðtak) Ofkælast. „Klæddu þig vel og láttu ekki slá að þér þegar þú ert með þennan hitaslæðing“.
- Slá af** (orðtak) A. Drepa; slátra; stytta aldur. „Ef votheysveikisrollan fer ekkert að taka föður, þá þýðir ekkert annaðen slá hana af“. B. Lækka verð; veita afslátt. „Hann sló dálíti af timbrinu eftir að ég benti honum á að kíkja fjalirnar“. C. Minnka ferð/vinnu/álag o.fl.. „Þú keyrir með fullri ferð, en verður viðbúinn að slá af þegar ég segi þér, og sjáðu um að húsið sé vel lokað“ „Bátinum var vikið leiftursnöggt. „Sláðu af“! kvað við úr skutnum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). D. Útiloka; hætta við. „Hann sló alveg af þessa skemmtiferð; sagði að nú lægi meira á að nýta þurrkinn við heyskap“. Sjá *afslegið*.
- Slá af sér** (orðtak) Klúðra tækifæri; semja af sér. „Ég held að hann hafi slegið af sér þegar hann seldi jörðina. Þetta var smánarverð“.
- Slá á** (orðtak) Minnka. Var notað í ýmsum tilgangi: „Lyfið er byrjað að slá á verkina“; „Aðeins er farið að slá á lætin í krökkunum“ „Þegar líða tók að morgni fór að slá svolítið á mesta ofsann“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Slá á léttari strengi** (orðtak) Taka upp léttara hjal/tal; hætta að ræða alvarleg efni. „Eftir þessa áminningu sló hann á léttari strengi“. Líking við leik á strengjahljóðfæri.
- Slá bandi um** (orðtak) Binda utanum; binda að. „Hann pakkaði þessu vel inn og sló svo bandi um pakkann“.
- Slá botninn í** (orðtak) Ljúka; enda. „Nú held ég að við förum bráðum að slá botninn í þessa *grásleppuvertíð*“. Vísar til þess að slá botn í trétunnu og festa hana með gjörðum.
- Slá brýnu** (orðtak) Slá teig milli þess að ljár er brýndur.
- Slá eign sinni á** (orðtak) Eigna sér; sölsa undir sig; stela; fá. „Ég sló eign minni á þennan planku, fyrst enginn annar vildi hirða hann“.
- Slá feilpúst** (orðtak) Um vél; missa takt; ganga óreglulega. „Vélin kjaftaði alla leið í land og sló ekki feilpúst“.
- Slá felmtri á** (orðtak) Fyllast skelfingu; verða óttasleginn. „Sló nú felmtri á háseta Ólafs og féllust þeim hendur, er þeir sáu manninn drukkna fyrir augum sér“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látramanna).

- Slá flötu (við báru)** (orðtak) Um bát; leggjast með hlið móti báru. „...því ekki má strax slá flötu við bárinni“ (KJK; Kollsvíkurver). „Ekki mátti samt slá flötu svo ég hafði árar á keypum til að reyna að halda bátnum réttum fyrir báru ef vélin stoppaði“ (ÖG; Fiskiróður). „Svo missir Björgvin út aðra árina þegar við vorum komnir nokkuð grunnt uppá; og náttúrlega þegar átakið kom á annað borðið sló flötu. Það var kallað að slá flötu þegar skekktist báturinn og hann flatur fyrir bárinni“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Brimíð slær nú bátnum flötum“ (BJ; Brimlending í Kollsvík).
- Slá fram** (orðtak) Um málefni/fullyrðingu/tillögu; setja fram; leggja til. „Ég sló því fram hvort við ættum ekki að nýta *kjörin* og fara í róður“.
- Slá framá** (orðtak) Um bát; renna framávið undan báru. „Þetta er hörð og tvísýn baráttu. Þeir koma í veg fyrir að bátnum slái framá, því gerist það þá er öll von úti“ (BJ; Brimlending í Kollsvík).
- Slá framúr** (orðtak) A. Slá alla leið í spildu. Það er best að slá þetta stykki alveg framúr“. B. Slá ljá fram úr orfi, þannig að hann losni. „... hann slær ljáinn framúr og gengur móti nautinu...“ (TÖ; viðtal á Ísmús 1978)
- Slá (einhverju) frá sér** (orðtak) Hafna; falla frá. „Ég fékk gott tilboð í bátinn en sló því frá mér og ætla að eiga hann“. Sjá einnig *berja/slá frá sér*.
- Slá fyrir** (orðtak) Um vind; leggja fyrir fjall, núp eða aðra hindrun. „Hann sló ansi miklum kviðum fyrir Blakkinn, en annars var þokkalegt næði þarna við Straumskerði“.
- Slá fyrir brjóst/vit** (orðtak) Standa á öndinni vegna ólyktar. „Bölvuð pest er af þessu; manni slær fyrir brjóst“!
- Slá fyrir (hunda)heppni / Slá fyrir slembilukku** (orðtak) Vilja heppilega til; *vilja til happs*. „Það sló fyrir heppni að ég var með góðan vasahníf, svo ég gat skorið á ullarflókana og hrúturinn losnaði úr gaddavírslækjunni“. „Nú sló fyrir slembilukku; ef ég hefði ekki gripið í eggjakútinn hefði hann oltið um“!
- Slá fyrir vit** (orðtak) Lykt leggur að nefi. „Þegar ég kom fyrir húshornið sló fyrir vit mér ilmandi kleinulykt“.
- Slá föstu** (orðtak) Telja öruggt/tryggt; ganga útfrá. „Ég sló því föstu að hann væri farinn út og læsti húsinu“.
- Slá (einhverjum) gullhamra** (orðtak) Bera lof á; hrósa. „Hann var ekki mikið fyrir að slá neinum gullhamra, og allra síst í þeirra áheyrn“.
- Slá hendi á móti** (orðtak) Hafna; vilja ekki þiggja þegar boðið er. „Ég slæ aldrei hendinni á móti vel kæstri skötu“! „Mér þótti ástæðulaust að slá hendinni á móti þessu boði“.
- Slá í** (orðtak) Úldna lítilllega; verkast; *lágna; breyta bragði*. „Mér þykir egginn öllu betri þegar farið er að slá í þau“ sagði gamla konan, „...og þau breyta sér fyrir í hlýjunni“ (MG; Látrabjarg).
- Slá í bakseglin** (orðtak) A. Bókstafleg merking; þegar vindur kemur öfugu megin í segl báts. „Þegar þeir komu uppundir Bjargtanga... sló í baksegl og hvolfdi bátnum á svipstundu“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Í Líkingamáli; koma afturkippur í; lenda í mótlæti. „Honum gekk vel framan af, en svo sló eitthvað í bakseglin“. Líking við það að vindur kemur öfugu megin á segl báts.
- Slá í bardaga/brýnu** (orðtök) Verða slagsmál/rifriðli/illdeilur. „Í nokkra brýnu sló með ræðumönnum“.
- Slá í logn** (orðtak) Detta í logn/dúnalogn; lygna skyndilega.
- Slá í miðju grasi** (orðtak) Nýta illa það sem fyrir hendi er; t.d. vinna illa að mat sínum. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Slá í múga** (orðtak) *Múga*; slá þannig að grasið hrannist saman í múga/garð um leið og slegið er.
- Slá í stans** (orðtak) Um sjávarföll; verða fallaskipti/snúningur. „Það fer að slá í stans fljótlega; hann gæti *gefið sig* betur *til* á upptöku norðurfallsins“.
- Slá í sundur** (orðtak) Taka í sundur. „Ég sló kassann í sundur og naglhreinsaði viðinn“.
- Slá í þurrkinn** (orðtak) Slá gras til að nýta þurrk/þurrviðri sem fyrirsjáanlegur er, þó ekki sé kominn.
- Slá niður** (orðtak) A. Heilsa versnar: „Honum var farið að batna í gær en sló aftur niður í dag“. B. Sjólag batnar: „Þegar eitthvað slær niður er báturinn dreginn hröðum höndum til lands“. (KJK; Kollsvíkurver). C. Vindi slær niður um reyk háf svo reykur berst inn í húsið. „Nú hefur slegið niður um skorsteininn“. D. Slá mikið af túnum í einu. Vanalega var reynt að *hafna ekki mikið undir* í einu í heyskap, nema að *rakinn þurrkur/rakin* norðanátt væri fyrirséð. E. Lægja veðurhæð/vind; hægja. „Hann sló dálítið niður meðan hann skipti áttinni, en svo setti hann á sama belginginn af austri“.
- Slá niður eldingu** (orðtak) Um það þegar elding sést/ kemur niður í þrumuveðri. „Eldingum sló ítrekað niður í jarðsimann yfir Hænuvíkurháls svo leggja var hann af eftir fárra ára starfrækslu, og setja upp örbylgjusíma“.
- Slá niður falli** (orðtak) Minnka norður- eða suðurfall; hægja sjávarfall; *kippa úr falli*. „Ég held að við ættum bara að huga að nestinu meðan hann slær niður mesta fallinu“.

- Slá niður í höfuð** (orðtak) Fá hugmynd; muna eftir. „Ég var rétt að *festa svefn* þegar því sló allt í einu niður í höfuð mér hvar hnifurinn gæti verið“.
- Slá niður straum** (orðtak) Verða fallaskipti; draga úr sjávarfalli; taka úr. „Eitthvað er hann farinn að slá niður straum; hann kannski fer þá að gefa sig meira til“. Sjá *vekja straum*.
- Slá óhug á** (orðtak) Verða smeykur/hræddur; fyllast andúð/hryllingi. „Nokkrum óhug sló á mig þegar ég hugsaði um þetta“.
- Slá/slökkva niður róðri/róðrum** (orðtök) Hætta róðrum; gera hlé á róðrum. „Hver landlegustund var notuð við heimilisstörf. Stundum var karlmaður allt sumarið við heyrinu og stundum var slegið niður róðri ef þurfti að þurrka mikið hey“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Slá ryki í augu** (orðtak) Blekkja; dylja. „Þessi lygasaga virðist búin til í þeim tilgangi að slá ryki í augu þeirra sem ekki þekkja nægilega til hins rétta“. Vísar til þess að þyrlla upp ryki til að leynast í bardaga.
- Slá saman** (orðtak) Smíða; negla/reka saman. „Ég sló saman kassa utanum þetta“.
- Slá saman (línur)** (orðtak) Um það þegar símalínur í lofti flækjast/slást saman, þannig að símasamband versnar eða dettur út. Þetta gerðist helst í miklu hvasvæðri eða þegar losnað hafði af staurum, og nefndist samsláttur. „Nú hefur slegið saman; rétt eina ferðina enn“.
- Slá sér á** (orðtak) Kaupa; festa kaup á. „Einn bóndi hætta búskap; Ingvar Guðbjartsson í Kollsvík... jarðakaupasjóður sló sér á kotið, en býr ekki“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).
- Slá sér niður / Slá sér til rólegheita** (orðtak) Gista yfir nótt eða nokkra daga; setjast að um stund; fá gistingu; halda kyrru fyrir. „Ég held ég þiggi boðið og slái mér bara til rólegheita; mér liggur ekki svo mikið á“. „Liggur ykkur nokkuð á til baka í dag? „Viljið þið ekki bara slá ykkur til rólegheita og gista í nótt““
- Slá sér niður til langdvalar** (orðtak) Setjast upp; dvelja lengi þegar maður er gestkomandi. „Viltu bara ekki slá þér niður yfir nóttina“? „Ég ætlaði nú ekki að slá mér niður til langdvalar“.
- Slá sér saman** (orðtak) Sameinast um t.d. ver eða kaup. „Því nú voru þeir búnir að kaupa vélbát (Fönið yngri) sem hafður var til allra flutninga fyrir þá sem reru í Kollsvík. Áður þurftu bátarnir að slá sér saman, þannig að annar fór eftir salti en hinn reir með lóðir beggia“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurvei).
- Slá sér til rólegheita** (orðtak) Fara ekki strax af stað aftur; dvelja um stund þar sem maður er kominn; *beiðast gistingar*. „Liggur þér nokkuð á til baka? Ég held þú ættir bara að slá þér til rólegheita til morguns“.
- Slá sér upp** (orðtak) A. Sigla bát í átt til lands. „Við ættum kannski að fara að slá okkur meira upp, ef hann heldur áfram að auka þennan typping“. B. Vinna sig í álit. „Heldur sló hann sér upp með þessu; það eru ekki allir sem fá svona hrós frá verkstjóranum“. C. Um samdrátt stráks og stelpu. „Hann hefur víst verið að slá sér eitthvað upp með heimasætunni af næsta bæ“.
- Slá sig** (orðtak) Sagga. „Það er of lítil kynding á geymslunni í frostinu; veggirnir eru farnir að slá sig innan“.
- Slá skjaldborg um** (orðtak) A. Um orrustu; liðsmenn raða sér hlið við hlið, láta skildi sína skarast og snúa að andstæðingi til að verja liðið. B. Líkingamál um það þegar margir sameinast um að verja málefni. „Heimamenn reyndu að slá skjaldborg um barnaskólann í sveitinni, en voru ofurliði bornir“.
- Slá slöku við** (orðtak) Gefa eftir; gera/sinna ekki af fullum krafti; linast; minnka vinnukergju; verða hirðulaus. „Það má ekki slá slöku við með þetta“. „Það dugir ekki að slá slöku við námið“! Líkingin vísar til siglingar báts; þegar ekki er strekkt nægilega á stögum eða kló, þannig að segl verða slök og virka *ekki sem skyldi*.
- Slá striki yfir** (orðtak) Strika út; eyða; gleyma. „Hann sagðist tilbúinn að slá striki yfir þessa smáskuld ef ég hjálpaði honum að smala í einn dag“.
- Slá svita um** (orðtak) Svitna. „Köldum svita sló um mig þegar ég hugsaði til þess hvernig þetta hefði getað farið“.
- Slá til** (orðtak) Fallast á að gera; leggja úti; þiggja. „Hann bauð mér þetta og ég sló til“.
- Slá til baka / Slá** (orðtak/s) Um vél sem snúið er í gang; kveikja á röngum tíma, þannig að vélin snýst öfugt, brot úr snúningi, og af miklu afli. Þarf að vara sig á þessu við gangsetningu, en af því hafa hlotist fingurbrot o.fl. Sjá *bakslag*.
- Slá til beitar** (orðtak) Notað í háði um það þegar illa er slegið. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Slá tvær flugur í einu höggi** (orðtak) Ná tvöenskona árangri í einni tilferð.
- Slá /einhvern) um lán/peninga** (orðtak) Biðja einhvern um lán/peninga.
- Slá um sig** (orðtak) Hreykja sér; vera montinn. „Þú getur heldur betur slegið um þig eftir þennan árangur“.
- Slá undan** (orðtak) A. Snúa skipi og sigla undan vindi; *slá við*; *halda undan*. B. Líkingamál; gefa eftir í deilumáli; láta af stífnipversku. „Hann kom með svo góð rök í málinu að ég neyddist til að slá undan“. C.

Opna ventla á dísilvél. Erfitt getur verið að snúa í gang dísel-ljósavélum, sem voru á hverjum bæ áður fyrr; flestar Lister-vélar. Til að auðvelda gangsetningu var ofaná þeim handfang til að slá undan ventlum; þ.e. setja ventla véllanna í óvirka stöðu, til að hindra þjöppun meðan náð var snúningi á kasthjólíð. Síðan var slegið að; handfangið fært til aftur, þannig að ventlar lokuðust reglulega og vélin þjappaði; og átti þá að hrökkva í gang. Til að auka þjöppun vélarinnar var þjóðráð að *snafsa* hana.

Slá undir (orðtak) A. Um skýjafar; léttu undir skýjabakka. „Mér sýnist að hann sé eitthvað farinn að slá undir þennan dumbung til hafsins“. B. Taka nýjan hlut í notkun. „Hann sló undir nýjum traktor fyrir sumarið“.

Slá (einhverju) upp í kæruleysi (orðtak) Bregða útaf áætlun; fara úti óvissu; gera það sem ekki var ætlað; gera það sem einhver gæti talið óábyrgt/kæruleysi. „Við erum nú *komnir* þokkalega fyrir vind með heyskapinn. Ég held við ættum að slá þessu upp í kæruleysi og fara í róður á morgun, ef stillan helst áfram“.

Slá upp tjaldi/veislu/dansleik o.fl. (orðtök) Reisa tjald; halda veislu/dansleik o.fl.

Slá upp tunnu (orðtak) Taka lok af tunnu, til þess m.a. að unnt sé að þvo hana eða *útvatna*. Þá er botngjörðin af annarri lögginni slegin upp af með *tunnujárni* eða díxil og slakað á hinni gjörðinni. Þá má slá lokið niður úr falsinum þannig að það *sporðreisist* og taka það síðan uppúr.

Slá/leggja upp þoku (orðtak) Koma með þoku yfir. „Hann gæti lagt upp þoku seinnipartinn í dag“.

Slá uppá einhvern (orðtak) Slá gras yfir landamerki. Sumsstaðar þar sem bæir standa þétt, t.d. á Hvallátrum og Lambavatni, er túnum skipt í samliggjandi bletti/skækla. Verður þá að vanda sig við slátt og gæta að merkjum, til að ekki sé slegið á annarra manna landi; slegið uppá aðra.

Slá utanum (eitthvað/einhvern) (orðtak) Smíða kassa/kistu utanum eitthvað/einhvern.

Slá/lemja/berja (einhvern) utanundir / Gefa (einhverjum) utanundir (orðtak) Gefa á kjaftinn; slá á kinn einhverjum t.d. í slagsmálum/deilum. „Ég átti bágð með mig að slá hann ekki utanundir fyrir hortugheitin“!

Slá úr (orðtak) A. Taka ljá úr *orfi*. B. Breiða úr fúlgum/haugum/föngum af heyi þegar galtar/garðar eru breiddir til þerris. Slegið er úr með höndum, kvíslum eða hrífum.

Slá úr og í (orðtak) Vera óákveðinn/ *á báðum* áttum/tvístígandi; *hvorki hrár né soðinn*. „Ég myndi ekki treysta á hann með þetta. Hann sló úr og í; sagði í öðru orðinu að þetta væri bráðsnjallt, en fann því allt til foráttu í hinu“. „Hann sló bæði úr og í með þetta“.

Slá úr sér A. Bátur getur slegið úr sér ef hann heggur/rennur harkalega í báru; fær á sig ólag eða steytir við land svo að *gefst upp* á saumum; rær dragast til sem eru hnoðaðar á sauminn, með þeim afleiðingum að báturinn fer að leka. Þá getur saumur gefið sig eða borð sprungið, einkanlega ef lélegt er. B. Vél getur slegið úr sér ef hún fær of sterka eldsneytisblöndu eða fer á yfirsnúning. Þá geta slitnað vélboltar; brotnað stimpill eða *deksel* gefið sig.

Slá út (orðtak) A. Setja út spil í spilum. „Sláðu út“. B. Slá einhvern í rot; koma einhverjum úr jafnvægi. „Hann lét þetta ekki slá sig út“. C. Um rafkerfi; sjálfvar/öryggi rýfur samband. „Það sló út þegar ég kveikti á eldavélinni“.

Slá útaf laginu (orðtak) Trufla; rugla. „Hann lét þetta ekki slá sig útaf laginu“. Líklega vísun til þess að árar rekast saman þegar tveimur eða fleiri er róið á sama borð. Góður ræðari lætur aðra ekki slá sig svo glatt útaf áralagi sínu.

Slá úti aðra sálma (orðtak) Breyta um umræðuefni. „Í hvert sinn sem ég reyndi að leiða talið að þessu efn,i sló hann úti aðra sálma; eins og hann væri ekki tilbúinn að ræða það“.

Slá úti fyrir (orðtak) Rugla; verða elliaer. „Það er nú eitthvað farið að slá úti fyrir gamla mannum“.

Slá varnagla (við) (orðtak) Setja varúðarreglu/skilyrði; *hafa fyrrvara* á; lofa/samþykkja með skilyrðum. „Hann bjóst við að geta smalað þetta með okkur, en sló þó þann varnagla að það væru allir að leggjast í pest á heimilinu, svo það gæti breyst“. Varnagli er nagli sem festir var/blað á reku/skóflu.

Slá við (orðtak) A. Batna af veikindum; *réttu úr kútnum*; hressast; *hjarna við*. „Mér sýndist að henni væri töluvert farið að slá við; hún var farin að *halda haus*“. B. Fitna; *bæta utaná sig*. „Ansi finnst mér að þér sé að slá við í seinni tíð“! Sjá *slást við*. C. *Venda* seglum þegar sigldur er beitivindur á seglskipi. Stundum notað um að *slá undan*; þ.e. breyta stefnu frá beitivindi í lens. D. Gera betur en sá sem borið er saman við. „Ég var ögn skárri en hann í lestri, en hann sló mér alveg við í reikningi“. E. Slá einhverju utaní fastan hlut; dangla. „Mávurinn var ekki alveg *dauðskotinn*, svo ég sló honum við áður en ég bar hann að Byrginu og *lagði* hann til hjá hinum“.

Slá vopn úr höndum (einhvers) (orðtak) Gera einhvern ófæran um að sækja fram eða verjast í máli. „Með ræðunni sló hann öll vopn úr hendi andstaðinganna“.

Slá þögn á (orðtak) Hljóðna; þagna. „Þögn sló á hópinn við þessi tíðindi“.

Sláandi (l) A. Um gras; unnt að slá vegna sprettu eða aðgengis. „Gamla túnið er alveg orðið sláandi núna“. B. Furðulega; svo manni bregður/*hnykkir við*. „Þeir frændur eru sláandi líkir“.

Slánalegur (l) *Renglulegur; luralegur; klunnalegur; luralegur*. „Væri hrúturinn vænni; ekki svona slánalegur, myndi ég setja hann á“.

Sláni (n, kk) Stór einstaklingur; ekki endilega þéttur á velli; klunni; stórbeinóttur maður/skepna. „Þetta var stór og *slyttingslegur* sláni“. „Þessi sláni var svo sem ekki beisinn til vinnu“.

Slápur (n kk) A. Stórvaxinn fiskur; gollþorskur; stór steinbítur. „Ég dró nokkra ári mikla slápa á þessu reki, en þeir voru ansi horaðir“. B. Í líkingamáli um stórvaxinn mann.

Slást í för með (orðtak) Verða samferða. „Hann var undireins til í að slást í för með okkur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Slást svo til (orðtak) Vilja svo til; fara á þann veg. „Það gæti slegist svo til að ég þyrfti að fara suður“.

Slást til (orðtak) Sveiflast; dingla.

Slást við (orðtak) Fitna; bæta á sig holdum. „Kálfarnir verða fljóttir að slást við í þessari beit“. Ekki hafa sést eða heyrst dæmi um orðtakið annarsstaðar en það var heimafólki tamt á svæðinu.

Slátra (s) Aflífa; slægta; drepa; lóga. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi; semsé að slátra lambinu og vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).

Slátrun (n, kvk) Aflífun; dráp. Fyrir á tímum fór öll slátrun búfjár fram heima á hverjum bæ fyrir sig. Enginn var góður búmaður nema hann gæti lógað skepnum sjálfur og nýtt afurðirnar á viðunandi hátt. Samhjálp var þó alltaf um smalanir og eflaust hafa menn alltaf einnig hjálpast að við slátrun að einhverju marki. Eðli sínu samkvæmt fer slátrun helst fram á haustin, þegar dilkar hafa notið sumarþeir og áður en þeir fara að leggja af um vetur og ganga á hey. Sömuleiðis var stórgripum og gamalám lógað af fódrum ef þeirra gerðist ekki þörf eða ef harðindi kölluðu á meiri matarforða en til var að vetrarlagi. Á síðari tímum, þegar fjölgaði í fjáreign hvers bónda, jókst þörf þess að standa sameiginlega að slátrun, um leið og neyslubörf heimila jókst og kallaði eftir meiri aðföngum. Þá spruttu upp pöntunarfélag, sláturfélög og kaupfélög um allt land sem höfðu það að meginmarkmiði annarsvegar að standa fyrir sameiginlegum innkaupum og hinsvegar að standa fyrir samhjálp bænda um slátrun búfjár og koma afurðum í verð. Þessi tvö atriði fóru ágætlega saman, þar sem bændur lögðu inn afurðir sem þeir þurftu ekki til eigin nota og gátu þá tekið út á þær vörur gegnum sláturfélagið /kaupfélagið. Tvö slík félagssvæði voru í Rauðasandshreppi; annað á Rauðasandi og Innfirðinum og hitt sem náði yfir Örlygshöfn, Bæi og Útvíkur. Í síðustu sjálfstæðu mynd sinni nefndist það Sláturfélagið Örlygur; með verslunar- og sláturhús á Gjögurum. „Meðan slátrun fór fram heima á bæjunum var fénu lógað í síðari hlut orktobermánaðar... Fyrsti vetrarmáðnuðurinn að fornu hét gormánuður og ber nafn af sláturtíðinni, því gorið hafði þá verið skilið eftir á blóðvelli og bar vitni um slátrunina. Blóðvöllurinn var sléttur grasbali. Aður fyrr var féð skorið á háls, en síðstu áratugina rotað eða skotið. Blóðið var látið renna í sérstakt ilát meðan verið var að skera hausinn af kindinni og var hrært í því á meðan svo það storknaði ekki. Síðan voru fætur skornir af kindinni (hæklað) og pungur af hrútum og jógur af ám. Þá var skinnið/gæran skorið upp innan á bógnum og frá bringu fram á háls; það heitir að rista fyrir. Að því búnu var kindin flegin, en þá var gæran losað af skrokknum með því að þrengja hnefa annarrar handar milli gærunnar og skrokksins en halda á móti í gærunna með hinni hendinni. Þegar búið var að flá allan kviðinn var gæran rist sundur eftir endilöngum kviðnum og brett til beggja handa og síðan flegið það sem eftir var; nema skrokkurinn var látinn vera fastur við gæru á hálsi og aftur við rófunu/á tortunni. Því næst var kviðurinn opnaður. Áður var algengt að skerafrá í einu lagi magálinn, sem er kviðurinn allur, frá bringu og rifjahylki afturundir læri og upp undir hrygg. Magálar voru soðnir stutt; saltaðir og settir í reyk. Ef ekki var skorinn magáll var ristur skurður þvert fyrir aftan bringu og síðan á kviðinn miðjan; frá bringu og afturúr. Þá var hægt að fara innani, eða taka innanúr kindinni. Byrjað var að taka innanúr kviðarholi. Fyrst var mörinn tekinn utan af vömbinni og öðrum mögum og lagður á gæruna. Þessi mör heitir netja. Þá var losað um vélindað í hálsinum og hnýtt fyrir það; og vömbin og hinir magarnir losaðir innanúr kviðarholinu. Vélindað var dregið niður í gegnum þindina og látið fylgja vömbinni, sem og miltað. Næst var blágirnið (garninn) rakið úr kindinni; byrjað á botnlanganum og endað þar sem blágirnið liggur frá vinstrinni. Þegar vanur maður rakti blágirnið gekk það mjög fljótt; eins og verið væri að rekja upp sokkbol. Ekki mátti slíta görnina þegar hún var rakin, því þá spýttist gor úr gönninni yfir mör og kjöt. Næst var botnlanginn losaður frá garnmörnum. Þá var komið að ristlinum, sem nú var losaður úr, ásamt öllum garnmörnum; ristlinum fylgdi brisið, endagörnin, hlandblaðran og legið (krókasteikin). Haldnblaðran ar oftast skorin frá strax og fleygt, en stundum var hún blásin upp og látin þorna og höfð fyrir leikfang eða til veðurspádóma. Þá var nýrnamörinn með nýrum næst tekinn úr. Nú var þindin skorin úr skrokknum og barki, lungu, hjarta, þind og lifur tekið úr í einu og látið hanga saman. Gallið var losað af lifrinni og því oftast fleygt, en stundum notað til litunar. Skorinn var krossskurður í hjartað til að hleypa úr því blóði sem þar var eftir. Þar með var búið að taka allt innan úr kindinni og þá var skrokkurinn hengdur upp og breitt úr gærunni til að láta hana kólna“ (Stefán

Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá einnig; *sláturgerð; hækla; sundra*. „Við slátrunina unnu eingöngu bændur af félagssvæðnu og þeirra heimafólk...“ (PG; Veðmálið).

Slátta (n, kvk) A. Það sem slegið er af túni, sbr dagslátt. B. Það sem gert/slegið er af mynt, sbr myntslátta. Einnig notað um vinnustaðinn þar sem mynt er slegin.

Sláttufólk (n, hk) Fólk sem fyrrum hjálpaðist að við slátt; þ.e. sláttumenn og rakstrarfólk.

Sláttulag (n, hk) Aðferð við slátt með orfi og ljá. Sláttulag manna gat verið æði misjafnt.

Sláttumaður (n, kk) Maður sem slær gras. Fyrrum notað um þann sem sló með orfi og ljá, og í afleiddri merkingu um dauðann. „Dauðinn má svo með sanni/ samlíkjust þykir mér/ slyngum þeim sláttumanni/ sem slær allt hvað fyrir er ...“ (Hallgrímur Pétusson; Um dauðans óvissa tíma).

Sláttur (n, kk) A. Athöfnin að slá gras. „Kollsvíkursystur; Halldóra og María Torfadætur, slógu. Annars var ekki algengt að konur væru við slátt, en þær systur misstu föður sinn ungar en voru þó elstar af systkinum, en enginn karlmaður til a slá“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). B. Árstími. „Við þurfum að ljúka þessu verki fyrir slátt“. C. *Rígs; halasláttur; gustur*. „Það er naumast slátturinn á karlinum í dag“! D. Kast; hlaup; gjókt. „Það þarf að festa hljóðkútinn betur á traktorinn svo ekki sé sláttur á honum“. E. Skammvinnur vindur af tiltekinni átt; vindhviða. „Hann gerði skammvinnan slátt af norðan áður en hann lagðist aftur í vestanóþurrk“. „Hann lagði dálítinn slátt fyrir Núpinn“. F. Veltingur; sjógangur. „Hann er að rífa upp einhvern slátt af vestan“. Sjá *bárusláttur/öldusláttur*.

Slátturekja (n, kvk) Raki/áfall á grasi sem skal slá. Slíkt þótti til bóta; þá rann ljárinn betur.

Sláttuteigur (n, kk) Svæði sem slegið er.

Sláttutíð (n, kvk) Hentug tíð til sláttar; heyskapartíð.

Sláttutími (n, kk) Sláttur; heyskapartími; heyskapur.

Sláttutætari (n, kk) Sláttuvél sem tætir grasið í smátt og blæs því um leið upp á heyvagn. Allmikið notaður fyrir tíma rúllubindivéla, þar sem slegið var í vothey.

Sláttuveður (n, hk) Veðráttu sem hentar til sláttar; útlit fyrir þurrk og *slátturekja*.

Sláttuvél (n, kvk) Vél til að slá með. Notað um þau tæki sem tóku við hlutverki orfa og ljáa. Fyrstu sláttuvélarnar í Kollsvík voru *greiðusláttuvélar* á traktora, en síðar komu *sláttuþyrlur* og síðast sláttutætari.

Sláttuþyrlla (n, kvk) *Sláttuvél* með tromlum/diskum sem snúast á miklum hraða. Í jaðri þeirra eru hnífar sem slá grasið. Afkastameiri tæki en fyrri greiðusláttuvélar.

Sláttur (n, hk) A. Innmatur úr kind, ásamt blóði, haus/sviðum og löppum. B. Á síðari tímum notað um *blóðmör* og *lifrarpylsu*, eða jafnvel í enn þrengri merkingu um C. blóðmör eingöngu.

Slátturafurðir (n, kvk, fto) Það sem nýtanlegt er af búfé sem slátrað er, bæði til matar og annarra nota.

Slátturdagur (n, kk) Dagur sem fé er slátrað; oftast þá átt við slátrun heimavið. „Fyrir slátturdaginn var afi minn búinn að útbúa litla trénagla sem hann notaði til að verka hangikjötið í salt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Slátturfé / Slátturfénaður (n, hk/kk) Sauðfé sem slátra skal.

Slátturfélag (n, hk) Félag bænda og e.t.v. annarra um sameiginlega slátrun búpenings. Slátturfélagið Örlygur á Gjögnum var stofnað af bændum í utanverðum Rauðasandshreppi í þeim tilgangi, en starfaði um leið lengi sem hvert annað kaupfélag; líklega hið eina á landinu sem ekki innibær kaupfélagsheitið í nafni sínu.

Slátturflutningur (n, kk) Flutningur á slátturafurðum, frá slátturhúsi og heimleiðis. „Venjulega þurfti tvo hesta undir slátturflutninginn að Láganúpi“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Slátturgerð (n, kvk) Matbúningur slátturafurða heimafyrir í slátturtíð. Slátturgerð nú á dögum á einungis við blóðmörsgerð, en áður merkti orðið allan frágang og matbúning slátturafurða og að koma honum í geymslu. „Þegar búíð var að slátra var mikið verk fyrir höndum að koma öllum slátturafurðum í mat og láta ekkert fara til spillis... Fullrar hagsýni þurfti að gæta við notkun á eldivið sem var af skornum skammti. Það var hægt að nýta eldiviðinn á hagkvæmasta hátt og bjarga mestum mat frá skemmdum á stuttum tíma með því að sjóða að haustinu allan þann mat sem ekki varð geymdur ósoðinn; sviða sviðin við eldinn sem soðið var við og reykja þann mat sem hægt var að geyma í reyk við sama eldinn. Sýran frá mjólkurmatnum úr sauðamjólkinni að sumrinu var svo notuð til að geyma í soðna matinn frá haustinu. Úr blóðinu var búíð til sláttur/blóðmör. Hann er hnoðaður úr blóði, brytjuðum mör og mjóli. Oft var lítið um mör áður fyrr og voru þá notuð fjallagrös í staðinn. Mörinn í kindinni er þrenns konar. Netjan utanaf mögunum og nýrnámörinn af nýrunum var notað í sláttur, en garnmörinn var bræddur og búin til úr honum tólg. Tólgin var notuð til matar og sem ljósmeti í kerti. Hnoðaður mör á Vestfjörðum var geymdur í mörtöflum til vetrarins og kross ristur í mörtöfluna enda á milli til þess að skrattinn kæmist ekki í mörinn. Gorinu var hellt úr vömbinni, keppnum

og vinstri. Þau voru síðan þvegin, hreinsuð og saumaðir úr þeim keppir sem slátur var soðið í. Fyrrum voru keppir saumaðir úr sérstökum vambarþræði sem spunninn var úr grófu togi. Lifrin var etin ný eða notuð í lifrarpylsu sem búin var til úr hakkaðri lifur, mjöli og brytjuðum mör; stundum blönduð mjólk. Lifrarpylsan var oftast soðin í vinstri, og var lifrarpylsa í vinstur fyrst boðin gestum af öllu slátri. Vömbin utanaf var að sjálfsgöðu etin með slátrinu. Nýrun voru etin ný og þótti mörgum sælgæti. Garnirnar sem voru raktar úr garmörnum meðan verið var að taka innanúr kindinni voru stroknar til að ná úr þeim gorinu, og þvegnar. Síðan voru þær fléttaðar saman, soðnar og láttnar í súr. Á síðari árum hafa garnir verið notaðar utanum pylsur. Lungu voru soðin og ýmist etin ný eða uppúr sýru. Þá voru hökkuð lungu sett í langa og mör með, og sett í reyk; kallað bjúgu. Lungu voru líka geymd í súr sem hundamatur. Endagörnin var rist upp og skafin að innan, en mörinn látinn halda sér utan á henni. Hún var síðan lögð á þind, ásamt lundunum sem eru vöðvar innan á hryggnum á kindinni; þindin saumuð utanum og búinn til lundabaggi. Hann var soðinn og geymdur í sýru og þótti herramannsmatur. Stundum var allur ristillinn, sem er næstur á undan endagörn, ristur upp og skafinn um leið og endagörnin og lagður með í lundabaggann. Langarnir voru þvegnir og skafnir og voru ádurfyrir fylltir af ristum og sköfnum ristilgörnum með mörnum á; settir í reyk og kölluðust sperðlar. Seinna voru langarnir notaðir undir lifrarpylsu eða til að reykja í þeim hakkað kjöt, sem nútíma bjúgu. Nýtnin í sambandi við slátrunina var ótrúleg. Engu var fleygt sem ætt gat talist; jafnvel þeir hlutar af skepnunni sem ekki töldust ætir voru hirtir að haustinu, soðnir og settir í súr og ætlaðir hundunum; en gat einnig bjargað fólkinu frá hungurdaða ef sultur varfær að.

Kjötið var notað nýtt, á meðan það skemmdist ekki, en annars var það mest geymt saltað eða sett í reyk. Áður var saltað kjöt mjög dýrt og var þá meira reyk. Bringukollar voru stundum súrsaðir (en reyktrir voru þeir sjálfsgöður þorlákssmessumatur í Kollsvík). Kjöt, einkum af gamalám, var soðið í kæfu. Það var þá mauksoðið; beinum smeygt úr þegar laust varð á þeim og mikill mör soðinn með kjötinu. Kjötið og mörinn var síðan kreist eða hakkað í mauk. Kæfan var látin volg í skinnbelgi (sjá einnig *verskrina*) og drepð þétt í, svo að hvergi komst loft að. Gat hún þá geymst lengi. Bein voru yfirleitt brotin til mergjar og mergurinn etinn. Beininn voru stundum látin liggja í sýru þar til þau voru orðin meyr. Þá voru þau tekin upp og soðin. Þá hlutu þau saman í hlaup sem var borðað og þ'tti staðgöð fæða. Það hét beinastrjúgur. Sláturtíðin var annasamur tími. Kjöt, sperðlar, bjúgu og magálar var hengt upp í reyk; sviðin svið, þ.e. hausarnir og lappirnar; og slátrið, sviðin, jógur, pungar, bringukollar og lundabaggar soðið og sett í sýru. (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin; lítillaga stytta og staðfært).

Sláturgripur (n, kk) Stórgripur sem slátra skal.

Sláturhús (n, hk) Hús sem einkum er nýtt til slátrunar og úrvinnslu á sláturafurðum. „... hét félagið sem þjónaði vestanverðum hreppnum Sláturfélagið Örlygur, og hafði verslunarbúð sína og einnig sláturhús að Gjögurum í Örlygshöfn“ ... „Lömbin voru rekin til réttar við sláturhúsið, þar sem þau hvíldust eftir reksturinn og biðu slátrun sem fór fram hinn næsta dag“ (PG; Veðmálið).

Sláturleyfi (n, hk) Leyfi stjórnvalds/yfirdýralæknis til að reka sláturhús. Á síðari hluta 20.aldar var allt opinbert eftirlit með matvælaframleiðslu mjög hert, bæði vegna heilbrigðissjónarmiða en ekki síður vegna markaðsstýringa af ýmsu tagi og hagsmunapots í stjórnkerfinu. Þannig voru sífellt gerðar strangari og kostnaðarsamari kröfur til lítilla sláturhúsa, s.s. Sláturfélagsins Örlygs; sem á endanum urðu til þess að ekki var lengur rekstrargrundvöllur fyrir sláturhúsinu.

Sláturpottur (n, kk) Stór pottur til að sjóða í slátur í sláturtíð. „Fyrstu hasutin sem ég fór að fylgjast með sláturgerð var slátur ávallt eldað um sláturtíðina í stórum hlóðapotti. Hlóðir voru útbúnar úti við; í Gilbarminum ofan við hænsnakofann. Þangað var víðað nokkru af eldivíði; rekasparki og afrakstri af túnum, og vatn sótt yfir í Brunnhúsið. Í þessum sláturpotti var soðið slátur og annað sem fara átti í súr; lundabaggar, vélindu; barkar; rúllupylsur og lítillsháttar af lungum fyrir hundinn. Síðar fór þessi eldun fram innvið; fyrst í stórum kolakýntum þvottapotti í Verkfærahúsinu; síðan á olíukyntri eldavél í eldhúsinu og síðast á rafmagnseldavél. Þá höfðu reyndar breyst geymsluaðferðir og vinnubrögð með rafvæðingu o.fl.“ (VÖ).

Sláturrekstur (n, kk) Rekstur fjárhóps til sláturhúss. „Fyrstu áratuginu eftir að bændur tóku að slátra sameiginlega í sláturhúsi á Gjögurum var sláturfé Kollsvíkinga einatt rekið inn yfir Hænuvíkurháls og inn Fjörur; í sérstakt girðingarhólf á Gjögurum. Úr því var það rekið í sláturréttina þaðan sem það var dregið eftir mörkum til slátrunar. Snemma á 7. áratug 20.aldar var tekið að flytja sláturfé með vörubílum. Fyrstu bílstjórar í því voru Agnar Sigurbjörnsson í Hænuvík; Egill Ólafsson og Hnjóti og Helgi Arnason í Neðri-Tungu.

Sláturrétt (n, kvk) Fjárrétt í sláturhúsi. „Ég vann margar sláturtíðir við að draga í sláturréttinni“.

Sláturstúss / Sláturvinna (n, hk) Vinna tengd slátrun búfjár að hausti.

Sláturstörf (n, hk, fto) Vinna við slátrun búfjár. „Þar sátu þá bræður mínir við sláturstörf. Hafði sá yngri sagað með bitlausum vasahníf höfuðið af brúðinni minni og út rann sag sem hann taldi sig geta notað, en Pálmi mátti eiga skrokkinn! Svavar hafði sumsé haft frystuna í svona vafasömum athöfnum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Slátursuðupottur (n, kk) Pottur til að sjóða í slátur og annað. „En við megum til að rifja upp hvernig slátursuðupottar á Lambavatni voru. Mér er næst að halda að þeir hafi verið sérhannaðir fyrir Lambavatnsbæina. Þetta voru stórir kassalagaðir pottar sem pabbi smíðaði og náðu útyfir eldavélarnar. Þeir tóku, að mig minnir, 30-40 keppi í einu og veitti ekki af að gengi suðan, þar sem forðinn var um tvær stórar tunnur á hvorum bæ, fyrir utan lundabagga, bringukolla og slíkt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Á Láganúpi var löngum til stór slátursuðupottur úr pottjárnri, ca 50 lítra og emaleraður innan minnir mig. Hann var með kúptum botni og bryggju á hliðum, ætlaður til notkunar á kolaeldavélum. Ég man þegar soðið var slátur í honum á hlóðum úti í Gili á Láganúpi, líklega eftir 1960. Mikið var soðið af slátri á haustin og sett í súrsun í tunnur, enda var þetta fyrir daga frystingar“ (VÖ).

Sláturtíð (n, kvk) Tíminn sem slátrun sauðfjár stendur yfir að hausti. „Kvöldvökur byrjuðu að lokinni sláturtíð, eða um veturnætur (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Sledda (n, kvk) Stór hnífur; sveðja. Oftast notað um þungan hníf með þykku blaði.

Sleðaband / Sleðataumur (n, hk/kk) Band/taumur sem bundið er fremst í sleða, til að draga hann.

Sleðabrekka (n, kvk) Brekka sem nýtist til að renna sér á sleða. „Sleðabrekka var mjög góð“ (IG; Sagt til vegar II).

Sleðafæri (n, hk) Aðstæður til að renna sér á sleða/ draga sleða.

Sleðaháttur (n, kk) Seinagangur; *húfulag*; *sleifarlag*. „Verkið klárast ekki í dag með þessum sleðahætti“!

Sleðameiði (n, kk) Sá hluti sleðans sem snertir jörð þegar hann rennur. Oft er sett drag undir meiðann úr slitsterku efni s.s. harðviði, beini eða girði; í seinni tíð plastefni.

Sleði (n, kk) A. Pallur með meiðum undir; m.a. notaður til að renna sér á í snjó, draga hluti og fólk o.fl.; snjósleði; hundasleði. „Að því loknu fórum við krakkarnir út á sleða, ef þannig viðraði“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). B. Kerra á hjólum til heyflutninga; heysleði. C. Maður sem er seinn í hreyfingum og latur til vinnu. „Það er ekki hægt að nota svona sleða til nokkurra verka“. D. Hægfara skip. E. Sá hluti tækis sem rennur til. T.d. sleði í ritvél eða sleði í prjónavél.

Slef (n, hk) A. Munnvatn sem lekur úr munni; oftar þó notuð orðmyndin *slefa*. B. Tog; eftirdráttur. „Rétt í því bar að Aðalstein á Tjaldi og tók hann okkur í *slef* á Patreksfjörð“ (ÖG; Fiskiróður). C. Rógur; slúður. Eingöngu í *slefburður*.

Slefa (n, kvk) Munnvatn sem lekur úr munni; slef; hráki.

Slefa (s) A. Leka munnvatni. „Var hundurinn að slefa svona á gólfíð“? B. Draga; hafa í togi. „Okkur var slefað í land af trillu sem átti leið hjá“. C. Duga; nægja. „Lítið er nú saltið, en það slefar í þetta núna“.

Slefaður (l) Með *slefu* á sér; *útslefaður*. „Karlinn var heldur ófrýnn; óþveginn og slefaður af tóbaki ofanefir höku“.

Slefberi (n, kk) Sá sem ber slúður/slef/róg; slúðrari; rógberi. „Ég tek lítið mark á þeim slefbera“!

Slefburður (n, kk) Söguburður; kjaftasaga; slúður. „Ég tek nú lítið mark á svona slefburði“.

Slefra (n, kvk, fto) A. Hallandi og sundurslitnir klettur, yfirleitt vel færir. „Best er að fara neðan slefrunnar“. B. *Hvapp/fles* í klettum. „Ég hef hug á að komast í slefruna þarna“.

Sleftóg (n, kvk) Dráttartóg; taug sem notuð er til að draga einn bát með öðrum.

Sleggja (n, kvk) Stór þungur hamar, oft með löngu skafti. Stórar sleggjur nýtast t.d. til múrbrots en minni sleggjur/ slaghamrar t.d. til að *berja harðfisk*. Sjá *harðfisksleggja*; *beinasleggja*; *milli steins og sleggju*.

Sleggjudómar (n, kk, fto) Hleypidómar; álit sem veitt/myndað er í fljótfærni. „Ég ætla ekki að fella neina sleggjudóma um þetta mál; ég þekki það bara ekki nógu vel“.

Slegið hár (orðtak) Laust sitt hár; hár sem ekki er fest með fléttun, spöng, spennu eða öðru, eða sett í tagl.

Slegið inni (orðtak) Um net sem koma óklár úr sjó; steini, blýi eða lykkju af teini slegið inn í möskva ofar í netinu, þannig að flækt er. „Þetta hefur *óklárast* hjá okkur í lagningunni: endasteininum er slegið inni netið“.

Sleginn yfir (einhverju) (orðtak) *Brugðið* yfir einhverju; vonsvikinn; niðurdreginn. „Menn voru nokkuð slegnir yfir þessum tíðindum“.

Sleifarlag (n, hk) Illt vinnulag; slæleg vinnubrögð; *húfulag*. „Þetta er ljóta andskotans sleifarlagið hjá ykkur“.

Sleifarlega (l) Slælega; klaufalega. „Það er vægast sagt sleifarlega að þessu verki staðið“.

Sleikifingur (n, kk) Gæluheiti á *visifingri*.

Sleikja (n, kvk) A. Eftirhreytur; afgangur. „Það eru eftir sleikjur á gömlu túnunum; annars er ég búinn með heyskap“. B. Slatti; allmikið magn; hellingur. „Það þarf sleikju af mól til að fylla í þetta skarð“. C. Eldhúsahald; mjúkur spaði til að hreinsa innanúr ílátum.

Sleikja (s) A. Bera tunguna að/eftir; taka t.d. mat upp með tungunni. B. Fara þétt meðfram. „Kjóinn renndi sér niður að hrafninum, svo nærri jörðu að hann sleikti grastoppa“.

Sleikja af sér (orðtak) A. Þrifa sig. Tilvísun í það að dýr þrifa feldinn með tungunni. B. Um veður; *glæðna til; rofa fyrir sól*. „Ég held bara að hann ætli eitthvað að fara að sleikja af sér“!

Sleikja kaun (orðtak) Jafna sig; gera/huga að sárur sínum. „Hætt er við að þeir þurfi að sleikja kaun sín eftir þessar ófarir“.

Sleikja ofanaf (orðtak) Taka efsta lagið af einhverju. „Mér finnst það lélegur sláttur að sleikja bara svona ofanaf grastoppunum“! „Hún sleikti froðuna ofanaf sultupottinum með matskeið“.

Sleikja sig upp við Koma sér í mjúkinn hjá; afla sér vinsælda hjá. „Hann er að sleikja sig upp við höfðingjana“.

Sleikja sólina/sólskinuð (orðtak) Njóta sólarinnar; liggja í sólbaði.

Sleikja upp í skít (orðtak) Um fóðrun búfjár; búið að éta allt fóður nema moðið. „Fénu virðist líka þetta hey ágætlega; það hefur sleikt það alveg upp í skít“.

Sleikja úr (einhverjum) fýluna (orðtak) Reyna að bliðka einhvern/ gera einhverjum *til hæfis*.

Sleikja útum (orðtak) Sleikja með tungunni kringum munninn, t.d. til að innbyrða matarleifar. Stundum notað sem tilvísun í græðgi/eftirvæntingu.

Sleikjuháttur / Sleikjulæti (, kk) Undirlægjuháttur; fleðulæti. „Ég ætla ekki að sýna þeim neinn sleikjuhátt“.

Sleikjulegur (l) Fleðulegur; gerir sér dælt við; reynir að komast í álit/mjúkinn.

Sleiktur (l) Gerður sléttur; hreinsaður.

Sleipa (n, kvk) Hálda; hætta á að renna. „Passaðu þig á þessar sleipu í Hæðinni“.

Sleipur (l) A. Háll. „Það er bara orðið fjári sleipt á Fjörunum“. B. Fær; laginn; klár. „Þú ert sleipur í þessu“!

Sleitulaust (l) Viðstöðulaust; án þess að sundur slitni. „Ég vann í þessu sleitulaust þar til það kláraðist“.

Slekti (n, hk) Hyski; hópur; ættingjar. Upphaflega notað um heldra fólk og aðalsættir, en hefur sett sumpart ofan í virðingu. „Þetta andskotans slekti er komið í túnið eina ferðina enn“! „Ætli ég fari ekki á ættarmót að heilsa uppá slektið, þó ég hafi nú verið lítið ættrækinn hingað til“. „Hvaða slekti skyldi nú setjast næst á þing“?

Slektskapur (n, kk) Skyldleiki. „Ekki veit ég til að neinn slektskapur sé þeirra á milli“.

Slemba (n, kvk) Annað heiti á *grásleppu* (sjá *hrognkelsi*). „Það var lítið í strenginn sem ég lagði við Straumskerið; bara fimm slembur“.

Slembilukka (n, kvk) Algjör heppni; mikið lán. „Fyrir einhverja slembilukku slapp ég“. Sjá einnig *slá fyrir slembilukku*.

Slen / Slenja (n, hk/kvk) Slappleiki; magnleysi. „Þetta lýsti sér fyrst með máttleysi og sleni, en herti svo á þar til þú varst yfirfallin af astma og auk þess liðagikt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Slengja (s) Kasta; varpa; dengja.

Slenja (n, kvk) Slen; slappleiki; *linka*. „Er einhver slenja í þér stubbur“?

Slenjulegur (l) Veiklulegur; slappur; með slen/slenju. „Skratti er ég eitthvað slenjulegur eftir vökurnar í nótt“.

Slepja (n, kvk) A. Slím. „Það er ekki frítt við að þurfi að skera slepjuna utan af þessu“. B. Væmni í tali. „Skelfing leiðast mér predikanir þar sem lekur slepjan af hverju orði“.

Slepja (s) Verða slepjugur/úldinn. „Kjötið hékk of lengi í raka og var farið að slepja að utan“.

Slepjaður / Slepjugur (l) Farinn að slepja/úldna. „Fiskurinn er orðinn slepjugur þar sem hann stendur uppúr saltinu“.

Sleppa (s) A. Hætta að halda/festa; láta laust. „Haltu fast í bandið; þú mátt alls ekki sleppa“! B. Duga; slefa; hafast. „Ég á lítið eftir af kaffi, en ég held að það sleppi til morguns“. C. Enda; ljúka. „Þar sem Hreggnesa sleppir kallast fjaran Grundagrjót, í hvorugkyni fleirtölu“ (HÖ; Fjaran). D. Losa landfesti báts.

Sleppa / Slemba (n, kvk) Styttung frá „grásleppa“. „Það voru nokkrar sleppur í rauðmaganetunum“.

Sleppa billega/auðveldlega/létt frá (orðtök) Komast upp með óvönduð verk/ kjarfhátt. „Hann ætlaði sér að sleppa billega frá þessu, en ég sá við honum“.

Sleppa af (orðtak) Skreppa af; renna framaf/uppaf.

Sleppa fé (orðtak) Láta fé útaf túnnum eftir sauðburð, á úthaga. „Nokkur ókostur var hve féð leitaði mikið í kletta; sérstaklega þegar snemma var sleppt“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

- Sleppa framaf sér beislinu** (orðtak) Líkingamál um það að varpa af sér öllum hömlum í siðferði/ láta eftir sér að ólmast/drekka/lifa í óhófi.
- Sleppa fyrir horn** (orðtak) Bjargast/fara betur en á horfðist; forða frá slæmu/tjóni. „Ég var orðinn saltlítill, en það slapp fyrir horn fyrst aflinn var ekki meiri“.
- Sleppa sér** (orðtak) A. Sleppa því sem maður heldur í. Notað t.d. um barn sem er byrjað að ganga án þess að styðja sig við. B. Sleppa af sér hömlum; verða mjög reiður. „Hann sleppti sér alveg þegar hann heyrði þetta“.
- Sleppa sjó / Ná ekki sjó** (orðtök) Um bátsskrúfu; koma uppúr sjó, t.d. vegna rangrar hleðslu bátsins eða mikils sjógangs. „Komið aðeins afturí meðan við náum ferð; skrúfan er að sleppa sjó í *kvikunni*“.
- Sleppur til** (orðtak) Nægir; dugir. „Ég er alveg að verða kaffilaus, en það sleppur til í þessa lögun“. „Þetta er æði mikið af fiski; heldurðu að saltið slepptil, sem við eigum“?
- Sleppa/hverfa uppaf** (orðtak) Um fé; fara úr auglýsingu upp á hæðar-/fjallsbrún. „Vertu ofantil við reksturinn þegar kemur upp Hjallagötturnar, svo hann sleppi ekki uppaf“.
- Sletta** (n, kvk) A. Klessa; skella; blettur. B. Lítið magn, t.d. skyrsetta, grautarsletta o.fl. C. Útlent orð sem notað er gáleysislega í íslensku máli.
- Sletta** (s) Skvetta; klína. „Ætli maður þurfi ekki að fara að sletta einhverri málningu á veggina“.
- Sletta sér framí** (orðtak) *Skipta sér af*; verða aðili að; ráðskast með. „Ég hefði ekki látið bjóða mér svonalagað, en ég er ekkert að sletta mér framí það sem mér kemur ekkert við“.
- Sletta úr klaufunum** (orðtak) Fagna með galsa; hamast stjórnlaust í fögnuði. Upprunalega notað um háttalag nautgripa þegar þeir fá fyrst frelsi að vori, en nú almennt um að fólk skemmti sér.
- Slettast upp á vinskapi** (orðtak) Verða til óvináttu; valda misklíð/óánægju milli vina. „Eitthvað slettist upp á vinskapi þeirra nýlega, en það er *svosem* ekki óvanalegt“. Líklega líking við ágjöf á bát.
- Slettilisti** (n, kk) *Skvettlisti*, sjá þar.
- Slettireka** (n, kvk) Manneskja sem skiptir sér óhóflega af málum annarra; er hnýsin/afskiptasöm.
- Slettirekast** (s) Skipta sér óhóflega af málum annarra; hnýsast
- Slétt og fellt** (orðtak) Hrukkulaust; án ójafna/mishæða. „Rakað var yfir jarðraskið svo allt varð slétt og fellt“.
- Slétt tala** (orðtak) Jöfn tala; tala sem 2 ganga uppi þegar deilt er; önnurhver tala í rétttri talningu. T.d. 2, 4, 6, 8 o.s.frv.
- Slétta** (n, kvk) A. Slétt landsvæði. B. Landspilda sem sléttuð hefur verið til ræktunar; oftast þá sáð í hana *sléttugrasi*.
- Sléttbakur** (n, kk) *Eubalaena glacialis*; hafurkitti. Stór skíðishvalur, en af þessari ættkvísl er einungis Íslandssléttbakur hér við land. Sléttbakur er mjög gildvaxinn, en ummálið er allt að 60% af heildarlengdinni. Hausinn er stór, eða um 25-30% af heildarlengdinni. Kjafsturinn er sérkennilega sveigður, og munnvikin rísa í stórum boga frá trjónu yfir neðra kjálkabein og síðan í krappa beygju niðurfyrir augu. Ekkert horn er á baki og sporður er mjög breiður. Hvalurinn er svartur að lit, en stundum með hvíta bletti á kvi og hrúðurbletti ofaná hausnum. Kýrnar eru stærri en tarfarnir og verða allt að 17 metrum og 90 tonnnum. Sléttbakur var mikið veiddur fyrrum hér við land, m.a. af Böskum. Hann hefur verið alfriðaður frá 1935, enda telur stofninn aðeins nokkurhundruð dýr.
- Sléttbotna / Sléttbotnaður** (l) Með sléttan botn. „Þú ferð ekki í kletta á sléttbotnuðum gúmmiskóm“!
- Sléttbyrtur** (l) Um bát; með sléttan byrðing en ekki *skarsúðaðan*; *plankabyggður*.
- Sléttfell** (l) Fellt saman þannig að slétt verði. „Gólfborðin voru sléttfell“.
- Sléttheflaður** (l) Um við; heflaður sléttur með hefli eða öðru verkfæri. „Reisifjöl var sléttheflað borð, óplægð, sett innan á sperru í gömlum baðstofum helluþöktum; stundum aðeins yfir rúmum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Sléttheflaður / Slétthöggvinn** (l) Um efnivið; heflaður/höggvinn þannig að sléttur sé.
- Sléttlendi** (n, hk) Jafnslétta; tiltölulega slétt landsvæði.
- Sléttlendur** (l) Um landsvæði; tiltölulega slétt. „Í Útvíkum er sléttlent milli fjöru og holta/fjallsróta.“
- Sléttubönd** (n, hk, fto) Bragarháttur í vísnagerð; ferskeytla sem kveða má jafnt áfram sem afturábak án þess að brjóta bragfræðireglur og þannig að vit sé í. Sá sem fyrstur er talinn hafa ort sléttubönd var Guðmundur Andrésón (d 1654). Þekkt dæmi er þessi sléttubandavísa: „Grundar dóma, hvergi hann/ hallar réttu máli./ Stundar sóma, aldrei ann/ illu pretta táli“. ... mér finnst gaman að æfa mig með ólík form, og mesta glíman er við andhverf sléttubönd“ (MH; Mbl 04.01.2017).

- Sléttugras** (n, hk) *Sáðgresi*; erlendt, gróft gras sem sáð er í sléttur til að fá meiri uppskeru í heyskap.
- Sléttur** (l) A. Jafn; án ójafna. „Túnið er sæmilega slétt, víðast hvar“. „Blíðuveður og sléttur sjór var þegar þessi ferð var farin“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður). B. Nákæmlega. „Þetta hafði tekið slétta þrjá sólarhringa hjá okkur bræðrum“ (Björgvin Sigurbj.son; Útkall við Látrabjarg).
- Slig** (n, hk) Sig/dæld í baki skepnu eða mæni á húsi.
- Sliga** (s) Draga/þvinga niður, svo slig myndist; leggja of miklar byrðar á eitthvað. „Þessar álögur eru alveg að sliga landbúnaðinn“!
- Slikja** (n, kvk) Gljái/himna á yfirborði hluta. „Hvaða slikja er þetta ofaná vatninu“?
- Slikkerí** (n, hk) Sælgæti. Líklega nýlegt tökuorð.
- Slindra** (n, kvk) Himna; tægja. „Það þarf að nudda hrognin gegnum sigtið svo ekkert verði eftir nema slindrur“.
- Slingra** (s) Velta til og frá; riða. „Við þurfum að stífa þetta til hliðar svo það nái ekki að slingra“.
- Slinkur** (n, kk) Högg; kast. „Það sem hefur bjargað því að mennirnir sem voru að draga hrukku ekki framaf við slinkinn... hefur verið fyrst og fremst það að þeir voru báðir vel að manni; sérstaklega Davíð, sem var talinn sterkasti maður í hreppnum á þeim tíma...“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Sliskja** (n, kvk) Biti; borð; skábraut. „Traktorinn var á sliskjum sem lagðar voru þvert yfir bátinn“.
- Slit** (n, hk) A. Eyðing hluta við notkun/núning. T.d. slit á fatnaði. B. Rof; t.d. slit taugar eða niðurlagning félags.
- Slitalítið** (l) Samfellt; án þess að hætta mikið/oft. „Við unnum í þessu slitalítið allan daginn“.
- Slitgott / Slitsterkt** (l) Endingargott; slitnar lítið við notkun/núning.
- Slitkjölur** (n, kk) Strákkjölur; drag. Oftar var talað um *drag* undir bát; sjá þar.
- Slitlag** (n, hk) Það lag utaná/ofaná hlut sem helst slitnar við notkun, og á að verja aðra hluta sliti. Oftast notað um efsta lag vegar; það sem hið opinbera hefur mest vanrækt af skyldum sínum við Kollsvík síðustu ár.
- Slitna frá** (orðtak) Oftast um skip eða veiðarfæri; losna af sínum stað. „Grunnbaujan hafði slitnað frá“.
„Báturinn slitnaði frá bryggju og rak upp hinumegin í höfninni“.
- Slitna upp** (orðtak) Um skip; slíta ankerisfestar og reka undan veðri og straumum. „Bella lá norður á Aðalvík, slitnaði upp... rak svo stjórnlaust fyrir Vestfirði og strandaði innantil við Sölmundargjá“ (EÓ; skipsströnd í Rauðasandshreppi).
- Slitna uppúr** (orðtak) Rofna; enda; trosna í sundur. Oftast í líkngamáli: „Þau voru trúlofuð um tíma, en það slitnaði uppúr því sambandi fyrir löngu“.
- Slitringarfjúk** (n, hk) Dálítill snjókoma, einkum í vindi.
- Slitringur** (n, kk) Lítil úrkoma; fáeinir dropar úr lofti; lítið snjófjúk. „Það er strax kominn slitringur“.
- Slitróttur** (l) Sem slitnar sundur á köflum. „Sjósóknin hefur verið æði slitrótt vegna ótíðar“.
- Slitruur** (n, kvk, fto) Ræfill; garmar. „Hér eru einhverjar slitruur af Passíusálmunum“.
- Slituppgesinn** (l) Mjög þreyttur/lúinn; *kúguppeginn*. „Maður er alveg slituppgesinn eftir svona puð“.
- Slitur** (n, hk) Ræfill; afgangur/tægjur af. „Ég breiddi slitur af segldúk yfir eggjahrúguna“.
- Slíðra** (s) A. Setja í slíður/hulstur. Oftast um eggjárn. B. Setja slíður á bát.
- Slíðra sverðin** (orðtak) Líkingamál; sættast; leggja niður deilur.
- Slíður** (n, hk) A. Hulstur, t.d. til að stinga í hníf, sverði o.fl. B. Hólkur á legg blóma, grasa eða taugafruma. C. Hluti báts. „Bilið frá hníflunum að hástokksendanum, aftan og framan, hét slíður. Var þetta þó ekki vel ljóst, því í daglegu tali var allur fremri hluti barkans afturundir hálsþóftu nefndur slíður“ (Jóhann Bárðarson; Áraskip). „Torfi stýrði, og sat hann á borðvið sem stóð aftur af slíðrinu, bakborðsmegin“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Slíf** (n, kvk) Sá hluti brunahreyfils/vélar sem umlykur brunahólfið og bulla gengur í. Stundum sérstakt stykki.
- Slíkur** (l) Þvílíkur; samskonar; af sama tagi. „Hann var yfir sig hrifinn af hrútnum, og sagði að slíkri *metskeppu* hefði hann aldrei kynnst fyrir“.
- Slíma** (s) Verða slímugur. „Kartöflunum hættir til að slíma fljótt í rakanum“.
- Slímkenndur** (l) Um vökva; hlaupkenndur; líkur slími.
- Slímugur** (l) Ataður slími. „Gættu þín á neðsta fjörugrjótinu; það er oft ansi slímugt og hált“.

Slímuseti (n, kvk) Lengri viðdvöl en hæfileg er; óhóflega löng/preytandi heimsókn gests, seme.t.v. veldur töfum húsbænda frá verkum. „Það getur verið gaman að fá hann í heimsókn, en þessar slímusetur fara dálítið í taugarnar á mér“.

Slímusvefn (n, kk) Langur svefn; svfnftími sem þykir úr hófi langur. „Déskotans slímusvefn er þetta“!

Slípa (s) Sverfa; pússa; fægja; brýna.

Slípast til (orðtak) Laga sig að aðstæðum/umhverfi.

Slípivél (n, kvk) Brýnsluvél. Hverfisteinn var jafnan nota yfir brýnsluvél fyrir hefðbundna ljái og hnífa, en slípivél eða brýnsluvél var heiti á vél til að brýna ljái í sláttuvélum traktora.

Slíta (s) A. Almennt um að draga í sundur með afli, einkum notað um taug/festi/band/tvinna o.fl. B. Beita fatnað og annað núningi við ójöfnur, eða ganga lengi í honum, þannig að hann slitni. C. Um veiðar; toga svo fast í veiðarfæri (t.d. færi eða net) að það slitni. Gerist einkum ef fast er í botni eða þungur dráttur er. „

Slíta barnsskónum (orðtak) Alast upp; eyða æskuárum sínum. „Á þessum slóðum sleit ég barnsskónum“.

Slíta fundi (orðtak) Ljúka fundarstörfum/þinghaldi. „Fleira ekki gert. Fundi slitni“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Slíta samvistir (orðtak) Hætta sambúð; skilja. „Þau slitu samvistir eftir nokkurra ára sambúð“.

Slíta sig af (orðtak) Um fisk sem veiddur er; rífa sig af krók/öngli; losna af færi.

Slíta slóg (orðtak) Slægja; taka innanúr; gera að fiski. Stundum er sérstaklega átt við það að hirða það sem nýtilegt er í slógi, s.s. lifur, hrogn og kútmaga.

Slíta upp (orðtak) Veiða einn og einn í tregfiski. „... tregaðist fiskur svo mjög að menn slitu aðeins upp drátt og drátt með alllöngu millibili“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Slíta úr netum (orðtak) Hreinsa þara og önnur óhrinindi úr netum.

Slíta úr sér (orðtak) Byrja að rigna/dropa. „Ég er hræddur um að hann sé farinn að slíta eitthvað úr sér; við þurfum að drífa í að raka upp“.

Slítandi (l) Preytandi; sem slítur liðamótum/veldur hrörnun. „Grjóthleðsla er slítandi starf til lengdar“.

Slítingur (n, kk) A. Lítil rigning eða slydda. „Það er að koma einhver slítingur úr þessum dumbungi“. B. Reytingsafli. „Það var dálítill slítingur hér suður á víkinni, en ekki hægt að segja að hann væri viljugur“. „Við fáum slíting af fiski yfir suðurfallið og framá liggjandann“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG). „Eftir nokkurn tíma kiptum við fram á Stekka. Var þar nokkur viðkoma, eða sem kallað var „slítingur““ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Sljákka (s) Hægja; lina; lækka; ganga niður. „Það er eitthvað að sljákka í norðanáttinni“. „Ég komst loksins að þegar sljákkaði í munnræpunni í honum“. „Það sljákkar fljótt í vildinni þegar tekur upp fallið“.

Sljóleiki / Sljóleikur (n, kk) Hugsunarleysi; yfirsjón; deyfð. „Funduð þið ekki féð; skelfingar sljóleiki er þetta“! „Stöðug vinnautn veldur viðloðandi eitrun á líkama mannsins; skemmir taugakerfið; orsakar sljóleik minnisins og veldur kæruleysi“ (GJH; grein í Lilju, blaði Umf. Smára; jan 1938).

Sljór A. Um bitjárn; bitlaus. B. Um manneskju; treggáfuð; sein að átta sig. Sjá *sljóleiki*.

Sljógva (s) Gera sljóan; slæva; deyfa. „Merkilegt hvað þreytan sljógvar alla hugsun“.

Sljógvast (s) Missa bit/minni/greind. „Hnífurinn er farinn að sljógvast“. „Maður sljógvast með aldrinum“.

Sloj (l) Slappur; með slen; veikur. „Krakkinn hefur verið dálítið sloj. Það er kannski þessi umgangapest“.

Sloka / Slokra (s) Þamba; drekka með áfergju/krafti. „Ég var orðinn afar þyrstur; lagðist á lækjarbakkann og slokaði stórum í mig“. „Svona kraftmikil vél hlýtur að sloka verulega í sig“.

Slokkna (s) Slökkna. Líklega hefur „slokkna“ verið algengara í máli Kollsvíkinga, þó hvortveggja heyrðist.

Slokkna útaf (orðtak) Deyja; sofna. Oftast notað um kerta- eða lampaljós; „Nú er kertið alveg að slokkna útaf“, eða um syfjaða manneskju; „Ég er alveg að slokkna útaf; ég fer bara að draga mig í bælið“.

Slompaður / Slompfullur (l) Drukkinn; kenndur; ölvaður. „Eftir næsta glas var hann orðinn verulega slompaður“.

Slontur (n, kk) Hellir/skúti í sjávarklettum, með gati í þaki; þannig að þegar alda gengur inni hellinn þrýstist hún af afli upp um gatið og geta þá orðið sjávargos. „Í Saltvík við Skor eru hlinar og klettur og inn í einn klettinn, nokkuð framarlega, hefur sjórinn grafið tvo skúta eða litla hella. Síðan hefur hann sprengt mjórri rauf í þakið að endilöngu. Þarna verða mikil læti þegar brimið skellur inn í þessa skýta og þrýstist síðan upp um rofið þakið. Þetta fyrirbæri heitir Slontur“ (AÍ; Örn.skrá Sjöundár).

Slompaður (l) Drukkinn. „Ég held að hann sé að verða dálítið slompaður“.

Slóppur (n, kk) Við og síð yfirhöfn, oft frekar þunn, til að vera í við innivinnu. Á síðari hluta 20.aldar var slóppurinn algengur yfirfatnaður kvenna við heimilisstörf, en nú er hann einkum notaður af læknum og öðrum á vinnustöðum, auk hinna algengu baðsloppa.

Slor / Fiskslor (n, hk) A. Innyfli úr fiski; innvols; slóg; rask; ræksni. „Slorið var einnig hirt; því var hent í tunnu, síðan keyrt heim og látið rotna í þró eða tunnum. Það var svo blandað með vatni og notað sem áburður á tún“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). B. Í þrengri merkingu nær orðið yfir slímið utaná fiskinum og óhreinindi af þess völdum. Sjá andstæða merkingu; *ekkert slor*.

Slora út (orðtak) Ata slori. „Gættu þess að slora þig ekki allan út; þú ert ekki í neinum hlífum“.

Slordallur (n, kk) *Óhrjálegur* bátur; niðrandi heiti um bát. „Hvað slordallur er þarna á ferðinni“?

Slordóni (n, kk) Ræfill; skíthæll. „Það er nú varla hægt að eyða orðum á svona slordóna“.

Slorgalli (n, kk) Fatnaður sem atast hefur fiskslori. „Það þarf að þvo slorgallann fljótlega“. Einnig var gripið til orða um einstök slorug föt; slorhúfa; slorvettlingur; slorúlpa; slorbuxur; slorstígvél o.fl.

Slorgryfja (n, kvk) Gryfja í jörðina sem í er safnað slógi/ræksnum eftir fiskverkun. Ekki fer sögum af slóggryfjum í Láganúps- eða Kollsvíkurverum, en líklega hafa þær þó verið til, þar sem ræksni voru notuð m.a. sem áburður á tún og hafa væntanlega þurft að verkast nokkuð til að vargugl tíndi þau síður upp.

Slorkálfur (n, kk) Nýfæddur kálfur. „Farðu með slorkálfinn í jötuna svo kýrin geti *karað* hann“.

Slorlamb / Slorket (n, hk) Kjöt af nýlega bornu lambi. Þótti ekki mannamat ef annað var í boði, en var sagt fátækramatur fyrrum. Orðin finnast ekki í orðabókum.

Slorlegur (orðtak) Óhrjálegur; ataður slori. Oftast notað í mótsettri merkingu; sjá *ekki slorlegur*.

Slorugur (l) Ataður fiskslori; með slor á sér. „Ég þvæ mér áður en ég fer inn; ég er hálf slorugur um hendur“.

Slorvöllur (n, kk) Blettur sem fiskur er verkaður á. Einkum notað um stað þar sem fiskdálkar voru þurrkaðir áður en þeir voru notaðir í eldivið.

Slot (n, hk) Höll; glæsibygging. Oft notað í líkingamáli um hús. „Gerðu svo vel og gakktu í slotið“.

Slota (s) A. Linna. „Ég man ekki hve marga daga stormurinn blés linnulaust, en loks þegar slota tók var farið að hyggja að farni og bátum“ (KJK; Kollsvíkurver). B. *Slúta*; lúta fram yfir.

Sló (n, kvk) A. Beinið innan í horni slíðurhyrninga, t.d. nautgripa og sauðfjár. „Slór voru notaðar fyrir lömb í hornabúinu en ærhornið sjálft fyrir kind og hrúthorn fyrir hrút“. B. Uppnefni á nefi. „Áttu korn í slóna“?

Slóa (s) Dóla; fara/sigla/aka/ganga hægt/rólega. „Þú skalt slóa herna norður á Bæina meðan ég geri að þessum fiskittum sem komnir eru“. Líklega vísun í enska orðið „slow“ (hægt).

Slóð (n, kvk) A. Svæði; sbr *fiskislóð*. Oft notað í fleirtölu; sbr *heimaslóðir*; *fornar slóðir*. B. Röð af fótsporum eða öðrum ummerkjum; ferill. „Ég sá þarna slóð eftir tófu“.

Slóðadruga (s) Druga *slóða* yfir tún til að mylja húsdýraáburð niður í grasrótina.

Slóðaháttur / Slóðaskapur (n, kk) Húfulag; dratthalagangur; skussaháttur. „Ég hef sjaldan séð álíka slóðaskap á minni ævi“!

Slóðalegur (l) Slilalegur; letilegur; seinn til verka.

Slóðast (s) Láta dragast; *dragnast*; *trassa*. „Ekki gengur að slóðast svona með/við þetta verk“.

Slóði (n, kk) A. Sá hluti færiss sem krókarnir eru á. B. Letingi; hirðulaus maður sem ástundar *slóðaskap*. C. Ávinnsluherfi; þungt net sem dregið er yfir tún til að mylja húsdýraáburð niður í rötina; *slóðadruga*. „Að vorinu var þessi áburður svo unninn sem best niður í grasrótina; var það kallað „að vinna á túni“. Til þess var notaður slóði sem muldi skítinn, og var hann dreginn af hesti“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). D. Stígur; óljós gata. Sbr götuslóði; gönguslóði.

Slóg (n, hk) Innyfli úr fiski; slang; slor; rask; ræksni. „Fyrrum var slóg nýtt til áburðar á tún“. Sjá *slíta slóg*.

Slógburður (n, kk) Burður ræksna t.d. til áburðar á tún. B. Líkingamál; slúður; kjaftasaga.

Slógdruga (s) Druga innyfli/slóg úr kviði fisks án þess að spretta opnum kviðnum. Einkum um síldarverkun.

Slógmelta (n, kvk) Nýting á slógi á síðari tímum til fóðurgerðar. Þá er slógið sett í tunnu og hrært saman við það dálitlu af maurasýru. Eftir nokkurn tíma verður af þessu næringarrík súpa sem notuð er sem fóður.

Slógmeri (n, kvk) Óslægður steinbítur sem landað er. „Mikil hneisa þótti ef einhver átti óslægðan steinbít þegar að landi kom. Við þeirri sök lá ákveðið víti sem að sönnu mun aldrei hafa verið beitt. Drátturinn var nefndur slógmeri“ (PJ; Barðstrendingabók). „Ef einhverjum varð á að skilja við óslægðan steinbít, sem þá nefndist **slógmeri**, hafði hann kallað yfir sig það víti að bera merina í land á æxlunarlimnum. En slík viðurlög komu þó vitaskuld aldrei til framkvæmda“ (LK; Ísl.sjávarhættir).

Slór (n, hk) Seinagangur; slóðaskapur. „Ekki dugir þetta slór!“ (IG; Sagt til vegar I). „Ég má ekki vera að þessu slóri lengur“!

Slóra (s) A. Lifa; draga fram lífið. „Ég held að þetta lesefni dugi mér meðan ég slóri“. B. Slæpast; tefja; staldra við. „Ekki kemur hann enn; hann er sennilega að slóra á bæjum á leiðinni“.

Slóra af (orðtak) Komast lífs af; lifa naumlega af; tóra.

Slórandi (l) A. Tórandi; lifandi. B. Slarkandi; rétt nægilegt. „Þetta hefði varla þótt slórandi afli í fyrra“.

Slóttugheit (n, kvk, fto) Klókindi; lævísí. „Með slóttugheitum lokkaði hrafninn hundinn langt frá bitanum“.

Slóttugur (l) Klókur; lævís; sýnir hyggindi. „Hann ætlaði að vera slóttugur og róa snemma til að ná að leggja á bestu staðina á undan hinum“.

Slubb (n, hk) Slor; hor. „Þurrkaðu nú slubbið framan úr þér“! „Oft hefur eitthvað brotnað af eggjum utaná sigmanninum og er þá mesta slubbið verkað með mosa...“ (MG; Látrabjarg).

Slubbugur (l) Slorugur; með hor; ataður. „Farðu nú úr buxunum úti, þær eru heldur slubbugar orðnar“.

Sludda (s) Gera með naumindum/erfiðismunum/ hangandi hendi; dragnast. „Ætli maður verði ekki að sludda þessu frá; þó ég nenni því varla“.

Sluddagangur / Sluddaháttur (n, kk) Sleifarlag; drullusokksháttur; seinagangur; leti. „Ég þoli ekki svona sluddagang“! „Þetta er ekkert annað en sluddaháttur; þeir bara nenna þessu ekki“!

Sluddast / Sluddast til (s) Geta eða ná naumlega; slarkast. „Hann rétt sluddaðist við að ná prófinu“. „Vélin sluddaðist í gang eftir nokkrar tilraunir“. „Gat hann nú ekki sluddast til að klára þetta almennilega“?!

Sluddaveður (n, hk) Hvöss slydduél; ógerð; slyddurskítur. „Féð gerir lítið úti í svona sluddaveðri“.

Slugs (n, hk) Hangs; slór; leti. „Svona slugs dugir víst ekki ef við ætlum að klára þetta í dag“. „Óttalegt slugs er þetta“!

Slugsa / Slugsast (s) Hangsa; tefja, fara sér hægt. „Hann var ekkert að slugsa við verkin“. „Ætlarðu að slugrast við þetta í allan dag“?!

Sluma í (orðtak) Róast; þagna. „Kerlingin reifst og skammaðist í fyrstu, en það slumaði í henni þegar karlinn slengdi lúðunni á eldhúsborðið“.

Slumma (n, kvk) Klessa; skammtur. „Hann spýtti stórrí brúnni slummu sem lenti nákvæmlega á fyrirhuguðum stað; á bak við eldavélina“.

Slumpa (s) Áætla með grófu mótí; reikna/mæla gróflega. „Ég lumpa á að þetta séu tvö kýrfóður“.

Slumpareikningur (n, kk) Ónákvæmir útreikningar; grófar áætlanir í útreikningum. „Þetta er nú bara slumpareikningur hjá mér; þú skalt taka hæfilega mikið mark á þessu“.

Slumpur (n, kk) Slatti; *posjón*; magn sem er ekki nákvæmlega mælt. „Þetta var einhver slumpur af hrognum“.

Slunginn (l) A. Sleginn; veifaður. „Hér er endasteinninn slunginn inn í netið“. B. Lipur; laginn; lævís. „Hann er furðu slunginn við refaveiðarnar“.

Slunkur (n, kk) Niðrandi heiti á manni; þrjótur; dratthali. „Hvað þykist þessi ekkisen slunkur vera að gera“?

Slurkur (n, kk) Sopi; teigur; skammtur. „Ég setti góðan slurk af maurasýru í þetta“. „Hann fékk sér vænan slurk úr pelanum og sagði að nú skyldu þeir fara að draga í sundur“.

Slúbbert (n, kk) Slanguryrði; þrjótur; vafasamur náungi.

Slúðra (s) A. Hafa uppi slúður; fara með kjaftasögur; ljúga. B. Um drifhjól á vél; snúast ekki í takti við andlag sitt, t.d. reim eða snertiflöt. „Það þarf að strekkja á reiminni; reimskífan slúðrar þegar álagið er mest“.

Slúður / Slúðursaga (n, hk) Kjaftasögur; sveitarógur; lygi. „Það er eins og sumir nærast á þessu slúðri“.

Slúðurberi (n, kk) Sá sem ber út slúður/kjaftasögur; *slefberi*. „Ég trúir nú ekki öllu hjá þeim slúðurbera“!

Súðurburður (n, kk) Það að bera út slúður/kjaftasögur.

Slúðurgefinn (l) Sem gefinn er fyrir að slúðra/ bera út slúðursögur; *sögusmetta*; *kjaftakerling*.

Slúðurrófa / Slúðurseggur (n, kvk/kk) Manneskjur sem þykja slúðra ótæpilega. „Ég marka nú lítið sögunnar hjá þeim slúðurseggi“!

Slúffa (s) Útlend sletta; ljúka; klára.

Slúppskip / Slúppa (n, hk/kvk) Skúta með sérstöku lagi og seglabúnaði. Af þessari gerð var Delphin, sem Einar í Kollsvík tók þátt í að fjármagna og gera út í félagi við Guðmund Scheving sýslumann í Haga. Skútuna keypti upphaflega árið 1803 Guðmundur Ingimundarson í Breiðholti í Reykjavík; síðar á Felli í Tálknafirði, sem var skipstjóri hennar síðan og fórst með henni 1813. Delphin var aflaskip og átti mikinn

þátt í að ryðja braut þilskipaútgerðar og síðar togaraútgerðar á Íslandi. „Aftur á móti hafði Guðmundur fest kaup á slupskipi sem var 13 ½ commerce-lest að stærð“ (GG; Skútuöldin). Þetta jafngildir 27 tonna stærð en aðrar heimildir segja að Delphin hafi verið 35 tonn. Í Skútuöldinni er sluppskipum lýst svo að þær hafi verið líkar jagtskipum; með fremur breiðum og djúpum skrokk miðað við lengdina; rúmgóðar og lestuðu vel en ekki sérlega góðir siglarar. Slúppur höfðu eina siglu; *spruð* (bugspjót) þeirra var lárétt; framstefni hallaðist lítið eitt uppávið; ýmist beint eða lítið lotað en skuturinn oftast þver, hallandi og fyrirferðarminni en á jagtskipum. „Skip þessi höfðu sjaldan nema tvö framsegl; stagfokku og klýfi. Hin stærstu munu þó hafa getað tjaldað þar þriðja seglinu; framhyrnu eða jagar. Aftan við siglutré voru einatt tvö segl á slupskipum; stórsegl og toppsegl“ (GG; Skútuöldin). Vart þarf að taka fram að *stórsegl* slúppu voru gaffalsegl. Sjá *skútueigandi/skútuútgærd*.

Slúðurskjóða (n, kvk) Manneskja sem er gjörn á að bera út kjaftasögur; slúður.

Slúta fram / Slúta yfir (orðtök) Um bjarg/kletta; hallast fram yfir sig; loft. „Í Stóragammi er mikið af fugli, en ekki er hægt að ná honum þar sem bergið slútir svo mikið fram“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Slúttu (s) Útlend sletta; ljúka við; klára.

Slydda (n, kvk) Blaut snjóköma. „Það er kominn bannsettur *slydduskítur*“.

Slyddudrulla / Slydduklessa / Slydduklínungur / Slydduóþverri / Slydduskítur / Slyddusori Hugtök sem lýsa viðhorfi til blautrar, kaldrar slyddu sem limist við húð og föt og veldur kulda og vosbúð hjá fólki og skepnum. „Flest er betra en slyddudrullan“.

Slydduhraglandi (n, kk) Lítilsháttar slydda í stífum kalda/vindi. „Maður blotnar drjúgt í þessum slydduhraglanda“.

Slyddubylur / Slyddurífa / Slydduél / Slydduhríð / Slyddukafald / Slyddurigning / Slydduslagur / Slydduslitingur / Slydduvaðall / Slydduveður (n, kk) Mikið slydduél. „Það er varla fært með hrútinn milli húsa í þessum slydduslag“.

Slyðruorð (n, hk) Slæmur orðrómur; ásökun um kjarkleysi/heigulshátt. Slyðra merkir ræksni af fiski; gauð eða lint gras, en það orð var ekki notað í seinni tíð. Sjá *reka af sér slyðruorðið*.

Slyndra (n, kvk) Slitur af einhverju; þykkildi; slím. Notað t.d. um himnu utan af hrognum/ *hrognaslyndru*, eða *júgurbólgu* slyndru. *Buska*. „Helltu svo slyndrunum úr sigtinu út í læk þegar þú ert búinn að sigta hrognin“.

Slyngur (l) Snjall; leikinn; fær; útsmoginn. „Hann er ansi slyngur í svona viðgerðum“.

Slyppur (l) Tómhentur; allslaus.

Slyppur og snauður (orðtak) Fátækur; eignalaus. „Eftir gjaldþrotið stóð hann uppi slyppur og snauður“.

Slys / Slysfarir (n, hk/ kvk, fto) Óhapp; áfall; meiðsli/dauðsfall af völdum óhapps.

Slysagat (n, hk) Gat sem veður útaf áfalli/írekstri en ekki fyrir slit; „Fékkstu slysagat á stakkinn“?

Slysagildra / Slysahætta (n, kvk) Aðstæður sem augljóslega bjóða hættunni heim.

Slysalaust / Slysálítið (l) „Þeir komust slysalaust upp á Völlinn“. „Ætli ég geti þetta ekki slysálítið“. „Var slysalaust“? (Jón Magnússon á Hvallátrum, að afloknu björgunarafreki undir Látrabjargi).

Slysalega (ao) Illa; miður. „Það vildi svo slysalega til að fatan fór á hliðina“.

Slysaskot (n, hk) Skot sem óviljandi hleypur af byssu. Oft notað um þannig skot sem veldur meiðslum/dauða.

Slysast til (orðtak) Ske; oft í neikvæðri merkingu. „Það slysaðist svo til að bréfið komst ekki tímanlega í póst“.

Slysatilfelli (n, hk) Atvik þar sem slys/óhapp hefur orðið.

Slysavarnadeild / Slysavarnafélag (n, kvk/hk) Félagsskapur manna sem vinna saman að því að varna slysum og bjarga fólki úr slysum. Slysavarnafélag Íslands var stofnað 29.01.1928, og var ætlað að draga úr slysum á sjó og koma upp búnaði til björgunar. Helsti hvati að því var strand togarans Jóns forseta við Stafnes skömmu áður, þar sem 15 fórust. Slysavarnarfélagið beitti sér fyrir stofnun slysavarnadeilda víðsvegar um landið, og stuðlaði að útbreiðslu fluglínutækja til björgunar úr strandi. Auk þess voru fengin björgunarskip og stuðlað að bættri þekkingu varðandi viðbrögð við sjóslysum. Guðbjartur Ólafsson frá Kollsvík (21.03.89-15.05.1961), sem lengi var hafnsögumaður í Reykjavík, var einn af stofnendum SVFÍ; sat lengi í stjórn þess og forseti þess 1940-1960. Í Rauðasandshreppi var stofnuð Slysavarnadeildin Bræðrabandið árið 1933, og ári síðar komu fluglínutæki að Hvallátrum. Þau komu í góðar þarfir árið 1947, þegar togarinn Dhoon frá Fleetwood strandaði á Langurðum 12.12.1947, innanvert við Geldingsskorardal. Heimamenn í Rauðasandshreppi unnu þá eitt mesta björgunarafrek síðari tíma, þegar þeir sigu niður ísað bjargið um Flaugarnef; gengu um illfæra fjöru að slysstað; skutu þar út línu og tókst að bjarga flestum skipverjum í land og upp bjargið. Formaður Bræðrabandsins þá og lengi síðan var Þórður Jónsson hreppstjóri og bóndi á Hvallátrum, en hann sat lengi í stjórn SVFÍ. Fluglínutæki voru víðar geymd í hreppnum; í Kollsvík;

Örlygshöfn og á Rauðasandi. Óskar Gíslason vann að heimildarmynd um björgunarafrekið í Kollsvík árið eftir þegar fréttist að annar togari, Sargon frá Grimsby hefði strandað við Hafnarmúla 01.12.1948. Aftur fóru heimamenn úr Bræðrabandinu til björgunar, og lánaðist að bjarga flestum skipverja. Myndir sem Óskar tók af því strandi voru notaðar í heimildarmynd hans um Björgunarafrekið við Látrabjarg. Eftir að íbúum fækkaði verulega í Rauðasandshreppi tók Bræðrabandið upp náið samstarf við Slvd Blakk á Patreksfirði. Slysavarnafélag Íslands hefur nú sameinast öðrum björgunarfélögum í félagið Landsbjörg.

Slysavarnarskýli (n, hk) Hús sem fólk getur leitað í, sem lendir í hrakningum. Í Rauðasandshreppi er eitt sem beinlínis var byggt sem slíkt; skipbrotsmannaskýlið Guðrúnarbúð í Keflavík.

Slysinn gera ekki boð á undan sér / Slysinn eru ekki lengi að ske/ vilja til (orðatiltæki) Maður veit aldrei fyrirfram hvenær slys ber að höndum. Mikið notað máltæki.

Slysni (n, kvk) Mistök; vangá; óhapp. „Svona slysni getur alla hent“. „Þetta gerðist eiginlega fyrir slysni“.

Slyttast (s) Hlunkast; ganga þunglamalega. „Ekki leist mér gæfulega á smalann; hann slyttist með okkur norður á hallinn, en þá settist hann á stein og sagðist vera búinn að fá nóg“.

Slytti (n, hk) Það sem er lint/kraftlaust; hrúgald. Stofnskylt orðunum sletta, slatti o.fl.

Slyttublautur (l) Um fatnað eða annað; svo blautur að slettist til. „Hann (Ívar í Hænuvík) var í skinnstakk, eins og þá var altítt, og lá hann út af borðinu að baki hans og drógst í sjónum; eftir því meira sem báturinn hallaðist meira, svo hann náði oft slyttublautur niður í hnésbætur að aftan þó hann væri skorpinn upp á brjósti að framan af hörku“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Slyttulegur (l) Linur; lympulegur. „Óttalega er ég eitthvað slyttulegur; eins og ég sé með árans pest“.

Slý (n, hk) Tegundir vatna- /sjávargróðurs. Samanstendur oftast af þráðlaga grænþörungum. Ein tegund þeirra er Tetrastroma, sem sumir nefna lækjagörn og er algeng í lækjum; getur orðið nokkurra metra löng. „Þegar kemur framá og hlýnar í sjónum er hætt við að netin fyllist sumsstaðar af fjárans slýi, sem erfitt eða illmögulegt er að hreinsa úr“.

Slýja (s) Myndast slý. „Netin vilja slýja í sumarhitunum á þessum miðum“.

Slýjugur (l) Ataður/þakinn slýi. „Ári eru netin slýjuð þarna innanfjarðar“.

Slæða (n, kvk) A. Dreif af heyi. Slæður urðu t.d. eftir þegar rakað var með rakstrarvél á ósléttu túni og í beygjum; þegar verið var að setja upp galta eða hlaða á heyvagn og þegar fé dró hey út úr jötu. Lögð var áhersla á það áður fyrr að raka saman öllum slæðum, enda var heytuggan þá meira virði en í vélvæðingu samtímans. Krakkar höfðu oft þann starfa að raka slæður á eftir rakstrarvél. B. Skupla kvenna. C. Þoka sem liggur staðbundin. „Þokuslæða er að laumast heim með Blakknum“.

Slæða (s) A. Láta línu dragast með botni. „Annar endi línunnar var festur í dreka en hinn endinn stundum hafður laus og línun þannig látin slæða botninn með fallinu“ Frásögn Sigurvins Össurarsonar um lóðafiskirí í Kollsvík. B. Það þegar fé dregur hey; *slæður*, útúr jötu og það dreifist á grindurnar (gólfið). „Þetra er að gefa smágerst hey *uppá það að gera* að þá slæðir féð minna“. Slæður geta einnig orðið eftir við heyskap á túni. Fyrrum var lögð áhersla á að *raka slæður*, þó nú sé það aflagt af bændum.

Slæða/sóða í sig (orðtak) Borða með semingi; borða í hallæri. „Ekki er það *velgott*; en það má slæða þessu í sig þegar ekkert annað er að hafa“. „Vertu nú ekki að þefa af þessu; slæddu þessu bara í andlitið á þér“!

Slæðingur (n, kk) A. Reitingur; dálítill fjöldi. „Það kemur alltaf einhver slæðingur af ufsa í hverjum róðri“. B. Flækjngur; sjaldséður gestur. „Það rekast alltaf einhverjir slæðingar hingað utan úr löndum“. C. Draugur; yfirnátúruleg vera. „Hann trúir því *statt og stöðugt* að í kofatóftinni sé einhver slæðingur“. D. Styttlingur úr hitaslæðingur/hitavella. „Ég er óðum að hressast, sen það er líklega enn einhver bölvadur slæðingur í mér“.

Slægð (n, kvk) Klókindi; lymaska; undirferli; slóttugleiki. „Hundurinn sá ekki við þessari slægð hrafnsins“.

Slægður (l) Um fisk; aðgerður; kúttadur.

Slægja (n, kvk) A. Slægjuland. „Áttu nægar slægjur á heimajörðinni“? Einatt í fleirtölu í þessari merkingu. B. Óslegið gras. „Ekki kasta steinum út í slægjuna“! „Ég ætla að röltu upp á tún og *gá til slægna*“.

Slægja (s) Taka innan úr fiski; gera að. „Við slægjum á landstíminu“. „Aðgerðin hófst með því að skorinn var sundur *munnamaginn*. Síðan var hnífnum stungið í gotraufina og ristur fram kviðurinn á móts við kviðugga svo á vantaði um tvo þunglunga í *lifoddann*. Að því búnu var slitid slógið/slægt/fiskurinn skorinn upp. Þannig var ætíð farið að ef *hnakkafleija* átti fiskinn, en ef hann var *kviðflatgur* var rist alveg framúr á milli angiljubeina. Að lokinni slægingu var *vaðkeipað/varkjastað*“.

Slægja niður (orðtak) Slægja fisk fyrir borð á báti yfir fiskimiðum. Er jafnan talinn ósiður, því slíkt fælar fiskinn frá. „Formennirnir á bátum þeim er legulóðir áttu úti í Patreksfirði, fyrir utan Tálkna, höfðu bundist samtökum um að slægja aldrei niður á löðunum; heldur fara í land og *leggja af sér*“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Slægjast eftir (orðtak) Vera á höttunum eftir; reyna að fá/eignast. „Áður voru menn *mestmegnis* að slægjast eftir hrognunum; nú er grásleppan sjálf orðin verulegt verðmæti“.

Slægjublettur / Slægjuengi / Slægjuland / Slægjulaut / Slægjumýri / Slægjustykki / Slægjuflæs / Slægjutó (n, kk/hk/kvk) Laut sem slegin er. „Bollarnir eru lautir neðan við hábrún og voru slægjalautir“ (ÓÍÓ; Örn.skrá Vesturbots). Fyrir daga sáðsléttna og véla leituðu bændur víða fanga með fóðuröflun. Heimatún voru oftast lítil og því var goggað víðast þar sem græna grastó var að hafa. Þannig var slegið brok í vötnum, s.s. í Ormatjörnum, Gormi og Kjóavötnum frá Láganúpi; Hænuvíkurtó, Kollsvíkurtó, Víðilækir, Startjarnir og aðrir blettir í Vatnadal; einnig Flesið í Breiðnum og e.t.v. fleiri slægjuflæs. Slegnar voru Flár og Pokavöllur í Hænuvíkurhlíðum; Saxagjávöllur í Látrabjargi og Urðarvöllur á Gjöggrafjörum var svo mikilvægur slægjublettur að Sellátraness- og Tungubændur börðust vegna hans í Bardagalág.

Slægjuengi (n, hk) Engi sem slegið er. „Frá Svarthamragili ná slægnaengjar, Engjar, niður að túni og að Hjallatúni“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Slægjuland (n, hk) Land sem gott er að rækta til slægna; ræktarland; blettur í rækt. „Víða leynast slægjulönd á svæðinu. Auk túna slógu menn brok í tjörnum; stórgrýttar urðir og skriðuhvamma í miðjum björgum“.

Slægjupartur (n, kk) Hluti slægjulands. „Fyrir neðan Vallgeirana eru aðeins slægjupartar sem eru með ýmsum nöfnum“ (Helgi einarsson; Örn.lýsing Geitagils).

Slægnaítak (n, hk) Ítak/réttindi sem ein jörð á í annarri varðandi slægjur.

Slægjalítill (l) Hefur lítið slægjuland. „Hann var að verða slægjalítill svo ég leyfði honum að slá sléttuna“.

Slægta (s) Slátra; lóga; drepa. Var notað sem einskonar tæpitunga yfir slátrun; t.d. þegar íhugað var hvort þyrfti að lóga einhverjum kostagrip. „Það gæti þurft að slægta henni Nótt ef hún lagast ekki í fótunum“. Annarsstaðar þekkist orðið í myndinni slagta, en er ætíð notað með æ í Kollsvík.

Slægur (n, kk) Góður/eftirsóknarverður fengur. Merkir e.t.v. upprunalega sláturdýr eða veiðidýr. „Þú mátt eiga þetta ef þér finnst einhver slægur í því“. „Ég hirti það sem slægur var í, en henti hinu“.

Slægur (l) A. Sem slær/ hættir til að slá/sparka. „Varaðu þig þegar þú ferð afturfyrir hestinn; hann er *meinslægur*“. B. Sem unnt er að slá. „Ég held að Grundatúnið sé að verða slægt“. C. Slóttugur; lævis; undirföruill; *slægvitur*.

Slægvitur (l) Slóttugur; undirföruill; lævis; *slægur*. „Sá gamli þótti nokkuð slægvitur í viðskiptum“.

Slælega (l) Fremur illa; linlega. „Það er nú fremur slælega unnið að þessu kjötbeini finnst mér“. „Og hálsmennirnir; þ.e. andófsmennirnir, urðu að róa til að hafa áfram. Ef það var slælega gert, kom áherðingur á línuna; þ.e. strekktist á línunni við dráttinn“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Slægur í (orðtak) *Veigur í*; verðmætur; eftirsóknarvert. „Það er lítil slægur í mörgu því sem karlinn gaf, en ég tók við því öllu“. Sjá *sem slægur er í*.

Slæm býti/býtti (orðtak) Ekki góð skipti/umskipti/viðskipti. „Ýmsum bændum þótti það heldur slæm býti að fá þann náunga fyrir landbúnaðarráðherra“. Visar til skipta á aflahlut, en býti/býtti eru annað heiti á *skiptum*.

Slæma (klónum) í (orðtak) Klófesta; ná í. „Mér tókst að slæma í þennan *rigaborsk*“.

Slæmska (n, kvk) Veikindi; verkur; ígerð. „Það hljóp einhver slæmska í þetta sár“.

Slæmur (l) A. Um innræti manns; illur; vondur; meinfýsinn. B. Ekki góður. „Ég hef verið fremur slæmur í bakinu uppá síðkastið“. „Þetta er alls ekki slæmt á bragðið“. Beygt nú til dags með „verri-verstur“, en stundum fyrrum „slæmari- slæmastur“.

Slæmt í sjóinn (orðtak) Mikill veltingur/sjógangur; slæmt sjóveður. „Það var ári slæmt í sjóinn fyrir Tangana“.

Slæmur til gangs (orðtak) Getur varla gengið; kemst ekki það sem þarf að fara. „Ég er frekar slæmur til gangs ennþá og treysti mér varla til að koma með ykkur“.

Slæmur yfirferðar (orðtak) Um göngu-/akstursleið; erfitt að komast um. „Hellan er aurskriða á leið út Stíginn; oft slæm yfirferðar“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Slæpast (s) Hangsa; slóra; sleðast. „Þið megið ekki slæpast neitt á leiðinni þegar þið sækid kýrnar, strákar“.

Slæpingi (n, kk) Slóði; letingi; auðnuleysingi. „Það eru bara slæpingjar sem hanga í landi í svona veðri“.

Slæpingsháttur (n, kk) Leti; ónytjungsháttur; landeyðuháttur. „Skelfingar slæpingsháttur er þetta í honum“.

Slæpingur (n, kk) Leti; reiðileysi; tilgangslítill ferð. „Ekki man ég hvaða slæpingur var á okkur þarna“.

Slæptur (l) Veiklaður; þreyttur. Var fólkið búið að vera á fimmta tíma á leiðinni heim í myrkrinu og sumir orðnir slæptir mjög...“ (MG; Látrabjarg).

Slær fyrir brjóst (orðtak) Sjá *slá fyrir brjóst*.

- Slær fyrir heppni** (orðtak) Er tilviljun; er lán. „Nú slær fyrir heppni að hnífurinn skuli vera við höndina“.
- Slær hver með sínu lagi** (orðatiltæki) Hver hefur sitt *sláttulag*. Notað sem líking um ólíkt vinnulag manna.
- Slær í baksegl** (orðtak) Vindur kemur öfugu megin í segl þegar siglt er. „Þetta gerðist með þeim hætti að þeir voru að koma úr fiskiróðri siglandi en sló í baksegl hjá þeim og hvolfði þá bátnum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Slæva** (s) A. Sljóvga; deyfa. „Vinið slævir allt viðbragð“. B. Taka bit úr eggjárn. „Ljárninn slævist fljótt í sandinum“.
- Slöður** (n, hk) A. Laut/innskot í lóðréttan flöt, t.d. hlaðinn vegg eða upphlaðið hey. „Það er nú ekki fallett að hafa svona slöður í heyinu, þó það sé annars vel sett upp“. B. Bil milli ganga í kletti/bjargi. „Hér er slöður í ganginum sem erfitt er að komast yfir“.
- Slöðurmenni** (n, hk) Óþokki; þrjótur; sá sem vantar gott innræti. „Ég fyrirli svona slöðurmenni“! Líklega dregið af því að slöður merkir vöntun/geil.
- Slökknaður** (l) Um eld; dauður; kulnaður. „Ég er hræddur um að það hafi slökknað undir í *reykkofanum*“.
- Slökkva** (s) Kæfa; bæla niður. „Mundu að slökkva á kertinu þegar þú ferð úr fjósinu“.
- Slökkva niður róðrum** (orðtak) Um útræði í veri; hætta að róa; gera hlé á róðrum. „Menn slöktu niður róðrum um hátíðisdagana“.
- Slökkva þorstann** (orðtak) Svala þorstanum; fá sér að drekka þegar maður er þyrstur.
- Slönguskór** (n, kk, fto) Svartir gúmmiskór; framleiddir úr gúmmíslöngum, og mjög vinsæll skófatnaður á síðari helmingi 20. aldar. „Mér finnst *hvítbotnuðu* skórnir nokkuð þægilegri en slönguskór“.
- Slöngva** (s) Slengja; kasta. Fremur var notað orðið „slengja“ meðal Kollsvíkinga.
- Slöpp** (n, hk, fto) Svæðið kringum tálkn á hákarli og skötu. Einnig notað um gómfyllu á lúðu.
- Slör** (n, hk) Gisið ofið klæði sem kvenfólk hefur stundum til skrauts; t.d. hluti höfuðklæðnaðar brúðar.
- Slöttólfur** (n, kk) Gæluheiti um það sem er stórvaxið; rígaþorskur; stór kálfur; stór strákur.
- Slöttungsaflí** (n, kk) Reytungsaflí; sæmilegur aflí. „Ég fékk slöttungsafla báða dagana; ekki samt nein ósköp“.
- Slöttungsfyrði** (n, kvk) Nokkuð mikil byrði; sígur í. „Það er nú slöttungsfyrði að kjaga með þetta allt“.
- Slöttungur** (n, kk) Slatti; allmikið/nokkuð magn; pokaskjatti.
- Smakk** (n, hk) Bragð; lítilsháttar af einhverju til að bragða/smakka á.
- Smakka** (s) Bragða; finna bragð; borða lítið.
- Smakka á** (orðtak) Bragða á.
- Smakkast upp** (orðtak) Um mat; vera étinn; klárast.
- Smakka það** (orðtak) Stundum notað um vındrykkju. „Ég kalla það nú ekki drykkjuskap, þó menn smakki það stöku sinnum“!
- Smala** (s) Leita að fé og reka það til réttar að hausti, til að heimta lömb og annað fé til slátrunar og til að hver bóndi heimti sitt fé. „Að síðustu langar mig að minnast á leitirnar. Þó þær væru hvorki langar eða erfiðar heima, voru þær eitt mesta tilhlökkunarefni bæði barna og fullorðinna. Gangnaseðillinn sem barst bæ frá bæ, kom að Láganúpi um hálfum mánuði fyrir göngur og þaðan varð pabbi að senda með hann út að Breiðavík. Í honum var ákveðið hvað pabbi ætti að senda marga í göngur á Breiðavíkurrétt, og hvort hann ætti að sækja fé á Skógarrétt. Á laugardag var slátrað lambi í gangnarestið og á sunnudag smalað heimalandið. Ókunnugt fé sem kom í réttina var látið í hús; það var svo rekið til réttar á mánudegi. Farið var af stað um kl 7, og fylgst að með reksturinn út að Litlavatni; þar skildu leiðir. Einn fór fyrir Breið, og þurfti það að vera sæmilega bjargfær maður, því oft voru kindur á slæmum stöðum. Annar fór upp Grenjalág og útyfir Breið; hann smalaði svo Fjarðarhornið með þeim sem kom fyrir Breið. Tveir héldu áfram með reksturinn upp Vörðubrekku og áttu að smala Sanddalina og Breiðavíkurhállana. Og einn fór fram Ívarseggi; út yfir Flosadalinn og niður Hafnargil. Í Hjallagötu mættust svo allir og ráku til réttar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Jafnframt smöluðu Kollsvíkingar Breiðavíkurháls og norðanverða Breiðuvík á leið sinni til réttar. Látramenn og Breiðvíkingar smöluðu hinsvegar sunnanverða Breiðuvík og Látramenn smöluðu Bjargið“ (PG; Veðmálið).
- Smala/reka norður** (orðtak) Smala fé handan til úr Kollsvíkinni til innrekstrar í réttina við Tröð, sem var sameiginleg rétt Láganúps- og Kollsvíkurfjár eftir að hætt var að nota réttina á Brunnsbrennu.
- Smala til aftektar/rúnings** (n, kvk) Smala fé til að rýja það (alltaf nefnt að „taka af“ í Kollsvík). „Keppst var við að vera búinn að smala til aftektar og ganga frá ullinni fyrir slátt“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Sauðfé smöluðu menn til rúnings í landlegum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

- Smaladrengr / Smalamaður / Smalastelpan / Smalastrákur** (n, kk/kvk) Smali; sá/sú sem fæst við smalamennskur/göngur. „Smalamenn voru þreyttir við heimkomuna“.
- Smalahundur** (n, kk) Fjárhundur; hundur sem notaður er við smalamennskur.
- Smalaferð** (n, kvk) Ferð sem farin er til að smala fê; smölun; göngur. „Lambagangur var farinn í smalaferðum“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Smalahugleiðingar** (n, kvk, fto) Áætlanir um smalamennsku. „Þýðir nokkuð að vera með einhverjar smalahugleiðingar í svona útliti“?
- Smalaleið** (n, kvk) Leið sem venjulega er farin í smalamennskum. „Ég ætla að fá þig til að ganga með mér nokkrar aðal göngu- og smalaleiðir sem lágu úr Víkinni til annarra og næstu byggða“ (IG; Sagt til vegar I)
- Smalamennska** (n, kvk) *Göngur; smölun* fjár; aðferð við að smala. „Á miðri leið er stór graslout sem heitir Bolli. Þar sá Össur bróðir huldustrák hlaupa með tveim krökkum í smalamennsku“ (IG; Sagt til vegar II). „Með haustinu komu göngur og slátrun og þá ný horn til að leika sér með. Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjárrag...“ (IG; Æskuminningar). „Svona smalamennsku hef ég ekki áður kynnst“!
- Smalast** (s) Safnast; nást saman; um velgengi í smalamennsku „Hvernig heldurðu að hafi smalast“? „Ég held að það hafi smalast nokkuð vel af Bjarginu núna“.
- Smalast illa/vel** (orðtök) Ganga illa/vel að smala fê; fê heimtist illa/vel í smölun. „Hræddur er ég um að ekki smalist vel af fjallinu í þessari þoku“.
- Smalaveður** (n, hk) Veðráttá við smölun búfjár að hausti; gat verið gott eða slæmt. Illa smalaðist í dimmviðri.
- Smali** (n, kk) Sá sem smalar fê, eða stendur yfir fê á beit; sá sem heldur fê til beitar/ gætir fjár. „Smali eða smalar frá Einari í Kollsvík fundu eða sáu hval inni við Láturdal...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Smá-** Forskeyti sem notað er með mörgum nafnorðum til smækkunar því sem við er átt. Áhersla er í sumum orðum á fyrra atkvæði (t.d. smástrákur, smáatriði) eða í öðrum á hinu síðara (smábiti, smáblóð). Í seinna tilvikinu eru orðin ýmist rituð heil eða í tvennu lagi.
- Smáatriði** (n, hk) Lítið málefni; lítill þáttur. „Smáatriðin skipta máli í svona tilvikum“.
- Smáatvik** (n, hk) Lítið tilvik; lítill atburður; smá óhapp. „Þetta smáatvik breytti miklu“.
- Smábarn** (n, hk) Lítið barn. „Hún lagði nótt við dag til að anna öllum sínum verkum og var oftast með smábarn líka, því börnin urðu mörg“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Smábára** (n, kvk) Lítilsháttar bára/veltingur. „Heyrðu þeir þá eins og vindsuðu, og um leið fór að bera á smábáru sem var mjög óð; eins og undan vind“ (ÖG; Þokuróður).
- Smábátur** (n, kk) Lítið far. Oft er átt við tveggja- til fjögurramannafar.
- Smábeinóttur** (l) Um líkamsbyggingu; fingerður. „Mér finnst hrúturinn smábeinóttur, þó annað sé í lagi“.
- Smábiti** (n, kk) Lítilsháttar að borða; lítið eitt af mat. „Viltu ekki koma inn og fá þér smábita með okkur“? Áhersla einatt á síðara atkvæðinu.
- Smábýli** (n, hk) Kot; lítill bújörð. „Um smábýli gefa jarðeigendur þá raison (ástæðu) að þeir þar með hjálpi snauðum mönnum sem ei sje færir fyrir meiru, af sveitinni; sem annars gjörði bændum þúnga“ (ÁM/PV Jarðabók). Sú mikla fjölgun sem varð í kotbýlum og hjáleigumí Rauðasandshreppi í kringum 1640-1670 er hér skýrd af höfðingjaveldinu á þann hátt að þeir hafi verið að gera fólki kleift að bjarga sér á eigin verðleikum í stað þess að lenda á þeirra framfæri. Kann rétt að vera að hluta, en t.d. í Kollsvík er ástæðan augljóslega einnig sú að höfðingjar vildu tryggja sér ánauduga formenn til sjósóknar á sínum bátum.
- Smáél / Smáfjúk** (n, hk) Lítið/stutt él. „Þetta var ágætis veður, fyrir utan nokkur smáél“.
- Smáferliki / Smáflykki / Smáhlax** (n, hk) Eingöngu notað í neikvæðum líkingum, enda merkja orðin ferliki og flykki jafnan það sem stórvaxið er (sjá þar). „Þetta skeljaskrimslí var ekkert smáferliki“!
- Smáfikra** (s) Feta sig mjög hægt. „Hann var fjári smeykur, en fór þó að smáfikra sig eftir ganginum“.
- Smáflís** (n, kvk) Lítill hluti; arða. „Smakkaðu herna smáflís af hráu hangiketi; þetta er algert sælgæti“.
- Smáfiskur / Smákóð** (n, kk) A. Lítill fiskur; kóð; undirmálsfiskur; *bútungsfiskur*. Smáfiskur var algengasta heitið. B. Salfiskur sem er minna er 12 tommur frá hnacka aftur á sporð í mati (sjá *saltfiskur*).
- Smáfoss** (n, kk) Lítill foss. „Eru þar (í Vatnadalsbót) margir fagrir smáfossar sem koma beint út úr klettunum og falla í fjöruna“ (HÖ; Fjaran).
- Smáfríður** (l) Laglegur og fingerður. Einkum notað um andlitssvip. „Ekki gat hann talist smáfríður í andliti“.
- Smáfæra** (s) Færa lítið í einu. „Hann var alltaf að smáfæra sig uppá skaftið“.

Smágaman (l) Lítið skemmtilegt. Oftast í mótsettri merkingu: „Okkur fannst ekkert smágaman að þessu“.

Smágára (n, kvk) Lítilsháttar gráð/bára á vatni/sjó. „Við fleyttum kerlingar og fylgdumst með hvernig smágárunnar bárust yfir spegilsléttan vatnsflötinn“.

Smágrasblettur (n, kk) Lítil grasblettur. „Frá túninu liggja smágrasblettir suður með holtunum fyrir ofan túnið og að Helgubúfu“ (DE; Örn.skrá Hvallátra).

Smáhandarvik (n, hk) Lítilsháttar vinna/aðstoð. „Það hefði ekki þurft annað en smáhandarvik til að bjarga þessu við“.

Smáherða vind (orðtak) Um veður; ganga smám saman upp með vind. „Allt til kvölds smáherðir á storminum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Smáhjallar (n, kk, fto) Lágir hjallar; slitid hjallabelti. „Að norðanverðu eru smáhjallar og heita þar Taglbrekkur“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Smáhnýðja (n, kvk) Lítil hnyðja/krykkja/trjárót. „Sögn gekk um að notuð hefði verið í bátinn einhver spýta eða smáhnýðja sem gömul kona á Látrum var búin að vara við“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Smáhrekkur (n, kk) Dálítill *bekkni*. „Menn gerðu sér ýmislegt til dundurs í Verinu í landlegum, til að stytta sér stundir. Smáhrekkir og kerskni voru þar daglegt brauð, á milli þess sem menn kváðust á, gripu í spil eða reyndu með sér í íþróttum“.

Smáhyrnd (l) Um hornalag á sauðfé; með lítil/smávaxin horn.

Smájagast / Smákýta (s) Deila/*munnhöggvast* lítillaga. „Þeir rifust aldrei í illu, svo ég vissi; en sífellt voru þeir að smájagast“. „Ekki var óalgenget að þeir væru að smákýta yfir þessu á réttunum“.

Smájag / Smákýtingur (n, hk/kk) Lítilsháttar rifrildi. „Þetta smájag jókst orð af orði, uppí *hávaðarifrildi*“.

Smáklettabrysti (n, hk) Lítil hjalli/klettur. „Grjóthjalli er upp af Litlahjalla; smáklettabrysti eða lítill hjalli“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Smákrytjur (n, kvk, fto) Litlar leifar; lítið magn; óvera. „Hér eru einhverjar smákrytjur af grasfræi eftir í pokahorninu“. „Safnið nú saman þessum smákrytjum af ull; þetta eru verðmæti þegar saman kemur“.

Smákvikindi (n, hk) Lítið dýr; mús. „Gættu þess að loka dyrunum vel, svo smákvikindin sleppi ekki inn“!

Smálagast (s) Batna örlítið. „Ég held að veðrið sé að smálagast“.

Smálegheit (n, hk, fto) Lítilræði; smávegis; smáræði. „Þiggðu þessi smálegheit fyrir aðstoðina“.

Smálegt (l) Lítilfjörlegt; lítið. „Hún fann ýmislegt smálegt í fjörunni, svosem meyjapöppur og skeljar“.

Smálest / Stórlest (n, kvk) Einingar þyngdar og burðarþols skipa. Smálest er sama og tonn/1000 kg. Stórlest er sama og commerce-lest, eða tvo tonn/2000kg.

Smálétta (s) Um veður; léttu dálítið til. „Hann er eitthvað að smálétta þetta“.

Smálúða (n, kvk) Lítil lúða; lúðulok (sjá *lúða*). „Ef dregin var smálúða þótti gott að beita henni. Var þá skorin ræma úr þunnildinu hvítumegin og krækt á öngulinn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Smálæna (n, kvk) Mjótt sund. „Hægt er að sigla inn á voginn um smálænu, ef kyrrt er í sjóinn“.

Smám saman (orðtak) Í litlum áföngum/skrefum; eftir hendinni; með hægðinni. „Við tókum á *af lífs og sálar kröftum*, og smám saman tókst okkur að mjaka steininum á réttan stað“.

Smámjatta (s) Láta mjög lítið magn í einu. „Það er í góðu lagi að smámjatta lakara heyinu með öðru“.

Smámsaman / Smám saman (ao/orðtak) Hægt og bitandi; eftir hendinni; rólega. „Smámsaman færir sandurinn þetta í kaf“. „Smám saman fann ég að drátturinn léttist, um leið og kúturinn þokaðist ofar í klettunum“.

Smámunasamur / Smásmugulegur (l) Nákvæmur; kvartsár yfir smámunum; nískur. „Það er óþarfi að vera smámunasamur þegar nóg er til“. „Skelfing getur nú þessi skattstjóri verið smásmugulegur“!

Smámunasemi (n, kvk) Sparðatíningur; fjas yfir litlu. „Þegar kom að því að gera upp veðmálið var ekki viðhöfð nein smámunasemi“ (PG; Veðmálið).

Smámunir (n, kk, fto) Það sem þykir lítilfjörlegt/óverulegt. „Þetta eru hreinir smámunir, og skiptir engu máli“. Áhersla alltaf á fyrra atkvæðið. Orðið hefur nokkuð aðra merkingu í eintölu:

Smámunur (n, kk) Lítilsháttar mismunur. „Mér finnst smámunur á þessum tveimur litum“. Áhersla yfirleitt á seinna atkvæðið. Í eintölu hefur orðið nokkuð aðra merkingu en í fleirtölu; sjá *smámunir*.

Smámýrarblettur (n, kk) Lítið mýrlent svæði. „Þar næst, aðskilið af smáholti, er smámýrarblettur sem heitir Þórðarmýri. Hann er við veginn til Kollsvíkur“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).

Smámæltur (l) *Blæstur í máli*; óskýr í tali; oft einkum varðandi það að nota „ð“ í stað „r“ og „þ“ í stað „s“.

Smámöl (n, kvk) Fíngerð möl; malarsalli.

Smán (n, kvk) A. Skömm; niðurlægging. B. Í líkingamáli notað sem gælu- eða skammarheiti. „Vertu ekki að skamma tíkina fyrir þetta; hún hélt að hún mætti eiga bitann, smánin sú arna“.

Smána (s) Niðurlægja; svívirða; gera lítið úr.

Smánarlega (ao) Lítilsvirðandi; til skammar. „Það er nú smánarlega lítið sem ég get gefið núna í söfnunina“.

Smánast til (orðtak) Drattast/hundskast til. „Ég held hann ætti frekar að smánast til að hafa hlutina í lagi hjá sjálfum sér, en að skipta sér af annarra málum“!

Smánurla (s) Safna að sér í litlum stíl. „Ég hef verið að smánurla þessu efni saman í langan tíma“.

Smáoddi (n, kk) Lítil broddur. „Það voru bara smáoddar af grasinu sem stóðu upp úr klakanum“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Smátangi / Smánes (n, hk) Lítið nes. „Niður af Kollumýri er smánes fram í voginn, sem heitir Litlanes. Þetta er smátangi“ (ÍH; Örn.skrá Melaness).

Smápatti / Smápeyi / Smápolli (n, kk) Lítil strákur; drengnokki. „Ég man eftir þessu frá því ég var smápatti“. „Merkilegt hvað þessi smápeyi getur hlaupið hratt“!

Smápetti (n, hk) A. Lítil blettur. „Þarna er fólki hrúgað saman á smápetti. B. Lítil stallur í klettum. „Það voru nokkur egg yfir í þessu smápetti“.

Smápinkill (n, kk) Lítil böggull/pakki. „Geturðu tekið þennan smápinkil fyrir mig inn á pósthús“?

Smáposi (n, kk) Lítil poki; pokaskjatti. „Þetta kemst ekkert í svona smáposa“, „Hann tindi grös í smáposa“.

Smáputi (n, kk) Lítil strákur; pottormur; smávaxinn maður. „Það er mesta furða hvað svona smáputi getur“.

Smár (l) Lítil. „Margur er knár þótt hann sé smár“.

Smárein (n, kvk) Mjó rönd af túni/jörð. „Ég skildi eftir smárein óslegna svo kálfarnir hafi eitthvað að naga“.

Smáreytingur (n, kk) Smávegis afli. „Það var smáreytingur yfir fallið og svo *gaf hann sig til* um snúninginn“.

Smári (n, kk) A. Smæra; samheiti yfir jurtir í smáraættkvísl; Trifolium. Helstu tegundir hennar á Íslandi eru hvítsmári og rauðsmári, en hvorug þeirra vex í Rauðasandshreppi svo vitað sé. Smárinn bindur nitur í jarðveginum með aðstoð baktería. Túnsmári er víða nýttur til ræktunar. Til er sú þjóðtrú að fjögurra blaða smári færi mönnum heppni, og tengist það líklega krosstákninu sem blöðin minna á. B. Annað heiti á transistor, sem er íhlutur í rafeindabúnaði.

Smáriðið (l) Um net; með litlum riðli/möskva. „Loðnunótin var smáriðin og þótti upplögð til brönduveiða“.

Smárispa / Smáskeina (n, kvk) Lítilsháttar skurfa/hruf/skurður á húð; smáskemmd á yfirborði hlutar. „Ég meiddi mig ekkert að ráð; þetta er bara smárispa“.

Smáræði (n, hk) Lítilræði; örlítið. „Mig langar að víkja einhverju smáræði að henni á afmælinu“.

Smásál (n, kvk) Sá sem er smámunasamur/nískur. „Karlinn veitti vel í veislum þó yfirleitt væri hann smásál“.

Smásálarháttur (n, kk) Nirfisháttur; níska. „Ferlegur smásálarháttur er nú þetta í karlinum“.

Smáseytl (n, hk) Lítilsháttar rennsli. „Þarna er smáseytl úr klettunum“.

Smásíga (s) Síga mjög hægt. „Þakið á kofanum hefur verið að smásíga á seinni árum“.

Smáskafli (n, kk) Lítil skafli. „Það eru nokkrir smáskafli í Kinninni, en ekkert að færð“.

Smáskammtalækningar (n, kvk) Ein grein hómópatíu. Sú tegund óhefðbundinna lækni meðferða sem byggir á kenningum sem settar voru fram við upphaf 19.aldar um kosti þess að gefa mjög útþynntar lausnir sem meðöl við kvillum og sjúkdómum. Smáskammtalyf eru lögð þannig að lyfiðgegn kvillanum er þynnt með vatni eða öðrum vökva í hlutfallinu 1:10 og lausnin hrist rækilega. Síðan þynnt aftur og aftur og hrist á milli. Á lausnin að verða því áhrifameiri sem hún er þynnri og meira hrist. Endanleg lausn er því að mestu vatn, en smáskammtalækningar fullyrða að hún hafi samt mikinn lækningamátt. Ekki vísindalega viðurkenndar lækningar. Sjá *hómópati*.

Smáskeina / Smáskráma / Smáskursl (n, kvk) Lítið sár; *skinnspretta*; lítið *skursl*. „Þetta er bara smáskeina sem grær fljótt“. „Það er óþarfi að búa um svona smáskursl“. „Þetta var angann ekkert; bara *smáskeina*“.

Smáskiki / Smáskækill (n, kk) Lítið svæði; smáblettur.

Smáskítirí / Smáskíta / Smáskítí / Smáskítur (n, kk) Lítið; óverulegt; eftirhreytur; *sparðatiningur*. „Þessi smáskíta af salti dugir alls ekki í þetta mikið af hrognum“. „Það er bara einhver smáskítur eftir“. „Það tekur því ekki að setja þetta smáskítí á heyvagn, ég set það í galta“.

Smáskrýtinn (l) Ruglaður; öðruvísi en aðrir í hugsun. „Sumir segja að hann sé smáskrýtinn“.

Smáskurfa (n, kvk) Lítið sár; hrúfl. „Þetta er ekki neitt; bara smáskurfa“.

Smáskækill (n, kk) Lítil blettur; lítið stykki. „Það er varla hægt að kalla þennan smáskækil tún“.

Smáslatti (n, kk) Lítil skammtur; *óvera*; lítið magn. „Ég fékk hjá honum smáslatta af maurasýru“.

Smásmíði (n, kvk) Lítil smíðisgripur. Oftast notað í neitunarsetningu: „Þetta er engin smásmíði“.

Smásmuga (n, kvk) Nirfill; aðhaldssamur maður. „Hann var engin smásmuga í jólagjöfum þetta árið“.

Smásmugulegheit (n, hk, fto) Smámunasemi; niska. „Vertu nú ekki með þessi smásmugulegheit“.

Smásopi (n, kk) Lítil sopi/slurkur. „Mikið væri nú hressanndi að fá smásopa af kaldri sýrublöndu“.

Smáspónn (n, kk) Lítil skei, notað sem magnlýsing. „Gefðu mér smáspón í viðbót af grautum“.

Smásprek / Smáspýta (n, hk/kvk) Spýtubútur; kubbur. „Smáspreki var safnað í hrúgu hjá þvottapottinum“.

Smáspræna (n, kvk) Vatnslítill lækur; sytra. „Utanvert er smáspræna sem heitir Helgulind“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Smástallur (n, kk) Lítil hilla/ mjörg gangur í klettum. „Upp af Þorsteinshvammi eru smástallar ofan við veginn, neðan aðalklettanna...“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).

Smástreymi / Smástraumur (n, kk) Minni sveifla sjávarfalla vegna afstöðu tungls, jarðar og sólar. „Það veiðist oft minna í smástrauminn en í stórstraum, en oft koma nýjar göngur með stækkandi straumi“. „Í smástraum var þessi þykka sýra við botn tunnnnar, en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Smástreymt (l) Minni sjávarfallaseifla; smástreymi. „Háfjara í Kollsvík er um kl 9.00 í smástreymi“.

Smástund (n, kvk) Stuttur tími; stundarkorn. „Ég kem aftur eftir smástund“.

Smátaddi (n, kk) Lítil poki; pokaskjatti. „Farðu nú fyrir mig í kistuna og sæktu smátadda af *ullartjásu* sem ég á þar“.

Smátittur (n, kk) A. Lítil nabbi/nagli/stautur. B. Smáfiskur; kóð. „Við erum ekkert að hanga yfir svona smátittum; við skulum kippa aðeins dýpra“.

Smátínast (s) Koma smám saman. „Féð er að smátínast niður undan snjónum“.

Smátt er betra en ekki neitt (orðatiltæki) Oftast er betra að hafa eitthvað en ekkert; *lítið er betra en ekkert*.

Smátt er (nú) skammtað smérið / Smátt þykir mér skammtað smérið (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhverjum finnst hann *bera skarðan hlut frá borði* vera *afskiptur*. „Ætla þeir ekkert að setja meira fé í þessar *vegnefnur*; ja, skammt þykir skammtað smérið núna“!

Smátt og smátt (orðtak) *Smám saman; með tíð og tíma*; með hægðinni. „Hann var í fyrstu alveg gáttaður, en smátt og smátt fór rann það upp fyrir honum að þetta væri bara grín“.

Smátugga (n, kvk) Lítil tugga/visk af heyi. „Það þyrfti kannski að kasta einhverri smátuggu í fêð, þó það hafi örugglega fengið þokkalega í sig úti“.

Smátækur (l) Tekur lítið/smátt í einu. „Hann hefur ekki verið smátækur með saltið“!

Smáufsi (n, kk) Lítil ufsi. „Þarna var ekkert annað en kolvitlaus smáufsi, sem stóð á hverjum krók“!

Smávatn (n, hk) Lítið stöðuvatn; pollur. Smávötn nefnast nokkrar dældir í Vatnadal; milli Stórvatns og Litlavatns, en í þeim situr vatn í leysingum og mikilli rigningatíð. Þar er *frostgígamyndun*.

Smávaxinn (l) Lítil/smár vexti. „Hann var fremur smávaxinn en kvikur og duglegur“.

Smáviðvik (n, hk) Lítilsháttar greiði/aðstoð. „Mig langar að biðja þig um smáviðvik“.

Smávægilegt (l) Lítilsháttar; óverulegt. „Við lentum í smávægilegu óhappi“.

Smáýfirsjón (n, kvk) Dálítill mistök; *glappaskot*. „Þetta var bara smáýfirsjón hjá honum, og engum til tjóns“.

Smáylgja (n, kvk) Dálítill sjór/veltingur. „Það er smáylgja hérna í Röstinni, en annars er pollslétt“.

Smáþræðingur (n, kk) Lítil hilla í bjargi/klettum. „Ýmsir gangar og smáþræðingar eru ofanvið Stíg (í Keflavíkurbjargi) en flestir nafnlausir“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Smáþægur (l) *Nægjusamur*; látur sér lítið nægja. „Börnin eru smáþæg á *ungaldri*“.

Smeðjulegur (l) Væminn; óeðlilega vingjarnlegur/fláttlegur/undirgefinn; óhóflega kurteis á yfirborði.

Smekkkfullur (l) *Kjafthfullur*, barmafullur. „Eftir storminn voru strengirnir á Bótinni ýmist *samansúrradir* eða svo smekkkfullir af þaraskít að netið *flengrifnaði* í drætti“.

Smekklus (l) A. Um mann; þykir ekki hafa góðan smekk; er ekki fær um að dæma um fegurðargildi/stíl. B. Ruddafenginn; ófinn. „Heldur fannst henni þetta smekklust af honum“.

Smekklegt (l) Áferðarfallet; vel útlítandi. „Ekki finnst mér þetta smekklegur litur á húsinu“.

Smekkmanneskja (n, kvk) Sú sem er *smekkvís*/ gerir hluti áferðarfallega að mati annarra.

Smekkur (n, kk) A. Tilfinning/álit/skoðun vegna útlits/stíls/feegurðar hluta, t.d. klæðnaðar, húsgagna o.fl. „Þetta er alveg nógu fint fyrir minn smekk“. B. Lítil svunta sem höfð er á brjósti ungbarna til að taka við slefi eða matarleifum þegar þau matast.

Smekkvís (l) Hefur góðan smek; kann að meta það sem fallet er.

Smella (n, kvk) Hvaðeina sem smellur saman eða gefur frá sér hveltt hljóð. Oftast notað um festingu á fatnaði, t.d. buxnaloku, þar sem tveimur hlutum er þrýst saman svo festist.

Smella (s) A. Skella; hrökkva; mætast. Oft með hvellu hljóði. „Steinninn small niður stutt frá okkur“. „Hurðin small í lás“. Beygist smella-small-smullum-smollið. B. Búa til hveltt hljóð; láta hrökkva. „Ég hrökk við þegar hann smellti fingrum“. „Þú hefur gleymt að smella buxnalokunni“. Beygist smella-smellti-smelltum-smellt.

Smella af (orðtak) Um myndatöku; taka mynd með myndavél.

Smellikveikja (n, kvk) Magnettukveikja; magnetta; segulkveikja. Kveikja sprengihreyfils sem ekki byggir á lágspennurás, heldur framleiðir vélin rafpúls með segli (oftast á svinghjólínu) sem fer hjá spólu. Rafpúlsinn er magnaður upp í sérstökum spennu á kveikjunni, og leiddur í kertið, þar sem hann veldur neista. Smellikveikjur voru oft vandræðagripir og óáreiðanlegar; þurfti oft að *skrifa* þeim *til* og þurrka kerfið.

Smellinn (l) Sniðugur; klókur; hnyttinn. „Hann er stundum smellinn í orðalagi“.

Smellkoss (n, kk) Koss með stút á vörum og smellhljóði. Fram eftir 20. öldinni, eða allt þar til bílvegir gerðu mannamót að hversdaglegslegum viðburði, voru kossar mun meira viðhafðir en nú er. Heimilisfólk bauð hvert öðru góðan dag og góða nótt með kossi; fólk þakkaði fyrir mat og gjafir með kossi og kysst var þegar farið var á sjóinn; í bjarg eða í annað ferðalag. Gestum var alltaf fagnað með kossi, og oft innilegu faðmlagi líka ef um kunningja eða ættingja var að ræða. Nokkur tími fór í það á innansveitarsamkomum að fara um og heilsa; oft með kossi. Oftast var um að ræða smellkoss á vanga. Slíkir siðir hafa mikist til vikið; fyrst fyrir handabandi og svo fyrir stuttu ávarpsorði. Enn á 21.öld halda þó sumir Kollsvíkingar í þann gamla sið að heilsa nánum skyldmönnum með kossi við gestakomur.

Smelltur (l) Sem er smellt saman. „Blússan er smellt að aftan“.

Smellur (n, kk) Hvellur/snöggur hávaði; skellur. „Smellur heyrðist, en skotið hljóp ekki af“.

Smelt (n, hk) Glerungur; skraut með glerungi.

Smelta (s) Gæluorð/sletta um að bræða. „Ég er að smelta feitina“.

Smergel (n, hk) Tæki/áhald til að sverfa/raspa járn. Oftast notað um slípivél með harðkornóttum kringlóttum steini sem snúid er hratt í gíraðri vél sem fest er á borð. Járnid er borið að steininum og sorfið; oftast með miklu neistaflugi. Einnig notað um smergelpappír.

Smergelmaskína / Smeregelskífa / Smergelhjól (n, kvk/hk) Smergel; vél til að sverfa/slípa/raspa járn eða önnur efni. „Snúðu aðeins smergelmaskínunni fyrir mig, meðan ég brýni hnífinn“.

Smergelpappír (n, kk) Pappír, oft úr ofnu efni, með áföstu lagi af kornuðu slípiefni/karbít, notaður til að raspa/slípa járn eða annað efni.

Smetti (n, hk) Gæluheiti á andliti; fés. „Farðu nú og þvoðu á þér smettið áður en þú ferð að borða“.

Smeygja (s) Smokka; smokra. „Mér tókst að smeygja mér innum hellismunnan, þó þröngur væri“.

Smeygur (n, kk) Hólkur/lykkja sem smeygt er utanum eitthvað.

Smeykur (l) Hræddur. „Nú varstu smeykur góurinn“ (MG; Látrabjarg).

Smér (n, hk) *Smjör*. Var yfirleitt framborið og ritað þannig af innfæddum í Rauðasandshreppi. Þjóðtrúin segir að ekki megi éta smér við hangiket í því þá verði maður aldrei jarðeigandi. (JÁ; Þjs). Sjá *smjör*.

Smérbiti / Smérflís / Smérstykki / Smérklessa / Smérögn (n, kk/hk/kvk) Biti/stykki/klessa/ögn af sméri/smjöri.

Smérdallur / Smérdiskur / Smérkúpa / Smérskál / Smértunna (n, kk/kvk) Ílát sem smér/smjör er geymt í. „Réttu mér smérdallinn“.

Smérfjórðungur (n, kk) Mælieining smjérs/smjörs. Sjá *fjórðungur*.

Smérgerð (n, kvk) Framleiðsla smérs/smjörs með strokkun rjóma.

Smérhellir (n, kk) Hellir þar sem smér var geymt fyrrum. Hellir með því örnefni er heimantil í Hnífum; rétt neðanvið brún. Í lágunum ofan hans voru nokkrir stekkir. Líklegt er talið að hellirinn dragi nafn af því að

þar hafi verið geymt smjör, enda hefur hann verið besta kæligeymsla sem völ er á. Það sést best á því að í honum er oft hjarnskafl langt frameftir sumri þó snjór sé horfinn til fjalla.

Smérhnifur (n, kk) Hnifur til að skera smjör/ smyrja smjöri. „Hananú; datt smérhnifurinn í gólfid“!

Smérklípa (n, kvk) Lítill skammtur af sméri/smjöri; það sem klipið/skorið er af smérstykki til þess t.d. að smyrja brauðsneið. „Gefðu mér smérklípu ofaná sneiðina“.

Smérlaus / Smérlítill (l) Vantar smér/smjör. „Nú er bágt ástandið; ég er að verða smérlaus“!

Smérlíki (n, hk) Smjörlíki; margarín.

Smérpappír (n, kk) Pappír úr stinnu, hálfgegnsæju og vatnsfælnu efni, sem notaður er m.a. utanum smér/smjör og við bakstur.

Smérsalt (n, hk) Mjög finmalað salt, sem notað er m.a. til söltunar á smjöri, hrognum o.fl.

Smíðja (n, kvk) A. Upprunaleg merking orðsins er svipuð og afl; þ.e. eldstæði sem notað er til að hita og vinna járn. Ná þarf miklum hita til að járn verði glóandi og vinnanlegt og er til þess bæði notað mjög hitagæft eldsneyti, s.s. viðarkol, og aukið súrefni með blæstri. Smíðjan er bæði notuð við járnvinnslu úr hráefni, þ.e. rauðablástur, og til að lina járn svo forma megi það með t.d. hamri á steðja. Á síðari tímum hafa rafdrifnar lofttælar tekið við hlutverki handknúins fýsibelgs og smíðjur eru oftast úr járn í stað steins fyrrum. Sjá *rauðablástur*. B. Hús þar sem málmsmíði/járnvinnsla fer fram, auk tækja sem þar eru. Smíðjur voru við flesta bæi meðan bændur þurftu að vera sjálfbjarga með t.d. dengingu ljáa sinna. Enn má sjá leifar af *smíðjutóttinni* á Grundum.

Smíðjubelgur (n, kk) Fýsibelgur sem notaður er til að auka hita í *smíðju*.

Smíðjuleir / Smíðjumór (n, kk) *Deiglumór*; leir sem t.d. kemur af *móhellu* eða hleðst upp við notkun hverfisteins. Smíðjumór var notaður t.d. við málmbræðslu; til að þétta eða forma steypumót.

Smíðjutótt (n, kvk) Veggir af *smíðju*. Smíðja var við hvern bæ áður, enda þurftu menn að vinna alla hluti sjálfir. Mikilvægt var t.d. að geta smíðað amboð; dengt ljái og útbúið sér veiðarfæri. Eina smíðjutóttin sem nú sést í Kollsvík er norðasta tóttin á Grundum. Þar hafði síðast smíðju Grímur Árnason. Ekkert er vitað hvar stóð smíðja Einars Jónssonar í Kollsvík, sem síðastur stundaði *rauðablástur* á Íslandi.

Smíðsauga (n, hk) Auga/smekkur fyrir góðri smíði; hæfni til að meta gæði smíðaðs hlutar eða hvernig skuli standa að smíði hluta.

Smíðshögg (n, hk) Sjá *reka smíðshögg* á.

Smíðslega (ao) Laglega; líkt og hjá góðum smíð. „Ekki finnst mér þetta nú smíðslega gert“.

Smíður (n, kk) A. Sá sem fæst við smíðar; meistari í smíðum. B. Dökkt litarafbrigði fýls/múkka. Sést stöku sinnum í Kollsvík og víðar. Líkingin stafar af því að járnsmíðir urðu gjarnan sótagir við vinnu sína. C. Skordýrategundir; t.d. járnsmíður og gullsmíður. Dökkar að lit eins og sótagir smíðir.

Smit (n, hk) A. Það þegar smitsjúkdómar berast milli manna/lífvera. B. Lítilsháttar leki úr íláti eða pípulögn; síun frá rökum/fitukenndum hlut yfir í annan þurrari.

Smita (s) A. Bera út smitsótt; verða til þess að annar fær veiki sem maður er sjálfur með. B. Leka lítilllega. C. Um raka/fitu; færast frá einum hlut til annars með t.d. osmósu, hárpípukrafti.

Smitandi (l) Um sótt/veiki/pest; flyst auðveldlega milli einstaklinga.

Smitpest / Smitpestarfjandi (n, kvk/kk) Smitandi veiki; umgangspest. „Þessi smitpest er víst að ganga“. „Nú er ég líkastil kominn með þennan smitpestarfjanda“.

Smitulogn (n, hk) Blankalogn eins langt og eygt verður. „Við fáum smitulogn alla leið“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). Orðið finnst ekki í orðabókum og er ekki algengt vestra nú á dögum.

Smíð / Smíði (n, kvk) Smíðisgripur. „Kofinn er nú ekki vönduð smíð, en hann dugir mér“. Smíði getur einnig merkt verknaðinn að smíða.

Smíða (s) A. Búa til hlut/smíðisgrip með hentugu vinnulagi og oftast áhöldum. B. Berja. „Hrúturinn hefur eitthvað verið að smíða stíuna sína“. C. Skálda/ spinna upp.

Smíða negluna á undan bátnum (orðtak) Byrja ekki rétt á verki; fara framúr sér í skipulagningu.

Smíða (utan) um (manneskju) (orðtak) Smíða einhverjum líkkistu. „Þegar ég var búinn að smíða um manneskjurnar sem fóstur, komst ég með naumindum heim til mín og lagðist“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857). „Svo var smíðað utan um hann og svo var hann fluttur yfir fjörð að Sauðlauksdal og jarðaður þar“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Smíða upp / Gera upp (orðtök) Endurnýja smíðisgrip/hús/bát. „Fönix mun upphaflega hafa verið sexæringur, en smíðaður upp og stækkaður af Sturla Einarssyni bónda í Vatnsdal; Einarssonar bónda á Hnjóti“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Smíðaaðferð (n, kvk) Aðferð/lag við smíðar.

Smíðaaáhalð / Smíðatól / Smíðaverkfæri (n, hk) Áhalð/verkfæri til smíða.

Smíðajárn (n, hk) Járn sem hentat til að smíða úr.

Smíðakoffort (n, hk) Koffort sem í eru geymd verkfæri og smíðatól. „Erlendur á Hvallátrum sendi einn af vinnumönnum sínum eftir smíðakoffortinu. Hann hét Gestur Jóseppson, og var síðar þurrabúðarmaður í Kollsvík (að Gestarmel)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Smíðakol (n, hk, fto) Kol sem henta til járnsmíða; viðarkol.

Smíðar (n, kvk, fto) Gerð muna og húsa. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason afi minn smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru glettilega fallegir askarnir útskornir. Hornspænin voru hér ekki algengir“ (H.M.; Í Kollsv.veri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964). „Var í smíðum um vorið og heyskap um sumarið...“ (IG; Æskuminningar).

Smíðatimbur (n, hk) Viður sem nota má til smíða/ ætlaður er til smíða. „Uppi á bitum var geymt smíðatimbur“.

Smíðisgripur (n, kk) Hlutur sem smíðaur hefur verið. „Þetta er með fallegri smíðisgripum sem maður sér“!

Smjaðra fyrir (einhverjum) / Smjaðra sig upp við (einhvern) (orðtak) Skjalla/lofa einhvern í óhófi; *koma sér í mjúkinn hjá einhverjum*.

Smjaðrari (n, kk) Sá sem smjaðrar fyrir öðrum.

Smjaður (n, hk) Skjall; fagurgali; *gullhamrar; fleðuslæti*. „Mér hefur aldrei verið sýnt um neitt smjaður“.

Smjaðurslegur (l) Sem hefur tilburði til að smjaðra/koma sér í mjúkinn hjá einhverjum. „Skelfing leiðist mér svona smjaðurslegt fólk; sem liggur gjörsamlega flatt fyrir *höfðingjaslektinu*“!

Smjaðurtunga (n, kvk) Manneskja sem smjaðrar mikið.

Smjatt (n, hk). Myndun munnhljóða með tungusmellum og með opinn munn; stundum við að tyggja.

Smjatta á (orðtak) A. Tyggja lítið af mat til að finna bragðið. B. Afleidd merking: Henda gaman af /halda á lofti slúðri eða mistökum/hrakförum annarra.

Smjúga (s) Komast í gegnum þrengsli; líða um. „Kindin náði að smjúga útum rifuna“.

Smjör (n, hk) *Smér*; feitmeti, unnið úr rjóma með strokkun. Oftar var talað um *smér* í Kollsvík áður fyrr. Smjör var verðmætur gjaldmiðill á tímum vöruskipta fyrri alda, og ríkidæmi var gjarnan mælt í þeim smjörbirgðum sem til voru. Landskuld var gjarnan greidd í smjöri, t.d. af Láganúpi. Smjör er nú talið safnheiti og alltaf í eintölu, en áður var það oft til í fleirtölu: „Leigur (af Hænuvík) betalast í fiski í kaupstað, eður smjörum, peningum uppá danskan taxta og steinbíti heim til eiganda (Halldórs Pálssonar í Selárdal), eður það skemra sem þeim um semur“ (AM/PV Jarðabók).

Smjördallur (n, kk) Ílát fyrir smjör. „Réttu mér smjördallinn þegar þú ert búinn að smyrja“.

Smjörgerð (n, kvk) Gerð/framleiðsla smjörs. Smjör var gert á bæjum í Rauðasandshreppi allt þar til mjólkurbú tók til starfa á Patreksfirði.

Smjörhnútur (n, kk) Galdrastafur; fimmhyrnd stjarna sem rista má í smjör til að kanna hvort það var búið til með göldrum eða sé tilberasmjör. Sé svo hjaðnar smjörið um leið og stafurinn er ristur.

Smjörkaggi (n, kk) Stórt stykki /klumpur af smjöri. „Í byrjun mjólkursamlagsins var smjörið afgreitt til bæjanna í kílóavís, og þá í stórum klumpi sem síðan þurfti að skera niður til að bera á borð“.

Smjörklípa (n, kvk) Litill skammtur af smjöri. Orðið er líklega frá þeim tíma þegar klipið var úr smjörstykki og því drepíð á brauðið með fingrum. Í síðari tíma var orðið notað um lítinn smjörskammt. „Gefðu mér dálitla smjörklípu með lúðubitanum“.

Smjörsýra (n, kvk) A. Karboxýlsýra sem m.a. finnst í jarðvegi, fóðri og saur. Myndast einnig í smjöri. Hún er afurð smjörsýrugerla og af henni er einkennandi lykt; oft nefnd súrheyslykt, enda er slík lykt stundum af illa verkuðu votheyi/súrheyi. Mikil smjörsýrumyndun er talin óæskileg í heyi. B. Smjörsýra er einnig nafn á sljóvgandi efni; gammahydroxybutyrate (GHB) sem upphaflega var þróað sem svæfingalyf en hefur stundum verið notað sem vímuegja. Það hefur hættulegar aukaverkanir; getur t.d. valdið öndunarstoppi.

Smjörtrog (n, hk) Trog sem smjör er hnoðað í.

Smogið greni / Smogin hola (orðtak) Greni/hola sem tófa hefur greinilega farið um nýlega. Slíkt má t.d. sjá af hárum og förum.

Smokka/smokra framaf sér (orðtak) Ná að koma framaf sér, t.d. helsi, lykkju, yfirhöfn eða öðru. „Kvígunni tókst að smokka framaf sér bandinu og tók spretinn út í buskann“.

Smokkfiskur (Todarodes sagittatus) Kolkrabbi. Tálbeita fyrir fisk og nýttur til matar. Ekki fer sögum af því að smokkfiskur hafi verið veiddur í Kollsvík. Hann gengur þó iðulega í suðurfirði Vestfjarða á haustin. Heimildir eru um nýtingu á rekasmokk til beitu frá 17.öld og í lok 19.aldar var farið að veiða hann inni á fjörðum á sérstakan öngul.

Smokkfisköngull / Smokköngull (n, kk) Öngull til smokkfiskveiða. Blýsakka með krans af uppsveigðum krókum að neðanverðu. Slíkur öngull var lengi til á Láganúpi, heimasmiðaður og af gamalli gerð.

Smokra sér (orðtak) Smeygja sér. „Kálfinum hafði tekist að smokra sér úr helsinu“.

Smolt (n, hk) Fitubrád sem myndaðist á soði af feittum mat. Einkum notað þegar soðinn var fugl, s.s. máfur eða (áður fyrr) fýlungi. Í seinni tíð notað yfir alla feiti, s.s. bráðna tólg. „Smolt er fuglafeiti. Flotið af fuglunum er fleytt og notað í bræðing. Svo var það líka notað í ull þegar verið var að kemma, til að mýkja hana. Yfirleitt var það samt *fótafeiti*. Þetta er svoltið svipað; storknaði ekki“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Smotterí (n, hk) Smælki; smámunir. „Þetta er nú svoddan smotterí að tekur því varla að nefna það“.

Smuga (n, kvk) Gat/rifa/hola sem hægt er að smjúga/smeygja um; ranghali; þröngur gangur.

Smurdæla (n, kvk) Áhald til að dæla feiti/koppafeiti á liði véla.

Smurfeiti (n, kvk) Koppafeiti. „Það vantar smurfeiti í *feitisdæluna*“.

Smurningur (n, kk) Hvers konar feit til að smyrja vélar. Smurningur var áður notað um koppafeiti/smurfeiti, og einnig um vélaolíu. „Hefurðu aðhugað með smurning á traktorum nýlega“?

Smyrill (n, kk) Falco columbarius. Lítil fálki af fákungaætt. Íslenski smyrillinn er af undirstofninum Falco columbarius subaeson verpir hér og á Færeyjum. Smyrill líkist fálka í útliti en er mun minni; 165-295g og að 30cm langur; kvenfuglinn stærri en karlinn. Verpur í klettum en stundum í bröttum brekkum. Farfugl, með vetursetu í vestanverðri Evrópu. Smyrill sést oft í Kollsvík; iðulega þá að eltast við smáfugla, sem eru helsta fæða hans. Hann er bæði hraðfleygur og mjög fimur á flugi.

Smyrja (s) A. Almennt; bera fitu/kvoðu eða annað á yfirborð hlutar. B. Þekja brauðsneið með smjöri. C. Setja smurning á vél til að liðka núningsfleti.

Smyrja þykkt á (orðtak) A. Leggja mikið á vöru til að skapa sér hagnað. B. Skálda mikið utanum söguþráð til að gera sögu áheyrilegri.

Smyrsl / Smyrslí (n, hk) Áburður/salvi sem borinn er á húð eða annað til lækninga.

Smyrslingur / Smyrslingsskel (n, kk/kvk) Mya truncata; *sandmiga*. Samlokuskel af ættbálki Desmodonta. Litlar egglega skeljar; gulhvítar að lit; afturendi þverstýfður og framendinn bogadreginn. Algengur umhverfis landið niður að 130m dýpi. Skelin grefur sig niður í botnsetið, en er með tvær langar öndunarpípur sem standa uppúr. Skeljarnar rekur iðulega á fjörur t.d. í Kollsvík.

Smæð (n, kvk) Það að vera smár/lítill/óverulegur. „Maður finnur fyrir smæð sinni við þessar aðstæður“.

Smækka (s) Gera/verða smærri/minni. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skroknum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu“ (PG; Veðmálið).

Smælingi (n, kk) Sá sem er minnimáttar/smár; fátæklingur; almúgamaður. „Það þýðir víst lítið fyrir okkur smælingjana að rífa kjaft þegar þeir stóru ætla sér eitthvað“!

Smælki (n, hk) Smáhlutir; það sem smátt er. A. smáfiskur. „Það þýðir ekkert að vera að hirða svona smælki þegar nóg er af stórfiski“. B. Smáar kartöflur; *myr*. „Það var lítið undir í þessu beði; tómt smælki“. C. Smár rekaviður; mor; spækjur. „Það má nýta þetta smælki til að reykja við“. D. Smávaxin lömb að hausti. „EKKI veit ég til hvers menn er að sækjast eftir tví- og þrílembingum; þetta er ekkert nema smælkið“! E. Lýs. „Abraham signdi sig ætíð áður en hann fór í skyrtuna, en gluggaði þó ögn í hana áður; uppá smælkið að gera“ (Jochum Eggertsson; Trýnaveður; Því gleymi ég aldrei. Lýsing á verbúðarlífi í Láturda).

Smölun (n, kvk) A. Almennt um það að safna hlutum saman; söfnun. B. Göngur; það að leita uppi fé og reka það til réttar eða heimatúns.

Smölunardagur (n, kk) Gangnadagur; dagur sem ákveðið er að smala ákveðið svæði.

Smölunarleiðangur (n, kk) Ferðalag til að smala fé. „Við gerðum heilmikinn smölunarleiðangur inná Stíg“.

Snafs (n, kk) Lítil skammtur af vökva, einkum notað um vín.

Snafsa (l) Gefa í smáskömmum. Mest notað um það þegar settur var skammtur af smurolíu niðurfyr ventla Lister-ljósavélar til að hún þjappaði betur og væri þægari í gang. „Það þarf að snafsa þrisvar sinnum“.

Snag (n, hk) A. Almennt um söfnun á því sem sjaldgæft/strjált er eða erfitt að ná í. B. Eggjataka í mjög strjálu varpi, með *snögun*. „Ég held að við eyðum ekki tímanum í svona snag þegar nóg er af eggjum rétt hjá“.

Snaga (s) A. Safna/afla þar sem strjált/erfitt er. „Menn snöguðu víða þar sem einhverja græna tuggu var að hafa. Slegið var í Hænuvíkur- og Kollsvíkurtóm; í grasflesjum í klettum og í stórgrýtisurðum“. B. Tína egg í bjargi, þar sem þau eru mjög strjált. „Við fórum svo að snaga þarna um höfðann, en varpið var fremur strjált þetta árið“. „Það er nú komið út í vafasamar æfingar þegar farið er að snaga þarna“.

Snaga eftir eggjum (orðtak) Safna eggjum þar sem strjált er varp, og erfitt aðgöngu.

Snaggaralega (ao) *Snöggur upp á lagið*; rösklega; fljótt. „Hann svaraði þessu snaggaralega“.

Snaggaralegur (l) Líflegur; hraustlegur; röskur. „Hann er ári snaggaralegur og gæti orðið vel að liði“.

Snaghyrnd (l) A. Með hvassar totur/hyrnur í hornum/endum. „Tungl er orðið fremur framgengið og snaghyrnt“. B. Um hornbalag sauðkindar; með horn sem eru sveigð til hliðar á endum. C. Um öxi; með löng sveigð horn blaðs, svipuð hálfmána.

Snaka (s) Smeygja; smokra. „Það er varla hægt að snaka sér í svo þröngar buxur“. „Snakaðu þér innfyrr“.

Snakillur / Snakvondur (l) Mjög reiður; viðskotailur; bregst illa við. „Hann varð snakillur þegar þetta var borið upp á hann“. „Það mátti ekki orðinu halla, þá varð hann snakvondur“.

Snakk (n, hk) Kjaftæði; málæði, bull. „Nú er ég búinn að halda ykkur uppi á snakki of lengi og mál að fara“.

Snakka við (orðtak) Tala/ræða við. „Nú má ég ekki vera að því að snakka við þig mikið lengur“.

Snap (n, hk) Lítilfjörleg beit fyrir fé. „Það hafði einhver snöp í fjörinni en þarf samt verulega gjöf“.

Snapa (s) Leita; safna. „Tófan hefur farið hér um fjöruna í nótt að snapa sér æti“. Notað um fé; „það hefur lítið að snapa þegar svona skari er á jörð“. Orðið „snufsa“, um það sama, var ekki notað í Kollsvík. Sjá *snöp*.

Snapa saman (orðtak) Tína saman; hafa uppá og halda saman; útega. „Honum tókst að snapa saman nægu fé til að kaupa bátinn“.

Snapa sér (orðtak) A. Um fé; finna sér beit; geta bitið smávegis. B. Um mann; finna sér það sem með þarf. „Mér tókst að snapa mér nokkrar heimildir um þetta“.

Snaphagi (n, kk) Dálítill beit í úthaga; snöp. „Féð kemst þarna í dálítinn snaphaga, auk þess að vatna sér“.

Snapróður (n, kk) Róður sem lítið hefur fiskast í. „Þetta var nú hálfgerður snapróður hjá okkur í dag“.

Snar (l) A. Fljótur; snöggur; lipur. „Vertu nú snar og hlauptu í veg fyrir árans túnrolluna þarna“. B. Stytting úr snarvitlaus/snargeggjaður. „Ertu alveg snar“? C. Forskeyti margra orða til áhersluauka, s.s. snarvitlaus.

Snar í snúningum (orðtak) Fljótur; bregða fljótt við. „Þú ert svo snar í snúningum; skjóstu nú og víktu henni framfyrir girðinguna“.

Snar þáttur í (einhverju) (orðtak) Mikilvægur/stór hluti af einhverju. „Trú og helgihald var snar þáttur í lífi landsmanna fyrr á öldum“.

Snara (n, kvk) Lykkja sem kastað/fest er um háls t.d. veiðibráðar sem á að ná eða manns sem á að hengja.

Snara (s) A. Kasta snöru yfir eitthvað. B. Vinda/bregða. „Hann snaraði skrokknunum upp á fláningsborðið“. C. Þýða tungumál. „Gunnar snaraði tékkneskunni yfir á íslensku“. D. Loka húsi með *snara*. „Hallaðu dyrunum og snaraðu þær“.

Snaraður (l) A. Um hurð; lokuð með *snara*. „Farðu nú hinumegin og opnaðu *garðahurðina*; hún er snöruð að innanverðu“. B. Um fugl; veiddur með snöru. „Snaraður fugl var dreginn upp í kippum“.

Snarast (s) A. Um manneskju; skreppa; hlaupa; bregða við. „Snarist þið nú upp á Hóla og víkið þessum túnrollum útfyrir“. B. Um vegg eða annan hlut; hallast mikið; hrynja vegna halla/missigs.

Snarauka (orðtak) A. Bæta verulega/fljótt við. B. Rífa upp sjó; brima. „Hann er að snarauka af vestan“!

Snaraukast (s) Aukast mjög mikið/ mjög fljótt. „Brimið hefur snaraukist frá því í morgun“.

Snarbatna (s) Batna/lagast mjög fljótt. „Veðrið hefur snarbatnað síðan í morgun“.

Snarbeygja (s) Taka krappa beygju/stefnubreytingu. „Við þúfustekkt snarbeygir brúnnin til austurs...“ (HÖ; Fjaran).

Snarbiláður / Snargeggjaður / Snarbrjáláður / Snarvitlaus (l) Kolvitlaus; brjáláður; tröllheimskur. „Ertu alveg snarbiláður; þú stefnir beint á boðann“! „Þetta uppátæki ríkisins er alveg snargeggjað“. „Það þýðir ekkert að verða snarvitlaus þó strengurinn hafi verið skorinn. Þú vandar þig betur næst við lagninguna“.

Snarbirta (s) Birta skyndilega í lofti; birta snögglega til. „Nú sýnist mér hann vera að snarbirta til; meira að segja farið að glaðna fyrir sól“. „Það snarbirti í lofti þegar við komum suðurá Víkina“.

- Snarbratt** (l) Um landslag; mjög bratt; nær þverhnipt. „Fyrir kom að slegið var úti í Breið eða inni á Hlíðum. Það hey þurfti að bera á bakinu um snarbratta hryggi, með hengiflug fyrir ofan og neðan“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Snarbrjálað/Snarvitlaust veður** (orðtak) Ofsaveður; mjög slæmt veður. Oft með viðeigandi blótsyrði.
- Snardýpka** (s) Dýpka mjög mikið á litlu svæði. „Undan Háanesinu er *marbakki* þar sem snardýpkar“. „Já, hér er flágrynni; landgrunninu hallar afarhægt. Hér snardýpkar ekki fyrir en við Víkurál, sem er um 9 stunda ferð frá Patreksfirði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Snargalinn / Snargeggjaður** (l) Vitskertur; mjög heimskur. Oftast þó í líkingamáli.
- Snargarður** (n, kk) Þéttrúllaður vöndull. „Netin höfðu öll rúllast upp í snargarð í þessum sjógangi“.
- Snargrynna** (s) Grynna mjög hratt; marbakki/brimstallar/kantur. „Talsvert dýpi er í um 80 – 100 metra fjarlægð frá landi um flóð, en þar snargrynnir á hleinarbrún sem kemur upp um hverja fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Snarhalda kjafti / Snarhalda sér saman** (orðtök) Steinþegja. „Ég held að sá *bullustrokkur* ætti að snarhalda kjafti; alltaf sami *slúðurberinn*“! „Nú skulum við snarhalda okkur saman; þarna kemur hann sjálfur“!
- Snarhalla** (s) Halla mikið/skyndilega.
- Snarhast / Snarhending** (n, hk/kvk) Mikill flýttir; asi; hvellur. „Við drógum strenginn í snarhasti og drifum okkur í land“.
- Snarhasta** (s) Kalla mjög mikið að; vera brýnt. „Það snarhastar nú ekkert að svara svona vitleysu“.
- Snarhvessa** (s) Hvessa skyndilega; rífa sig upp; bæta mjög í (vind); ganga upp. „Hann snarhvesti með morgninum, og um hádegi var komið hífandi rok“.
- Snarhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; horn aftursveigð í krappan hring.
- Snarhægja / Snarlygna / Snarlægja** (s) Um vind; lægja/hægja mjög skyndilega; *detta niður*; *detta í dúnalogn*. „Það snarhægði um leið og styttaði upp“. „Mér finnst vindinn hafa snarlægt á stuttum tíma“.
- Snarhækka** (s) Hækka mjög ört/skyndilega. „Áburðurinn hefur snarhækkað í verði“. Við Undirhlíðarnef snarhækka sjávarklettarnir, en lækka aftur utar; nærri Hnífaflögu“.
- Snarhætta** (s) Hætta skyndilega. „Viltu snarhætta þessu fíkti með eldinn drengur“!
- Snari** (n, kk) A. Snerill; tréflýgur innan á dyrakarmi sem unnt er að snúa og læsa þannig dyrum innanfrá. Þannig læsing var yfirleitt innan á fjárhúskörmum, en að utan var oft lokað með hespu eða bandi. B. Úrsnari; áhald til að hefja innan úr borgati svo að í grópið félli haus á undirsinkaðri tréskrufu.
- Snark** (n, hk) Lágir brestir, t.d. í brennandi viði.
- Snarka** (s) Heyrast *snark*. „Fljótlega fór að snarka líflega í eldstæðinu“. „Steikin snarkar á pönnunni“.
- Snarl** (n, hk) Léttur matverður; skyndibiti. „Ég át svo vel í hádeginu að ég fékk mér bara snarl um kvöldið“.
- Snarla** (s) Borða léttan mat/skyndibita/snarl. „Við gáfum okkur örlítinn tíma til að snarla“.
- Snarla sér** (orðtak) Fá sér snarl; fá sér lítilsháttar að borða/ í svanginn. „Viltu ekki snarla þér eitthvað“?
- Snarlagast** (s) Batna/lagast mjög mikið/skyndilega. „Veðrið hefur snarlagast; ætli maður fari ekki að sýna fénu eitthvað út“.
- Snarlega** (l) Fljótt; brátt. „Ef einhver hænna er veik eða meidd ráðast hinar oftast á hana og eiga til að drepa hana snarlega“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).
- Snarléttu til/þokunni** (orðtak) Birta skyndilega upp él/snjókomu/rigningu/þoku; glaðna skyndilega til. „Hann er að snarlétta þokunni. Ansi hefur okkur rekið langt norður á Flóann“!
- Snarminnka** (l) Minnka mjög mikið/hratt.
- Snarpheitt** (l) Mjög heitt; sjóðheitt. „Varðaðu þig á kaffinu; það er snarpheitt“.
- Snarpur** (l) A. Hríufur/hvass/beittur/bitur/kaldur/heitur viðkomu. B. Ákafur; öflugur; hraustur; öflugur. „Eftir snarpa glímu stóð hann uppi sem sigurvegari“. „Hann gekk í snarpa norðanátt“. „...er við fórum að huga að sáum við að við vorum komnir suður á Látraröst, og er farið að leggja snarpar vindhviður á sjóinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Snarráður** (l) Ráðagóður; snjall; fljótur að hugsa. „Þarna varstu snarráður“!
- Snarrót / Snarrótarpuntur** (n, kk) *Deschamsia cespitosa*; stórvaxin grastegund sem algeng er um allt land; einkum í gömlum túnnum sem komin eru í órækt; í graslendi, móum og holtum frá láglandi að 700m hæð. Jurtin getur orðið meira en metri að hæð við bestu aðstæður, en er oft um 40-50cm. Punturinn er langur og mjög ljósbrúnn eða fjólubláleitur; blómgastrí júní-júlí. Blöðin eru um 2cm á breidd; mjög snörp og

- skarprifjuð; slíðurhinnur efstu blaða um 5cm langar. Snarrótarpunktur þykir illgresi í túnum, þar sem hann er þúfumyndandi og fóðurrýr. Þykir vottur um órækt í túnum.
- Snarruglaður** (l) Kolruglaður; alveg ringlaður; geðveikur; áttaviltur. „Maður getur orðið snarruglaður í svona *tippingi* og *átleysu*, þegar hvergi sér til lands“.
- Snarræði** (n, hk) Skjót úttæði; snör hugsun/aðgerð til bjargar. „Um leið og Árni sagði þetta vék hann bátnum, og með snarræði tókst honum að mestu að forðast brotið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Snarsnúa** (s) Venda snarlega; snúa snöggt. „Árni snarsneri bátnum, svo við hrukkum við“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Snarstansa / Snarstoppa / Snarstöðvast** (s) Soppa/stöðva skyndilega. „Kindin snarstoppaði fyrst þegar ég hóaði; svo tók hún á rás“.
- Snarstytta upp** (orðtak) Hætta skyndilega að rigna/snjóa. „Hann snarstyttaði upp þegar ég var kominn í regnkápu“.
- Snarsundla / Snarsvima** (s) Sundla/svima mikið og skyndilega; verða skyndilega ringlaður/loftþræddur.
- Snarvenda** (n, kvk) Sérstök gerð vélar. Breyta má snúningsátt snarvendu í einu veffangi, frá áfram í afturábak.
- Snarvenda** (s) A. Breyta snúningsátt á *snarvendu*. B. Skipta skyndilega um skoðun. „Það má alveg segja að ég hafi snarvent í þessu máli; eftir að hafa heyrt rökin með og á móti“.
- Snarversna** (s) Versna mjög mikið/hratt; versna *til mikilla muna*. „Veðrið er að snarversna allt í einu; ég fer bara að láta féð inn“.
- Snarvitlaus** (l) Um mann; kolvitlaus; brálaður; *yfirmáta* heimskur. B Um skepnu; *ljónstyg*.
- Snarvitlaust veður** (orðtak) *Kolbrjálað veður*; aftakaveður; mjög vont veður. „Þú ferð ekki að leggja af stað í svona snarvitlausu veðri; bíddu heldur þar til fer að lægja“.
- Snarvöndull** (n, kk) Bragð sem sett var t.d. utanum stór rekatré til að ná þeim undan sjó. Þá var annar endi tógsins settur fastur á hæl eða haldið við hann; vaðnum brugðið einn eða tvo hringi utanum bolinn og þá reyndist létt fyrir einn eða tvo að toga í hinn endann og velta þannig trénu uppúr fjörinni.
- Snasa** (s) Snuðra; þefa; bragða á. „Þrilemban er kannski að lagast af *átleysinu*; hún er farin að snasa í heyið“.
- Snasla** (s) Borða/éta í litlu magni; narta í; kroppa; bíta. „Féð er eitthvað að snasla í þennan rudda, en þetta er fjári lélegt fóður“.
- Snata / Snata saman** (s/orðtak) Safna saman; skrapa saman; nurla. „Honum tókst að snata saman einhverjum aurum til að greiða uppí skuldina“.
- Snata í** (orðtak) Hnýsast í; snuðra. „Ég hef aðeins verið að snata í þessi gömlu skjöl“.
- Snata í sig** (orðtak) Borða; narta í; nasla. „Reyndu nú að snata einhverju í þig af þessu“.
- Snati** (n, kk) A. Gæluorð um hund. B. Niðrandi heiti á manni sem þykir öðrum undirgefinn.
- Snatt** (n, hk) Smávægilegur erindarekstur; útréttingar; snúningar.
- Snatta / Snattast** (s) Snúast; fara í snúninga/snatt; *útrétta*. „Það fer ótrúlega mikill tími í að snatta í þessum kaupstaðarferðum“.
- Snautlega** (l) Fátæklega; lítilfjörlega. „Ferðalagið endaði fremur snautlega þegar bíllinn bilaði“.
- Snautlegur** (l) Ómerkilegur; skammarlegur; hlægilegur; kjánalegur. „Hann fékk heldur snautlega útreið“!
- Snauður** (l) Fátækur; allslaus.
- Snauta / Snáfa** (s) Hypja sig; lúffa; hverfa á braut.
- Snáði** (n, kk) Stubbur; stúfur; lítill drengur. „Sko litla snáðann; farinn að standa á eigin fótum“!
- Snápur** (n, kk) Þrjótur; auli; þorpari; ómerkilegur maður.
- Snefilefni** (n, hk, fto) Efni sem eru nauðsynleg í litlu magni, t.d. til viðhalds lífi og góðri heilsu.
- Snefill** (n, kk) Ögn; arða. „Það er ekki snefill af snjó eftir á Hálsinum“.
- Snefsinn** (l) Hryssingslegur; hvassyrstur. „Karlinn var viðskotailur og snefsinn þegar yrt var á hann“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Snefsni** (n, kvk) Hryssingur í viðmóti; hvatyrði; steytingur. „Karlinn sýndi þeim bara snefsni og óvild“.
- Snegla** (n, kvk) Sá/sú sem er harðvítug/erfið/stygg viðureignar. Iðulega ærnafn í seinni tíð.
- Sneið** (n, kvk) A. Fleða/afskurður af brauði/keti eða öðru. B. Skens. „Skyldi hann hafa *skilið sneiðina*“?
- Sneiða** (s) *Fleða*; skera sneið af. „Búið var að seniða lundabaggann niður“.

- Sneiða að/nærri** (orðtök) Gagnrýna; ásaka; vega að; vera með *getsakir* um; höggva nærri; *skensa*; lítilsvirða. „Honum þótti að sér sneitt með þessari athugasemd“. „Það er varla hægt að ræða þetta nema að sneiða nærri sumum þingmönnum“. Líklega dregið af því að þegar stykki er sneitt niður geta fingur orðið í hættu.
- Sneiða fyrir / Sneiða hjá** (orðtak) Fara í kringum. „Fyrrum reyndu sjómenn að sneiða hjá því að nefna fiskinn réttu nafni á sjónum; það gat boðað fiskileysi“. Líklega dregið af því að forðast bein eða annað þegar matur var sneiddur niður. Oft áður „sneiða sig hjá“, en það er nú aflagt.
- Sneiða sig upp/niður** (orðtök) Fara í krákustígum/sneiðingum upp/niður. „Það má sneiða sig þarna upp *klettaslefrurnar* ef varlega er farið“.
- Sneiðast um** (orðtak) *Skerðast um*; skorta; verða lítið um. „Það er farið að sneiðast um saltið“. Líklega dregið af því að það stykki minnkar sem af er sneitt.
- Sneiðing** (n, kvk) Eyrnamark á sauðfé. Broddurinn skorinn af eyranu og á ská framávið eða afturávið, eftir því hvort er „sneitt framan“ eða „sneitt aftan“. Sé skorin rifa niður úr sneiðingunni heitir það mark *sneiðrifa*.
- Sneiðingur** (n, kk) Vegskering í fjallshlíð. „Sneiðingurinn í Hæðinni“.
- Sneiðyrði** (n, hk) Háðsglósur; *sneið* í orðum. „Hann tók þessi sneiðyrði dálítið nærri sér“.
- Sneiðrifa / Sneiðrifað** (n, kvk/l) Eyrnamark á sauðfé. Fyrst er broddur skorinn skáhallt af eyranu, en síðan er gerð dálítill rifa ofani miðja sneiðinguna og þvert á hana.
- Sneis** (n, kk) Fornt heiti á tollu/ræði á bát. Lifir í orðinu *sneisafullur*.
- Sneisafullur** (l) Alveg fullur; barmafullur; troðinn. „Votheysgryfjan er orðin sneisafull“. Sneis mun merkja pinni eða prik. Nafnið sneis var forðum haft yfir tollur/ræði á bár, og er merking orðsins því hin sama og „borðstokkafullur“. Einnig mun sneis hafa verið notað um pinna til að loka sláturkepp.
- Sneisafylla** (s) Fleytifylla; troðfylla; fylla alveg. „Við vorum fljótir að sneisafylla þau fáu ílát sem við höfðum“.
- Sneisafylltur** (l) Fleytifylltur; troðfylltur. „Hjólborurnar voru sneisafylltar af eldivið og kjagað með þær upp að Hesthúsi“.
- Sneitt** (l) Eyrnamark á sauðfé. Sjá *sneiðing*.
- Snekkja** (n, kvk) A. Skip. Var forðum haft yfir langskip og önnur herskip, en merkir nú einkum lystiskip. B. Gírbúnaður; snigildrif.
- Snekkjudrif / Snigildrif** (n, hk) Gírbúnaður, þannig að snigill snýr hjóli. Mikil niðurfærsla á hraða.
- Snemma á ferðinni** (orðtak) Fyrr gert/mætt en áætlað var eða búast mætti við. „Og það snemma er hann á ferðinni að hann fær vélamann frá Danmörku til að annast viðhald vélanna“ (Al; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Sjá *snemma í því*.
- Snemma beygist krókurinn (til þess sem verða vill)** (orðatiltæki) Snemma kemur rétt eðli/ framtíðarstarf/ áhugamál fram hjá einstaklingi. Oft notað t.d. um það þegar barn sýnir áhuga á því sem síðar verður ævistarfið. Giskað hefur verið á að orðtakið vísi til þess hve konum gekk stundum erfiðlega að ráða við krókfald á höfði, og hefur e.t.v. átt að vísa til þess að hann leitaði í átt að væntanlegu mannsefni.
- Snemma í því** (orðtak) Snemma gert/mætt. Um það að *hafa tímann fyrir sér*. „Ég var full snemma í því. Það var enginn mættur á fundinn og ekki búið að opna húsið“. Sjá *snemma á ferðinni*.
- Snemma upp** (orðtak) Snemma á fætur. „Við þurfum að fara snemma upp í fyrramálið og búa okkur af stað“.
- Snemma uppi** (orðtak) Kominn snemma á fætur. „Hversvegna ert þú svona snemma uppi þennan daginn“?
- Snemmborinn** (l) Fæddur snemma. „Það er ekki að undra þó hrúturinn sé stór; hann er svo snemmborinn“.
- Snemmbær** (l) Kýr sem ber að vorlagi. „Það er kostur að kýr séu svo snemmbærar að þær geti nýtt nýgræðinginn til að *græða sig*“.
- Snemmbæra** (n, kvk) Snemmbær kýr.
- Snemmdegis / Snemmindis** (ao) Snemma dags; árla. Snemmdegis framborið með i-hljóði en ekki „snemmdendis“ eins og annarsstaðar virðist hafa tíðkast. „Við þyrftum að vakna snemmindis til að komast á flot fyrir fjöruna“.
- Snemmorpin** (l) Um fugl; verpir/*verpur* snemma. „Ári eru þetta snemmorpin langvíuegg; þau eru orðin *eygð*, þó múkkavarp sé varla byrjað“.
- Snemmslegið** (l) Um gras/hey; slegið snemma að vori. „Snemmslegna heyið er ólíkt betra föður“.
- Snemmsumars** (ao) Snemma á sumri. „Best er að fara snemma vors, áður en slý og þörungagróður þekur fjöruna, en slíkt gerist snemmsumars vegna mikils og nær samfellds vatnsaga úr sjávarklettunum“ (HÖ; Fjaran).

Snepill (n, kk) A. Snifsi; afrifa; flipi; blaðka. Sbr eynasnepill; *ullarsnepill*. B. Ómerkilegt blað.

Sneplóttur (l) A. Um hund/kött/tófu sem er að fara úr hárum en hefur flyksur af gömlu hári flaksandi utan á sér. B. Um ær sem er mikils til búin að týna gömlu reyfi.

Snerill (n, kk) A. *Snari* til að loka hurð innanfrá. B. Hurðarhúnn með handfangi (ekki hnúður).

Snerpa (n, kvk) A. Lipurð; viðbragð; úthald; skörp greind. „Það er ótrúleg snerpa í stráknum að hlaupa svona á brattann“. B. Mjög góður þurrkur. „Nú er um að gera að nota þessa snerpu sem allra best“.

Snerpa (s) A. Herða á; taka til; vinna hraðar. „Þú mættir aðeins snerpa á þér í andófinu“. B. Skerpa á hita; sjóða. „Tylltu þér snöggvast; ég ætla að snerpa á könnunni“.

Snerpusprettur (n, kk) Mjög hraður hlaupasprettur. „Þetta var snerpusprettur; en kindin náðist“!

Snerpuþurrkur (n, kk) Mjög góður þurrkur; hlýr vindur og sólskin. „Það má einhvernvegin ná sæmilegum heyjum; með svona snerpuþurrk dag eftir dag“!

Snerri (n, kvk) Lota í viðureign; rifrildi. „Þeir *tóku* stundum skarpar *snerri* um pólitík sér til skemmtunar“.

Snertra (n, kvk) Viðkoma; snerting; stytting á *oddsnertra*. Oftaast haft um veiðiskap: „Á þessum miðum var *ekki ugga* að hafa í þetta skiptið; ekki minnstu snertu“.

Snertra (s) A. Koma við; fara höndum að/um. „Þið snertið ekki sniðaskærin mín strákar“! B. Varða; koma við. „Þetta málefni snertir alla hreppsúa“. Sjá; *hvað það snertir*.

Snerting (n, kvk) Það að snerta/snertast.

Snertur (n, kk) Vottur; sýnishorn; örlítið. „Hann er talinn hafa fengið snert af lungnabólgu“.

Snertuspölur (n, kk) Spottakorn; lítil vegalengd. „Snertuspöl, allgóðan, inn frá Ölduskarði gengur klakkur eða hnjótur fram úr hlíðinni, kallaður Speni“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Sneyddur (l) Rúinn; rændur. „Svona ruddar eru sneyddir allri samvisku“!

Sneyða (s) Taka frá; gera fátækan/snauðan; rýra. „Stjórnmöld hafa ekki hikað að sneyða sjávarjarðir sínum ævafornu veiðuréttindum“.

Sneyðast um (orðtak) Fækka bjargráðum/úrkostum. „Mér sýnist að bráðlega fari að sneyðast um saum“.

Sneypta (n, kvk) A. Skömm. „Honum fannst óttaleg sneypa að komast ekki upp á Völlinn“. B. Gælunafn á hundtík. „Hún er nú að reyna að gera gagn, blessuð sneypan“. C. Taka haus af smáfiski og slógdraga hann um leið.

Sneypta (s) Skamma; ávita. „Vertu nú ekki alltaf að sneypa tíkina, þá hættir hún að hlýða“. Nafnorðið *sneypta*.

Sneypast (s) Hundast; skammast. „Ég held honum væri *skammarnær* að sneypast til að biðja fólk afsökunar á fíflaganinum en að hreykja sér af honum“!

Sneypinn (l) Skömmóttur; uppstökkur.

Sneyptur (l) Skömmustulegur; niðurlútur. „Var maðurinn hinn versti við, og spurði hvort átt hefði að drepa sig. Urðu þá allir sneyptir og lofuðu að láta ekki slíkt sem þetta henda sig aftur“ (MG; Látrabjarg).

Sneypuför (n, kvk) Tilgangslaus ferð; ekki ferð til fjár. „Þessi róður varð nú hálfgerð sneypuför“.

Sneypulegur (l) Skömmustulegur; niðurlútur. „Því skyldi hundurinn vera svona sneypulegur núna“?

Snidda (n, kvk) Torfhnaus. Þegar nota á sniddu í torfhleðslu er hún vanalega stungin í hnaus sem er tígullaga, séður í grashliðina. Grasið er látið snúa út, og er því snidduhleðsla fljót að gróa.

Snið (hk) A. Form; svipur; skapalón. „Bátarnir eru með líku sniði“. „Ég fékk lánuð snið fyrir skyrtuna“. B. Vegskering í brekku; halli. „Rétt utan við Ána tekur við Vörðubrekkan. Gatan liggur í nokkrum sniðum upp bröttustu brekkuna; síðan vægur halli upp á Kjölinn“ (IG; Sagt til vegar II).

Sniðganga (s) Líta framhjá; hundsá; fara ekki að. „Hann kaus að sniðganga þessi fyrirmæli“.

Sniðgenginn (l) Lítilsvirtur; gengið framhjá. „Mér sýnist að hér hafi lögin heldur betur verið sniðgengin“.

Sniðglíma (n, kvk) Sérstakt bragð í glímu.

Sniðhallt (l) Skáhallt; á ská. „Leiðin liggur þarna sniðhallt uppyfir klettinn“.

Sniðhenda (n, kvk) Vísa með sniðhendingu. Sniðhending er hálfírím, eða rím einstakra atkvæða en ekki heilla orða. Einnig nefnd skothending. Dæmi: „Hvert stefnið þér hráfnar/ hart með flokk enn svarta“?

Sniðinn þröngur stakkur (orðtak) Aðþrengdur; ekki með mikið svigrúm. „Vegna fjárhags er félaginu mjög þröngur stakkur sniðinn við þessa framkvæmd“.

Sniðmát (n, hk) Hornmát; stillanlegt áhald til að mæla horn/snið hluta og færa þau milli smiðisgripa.

Sniðskera (s) Fara skáhallt. „Það er hægara að sniðskera sig upp hlíðina en kjaga beint upp“.

Sniðugheit (n, hk, fto) Flinkheit; snilld; snilli. „Þarna eru ýmsar snjallar lausnir og sniðugheit“.

Sniðuglega (ao) Á sniðugan/hugkvæman/snjallan hátt. „Hann leysti þessa þraut nokkuð sniðuglega“.

Sniðugur (l) A. Snjall; útsjónasamur. „Ólafur Sveinsson á Sellátranesi sýndi öðrum fremur að það eru ekki alltaf mesta langskólanámið sem skilar sniðugustu og snjöllustu lausnunum. Þegar tæknimenntaðir sérfræðingar töldu útilokað að koma sjónvarpi í Útvíkurnar tók Óli á Nesi það sem sína áskorun og hætti ekki fyrr en komið var sjónvarp á hvern einasta bæ í Rauðasandshreppi. Það verk vann hann að mestu í sjálfboðavinnu“. B. Fyndinn; hnyttinn í orðum. „Þetta fannst honum sniðugt“!

Sniffa (s) Þefa. „Því er hundurinn að sniffa svona úti loftið“?

Snifsi (n, hk) Tætla; smáleppur; blað. „Það er varla snifsi af ull eftir á þessum túnrollum“.

Snigill (n, kk) A. Stærsti flokkur lindýra; Gastropodia, með 60-75.000 tegundir landsnigla, sjávarsnigla og vantnasnigla. Sniglar eru vanalega með höfuð, tvo fálmara og kviðlægan fót. Flestir hafa þeir skel sem er oftast undin í spirál. Þeir geta flestir dregið sig inn í þessa skel og lokað henni á eftir sér. B. Tæki með skrófulögun, t.d. til þess að flytja efni uppávið eða þjappa/dæla lofti. C. Niðrandi heiti um þann sem þykir mjög seinn á sér. D. Almennit um lítinn hlut; t.d. *pokasnigill*, *stráksnigill*.

Sniglarákir / Sniglaslóðir (n, kvk, fto) Glitrandi slímrákir sem stundum má sjá á hörðu yfirborði, s.s. klóppum, og eru eftir umferð snigla.

Sniglast (s) Mjakast; fara hægt; slóra. „Óttalega eru drengirnir lengi að sniglast heim með kýrnar“!

Snikka (s) Laga; smíða. „Eitthvað þarf nú að snikka þessa hurð til, svo hún falli í falsinn“.

Snikkari (n, kk) Trémiður.

Snilld / Snilli (n, kvk) Mjög góð lausn/hugmynd. „Þetta er algjör snilld“.

Snilldarlega (ao) Mjög vel; frábærlega. „Þetta var snilldarlega gert, eins og hans var *von og vísa*“.

Snilldarskáld (n, hk) Mjög gott skáld.

Snilldarsmiði (n, kvk) Mjög góð/vönduð smíði; vandaður smíðisgripur.

Snilldarvel (ao) Afar/mjög vel.

Snilldarverk (n, hk) Vandað verk; kostagripur. „Listfræðingurinn sagði hellumálverkin vera snilldarverk“.

Snilligáfa (n, kvk) Einstök fundvísi á góðar lausnir. „Svona innsæi er eiginlega snilligáfa“.

Snillingur (n, kk) Sá sem þykir öðrum færari/fljótari að finna góðar/snjallar lausnir.

Snippa (s) Hnussa; soga stutt og ákveðið upp í nefið til að tjá vandlætingu. „Hún þurfti verulega að snippa yfir þessum hugdettum unglínganna“.

Snitta (s) Búa til skrófgang á hlut, t.d. járnör.

Snitti (n, hk) A. Kambur af rauðmaga eða grásleppu, en hann var gjarnan hirtur fyrrum og borðaður súrsaður. Orðið kann að hafa verið notað um annan afskurð áður fyrr. B. Snifsi; ögn. „Það er ekki snitti eftir af þessu“. Líklega líking við fyrrnefnda merkingu. C. Verklag; háttur; snið. „Við gerum þetta núna með þessu snitti og sjáum hvernig fer“. Orðið finnst ekki í þessari merkingu í orðabókum, en HÍ gefur upp merkinguna „tæki til að búa til skrófgang með“, sem einnig er þekkt í Kollsvík.

Sniða (eitthvað) að þörfum (orðtak) Laga eitthvað eftir því sem best hentar tilgangi/tilefni.

Sniða sér stakk eftir vexti (orðtak) Takast ekki meira á hendur en unnt er að ráða við. „Gaman hefði verið að hefja vinnu við þetta, en ætli maður þurfi ekki að sníða sér stakk eftir vexti“. Vísar til þess að gera sér sjóstakk, sjá *skinnklæði*. Mikilvægt er að skinnklæði sem önnur föt séu af réttri stærð.

Snikinn (l) Gjarn á að sníkja/betla/ falast eftir. „Heimalningurinn er að verða leiðinlega snikinn“.

Sníkja (n, kvk) A. Sá/sú sem sníkir. Stundum ærnafn, t.d. á heimalningi. B. Það að sníkja. „Ég kann ekki við að lifa á sníkjum endalaust; betra væri að eignast þetta sjálfur“.

Sníkja (s) Betla; falast óhóflega eftir; biðja um. „Mig langar að sníkja hjá þér smá kaffisopa“.

Sníkja útúr (einhverjum) (orðtak) Falast eftir; biðja um. „Ég sníkti útúr honum *salthúku*“.

Snikjudallur (n, kk) Sá sem sníkir/sífrar um. „Mér finnst hann dálítið *yttinn*, þessi snikjudallur“.

Snikjudýr (n, hk) Dýr sem lifir sníkjulífi á öðru dýri, t.d. lús.

Snjakahvítur (l) Skjannahvítur; glámhvítur. „Sumum er illa við að setja á svona snjakahvít lömb“.

Snjall (l) A. Klókur; vitur; útsjónarsamur. „Ansi varstu snjall að leysa þetta vandamál“! B. Skrækur; liggur hátt rómur; glymjandi. „Hann sagði þetta hátt og snjallt“.

Snjallráður (l) Klókur; útsjónarsamur; sem finnur góðar lausnir.

Snjallræði (n, hk) Mjög góð lausn/ gott ráð. „Það væri snjallræði að gera þetta svona“.

Snjáður (l) Um flík eða hlut; slitinn af núningi/notkun/þvælingi; velktur.

Snjaldur (n, hk) Trýni; trjóna; nef. „Þú ert dálítið *tóbakugur* á snjaldrinu“.

Snjó festir (orðtak) Sýnilegur snjór sest á jörð. „Það var svo hvasst að snjó festi ekki á jörð, heldur *blés af* og settist í skafla.“

Snjóa (s) Koma/falla snjór. „Hann er byrjaður að snjóa“. „Hann snjóar drjúgt þessa stundina“.

Snjóa í fjöll (orðtak) Verða snjór ofan snjólínu. „Hann hefur snjóað í fjöll í nótt“.

Snjóakista (n, kvk) Snjóþungur staður; staður þar sem snjór safnast mjög í þykk lög. „Þarna er sumarfagurt, en þetta er líka hin mesta snjóakista“.

Snjóalaut / Snjóadæld (n, kvk) Laut/dæld sem gjarnan safnar í sig snjó. „Þú skalt reyna að fara eftir háholtinu til að forðast snjóalautirnar neðar“.

Snjóalög (n, hk, fto) Snjómag; snjódípt. „Þarna voru mikil snjóalög“.

Snjóasamt (l) Um tíðarfár; með miklu fannfergi/ mikilli snjókomu. „Þorrinn var snjóasamur í meira lagi“.

Snjóastaður (n, kk) Snjóþungur staður. „Með uppýtingu vega voru lagfærðir margir helstu snjóastáðirnir“.

Snjóavetur (n, kk) Snjóþungur vetur; vetur með miklum fönnum. „Þetta hefur verið ári mikill snjóavetur“.

Snjóbirta (n, kvk) Skjannabirta vegna endurkasts sólarljóss í snjó. „Maður greinir lítið í þessari snjóbirtu“.

Snjóbill (n, kk) Beltabill, sérstaklega gerður til að fljóta og ferðast á snjó.

Snjóblind (n, kvk) Um það þegar menn fá ofbirtu í augu vegna birtu af snjónum, sérstaklega í sólskini. Sýnist þá allt renna saman, himinn og jörð. Blindan getur varað nokkra stund eftir að inn er komið og getur orðið hættuleg fyrir sjónina. „Vandamálið við snjóblindu var nánast úr sögunni eftir tilkomu sólgleraugna“.

Snjóblettur / Snjódfill (n, kk) Snjóskaf/hjarnskaf séður úr fjarska. „Leiðin yfir fjallið liggur þarna neðan snjóblettanna“.

Snjóbolti (n, kk) Bolti sem búinn er til með því að hnoða/velta saman snjó.

Snjóbólstur / Snjódyngja (n, kk/kvk) Miklar fannir; djúpur snjór. „Það eru komnar ferlegar snjódyngjur í Brekkurnar“.

Snjóbráð (n, kvk) *Leysingavatn*; vatn sem rennur þegar snjór bráðnar; *bráð*.

Snjóbreiða (n, kvk) Flæmi af snjó á jörð; snjóasvæði.

Snjóburður (n, kk) Það að bera snjó. Í Kollsvík tíðkaðist líklega sjaldan snjóburður í þeim tilgangi að vatna fé að vetrum. Ástæðan er sú að fjárhúsin voru einatt við sjó og var fénu undantekningarlaust hleypt út til beitar í fjöru og/eða bithaga, en þar eru einnig lækir nærri húsum sem alltaf eru auðir á útfiri.

Snjódrift (n, kvk) Snjóskaf. Fremur einungis talað um drift, og þá oftast í fleirtölu um fremur litla skafla.

Snjódrifa (n, kvk) Snjókoma; él. Fremur talað um drífu; stundum *fanndrífu*.

Snjódípt (n, kvk) Dípt snjóalaga. „Ætli snjódíptin hafi ekki verið svona uppá hné af jafnföllnu“.

Snjóél (n, hk) Él; snjókoma í stuttan tíma. „Við fengum á okkur ansi dimm snjóél á leiðinni“. Orðið er minna notað en áður var, enda nægir síðari hlutinn. Fyrrum náði heitið „él“ bæði yfir snjóél og regnskúrur, og er enn þannig í t.d. færeysku; „æl“.

Snjófjúk (n, hk) Dálítill snjókoma í fremur hægu veðri. „Þetta er ekki orðið neitt slæmt; bara snjófjúk ennþá“.

Snjóflóð (n, hk) Til skamms tíma var talið að snjóflóðahætta væri ekki mikil í Kollsvík. Nú hallast menn að því að eyðileggingu Kollsvíkurbæja og banaslys 3. desember árið 1857 megi rekja til kófhlaups úr Núpnum. Þá kom skyndilega þytur á baðstofuna, sem var 12 álna löng, og féll hún í sama vetfangi í grunn niður og mölbrotnaði hver spýta. Frammi í bænum var nýbyggt stofuhús sem búið var að leggja loft í. Hús þetta var fremur rammgert og að mestu byggt úr rekaviði. Viðirnir þverkubbuðust sundur, en mikið þarf til að seigur rekaviður brotni þannig. Í snjóflóðinu fórust gift kona, nær sextugu, og ungur maður. Annar ungur drengur náðist úr bæjarrústunum með lífsmarki eftir sólarhring og hrestist skjótt og varð heill. Tvö börn, annað á öðru ári, en hitt nokkru eldra, náðust ekki fyrr en að sex dögum liðnum og voru þá lifandi, en kalin. Þá var tvítug stúlka sem bjargaðist á þriðja degi allmikið kalin. Menn voru lengi ekki á einu máli um hvers konar náttúruafyrirbæri hér var á ferðinni, en nokkuð öruggt má telja að hér hafi valdið snjóflóð af þeirri gerð sem nefnd hafa verið kófhlaup og verða þau helst í smágerðum frostsnojó. Snjórinn í hlaupinu sjálfu verður meira og minna að fingerðu snjóryki sem fyllir loftið. Kófhlaup fara með geysilegum hraða og valda ægilegum loftþrýstingi. Stormurinn, sem fylgir þessum snjóflóðum, feykir húsum, þverkubbar gild tré og brýtur svo að

segja allt sem fyrir þeim verður. Nokkrum árum áður en Hilmar Össurason hætti búskap í Kollsvík kom snjóflóð á svipuðum stað, sem fór að hluta yfir grunn gamla bæjarins. Þetta renndi enn frekari stoðum undir þá tilgátu að snjóflóð hefði valdið slysinu 1857. Annars eru snjóflóð nokkuð tíð yfir vegi í snarbröttum hlíðum, t.d. á Hænuvíkurfjörum; í Hafnarmúla; Vatnsdalsskriðum og á Skápadalshlíð í snjóþungum vetrum. Minni snjóflóð nefnast spýjur.

Snjóflyksa (n, kvk) Stórt snjókorn. „... og það get ég svarið að snjóflyksurnar voru stærri en potthlemmar“!

Snjóföli (n, kvk) Þunn snjóþekja á jörð. „Það gerði örlitla snjóföli þegar við vorum á leið í fýlseggi í Breiðnum“.

Snjóhengja (n, kvk) Hengja/skafl af snjó sem skafið hefur í skarpa brún. Getur verið hættuleg ef farið er framá hana eða verið neðan hennar þegar hún brestur og fellur niður. Oftast stytt í hengja.

Snjóhraglandi (n, kk) Lítilsháttar snjókoma í töluverðum kalda/vindi.

Snjóhula / Snjólag / Snjóþekja (n, kvk) Lag af snjó. „Hann var fljótur að taka upp þessa snjóhulu sem gerði í nótt“.

Snjóhús (n, hk) Hús/kofi sem hlaðið er úr snjó eða grafið inni skafl. Oft gert af börnum að leik á vetrum.

Snjóhvítur (l) Drifhvítur; skjannahvítur; fannhvítur.

Snjókarl / Snjókerling (n, kk/kvk) Eftirlíking af manneskju sem börn gera að leik að vetri. Oftast þannig að rúllað er snjóboltum og þeim hlaðið þremur hverjum ofaná annan. A þann efsta eru sett augu, nef og munnur, gjarnan ú smásteinum; og stundum eitthvað höfuðfat.

Snjóklepraður (l) Þakinn snjó eða kleprum af snjó. Oftar þó talað um að eitthvað, t.d. fé, sé *kleprað af snjó*.

Snjókleprar (n, kk, fto) Drönglar af snjó sem hanga utaná t.d. mönnum eða fé sem verið hefur í snjó.

Snjókoma (n, kvk) Snjór að falla; úrkoma af snjó. „Það er bara þó nokkur snjókoma“.

Snjókorn (n, hk) Arða/flyksa af snjó. Oftast notað til að lýsa litlum snjó. „Það var ekki snjókorn á veginum“.

Snjóköf (n, hk) Fíngerður snjór sem þylast í vindi. „Við *sáum ekki útúr augum* í mesta snjóköfinu“.

Snjólaus (l) Enginn snjór; autt. „Hálsinn er að heita má snjólaus“. „Þótt veturinn hafi verið snjólaus hafa samt verið innistöður að mestu sökum illviðra fyrir hluta vetrarins, en kulda og storma með þurrkum eftir góbyrjun“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1942).

Snjóléttur vetur/staður (l) A. Um vetur sem ekki hefur bagað með miklum snjóum. B. Um stað þar sem snjó festir yfir leitt ekki til бага. „Þessum vegi var valið nýtt staði, norðar yfir hálsinn og mun snjóléttara en þar sem hestavegurinn lá“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Snjólitur (n, kk) Litur af snjó. „Það er allveg einstakt að hvergi skuli vera snjólitur á þessum árstíma“!

Snjómokstur (n, kk) Í *snjóþungum* vetrum þarf verulegan snjómokstur fyrir Kollsvíkinga, ef bílvegir eiga að haldast færir. *Snjóastaðir* eru nokkrir á leiðinni inn í Örlygshöfn, þó þeim hafi fækkað mjög eftir að vegir voru byggðir sæmilega upp á nokkrum stöðum. „Fyrir daga mjólkursölu frá Láganúpi var það helst skólasókn barna sem kallaði á snjómokstur, en reyndar var það ekki talið *ofverk* þeirra að röltu *bæjarleið* útyfir Háls ef veður var sæmilegt. Þá voru vegir *niðurgrafir*, t.d. í Hænuvíkurbrekkum og í Kinninni, sem hvorttveggja voru miklar *snjóakistur*. Ekki var óalgengt að Kollvíkingar fjölmenntu í þessar brekkur með skóflur og *handmokuðu* skaflana, kílómetrum saman. Verstu snjóastaðir eru þessir: Sniðin í Hæðinni urðu oft ófær, sér í lagi beygjan og uppi á Kálfsklettinum. Þá varð oft ófært innst í Húsadalnum, en suma vetur var þá farið upp miðjan dalinn utanvega. Kinnin var slæm áður en vegi var þar ýtt upp. Næsti ófærðarkafli var Jökkladalshæðin; einkanlega uppi á fyrsta kastinu og svo bratta brekkan upp af Láturdalnum. Hænuvíkurbrekkurnar lögðuðust stórum eftir að þar var ýtt upp nýjum vegi, og þó þar hrykki enn í ófærð á stöku stað, er það lítið miðað við dyngjurnar fyrrum. Ófærð getur orðið töluverð á Bergjunum og fyrir Hænuvíkurnúpinn. Þá er það Neshyrnan. Hún hefur alltaf verið fljót að lokast í snjóum og verður stundum þannig að þykkur skafl nær ofan frá klettum og fram í sjó. Einn snjóaveturinn (líklega 1983-4) var vegur lagður í snjóskaflinn um veturinn og fóru það allir bílar, þar með talinn stór mjólkurbíll. Þegar kom fram á vor og mokað var á fast, kom í ljós að sjóvegurinn var um 4 m framan við vegkantinn! Allar Fjörurnar gátu orðið *kikkófærar*, þannig að ekki varð mokað nema með stórvirkustu tækjum“.

Snjómugga (n, kvk) Snjókoma í hægviðri. „Snjómuggan var svo þétt að ekki sást á milli húsa“.

Snjómyglingur / Snjómylgringur (n, kk) Lítilsháttar snjókoma. „Hann er drjúgur þessi eilífi snjómylgringur“!

Snjóþoka (n, kvk) Þoka sem myndast yfir snjó, einkum þegar snögghlýnar í veðri. Oft nær hún ekki hátt upp, jafnvel aðeins örfáa metra, en getur orðið all þétt og valdið vandræðum.

Snjóþungur (l) A. Um tímabil. „Þetta hefur verið fremur snjóþungur vetur“. B. Um veg/stað. „Kinnin var verulega snjóþung þangað til veginum var ýtt fram og hann hækkaður“.

Snjóþyngsli (n, hk, fto) „Snjóþyngsli geta orðið nokkur á hálsunum, en þó ekki meiri en yfirleitt á fjallvegum“.

- Sniglast** (s) Lötra; þokast; *gaufa*. „Vertu nú ekki að sniglast þetta! Reyndu að halda í við hópinn“.
- Snjóbreiða** (n, kvk) Stór/víðáttumikill snjóskafl. „Ég sagði að þetta væri ekki snjóbreiða, heldur væri þetta hvinið. Við köllum bjargbrúnina hvin“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Snjódróg** (n, kvk) Vottur af snjó. „Það sést varla nokkur snjódróg í Kóngshæðinni lengur“.
- Snjódyngjur** (n, kvk, fto) Mjög djúpur snjór; oft laus og rokgjarn.
- Snjóflóð** (n, hk) *Snjós kriða; hlaup; kófhlaup*. Algengasta orðið í Kollsvík var *spýja*.
- Snjóinn tekur í mjóalegg** (orðtak) Um snjódypt; snjórinn nær upp fyrir kálfa.
- Snjólétt** (l) Lítill snjór að vetrum að jafnaði. „Alltaf er þar snjólétt að vetrum og sumarhitar miklir“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum)
- Snjómugga** (n, kvk) Fíngerð en þétt snjókoma; stundum notað um *snjóþoku*.
- Snjósokkar** (n, kk, fto) Háir þrjónaðir sokkar. „Nöfn á sokkum voru á grófum hosum, háleistar, hosur, snjósokkar (háir) og var verið í þeim úti utan yfir smábandssockkum á vetrum eða í kulda. Þessir grófu voru handþrjónaðir en þeir finni oftast á þrjónavél“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Snjóspýja** (n, hk) Lítið snjóflóð. „Aðstæður voru mjög líkar þegar snjóspýjan kom niður 1995, nema örugglega hefur snjómagnið verið miklu meira 1857, enda flóðið mun stærra“ (SG; Náttúruhamfarir; Þjhd.Þjms).
- Snjósæng** (n, kvk) Snjódyngja; þykk snjóhula.
- Snjótittlingur** (n, kk) *Plectrophenax nivalis*. Lítill spörfugl; algengur hérlendis sem staðfugl og farfugl og einn einkennisfugla íslenskrar náttúru. Kvenfuglinn er ljósbrún; ljósari að neðan; með dökkt bak; yfirvængir með ljósum vængbeltum; rauðbrúnar kámur á höfði og bringuhliðum. Hún er dauglitari að vetri. Að vetri er karlfuglinn líkur kerlingunni að lit, en í sumarbúningi er hann snjóhvítur að undanskildu svörtu baki, axlarfjöðrum og vængbroddum. Vegna þessara litabreytinga nefnist fuglinn *sólskrikja* á sumrin en snjótittlingur að vetri. Goggur er keilulaga; svartur á sumrin en gulur að vetrarlagi; fætur svartir og augun dökk. Fer um í hópum að vetrarlagi en þör halda saman á sumrin. Fæðan er einkum fræ og ber, en einnig skordýr. Verpur í holum og glufum í vandaða hreiðurkörfu frá miðjum maí. Fuglar sem leita erlendis að vetri halda flestir til í Skotlandi, en hinsvegar eru grænlenkir snjótittlingar stundum hér að vetri. Samkvæmt þjóðtrúnni veit það á hriðarveður ef snjótittlingar hópast heim að bæjum, en hláku og hlýindi ef lítið ber á þeim. Söngur sólksríkju á bæjum veit á sólskin.
- Snjóugur** (l) Ataður snjó. „Farðu út og burstaðu þig, þú ert allur snjóugur“. „Féð var snjóugt eftir élið“. „Össur var mjög snjóugur og klakaður er hann kom til okkar, því hann hafði orðið að sækja á móti veðrinu“ (ÞJ; Sargon-strandið; Arb.Barð 1949).
- Snjóþoka** (n, kvk) Ísþoka; þoka sem myndast oft þegar rakt loft streymir inn yfir land hulið snjó eða ís. Gerist oft þegar skyndilega hlýnar í veðri, og er þá rakaloftið gjarnan hlýrra en það sem fyrir var. Mjög getur verið villugjarnt að vera á ferð í snjóþoku, enda getur hún orðið mjög þétt og snjór og loft virðist renna saman.
- Snjóþyngsli** (n, hk, fto) A. Þungi af snjó. „Talið var að snjóþyngsli hefðu sligað þakið“. B. Um stað; iðulega *snjóakista* að vetrum. „Þarna frammi í dalnum eru oft mikil snjóþyngsli“.
- Snobb** (n, hk) Smjaður; það að auðmýkja sig fyrir þeim sem taldir eru valdamiklir/ríkir/tignir; þjónkun við vald og auð. „Ég þoli ekki svona snobb“!
- Snobbsamkoma** (n, kvk) Niðrandi heiti á samkomu fyrirfólks/ finni samkvæmum. „Ég held ég láti það alveg vera að mæta á svona snobbsamkomu“!
- Snoð** (n, hk) Stutt hár. „Það tekur því varla að taka af þessari á; það er ekkert á henni nema snoð“.
- Snoðir** (n, kvk, fto) Það sem snuðrað er uppi. Sjá *komast á snoðir um*.
- Snoða** (s) Klippa feld/hár mjög snöggt/nálægt. „Ætli maður þurfi ekki að fara að láta snoða á sér lubbann“.
- Snoðhærður / Snoðinn** (l) Með snöggt hár. „Mikið er þessi hundur snoðhærður“.
- Snoðklippur** (l) Klippur mjög nærri hárrótinni.
- Snollaður** (l) Þröngur; lítill. „Mér finnst þessi jakki helst til snollaður núorðið“. Linur framburður l.
- Snoppufríður** (l) Laglegur í andliti. „Ekki vantar að gimbrin er snoppufríð, en mér líkar ekki byggingin“.
- Snoppungur** (n, kk) Kjaftshögg; löðrungur. „Ég heyrði að þú hefðir þegið snoppung á þorablótinu“.
- Snork** (n, hk) Hrotur. „Árans snork er nú í karlinum; það heyrir ekki mannsins mál í bragganum. Er ekki hægt að troða einhverju uppí hann eða velta honum ofanúr kojunni“?!
- Snorka** (s) Hrjóta; *draga til í; skera hrúta*. „Það er bölvuð áfærni að ég hafi verið farinn að snorka“!
- Snorkinn** (l) A. Hárlítill maður; ullarlaus ær. B. Með skorpna eða grófa húð.

Snortinn (l) Hrifinn; þykir mikið til um; viðkvæmur; meir. „Margir voru snortnir vegna þessara atburða“.

Snotra (s) Snyrta; laga útlitið; fríkka. „Reyndu nú að snotra þig dálítið áður en gestirnir koma“!

Snotur (l) Laglegur; fallegur; fríður. „Þetta er nokkuð snotur fleyta“.

Snoturlega (ao) Laglega; listilega. „Báturinn er nokkuð snoturlega lagaður, en fremur veikbyggður“.

Snubbóttur (l) Endasleppur; stuttur. „Þetta er nú snubbótt heimsókn ef þú ætlar ekki að gista“.

Snudd (n, hk) Gauf; frýningur. „Við þurfum að fara að hætta þessu búðarsnuddi og komast af stað“.

Snudda (s) Snuddra; *frýnast í*. „Þeir eru hér matsmennirnir að snudda kringum húsin“.

Snudda eftir (orðtak) Leita að. „Ég var úti á Hnífum að snudda eftir eggjum“.

Snudda upp (orðtak) Finna með leit; *komast á snoðir um; hafa uppá*. Oft í neikvæðri merkingu. „Ekki veit ég hvernig honum tókst að snudda þetta upp með veiðina hjá okkur í gær“.

Snudda úr (orðtak) Taka afleiðingum. „Það er þá best að þeir fái að snudda úr þessu sem *til* þess hafa *stofnað*“!

Snuð (n, hk) A. Tútta sem ungbörnum er gefin að sjúga til að fullnægja sogþörf þeirra. B. Svik; svindl. C. Eftirgjöf í kúplingu vélar.

Snuða (s) A. Blekkja/hafa rangt við í kaupum. B. Um vél; slúðra; gefa eftir.

Snuðaður (l) Blekkur; svindlað á. „Ég kann því illa að vera snuðaður í viðskiptum“!

Snuðra (s) Þefa; frýnast í; forvitnast. „Honum er illa við að nokkur sé að snuðra kringum verkunarhúsið“.

Snuðrari (n, kk) Sá sem snuðrar/ frýnist í. „Honum var illa við þessa snuðrara frá eftirlitinu“.

Snupra (s) Ávíta; skamma. „Vertu ekki að snupra hundinn fyrir það sem hann hefur ekki gert“!

Snuprur (n, kvk, fto) Skammir; ávítur. „Ég fékk snuprur fyrir að mæta of seint í athöfnina“.

Snurða (n, kvk) Snarvöndull/snúður sem hleypur á þráð/band sem er spunnið of hart/mikið. Sjá *hleypur snurða á þráðinn*.

Snurðulaust (l) Hnökralaust; vandræðalaust. „Ferðin gekk alveg snurðulaust“.

Snurðulítið (l) Án teljandi vandræða/vandkvæða. „Þetta gekk snurðulítið fyrir sig“.

Snurfus (n, hk) Fínheit; *penheit; pempíuháttur*. „Vertu nú ekki að þessu déskotans snurfusi maður. Þetta er nú bara þorablót en ekki hanastélsparí“!

Snurfusa (s) Snyrta; gera fint; leggja lokahönd á. „Kannski væri rétt að snurfusa dálítið áður en gestir koma“.

Snurfusaður (l) Snyrtur; lagfærður; frágenginn. „Ég þekkti hann varla; svona þveginn og snurfusaðan“!

Snurpa (s) Draga saman fiskinót/hringnót.

Snurpinót (n, kvk) Herpinót/hringnót; snór nót sem dregin er kringum fiskitorfu og dregin saman að henni.

Snurvoð (n, kvk) Veiðarfæri: Lítil varpa sem veitt er í á einum báti. Annar leggurinn er lagður út fyrst; siglt í sveig; varpan lögð í leiðinni og svo síðari leggurinn; svo farið í ból fyrri leggsins og varpan dregin um borð.

Snurvoðabátur (n, kk) Bátur sem stundar snurvoðaveiðar. „Það veiðist ekki kvikindi á færi þegar snurvoðabátarnir eru byrjaðir“!

Snus (n, hk) Hnus; það að þefa/*frýnast í*. „Skelfingar snus er þetta ofan í annarra manna einkalíf“!

Snusa (s) Þefa; *nasa*. „Af hverju er hundurinn að snusa í fjörinni“? „Vertu ekki að snusa af matnum“.

Snúa (s) A. Snúa einhverju, s.s. snúa vél í gang með sveif. B. Snúa sér við. „Það er erfitt að snúa á svona þröngum vegi“. C. Rifja hey með hrífu eða vél til að þurrka það. D. Snúa fugl úr hálsliðnum til að lóga honum. „Ég var orðinn það sterkur að ég gat hæglega snúið fugl skammlaust.“ (ÁE; Ljós við Látraröst). E. Fá einhvern til að skipta um skoðun/trú. „Hann er *helblátt* íhald; honum verður ekki snúið“!

Snúa af sér (orðtak) Koma því frá sér sem maður vill ekki hafa nærri; *bita af sér*. „Árni var í essinu sínu og spýtti af mikilli leikni og ánægju út í grængolandi öldurnar, þegar hann hafði snúið þær af sér“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Snúa aftur (orðtak) Snúa við; fara til baka. „Við snerum aftur við Blakkinn; enda var komin *spæna* a Víkina“.

Snúa aftur með (orðtak) Bakka með; skipta um skoðun. „Svona liggur í málinu; það er sannleikurinn og ég sný ekki aftur með það“!

Snúa aftur til sama lands (orðtak) Hætta við róður. Í líkingamáli um það að verða afturreka, t.d. með mál.

Snúa á (orðtak) A. Um kind/mann; *leika á; beita brögðum; ginna*; plata. „Ég hélt ég væri búinn að króa ána af, en hún sneri þá á mig og skaust framhjá mér“. B. Um ræðara sem er duglegri en sá sem rær á hitt borðið: „Hægðu nú á þér maður, þú ert engu bættari með að snúa svona á mig“. (Sjá einnig; *skjana uppá*).

- Snúa baki við** (orðtak) Verða fráhverfur; hætta stuðningi við. „Ekki veit ég hversvegna hann sneri baki við sínum gamla flokki“.
- Snúa blinda auganu að (einhverju)** (orðtak) Sjá horfa á eitthvað með blinda auganu.
- Snúa bökkum saman** (orðtak) Standa saman til að verjast. „Nú þurfa allir að snúa bökkum saman og reyna að varðveita þá jaðarmenningu sem er óðum að hverfa með minnkandi byggð í Rauðasandshreppi“. Vísar til þess í orrustu að lið getur þurft að verjast atlögu úr mörgum áttum. Sjá *ber er hver að baki nema bróður eigi*.
- Snúa faðirvorinu uppá andskotann** (orðtak) Snúa hlutunum við; telja það rétt sem í raun er rangt; ljúga. „Svona skrif eru líkt og að snúa faðirvorinu uppá andskotann; ég tek lítið mark á svona bulli“!
- Snúa (einhverjum) af/frá villu hans vegar** (orðtak) Beina einhverjum á farsælli veg; sannfæra einhvern; fá einhvern til að skipta um skoðun. „Hann var kominn ansi nærri því að kjósa íhaldið, en ég held að mér hafi tekist að snúa honum af villu hans vegar“.
- Snúa í gang** (orðtak) Setja traktor/bíl/vél í gang með því að snúa sveif; snúa; trekkja. „Passaðu að setja í hlutlausan áður en þú snýrð í gang“. „Komdu og sláðu undan ventlum meðan ég sný ljósavélinni í gang“. Flestum vélum var snúið í gang á fyrstu áratugum vélaaldar. Farmall A var fyrsta dráttarvél Kollsvíkinga; kom í lok seinna stríðs, og var alltaf snúið í gang. Gat verið skæður með að slá til baka, og því þurfti að passa að hafa alla fingur réttumegin á sveifinni. Fergusoninn sem Ingvar fékk var hinsvegar með startara, og var startað með gírstönginni. Startari var einnig á Siggu dýru; fyrsta villisjeppanum sem bræðurnir Ingvar og Össur fengu í Kollsvíkina, en þó þurfti iðulega að snúa henni í gang. Þá var vanalega hafður maður inni, til að „pumpa bensínið“ og stilla innsogið. Gamla 12volta Onan ljósavélin var dregin í gang með spotta, en lister ljósavélum var yfirleitt snúið í gang. Á gömlu listervélinni á Láganúpi var þó 12volta start í 220volta dýnamónum. Áburðarflugvélinni sem þeir bræður fengu í vikina til að bera á úthaga var snúið í gang á skrófunni. Fékk flugmaðurinn oft þá bræður til að snúa, eftir að hann var sestur inn.
- Snúa (einhvern) niður** (orðtak) Yfirbuga einhvern með því að snúa uppá líkamshluta hans, t.d. háls eða útlím. „Hann tók ákveðið í granir tudda og sneri hann niður á augabragði“.
- Snúa sér (í áttinni)** (orðtak) Breyta um vindátt. „Hann er eitthvað að snúa sér þessa stundina; fer líklega að halla sér meira í norður“. „Skyldi hann vera eitthvað að snúa sér í áttinni“?
- Snúa sér í (einhverju)** (orðtak) Haga sér varðandi eitthvað. „Ég veit ekki alveg hvernig ég á að snúa mér í þessu máli“.
- Snúa sér til (einhvers)** (orðtak) Bera upp erindi við einhvern; eiga samtal við einhvern. „Maður snýr sér bara til stjórnenda þegar undirtyllurnar bregðast“.
- Snúa sér til veggjar** (orðtak) Fara að sofa; halla sér. „Ætli maður fari bara ekki að snúa sér til veggjar hvað úr hverju; það er orðið áliðið“.
- Snúa sér undan** (orðtak) Líta í aðra átt; snúa sér frá. „Við aflaskipti sneri einn sér undan og nefndi hver ætti að fá þann köst sem annar benti á“.
- Snúa tauma** (orðtak) Snúa saman þræði til að búa til öngultaum á fiskilínu. Taumar voru löngum snúnir úr hampi, þannig að fyrst var dregin út hæfilega þykk visk og hún snúin allmikið, síðan var sá þráður lagður tvöfaldur og sneri hann þá sjálfur uppá sig í taum, sem lagaður var til. Síðar voru notaðir þættir úr fiskilínu. Sjá *taumur*.
- Snúa uppá** (orðtak) A. Vinda uppá; setja snúning/vinding á. B. Láta texta fjalla um annað en hann er til ætlaður. T.d. var það argasti glæpur að *snúa faðirvorinu uppá andskotann*.
- Snúa upp bifunum/tánum** (orðtak) Deyja; andast. „Þetta dugir allavega þangað til maður snýr upp táním“.
- Snúa uppá sig** (orðtak) Sýna merkilegheit/fyrirlitningu; vanþakka. „Hún sneri bara uppá sig þegar ég bauð henni laxinn og sagðist ekki éta þetta óæti sem kæmi í netin“! Áherslan oftast á á-inu.
- Snúa úr hálsliðnum** (orðtak) Hálsbrjóta; drepa með því að snúa uppá háls.
- Snúa útúr** (orðtak) Afbaka merkingu þess sem annar hefur sagt; rangsnúa. „Hættu að snúa útúr fyrir mér“!
- Snúa við** (orðtak) Hætta ferð í eina átt og fara í hina áttina. „Þessi skafli er algerlega ófær; ég held að við verðum að snúa við“.
- Snúa við blaðinu** (orðtak) Skipta um skoðun/aðferð. „Hann sneri alveg við blaðinu í þessu máli eftir fundinn“. Vísar til þess að lesa eða rita á blað/bók, en oft gleymist hvað var hinumegin á síðunni þegar blaði er flett.
- Snúast** (s) A. Snúa við; vindast hring eftir hring. B. Breyta vindátt; snúa sér. „Eitthvað er hann að snúast núna“. B. *Snatta; erinda; útrétta*. „Ég gæti þurft að snúast eitthvað á Eyrum“.
- Snúast á hæli** (orðtak) Snúa skyndilega við; fara skyndilega í aðra átt.

- Snúast/leggjast á sveif með** (orðtak) Styðja; hallast að; kjósa. „Hann hefur algerlega snúist á sveif með andstæðingunum í þessu máli“.
- Snúast hugur** (orðtak) Skipta um skoðun; hætta við það sem áður var ætlað. „Ég ætlaði að skreppa inneftir, en snerist hugur þegar ég kom upp á Jökkladalshæðina; þar var strax orðið þungfært“.
- Snúast í** (orðtak) Fást við; sýsla; vera önnum kafinn við. „Ég nenni ekki að snúast í þessu lengur“.
- Snúast uppí** (orðtak) Þróast í að verða; verða. „Þessi umræða er farin að snúast uppí tóm fíflalæti“!
- Snúast uppí andhverfu sína** (orðtak) Verða á allt annan veg en í stefndi/ fyrirhugað var. „Þú skalt fara varlega í þessum efnun; svona hlutir geta auðveldlega *farið úr böndunum* og snúist uppí andhverfu sína“!
- Snúast öndverður gegn/við** (orðtak) Leggjast gegn; andmæla. „Hann snerist öndverður gegn tillögum“.
- Snúðáttaviti** (n, kk) Gýrókompás. Áttaviti sem byggir á tregðu kringlu sem snýst á miklum hraða til að breyta öxulstefnu sinni. Snúðáttaviti er því ekki háður segulsviði og er hann því notaður í ýmsum farartækjum síðari tíma s.s. flugvéllum, geimförum og flugskeytum.
- Snúðharður** (l) Um band/vað/kaðal. „Þessi kaðal er alltof snúðharður til að nota hann í lásband“.
- Snúðuglega** (ao) Með þykkju/þjósti; reiðilega; í fýlu. „Hann svaraði þeim fremur snúðuglega“.
- Snúðugur** (l) Önugur; þykkjuþungur; fúll. „Hann var snúðugur yfir að hafa ekki verið látinn vita“. „Sýna mun ég senn þess vott/ sveit í nýju ljósi“./ Að svo mæltu arkar brott/ æði snúðugt Rósi“ (JR; Rósarímur). „Hinn stóð inni í stofu og starði á sjónvarpið;/ stæðilegan kroppinn hafði að bera./ Hann sagði heldur snúðugt: „Hvað var það fyrir þig?/ Hvað viltu hingað? Hvað ert þú að gera“? “ (DÓ/ÖG; Bónoröðsförin).
- Snúður** (n, kk) A. Snúningur/vindingur á bandi/reipi. „Það þarf að gæta þess að hafa hæfilega harðan snúð á lópanum þegar spunníð er“. Talað er um *snúðhart* band, þegar snúður er of harður. B. Kaka sem gerð er þannig að deig er flatt; á það sett sulta, kanill eða annað; það rúllað upp; skorið í sneiðar og bakað í litlum stýkkjum. C. Gæluorð um nef/trýni á skepnu. „Vantar þig bita í snúðinn á þér, greyið mitt“? D. Það sem snýst, t.d. „ankeri“ (rótor) í rafal eða rafmótor.
- Snúður á honum** (orðtak) Hann er snúinn/önugur/þykkjuþungur. „Það var heldur betur snúður á karlinum“.
- Snúínhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; horn snúin frá rót út til enda.
- Snúinkjaftra / Snúinkjafstur** (n, kk) Sú/sá sem þykir kjöftugur/meinyrtur eða á annan hátt tala það sem öðrum ekki líkar. „Ég legg nú lítinn *trúnað* á það sem sá snúinkjafstur lætur útúr sér“!
- Snúinn** (l) A. Undinn. „Taumar voru fyrrum snúnir úr togi“. B. Erfiður. „Þetta gæti nú orðið dálítið snúíð“. C. Önugur. „Karlínn var ferlega snúinn og úrillur“.
- Snúningalipur** (l) Viljugur að snúast/gera greiða/fara sendiferðir. „Alltaf er strákurinn jafn snúningalipur“.
- Snúningalipurð** (n, kvk) Það að vera *snúningalipur*; greiðvikni; *dáðeringar*. „Hann er mesta gæðablóð þessi drengur. Og ekki skortir hann greiðvikni og snúningalipurð“.
- Snúningalítið** (l) Ekki mikil fyrirhöfn; ekki úrleiðis. „Það væri mjög snúningalítið að taka þetta í leiðinni“.
- Snúningasamt** (l) Mikil fyrirhöfn; mikill erill. „Snúningasamt hefur það verið hjá Hákonu, og ekki á allra færi að leika það eftir“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Snúningastrákur** (n, kk) Léttadrengur; vikapiltur; strákur sem vinnur ýmsa snúninga og létt verk.
- Snúningastelpta** (n, kvk) Stúlka sem vinnur ýmis létt verk á búi/heimili.
- Snúningsátt** (n, kvk) Réttisælis eða rangsælis snúningur þess sem snýst. „Sjávarfallahverfill Valorku heldur óbreyttri snúningsátt þó straumstefnan breytist“.
- Snúningur** (n, kk) A. Það að snúast. „Vélin var komin á fullan snúning“. B. Fallaskipti. „Hann gaf sig til um snúninginn“. „Lagt var þvert á straum, og hyllst var til að leggja lóðina í fullhörku á straum. Láta hana fá einn snúning og draga svo aftur þegar tók að harðna fallið“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). C. Viðvik. „Hann er ágætur til snúninga, blessaður drengurinn“. D. Stutt ferð. „Þetta kostaði snúning inn á pósthús“. E. Dans. „Eigum við að fá okkur snúning“? F. Vindingur. „Hér er snúningur á netinu“. G. Breytt vindstaða. „Mér sýnist að einhver snúningur gæti verið í honum þessa stundina“.
- Snúra** (n, kvk) A. Almenn um band/taug/spotta. B. Þvottasnúra; band milli stólpa sem þvottur er hengdur á til þerris.
- Snúra** (s) A. Almenn um að mæla/merkja/girða með snúru/bandi. B. Snúra tré. Merkja fyrir langögun á stórvíði með snúru. Var þetta gert þannig að sótug snúra var strekkt milli tveggja nagla á þeim stað sem saga skyldi. Miðja hennar var toguð frá og síðan sleppt, og skildi hún þá eftir beint strik þó bolurinn væri e.t.v. boginn.

Snúrusími (n, kk) Sími með snúru milli símtækis og *handtóls*. Allir símar voru snúrusímar, fram til þess að þráðlausir símar fóru að tíðkast (um 1980). Orðið er að sjálfsögðu ekki gamalt en varð útbreitt.

Snúrustaur / Snúrustólpi (n, kk) Staur til að halda uppi þvottasnúrum.

Snúss (n, hk) A. Gæluheiti á neftóbaki. „Fáðu þér snúss“. B. Snatt; smáerindi; snúningar; stúss.

Snússa (s) Snúðra; þefa. Hvað er hundurinn að snússa þarna úti á barðinu“?

Snússa sig (orðtak) Taka í nefið; fá sér í nefið. „Nú er í lagi að snússa sig; þegar féð er allt í réttinni“.

Snútur (n, kk) Trýni; nef; snúður. „Leyfðu mér að snýta á þér snútinn stubbur minn“.

Snyrta / Snyrta til (s/orðtak) Gera fínt/snyrtilegt; lagfæra; laga; fága.

Snyrta sig (orðtak) Laga/fága útlit sitt; greiða/þvo sér, skipta um föt o.fl.

Snyrtidót (n, hk) Áhöld til að snyrta sig.

Snyrtilega (l) Á skipulegan/fallegan hátt; hreinlega; fagmannlega. „Gakktu nú snyrtilega frá þessu“.

Snyrtilega (ao) Fallega; laglega; smekklega. „Það þarf að leggja snyrtilega á borðið fyrir veisluna“.

Snyrtimenni (n, kk) Vel til fara; hreinlátur. „Hann er mikið snyrtimenni og þolir illa svona óreiðu“.

Snyrtimennska (n, kvk) Það þegar maður er *snyrtilegur/* gengur vel frá/um. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fóðra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið. En það er fleira en þetta sem ekki fer í handaskolum hjá þessum heiðursbændum; (svo sem) snyrtimennska á heimilum þessum, úti og inni“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Snyrting (n, kvk) A. Það að snyrta sig. B. Annað heiti á klósetti/salerni; staður til snyrtingar. Orðið er ekki gamalt í íslenskri tungu, enda tóku Íslendingar almennt ekki upp erlenda siði í snyrtingu fyrr en á 20.öld. Ekki var gert ráð fyrir verulegu snurfusi á kömrum sem tíðkuðust við hús í byrjun þeirrar aldar, en menn rökðu sig á rúmstokknum og þvoðu sinn búk fyrir hátíðlegustu tækifærin uppúr vaskafati. Það dugði.

Snyrtitaska / Snyrtiveski (n, kvk/hk) Lítið veski til að geyma *snyrtidót*.

Snýta (n, kvk) Sú athöfn að snýta sér; hljóð sem heyrir þegar snýtt er. „Fáir framleiddu jafn tignarlegar og langdregnar snýtur og hann. Hús léku á reiðiskjálfi og ekki *heyrðist mannsins mál* meðan á þeim stóð“. „Margir voru kvefaðir í messunni, og stundum heyrðist lítið í presti fyrir snýtum, hóstum og ræskingum“. Stundum notað orðið snýting/snýtingar um það sama.

Snýta (s) Blása hor úr nefi með snöggum blæstri. Gjarnan er þá um leið þrengt að nasavængjum með tveimur fingrum. Nú á dögum snýta menn sér í vasaklút eða pappírspurrku, en meðan menn unnu almennt úti snýttu menn sér iðulega með fingrum; enda ekki eins *naugið* hvar slumman lenti.

Snýta rauðu (orðtak) Um það þegar blóðlitur kemur í hor þegar snýtt er. „Hann snýtti rauðu fyrst eftir að hann fékk árina í sig, en það jafnaði sig fljótt og hann *kenddi sér* einskis *meins*“.

Snýta úr annarri nösinni (orðtak) Gera/greiða eitthvað auðveldlega. „Þetta verður æði kostnaðarsamt; hann snýtir því nú varla úr annarri nösinni“!

Snýtuklútur (n, kk) Vasaklútur. „Þurrkaðu nú ögn framan úr þér mesta slorið með snýtuklútnum“.

Snæða (s) Borða; matast. „Við hugum að þessu þegar við erum búnir að snæða“.

Snæðingur (n, kk) Matur; það að matast. „Síðan var *sest að snæðingi*“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).

Snældi (n, kvk) Áhald til að spinna ull. Notað áður en rokkar komu til. Sjá *tóvinna*.

Snældi (n, kvk) A. Halasnældi; áhald til tóvinnu, gerð úr steini, beini eða tré. Samanstendur annarsvegar úr priki/skafti sem nefnist hali/snælduhali og hinsvegar úr kringlu/hnúð sem nefnist snældusnúður. Snúðurinn er vanalega kringla sem kúpt er öðrumegin, en í hinni hliðinni er gróp sem snælduhallinn festist í, en hann mjókkar vanalega í þann endan sem frá snúðnum veit. Þriðji hluturinn er krókur/lykkja úr eir eða járn sem nefnist hnokki og er fest á kúpuhlið snúðsins; gegnt halanum. Halasnældan var notuð til að spinna þráð úr ull eftir að hún hafði verið hreinsuð og kembd, en notkun hennar lagðist að mestu af með tilkomu spunarokka. Sjá *tóvinna*. B. Snældi í rokk/spunarokk. Snúðurinn sem spunnið bandið befst uppá um leið og spunnið er. C. Hespa af spunnu garni sem kemst uppá eina snældu. C. *Stelkur*; stoð undir þóftu báts, sem *fiskifjalir* festast á. D. Kassetta; segulband. Þráður til upptöku á hljóði, undinn upp á kringlu.

Snældubilaður / Snældubrjáláður / Snældugeggjaður / Snælduvitlaus (l) A. Um veður; Kolvitlaust; glórulaust. „Hann er að gera snældubrjáláð veður“. B. Um mann; kolvitlaus; brjáláður. „Ertu alveg snældugeggjaður? Það er glórulaust að leggja á fjallið í þessu útliti“! „Karlinn varð alveg snælduvitlaus þegar hann frétti af þessu“.

Snældugeggiun (n, kvk) Algert brjálæði; frámunaleg vitleysa. „Ég hef sjaldan heyrt um álíka snældugeggjun“!

Snælduhali / Snælduhnokki / Snældusnúður (n, kvk) Hlutar snældu. Sjá *snælda* og *tóvinna*.

Snældustokkur (n, kk) Tréstokkur með uppháum göflum. Milli þeirra er teinn/vír sem spólum/snældum af rokk er rennt uppá og síðan dregið af þeim þegar spunnið er. Í stokknum er unnt að geyma snældur o.fl.

Snæra (s) Binda/*súrra* með snæri. „Hespan var brotin, svo ég snæraði hurðina *aftur*“. „Ekki líst mér gæfulega á heyvagninn hjá honum; allur snæraður saman“.

Snæraflækja (n, kvk) A. Færaflækja; flækja tveggja færa í sjó á skakveiðum. Snæri var annað orð á færi. B. Snæri sem farið hefur í flækju.

Snærahnýtingar (n, kvk, fto) Mikil notkun snærisspotta til að festa saman. „Hér þarf að fara að endursmíða dilkinn; þetta hangir bara saman á fúasprekum og snærahnýtingum“.

Snæri (n, hk) A. Mjó lína; band. „Hurðin var bundin aftur með snæri“. B. Færi. Það „*stendur fiskur á hverju snæri*“ er haft um mikla vild á fiski. Einnig orðtökin að vera „*á einhvers snærum*“, þ.e. tilheyra afla einhvers; og að það „*hlaupi á snærið hjá manni*“, sem þýðir að fá veiði. C. Lóð; fiskilína. Einkum haft um lúðulínu/haukalóð/sprökusnæri/hneifasnæri.

Snærisflækja (n, kvk) Snæri sem komið er í fækju.

Snærishanki (n, kk) Lykkja úr snæri. „Snærishanki er bundinn á netasteinininn með sérstöku bragði“.

Snærishönk (n, kvk) Snæri sem hankað hefur verið upp/ hringað hefur verið í hönk.

Snærislengd (n, kvk) 60 faðmar; lengd á fiskilínu. „Báturinn var um snærislengd frá okkur“.

Snærisspotti / Snærisendi / Snærisstubbur (n, kk) Bútur af snæri. „Hafðu með þér snærisspotta og *lappaðu uppá girðinguna*“.

Snægla (n, kvk) *Bubo scandiacus*. Tegund uglu sem er óreglulegur gestur hérlendis og hefur orpið á Suðurlandi. Hefur sést í Kollsvík. Sterkvaxinn fugl sem lifir mest á heimskautasvæðum og túndrum. Hvít að lit, með brúnum skellum; augu gul. Lengd allt að 71cm og vænghaf að 150cm; þyngd allt að 3kg. Verpur á jörðinni á bersvæði þar sem útsýni er gott. Mikill veiðifugl og lifir erlendis mikið á læmingjum, en hér á músum o.fl.

Snæviþakinn (l) Hulinn snjó. „Við sáum slóðina greinilega, fram allan snæviþaktan dalinn“.

Snöfl (n, hk) Snúningar; dund; útréttingar; frágangur. „Ég þarf að skreppa á Patró á morgun í ýmiskonar snöfl“.

Snöfla (s) *Sniglast; gaufa; slóra*. „Hann er að snöfla eitthvað í kringum bátinn niðri í fjöru“.

Snöfurmannlega (ao) Af röggsemi; rösklega; ákveðið. „Hann snæraðist snöfurmannlega inni dilkinn; þreif lambið upp og vippaði því inni almenniginn aftur“.

Snöfurmannlegur (l) RöggSAMUR; röskur; ákveðinn. „Hann þykir snöfurmannlegur í þessu hlutverki“.

Snöggbakað (l) Heldur lítið bakað. „Er brauðið eitthvað snöggbakað hjá mér?“

Snöggbreyta (s) Breyta skyndilega. „Hann hefur þá snöggbreytt um skoðun“.

Snöggbreytast (s) Breytast skyndilega. „Veðrið er gott núna en það getur snöggbreytast þá og þegar“.

Snöggdýpka (s) Dýpka hratt/skyndilega. „Þarna á kantinum snöggdýpkar“.

Snöggfrysta (s) Frysta skyndilega; hlaupa í frost. „Hann snöggfrysti með morgninum“.

Snögghlýna (s) Hlýna skyndilega. „Hálkan getur verið varasöm þegar snögghlýnar svona í veðri“.

Snöggægja (s) Hægja skyndilega. „Hann snöggægði þegar skúrinni létti“.

Snöggærður (l) Með stutt hár.

Snöggætta (s) Hætta skyndilega.

Snögglagast (s) Batna/lagast skyndilega. „Veðrið snögglagaðist eftir élið, svo við náðum að hlaupa heim“.

Snögglega (ao) Allt í einu; skyndilega. „Vélin stöðvaðist snögglega þegar sjór skvettist á kveikjuna“.

Snögglægja (s) Um veður/sjólög; lægja skyndilega. „Hann hefur snögglegt þennan *vestangutlanda* sem var í morgun“. „Hann snögglægði aftur eftir élið; jafn skyndilega og það hafði skolið á“.

Snöggreiðast (s) Reiðast skyndilega; fjúka í; rjúka upp. „Ég snöggreiðdist þegar ég heyrði þetta“.

Snöggsjóða (s) Sjóða lítið; *hleypa uppá*. „Svona glænýjan fisk þarf rétt aðeins að snöggsjóða“.

Snöggsleginn (l) Sleginn nærri rót. „Svona óslétt tún verður aldrei snöggslegið“.

Snöggsöðinn (l) A, Um mat; söðinn í stuttan tíma. B. Líkingamál um málefni/vinnulag/verk. „Heldur fannst mér þessi skýrsla snöggsöðin hjá þeim“.

Snöggur blettur (orðtak) Viðkvæmur staður á líkama/persónu/skapsmunum. „Hann var meinstríðinn og laginn að finna snögga bletti á mönnum til að geta hleypt mönnum upp“.

Snöggt um (orðtak) Enda/deyja snögglega. „Það varð snöggt um karlinn; hann fékk hjartaslag og dó“. „Eftir þetta rifrildi varð fremur snöggt um kveðjur þeirra á milli“.

Snöggjum betri/bráðari/ fljótari/fyrr/harðari/hraðari/lakari/léttari/meiri/minni/mýkri/seinni/ skarpari/sljórrí/sterkari/stærri/umfangsmeiri/veikari/þyngri/örari o.fl. (orðtök) Miklum mun...; mikið „Túnin eru snöggjum betur sprottin en í fyrra“. „Þetta er snöggjum lakari afli en í gær“.

Snöggur upp á lagið (orðtak) Höstuglegur; stuttur í spuna; snaggaralega; með hraði.

Snöggvast (ao) Í skyndingu/fljótheitum. „Komdu hérna snöggvast og réttu mér hendi“. Sjá *rétt sem snöggvast*.

Snöggþagna (s) Þagna skyndilega. „Í miðjum húslestrinum varð karli litið útum gluggann og sá að fært myndi vera orðið að róa. Hann snöggþagnaði; grýtti frá sér postillunni og sagði; „Hér er bókin; hvar er brókin; amen“! (Saga af Krisjáni Ásbjörnssyni á Grundum, sem þótti framkvæmdasamur mjög, en nokkuð fljótfær).

Snögun (n, kvk) Söfnun eggja í strjálu varpi í bjargi. „Maður nennir ekki að fást við snögun í Hnífunum þegar auðveldlega er hægt að komast í mikið samfelldara varp annarsstaðar“.

Snökt (n, hk) Dálitill grátur; vol; ekkasog. „Hættu nú þessu snökta stubbur minn; þetta lagast“!

Snökta (n, s) Gráta; vola; vera með ekka. „Hversvegna ert þú að snökta lambið mitt“?

Snöp (n, hk, fto) A. Lítillháttar beit fyrir sauðfé. „Það má heita *jarðlaust*; þetta eru bara snöp hjá því“. B. Betl; beiðni um aðstoð; leit að litlu. „Um tíma var hann atvinnulaus og þurfti að *lifa á snöpum*“. Sjá *snapa*.

Snörl (n, hk) Hrygla; korr. „Óttalegt snörl er þetta í þér; er þessi pestarfjandi ekkert að lagast“?

Snörla (s) Vera með hryglu. „Mér finnst snörla óeðlilega í honum við andardráttinn“.

Snörun (n, kvk) A. Það að snara skepnu með því að koma lykkju yfir haus hennar. Oftast notað vestra um veiðar fugls í bjargi. B. Lokun hurðar með því að snara henni. C. Þýðing af einu tungumáli á annað.

Snös (n, kvk) Klettanef; nibba. „Í bjargferðum vofir jafnan yfir hætta úr öllum áttum. Steinn getur fallið í höfuð manni og snösín sem á er staðið, hrapað undan fótum hans“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).

Soddan (l) Sjá *svoddan*.

Soð (n, hk) Vatn sem eitthvað hefur verið soðið í. T.d. fisksoð, kjötsoð. Sjá *fá í soðið*; *veiða í soðið*.

Soðfiskur (n, kk) Fiskur til suðu; soðinn fiskur. „Úr síðustu róðrunum var steinbíturinn oftast saltaður, bæði vegna þess að þannig var hann tiltækilegri til flutnings, og eins var hann hinn ágætasti soðfiskur sem heimilunum var kærkominn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Víðast var etinn *soðfiskur* að lokinni aðgerð, en þá matseld annaist einhver af áhöfninni eða *fanggæslan*. Víða átti hver vermaður sinn disk, fyrrum úr tré, sem soðningin var færð upp á, og átti hann sjálfur að sjá um þrif á honum“ (Frásögn ÓETH o.fl.) (LK; Ísl. sjávarhættir II). Sjá *skrinukostur*; *vermata* og *verskrína*.

Soðhella (n, kvk) Hella í veri, sem *soðning* vermannanna er færð uppá. Hellu með því nafni má enn sjá í verstöðinni Stöð í Keflavík.

Soðkaka (n, kvk) Kaka sem soðin er en ekki bökuð. Þekktist ekki í Kollsvík, a.m.k. ekki í seinni tíð.

Soðketill (n, kk) Ketill/pottur sem soðið er í. Orðið var algengara fyrrum.

Soðkraftur (n, kk) Síðari tíma heiti á vatni sem matur hefur verið soðinn í, en vatnið síðan soðið áfram þar til eftir situr tiltölulega lítið vatn með bragðefnum og fleiru úr soðningunni. Stytt í „kraftur“; t.d. kjötkraftur.

Soðmatur (n, kk) Matvæli sem tekin eru til suðu; soðinn matur; *soðning*. „Fisk til soðmatar tóku menn af óskiptum afla“. „Það heitir varla að þar sé báti ýtt úr vör; aðeins fiskjað til soðmatar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Soðinn (l) Sem búið er að sjóða. „Eru ekki kartöflurnar að verða soðnar“? Sjá *hvorki hrár né soðinn*.

Soðna (s) Verða soðinn; hitna mjög mikið. „Fiskinum hættir til að soðna í sólarsterkjunni“.

Soðning (n, kvk) Soðinn fiskur; fiskur til suðu. „Ég er að færa soðninguna upp“. Ég pakka fiskinum þannig að hver skammtur nægi í eina soðningu“. „Heimamönnum færður grautur, mjólk og soðning, en eftir að þeir fengu prímusa, suðu þeir sjálfir soðninguna í Verinu á prímus“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Þá var prímus, kaffiketill, kanna og fantar til að drekka úr; blikkfata eða pottur til að sjóða soðninguna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Víða (í verstöðvum norðan Bjargs) átti hver skipverji sinn disk; fyrrum úr tré, sem soðningin var færð upp á, og átti hann sjálfur að sjá um þrif á honum“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH).

Soðningardiskur / Soðningarfat (n, kk/hk) *Platur*/diskur sem soðning er sett á þegar fært er uppúr *soðningarpotti*.

Soðningarfiskur (n, kk) Fiskur sem ætlaður er til neyslu/soðningar fljótlega eftir að hann er veiddur.

Soðningarpottur (n, kk) Pottur til að elda soðningu. „Aflinn var lítill; varla í soðningarpottinn“.

Soðningarróður (n, kk) Róður sem farinn er til að *sækja sér í soðið*; fiskiróður til að *fá sér í soðið*. „Við brugðum okkur í soðningarróður framá vikina í veðurbliðunni“.

Soðpottur (n, kk) A. Pottur sem soðið er í (eldri merking). B. Pottur með soði (síðari tíma merking).

Sofa af (orðtak) Ljúka svefni; uppfylla svefnþörf. „Við skulum sofa af í nótt og athuga með þetta á morgun“.

Sofa (eitthvað) af sér (orðtak) Missa af einhverju vegna þess að maður sefur. „Ég svf af mér sjöfréttirnar í morgun og hafði því ekkert heyrt af þessu“.

Sofa andfæting / Sofa andfætis (orðtak) Tvímenna í rúmi, þannig að fætur annars séu við höfuð hins. Þannig var oft sofið áðurfyrr, t.d. í verbúðum, til að nýta rúmpláss og svefngögn. „Rekkjufélagar sváfu andfæting og höfðu koffortin sín; skrinurnar, við höfðalagið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). Sjá *andfætlingur*.

Sofa á (orðtak) Láta nótt líða varðandi lausn vandamáls/viðfangsefnis. „Ég held að við ættum að sofa á þessu í nótt; kannski liggur þetta ljóst fyrir í fyrramálið“.

Sofa á sitt græna eyra (orðtak) Sofa. Orðtakið var mikið notað í Kollsvík, t.d. þegar menn voru orðnir mjög svefnþurfi eða þegar börn áttu að fara í rúmið „Farðu nú að sofa á þitt græna eyra lambið mitt“. „Ég held að maður fari nú bara að sofa á sitt græna eyra“. Ekki er ljóst um skýringu orðtaksins, en e.t.v. vísar það til þess að eyru séu orðin græn og úldin af svefnleysi. Sjá *halla sér á sitt græna eyra*.

Sofa eins og rotaður / Sofa eins og selur (orðtak) Sofa mjög fast. „Ég svaf eins og rotaður; langt fram á næsta morgun“.

Sofa fast/laust (orðtak) Vera í djúpum svefni eða grunnum. Sjá *hafa andvara á sér*.

Sofa frá sér vit og ráð/rænu / Sofa úr sér augun (orðtak) Sofa allt of mikið/yfir sig. „Ekki dugir að sofa frá sér vit og rænu ef við ætlum að klára þetta í dag“. „Láttu mig svo ekki sofa úr mér augun á morgun“. E.t.v. hefur þeirri trú verið komið inn í vinnukerju fyrri tíðar, að menn gætu orðið vitskertir og blindir af að sofa of mikið.

Sofa hjá / Sofa saman (orðtak) Stunda kynlíf.

Sofa í hausinn á sér Sofa til að hvílast. „Ég held að þér veiti nú ekki af að fara að sofa eitthvað í hausinn á þér; þú ert búinn að vera á stöðugum þeytingi í allan dag“.

Sofa svefni hinna réttlátu (orðtak) Sofa vært/vel. „Hann sefur enn svefni hinnar réttlátu. Ég gat ekki verið að vekja hann strax; eftir allar vökurnar í nótt“. Líklega hefur góður svefn fyrrum verið talinn merki um hreina samvisku og syndleysi, en martraðir og andvökur verið taldar stafa af slæmri samvisku og illsku viðkomandi.

Sofa úr sér (orðtak) Láta vímu renna af sér meðan maður sefur; sofa eftir fyllerí.

Sofa út (orðtak) Sofa eins og maður hefur þörf fyrir; fullnægja svefnþörf. „Hann var að langt frameftir nóttu, svo ég leyfði honum bara að sofa út og fór sjálfur í fjósið“.

Sofa yfir sig (orðtak) Sofa lengur en maður ætlar; *sofa af sér*. „Hann svaf yfir sig og mætti of seint“.

Sofandaháttur (n, kk) Andvaraleysi; deyfð; *værukærð*. „Skelfilegur sofandaháttur er á þessum þingmönnum“!

Sofandalegur (l) Daufur; í leiðslu; ekki hress. „Það dugir ekki að vera svona sofandalegur í náminu“.

Sofinn (l) Búinn að sofa; hvíldur. „Maður dálítið illa sofinn eftir þessa andvökunótt“.

Sofna útaf (orðtak) Sofna; festa svefn. „Ég var örþreyttur, en náði þó ekki strax að sofna útaf“.

Sofnaður (l) Farinn að sofa; ekki vakandi. „Hann er sofnaður fyrir *allgóðum* tíma“.

Sofnhús (n, hk) Hús til þurrkunar á korni. Ekki er vitað til að slíkt hús hafi verið í Kollsvík eða nágrenni.

Sog (n, hk) A. Ölduhreyfing við land; *súgur*. „Það er töluvert sog þarna í þræðingnum og rétt að fara með gát“.

B. Það að soga/draga vökva; iða. „Í leysingum tók ræsið ekki við, og myndaðist mikið sog ofan við það“.

C. Affall; ós. Orðið hefur ekki verið notað í þeirri merkingu í seinni tíð, en dæmi um hana er t.d. Sogið neðan Þingvallavatns.

Soga (s) Sjúga; draga að sér. „Haltu við bátinn í fjörunni, svo hann sogist ekki út með bárunni“. „Hann kveikti sér í pípu og sogaði reykin meðan hann velti þessu fyrir sér“.

Sogdæla / Soglögn / Sogskiptir / Sogslanga / Sogventill (n, kvk/kk) Hlutar mjaltavélar.

Sogflaga / Sogskál (n, kvk) Skálarlaga felling neðan á sumum fiskum, t.d. hrognkelsi, sem fiskurinn notar til að soga sig fastan á undirlag, t.d. steina. Einnig nefnd kúla. Sogflaga er ofaná höfði sumra dvalfiska, sem fylgja eftir stærri fiski, og nota þeir hana til að festa sig við hann.

Sogin (l) Um kvendýr/móður; hefur gengið með og nært afkvæmi. „Ári er þessi kind *halljúgra*; hún er ekki sogin nema öðrumegin. Það þyrfti að ná henni og *léttu* aðeins á henni“.

Sokkabandsár (n, hk, fto) Barnsár; uppvaxtarár. „Ég var þá á mínum sokkabandsárum“. Sokkabönd voru notuð til að halda uppi sokkum á fótum fyrir daga teygju sem nú er almennt í sokkum. Orðið er nú úrelt líkt og hluturinn, en lifir í þessu orðasambandi. Sjá *duggarabandsár*. „Heyr mig seljan safirblárna sokkabanda/nú er ég í nokkrum vanda“ (JR; Rósarímur).

Sokkaleistar (n, kk, fto) Sokkar; leistar. „Vertu nú ekki að stjækla úti á sokkaleistunum drengur!“ Fyrrum var heitið sokkur notað um fótafatnað sem náði hátt upp á legginn; uppundir hnér eða hærra. Leistur náði hinsvegar uppá ökkla eða lítiðeitt hærra. Sokkaleistur var því notað um það sem var þar á milli, en þegar sá fatnaður varð allsráðandi varð heitið sokkur ofaná. Sokkaleistar lifa þó enn, t.d. í máli Kollsvíkinga.

Sokkablögg (n, hk, fto) Sokkar. „Ef nota átti bandið í vinnupeysur karla eða grófari sokkablögg var kembt saman tog og þel, eða notað eingöngu tog; en tekið var ofan af sem kallað var þegar tog og þel var aðskilið... Nöfn á sokkum voru á grófum hosum, háleistar, hosur, snjósockkar (háir) og var verið í þeim úti utan yfir smábandssokkum á vetrum eða í kulda. Þessir grófu voru handþrjónaðir en þeir finni oftast á þrjónavél... Svo voru bæði stelpur og strákar í sokkum sem náðu upp á mið læri svo að næði vel saman buxur og sokkar. Sokkar voru með tölum efst og hnepptir upp með sokkaböndum sem aftur voru hneppt upp á kot sem krakkar voru í.“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). Hafði hann meðferðis sokkablögg og fatnað er að gagni mætti koma“ (ÞJ; Sargon strandið; Arb.Barð 1949).

Sokkaskipti (n, hk, fto) Skipti á sokkum á fótum. „Ég vöknáði aðeins í fæturna í rekjunni og mátti fara heim til að hafa sokkaskipti“.

Sokkótt (l) *Hosótt*; litur á sauðfé: Dökkt með ljósa fætur, misjafnlega langt upp og á misjafnlega mörgum fótum. Getur einnig verið í öfugri litaröð. Getur einnig átt við um kúr og hesta.

Sokkinn (l) Kominn á kaf; búinn að sökkva. „Grjót úr verbúðum í Láganúpsveri hefur fyrir löngu verið nýtt í aðrar hleðslur, og aðrar leifar þeirra eru sokknar í sand“.

Sollinn (l) Bólginn. „Hnéð er enn ansi sollið og aumt“.

Sollur (n, kk) Spilling; slark. „Það er nú eitthvað annað, kyrrðin í sveitinni en asinn í sollinum fyrir sunnan“.

Soltinn (l) Svangur; hungraður. „Maður er orðinn dálítið soltinn eftir þessar smalamennskur“.

Sopi (n, kk) A. Munnfylli af vatni eða öðrum vökva. „Nú myndi eg þiggja sopa af kaffi“. B. Dálítið magn af vökva. „Það er kominn drjúgur sopi í bátinn; ég ætla að ausa dálítið“.

Soppa (n, kvk) Grauttur; hlaup. „Gættu að þér í seilinni. Þó þetta sýnist gróíð þá er þetta bara fljótandi soppa“.

Sorajárn (n, kk) Járn sem mikið er í af gjalli eða öðrum óhreinindum; lélegt járn.

Sorakjafur (n, kk) Ófagurt orðfæri; dónalegt tal. „Hann var orðinn blindfullur og hafði uppi sorakjaf.“

Soramark (n, hk) Skaðamark; undanfæringamark; eyrnemark sem veldur miklum þjáníngum/blæðingum hjá kindinni. “ Sumir fjárríkir bændur, sem stóðu mikið í fjárkaupum, áttu svokölluð undanfæringarmörk, þar sem svo mikið var tekið af eyranu að hægt var að nota þau til að marka upp kindur með svo að segja hvaða marki sem var. Þessi mörk voru stundum kölluð soramörk“ (Stefán Aðalst.; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Sorabylur / Soraveður (n, kk/hk) Slæmt veður. Helst haft um þéttan *slyddubyl/slyddusora*. „Við skulum sjá hvort veðrið lagast ekki eitthvað; það er ástæðulaust að bleyta sig inn að skinni í þessu soraveðri“.

Sorfinn (l) Núinn/eyddur af brimi eða með verkfæri. „Hestur er í laginu eins og skip undir seglum; hár sem þriggja hæða hús, og situr fugl í honum. Hægt er að ganga upp á hann eftir sorfnum þrepum frá hafi í röndinni“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Sorg og sút (orðtak) Hugarvél; dapurt hugarástand; sorg; söknuður. „Það er oft gott að hafa nóg fyrir stafni þegar ástvinamissir verður; fremur en að sitja aðgerðarlaus í sinni sorg og sút“.

Sorgarfrétt (n, kvk) Ótíðindi; frétt af dauðsfalli/mannskaða. „Hann brást þögull við þessari sorgarfrétt“.

Sorgarrönd (n, kvk) A. Dökk rönd óhreininda undir nöglum. B. Hringur innan á íláti eftir að staðið hefur í því t.d. mjólk og rjóminn skilið sig. „Í mjólkurkönnunni voru nokkrar sorgarrendur, sumar grænar og loðnar“.

Sorgarsjón / Sorgarsýn (n, kvk) Dapurleg sjón; hryggilegt að horfa uppá. „Túnin voru sannkölluð sorgarsjón þegar kalskemmdirnar fóru að koma í ljós“.

Sorgbitinn / Sorgmæddur (l) Dapur; niðurdreginn; sagnandi. „Það þýðir víst lítið að vera sorgbitinn yfir þessari lúðu til allrar eilífðar; hún var *sýnd veiði en ekki gefin*“.

Sorglega (ao) Dapurlega; sárlega. „Sorglega lítið hefur verið hugað að varðveislu þessarar sérstæðu menningar“.

Sorglegra/sárara/þyngra/þungbærra en tárur taki (orðtak) Sjá *þungbærra en tárur taki*.

Sori (n, kk) A. Botnfall; groms; sótt; úrgangur frá t.d. brennslu. B. Gjall frá málmbræðslu. C. Dimmviðri; él; suddi; regnþykkni.

Sorpreki (n, kk) Reki af rusli/sorpi á fjörur. „Almennur hreppsfundur haldinn að Fagrahvammi beinir þeim ákveðnu tilmælum til hreppsnefndar Patrekshrepps að þannig sé unnið að sorpeyðingu staðarins að sorpreki sunnan fjarðarins valdi ekki óþrifnaði á fjörum eða öðru landi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Sorprít (n, hk) Rit/bók/blað með efni sem ekki þykir viðeigandi/virðulegt/sómasamlegt. „Þú mátt fara með Moggaskrattann á aðra bæi; hér les enginn þannig sorprít“!

Sortera (s) Flokka. „Aflinn er sorteraður þannig að bútungur og rígaþorskur fer í sér kassa“.

Sort (n, kvk) Tegund; afbrigði. „Það þarf að reyna að flokka kartöflurnar eftir sortum“. „Hún hafði hlaðið borðið af bakkelsi; líklega einum þrjátíu sortum eða meira“!

Sorta (n, kvk) Svartur járnblandaður mýrarjarðvegur sem notaður var til litunar á ull. „Sortaugu voru rotþyttir, en horfnir nú þar sem búið er að grafa. Þar var sorta tekin til litunar og þótti góð“ (ÍÍ; Örn.skrá Grafar).

Sorta (s) Lita svart; sverta. Einkum notað um litun klæða/efnis með svörtum litarefnum. Sortulyng var notað til sortunar áður fyrr.

Sortabyllur / Sortaél / Sortahríð / Sortakafald (n, kk) Mjög dimmt él. „Það var komið foráttubrim í lendingunni, enda hafði vindur nú snúist til suðvesturs og kominn sortabyllur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sortaþoka (n, kvk) Dimm þoka; niðarþoka. „Það er eins gott að kompásinn sé réttur í þessari sortarþoku“.

Sortera (s) Flokka/raða eftir sameiginlegum eiginleikum/eðli. „Ég er að sortera þessa pappíra“.

Sortering (n, kvk) Flokkun; rögun. „Vertu nú ekki að standa í svona sorteringum; þú étur bara rúsínurnar með jólakökunni, og ekkert múður með það“!

Sorti (n, kk) A. Svartur litur/lögur til litunar á t.d. fatnaði eða lopa. B. Dimma; dimmt él. „Þetta er meiri ansvítans sortinn. Það er varla ratljóst milli húsa“. C. Myrkvun, t.d. sólmyrkvi.

Sortna (s) Dimma; dökkna; verða svart. „Fjandi er hann að sortna skarpt í suðurloftið“!

Sortna fyrir augum (orðtak) Verða dimmt fyrir sjónum, líkt og aðkenning að yfirlíði eða blóðleysi í höfði. „Mér sortnaði fyrir augum af högginu, en stóð þó í fætarna og færði mig uppá berginu“.

Sortnar/dökknar/syrtir í álinn (orðtak) Ástandið/útlitið versnar; *syrtir í álinn*. „Það sornaði í álinn þegar árin brotnaði“.

Sortniðingur (n, kk) Sá sem borðar einungis eina sort/tegund af þeim réttum/kökum sem á borðum eru. „Þú mátt ekki vera þessi sortniðingur drengur þó þér þyki þessi kaka best; fáðu þér af hinum líka“!

Sortublek (n, hk) Sortulyngsseyði; blek sem búið er til úr sortulyngi, með uppleystu járnvítrióli.

Sortulita (s) Lita með sortulyngsseyði.

Sortulitur (n, kk) Litur sem myndast við litun með sortulyngsseyði.

Sortulyng / Sortulitun (n, hk/kvk) Arctostahylos uva ursi. Sortulyng vex víða í grennd við Kollsvík, t.d. í Keldeyrardal, Hvolfum og Vatnadal framanverðum. Það er lágvaxið en þétt lyng með sporöskjulaga, smáum grænum blöðum. Lyngið er með hárauðum berjum sem vestra nefnast *músamuðlingar* (framburður misjafn; stundum músamulningar) en annarsstaðar eingöngu „muðlingar“ og eru þau talin mikilvæg fæða músa. Lyngið er nokkuð algengt í holta- og móajarðvegi fram til dala, einkum þar sem snjósælt er. Gagnsemi sortulyngs var mikil áður fyrr, einkum til litunar og bleksvertu eins og nafnið bendir til, en einnig mun það eitthvað hafa verið haft til matar. Til litunar á vaðmáli var aðferðin þessi: „Fyrst var tekið sortulyng, skorið og sett vatn á og látið standa viku til hálfan mánuð, þar til lögueinn var orðinn sterkur. Síðan er lynginu dreift á vaðmálið og það vafið yfir og látið í pott og leginum hellt yfir, svo að yfir fljóti. Lyng er einnig haft undir í pottinum til að vaðmálið brenni ekki við hann. Helst er prik haft innan í stranganum og hann látinn standa á endann í pottinum til þess að hægt sé að velta verkefninu til. Svo var liturinn soðinn í 6-8 stundir og svo látið kólna. Þetta varð mósvalt á lit, og látið duga þegar um hversdagsföt var að ræða. En ef um spariföt var að ræða var... notuð sortar úr forarmýrum) (JJ; Ísl. þjóðhættir). „Ullarverk er litað í þessa lyngs legi, sem alkunnugt er, og verður gulmórátt. Af vatni sem hefur á blöðunum staðið má gjöra blek með því móti að láta koma eitt lóð af járnvítrióli í einn pott lynglagar. Næsta dag eftir er vítriólið runnið og blekið algjört, sem það kann að verða; hafi það staðið á hlýjum stað yfir nóttina, annars þarf tvær nætur. Betra er að hálf lóð gúmmí komi þar til. Í staðinn fyrir vítriól má járnsvarf hafa, en þá verður lengur að standa, og er þetta blek sem hér í landi brúkast svo undir komið. Seyði af sortulyngi, ellegar af blöðum þess, en helst af þess berjum, ef það er í súpu árla að morgni etið, er einkar hollt fyrir þá sem þjást af steinsótt ellegar hlandstemmu. Það stillir lífsýki þegar maginn er vel áður hreinsaður. Sama verkar seyði af blöðunum sem te er drukkið... Þessum rauðleitu berjum má safna á hausti. Þau fást stundum ekki fullorðin og þá eru þau þurrkuð við sól, en verða þar af nokkuð súrari. Mennt merja þu; kreista úr þeim löginum í gegnum léreft og sjóða hann í potti til þess

hann þykkar. Er hann því betri sem hann er lengur soðinn. Af þessum legi taka menn nokkur spónblöð; blanda þar í víni og sykri og reiða þetta fram til ídýfingar með allslags steikum. Þessi saft örvar blóðið og matarlystina... (BH; Grasnyttjar). „Gæurnar voru rakaðar, fljótlega eftir að fēnu hafði verið lógað. Stundum voru þær rakaðar samdægurs að kvöldi, eftir að slátrun var lokið. Í Búalögum er það talið meðalmannsverk að slátra 10 sauðum og raka gæurnar að kvöldi. Notaður var *flugbeittur* hnifur úr *ljáblaði* til að raka gæruna. Margir gerðu það á beru hnénu. Sagt var að fljótustu menn væru *stundarfjórðung* að raka eina gæru. Stundum var flegið þannig að skinnið var látið halda sér sem heill belgur að sem mestu leyti. Þegar búið var að raka voru belgirnir fylltir með heyi og hengdir upp í eldhúsi. Þar voru þeir látnir hanga og þorna. Síðan voru þeir teknir niður og *eltir*. Þegar þurrkað skinn var elt var það níúð og hreyft milli handa sér eða undir fótunum. Þá komu fljótlega brot í það þar sem skinnið var að verða mjúkt. Þá var haldið áfram að núa, böggla, snúa, vinda og teygja skinnið, þangað til hvergi var orðinn eftir harður blettur og allt skinnið var orðið *lungamjúkt*. Það hét *eltiskinn*. *Skinnbeltir* voru notaðir mikið undir mat; bæði kæfu, smjör, tólg og fleira. (Einnig í baujur/belgi). *Eltiskinn* var haft í karlmannabuxur á 17. og 18. öld. Það var líka notað í skjóður og í *skinnþvengi* í skó og *bryddingar* á skó. Annars voru skinn af sauðkindum, *sauðskinn*, notuð í skó eins og þau komu fyrir, en *sauðskinnsskór* voru mikið notaðir áður fyrir og langt fram á 20. öld. Annars var skinn til skógerðar, sem hét *skæðaskinn*, oft blásteinslitað á síðustu áratugum, en til þess var notaður *blásteinn* (koparsúlfat) uppleystur í vatni. Sjóklæðnaður var allur úr sauðskinni áður fyrir (sjá *skinnklæði*). Skinn í sjóklæði og annan skinn fatnað voru verkuð með því að bera í þau lýsi, hangikjötsflot eða kúarjóna meðan verið var að elta þau. Lykt var af *lýsisbornu* skinninum, en ekki af þeim sem *flotið* og rjóminn var borið í. *Þvengjaskinn* var búið til úr þunnum skinum; yfirleitt lélugustu bjórunum. Þvengjaskinnið var stundum rakað en oftast var ullin *rotuð* af því með því að láta það liggja í hlýju í nokkra daga. Þá losnaði ullin af því og engin hnífsvör komu í það, eins og stundum gerðist við raksturinn. Þvengjaskinnið var alltaf strekkt á sléttum fleti og neglt niður á öllum jöðrum. Það hét að *spýta* skinnið. Þá varð það *rennislétt* og hart þegar það þornaði og var geymt þannig. Mjóar ræmur voru ristar af skinninu og þær bleyttar og teygðar. Þannig voru *þvengirnir* búnir til.

Sauðskinnsskór og annar skinnfatnaður var saumaður með *togþræði*. Sauðskinnsskórarnir voru stundum *verptir*, en þá var skinnþvengur dreginn kringum allt opið á skónum og dregið saman með þvengnum, sem lá yfir jaðar skóvarpsins milli hverra tveggja gata. Verptir skór voru með *hælpvengjum* og *ristarböndum*. Oft voru menn á *skinnleistum* innan í skónum til að verjast bleytu. Á ferðalögum voru menn stundum í belgjum af *veturgömlum* kindum; sínum á hvorum fæti, og leðurskór saumaðir neðan á belgina. Spariskór voru gerðir úr *sortulituðu* sauðskinni og bryddað kringum opið með hvítum eltiskinnsbryddingum. Þessir skór voru með hvítum hælpvengjum. Sauðskinnsskór fóru vel á fæti, en endingin var stutt. Þeir urðu harðir og flughálar á grasi í þurrkum, og voru þá látnir liggja í bleyti yfir nóttina. Skópþvengir urðu að vera sterkir, því mikið reyndi á þá þegar fast var spyrnt við fæti.

Hrútpungar undan fullorðnum hrútum voru oft skornir af þannig að mikið skinn af kviðnum var látið fylgja þvengnum. *Pungurinn* var síðan rakaður; tekið innan úr honum og hann troðinn út með heyi. Um leið og troðið var í hann var hann teygður og lagaður til, eins og hann átti að verða. Síðan var hann þurrkaður, þangað til skinnið var orðið glerhart og glært, en að því búnu eltur vel og lengi, þangað til hann var orðinn mjúkur. Þá var komin *skinnskjóða* sem var til margra hluta nýtsamleg. Margir höfðu hann undir neftóbak, og var hann þá brotinn saman í opið og vafinn upp til að loka honum. Stundum var dreginn þvengur í opið á þvengnum og hann notaðu undir peninga og ýmsa smáhluti. (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Sortulyngskló (n, kvk) Grein/greinar af sortulyngi. Á seinni árum var litun með sortulyngi aflögð. Síðasta notkun sortulyngs á Láganúpi mun hafa verið sú að skreyta með því *jólatré*, en það var gert fram yfir 1970.

Sortulyngsseyði (n, hk) Seyði af sortulyngi. Það var notað til lækninga; bæði útvortis til að stemma blæðingu í sári og húðsárum; sem og innvortis við niðurgangi.

Sosum (ao) Svosem; til málamynda; með semingi. „Ég get sosum gert þetta ef þú endilega vilt“.

Sovétrikin (n, hk, fto) Ráðstjórnarríkin; SSSR; nafn á sambandslýðveldi kommúnista sem náði yfir Rússland og 14 grannríki þess. Stofnsett árið 1922 en leystust upp 1991 í einstök sjálfstjórnarríki. Stjórnarfar Sovétríkjanna byggði á einsflokkskerfi, án þess sem kallast fullt lýðræði á vesturlandavísu. Heimsveldi Sovétríkjanna náði í raun yfir stærra svæði, þar sem kommúnistaríki í Austur-Evrópu mynduðu með þeim hernaðarbandalag; Varsjárbandalagið, til mótvægis við hið vestræna NATO. Milli þessara valdablokka var landamæralína sem oft var nefnd Járntjaldið, og sá tími eftirstríðsáranna þegar mest spennan ríkti milli blokkanna var nefndur Kalda stríðið. Með aukinni upplýsingu almennings og spillingu valdamanna molnaði stjórnarfar kommúnistaríkjanna innanfrá; Sovétrikin liðu undir lok og mörg ríki tóku upp lýðræðislegri stjórnarhætti. Íslenskir kommúnistar hrifust margir um tíma af stjórnarfari og árangri Sovétríkjanna.

Sovétsnepill (n, kk) Niðrandi heiti á blaði sem gefið var úr um tíma hérlendis og nefndist „Fréttur um Sovétrikin“; þýtt úr sænsku blaði; „Fakta om Sovjetunionen“. Gunnar Össurason, sem var einlægur vinstrimaður alla ævi, lét senda þetta blað til Láganúps um alllangan tíma. Þar var því vel tekið eins og öllu

lesefni, án þess að valda pólitískum straumhvörfum. Það var í þægilegu broti til að lesa í rökkrinu á kamrinum en illa hannað til að brúka sem skeini, líkt og Tíminn. Landpósturinn; Kittí í Hænuvík, mun hafa valið blaðinu þetta óvirdulega heiti, en framsóknarmanninum þótti þungbært að bera slíkt útum sveitir.

Sóa (s) Eyða; *fordjarfa*. „Það er óþarfi að sóa saltinu í vitleysu“!

Sóðóma (n, kvk) Borg sem nefnd er í Gamla testamenti Biblunnar. Þar og í grannborginni Gómorru stunduðu íbúarnir svo syndugt lífverni að guð sá sér þann kost vænstan að eyða borgunum með eldi. Í daglegu tali hefur heitið Sóðóma orðið skammaryrði um lastaborg. Hrökk sumum af munni þegar útvarpið flutti sínar reglulegu fréttir af glæpum og annarri óáran í Reykjavík; „Ekki skil ég að nokkur maður skuli vilja búa í þessari Sóðómu“!

Sóða í sig (orðtak) Um mat; borða án þess að lystugur sé. „Ekki er þetta *velgott*, en það má sóða því í sig“.

Sóða út (orðtak) Gera óhrein. „Eruð þið aftur búnir að sóða út í verkfærahúsinu; og ég var að taka þar til“.

Sóðakjafur (n, kk) Manneskja sem hefur slæman *munnsöfnuð/* talar illa um /við aðra. „Það var kominn tími til að hann fengi einhverja *ofanígjöf*; þessi sóðakjafur“!

Sóðalega (ao) Ekki hreinlega; á óhreinlegan hátt. „Skelfing hafa þeir gengið sóðalega um bátinn“!

Sóðalegur (l) Ekki hreinlegur; með ljótum/óhreinum hætti; ataður; kámugur. „Ansi finnst mér hann sóðalegur; bæði í klæðnaði og umgegni“.

Sóðaskapur (n, kk) Hirðuleysi; slæm umgengni; óþrif. „Skelfilegur sóðaskapur er þetta“!

Sóði (n, kk) Sá sem er mjög óhreinlátur/ gengur ekki hreinlega um. „Hann er ferlegur sóði með þetta“!

Sófi (n, kk) Mjúkur þægilegur bekkur í stofu, stundum gerður bæði til setu og legu (svefnsófi). Orðið og húsgagnið varð ekki algengt í Kollsvík fyrr en seint á 7.áratug 20.aldar. Framað því hafði tíðkast að tala um „bekk“ eða „divan“ um þau set- og svefngögn sem voru með gormum og/eða svampdýnum.

Sóka fyrir (orðtak) Vera á höttunum eftir; sækjast eftir. „Hann hefur verið að sóka fyrir að fá Kollsvíkurættina keypta, en hún hefur lítið verið í sölu“. „Maður reynir nú frekar að sóka fyrir stórþorski en svona moski“. Líklega komið úr dönsku; „söge efter“. Annarstaðar merkti orðtakið að annast/ sjá um.

Sókn (n, kvk) A. Það að sækja í eitthvað/eftir einhverju. „Sjávársókn hefur líklega verið frá Kollsvík frá landnáms tíð“. B. *Hákarlaöngull*. „Hákarlaöngull nefnist sókn. Hann var úr jární... Leggur sóknarinnar var 6-8 þumlungar á lengd, bugurinn var því sem næst *þverhandsarviður*. Nokkuð framan við buginn kom *agnhaldið*; það var fremur lítið og ekki beitt... á efri enda sóknarinnar var *sigurnagli*, og í hann fest sóknarkeðja 3-4 álna löng, eftir því hvað skipið var hátt á síðu, og nefndist hún *sóknarhlekkir*. Við hinn enda keðjunnar var tengdur sigurnagli, svonefnt *ístað*, en hann var áfastur *vaðsteininum*“ (GG;Skútuöldin). C. Styttling úr kirkjusókn; landsvæði/umdæmi sóknarkirkju. „Eftir að sett var sérstök sókn um Breiðavíkurkirkju árið 1824 styttist mjög *kirkjuvegur* Kollsvíkinga“. D. Það að sækja fram, t.d. í orrustu.

Sókn er besta vörnin (orðtiltæki) Gamall vísdómur sem byggir á því að sá hefur oft sigur sem er nægilega djarfur og ákafur í að koma sínu fram; breyta og hafa sigur, en hinir eiga oftar á hættu að tapa sem einungis reyna að verjast og halda óbreyttu ástandi.

Sóknarbarn (n, hk) Manneskja sem tilheyrir kirkjusókn.

Sóknarhlekkir (n, kk, fto) Sóknarkeðja; keðja í hákarlasókn. „Hákarlaöngull nefnist sókn. á efri enda sóknarinnar var *sigurnagli*, og í hann fest sóknarkeðja 3-4 álna löng, eftir því hvað skipið var hátt á síðu, og nefndist hún sóknarhlekkir. Við hinn enda keðjunnar var tengdur sigurnagli, svonefnt *ístað*, en hann var áfastur *vaðsteininum*“ (GG;Skútuöldin).

Sóknarkirkja (n, kvk) Kirkja sem þjónar ákveðnu svæði. Ekki verður fullyrt hvernig sóknarmálum var háttað í Kollsvík í upphafi byggðar, en frásögn Landnámu bendir til að Kollur landnámsmaður hafi, ásamt Örlygi fóstbróur sínum, gengið í kristiboðsskóla Patreks biskups á Iona á Suðurhafseyjum. Biskup sendi þá með kirkjuvið til Íslands. Örlygur byggði sína kirkju að Esjubergi, en ekki er ólíklegt að Kollur hafi byggt sína kirkju í Kollsvík, sem þá hefur verið fyrsta kirkja norrænna manna í landinu. Hafi svo verið verður lítið sagt um tilhögun kirkjusóknar, en líklega hafa þeir sótt kirkju Kolls sem kristnir voru í næstu byggðum. Um kirkju Kolls verður ekkert fullyrt nema af líkum, og engar heimiildir eru heldur um örlög hennar. Næst er vitað um kirkju í Rauðasandshreppi seint á 12.öld. Þá bjó hörðinginn Markús Gíslason í Saurbæ á Rauðasandi, sem fór til Noregs á eigin skipi og lét höggva sér við í stóra kirkju. Hann tók land á Austfjörðum og fór svo að hann gaf viðinn til kirkjubyggingar á Valþjófsstað. Fór Markús síðan aðra ferð og sótti við í kirkju sem hann lét reisa í Saurbæ. Í kirkjunni setti hann skríni mikið, svonefnt Ólafsskrín, og kirkjuklukkur tvær. Saurbæjarkirkja, sem var helguð Maríu mey og Jóni postula, varð svo um margar aldir sóknarkirkja og eina sóknarkirkjan á öllu svæðinu frá Tálknafirði til Barðastrandar, og þar þjónuðu tveir prestar í kaþólski tíð. Auk hennar var *hálfkirkja* í Kollsvík, og hefur e.t.v. verið allt frá tíð Kolls. Auk þess voru bænhús á nokkrum stöðum; Melanesi, Hvalskerri, Vesturbotni, Hvallátrum og Breiðavík. Við

siðaskiptin lögðust af bænhúsin og hálfkirkjan. Kirkjuvegur hefur þá orðið gríðarlega langur frá fjarstu bæjum til Saurbæjar, á þeim tímum sem mikið var lagt uppúr reglulegri kirkjusókn. Kollsvíkingar þurftu þá að fara um þingmannaleið um Víknafjall. Árið 1512 setti Stefán Jónsson Skálholtsbiskup sóknarkirkju í Sauðlauksdal, og voru sóknarmörk hennar frá Blakk innmeð firðinum til og með Vatneyri. Í kaþólsku var kirkjan helguð „Maríu mey og öllum heilögum“. Gaf Jón Jónsson Íslendingur og Dýrfinna kona hans land undir kirkjuna, en biskup lagði undir hana ýmis ítök og hlunnindi til tekna. Áfram var kirkjuvegur Kollsvíkinga hinn lengsti á svæðinu. Þá var það árið 1824 að sett var sóknarkirkja í Breiðavík í stað bænhússins sem þar hafði verið frá 1431. Undir Breiðavíkursókn heyra bæir í Útvíkum; Kollsvík, Breiðavík og Hvallátrum. Meðan enn var mikil útgerð í Útvíkum og mörg blómleg býli var sóknin all fjölmenn. Frá miðri 20.öld hefur byggð verið mjög á fallanda fæti, og í byrjun 21.aldar eru örfáar sálir í sókninni. Þar stendur vegleg kirkja sem sóknarbörn byggðu af miklum stórhug og var vígð árið 1964, og kirkjugarður er á túninu neðan hennar, þar sem fyrri kirkja stóð.

Sóknarbarn (n, hk) Meðlimur í kirkjusókn; sóknarmaður. Endingin „barn“ vísar til „guðsbarns“ en ekki aldurs.

Sóknarmaður (n, kk) A. Algengasta merking á seinni tímum; meðlimur í kirkjusókn; sóknarbarn. B. Upphaflega heiti á saksóknara sem bændur í hverjum hreppi kusu til að stjórna málefnum hreppsins og sækja menn til laga vegna brota á hreppssamþykktum. Sóknarmenn nefndust hreppstjórar eftir gildistöku tíundarlaga 1096. C. Fulltrúi sýslumanns í héruðum eða sýslum. Samkvæmt Jónsbókarlögum gat verið einungis einn sýslumaður í hverjum landsfjórðungi, en hann hafði þá sóknarmenn sér til fulltingis á nærsvæðum. Sóknarmenn voru einnig nefndir „sóknarar“ og síðar „lögsagnarar“.

Sóknarskifting (n, kvk) Skipting svæðis/prófastdæmis í sóknir. „Fjelagið skiftist í þrjár deildir eftir sóknarskiftingu hreppsins, og getur hver deild fengið bækur að láni átta vikna tíma í einu, og skulu þær ganga á milli fjelaganna í deildinni“ (Reglur Lestrarfjelagsins Bernskan í Rauðasandshreppi).

Sóknðjarfur (l) Sækir sjóinn fast; *sjóhundur*; hugaður. „Hann þótti manna sóknðjarfastur“.

Sóknharka (n, kvk) Dirfska/harka við sjósókn; ofurkapp í róðrum. „Sumum ofbauð þessi sóknharka“.

Sól / Sóla (n, kvk) Sól er nú á dögum almennt haft um þennan meginhnött okkar sólkerfis. Líklegt er að sóla hafi áður verið almennt heiti, og lifir sú orðmynd enn í ýmsum setningum sem ekki krefjast nefnifalls. „Hann hefur dregið fyrir sólu“.

Sól gengur/hnígur til viðar (orðtak) Sól sest. Viður merkir þarna skógur, svo ljóst má vera að orðtakið er frá árdögum landnáms eða fluttist hingað með landnámsmönnum.

Sól gengur undir / Sól sest (orðtök) Sól hnígur til viðar/ gengur undir sjóndeildarhring áhorfanda.

Sól setur ofan (orðtak) Sól var *afbjarga* þegar hún hvarf af hæstu fjallatindum og var bjart í norðurátt. Sól setur ofan, sögðu menn þegar sólargeislinn *stafaði* gegnum regnský, og vissi það á vætu“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETh; DE og ÓM).

Sól skín í heiði (orðtak) Sól skín á skjálausum himni/ í heiðríkju.

Sóla sig (orðtak) *Sleikja sólina*; njóta sólar. „Það er nú ekki amalegt að sóla sig í svona blíðuveðri“!

Sólarbirta (n, kvk) Birta frá sólu; sólskin. „Þarna inni í hellinum nýtur aldrei sólarbirtu“.

Sólarblettur / Sólskinsblettur (n, kk) Blettur á jörðinni sem sól nær að skína á í skjúðu lofti.

Sólarbreyskja (n, kvk) Mikill sólarhiti, oft í logni. „Það er hætt við að gróður skrælni í þessari sólarbreyskju“.

Sólardagur (n, kk) Dagur sólskins. „Sólardagar hafa ekki verið margir í þessum mánuði“.

Sólareldur (n, kk) Sólroði. „Dýrð var há í vorsins veldi/ vafin aftanroðanum,/ er höldar sigldu í sólareldi/ suður hjá Arnarboðanum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, ljóð Helgu Ólafsdóttur um Kollsvík).

Sólargangur (n, kk) Lengd dags; sá tími sem sól er á lofti. „Við þurfum að hafa einhverja lýsingu við gjafirnar meðan *stystur er sólargangurinn*“.

Sólarglenna (n, kvk) Sólskin um stuttan tíma. „Hann gerði smá sólarglennu í morgun en síðan ekki meir“.

Sólarglæta (n, kvk) Vottur af sólskini; rof fyrir sólu; sólskinsblettur. „Hann er alveg stytur upp núna, og vottar jafnvel fyrir sólarglætu“.

Sólarhiti (n, kk) Hiti sólar. „Fiskurinn er fljótur að skemmast í þessum sólarhita“.

Sólarhringur (n, kk) 24 klukkutímar; dagur og samliggjandi nótt; snúningstími jarðar um möndul sinn.

Sólarhæð (n, kvk) Hæð sólar yfir sjóndeildarhring. Sólarhæð er notuð af sjófarendum og öðrum til að átta sig á stefnu þegar kennileiti skortir. Hjálpartæki við það er t.d. *sextantur*.

Sólarlag / Sólsetur (n, hk) Sá tími dags þegar sól gengur undir sjóndeildarhring í lok dags.

Sólarlagsbil (n, hk) Óskilgreindur tími kringum sólarlag. „Þeir voru komnir til baka um sólarlagsbil“.

Sólarlítið / Sólarlaust (l) Um sólfar; mikið eða lítið. „Það er ágætis þurrkur þó sólarlítið sé“.

Sólarlæggin (l) A. Þeim læggin sem sól skín. B. Í líkingamáli; í góðri stöðu. „Því sátu framsóknarmenn sólarlæggin að þessu leyti“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Sólarmerki (n, hk, fto) A. Upphafl. merking; stjörnumerki. B. Í seinni tíð eingöngu notað í afleiddri merkingu, í klisjum; „Ég sé engin sólarmerki á því að þetta komist í verk“. „Eftir öllum sólarmerkjum að dæma verður landlega hjá okkur á morgun“.

Sólarorka (n, kvk) Orka sólargeisla. Sólarorka er líklega sú orkulind sem hefur mest áhrif á líf manna. Jurir nema sólarorku með blaðgrænu sinni, en á þeim byggir mestallt annað lífkerfi. Sólarorka hitar andrúmsloft og yfirborð jarðar þannig að lífvænlegt verði. Hún veldur mishitnun andrúmslofsins sem er meginorsök vinda, sem aftur knýja segl og vindmyllur. Hún veldur uppgufun sem er meginforsenda regns, sem aftur knýr vatnsorkuverin. Jarðefnaeldsneyti er leifar fornra lífvera, sem lifðu fyrir tilstilli sólar. Sólarorka á hvern fermetra jarðaryfirborðs er mjög misjöfn og fer þéttni hennar m.a. eftir tíma dags; hnattlegu staðarins og hve heiðskirt er í veðri. Við miðbaug getur sólarorka um hádegi í heiðskíru veðri mælst um 1000 W/m², en lækkar skarpt þegar fjær dregur miðbaug. Sólarorkuver og sólarrafhlöður (sólarcellur) hafa mjög rutt sér til rúms á síðari tímum, í leit manna að nýtingu endurnýjanlegrar „grænnar“ orkuuppsprettu í stað jarðefnaeldsneytis.

Sólarsagan (n, kvk) Sagan í heild; sagan eins og hún er. „Svo sagði ég honum alla sólar söguna“.

Sólarsinnis (ao) Réttislaus; snúningur með sólu. „Þess var gætt að snúa líkkistu ávallt sólar sinnis“. Ýmsar venjur daglegs lífs fyrir tíma tengdust því að snúa hlutum fremur sólar sinnis en rangsælis, og byggðu þær á því að sú snúningsátt hlyti að vera Guði þóknanlegri en hin, vegna gangs himintungla. Þannig mátti t.d. aldrei snúa bát í fjöru öðruvísi en sólar sinnis.

Sólarskíma (n, kvk) Dálítið/staðbundið/tímabundið sólskin. „Það er mikilvægt að nota hverja sólar skímu í svona óþurrkatíð“.

Sólaruppkoma / Sólarupprás / Sólaris (n, kvk/hk) Sá tími þegar efri brún sólar kemur upp fyrir sjóndeildarhring.

Sólbakaður / Sóloðinn / Sólstektur (l) Einkum notað um fisk; hefur náð að hitna í sólskini. „Forðaðu fiskinum í skuggann svo hann verði ekki sólbakaður“.

Sólblettir (n, kk, fto) Blettir á yfirborði sólarinnar sem eru dekkri og kaldari en umhverfið, eða 4.300°C miðað við um 6000°C umhverfis. Sólblettir standa í tengslum við óreglu eða iðustrauma í segulsviði sólar. Fjöldi þeirra er háður sveiflum sem ná yfir 10 ára tímabil. Blettunum fylgir ýmiskonar önnur ókyrrð á yfirborði sólar s.s. sólblossar og sólkynndlar, en öll sú virkni truflar mjög rafhvolf jarðarinnar.

Sólbrunninn (l) Sólbrunnur. „Lambið var svo sólbrunnið að eyrun voru af við hlustir“ (IG; Sagt til vegar I).

Sólbrúnn (l) Með brúna húð af sólskini. Útfjólubláir geislar sólarljóss valda breytingum í húðinni með því að örva litfrumur til að mynda litarefnið melanín, sem ver húðina gegn þessum sömu geislum. Þessi varnaráhrif melaníns valda því að fólk með brúna húð fær sjaldnar húðkrabba en það sem er með ljósa húð, en húðkrabbi er alvarlegasta hættan við að vera lengi í sterkri útfjólublárrí geislun. Menn sólbrenna mun hraðar en ella ef unhverfið endurspeglar sólargeisla, t.d. í snjó eða á sjó eins og þeir vita sem reynt hafa.

Sóley (n, kvk) Ætt blóma. Af henni axa nokkrar tegundir í ísleskri náttúru, s.s. *brennisóley*, *hófsóley* og *melasól*. Oftast er átt við *brennisóley* þegar önnur skilgreining fylgir ekki.

Sóleyjabreiða (n, kvk) Svæði þakið af sóleyjum.

Sólfagur dagur (n, kk) Dagur með hægviðri og sólskini. „Það er nú einhvernvegin hægt að eiga við heyskap á svona sólfögum degi“!

Sólfar (n, hk) Sólskin. „Best var að grafa (eftir kúfiski) ef lygnt var og sólfar“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sólfarsgola / Sólfarsvindur (n, kvk/kk) *Aðlögn*; *innlögn*; vindur sem blæs inn yfir land eftir sólríkan dag. Allajafna nefnt *aðlögn* í máli Kollsvíkinga þegar vindurinn finnst í víkinni, en *innlögn* inni í firði.

Sólginn í (orðtak) Gráðugur/gírugur í; sækist eftir. „Hrafninn er mest sólginn í augun á kindunum“.

Sólgulur (l) Með lit sólar/sóleyjar; *heiðgulur*. „Ansi er nú túnið að verða sólgult; betur kynni ég við það skrudgrænt“.

Sólheiður himinn (orðtak) Heiðskír himinn og sólskin.

Sólheitur (l) Heitur af sól/sólskini. „Mér finnst þú nokkuð kappklæddur, svona á sólheitum degi“!

Sólvörf / Sólstöður (n, hk, fto) Tveir dagar ársins sem umbreyting verður á lengingu/styttingu sólarbirtu; sú stund þegar sól kemst lenst frá miðbaug himins til norðurs eða suðurs. Vetrarsólvörf/vetrarsólstöður verða á bilinu 20.-23. desember, og verður þá dagurinn stystur. En sumarsólstöður/sumarsólvörf verða á tímabilinu

20.-22. júní ár hvert og þá er dagurinn lengstur. Breytileiki dagsetninga er vegna þess að almanaksárið er ekki nákvæmlega jafnlangt árstíðaárinu og samræmingin gerist í stökkum við hlaupár. Nafnið sólhvörf má e.t.v. rekja til þess að sólin hverfur aftur til meðaldagsins, en sólstöður tengjast því líklega að þá stendur sólin kyrr í því þróunarferli dagslengdar sem verið hæfi á undan.

Sóli (n, kk) A. Skóbotn; sá hluti skóar sem gengið er á. B. Slitflötur t.d. hjólbarða.

Sóli á lofti (orðtak) Ljósbotn í lofti þannig að við sérstakar aðstæður má sjá aukasóli sinnhvorsvegur við hina raunverulegu. Sjá *aukasóli*; *blæs út sóli*; *gill og úlfur*. Oftar var í Kollsvík talað um að blési út sóli.

Sólkerfi (n, hk) Kerfi himinhnatta þar sem plánetur, loftsteinar og smástirni ganga um miðlæga sól sem er mun stærri en þær og oftast heit af kjarnorku. Mörg sólkerfi mynda stærri einingar sem eru vetrarbrautir.

Sólkoli (n, kk) Þykkvalúra; *Miscrostomus* kitt. Flatfiskur af flyðruætt sem lifir í grunnsjó hér og í norðanverðri Evrópu. Fæst stundum sem meðafli á kolaveiðum, enda heldur hún sig á svipuðum slóðum og *skarkoli*. Sólkolinn er nokkuð þykkari en skarkoli; hauslítill; kjaftsmár; varaþykkur; fínhreistraður; stærð oft 20-40 cm. Ljós á vinstri/neðri hlið en rauðgrá eða dökkbrún á vinstri/efri hliðinni. Fæðan er smá botndýr. Nytjafiskur.

Sólmánuður (n, kk) Mánaðarheiti að gömlu tímatali. Sólmánuður hefst á mánuðegi í 9.viku sumars (18.-24.júní). Sá mánuður er sól gengur um krabbamerkið. Sólmánuður hefst á sólstöðum, og fyrst í honum fara menn á grasafjall, eins og fram kemur í Grasnytjum Björns í Sauðlauksdal; safna lækningajurum; skera hvönn og gelda lambhrúta.

Sólmyrkvi (n, kk) Myrkvun sólar séð frá jörðu vegna þess að tunglið gengur milli jarðar og sólar. Ef tunglið nær að skyggja algerlega fyrir sólu nefnist það *almyrkvi*, en *deildarmyrkvi* skyggi það að hluta.

Sólóvél (n, kvk) Vél í bát, af gerðinni Solo sem var ein tegundin af þeim vélum sem fyrst komu í báta hérlendis, m.a. í Kollsvíkurverri. Eins strokks innanborðs fjörgengisvélur með þungu svinghjól og magnettukveikju; gjarnan 4-5 hö að afli. „Gamla Rut er sett á flot í Kollsvíkurverri. Sólóvél sett í gang og keyrt suður á Bæi“ (ÖG; glefsur og minningabrot). Síðar tíðkuðust eldavélar af gerðinni Solo; vinsælar í bátum og sumarhúsum.

Sólríkur (l) Með mikilli sól. Notað bæði um tíma og staði. „Þetta hefur verið einstaklega sólríkur mánuður“. „Eyrarsól vex helst á sólríkum stöðum; hæfilega skjólsælum og þurrum“.

Sólroði (n, kk) Rauðleitur himinn um sólarlag, *kvöldroði*, eða sólarupprás, *morgunroði*. „Sólroði að kvöldi vissi á sunnanátt“ (LK; Ísl.sjávarhættir III) „Þú gnæfir við himin í hrífandi fylling;/ þinn hraunkambur ljómar við sólroðans gylling“ (EG; kvæðið Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).

Sólsegl (n, hk) Segl sem breitt er yfir eitthvað til að hlífa því við sólskini.

Sólskin (n, hk) Skin/birta sólar. „Maður svitnar hressilega í bjarginu í svona sólskini og logni“.

Sólskinsbros (n, hk) Einlægt gleðibros. „Hún varð eitt sólskinsbros þegar hún sá hver var kominn“.

Sólskinsskap (n, hk) Mjög gott skap; létt lund. „Hann kom að landi með hlaðinn bát, og í sólskinsskapi“.

Sólskríkja (n, kvk) Sjá *snjóttittlingur*.

Sólstafir (n, kk, fto) Sólargeislar. Notað eingöngu um það þegar geislar brjótast gegnum ský í dimmviðri og sjást greinilega tilsýndar.

Sólstöður / Sólhvörf (n, kvk/hk, fto) Sú stund ársins þegar sól fer lengst frá miðbaug himins til norðurs eða suðurs. Með öðrum orðum; þegar sól kemst hæst á himininn um hádegi (sumarsólstöður) eða lægst (vetrarsólstöður). Um sumarsólstöður er dagur/sólargangur lengstur, en um vetrarsólstöður stytur. Sumarsólstöður verða á misjöfnum tíma eftir árum, eða á tímabilinu 20.-22.júní; en vetrarsólstöður á tímabilinu 20.-23.desember. Nafnið vísar til þess að sólin hættir að auka/minnka hæð sína á daglegum sólargangi.

Sólunda (s) Eyða í vitleysu; *fordjarfa*. „Ég er þá ekkert að sólunda áburði á þennan blett lengur“.

Sólúr / Sólskífa (n, hk/kvk) Lárétt skífa með standandi pinna/titt í miðju. Þegar sól fellur á skífuna má sjá hvað tímanum líður á því hvar skuggi pinnans lendir. Sumsstaðar nokkuð notað áður en klukkan og úr komu til.

Sólvindur (n, kk) Staumur rafhlaðinna einda frá sólinni. Sólvindurinn er alltaf einhver, en getur margfaldast þegar mikil virkni er á yfirborði sólar, t.d. við sólblossa og *sólbletti*. Mikill sólvindur veldur m.a. auknum norðurljósum og truflunum á rafhvolfi jarðar.

Sólþurrkaður (l) Þurrkaður í sól; sólbakaður. „Mér þykir nú ekki eins varið í sólþurrkaðan saltfisk og þann sem saltaður er í stæðu“.

Sóma sér (orðtak) *Njóta sín*; vera til prýði. „Myndin sómir sér ágætlega þarna á veggnum“.

Sómafólk / Sómahjón / Sómakona / Sómamaður / Sómapiltur / Sómadrengur / Sómastúlka (n, hk/kvk/kk) Heiðvirt fólk; yndælisfólk. „Hann er sómamaður, enda mikið sómafólk sem að honum stendur“.

Sómasamlega (ao) Hæfilega vel; svo sómi sé að. „Þú þarft að sjá um að þetta sé sómasamlega gert“.

Sómasamlegur (l) Fullnægjandi; góður; viðeigandi. „Ég held að þetta sé alveg sómasamlegur frágangur“.

Sómi (n, kk) Virðing; heiður. „Svona munnsöfnuður er engum til sóma“!

Sóna (s) Tóna; framleiða einsleitan tón. „Hversvegna sónar svona í útvarpstækinu“?

Sónar (n, kk) Hljóðsjá; tæki sem notar endurkast á hljóði til að mæla fjarlægð og lögun hluta. Sónar nýttist í upphafi til að finna kafbáta á stríðstímum, en er nú m.a. notaður við skoðun á fósrum í móðurkviði.

Sónn (n, kk) Tón af einsleitri tíðni; hár stöðugur tónn. „Leiðinda sónn er þetta í símalínunni í þessum vindi“.

Sóp (n, hk) Fjúk; kóf af snjó/ryki. „Það var svo mikið sóp ofan af fjallinu að varla sá handaskil“.

Sópa (s) A. Hreinsa/safna með sóp/kústi. „Fyrstu bústörf mín í fjárhúsi voru að sópa jöturnar og leysa hey“. B. Hreinsa/ safna. „Snjónum hafði sópað saman í skafla“.

Sópa niður/ofan snjó (orðtak) Hlaða/moka niður snjó; snjóa mikið. „Nú sópar hann ofan snjónum“. Sjá *ofansóp*.

Sópa upp (orðtak) Hreinsa með sóp og skóflu. „Ég sópaði upp því mesta af hveitinu sem fór í gólfíð“.

Sópar að (orðtak) Um manneskju; ber á; *gustar af*; er fyrirferðamikil/*aðsópsmikil*. „Hann var aðsópsmikill í félagsstarfinu, svo sumum þótti nóg um“.

Sópar af (orðtak) A. Um það þegar lausamjöll hreinsast af föstu undirlagi. „Hann hefur sópað allsstaðar af jafnsléttu; þetta er allt komið í skafla“. B. *Rýkur úr báru* í roki/ofsavæðri. „Það er svo hvasst að hann sópar af öldu“. C. Um áberandi/valdsmannslega persónu. „Það sópaði af honum, blessuðum sýslumanninum“.

Sósuspónn (n, kk) Dálítið af sósu; sósuskeið. „Gefðu mér nú smá sósuspón hér útá ketið“.

Sót (n, hk) Aska; dökkt duft sem situr eftir þegar efni, t.d. eldiviður, hefur brunnið. Mikið féll til af sóti á heimilum fyrri tíma, þegar öll hitun og eldun fór fram við opinn eld. Sót var notað í litlum mæli til blekgerðar, með því að hræra það kálfsblóði, og borið á sótpráð til merkinga á stórvið fyrir sögun.

Sóta (s) A. Ata sóti. „Bitarnir í reykkofanum voru all sótaðir“. B. Framleiða reyk með miklu sóti. „Nú er eitthvað að kyndingunni; hún á ekki að sóta svona“.

Sótbikasvartur / Sótsvartur (l) Kolsvartur. „Hann var sótbikasvartur á höndunum eftir viðgerðina“.

Sótbrunnið (l) Tært af sótfalli. „Þakið á Láganúpsbænum var úr alúminíumplötum, og var orðið all sótbrunnið kringum reykháfinn“.

Sótbölva (s) Blóta/formæla mjög mikið; krossbölva. „Hann sótbölvaði sjálfum sér fyrir gleyskuna“.

Sótillur / Sótreiður / Sótvondur (l) *Bálvondur*; afar reiður. „Karlinn var sótillur yfir þessu hirðuleysi unglínganna“. „Ég hef sjaldan séð hann svona sótvondan“!

Sótraftur á sjó dreginn (orðtak) Oftast: „*hver/sérhver sótraftur á sjó dreginn*“ eða „*allir sótraftar á sjó dregni*“. Merkir; allir tiltækir eru nýttir. Líklega á orðtakið einkum við það að öllum haffærum bátum sé haldið till hafs/ ýtt úr vör; annaðhvort til orrustu eða til veiða. Sótraftur merkir þarna sóttugur viður; þ.e. að jafnvel séu búnir til flekar úr sóttugum máttarviðum húsa. Notað í margskonar tilefnum í dag; t.d. þegar maður er fenginn í verk sem hann hefur litla hæfileika til.

Sótrauður (l) Dökkrauður; dimmrauður. „Þá var karlinn orðinn sótrauður í framan af illsku“.

Sótroðna (s) Verða sótrauður í andliti. „Hann leit á hana og sótroðnaði“.

Sótsvartur (l) Mjög dökkur; kolsvartur. „Myrkrið var svo sótsvart þarna að ég sá ekki handaskil“.

Sótsvartabylur / Sótsvartaél / Sótsvartakafald / Sótsvartahrið / Sótsvartaskafmold (n, kk/hk/kvk) Mjög blind snjócoma/skafmold/hrið. „Hann skall yfir okkur með sótsvartaéli, svo við *töpuðum áttum*“.

Sótsvartamyrkur (n, hk) Niðamyrkur; algert myrkur. „Hafðu vasaljós; það er komið sótsvartamyrkur“.

Sótsvartapoka (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Við skulum nú fara að grynnka aðeins á okkur áður en hann setur yfir þessa sótsvörtu þoku sem mér sýnist að hann sé að *leggja upp*“.

Sótt (n, kvk) Smitsjúkdómur; pest; veikindi. „Hér hefur verið umgangur af allskonar sóttum þennan veturinn“.

Sóttarbæli (n, hk) Staður mikilla veikinda. „Hann neitaði alveg að heimsækja það sóttarbæli núna“.

Sóttarsæng (n, kvk) Rúm sem veik manneskja liggur í. Sjá *leggja á sóttarsæng*.

Sótt dauður (l) Dauður/látinn úr smitsjúkdómi/pest. „Þeir hafa nú ekki allir orðið sótt dauðir sem haga sér svona glannalega í sjósókn“!

Sóttarður (l) Harður af sér þó veikur sé; veikist sjaldan af smitsjúkdómum. „Það er eins og hann sleppi við allar pestir; það er með ólíkindum hvað maðurinn er sóttarður“!

Sóttgreinsa (s) Drepa bakteríur/sóttkveikjur með suðu eða öðru móti. Varð ekki algengt í málinu fyrr en þekking hafði skapast á eðli og meðhöndlun smitsjúkdóma og sóttkveikja.

Sóttþræddur (l) Hræddur við að smitast/veikjast. „Hann er svo sóttþræddur að hann vill ekki fá neinn í heimsókn fyrr en pestin er gengin yfir“.

Sóttkveikja (n, kvk) Það sem veldur sótt; *sýkill*.

Sóttkví (n, kvk) Einangraður bær vegna faraldurs. „Látramenn eru enn einusinni í sjálfskipaðri sóttkví til að reyna að forðast flensuna. Póstur og vörur er skilið eftir við Tröllhólinn“.

Sóttlaus (l) Ekki veikur; ekki með sjúkdóm/pest. „Ég er alveg orðinn sóttlaus, en dálítið slappur ennþá“.

Sóttþækinn (l) Gjarn á að fá umgangspestir. „Enn er hann lagstur; meira hvað maðurinn er pestþækinn“!

Sóttvarnagirðing / Sóttvararlína (n, kvk) Girðing milli landsvæða, í þeim tilgangi að hættulegir smitsjúkdómar í sauðfé berist ekki á milli; mæðuveikigirðing; riðuveikigirðing. Upphaflega var girt til varnar mæðuveiki, en síðar riðu. Rauðasandshreppur var þannig sérstakt sóttvarnarhólf, þar sem þar hefur aldrei greinst riðuveiki, þó hún hafi komið upp t.d. á Barðaströnd. Bannað er að flytja fé milli sóttvarnarhólfa, og sömuleiðis óheinsuð tæki og annað sem borið getur smit.

Sótugur (l) Ataður sóti; kámugur af sótsvertu. „Veggurinn ofanvið eldstæðið var dálítið sótugur“.

Sótpoka (n, kvk) *Svartapoka*; mjög dimm þoka.

Sótpreifandiblindöskubylur / Sótpreifandiöskubylur (n, kk) Mjög dimmur og hvass snjóbylur; dimmt skafmoldarkóf. „Við fengum á okkur þennan líka sótpreifandiblindöskubyl uppi á Aurtjörninni, svo við urðum hreinlega að stoppa og biða hann af okkur“! „Það er kominn þvilíkur sótpreifandiöskubylur að ég held ég biði smástund með að fara í húsin“.

Sótpráður (n, kk) Þráður, vættur í sötblandaðri terpentínu; notaður til að þræða stórvið. Þá er hann strengdur milli nagla og síðan teygður frá og sleppt. Við það kemur svart beint strik sem sagað er eftir“.

Sótpreifandi (l) Mjög svartur/blindur. „Á skömmum tíma skellti hann yfir okkur sótpreifandi *blindöskubyl*“.

Sóun (n, kvk) Eyðsla; fordjörfun. „Mér finnst þetta hin mesta sóun; bæði á tíma og fjármunum“.

Spað / Spaðbiti (n, hk) Bitar af kjöti. „Ket var brytjað í spað með *saxi á fjalhöggi* fyrir verkun í saltket“.
„Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáslambinu“ (PG; Veðmálið).

Spaðahjól (n, hk) Vatnshjól; hjól með blöðum/spöðum sem annaðhvort er notað til að virkja rennsli í vatni/sjó eða til dælingar/austurs.

Spaðaöngull (n, kk) Öngull sem ekki er með auga á legg til festingar á öngultaumi, heldur spaða. Er þá taumurinn bundinn um legginn, en spaðinn hindrar að hann renni uppaf. Algeng gerð fyrrum.

Spaði (n, kk) A. Reka; skófla; áhald. T.d. stunguspaði; ristuspaði; fiskspaði. B. Flaturlarmur, t.d. mylluspaði, *fiskispaði*. C. Einn af fjórum litum í spilum.

Spaðket (n, hk) Ket sem búið er að brytja í spað/bita; ketbitar; saltket. „Þarna átti hann kvartel af spaðketi“.

Spaklega mælt / Spakmannlega mælt (orðtak) Viturlega sagt; gáfulegt. „Það var spakmannlega mælt af þér“!

Spaklyndur (l) Rólegur að eðlisfari; hygginn; íhugull.

Spakmáll (l) Talar/mælir gáfulega. „Hann hefur oft reynst spakmáll í þessum efnum“.

Spakmæli (n, hk, fto) Það sem er spaklega mælt; oftast notað um málshætti og fleyg heilræði.

Spakur (l) A. Rólegur. „Vertu nú bara spakur meðan ég útskýri málið“. „Yrðlingurinn virtist spakur“. B. Gæfur (um skepnur) „*Heimalningurinn* er ennþá spakur þó hann hafi farið á fjall í sumar“. C. Vitur; gáfaður. „Hann er oft spakur í þessum efnum“. D. Um veður; hægur; rólegur. „Við vonum að hann haldist áfram eins spakur í tíðinni og verið hefur“.

Spakvitur (l) Gáfaður; fróður. „Ekki er ég svo spakvitur að ég viti þetta“.

Span (n, hk) Þeytingur; hraðferð. „Hvaða skelfingar span er á þér“? „Hann fór framhjá á ógnar spani“

Spana (s) A. *Æsa/espa/spana* upp; mana. „Þeim tókst að spana hann í þetta“. B. Fara/hlaupa hratt; *spæna*; *strekkja*. „Ég spanaði út á Brunnsbrekku til að standa fyrir rekstrinum áður en hann rynnir niður í fjöru“.

Spana upp (orðtak) *Espa* upp; ögra; æsa. „Strákarnir höfðu gaman af að spana hann upp“.

Spana upp í (orðtak) *Mana* til/ upp í. „Láttu nú ekki strákana spana þig upp í svona bölvæða vitleysu“!

Spanda (n, kvk) Fata. „Réttu mér spönduna; hér eru nokkur egg“.

- Spandals** (n, kk) Bruðl; óþarfa eyðsla; skaði. „Mér finnst það bévítans skandals að henda góðum ílátum“. Orðabækur gefa upp „spandas“, líklega í sömu merkingu, en þetta var sagt svona vestra.
- Spandera** (s) Eyða; sóa. „Ósköp hef ég spanderað mörgum skotum á þessa fáu fugla“. „Mig langar ekkert að spandera fleir orðum á þann bjálfa að sinni“!
- Spanghyrnd** (l) Um hornlag sauðkindar; með horn sem standa tiltölulega lítið bogin og samsíða upp og aftur af höfðinu. Geitur eru oft spanghyrndar en sauðkindur sjaldnar. Drgið af *spöng*.
- Spangól** (n, hk) Ákaft, hátt og samfellt gól í hundi. „Láttu tikina inn svo hún hætti að *spangóla*“.
- Spanjólí** (n, kk) Gæluheiti á Spánverja. „Maður er að verða sólbrúnn eins og spanjólí“.
- Spanna** (s) A. Mæla í *spönnum*, þ.e. millibilum glennta fingra. C. Líkingamál; ná yfir. Búskapur á Grundum spannaði þriggja alda tímabil; eða frá því um 1650 til 1945.
- Spannarlangur** (l) Ein *spönn* að lengd. Spönn er gróf mælieining; hámarksbil á milli góma þumalfingurs og vísifingurs útglennta. „Þarna var varla nokkur bútur meira en spannarlangur“.
- Spannarlengd** (n, kvk) Lengd sem svarar einni spönn. Sjá *spannarlangur*; *spönn*.
- Spanskgræna** (n, kvk) Eirraauði; koparkarabónat. „Kompásinn var fagurgrænn af spanskgrænu“.
- Spanskreyr / Spanskreyrstöng** (n, kvk) *Bambusstöng*. „Hann útbjó sér langan *eggjaháf* úr spanskreyrstöng“.
- Spar á** (orðtak) Niskur á: sparar. „Maður má ekki vera of spar á fódurbættinn þegar heyið er lélegt“.
- Spara** (s) Halda aftur af eyðslu; geyma. „Var nú ekki sparað vélaraflið“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fískiróður).
- Spara aurinn/eyrinn en kasta krónunni / Spara skildinginn en kasta/sóa dalnum** (orðtök) Spara í því sem skiptir litlu máli og á þann hátt að skaði sé að í heildina; *spara sér til skaða*. „Það borgar sig ekki að kaupa ónýtt áhöld; þá er maður að spara aurinn en kasta krónunni“.
- Spara sér erfiði/vinnu** (orðtak) Gera ekki það sem erfið er og e.t.v. óþarft; velja auðveldari aðferð.
- Spara kraftana / Spara sig** (orðtök) *Hlifa sér; draga af sér; beita sér* ekki af fullum krafti. „Það þýðir víst ekkert að spara sig ef þetta á að klárast í dag“.
- Spara sér sporin** (orðtak) Fara ekki; fara styttri leið. „Kindurnar voru komnar ehimundir hús þegar ég kom, svo ég hefði getað sparað mér sporin að leita að þeim“.
- Spara sér til skaða** (orðtak) Vera svo aðhaldssamur að maður skaðist af; *spara aurinn en kasta krónunni*. „Það þýðir ekkert að nýta þessar netadruslur lengur; þá er maður farinn að spara sér til skaða“.
- Spara sig** (orðtak) Hlifa sér; gera ekki af fullum kröftum. „Það þýðir ekkert að spara sig við þetta ef það á að klárast í dag“.
- Spara til** (orðtak) Spara í/við; kosta litlu til. „Þarna var engu til sparað“.
- Sparð** (n, hk) *Kindasparð*. Sauðfé lætur frá sér saurinn í mörgum taðkúlum; meira eða minna samlímdum; um og yfir 1cm í þvermál. Kindaspörð geta verið að veltast nokkurn tíma á jörðinni áður en þau leysast í sundur.
- Sparða** (s) Um sauðfé; skíta. „Það gengur ekki að láta féð sparða í flekkinn“!
- Sparðatíningur** (n, kk) Þegar tínd eru til ómerkileg atriði í umræðu, líkt og einhver tíni *kindaspörð* af jörðu. „Þetta er nú bara sparðatíningur“.
- Sparibrækur / Sparibuxur** (n, kvk, fto) Fínni buxur. „Ætli maður verði ekki að draga fram sparibuxurnar í svona tilfellum“?
- Sparibúinn / Spariklæddur** (l) Uppábúinn; í sparifötum/sparifatnaði; í finum fötum. „Það þýðir nú lítið að fara sparibúinn í svona skítverk“.
- Sparibúningur / Sparidress / Sparifatnaður / Sparigalli / Spariföt / Spariklæðnaður** (n, kk/hk hk, fto) Betri/fínni föt. „Reynt var að gera útiverkin snemma dags, þannig að allt væri tilbúið fyrir klukkan sex og allir komnir í sparifötin“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). Oftast notað orðið spariföt.
- Sparihattur / Sparihúfa / Sparijakki / Sparikjól / Sparipeysa / Sparipils / Sparisokkar / Spariskyrtla / Sparitreyja / Spariúlpa / Sparivettlingar** (n, kk/kvk/hk) Einstakir hlutar sparifatnaðar; fínni föt en hversdagsklæðnaður.
- Sparilegur** (l) Fínn; í sparifatnaði; uppábúinn. „Þú ert ekki beint sparilegur í þessum skítugu buxum“.
- Sparisjóður** (n, kk) Banki sérstakrar gerðar. Sparisjóðir eru oftast fremur litlar fjármálastofnanir; stofnaðir af hópi manna, t.d. byggðarlagi, sem samlagsfélag um inn- og útlánastarfsemi. Þeim er því ætlað að leysa þá þörf á sviði fjármála sem kaupfélögin gerðu á sviði verslunar, og með sömu félagslegu hugsjón. Blómatími

sparisjóða var því meðan mest samkennd ríkti í fjölmönnum sveitum; kringum miðbik 20.aldar. Segja má að sjálfstæður sparisjóður hafi starfað í hverju byggðarlagi, en flestir urðu þeir kringum 50 á landinu. Sparisjóður Rauðasandshrepps var stofnaður 1910 af 20 bændum, og gegndi mikilvægu hlutverki sem fjármálastofnun í sveitinni allt þar til hann var lagður niður 1988 og rann inn í Eyrasparisjóð á Patreksfirði; sem síðan var einnig lagður niður líkt og urðu örlög flestra sparisjóða landsins kringum aldamótin 2000. Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Rauðasandshrepps var lengst af Snæbjörn J. Thoroddsen í Kvígindisdal; farsæll og traustur í því starfi. 1977 tók við sjóðnum VÖ; höfundur þessarar samantektar, og var sparisjóðsstjóri til 1988. Á þeim árum voru m.a. tekin upp ávísanaviðskipti, sem juku þjónustu, umsvif og starfssvæði verulega, en ekki var bolmagn til að fylgja slíkum breytingum eftir, t.d. með auknu mannahaldi og tæknivæðingu. Það, ásamt verulegri fækkun í sveitinni, var meginástæða þess að sjóðurinn var lagður niður.

Spariskór (n, kk, fto) Skór sem notaðir eru á hátíðum og viðburðum en ekki daglega. „Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni, bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbitsroði heima fyrir. Þeir voru glettilega fallegir skinnskórnir; svartir með hvítum bryddingum og rósaleppum. Þeir voru hafðir fram á sumar og farið á þeim til kirkju“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Sparistell (n, hk) Borðbúnaður af vandaðri gerð, sem ætlaður er til notkunar í veislum en ekki *hvernudags*. Leirtau af samstæðri gerð og oftast með skreytingu, jafnvel gyllingu. „Hún fór að tína *sparistellið* út úr borðskápnunum, en ég harðbannaði henni að *hafja* neitt fyrir okkur“.

Spark (n, hk) A. Högg sem veitt er með fæti. „Hurðin var freðin í falsinum, en hrökk upp við gott spark“. B. Traðk; *kraðak* af fótsporunum. „Sjá mátti af sparkinu á jörðinni að hrútarnir höfðu stangast hressilega“.

Sparka (s) A. Veita högg með fæti. „Ekki skil ég þá sem fást við það eilíflega að sparka einhverri *boltatuðru*“! B. Spora. „Árans kálfurinn hefur sparkað upp kartöflubeðið“! C. Reka úr vinnu. „Ég heyrði að honum hefði verið sparkað vegna leti“.

Sparkvörn (n, kvk) Áhald til að varna því að kyr sparki við mjaltir. Járnrör, krókbogið í báða enda; var öðrum endanum krækt undir *huppinn*, *nærkonumegin*, en hinum yfir hrygg og á *malirnar frákonumegin*.

Sparlak (n, hk) Tjald fyrir lokrekkju. Þekktist að það væri notað um tjöld sem notuð voru til að tjalda veggi verbúða að innan, til að gera þær vistlegri.

Sparlega (ao) Spart; hóflega. „Farðu sparlega með mjólkina; þetta er restin fram að mjöltum“.

Sparnaður (n, kk) A. Hagur af því að spara; sparsemi. „Það er nú afskaplega hæginn sparnaður af þessu *þegar öllu er á botninn hvolft*“. B. Sparifé.

Sparneytinn / Sparsamur (l) Eyðslugrannur; hófsamur; eyðir/neytir ekki í óhófi. Sparneytinn er í dag mest notað um eldsneytiseyðslu bíla, en á í raun fremur við um mannlega hegðun.

Sparorður (l) Notar ekki mörg orð; hófsamur í lýsingum; segir ekki margt. „Hún var alltaf sporð um sína eigin kosti og sitt framtak, en alltaf til í að hæla öðrum“.

Sparsemi (n, kvk) Hóf; andstæða eyðslu; aðhald; nurl. „Með íturstu sparsemi tóks mér að láta þetta duga“.

Spaug / Spaugsyrdi (n, hk) Gamansemi; grín; glettni. „Aldrei var spaugið langt undan hjá honum“.

Spauga (s) Gera grín; hafa uppi gamanmál. „Ég var nú bara að spauga með þetta“.

Spaugar ekki að (orðtak) Ekki til að henda gaman af; er alvarlegt mál. „Það spaugar ekki að! Nú er hann kominn með blindbyl úr hinni áttinni“!

Spaugar ekki með (orðtak) Um það sem alvarlegt er/ það sem gengur úr hófi. „Það spaugar ekki með þessa dýrtíð nú til dags; skyldi þessi ríkisstjórn vera flúin úr landi; eða er hún bara svona algerlega getulaus“?!

Spaugelsi (n, hk) Draugagangur; *undarlegheit*. „Það er þá eitthvað spaugelsi í sjónvarpinu eina ferðina enn“! Orðið er greinilega tökuorð úr dönsku. Það var töluvert notað vestra en finnst ekki í orðabókum.

Spaugilegheit (n, hk, fto) Fyndni; skopleg tilvik; *skringilegheit*. „Ýmis spaugilegheit gerðust í þessari ferð“.

Spaugsamur (l) Gamansamur; léttur í lund. „Liði var með hærri mönnum á vöxt og þrekinn; hæglátur í fasi en gat verið glettinn og spaugsamur“ (PG; Væðmálið).

Spá (n, kvk) A. Forsögn; það að segja fyrir um óorðna hluti. B. Stytting á veðurspá. „Heyrðirðu spána“?

Spá er spaks geta (orðatiltæki) Skynsemi þarf til að setja fram raunhæfa spá.

Spá / Spá fyrir um (l/orðtak) Segja fyrir um óorðna hluti. „Ég spái því að hann verði rigningarlaus síðar í dag“. „Það er útilokað að spá fyrir um þessa framvindu“.

Spá góðu/blíðu/einmunabliðu/slæmu/skítaveðri/ótið (orðtök) Um veðurspár. „Hann spáir bara blíðu *forút*“!

Spá í loftið / Spá í útlitið (orðtak) Reyna að átta sig á því hvaða veðurbreytingar eru framundan með því að taka eftir staðbundnum veðurmerkjum í umhverfinu. „Það er erfitt að spá í svona loft“.

Spá í veðrið (orðtak) Spá fyrir um veður. „Heyrðirðu hverju hann spáði í veðrið í útvarpinu“?

Spá þurrklega (orðtak) Spá veðri sem nýtist til heyþurrkunar. „Hann spáir ekki þurrklega fyrir næstu daga“.

Spádómsgáfa n, kvk) Geta til að spá. „Mér er ekki gefin sú spádómsgáfa að ég geti séð þetta fyrir“.

Spádómur (n, kk) Spá; forsögn.

Spáin springur á rassinum á (einhverjum) (orðtak) Viðhorf sumra reyndra veðurspámannanna í bændastétt gagnvart veðurspá í útvarpi. „Þessi spá á nú eftir að springa laglega á rassinum á þeim“!

Spámaður (n, kk) Sá sem spáir/ getur sagt fyrir um óorðna hluti. „*Enginn er spámaður í sínu föðurlandi*“.

Spámannlega vaxinn (orðtak) Með spádómsgáfu; forspár. „Maður þarf nú ekki að vera mjög spámannlega vaxinn til að sjá að þessi ríkisstjórn lifir ekki framyfir næstu kosningar“.

Spámannssvipur (n, kk) Íbyggni/dýgindalegur svipur þegar sagt er til um það sem ekki hefur skeð. „Hann sagði, með miklum spámannssvip, að sér kæmi ekki á óvart þó verra hret kæmi í kjölfarið“.

Spánnýr / Spánýr (l) Glænýr; alveg nýr; spónnýr. „Hann var víst að fá sér spánnýjan bíl“. Líklega til orðið með hljóðbreytingu úr „spónnýr“; spónn er fallegur meðan hann er nýr, en fúnar fljótt.

Spánverjavígin (n, hk, fto) Dráp um 30 baskneskra hvalveiðimanna á Vestfjörðum árið 1615. Sjá *hvalveiðar*.

Spár (l) Hæfur til að segja fyrir. „Ég er nú ekki vel spár á þetta, en mér þætti líklegt að hann færi að hvessa“.

Spásagnargáfa (n, kvk) Geta/hæfileiki til að spá. „Ég verð að viðurkenna að mín spásagnargáfa var ekki nægileg til að sjá þetta fyrir“.

Spássera (s) Ganga; dóla. „Þarna koma þau spásserandi yfir víkina“.

Spássering (n, kvk) Gönguferð; það að spássera. „Hvaða spássering er nú á blessuðum kúnum“?

Spásserskór (n, kk, fto) Gönguskór; *tramparar*. „Þetta eru *bráðhentugir* spásserskór, hvað sem útlitinu líður“.

Spásserstígvél (n, hk, fto) Göngustígvél; stígvél sem henta til gönguferða. „Mér finnst þessi brúna stígvél svo ansi heppileg spásserstígvél. Ég nota helst ekki annað, hvort heldur er í smalamennskur eða bjargferðir“.

Spásserstúr (n, kk) *Labbitúr*; stutt gönguferð. „Við fáum okkur spásserstúr upp í garð“.

Spássía (n, kvk) Óskrifuð eyða á blaði, t.d. á jaðri þess eða milli dálka.

Spátré (n, hk) Viður sem brakar í, svo sumir þykjast geta lesið spádóm/fyrirsögn úr brakinu. Einkum var til þessa tekið ef brak heyrðist í viði án sýnilegrar ástæðu, en slíkt getur t.d. gerst við þurrkun eða hitabreytingar.

Spegilfagur (l) Vel sléttur og því fallegur.

Spegilfægður / Spegilglansandi / Spegilljáandi / Spegilglitrandi (l) Gerður alveg sléttur með sléttun/slípun; ; rennisléttur; speglandi; gljáandi. „Það má nú einhvernveginn vera að veiðum á svona pollsléttum og spegilglitrandi sjó“!

Spegilglans / Spegilglit (n, kk/hk) Mjög slétt yfirborð. „Það er ekki alveg sami spegilglansinn á sjónum núna og var í gær“.

Spegilkyrr sjór / Spegilsléttur sjór (orðtök) Algerlega sjólaust og logn. „Það var smá ylja í röstinni, en þegar kom suður á víkina var spegilkyrr sjór“. „Það er nú einhver munirinn að dorga í svona spegilsléttu“!

Spegilkyrrð / Spegillogn / Spegilslétta (n, kvk/hk) Um sjólag; pollslétta; ládeyða. „Skelfilegt er að horfa uppá þessa spegilslétta dag eftir dag og þurfa að vera í landi“!

Spegilskyggndur / Spegilsléttur (l) Svo sléttfægður/-sléttur að speglanir sjáist á yfirborðinu

Spegla sig (orðtak) Sjá spegilmynd sína.

Speglun (n, kvk) Endurkast ljóss af svo sléttu yfirborði að mynd helst nánast óbrennuð.

Speki (n, kvk) A. Vit; gáfur; vísdómur. „Það þarf ekki mikla speki til að átta sig á þessu“! B. Það sem sagt er gáfulega; spakmæli; vel ígrunduð orð.

Spekingslega (ao) Gáfulega; af viti. „Þetta var *mjög* spekingslega mælt“!

Spekingslegur (l) Gáfulegur; ihugull; hugsandi. „Hann var *eitthvað* spekingslegur á svip þegar hann laumaði þessari athugasemd útúr sér“.

Spekingsskepna (n, kvk) Gáfuleg/hugsandi skepna. „Hrafninn er stundum hin mesta spekingsskepna“.

Spekingssvipur (n, kk) Gáfulegur svipur. „Hann sagði þetta með miklum spekingssvip“.

Spekingur (n, kk) Gáfumaður; vitringur. „Í þessum efnunum er hann hinn mesti spekingur“.

Spekja (s) Gera spakan/gæfan. „Það er erfitt að spekja yrðlinga svo varanlegt sé“.

Spekjast (s) Róast; *renna reiðin*. „Hann er aðeins að byrja að spekjast eftir þetta hörkurifriði“.

- Spekt** (n, kvk) Rólegheit; ró; kyrrð. „Það var allt í spekt í fjárhúsunum og engin í tilferð með að bera“.
- Spektarbarn** (n, hk) Þægt/meðfærilegt/rólegt barn. „Þetta er mesta spektarbarn sem ég hef þekkt“.
- Spektarblóð / Spektargrey / Spektarmaður / Spektarskinn** (n, kk) Rólegheita maður; *gæðablóð*. „Strákurinn er mesta spektargrey“. „Að öllu jöfnu er hann spektarmaður, en síður vildi ég fá hann upp á móti mér“. „Hann er mesta spektarskinn ef rétt er farið að honum“.
- Spektarskepna** (n, kvk) Rólegt dýr. „Ég hef sjaldan vitað aðra ein spektarskepnu og þetta nauð“!
- Spektarveður** (n, hk) Hægviðri; kyrrt veður. „Hann er dottinn í spektarveður eftir lætin í morgun“.
- Spekúlant** (n, kk) Fræðimaður/embættismaður með ranghugmyndir. „Hvað heldurðu að spekúlöntunum þarna fyrir sunnan hafi núna dottið í hug? Jú; það er víst hægt að stunda allan íslenskan landbúnað með miklu hagkvæmari hætti á einu stórbúi þar í grenndinni! Þvílíkir andskotans *grasasnar* alla tíð“! Merkti upphaflega hugsandi mann/ gáfumann, en hefur í seinni tíð fengið háðslegri merkingu.
- Spekúlasjón** (n kvk) Hugleiðing; hugdetta. „Ég er hér með eina spekúlasjón sem væri gaman að ræða“.
- Spekúlera / Spekúlera í (s/orðtak)** Hugsá; hugleiða; velta vöngum yfir. „Það þýðir ekkert að vera að spekúlera; nú er bara að drífa í þessu“! „Ég var að spekúlera í að skipta um bíl“.
- Spekúleringar** (n, kvk, fto) Umhugsun; hugleiðingar; *igrundun*. „Þetta þarf nú ekki mikilla spekúleringa við“.
- Spekúleringar** (n, kvk, fto) Hugleiðingar; *vangaveltur*; *diskúsjónir*; *spekúlasjónir*. „Það þjónar nú litlum tilgangi að vera með einhverjar spekúleringar um það hversvegna svona fór“.
- Spela** (s) Setja speli/rimla í t.d. fjárgrindur eða milligerð. „Það þyrfti að fara að spela þessar grindur uppá nýtt“.
- Speldi** (n, hk) Spjald; stykki; fjalarbútur. Ekki mikið notað orð vestra.
- Spelka** (n, kvk) Flöt lítil fjöl sem notuð er til að spelka/spengja það sem brotið er, t.d. girðingastaur eða fótlegg. „Bambus er ágætt efni í spelkur, þegar spelka þarf fótbrott kindar. Hæfilega sver bambusstöng er þá söguð í um spannarlangan bút; hann síðan klofinn í um ½“ spelkur og þær snyrtar til. Eftir að búíð hefur verið að sárinu með grisju eða lérefti eru spelkurnar lagðar utaná umbúðirnar; þeim raðað kringum legginn; helst þannig að kindin tylli í spelkurnar fremur en klaufir; síðan sívafið með snæri og bundið hæfilega þétt að“.
- Spelka** (s) Leggja *spelkur* við brot. „Fáir voru lagnari að spelka beinbrott en Didda á Láganúpi“.
- Spell** (n, hk, fto; harður frb.) Skemmdarverk; ónæði; óskundi; usli; spjöll. „Hann er vís til að gera einhver bölvuð spell fyrst hann fornumaðist svona illa“.
- Spellvirki** (n, hk) Skaði; spell; spjöll; skemmdarverk. „Árans grasmaðkurinn hefur unnið töluverð spellvirki“.
- Spellvirki** (n, kk) Sá sem vinnur spellvirki/skemmdarverk/spjöll. „Ég náði bévítans spellvirkjanum“!
- Spelur** (n, kk) Viðarlisti sem notaður er í fjárgrindur í fjárhúsum, einnig nefnt grindaspelur. Spelirnir voru venjulega úr furu, oft 2“x1“ til 2½“x1¼“ í þversnið, með *þverfingurs* (ca 17-20 mm) millibili og voru negldir á *grindaslár*. „Hér þarf að fara að skipta um speli til að fêð fari ekki að brjóta sig í þeim“.
- Spenabroddur / Spenaendi / Spenagat / Spenavöðvi** (n, kk/hk) Hlutar spena.
- Spenafleiður / Spenahruf / Spenahrúður / Spenameiðli / Spenamein / Spenasár / Spenaskemmd / Spenasprungu** (n, hk) Meinsemd í spena. Oftast átt við kýrspena, enda er kúm hætt við slysum á spenum og meiðli þeirra oft viðkvæmari en annarra dýra vegna stöðugra mjalta. Kúm hættir til að *stíga sig*; þær sólbrenna á spenum og rífa spena á t.d. gaddavir.
- Spenalag** (n, hk) Lag á spenum. Spenalag kúa er mjög mismunandi og skiptir miklu máli vegna mjalta.
- Spenasíð** (l) Um kýr eða kind; með síða spena; *síðjúgra*.
- Spenastór** (l) Um kýr eðar kind; með stóra spena.
- Spenatog** (n, hk) Tog í spena þegar mjólkað er. „Eftir nokkur spenatog varð ég var við *júgurbólgu*slýndrur í mjólkinni“.
- Spenavanur** (l) Um kálf; lamb; vanur að sjúga spena.
- Spengilegur** (l) Hár og grannur; eins og spöng/stöng í laginu.
- Spengja** (s) Setja styrkingu/spöng á legg til lagfæringa/viðgerðar; spelka. „Mér tókst að spengja hrífuhausinn“.
- Spenna** (n, kvk) A. A. Þensla; stöðuorka, sbr rafspenna, háspenna, hryggspenna. B. Fjöldur sem tekið getur stöðuorku, s.s. hárspenna; sylgja. C. Líkingamál um viðsjárvert/ótryggt ástand eða eftirvæntingu, sbr taugaspena.
- Spenna** (s) A. Þenja; búa til stöðuorku, sbr spenna boga/ byssubóg o.fl.; spenna hest fyrir vagn. B. Eyða; sóa. „Þú mátt ekki spenna peningunum strax í einhverja vitleysu strákur“!

Spenna bogann (of) hátt (orðtak) Setja sér of metnaðarfull markmið. Vísar til þess þegar barist er með boga í orrustu. Maður miðar boganum ofanvið markið ef það er langt frá, vegna falls örvarinnar á leiðinni. En líklegt er að maður missi marks ef maður skýtur á of löngu færi og spennir bogann of hátt. Skylt er orðatiltekið *svo má sveigja bogann að hann bresti*.

Spenna greipar (orðtak) Flétta saman fingur beggja handa á misvíxl, þannig að lófar lokist saman. T.d. þegar beðist er fyrir. Greipar merkir hendur. Sjá *ganga (einhverjum) úr greipum; láta greipar sópa*.

Spenna upp verðið (orðtak) Setja upp hátt verð; valda hárrí verðlagningu. „Ég kaupi bílinn auðvitað ekki ef hann ætlar að spenna verðið svona upp“!

Spennandi (l) Sem heldur manni spennnum/æstum í eftirvæntingu. „Mér fannst bókin afar spennandi“.

Spennigur (n, kk) Spenna; eftirvænting; óþreija. „Spennigur okkar óx þegar grynkaði á lúðunni“.

Spennsli (n, hk) Spenna/sylgja með ólum, notað t.d. til lokunar á kistli, tösku eða bók.

Spenntur fyrir (orðtak) Áhugasamur um; vill. „Ég er ekki sérlega spenntur fyrir þessari samkomu“.

Spenvolg mjólk (orðtak) Mjólk sem enn er volg úr skepnunni. „Sumum þykir mjólkinn best spenvolg“.

Sperðill (n, kk) A. Ristill/endaparmur sauðkindar. B. Bjúga, búið til úr ristli. Ekki mikið notað orð í seinnitíð.

Sperra (n, kvk) A. Burðarviður í þaki, sbr skambbitasperra; kraftsperra. B. Vindur; kaldi. „Hann er kominn með einhverja bölvada vestansperru í Flóann“.

Sperra (s) Spenna; reisa; skorða; setja sperru upp/við; strita. „Féð sperrti upp alla brekkuna, og ég á eftir“.

Sperra fyrir (orðtak) Setja sperru/skorðu fyrir; *sperra við*. „Það var sperrt fyrir dyrnar að innanverðu, svo ég komst ekki inn“.

Sperra inni (orðtak) Loka inni; láta vera inni. „Það er best að láta féð út þó það beiti sér lítið; það er tilgangslaust að sperra það inni í svona góðu veðri“.

Sperra upp/opinn gluggan / Sperra upp/opnar dyrnar (orðtök) Halda opnum glugganum/dyrnunum; *halda opnu*. „Vertu nú ekki að sperra upp gluggaboruna í þessum bévítans næðingi“.

Sperra upp vind (orðtak) Auka vind; hvessa. „Hann er að sperra upp norðangjólú“.

Sperra sig / Sperrast við (orðtak) Herða sig; rembast; reyna. „Hann er að sperra sig við að komast fyrir kindahópinn“. „Ég er að sperrast við að ná sama afla og í gær“.

Sperra við (orðtak) Setja stífu/skástífu t.d. hurð við svo dyr opnast ekki. „Ég sperrti við gaflinn á kofanum svo hann félli ekki þar til ég get farið í viðgerð á honum“.

Sperrast við (orðtak) Reyna af fremsta megni; *strekkja við*. „Við skulum ekkert vera að sperrast við að klára þetta í dag; hann spáir ágætu veðri á morgun“.

Sperrileggur (n, kk) A. Bein í fæti. B. Monthani; oflátungur. „Mér leiðist þessi sperrileggur“.

Sperringur (n, kk) A. Nokkuð stífur vindur; kald; *vindsperringur*. „Hann er að æsa sig upp í einhvern sperring“. Sjá t.d. *norðansperringur*. B. Rembingur. Það er dálítill sperringur í þessum nýja sýslumanni“.

Sperrtur (l) A. Reigður; reistur. B. Hnarreistur; montinn; *kampagleiður*. Sbr *bísperrtur*.

Sperrubil (n, hk) Bil milli sperra í húspaki. Nokkuð mismunandi eftir efni, en oft um ein *alin*.

Sperrufótur (n, kk) Neðri endi á þaksperru, sem situr á vegglægju eða stendur útfyrir hana.

Sperrukjálki (n, kk) Sperra; annar leggur sperru í risþaki.

Sperruklampi (n, kk) Klampi/styrking úr fjalarbút sem felldur er utaná sperrukjálkamætin efst.

Sperruverk (n, kvk) Neðst á samskeytum sperrukjálka efst í risþaki.

Sperrureisa (s) Reisa sperrur í húsbýggingu; reisa. Við þann áfanga er stundum haldið *reisugildi*.

Sperruþak (n, hk) Risþak. Fyrrum var ekki talað um sperrur nema sem máttarviði í húsum með risi. Væri húsið með mæniás var það áspak/ásapak, en skúrþak væri það hallandi. Í slíkum húsum voru þakbitar.

Spesía (n, kvk) Mynteining fyrri tíma; sjá *rikisdalur*.

Spesíal (l) Síðari tíma sletta; sérstakt; sérlega gott. Síðar einatt stytt í „spes“.

Spesíalisti (n, kk) Síðari tíma slettuheiti; sérfræðingur.

Spesíuvirði (n, hk) Virði einnar spesíu. Notað í lítilsvirðingartóni: „Þetta er ekki spesíuvirði“.

Spé (n, hk) Háð; grín; aðhlátur. „Við skulum ekki hafa neitt spé um þetta; þetta er alvörumál“!

Spéfugl / Spéspói (n, kk) Grínisti; sá sem gerir grín/háð; sá sem oft hefur gamanmál um hönd. „Hann er svoddan spéspói að maður veit aldrei hvenær hann er að tala í alvöru“. Vell spóans er ekki óáþekkt dillandi hlátri, og líklega er líkingin af því dregin.

Spéhræddur (l) Feiminn/hræddur við umtal/að gert sé grín að sér. „Veriði nú ekki að gera grín að honum strákar; hann er svo fjári spéhræddur“.

Spéhræðsla (n, kvk) Ótti við að verða fyrir aðhlátri.

Spékoppur (n, kk) Dæld í kinn manneskju, sem einkum verður áberandi þegar hún brosir.

Spéspegill (n, kk) Spegill sem ekki er vel sléttur, svo spegilmyndin verður aflöguð/skringileg.

Spik (n, hk) A. Fituvefur;fita. „Þessi biti er lítið annað en spik“. B. Fita utaná líkama. „Hann er heldur betur að hlaupa í spik í seinni tíð“!

Spikaður / Spikfeitur (l) Bráðfeitur; asafeitur; með þykkt spiklag. „Hrúturinn var orðinn vel spikaður“.

Spikkápa / Spiklag (n, kvk/hk) Lag af spiki milli kjöts og húðar á ýmsum dýrum og mannfólki. Áberandi á selum og hvölum, enda mikilvægt líffæri vegna einangrunar og flotjafnvægis.

Spikþjósa (n, kvk) Stykki af hvalspiki.

Spil (n, hk) A. Spil/kort til að spila á; þraut. „Öll fengum við kerti og spil, sem var okkar sameign. Aldrei mátti spila á aðfangadagskvöld“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Við spiluðum mikið á veturna; sátum á gólfinu uppi á lofti og spiluðum Lander, Stopp, Treykort, Hjónasæng o.fl. Fyrir gjald notuðum við þorskhausakvarnir sem nóg var til af“ (DÓ; Að vaka og vinna). B. Hljóðfæri, sbr dragspil (harmónikka). C. Tæki til að létta drátt/hífingu, sbr *gangspil*. D. Bitar af *harðfiskstrengsli* sem skorið hefur verið þvert yfir (sjá *harðfiskur*).

Spila (s) Leika með spil. „Svo var spilað (á áramótum). Aldrei var spilað á aðfangadag jóla, en á jóladag sátu allir við spil og var mest spilað púkk“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Spila eftir eyranu (orðtak) Spila nótnalaust; spila eftir sinni tilfinningu en ekki eftir skrifuðum nótum. „Svavar frændi gat spilað eftir eyranu á hérumbil hvaða hljóðfæri sem var, og var mjög lagviss“.

Spila inni (orðtak) Hafa áhrif. „Málin eru ekki svona einföld; það er margt sem spilar hér inni“.

Spila í sundur (orðtak) Lima í sundur. „Hrúturinn var búinn að spila í sundur stúna“.

Spila með (einhvern) (orðtak) Hafa einhvern að leiksoppi; gera at í einhverjum. „Láttu nú ekki strákarassgötin vera að spila svona með þig“!

Spila rassinn úr buxunum / Spila sig fallítt (orðtak) *Hleypta sér í skuldir*; verða skuldugur; lifa/greiða um efni fram; fara á hausinn (fjárhagslega).

Spila sig (kjánalegan/veikan/afkáralegan/preyttan o.fl) (orðtök) Gera sér upp; vera með látalæti. „Hann spilaði sig óskaplega reiðan, og las þeim pistilinn“.

Spila undir (orðtak) Leika á hljóðfæri meðan sungið er.

Spila upp (orðtak) Hífa upp með spili. „Þeir spiluðu síðan bátinn uppá kamb meðan ég hélt honum réttum“.

Spila úr (orðtak) Um tilhögun mála; ráðslaga; stjórna. „Nú er mikilvægt að spila rétt úr þessu“.

Spila út trompinu (orðtak) Beita góðu úrræði í t.d. viðureign/deilu. „Ég ætla ekki að spila út trompinu alveg strax; við skulum sjá hvað þeir reyna“! Sjá *hafa tomp á hend; taka með trompi*.

Spilaborg (n, kvk) Leikur/þraut sem byggir á því að hlaða háa grind úr spilum með því að láta þau styðja hvert við annað. Krefst rökhyggju, lagni og fumleysi. Notað í líkingamáli um ótryggt málefni.

Spilafífl (n, hk) Niðrandi heiti um áhugasaman spilamann.

Spilagaldur (n, kk) Brella þar sem spil eru notuð til sjónhverfinga/bragða af ýmsu tagi, sem við fyrstu sýn virðast vera galdur. „Séra Þórarinn Þór var sérlega laginn við spilagaldur af ýmsu tagi“.

Spilagosi (n, kk) Óvirðingarheiti um mann sem þykir mjög léttúðugur/glannafenginn/ mikill æringi.

Spilakvöld (n, hk) Samkoma þar sem fólk kemur saman af mörgum bæjum til að spila, oftast þá félagsvist. „Spilakvöldum hefur verið haldið uppi að vetrinum í sambandi við barnaskólann, og hafa konur í sveitinni lagt til veitingar“ (MG; Árb.Barð 1959-67).

Spilamaður (n, kk) Maður sem spilar vel/mikið. „Pabbi hafði mjög gaman af því að spila, og var talinn mikill spilamaður“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Spilamennska (orðtak) A. Það að spila á spil/ sitja að spilum. „Mér gekk ekkert vel spilamennskan í kvöld; það má mikið vera ef ég fæ ekki *skammarverðlaunin*“. B. Lag/háttur við spil. „Hverskonar spilamennska er þetta hjá þér maður“?!

Spilandi kátur (orðtak) Fjörugur; glaðvær; *glaður og reifur*. „Karlinn var þetta litla spilandi kátur yfir að hafa heimt hrúttinn“.

Spilastokkur (n, kk) Bunki af spilum. „Stokkaðu vel, þetta er nýr spilastokkur“.

Spilbátur / Plógbátur (n, kk) Bátar sem notaðir voru saman til veiða á kúfisk til beitu „Þegar tveir bátar voru við plægingu var annar báturinn nefndur spilbátur en hinn plógbátur“ (KJK; Kollsvíkurver; sjá *kúfiskur*).

Spilda (n, kvk) Landsvæði; ræktunarsvæði; tún.

Spildingur (n, kk) Hryggur í lúðu. „Oft var hausinn skorinn af, síðan sporðurinn; að því búnu var *hnakkaflatt* og úr tekinn *spildingurinn*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; *beitulok*).

Spildusjór (n, kk) Stórsjór; ólgusjór. „Að hafa geiglausu og listilega stjórn á stýri, jafnt í *lognsævi* sem spildusjór og *háaroki*, var *óvæfingjanleg* íþrótt...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; frásögn ÓETH).

Spilfjörugur (l) Mjög glaður; líflegur í háttum/hreyfingum. „Karlinn er spilfjörugur innanum kvenfólkið“.

Spilhaus (n, kk) Efsti hlutinn á spilkarli. Gegnum hann ganga vindutré þegar bátur er *spilsettur*.

Spilíri (n, hk) Gæluorð um hljóðfæraleik.

Spilkarl (n, kk) Meginás í *gangspili*; sem *spilvírinn* vinst upp á; sívalt tré; 25-30cm að þvermáli og allt að 120cm á hæð. Spilkarlinn situr lóðréttur í sterkri grind sem fest er í jörð með keðjum, og getur snúið í henni. Þvert gegnum *spilhausinn* eru eitt eða tvö augu; annað þá hærra en hitt og hornrétt á það. Gegnum þau eru sett *vindutré*; eitt eða tvö; einnig nefnd *spilsvelf* í Kollsvík. Spilkarlinn er styrktur með járngríði og utan um hann neðantil vinst spilvírinn þegar menn snúa hinum með því að ganga á vindutrén; hring eftir hring. Gangspil sem síðast voru í Kollsvík höfðu einungis eitt auga.

Spilkomma (n, kvk) Lítil skál til að borða úr. „Réttu mér spilkommuna svo ég geti ausið fyrir þig“. Var framborið með hörðu m-hljóði í Kollsvík (tvöfalt), en annarsstaðar virðist það hafa verið linara (einfalt).

Spilkoppur (n, kk) Skífa á véldrifnu spili, sem unnt er að bregða taug á til að léttu drátt.

Spilkrókur (n, kk) Krókur í enda *spilstrengs*, sem krækt er í *stefnislykkju* báts til að draga hann á land með *gangspili*. „Króknum er krækt í stefnislykkjuna og gefið merki um að strekkja á spilstrengnum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Spilla (s) Skemma; eyðileggja.

Spilla fyrir (orðtak) Hindra; skemma fyrir; torvelda. „Ekki ætti veðrið að spilla fyrir heyskapnum í dag“.

Spilla veðri (orðtak) Versna veður. „Ég held að ég komi mér innýfir áður en hann fer að spilla veðri“.

Spillast (s) Verða verri. Oftast notað um færð, sjóveður eða veður. „Þú ættir nú að drífa þig áður en *færið* yfir Hálsinn fer að spillast meira“. „Tók þá að halla degi, og veður að spillast“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). „Ef búist var við að veður spilltist var þess jafnan gætt að róa í þá áttina að menn hefðu strauminn með sér í land“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir 3).

Spilling (n, kvk) A. Eyðing; eyðilegging. „Menn hafa reynt að hindra spillingu túna af sandfoki“. B. Óeðlilegir stjórnarhættir valdsmanna, sem gæta betur eigin hagsmuna en annarra.

Spilmaður (n, kk) Sá sem vindur upp á spil við setningu báts eða plægingu kúfisks (sjá *kúfiskur*).

Spilsetja (s) Setja bát upp með spili; *gangspili*. Bátar í Kollsvíkurveri voru ýmist spilsettir eða *settir upp á höndum*. Orðið var notað í Kollsvík en finnst ekki í orðabókum.

Spilstrengur / Spilvír (n, kk) Vír, margþættur, sem notaður er þegar bátur er settur með *gangspili*. Sé sett upp með gangspili, eins og notað var í Kollsvíkurveri framyfir 1960, er öðrum enda vírsins krækt með *spilkrók* í *stafnlykkju* bátsins og hinn vefst upp á *spilkarlinn* þegar tveir menn eða fleiri snúa honum. Einn styður bátinn og annar færir *hlunna*. „Króknum er krækt í stefnislykkjuna og gefið merki um að strekkja á spilstrengnum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Spilsvelf (n, kvk) A. Varðandi gangspil; vindutré; rá sem sett er gegnum spilkarl til að snúa honum. B. Varðandi snúið spil; sveif sem hreyfð er með handaflil til að snúa spiltromlunni.

Spilverk (n, hk) A. Grindverk; grind. „Hann hafði hrófað upp einhverju spilverki framanvið réttina til að halda utanað fjárhópnum“. B. Gæluorð um tónlist.

Spilvír (n, kk) Vír sem vefst uppá spilkarl þegar halað er inn, t.d. þegar bátur er dreginn.

Spindill (n, kk) A. Snúningsás. B. Í dag einkanlega notað um ás sem hjól bíls snýst um þegar beygt er, eða um ás í vatnskрана.

Spinna (s) Vinna ullarþráð, með því að snúa hann með snældu eða rokk, og jafna hann í hæfilegan sverleika um leið. „Ég man eftir að hann las stundum fyrir mömmu, þegar hún var að spinna eða prjóna á kvöldin að

- vetrinum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu, eða fléttuðu reipi og brugðu giarðir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Spinna upp** (orðtak) Skálda; ljúga; búa til. „Bölvaða lygasögu hefur hann nú spunnið upp“!
- Spinnigal / Spinnvitlaus** (l) Galinn; brjálaður. „Ertu alveg spinnigal? Veistu ekki hvað þetta kostar“?
- Spígspora** (s) Stjákla/ganga um. „Við sáum þá vera spígsporandi á Stóruðinni“.
- Spík** (n, kvk) A. Oddhvas mjór hlutur, sbr *naglaspík*. B. Ljár í orf; *ljáspík*. „Spíkin var geymd uppi í rjáfri; var stungið bakvið sperruna“. Orðið átti einkum við ljá sem orðinn var mjór af sliti.
- Spíkur** (n, kvk, fto) A. Ræksni; ruður; úrgangur; það af hrámeti sem ekki er borðað/ætt, og er því kastað. B. Gæluorð um fót; *tilur*; *leppar*. „Þú átt ekki að henda spíluum af þér útum allt drengur“.
- Spíra** (n, kvk) A. Almennt um það sem er langt og mjótt; stöng. B. Frjóangi sem vex útúr kartöflu og verður að káli eða rót. B. Langt og grannt rekatré. „Þarna er rekin dálagleg spíra“.
- Spíra** (s) Vaxa frjóangar á kartöflu eða fræ.
- Spíratunna** (n, kvk) Tunna með spíritus/sterku áfengi í. „Seinna rak spíratunnu á Rauðasandi. Hreppstjórinn bjó þar, og það er sagt að ryðgað hefði á hana gat og allur spíritusinn lekið niður“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Spíritus / Spíri / Spritt** (n, kk) Etanól. Algengast er það sem innihaldsefni í áfengi af ýmsu tagi. Í hreinna formi er það brennsluspritt sem notað er til sóthreinsunar og annarra lækninga.
- Spíruleggur / Spírutré** (n, kk/hk) Mjótt grannvaxið tré.
- Spírun** (n, kvk) Spíruvöxtur, t.d. á kartöflum. „Kartöflur voru settar í flötum kössum undir rúm til spírunar“.
- Spíss** (n, kk) A. Fleygur; fleyglaga/oddlaga hlutur. B. Dísa; stykki með örmjóu gati, sem olíu er þrýst í gegnum til stýrðrar brennslu, t.d. í díselvélum og í *mótorlömpum*.
- Spíssaður / Spísslagaður** (l) Yddur; oddlaga; með oddi/spíss. „Staurarnir eru spíssaðir í endann“.
- Spísslag** (n, hk) Oddlag; yddað. „Mér líkar ekki skór með svona spísslagi í tána“.
- Spíssnál** (n, kvk) Áhald sem notað var til að hreinsa stíflu úr spíss mótoralampa. Grönn nál úr málm fest fremst á handfang.
- Spíssreka** (n, kvk) Malarreka; reka/skófla sem hentar í mokstur á mól; með íhvolfu og oddmynduðu blaði.
- Spítalafiskur** (n, kk) Kerlingarfiskur; aflahlutur sem lagður var á um tíma vegna spítalabygginga. Sjá *hospítalshlutur*.
- Spítalamatur** (n, kk) Uppnefni á þeim sem þarf sjúkrahúsvist. „Maður er bara hér um bíl spítalamatur eftir að hossast yfir þetta fjandans *holukraðak*; skyldu þeir vera búnir að friðlýsa þetta alveg“?
- Spítalavist** (n, kvk) Sjúkrahúslega; vera á spítala. „Þetta ætti enginn að reyna sem ekki vill tryggja sér bráða kirkjugarðs- eða spítalavist“!
- Spítali** (n, kk) Sjúkrahús. Heitið var algengara áður fyrr; dregið af „hospital“.
- Spjald** (n, hk) A. Flatir þunnur efnisbútur úr stífu efni, s.s. víði eða pappa. „Spjald var einatt haft með í tilhlypingarnar, og á það skrifað hvaða kind fékk með hvaða hrút. Það var síðan innfært í ærbók“. B. Styttling á „spjaldhryggur“. „Heldur finnst mér þessi hrútur rýrari á spjaldið en hinn“.
- Spjalda** (s) Hnýta spjald í herðakamb sláturfjár til auðkenningar. „Nokkuð var um að sláturfjáreigendur spjölduðu fé áður en það kom í sláturhús eða í sláturhússrétt, til að geta fylgt hverjum skrokki eftir fram að kjötmati. Þurftu þá fláningsmenn að gæta þess að færa spjaldið yfir á hækiljárníð“.
- Spjaldhryggur** (n, kk) Sá hluti hryggjar sem gengur gegnum mjaðmagrindina; fimm hryggjarliðir aftanvið brjóstliðina hjá dýrum en neðanvið þá hjá mönnum.
- Spjaldvefnaður** (n, kk) Forn aðferð við vefnað. Byggist á einu eða fleiri spjöldum, en uppistöðuþræðir eru festir nokkuð frá vefaranum; dregnir í gegnum jaðra spjaldsins og ofið milli þeirra með skyttu eða hnyklinum sjálfum. Spjaldofin bönd voru notuð t.d. í axlabönd, stytubönd, sokkabönd, ólar og tauma. Dæmi eru um spjaldvefnað frá 400 f.Kr. Aðferðin barst hingað með landnámsfólki.
- Spjall** (n, hk) Samtal. „Við áttum ágætt spjall yfir kaffibolla“. Sjá *spjöll*.
- Spjalla** (s) A. Tala saman; ræðast við. „Hann þurfti mikið að spjalla og gleymdi sér alveg“. B. Skemma, vinna spjöll á einhverju. C. Hafa samfarir við hreina mey; sjá spjallaður.
- Spjallaður** (l) A. Um hlut; skemmdur. „Fiskurinn var nokkuð spjallaður eftir sandfokið“. B. Um konu; spjölluð; ekki lengur hrein mey; hefur haft samfarir. Í síðferði fyrri tíma var lagt nokkuð uppúr því að kona væri óspjölluð þegar hún gifti sig, en nútímaviðhorf fást lítt um slíkt.

Spjara sig (orðtak) A. Upprunaleg merking; klæða sig; fara í spjarir/föt. B. Líkingamál; komast af/áfram; *klára sig að*; geta sjálfur. „Strákurinn spjarar sig alveg furðanlega“. Eingöngu notað þannig í seinni tíð.

Spjarafátækur / Spjaralítill (l) Hefur lítið af fötum til að fara í. „Þú ert að verða helst til spjarafátækur stubbur minn; þú stækkar svo ört“!

Spjarir (n, kvk, fto) Föt. „Tíndu utan á þig spjarirnar í hveli; við þurfum að kasta úr göltunum“. „Þá fór hann að tína á sig spjarirnar, og það gerðum við einnig“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Spjálk (n, kvk) A. Stífa/stoð sem heldur í sundur og þenur út voð/vefnað; hluti af vefstað. B. Pinni/nagli sem notaður er til að spýta/þenja húð/gæru þegar skinn er spýtt. Spjálk var algengt nafn á kind.

Spjátra sig (orðtak) Ganga reigingslega um; sýna sig; rápa. „Maður hefur nú eitthvað þarfara við tímann að gera á þurrkdegi en að spjátra sig í kaupstað“!

Spjátrungslega (ao) Tilgerðarlega; með sýndarmennsku. „Ég kann ekkert að meta þá sem haga sér spjátrungslega“!

Spjátrungslegur (l) Tilgerðarlegur; montinn. „Skelfing leiðast mér svona spjútrungslegir náungar“.

Spjátrungur (n, kk) Monthani; vindbelgur. „Skyldu vera margir svona spjátrungar þarna syðra“?

Spjótaglamur (n, hk) Hótanir; ógnanir; heitingar. „Það þýðir ekkert að nálgast svona mál með einhverju spjótaglamri; hér verður að fara samningaleiðina“!

Spjótalög (n, hk, fto) Atlögur; árásir; sókn. „Þingmanningum tókst furðanlega að verjast spjótalögum stjórnarandstæðinga“.

Spjöll (n, kvk, fto) Skemmdir. „Nokkur spjöll urðu á húsum í fárviðrinu“. Í þessari merkingu er orðið eingöngu notað í fleirtölu. *Spjall* (sjá þar) er notað yfir samtal manna og er aldrei í fleirtölu. Undantekning er þó heitið guðspjall, sem getur bæði verið í eintölu og fleirtölu. Sjá einnig *spjallaður*.

Spjör (n, kvk) Fatnaður; flik. „Ég var holdvotur og varð að fara úr hverri spjör“.

Splitta (s) Læsa með splitti. „Mundirðu örugglega eftir að splitta fjárhúshurðina“?

Splitti (n, hk) Lítill tittur sem notaður er t.d. til að læsa hjóli uppi á öxli eða hespu á keng.

Splundra (s) Sprengja; eyðileggja. „Kassinn hafði splundrast í fjörubriminu“.

Splunkunýr (l) Glænýr; alveg nýr. „Hann er kominn á splunkunýjan bíl“.

Splæs (n, hk) Samsetning taugar með því að *splæsa* hana. „Splæs er talið öruggt ef brugðið er tryggilega þrisvar til fjórum sinnum hverjum þætti“.

Splæsa (s) Um samsetningu/frágang bands/kaðals/vírs; bregða. Þáttunum brugðið undir aðra með sérstöku lagi.

Spons (n, hk) A. Tappi í sponsgat á tunnu. Til að unnt sé að láta lög renna af tunnu án þess að *slá* hana upp, er borað gat, annaðhvort á belginn eða í lokið, og í það slegið kónískt spons. B. Gæluheiti á barni.

Sponsa (s) Setja spons í tunnu. Gat einnig merkt að bora sponsgat um leið. „Mundu eftir að sponsa tunnurnar“.

Sponsbor (n, kk) Bor til að bora sponsgat á tunnu. „Hvar setti ég nú sponsborinn“?

Sponsgat (n, hk) Gat sem spons gengur í, t.d. á tunnu. „Að síðustu var tunnan þæluð um sponsgatið“.

Spor (n, hk) A. Far eftir fót/umgang/verkfæri eða annað; slóð. „Þarna voru spor eftir nokkrar kindur“. B. Skref. „Hann er léttur í spori ennþá, sá gamli“. C. Nálbragð í klæði/efni. „Hún rippaði þetta með nokkrum sporum og burxurnar voru eins og nýjar“. D. Járnbaut. „Kolin voru dregin útúr Námunum á vögnum sem genu á spori“.

Spor/skref í áttina / Spor/skref í rétta átt (orðtak) Rétt byrjun. „Þetta *segir ekki mikið*, en það er þó spor í rétta átt“.

Spora (s) A. Skilja eftir sig fótspor. „Farðu nú úr blautu sokkunum áður en þú sparar út allt gólfíð“! B. Höggva úr efni með sporjárnri eða öðru.

Sporaður (l) Með sporum/förum. „Skriðan var mun fljótfarnari eftir að hún hafði fyrst verið sporuð“.

Sporbaugur / Sporbraut (n, kk) A. Ílangur reglulegur hringferill. Líklega algengasta form lokaðs ferils í alheiminum, þar sem sérhver hnöttur og efnisögn í geimnum gengur eftir sporbaug; þar á meðal Tungl um Jörðu og Jörð um Sólu. B. Sporbraut getur einnig haft merkinguna járnbrautarteinar.

Sporðrjúgur (l) Hraðgengur; ólatur. „Hann bauðst til að fara þetta, enda löngum verið sporðrjúgur blessaður“.

Sporðaköst (n, hk, fto) A. Sporðasláttur fisks eftir að hann hefur verið innbyrtur í bát, en er með lífsmarki. B. Fyrirgangur manneskju; pilsaþytur; rassaköst. „Skárru eru það nú sporðaköstin í manneskjunni“!

Sporðblaðka (n, kvk) Flatasti/þynnsti hluti sporðs/stirtlu á fiski.

- Sporðkrækja** (s) Veiða fisk þannig að öngullinn festist í sporðinum. „Mér tókst að sporðkrækja þennan“!
- Sporðkræktur** (l) Veiddur þannig að krækist í sporðinn. „Ég fékk ekkert nema einn sporðkræktan marhnút“!
- Sporðmerkja** (s) Merkja fisk með skurði/marki í sporð.
- Sporðreisa** (s) Reisa upp á endann; endastinga. „Kerran sproðreistist þegar þunginn kom aftur í hana“.
- Sporðreistur** (l) Sem búið er að sporðreisa/ hefur sporðreist. „Komumst við að rúminu, og var það heilt og óbrotið, en sigið ofan með gaflinum sporðreista, sem fyrr um getur“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Sporðrenna** (s) Renna niður; borða. „Ég var orðinn svangur og sporðrenndi strax tveimur eggjum“. Líking við það að fugl gleypi fisk, en hann snýr honum ávallt þannig að sporður hverfur síðast. „Það var haft eftir Gumma að ... sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfellt sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).
- Sporðskera / Sporðstýfa** (s) Skera sporð af fiski. „Stórar flyðrur voru sporðskornar svo þær lemdu ekki bátinn“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Sporðstykki** (n, hk) Það stykki fisks sem næst er sporði þegar hann er skorinn til suðu. Vinsælt hjá þeim sem latir/ólagfir eru við beinhreinsun, þar sem í þeim eru öngvir geislungar“.
- Sporðsýling** (n, kvk) Vikið sem kemur inni aftanverða spoðblöðku margra fisktegunda. Sporðsýling er áberandi á t.d. ufsa og makríl, en minna á þorski.
- Sporður** (n, kk) A. Afturendi fisks. B. Aftasti/neðsti/ysti endi sumra hluta, t.d. bryggju, brúar og skjaldar.
- Sporgöngumaður** (n, kk) Sá sem gengur í slóð/fylgir fordæmi annars. „Allir vildu hans sporgöngumenn vera“.
- Sporhundur** (n, kk) Hundur sem er *þefvís* á slóð/fótspor.
- Sporhvatur** (l) Gengur hratt; góður göngumaður. „Hann var svo sporhvatur að ég *átti fullt í fangi með* að fylgja honum eftir“.
- Sporlatur** (l) Latur til snúninga/göngu; nennir ekki. „Hann hefur nú aldrei sporlatur verið, blessaður“.
- Sporjárn** (n, hk) Verkfæri til trésmíða; ílangt járn með tréhaldi á öðrum enda en brýnt egghvasst þvert fyrir hinn. Brýningin er hallandi, þannig að spónn fer ávallt sömu megin. Notað m.a. til að taka spor/far í við; gjarnan með áslætti hamars á handfangsendann.
- Sporlatur** (l) Nennir ekki að ganga; gengur hægt; drumsíður; silakeppur. „Ég er nú fjandi sporlatur að smala þessum bykkjum aftur ef hann sleppir þeim útaf túnunum“!
- Sporléttur** (l) Lipur á göngu; duglegur að hlaupa. „Af því þú ert svo spórléttur; viltu ekki skreppa og sækja mjólk í brúsann niðri í Kaldabrunni“?
- Sporna við** (orðtak) Andæfa gegn; veita andstöðu/mótstöðu; þráast við; *strássast við*. „Það er erfitt að sporna við breytingum af þessu tagi“.
- Sporsla** (n, kvk) Síðari tíma heiti á aukatekjum/aukastarfi, gjarnan þá bitlingum sem þeir fá sem nýta sér vinskap valdamanna eða hafa betri aðstöðu en almenninum.
- Sporstuttur** (l) Tekur stutt skref á göngu. „Farðu nú rólega svo strákurinn nái að fylgja þér eftir; hann er svo sporstuttur stubburinn“!
- Sporna við** (orðtak) Veita viðnám; vinna gegn; aftra. „Það þýðir lítið að sporna við þessum breytingum“.
- Sporreka** (n, kvk) Göngustafur með öflugum spaða í neðri enda. Sumsstaðar notað fyrrum af þeim sem þurftu að ganga um þar sem öruggara þótti að marka sér för, t.d. í hörðum skriðum eða bröttum fönnum. Brúkaðist ekki vestra í seinni tíð, en mun löngum hafa verið algengt norðaustanlands.
- Sporrækt** (l) Hægt að rekja spor í mjöll; dagsbirta næg; nógur snjór og hæfilega mjúkur. Þetta var mikilvægt bæði við refaveiðar og við leit að fé.
- Sporstuttur** (l) Tekur stutt skref; miðar hægt áfram. „Gakktu nú rólega, litli kúturinn er dálítið sporstuttur enn“.
- Sposkur** (l) Tvíræður; hæðnislegur á svip. „Hann spurði sposkur hvort hann ætti að aðstoða okkur við löndun“.
- Spott** (n, hk) A. Háð; stríðni; hæðni. „Þeir verða oft fyrir spotti og aðkasti sem reyna að leggja sig fram fyrir fjöldann“. B. Gæluorð um barn eða hund. „Komdu hérna spottið mitt og leyfðu mér að girða þig betur“.
- Spottabasl / Spottadrasl** (n, hk) Mikil notkun á bandspottum, t.d. til skammtíamaviðgerða. „Skelfing leiðist mér þetta spottabasl; geta menn ekki gert almennilega við réttarræfilinn? Þeim finnst skárra að missa allt út“!
- Spottakorn** (n, hk) Stuttur spölur; mjög stutt leið. „Hrafninn settist spottakorn frá skurðendanum og þóttist vera að kroppa. Þegar tíkin hljóp í hann notaði hann tækifærið og stal beininu hennar“.
- Spottalaus** (l) Um bjargferðir; án stuðnings af vað/bandi; *bandlaus*; *vaðlaus*. „Það má vel komast spottalaus þarna á milli ganganna; það hef ég oft farið“.

Spotti (n, kk) A. Stutt vegalengd. „Nú urðum við að halda áfram þennan stutta spotta sem eftir var í Verið...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *drjúgur/góður spotti*. B. Stutt band; stuttur vaður. Oft notað um stuttan bjargvað; lásspotta; *enda*. „Við þurfum að hafa tvo spotta með okkur á þennan stað; þarna eru tveir lásar“.

Spottprís / Spottverð (n, hk) Mjög lágt verð; hlægilega lágt verð. „Ég fékk þetta fyrir spottprís“.

Spóaleggur (n, kk) Fótur manneskju, sem þykir áberandi mjór. „Þetta eru alltof víðar buxur á þig; þú ert með svoddan spóaleggi“!

Spói (n, kk) *Numenius phaeopus*. Vaðfugl af snípuætt; fremur stór, 40cm langur; háfættur og með langt og íbjúgt nef. Hljóðið er sérkennilega vellandi langdreginn hátónn; líkur dillandi hlátri; nefnt vell, og spóinn stundum nefndur velluspói. Fæðan er burstaormar, lindýr og aðrir hryggleysingar. Heldur sig við móa og í fjörum; algengur m.a. í Kollsvík; farfugl sem hefur vetursetu í vestanverðri Afríku. Í þjóðtrúnni er spóinn talinn spáfugl, og er alþekkt máltækið „þá er úti vetrarþraut þegar spóinn vellir graut“.

Spóka sig (orðtak) Sýna sig; vera á röltinu. „Maður getur ekki alltaf verið að spóka sig í kaupstaðarferð“.

Spóla (n, kvk) A. Kefli sem þráður er undinn uppá. B. Vindingur af vír sem þjónar hlutverki í raftæki. C. Vindingur af segulbandi til varðveislu/spilunar á hljóði/mynd.

Spóla (s) A. Vinda upp á spólu. B. Um bíl; láta hjól snúast án þess að billinn hreyfist samsvarandi.

Spóla í (einhverjum) (orðtak) Fíflast með einhvern; stríða einhverjum; rugla einhvern.

Spólera (s) Eyðileggja; skemma. Seinnitíma enskusletta; „spoil“.

Spóluormur (sn, kk) Ætt þráðorma (*Nematoda*) sem lifa sníkjulífi í dýrum og jafnvel fólki. Þekktastir hérlendis nú til dags eru spóluormar í köttum (*Toxocara cati*), en önnur tegund lifir í hundum og refum (*Toxocara canis*). Mikið getur verið af eggjum spóluorma í umhverfinu eða í millihýslum s.s. músum. Eftir að egg berst ofaní kött klekst lirfa út og kemur sér oftast fyrir í lifrinni og síðar lungunum. Þaðan aftur í meltingarveginn og þroskast þá í fullorðinn orm sem æxlust og skilar eggjum niður með saur. Sýkt dýr þrífst illa. Sýkingum er haldið frá með reglulegri ormalyfjagjöf.

Spólurokkur (n, kk) A. Áhald til vefnaðar. B. Mannlíking; ólíkindatól; rugludallur. „Sá bévítans spólurokkur“.

Spólvitlaus (l) Kolvitlaus; viti sínu fjær; *frá sér*. „Karlinn varð alveg spólvitlaus þegar hann komst að hrekknum“.

Spónamat (n, kk) Súpa; grautur. „Heimamenn fengu daglega senda mjólk og einnig spónamat og nutu þess jafnt aðkomnir hásetar bændanna eins og þeir sjálfir“ (KJK; Kollsvíkurver). „Spónamat og mjólk höfðu krakkar komið með um leið og sást til bátanna á leið í land“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Spónblað (n, hk) A. Framhlutinn/munnhlutinn á spæni. B. Skeiðarfylli/spónfylli; *spónn*. „Það er ráð að setja spónblað af lýsi úti mjólkina fyrir kálfinn“.

Spónn (n, kk) A. Almennt; þunn flaga af efni. B. Viðarflaga sem tekin fellur til þegar viður er unninn með eggjárnum, s.s. öxi, sporjárni eða hefli. Spænir voru m.a. notaðir til eldiviðar, einangrunar og undirburðar. C. Skeið; borðbúnaður fyrri tíðar til að matast; hentaði vel fyrir askana sem þá tíðkuðust. Spænir voru gjarnan smíðaðir úr nautshornum, en spænir úr hrútshornum þóttu óvandaðri. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason afi minn smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru glettilega fallegir askarnir útskornir. Hornspænir voru hér ekki algengir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). D. Mælieining; það sem kemst í einn spón/ eina matkeið; *spónfylli*. „Gefðu mér einn spón af sykri úti hræruna“. E. Þunn viðarflaga sem límd er utaná óvandaðri burðarplötu til að gefa henni fallega viðarferð, sbr spónleggja. F. Spúnn; veiðarfæri til stangveiða; krókur með spjaldi sem dreginn er gegnum vatnið.

Spónnýr (l) Glænýr; alveg nýr. „Það þótti því engin fýluför þegar Guðbjartur Þorgrímsson brá sér út á Bjargtanga til að huga að sel en kom aftur með spónný gúmístígvél...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Vísar til þess að nýr viðarspónn er ilmandi og með áberandi æðum, en bliknar fljótt fyrir áhrif lofts og raka.

Spraka (n, kvk) Annað heiti á *lúðu* (sjá þar). „Þarna setti ég í sprökuna, sællar minningar“. Spraka var gjarnan notað í meiri viðhafnartón, t.d. þegar sagt var frá viðureign eða stærðin undirstrikuð. Sjá *breytandi spraka*.

Sprang (n, hk) A. Það að spranga; rösk ganga; rið í bjargi. B. Gömul útsaumsaðferð, þar sem sporin snúa á víxl; langsum í einum reit en þversum í næsta.

Spranga (s) Ganga rösklega. B. Sveifla sér í vað í bjargi. Notað þannig í Vestmannaeyjum og ekki gamalt vestra í þeirri merkingu, heldur var fyrrum talað um að *taka rið* eða *fara á rið*.

Sprauta (n, kvk) A. Áhald til að koma vökva úr biðu um þröngan stút, t.d. lyfi undir húð. T.d. *lambasprauta*. B. Líkingaheiti um duglegan/öflugan mann.

Sprauta (s) A. Beina bunu af vatni eða öðrum vökva. „Ég sprautaði vatni yfir steypumótin svo steypan harðnaði síður á þeim“. „Hún sprautaði rjóma yfir tertuna“. B. Koma lyfi í mann eða dýr mann eða dýr með sprautu.

Sprautusalta (s) Salta ket eða fisk með því að sprauta saltþækli víða inn í vöðvann gegnum nál.

Spraututaska (n, kvk) *Merkjataska*; taska sem höfð var meðferðis þegar farið var til bólusetnigar og merkinga á lömbum, en það var gert nær daglega um sauðburðinn. Í töskunni voru m.a. bóluefni, sprauta, glas af súlfatöflum, markatöng, merkjatöng, eyrnamerki, penni og fjárblað til innfærslu á upplýsingum um lambið; númer sem það fékk og móður þess.

Spreða (s) Eyða; sóa. „Það er óþarfi að spreða öllu um leið þó manni áskotnist fáeinir aurar“.

Spreka til (orðtak) Tala/kjafta til; lempa; sannfæra um. „Getur þú ekki sprekað þennan þverhaus eitthvað til“? Líklega stofnskytt heitinu sprot. Vestra stýrir sögnin einatt þolfalli, en sumsstaðar mun hún stýra þágufalli.

Sprekdót / Sprekrusl (n, hk) *Smáspýtur; spýtukubbar*; smælki af viði. „Ég safnaði einhverju sprekdóti þarna við reykkofann; til að hafa til *uppkveikju*“. „Það var ansann enginn reki; bara eitthvað sprekrusl í Bótinni“.

Sprekharður (l) Harður eins og spýta/sprek. Notað t.d. um *skreið* (sjá þar).

Sprell (n, hk) Grín; ærsl; hrekkir. „Hvaða ansvítans sprell *eru* strákaormarnir nú *með í bígerð*“? (Lint l)

Sprella (s) Grínast; hrekkja; ærslast; *gera sprell*. „Verið nú ekki að sprella þetta með karlangann“.

Sprellfjörugur (l) Mjög fjörugur; mikill fjörkálfur. „Hann var sprellfjörugur í dansinum, sá gamli“.

Sprellifandi (l) Í fullu fjöri; með fullu lífsmarki. „Ærin var enn sprellifandi í sveltinu, en farin að horast“.

Sprelligosi / Sprellikarl (n, kk) A. Æringi; maður sem oft er til í ærsl/gárungshátt. B. Fígúra í mannsmynd sem hengd er á vegg og sé togað í spotta niðurúr er unnt að láta hana hreyfa hendur og fætur.

Sprengfullur (l) Svo fullur að er að springa; *pínsfullur*. „Þessi sekkur er orðinn sprengfullur“.

Sprenghlaup (n, hk, fto) Æðisgegnin hlaup; spretthlaup; *strekkur*. „Hann var örmagna eftir þessi sprenghlaup“.

Sprenghlægilegur (l) Mjög hlægilegur/spaugilegur; mikið aðhláturselfni;

Sprengidagur (n, kk) Þriðjudagur í föstuinngangi; hvíti týsdagur. Á þeim degi var forn siður í kaþólskri trú erlendis að hafa mikla kjötveislu áður en hin stranga *langafasta* byrjaði. Sá siður var á síðari tímum tekinn upp hérlendis, og varð venja að eta hressilega af saltketi.

Sprengidagsket / Sprengidagssaltket (n, hk) Saltket sem borðað er á sprengidag.

Sprengja net/nót (orðtak) Fá svo mikið í net/nót að rifni. „Árans hvalurinn hafði það af að sprengja netið“!

Sprengja upp verðið (orðtak) Hækka verðið óhóflega; valda verðhækkun.

Sprengjufrost (n, hk) (Líklega) Hörkufrost sem veldur háværum sprengingum í mýrlendi. Orðið finnst ekki í orðabókum og heyrðist ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn IG)

Sprenglærður (l) Búinn að læra mjög mikið; mjög lærður/menntaður. „Mér finnst að margir þessara *óskólagengnu* sveitamanna; þessir sjálfmenntuðu fræðimenn, hafi staðið sprenglærðum sérfræðingum mun framar í öllu því sem þeir tóku sér fyrir hendur“.

Sprengmóður (l) Lafmóður; að springa úr mæði. „Ég var sprengmóður, en náði að komast samt fyrir kindina“.

Sprengsaddur (l) *Pakksaddur; belgfullur*; búinn að *éta á sig gat*. „Ekki meiri súpu takk; ég er sprengsaddur“.

Spretta (n, kvk) Vöxtur gróðurs. Einkum notað um grassprettu. „Sprettan hefur verið góð að undanförmu“.

Spretta (s) A. Um lífveru; vaxa; stækka; dafna. „Það sprettur vel í svona sprettutíð“. B. Taka skyndilegt stökk; hreyfa sig snögglega. „Hundurinn spratt upp þegar barið var að dyrum“. C. Koma í ljós; vella fram. „Þarna sprettur fram vatn úr klettinum“.

Spretta af (hesti) (orðtak) Losa hnakk af hesti með því að losa gjörð undan kvið.

Spretta uppúr (orðtak) Um bók/blað; *skera uppúr*; skera í sundur arkir á nýprentuðu riti.

Spretta úr sér (orðtak) Um grassprettu; trénast. „Það er allt að verða úr sér sprottið á sléttunni og farið að *leggjast*“.

Spretta úr spori (orðtak) Hraða sér á göngu; hlaupa; *greikka sporið*. „Ég er hræddur um að nú verðið þið að spretta úr spori; túnrolluskraffarnir ætla að notfæra sér að hliðið er opið“!

Sprettharður (l) Fjótur að hlaupa. „Sprettharðir og úthaldsmiklir einstaklingar voru eftirsóttir til smölunar í Rauðasandshreppi, og best var ef þeir væru um leið nokkuð brattgengir og vanir að umgangast fé“.

Spretthlaup (n, hk) Hratt hlaup. „Maður er alveg búinn eftir þetta spretthlaup fyrir *rollustirrnar*“!

Sprettulaust (l) Um tíðarfar; mjög hæg spretta. „Það er búið að vera sprettulaust vegna kulda og þurrka“. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Sprettuleysi (n, hk) Lítil grasspretta. „Mér list ekkert á þetta sprettuleysi, það sem af er sumri“.

Sprettuleysissumar (n, hk) Sumar þegar gras sprettur mjög illa; grasleysissumar. „Eitt sinn þegar ég var vinnumaður hjá Ólafi heitnum Ásbjörnssyni í Botni, þá hafði verið sprettuleysissumar, svo hann var *heykort* um haustið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Sprettulitill / Spretturýr (l) Um tún; sprettur lítið. „Ári eru sandtúnin spretturýr í svona þurrki“.

Sprettur (n, kk) Hröð hlaup, allajafna í fremur stuttan tíma. Sjá í *einum (þan)spretti*.

Sprettutíð (n, kvk) Um veðurfar sem örvar sprettu. „Þetta er hin besta sprettutíð; sól, hlýja og nægur raki“.

Spreyta sig (orðtak) Reyna sig; reyna; láta reyna á getu sína. „Það er gaman að spreyta sig við þetta takmark“.

Spríkl (n, hk) Tíðar og óskipulegar hreyfingar útlíma. „Hún sagðist kunna betur við gömlu dansana en þetta nútíma spríkl og díngr; það ætti lítið skylt við dans“.

Spríkla (s) Íða; ólátast; kasta til útlímum.

Springa (s) A. Tætast í sundur með hvelli, t.d. í sprengingu. B. *Springa úr mæði*.

Springa upp (orðtak) Um jarðveg; brotna upp. „Svo sprakk oft upp botninn, og mógröfin fylltist af vatni; þá varð að byrja á nýrri“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Springa úr hlátri /orðtak) Hlæja mjög mikið. „Hann ætlaði alveg að springa úr hlátri þegar hann frétti þetta“.

Springa úr mæði (orðtak) Vera mjög móður/ lafmóður. „Ég var alveg að springa úr mæði þegar upp á brúnina var komið“.

Springa út (orðtak) Um blóm; opna blómkrónu sína.

Springur á rassinum (orðtak) Um spádóma/veðurspár; bregst algerlega. „Hún sprakk laglega á rassinum á þeim þessi rigningarspá; hér kom ekki dropi úr lofti“! Til var orðtakið „spáflugan springur á rassinum“, þó ekki heyðist það vestra. Gæti verið tilvísun í gamla þjóðtrú/þjóðsögu sem nú er glötuð.

Sprít (n, hk) Sjá *spryt*.

Spritt (n, hk) Vatnsblandað etanól. Mest þekkt er brennsluspritt sem notað er m.a. til sóttþreinsunar.

Sprok (n, hk) Upprunalega merkingin er „tungumál“ (sprog), en einkum notað í merkingunni háð; illmælg; baktal. „Ég þoli illa þegar menn hafa uppi svona ástæðulaust sprok“.

Sproka með (orðtak) Tala um; ræða. „Hann var eitthvað að sproka með þetta“.

Sproksetja (s) Tala illa um; baktala; hæða. „Það er óþarfi að sproksetja menn fyrir svona litla yfirsjón“.

Sprotabelti (n, hk) Afbrigði af *stokkabelti*, sem borið er við hinn íslenska þjóðbúning kvenna. Stokkabeltið nefnist srotabelti ef það er með sprota sem hangir niðurur keðjunni að framanverðu.

Sproti (n, kk) A. Broddur á nýgræðingi; efsti hluti plöntu í vexti. B. Lítil stafur/teinn; grönn spýta. C. Líkingamál; það sem er að byrja/hefjast, t.d. starfsemi sem mikilst er vænst af.

Spruð (n, hk) Bugspjót; útleggjari; klýfir; sryð; bóma sem gengur fram af stefni flestra seglskipa og stærri báta sem nota segl. Á spruðið koma festingar fokku, stagegls, jagara og annarra þríhyndra framsegla. Spruð er ýmist lárétt, eins og oftast er um slúppskip, eða hallar upp framávið. „Ásgeir á Látrum minntist þess eitt sinn að faðir sinn, Erlendur á Látrum, hafi fengið *gullfallega rekaspiru* frá afa mínum, Guðbjarti á Láganúpi, til að nota í spruð á Kóp, sem var stórskip þeirra Látramanna“ (VÖ).

Sprund (n, hk) Kvenmaður; kona. Orðið er nær eingöngu notað í kveðskap.

Sprunginn (l) A. Tættur sundur í sprengingu. B. *Örmagna; uppgefinn*. „Ég er alveg sprunginn eftir þessi hlaup“!

Sprútt (n, hk) Gæluheiti á áfengi. Einkum notað um ólöglegt heimabrudd/landa.

Spryt (n, hk) Um seglabúnað báta; rá/stöng sem liggur frá mastri í efra afturhorn segls (veðurkló) þegar siglt er við *sprytsegl*.

Spryta (s) Setja upp sprytsegl með því að setja tappa á spritranni í þar til gerða lykku á veðurkló seglsins.

Sprytsegl (n, hk) Seglabúnaður sem farið var að nota hérlendis um miðja 19. öld; einkum sunnanlands, en eitthvað á stærri bátum vestra. Ekki er vitað hvort eldri Fönið hafi haft *þversegl* eða sprytsegl, en sprytsegl voru líklega á Kópi á Hvallátrum. Sprytsegl eru ekki með *rá*, eins og þversegl, en hennar í stað er hallandi spryt/spryttrá, frá rakkanum, sem var kappmella neðanvert á siglunni; upp í efra og aftara horn seglsins, sem nefnist veðurkló. Sprytið, ásamt stögum og *fall*/dragreipi heldur seglinu þöndu. Úr neðra og aftara horni seglsins kom skautband aftur að skut, og með því stjórnað seglum. Meginseglið var því aftanvið *sigluna*.

Framan við hana var oftast haft þríhyrnt segl, *fokka/stagfokka*, sem stöguð var fram í *spruð/útleggjara/bugspjót*, er gekk fram af *stefni* bátsins. (Stuðst m.a. við LK; Ísl. sjávarhættir II).

Spræklur (n, kvk, fto) Dílar; smáblettir sem eru mjög frábrugðnir að lit en umhverfið. Helst var talað um spræklur varðandi lit á lambi, en einnig einnig í öðru efni: „Hann er að leggja upp einhvern norðankalda; mér sýnist einhverjar spræklur vera komnar þarna frammi á vikinni“.

Spræklóttur (l) Um lit á lambi; mjög dílótt, þannig að skiptast á ljósir og dökkir toppar (krullur) um allan, eða mestallan búkinn. „Lífgjöf átti tvær gimbrar þetta vorið; aðra flekkóttu en hina spræklóttu“. Sjá *rilótt*.

Sprækur (l) Fjörugur; líflegur; fljótur; fær. „Hann er *lygilega* sprækur í smalamenskum drengurinn“.

Spræna (n, kvk) Mjó buna, t.d. *lækjarspræna*, *hlandspræna*. „Reyndu nú að láta sprænuna lenda utanvið borðstokkinn strákur“! „Þarna rennur spræna undan kletti í bjarginu“.

Sprökukeppur (n, kk) Kylfa/hnallur til að rota spröku/lúðu. Oft einnig notaður sem *önglalatag*. Oft var *steinbítshnallur* einnig notaður sem sprökukeppur.

Sprökulóð (n, kvk) *Lúðulóð*; *haukalóð*.

Sprökumið (n, hk, fto) Fiskisklóð þar sem vænta má spröku. „Flyðruhnjótur (á Breiðnum) heitir hæsti hnúkurinn af Hjöllum framarlega. Hann er 271m á hæð og er gamalt sprökumið, og er sagt það hafi verið þannig; Kollsvíkurbær fyrir Hnífa og Flyðruhnjótur yfir Sandahlíð, sem er upp af Fjarðarhorni“ (Örnefnaskrá Breiðavíkur).

Sprökuróður (n, kk) Lúðuróður; róður sem farinn er með haukalóð.

Spunahúsið (n, kvk) Fangelsi í Kristjánshöfn í Kaupmannahöfn, en það var, ásamt *rasphúsinu*, helsta kvennafangelsi Íslendinga fyrr á tíð. Þar var konum þrælað til að sauma, vefa og spinna; einkum einkennisklæðnað á danska herinn og kóngaslektið.

Spunakona / Spunamaður (n, kvk/kk) Sú/sá sem spinnur.

Spunarokkur (n, kk) Rokkur sem garn er spunnið á. Oftast stytt í „rokkur“. Stignir spunarokkar urðu ekki algengir á Íslandi fyrr en á 19.öld, og má ætla að í Rauðasandshreppi hafi víða verið spunnið á snældu framá 20.öld. Þá fóru rokkar að verða mikilvæg tóvinnutæki á heimilum. Afkastamesti rokkasmiður í Rauðasandshreppi var án efa Guðbjartur Egilsson á Lambavatni, en til eru fjölmargir gullfallegir rokkar smíðaðir af honum.

Spunastuttur (l) *Stuttur í spuna*; stutturður; hryssingslegur/reiðilegur í orðum; öflugur.

Spunavél (n, kvk) Vél til að spinna garn með afkastameiri hætti en gert er með venjulegum stignum rokk. Fyrstu spunavélarnar voru innfluttar, en uppfinningamenn í Villingaholtshreppi hófu framleiðslu á eigin vélum um miðja 20.öld; bæði Jón Gestsson í Villingaholti og Sigurjón Kristjánsson í Forsæti. Ein vél Jóns kom á Rauðasand; sameign Rauðsendinga.

Spuni (n, kk) A. Það að spinna. B. Það sem spunnið er á snældu eða á rokk/spunavél. C. Snúningur.

Spunnið í / Varið í (orðtök) Eftirsóknarvert; kjarnmikið; gott. „Ég held að það sé heilmikið spunnið í þennan strák til smalamennsku“. „Mér þykir ósköp lítið varið í þetta sjoppufæði“.

Spur (s) Spyr. Framsöguháttur af sögninni að spyrja. „Þá spur hann mömmu hvort hún sé ekki búin að láta inn kýrnar sínar“ (Guðný Ólafsd. frá Láganúpi; viðtal á Ísmús 1970). „Hann heilsar og spur fréttu“. Báðir framburðarhættir notaðir jöfnum höndum, en þessi mun þó almennt hafa verið notaður áður fyrr.

Spurðu hrafinn! (orðtak) Gjarnan viðkvæði bónda þegar innt er eftir horfinni kind eða vanhöldum. Vísar til þess að hrafinn er fljótur að finna kind sem er dauð eða bjargarlaus, og byrja að kroppa hana. Því ætti hann að vera fróðastur um vanhöld á svæðinu, enda spakur að viti.

Spurðu margs en segðu fátt (orðatiltæki) Heilræði sem vísar til þess að oft sé best að segja sem minnst en hlusta vel eftir fróðleik frá öðrum.

Spurja (s) Spyrja. Algengur framburðarmátiframeftir 20. öld en heyrst minna í dag. „Við ættum nú að koma við hjá honum og spurja fréttu“.

Spurn (n, kvk) A. Frétt. Eldri mynd sem heyrst lítið í dag nema í orðtökum: „Hefurðu haft nokkrar spurnir af þeim síðan þeir fóru“? B. Spurning. „Mér er spurn hvor nokkur hefur gáð að þessu fé“?

Spurnarefni (n, hk) Tilefni spurningar. „Það er spurnarefni hvort þessi byggð muni blómstra aftur“?

Spurning / Spursmál (n, hk) Ráðgáta; spurning. „Þeir eru örugglega farnir. En hvert þeir fóru; það er spursmálið“. „Það er alveg spurning hvort við ættum að geyma þetta til morguns og vinna það í björtu“. Sjá *það er spursmál*.

Spurningar (n, kvk, fto) Fermingarundirbúningur fyrr á tímum nefndist að *ganga til spurninga*, og kverið sem börn áttu að kunna var nefnt spurningakver. Var mikið lagt uppúr kunnáttu á biblíutexta og kristilegum skilningi. Í fermingarathöfninni þurftu börnin að geta svarað spurningum prestsins.

Spursmál (n, hk) Spurning. „Hann þarf að svara þessu spursmáli“. „Það er spursmál hvort þetta er hægt“. „Þetta er ekkert spursmál; þetta verður að gerast“!

Spursmálslaust (ao) Vafalaust; öruggt. „Hrúturinn hefur hrapað úr ganginum; það er alveg spursmálslaust“. „Spursmálslaust munu allar skepnur vera í besta standi allsstaðar“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Spursmálsvert (l) Þess virði að spyrja. „Hann rignir örugglega með sunnanáttinni; það er varla spursmálsvert“!

Spurull (l) Síspyrjandi; spyr margt. „Þú verður að afsaka þó ég sé spurull, en þetta er allt nýtt fyrir mér“.

Spúa (s) Æla; selja upp. „Ef þú þarft að spúa, þá reyndu að koma því útyfir borðstokkinn“.

Spúnn (n, kk) Veiðitæki til stangveiða. Lítil plata; oft bogin, sem sett er hjá önglinum og verður til þess að hvorttveggja hlykkjast gegnum vatnið þegar línan er dregin inn, líkt og bráð fískisins. Líking við *spón*.

Spúsa (n, kvk) Eiginkona; heitkona. „Hann kom í heimsókn með spúsu sinni“.

Spyr oft vís þó viti (orðatiltæki) Hygginn maður spyr stundum að því sem hann þykist þó vita svör um, til að fá staðfestingu og ítarlegri heimildir/viðhorf.

Spyr/spur sá sem ekki veit (orðtak) Gegnsætt orðtak og mikið notað. „Og hversvegna þurfið þið að hafa fötu með ykkur út á Hnífa strákar? Spyr sá er ekki veit“!

Spyrða (n, kvk) Fiskar bundnir saman til upphengingar og þurrkunar. Væri um þorsk/ýsu/ufsa að ræða voru tveir fiskar festir/*spyrtir* saman með snærislykkju til þurrkunar í *skreið/siginn fisk*. Væri um grásleppu/rauðmaga að ræða voru oftast fjórir fiskar *spyrtir* saman. Þurrkunin var einnig nefnd að *láta síga* eða að *hengja upp til signingar*. (Sjá *siginn fiskur*)

Spyrða (s) Binda saman fiska í *spyrðu* til *upphengingar* (sjá *siginn fiskur*). *Hyllst* var til þess að hafa sem jafnast í *spyrðunum*, þannig að síður hallaðist á. Því var það líking um tvo menn sem þóttu svipaðir í tilteknum háttum að þá *mætti spyrða saman*, eða að þeir væru *samanvaldir/samanspyrtir*.

Spyrðingur (n, kk) Stakur *siginn fiskur*, en annars eru yfirleitt tveir í pari; *spyrðu*. (Sjá *siginn fiskur*).

Spyrðuband (n, hk) A. Fyrri tíma merking; sama og *spyrða* (n). B. Á síðari tímum; band til að *spyrða* með (sjá *siginn fiskur*)

Spyrðustæði (n, hk) Mjósti staðurinn á stirtlu fískis. Á hákarli/lúðui nefnist *spyrðustæðið strabbi*.

Spyrja/spurja (s) A. Leita eftir svári við spurningu; inna eftir; afla fróðleiks. B. Frétta. Þetta spurðist fljótt út.

Spyrja að leikslokum (orðtak) Huga að því hvernig fer að lokum. „Hann er kannski búinn að taka af einni kind fleiri en ég núna, en við skulum bara spyrja að leikslokum“.

Spyrja eftir (orðtak) Spyrja um. „Ég hringdi og spurði eftir forstjóranum“. „Spurðu þá eftir færðinni“.

Spyrja eftir sér (orðtak) Um þann sið sumra sveitamanna sem sjaldan fóru að heiman, að hringja ótt og títt heim til að láta vita um gang ferðalagsins; spyrja um gang bústarfa; fá upplýsingar og vita hvað þyrfti að útvega á heimilið. Þessir menn ólust upp við slæmar samgöngur fyrri tíma og erfiða aðdrætti; því lá í augum uppi að nota sér tækni símans í þessum tilgangi. Líklega er GJH á Hnjóti höfundur þessa sérkennilega orðtaks, en hann var hnyttinn í orðum og fundvís á það spaugilega í tilverunni. „Hann var varla kominn inn úr búðardyrnum þegar hann bað um að fá að hringja til að spyrja eftir sér“.

Spyrja/inna fréttu/tíðinda (orðtak) Ræða landsins gagn og nauðsynjar þegar tveir eða fleiri hittast. Gestakomur voru stjálali meðan samgöngur og samgöngutæki voru með hægari brag, og því var ýmislegt sem þyrfti að ræða þegar svo bar við“. „Spurt var almæltra tíðinda, kastast á glenski og gamanmálum...“ (PG; Veðmálið).

Spyrja í þaula / Spyrja spjörunum úr (orðtak) Inna eftir mörgu; yfirheyra; spyrja ítrekað og á nærgöngulan hátt. „Sú gamla bauð trúboðunum í bæinn og spurði þá spjörunum úr. Bæklingana sagðist hún gjarnan þiggja til uppkveikju“.

Spyrja(st) til vegar (orðtak) Leita leiðbeininga; spyrja kunnugan mann um leiðir/áttir/vegi. „Við vorum ókunnugir á þessum slóðum, og spurðumst því til vegar hjá bónda“.

Spyrja (almæltra) tíðinda (orðtak) Spyrja fréttu; inna eftir fréttum. „Ég spurði hann tíðinda, en hann sagði allt *meinhægt*“.

Spyrja/spurja úti (orðtak) Inna náð eftir; taka til ítarlegrar umræðu. „Ég spurði hann frekar úti þessi áform, en hann vildi lítið um það segja á þessu stigi“.

- Spyrja útúr** (orðtak) *Yfirheyra; hlýða yfir; spyrja í þaula.* „Hann svaraði engu þegar ég spurði hann útúr varðandi þetta samtal“.
- Spyrjast fyrir** (orðtak) *Gera fyrirspurn;* spyrja; leita upplýsinga. „Ég spurðist fyrir um þetta, en engin vildi við það kannast“.
- Spyrjast til** (orðtak) Fréttast af; vitnast um, t.d. afdrif/örlög. „Hefur nokkuð spurst til þessara ferðalanga“?
- Spyrjast út** (orðtak) Um málefni/frétt; verða á margra vitorði. „Honum þótti slæmt ef þetta spyrdist út“.
- Spyrjum að leikslökum** (orðatiltæki) Viðhaft um keppni/viðureign/framvindu þegar úrslit eru óráðin. „Það lítur ekki vel út að við klárum þetta, en við skulum bara spyrja að leikslökum“.
- Spyrna sér frá** (orðtak) Um bjargsig; ýta sér frá berginu með fóum þegar maður er dreginn eða manni slakað í bjargsigi, til að léttara sé að slaka/draga hjá brúnamönnum og til að maður festist síður við nibbur. Þegar dregið er reynir æfður sigari að léttu dráttinn með því jafnframt að spyrna sér uppávið.
- Spyrna/stinga við fótum** (orðtak) Andmæla; veita andspyrnu/viðnám; *streitast á móti.* „Ætli menn verði ekki eitthvað að spyrna við fótum ef við þeim er amast“?
- Spýja** (n, kvk) A. Æla; gubb; uppsölur. „Við vorum varla konir frá landi þegar spýjan stóð uppúr honum“!. B. Snjóflóð, oft fremur lítið. Jöfnum höndum notað yfir *snjóflóð, krapaflóð og aurflóð: Snjóhlaup, aurskriða.*
- Spýjupest** (n, kvk) Gubbapest; ælupest; veikindi með uppgangi. „Hann liggur bara heima með spýjupest“.
- Spýta** (n, kvk) Fjöl; flatur viðarbútur. „Ég negldi spýtur í milligerðina“.
- Spýta** (s) A. Hrækja. B. Strekkja skinn á sléttan flöt og festa því í jaðrana til að láta þorna. Fyrrum var spýtt með trépinnum/þollum, en á seinni tímum með litlum saum/nöglum.
- Spýta/skyrpa í lófana** (orðtak) Herða sig við verk; vinna af auknum krafti. „Ég held að við verðum að spýta dálítið í lófana ef við eigum að ljúka þessu í dag“. Vísar til þess að sá sem rær eða vinnur erfiðisvinnu berhentur spýtir stundum í lófa til að mýkja átakið.
- Spýta mórrauðu** (orðtak) Skyrpa tóbaksblönduðu munnvatni. „Karlarnir tróðu í vörina og spýttu mórrauðu, milli þess sem þeir drógu sitt fé og þrösuðu hver við annan um veðráttuna og vænleika fjár.“
- Spýta rauðu** (orðtak) Með blóð í munnvatni/munni sem sést þegar hrækt/spýtt er. „Báðir spýttu rauðu eftir slagsmálin, en hvorugur var stórmeiddur“. Sjá *snýta rauðu.*
- Spýta skinn** (orðtak) Þurrka skinn, þannig að eftir að búið er að hreinsa það og þvo er það strengt á slétt og hart undirlag með því að festa ystu skæklana með nöglum eða *tittum.*
- Spýta um tönn** (orðtak) Hrækja með því að kreista hrákann út milli tungu/varar og tanna.
- Spýtingur** (n, kk) A. Gusugangur; þegar vatn/sjór spýttist upp/út. B. Þegar sjór spýttist upp við það að báruur úr gagnstæðum áttum mætast, eða skella í kletta. C. Niðurgangur; *veggspýtingur.*
- Spýtnabrak / Spýtnahrúga / Spýtnarusl** (orðtak) Safn/hrúga af spýtum. Stundum líkingamál um lélega smíði.
- Spýtt skinn** (orðtak) Skinn sem búið er að þurrka með því að *spýta* það. Spýtt skinn er vanalega *elt* og verkað til frekari nota. „Skinnið var látið liggja í yfir nótt; síðan spýtt eða strekkt á hlera og látið harðna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).
- Spýtukarl** (n, kk) Lítið líknesski í mannsmynd, oft skorið úr rekaspýtu og notað sem leikfang. „Afi tálgaði stundum spýtukarla fyrir okkur. Þeir voru einfaldir að gerð en ekki verri leikföng en nútíma plastdrasl“.
- Spýtukubbur** (n, kk) Bútur af spýtu/viði. „Þeir bjuggu sér til báta úr spýtukubbum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Spýtustubbur / Spýtustúfur** (n, kk) Stutt spýta. „Þessi spýtustúfur dugir skammt til viðgerða“.
- Spækja** (n, kvk) Léleg spýta; fjalargarmur. „Við *löppuðum* við réttina með spækjum úr fjörunni“.
- Spæla egg** (orðtak) Steikja egg. Nýlegt í málinu.
- Spælegg / Spælt eff** (n, hk/ orðtak) Steikt egg. Nýyrði.
- Spæll** (n, kk) Speldi/sepi til að hneppa að sér húfu; úlpu o.fl. „Hnepptu spælnum í hálsinn; það er kalt úti“.
- Spæna** (n, kvk) Rok; oft svo mikið að rýkur úr brimöldu og Víkin er hvít á sjó út. „Það var mjög *tregt* og *illt* í *sjóinn*; það lagði á norðan spænu með *hálfgerðum brimhroða*“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). Finnst ekki í orðabókum sem nafnorð.
- Spæna** (s) A. Kurla niður; höggva/tæta í spæni. „Vertu nú ekki að spæna brauðið niður á gólfíð krakki“!. B. Fara/hlaupa hratt; spana; æða; strekkja. „Hann spændi inn allar *háeggjar* til að komast fyrir kindahópin“.
- Spölkorn** (n, hk) *Spottakorn*; stuttur spölnur; stutt vegalengd. „Þetta er hérna spölkorn í burtu“.

Spölur (n, kk) Nokkur/stutt vegalengd. „Spölur er frá bænum niður að sjó“. „Var þá einn sendur að sækja kol að Tröð, en þangað er stuttur spölur“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Spöng (n, kvk) A. Klampi; áfella; fjarlábútur, plata, spenna eða annað sem tengir/festir saman tvo hluti (sjá *spengja*). B. Fremur mjó ísbreiða; tangi af hafís. C. Mjó spenna sem notuð er til að halda hári í skefjum. D. Málbrú sem notuð er til tannréttunga.

Spönn (n, kvk) Mælieining lengdar. Spönn var fornt lengdarmál og merkti fjarlægð milli fingurgóma þumal- og vísifingurs á fullorðnum manni þegar þeir voru glenntir eins og mest gat orðið. Langspönn var lengri, enda er hún milli góma þumalfingurs og löngutangar. Langspönn var notuð til viðmiðunar þega bátar voru seymdir/negldir, en þá var nagli við hvorn góm og einn mitt í milli. Þó var það nokkuð misjafnt því sumir bátar voru þéttseymdir en aðrir fremur gisseymdir.

Spönn frá rassi (orðtak) Mjög stutt vegalengd. Oft notað í neikvæðum setningum. „Það þýðir ekkert að reyna að fá hann með; hann fer aldrei spönn frá rassi“.

Spörfugl (n, kk) Passeriformes. Ættbálkur fugla sem inniheldur meira en helming allra fuglategunda heims, eða yfir 5.400 tegundir. Spörfuglar á Íslandi eru yfirleitt fremur smáir; þeirra stærstur er hrafninn. Hann hefur nokkra sérstöðu í því að vera nánast alæta, en hinir smærri lifa yfirleitt á skordýrum og fræjum. Spörfuglar verpa í vönduð hreiður og bera foreldrar mat í unga sína þar til þeir komast á flug. Fætur spörfugla henta ekki til sunds; eru svonefndir setfætur. Stundum er heitið „spörvi“ notað yfir spörfugla, en það nær í raun yfir eina ætt þeirra; af henni hefur t.d. gráspör sést hérlendis.

Stabbi (n, kk) Stafli; hlaði; hey. „Leystu nú þannig úr stabbanum að *geilin* verði eins og hjá mönnum“. „Ég held að stabbinn í neðri hlöðunni *dugi* vel *framúr*“.

Staddur (l) Verandi; settur. „Hann er staddur í kaupstað þessa stundina“. „Ég er illa staddur ef ég finn ekki vasahnífinn“. Sbr. nærstaddur, viðstaddur o.fl. Sjá einnig *statt* og *stöðugt*.

Stabíll (l) Stöðugur; í jafnvægi; breytist lítið. „Ég er ekki viss um að steinninn sé nægilega stabíll til að við getum notað hann fyrir festu“.

Staða (n, kvk) A. Það að standa. „Maður verður þreyttur í fótum af þessum eilífu stöðum við netahreinsunina“. B. Ástand. „Hann kynnti okkur stöðu þessara mála“. C. Starf; virðingarstarf. „Svonalagað hæfir varla manni í hans stöðu“!

Staðaldur (n, kk) Varanleiki; það sem alltaf er/varir. Sjá að *staðaldri*.

Staðarmálin fyrri og síðari Deilur kirkjuvaldsins við veraldlegt vald um valdmörk og fjárhag kirkjunnar. Rótin að þeim var sókn kirkjunnar á alþjóðlega vísu undir forystu páfans í Róm. Þannig var það stefna Alexanders páfa 3. (1159-81) að kirkjubændur fengju kirkjustaði að léni af biskupum og kirkjan réði prestaskipan. Hérlendis höfðu betri bændur og höfðingjar komið upp sínum eigin kirkjum og gegndu sjálfir preststörfum eða réðu presta. Einungis örfáar kirkjur heyrdi undir biskup. Þorlákur biskup Þórhallsson var ötull fylismaður kirkjuvaldsstefnu páfa og milli hans og höfðingja hófust harðar deilur árið 1179, sem nefndar eru staðarmálin fyrri. Höfðingjar undu þessu illa og er m.a. haft eftir Jóni Loftssyni í Odda (forföður Kollsvíkurettar): „Heyra má ég erkibiskups boðskap, en ráðinn er ég í að hafa hann að öngvu“. Hafði Jón betur varðandi sína kirkju og eftir það veitti höfðingjum betur.

Staðarmál hin síðari voru deilur Árna biskups Þorlákssonar og annarra kirkjunnar manna við höfðingjavelðið um forræði kirkjustaða í Skálholtsbiskupsdæmi á árunum 1269-97. Þá sat hinn harðskeytti Jón rauði sem erkibiskup í Niðarósi, sem orðið hfaði mikið ágengt gegn höfðingjum þar í landi. Kristinréttur Árna biskups var lögtekin í Skálholtsumdæmi 1275, en í honum segir m.a. að biskup skuli ráða kirkjum og eignum þeirra í stað kirkjugóða og bænda, eins og tíðkast hafði allt frá kristnitöku. Hafði Árni sitt að miklu leyti fram, þrátt fyrir harða andstöðu. Hinsvegar syrti í álinn fyrir honum þegar Magnús lagabætur lést 1280 og við kóngsdæmi tók Eiríkur sem nefndur hefur verið „prestahatari“. Hann sá til þess að höfðingjar fengu aftur sinn rétt gagnvart kirkjuvaldinu. Árni gaf sig þó ekki, og á endanum náðust sættir 1296 sem staðfestar voru í Ögvaldsnesi árið eftir af Eiríki kóngi. Helsta inntak þeirra var að biskup réði kirkjustöðum þar sem kirkjan átti, en höfðingjar þeim sem þeir ættu a.m.k. að hálfu. Urðu málaferli þessi til að stórauka vald kirkjunnar.

Staðarlegt (l) Fallegt bæjarstæði. „Þangað er staðarlegt heim að líta“.

Staðarprýði (n, kvk) Setur fallegan svip á stað. „Blakkur og Núpur eru einstök staðarprýði í Kollsvík“

Staðarval (n, hk) Val á stað fyrir það sem tiltekið er. „Staðarval Kollsvíkurbæjar kemur ekki á óvart, enda óvíða skjólsælla í flestum áttum en þarna uppundir Núpnum; góð tún, og vatn nærtækt“.

Staðbundinn (l) Takmarkast við tiltekinn stað. „Sumt í máli Kollsvíkinga var geinilega upprunnið þar í byggðinni og staðbundið“.

Staðfastlega (ao) Eindregið; af staðfestu/einurð. „Hann neitaði þessu staðfastlega“.

Staðfastur (l) Stöðugur; kyrr á sínum stað; óhagganlegur í sínum skoðunum. „Ekki get ég nú fundið að hann sé staðfastur í þessari pólitík“.

Staðfesta (s) Lýsa yfir; segja að rétt sé. „Helgi í Tröð og fleiri lásu á hana (reisluna) og staðfestu þar með að Liði hefði unnið veðmálið“ (PG; Veðmálið).

Staðfesting (n, kvk) Sönnun; trygging. „Við höfum enga staðfestingu á þessari frásögn“.

Staðfestulaus / Staðfestulitill (l) *Hvemandi; flöktandi; óráðinn; ístöðulitill*. „Skelfing er hann staðfestulitill í öllum málum“.

Staðfestuleysi (n, hk) Það að vera óákveðinn/staðfestulaus/hvemandi. „Hann kemur málinu aldrei í höfn með svona staðfestuleysi“!

Staðfugl (n, kk) Fuglategund sem er á landinu allt árið. Farfuglar fara af landinu hluta ársins.

Staðfært (l) Um frásögn; tilbúningur/skáldskapur að hluta, en sönn að stofni til; sögn sem yfirfærð er af einum stað á annann; *fært í stílinn*. „Eitthvað er þetta nú staðfært hjá honum; en sagan er góð öngvu að síður“.

Staðgengill (n, kk) Sá sem kemur í stað annars/ leysir annan af í tilteknu hlutverki/starfi.

Staðgóður matur (orðtak) Mettandi og nærandi matur. „Skyrrhræringur með slátri er mjög staðgóður matur“.

Staðgreiðsla (n, kvk) Greiðsla út í hönd; full greiðsla við móttöku vöru.

Staðháttapekking (n, kvk) Þekking á staðháttum. „Hrun byggðar er það í raun menningarslys. Ein afleiðingin er sú að staðháttapekking hverfur; ekki einungis örnefni sjálf, heldur hvernig spunust saman staðir og mannlíf og hvaða sögn fylgir hverju örnefni; hvernig staðir nýttust til viðmiða o.fl. o.fl.“.

Staðhæfa (s) Fullyrða; *halda fram*; segja *fullum fetum*. „Hann staðhæfði að þetta væri algjör endaleysa hjá okkur; svona hefði þetta alls ekki gengið til“.

Staðhæfing (n, kvk) Fullyrðing. „Mér fannst þetta nokkuð einkennileg staðhæfing“.

Staðhættir (n, kk, fto) Aðstæður á tilteknum stað; lega staðar. „Hann er þaulkunnugur staðháttum á þessum slóðum“.

Staðinn (l) Hefur staðið/ er búinn að standa/standast. „Mér líkar saltfiskur yfirleitt beur ef hann er vel staðinn“.

„Með þessum slagi er sögnin staðin hjá okkur“. „Vertu ekki að drekka þetta kaffi; það er staðið síðan í morgun“.

Staðinn að verki (orðtak) Gripinn að óvörum við verknað. „Þjófurinn var staðinn að verki“.

Staðkunnugur (l) Fróður um stað/svæði. „Þeim fækkar ört sem eru vel staðkunnugir í Kollsvík og nágrenni“.

„Torvelt er að komast í Tröllkarlshelli, og nær útilokað fyrir aðra en staðkunnuga að finna hann“ (HÖ; Fjaran).

Staðlausir stafir / Staðlaust bull/rugl / Staðleysa (orðtök/n, kvk) Ósannindi; á ekki við rök að styðjast. „Ég hef heyrt þessu fleygt, en þetta eru bara staðlausir stafir eins og flest annað sveitaslúður“.

Staðleysa (n, kvk) Markleysa; rugl; vitleysa; raöng staðhæfing/fullyrðing.

Staðna (s) Verða staðinn; stirðna. B. Um mannlega hegðun; hætta að breytast/þróast; stirðna í sama stað.

Staðráðinn í (orðtak) Ákveðinn; verður ekki hnikað. „Ég er staðráðinn í að klára þetta verk“.

Staðreyna (s) Sanna; sannreyna; fá *sönnur* fyrir. „Það er erfitt að staðreyna þessi ummæli í dag“.

Staðreynd (n, kvk) Það sem sannanlega er; það sem rétt er. „Ekki veit ég hvað rétt er í þessari sögu, en hitt er staðreynd að lúðuna veiddi hann“.

Staðsetja (s) Finna einhverju réttan stað; ákvarða staðsetningu einhvers.

Staðsetning (n, kvk) Réttur staður. „Eitthvað er á reiki með nákvæma staðsetningu og umfang Láganúpsvers, þar sem engar rústir sjást á yfirborði. En langmestar líkur eru til að það hafi verið neðst á Grundabökkum; nærri Búðalág og Lögmanslág“.

Staður (n, kk) A. Þar sem eitthvað er staðsett. „Ég lét þetta á góðan stað“. B. Bæjarstæði. Einkum notað um höfuðból og prestsetur fyrr á tíð, eins og mörg bæjaheiti bera með sér.

Staður (s) Fastur fyrir; vill ekki ganga af stað. „Fjandi er tuddinn staður“!

Staðviðrasamt (l) Tímar lítilla veðurbreytinga. „Árið var staðviðrasamt framanaf“.

Staðviðri (n, hk) Litlar breytingar í veðri um nokkurn tíma.

Staðþekking (n, kvk) Þekking á staðháttum; það að vera *staðkunnugur*.

Stafa (s) A. Um lestur; nefna einn staf í einu. „Hann er ári duglegur sá litli; farinn að stafa stuttu eftir að hann fer að tala“. B. Setja viði/stafi í hús, tunnu eða annan smíðisgrip. Af því er leitt orðtakið að „stafa af“, í

merkingunni „orsaka“; „valda“; t.d. að hætta geti stafað af einhverju. C. Skína. Notað t.d. um ljósgeisla og sólstafi: „*Sól setur ofan*, sögðu menn þegar sólargeislinn stafaði gegnum regnský, og vissi það á vætu“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÖETH; DE og ÓM).

Stafa af (orðtak) Vera afleiðing; eiga ástæðu/rót/upptök í. „Ég held að bakverkurinn stafi af langri kyrrsetu“.

Stafa frá (orðtak) Leggja frá. „Henni fannst nokkur kuldi stafa frá glugganum“.

Stafa/stauta sig framúr (orðtak) Lesa; geta lesið við illan leik. „Það er erfitt að stafa sig framúr þessu klóri“.

Stafagerð (n, kvk) Gerð/lögun/ritun stafa. „Ég þekki utanáskriftina hans alltaf af stafagerðinni“.

Stafaklútur (n, kk) Lítill klútur með útsaumum stöfum og/eða öðru mynstri. „Stafaklúta heyrði ég um en kannast ekki við sjálf eða hjá mínum vinkonum á sama reki“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Stafalogn (n, hk) Algjört logn; *rjómalogn*; *glampandi logn*; *svartalogn*. Stafur er þarna í merkingunni geisli/skin, og vísar til þess að í stafalogni speglast sólin í yfirborði sjávar/vatns; sem og fjöll og annað.

Stafaskil (n, hk, fto) Bil/skil á milli einstakra stafa. „Ég sé nú varla stafaskil í þessu kroti“!

Stafavíxl (n, hk, fto) Víxlun stafa í rituðu máli, t.d. „gagnast“ í stað „gangast“.

Stafbroddur (n, kk) Broddur á broddstaf. „Gunnssi smíðaði sér broddstaf og notaði *tanga* af þjöl fyrir stafbrodd“.

Staffirugur (l) Kotroskinn; hress; borubrattur. „Strákurinn var heldur betur staffirugur eftir kapphlaupið“.

Stafgólf (n, hk) Bilið milli tveggja stoða/sperra í húsi; var meira notað á tímum torfbæjanna. Stafgólf samsvarði oftast lengd á rúmi, enda voru stoðir undir sperrum nýttar sem rúmmarar/rúmsstöplar. Eitt stafgólf var oft um 3 álnir að lengd, eða um 1,8 metrar.

Stafhenda (n, kvk) Bragform ferskeytlu, þar sem allar fjórar ljóðlínur eru fjórir bragliðir, og allir öftustu bragliðir eru stífðir. Tvær fyrri ljóðlínur ríma saman og tvær síðari. Sé stafhenda víxlrímuð nefnist hún *gagaraljód*. Dæmi um stafhundur er þessi: „Hefur aldrei drýgt nein dáð/ digur fær þó spott og háð/ lítið vildi læra hann/ lauslætinu mikið ann“.

Stafkarl / Stafkerling (n, kk/kvk) Betlari; umrenningur; beiningamaður/-kona. „*Enginn vill ég stafkarl vera*“.

„Maður er kannski ekki ríkur, en ekki er ég enn sá stafkarl að ég þiggi ölmusu sem rétt er með fyrirlitningu afturfyrir bak“! Göngustafur var eitt merkja um eynd þeirra sem lifðu af ölmusum.

Stafkirkja (n, kvk) Kirkja úr timbri, sem byggð er þannig að veggirnir eru úr lóðréttum bjálkum sem klæddir eru lóðréttum borðum; standandi klæðningu. Slíkt byggingarlag var á kirkjum í upphafi kristni í Evrópu og líklega einnig hérlendis. Því má ætla að kirkjuviður Patreks biskups, sem hann sendi með þeim fóstbræðrum Örlygi og Kollu til Íslands, hafi verið ætlaður í stafkirkju. Hugsanlega var hluti viðarins í skipi Kolls er það fórst á Arnarboða, og má vera að hann hafi byggt úr því fyrstu kirkju landsins í Kollsvík. Vera má að hún hafi verið blendingur stafkirkju og torfkirkju, t.d. í líkingu við Geirsstaðakirkju; tilgátubyggingu sem reist hefur verið að Litla-Bakka í Hróarstungu.

Stafkrókur (n, kk) Gæluheiti á bókstaf eða ritmáli. „Í bókinni er hvergi að finna stafkrók þessu til sönnunar“.

Stafla / Stafla upp (s/orðtak) Raða hlutum upp í reglulega stæðu/ í stafla.

Staflaus (l) Án göngustafs til stuðnings. „Hann sagðist oft hafa rölt þarna fyrir klettinn, meðan hann gat enn gengið staflaust“. Sjá; *gengur staflaust um sveitir*.

Staflalöm (n, kvk) Löm á dyr, með stafla sem rekinn er í dyrastafinn, og á hann sest lamarblaðið á hurðinni. Önnur gerð af lömum var *blaðlöm*, sem er með blöðum báðumegin við liðinn.

Stafli (n, kk) A. Hlaði; *stabbi*; *stæða*; safn hluta sem staflað hefur verið upp, oftast reglulega. Talað er um stafla af t.d. kössum, blöðum o.fl. Varðandi fisk er talað um stæðu/stakk, en af heyi er talað um stabba. B. Þolinmóður í löm, ásamt festingu hans í dyrakarm. Oft er þannig stafli aðeins vinkill, og er þá lömin á öðrum arminum en hinn er rekinn í stafinn.

Stafliður (n, kk) Grein/setning í ritmáli sem merkt er sérstökum bókstaf/tölustaf eða öðrum greinarskilum.

Stafn (n, kk) A. Endi skips. Oftast er átt við framhald kjalar, þar sem það kemur uppúr sjó og uppá hnýfil. Oftar er talað um stafn sem framenda skips, en einnig er talað um afturstafn skips. Sjá; *hafa fyrir stafni*; *stinga við stafni*; *fara vel/illa af stöfnum*. B. Framhlið burstahúss.

Stafnbúi (n, kk) Sá sem er í stafni skips, gjarnan til leiðsögu og/eða stjórnunar. Á víkingatímum var stafnbúi sá sem leiddi áhöfnina í orrustum; skipstjórnandi sem gekk næst stýrimanni að völdum.

Stafngluggi (n, kk) Gluggi á stafni húss. Oftar notað um glugga á stafni torfbæja eða annarra fyrri tíðar húsa.

Stafnkrappi (n, kk) Máttarviður í bát; vinkillaga eða þríhyrndur kubbur úr góðum viði sem er á mótum borðstokka við stefnið, og tengir þá þrjá hluti saman.

Stafnkrikkja (n, kvk) Máttarviður í bát; þríhyrndur kubbur sem á sumum bátum er notaður innanvert til að styrkja samskeyti kjalar og stefnis.

Stafnljár (n, kk) Krókur sem í sjóorrustum er notaður til að draga skip hvort að öðru.

Stafnlok / Stafnseta (n, hk) Máttarviður í bát; öflug fjöl milli kinnunga í stefni báts, oftast um 1,5 fet neðanvið stafnkrappa. Fest við síðurnar en bil haft við stefni svo ekki sitji þar sjór.

Stafnlokseyra (n, hk) Síðuband í bát sem er framhald stafnlöks skáhallt útá kinnunginn.

Stafnlykkja (n, kvk) Lykkja í stefni báts. Í hana er krækt *spilvír* þegar bátur er settur með spili. Orðið sést ekki í orðabókum, en hýtur þó að hafa verið notað víðar en í Kollsvík.

Stafnréttur (l) Um stefnu/horf báts; snýr rétt við í lendingu eða til að mæta stórsjó. „Miklu skiptir að bátur sé stafnréttur þegar róid er upp. Þá er minni hætta á skakkaföllum“.

Stafnsetja (s) Flytja/*setja á stöfnum*; setja bát með því lagi að lyfta öðru stefninu og snúa bátnum í hálfhring um hitt stefnið. Oftast notað ef faliðað var við setningu.

Stafnsetningur (n, kk) Það að *stafnsetja* bát.

Stafnsperra (n, kvk) Sperra í stafni húss.

Stafnstag (n, hk) Hluti reiðabúnaðar skips; stag úr stafni upp í mastur, til að festa það við bátinn.

Stafnstingast (s) Um siglingu báts; stingast bratt niður af öldu, jafnvel svo að hvolfi eða sökkti.

Stafnpil (n, hk) Þiljaður stafn á húsi.

Stafprik (n, hk) Stafur; göngustafur. „Mér finnst ágætt að hafa með mér stafprik á langri göngu“.

Stafrétt (l) Um orð/ritað mál; rétt stafsett. „Þetta þarf ekki endilega að vera stafrétt; bara að það skiljist sem við er átt“.

Stafrófskver (n, hk) Lítill bók sem notuð er til að kenna börnum að þekkja stafi og lesa ritmál.

Stafur (n, kk) A. Stöng; prik, t.d. göngustafur. B. Lóðréttur stólpi/bití í byggingu/hlut, t.d. dyrastafur; tunnustafur. C. Grönn pípa, t.d. fjaðurstafur. D. Leturtákn í ritmáli. E. Líkingamál um óáþreifanlega hluti, t.d. grátstafur; kveinstafir.

Stafverk (n, hk) Síðari tíma heiti á því grindverki sem myndaði máttarviði húsa til forna. Dæmi um stafverk má sjá í tilgátubænum á Stöng, sem gerður er eftir fornleifum og heimildum. Einkennist af voldugum trésúlum, þakásum, útveggjastöfum og þiljum milli þeirra.

Stag (n, hk) A. Strengur/tjóður sem hefur það hlutverk að halda hlut í réttri stöðu; t.d. staur uppréttum; girðingu strekktri og forða húspaki/bát o.fl. frá foki. B. Strengur sem liggur úr siglutoppi skips niður í hnýfil eða borðstokk, til að skorða sigluna. Á framstag eru oft fest stagegl, t.d. fokka og klýfir. C. Strengur sem settur er þversum á net til að það *poki* hæfilega í straumnum, en leggist ekki flatt.

Staga (s) A. Stoppa í sokka. B. Setja stag á t.d. girðingarstaura, tjöld, hús eða siglutré. B. *Staglast* á einhverju; stagast; *þrástagast*. C. Binda *stagkálfa* á beit í *lögelsi*.

Stagað (l) A. Um net; svo fullt af fiski að hvergi er bil á milli, svo langt niður sem séð verður; *stagur niður*. „Heyrðu! Mér sýnist þetta vera hreinlega stagað af nýgenginni grásleppu! Vonandi höfum við nóg ílát“. B. Krökkt. „Þegar grásleppuveiðar voru sem mest stundaðar frá Gjögurum, í kringum 1980, var þétt stagað af netum utanfrá Kofuhleinum undir Ytri-Hlíðum; svo að segja samfelld innfyrir Urðavöll, rétt utanvið Gjögura“. C. Um flík; búið að *staga/stagbæta*.

Stagbæta (s) Bæta flík oft og ítrekað, þannig að á henni sé nánast *bót við bót*.

Stagkálfur (n, kk) Kálfur sem bundinn er á beit. Eftir að kálfur gat farið að bíta, og gras var farið að grænka, var hann stagaður með bandi við hæl í sæmilegri beit. Í seinni tíð voru þeir kálfar í stíum eða girðinum.

Stagast á / Staglast á (orðtak) Margsegja sama hlutinn. „Ég nenni ekki að stagast á þessu endalaust“. „Það er óþarfi að staglast endalaust á því þó lúðan hafi sloppið“.

Stagbæta (s) Setja bót við bót á flík. „Það er alltaf spurning hvað unnt er að stagbæta þessar buxur mikið“.

Stagbættur (l) Um fatnað; með bót við bót; mikið slitinn/rifinn og bættur. „Hún var mjög nýtin á föt, og man ég eftir að vinnubuxur einar sem ég átti voru stagbættar, svo óvíða sást í upprunalegan vefnað“.

Stagfesta (s) Festa með stagi, t.d. siglu á bát.

Stagfokka (n, kvk) *Stagsegl* á skipi; oftast einungis nefnd *fokka*.

Stagkálfur (n, kk) A. Kálfur sem fæðist herptur vegna innvortis samgróninga eða annarrar vansköpunar. B. Stundum notað um kálf sem bundinn er við stag. C. Líkingamál um mjög þrjóska/þverska manneskju.

Stagl (n, hk) Endurtekning þess sem sagt er; klif; nöldur. „Mikið er maður orðinn leiður á þessu eilífðar stagli“!

Stagla (s) A. Endurtaka í sífellu; þrástaga/klifa á. „Vertu nú ekki að stagla þetta í mér lengur“! B. Sauma; bæta. „Það má nú kannski stagla aðeins í þessa sokka ennþá“. C. Þrjóskastr; þráast. „Ekki veit ég hvað maður á lengi að stagla við þennan búskap, eins og búíð er að honum“!

Stagla í (orðtak) A. Stoppa í; gera við. „Ég staglaði í hælinn á sokknum þínum“. B. Kenna; segja til. „Það var mest að furða hvað karlinn entist til að stagla í okkur þessum hundleiðinlegu og óskiljanlegu fræðum“.

Staglari (n, kk) Sá sem *staglast* mikið á einhverju; *þverhaus*. „Alltaf er hann sami stagarinn“!

Staglast á (orðtak) Klifa/þrástagastr á; endurtaka í sífellu. „Byrjar hann enn að staglast á þessu“!

Stagsegl (n, hk) Segl á skipi, sem fest er á mastursstag skipsins en ekki á mastur. Oftast eru þau þríhyrnd. Helstu stafseglin eru fokka og klýfir, en einnig stundum jagar. Fokka er á stagi næst framsigluinni en framan við hana getur verið klýfir og stundum jagar; hvert segl á sínu framstagi. Á stærstu seglskipum eru stundum stagsegl milli mastra, t.d. messanstagsegl og krusbramstagsegl.

Stagur (n, kk) A. Stag; hluti reiðabúnaðar á skipi; festing masturs/seglis (sjá *sigling*). B. Hverskonar festilína/tjóður, t.d. á hornstaur/húsi/ eða báti í hrófi eða kálfi á beit. C. Samfelld/mikil veiði á línu eða í net. „Þegar lóð flaut upp var stagur“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). „Það var stagur af grásleppu í netin úti við Kofuhleinar“. D. Mikill fjöldi. „Það er stagur af rollum í túninu á Melnum núna“. „Það er kominn stagur af netum við Landamerkjahleininna“.

Stagur niður (orðtak) Um það þegar net er fullt af fiski svo langt sem augað eygir niður í sjó; *stagað*. „Nei sko; það er bara stagur hér niður eftir öllu“! (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Stagvenda (s) Aðferð við að venda skipi; *leggja yfir*. Þá er framenda skipsins snúið gegn vindinum, þar til hann er kominn gagnstæðu megin við stagið en áður var; síðan er seglum hagrætt miðað við það. „Tvær voru aðferðir við að venda skipi. Mátti bæði *stagvenda* og hálsa, þ.e. *kúvenda*. Stagvending var miklu hentugri í alla staði og einatt viðhöfð þegar hægt var. (GilsG; Skútuöldin) . Sjá *venda*.

Stagvending (n, kvk) Það að *stagvenda* skipi.

Staka (n, kvk) A. Vísa sem einungis er eitt erindi, en ekki hluti af lengra ljóði. Stakan er algengasta formið af tækifærissvímum. Mjög algengt var í Kollsvík, ekki síst í Verinu, að *kasta fram stöku* þegar tilefni gafst. Þær voru af ýmsum gæðum; sumar vart prenthæfar en sumar þrýðisgóðar og lifðu lengi. B. Stakur fiskur þegar afla var skipt. „Þessir drengir fengu helming þess sem þeir drógu og alltaf stökuna ef hún var. Þetta var elsta venjan...“ Frásögn Jóns Guðjónssonar. (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Stakka (s) Hlaða í hlaða/stakk/stæðu. „Maður var heldur ekki mikill bógu að klöngrast kannski með fjóra eða fimm fiska í fanginu til Péturs, ssem stakkaði svo fiskinn sjálfur í stæður“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Stakkaskipti (n, hk, fto) A. Upprunaleg merking er að skipta um yfirhöfn/stakk. B. Mest notað í líkingamáli um mikla breytingu. Sjá *taka stakkaskiptum*. „Þarna hafa orðið mikil stakkaskipti á hlutunum“.

Stakkelsarmingi / Stakkelsaumingi / Stakkelsgrey / Stakkelshró / Stakkelskinn (orðtak) Vorkenningarorð í garð þess sem á bág; dönskuletta sem sumum var töm. „Nú þykist kálfurinn vera orðinn svangur, stakkelsarminginn“. „Kastaðu kornlúku til fuglanna þarna úti; það er kalt á þessum stakkelsgreyjum“.

Stakket (n, hk) Timburgirðing; grindveggur; leiðishólf. „...garðurinn þar sem hann er nú; stakket í kring og hlið þar á...“. Frásögn Sigríðar Traustadóttur (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Stakkstæði (n, hk) Reitur/svæði til fiskþurrkunar. Í Kollsvík var jafnan fremur talað um *reiti* í þeirri merkingu.

Stakkur (n, kk) A. Hlaði; hleðsla. Upprunalegasta merking orðsins er líklega hey sem hlaðið hefur verið upp eftir verkun; stór galti. Áður en hlöður komu til var heyinu hlaðið upp útívið og tyrft yfir. Til forna voru slíkir stakkar stundum nærri engjum, og þá hlaðnir kringum þá stakkgarðar. Bæjarnafnið Stakkar vísar eflaust til þess að hólar þar í landslaginu líkjast heystökkum. B. Saggi sem myndast á yfirborði heys í hlöðu þegar hitnar í því og gufar úr því. Sagginn getur valdið myglu og *fruggu* í þurrheysi, auk þess sem það getur *ornað* inni í *stabbnum* og jafnvel valdið íkveikju. C. Yfirhöfn eða hlífðarfát; oft sitt ermalaust og óhneppt nema helst í hálsinn. T.d. sjóstakkur. D. Yfirhleðsla á báti í *fiskaferðum*. „Þegar talið var fært ferðaveður var byrjað að ferma skipin. Voru þau sett svo langt niður að þau gætu flotið um flóð, því jafnan var fermt á þurru. voru tekin af tvö rúm; hið aftasta og fremsta, og hlaðið í þau; jafnt í skut og barka. Rennt var ráð ofan með borðunum með nokkru millibili; svo langt sem búlkurinn náði, einkum aftan. Stóðu þær nokkuð upp af borðunum og hölluðust lítið eitt útávið. Voru þetta nefndar *borðstikur*. Var svo hlaðið að borðstikunum; var það kallað að *brjóta út*. Það sem ofar var söxum kallaðist stakkur. Var hann lítið eitt breiðari en skipsbreiddinni nam. Borðstikurnar studdu hann báðumegin svo ekkert haggðist. Á stærstu skipunum henti það að stakkurinn tók meðalmanni undir hönd af þóftu“ (PJ; Barðstrendingabók). E. Saltfiskstæða í fiskverkun. F. Einn margra hluta lúðu: „Sá hluti káunnar sem fylgdi höfuðkinninni hét stakkur“ (LK; Ísl.sjávarhættir).

Staksteinn (n, kk) Steinn sem stendur stakur/ ekki mjög nálægt öðrum steinum.

Staksteinóttur (l) Með mörgum stökum steinum á strjáli. „Undir fjallshlíðinninorðantil við Fjraðarhorn var lítilsháttar grasivaxið undirlendi; staksteinóttur harðbali, vegna grjóthruns úr klettunum“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Stakur (n, kk) Hálf kast við skipti í aflahluti; einn hlutur. Sjá *skipti*.

Stakur (l) A. Sem er einn/ útaf fyrir sig. „Þarna eru skaflar á stöku stað“. „Hingað slæðist stöku gestur, *af og til*“. „*Sjaldan er ein báran stök*“. B. Annar hlutinn af því sem að jafnaði er par. T.s. stakur vettlingur/sokkur. C. Einstakur; sérstakur. „Hann er alveg stakt gæðablóð“. „Mér finnst það bara stakt óréttlæti ef þeir ætla að fara svona að ráði sínu“! „Hann var stakur reglumaður, bæði á vín og tóbak“. D. Einn af mörgum. „Á stöku bæjum eru hey ágætlega verkuð... (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Staldrá við (orðtak) Stoppa nokkra stund. „Ég staldráði við efst í Grenjalánni og beið eftir hinum“.

Staldur (n, hk) Tími sem að er/ staðið er við. „Hann gerði stutt staldur hér og þáði kaffibolla“.

Stall af stalli (orðtak) Um klettaklifur; ferð upp/niður kletta. „Rollufjandinn setti sig ofan klettana og ég sá hana bara stökkva á rassaköstum; stall af stalli; alla leið niður í hlíð“!

Stalla (n, kvk) Vinkona; stytting úr *stallsystir*. „Þær fóru saman í gönguferð, stöllurnar“.

Stalla (s) Gera gróp/stall í hlut til að fella hann að öðrum.

Stallbróðir (n, kk) Félagi; vinur. Gamalt í málinu og mun líklega upphaflega merkja „vinur í hesthúsi“. Til forna þekktist það að ganga í stallbræðralag, í sömu merkingu og fóstbræðralag.

Stalli (n, kk) A. Jafningi; af sömu stétt. Virðist ekki þekkt í þeirri merkingu utan Kollsvíkur, en þekktari er kvenmyndin *stalla*. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). B. Stallur; hilla; pallur. „... sáum þá hvar önnur fuglastöngin hafði stungist í aursvað á stallanum og fórum því niður og sóttum hana“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Stallsystir (n, kvk) Vinkona; *stalla*.

Stallur (n, kk) Hilla/pallur/gangur í klettum. „Þarna er þægilegur lás niður á stallinn“. B. Pallur; undirstaða; þrep af ýmsu tagi. C. Jata, einkum í hesthúsi. D. Slettuoð um hesthús. E. *Stelling*; festing fyrir siglutré í báti.

Stam / Stami (n, hk/kk) Hnökrar í mæli manns; endurtekning orða/orðhluta eða óeðlilegt hik í tali.

Stama (s) Tala með stami; tala með óeðlilegum endurtekningum eða hiki á einstökum orðum; *reka í vörðurnar*.

Stama (einhverju) upp (orðtak) Segja eitthvað með þvinguðum hætti eða af ööryggi/ótta; segja stamandi.

Stammi (n, kk) A. Almennt um meginstofn/aðalöxul. B. Einkum notað um stýrisás/stýrisstamma á skipi eða bíl. Ofantil er stýrisblaði skips fest við stýrisarm, en hann er svo festur á stýrisstamma sem gengur upp í gegnum afturstefnið og tengist stjórnstækjum skipsins.

Stampast (s) Um bát; *höggva mjög í báruna; steypa stömpum*. Um fólk og fænað; stinga við; ganga rykkjótt. „Kindin getur alveg stampast áfram þó hún sé á þremur fötum“.

Stampur (n, kk) A. Ílát; fremur vítt í opið, en lágt á brún; kerald. „Þetta eru hinir *þéanlegustu hrognastampar*“. B. Líkingamál um bát sem er fremur stuttur miðað við breidd og *heggur* því mjög í báruna; *steypir stömpum*.

Stamur (l) A. Ekki háll/sleipur; sem rennur treglega á. „Ísinn er háll úti á vatninu, þó hann sé stamur uppi við landið“. B. Rakur; þvalur. „Galtarnir eru enn stamir að utan; við skulum leyfa þeim að þorna betur áður en þeir eru breiddir“.

Stand (n, hk) Ástand; staða; lag. „Fullur enn einusinni? Það er ætíð ljóta standið á þér“! „Þú ert ekki í neinu standi til að aka bíl“. „Þetta er meira standið“! „Bíllinn var í góðu standi þegar hann var seldur“. „Það tók nokkurn tíma að koma réttinni í stand“.

Standa (s) A. Um mann/skepnu/hlut; vera uppréttur; vera á réttum kili; vera kyrr; bíða. B. Um bát; sitja kjölréttur á botni í grunnum sjó. „...Haldið ykkur í bátinn“! kallar Árni; „og þú slærð ekki af fyrr en stendur“! “ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). C. Um orð/gerning; haldast; halda gildi sínu. T.d. *orð skulu standa*. D. Endast; vara. T.d. *vel skal vanda það sem lengi skal standa*. E. Vera fullgildur fyrir; standast. „Fiskurinn stendur vel sjö pund“. „Það er erfitt að standa honum *snúning* í þessum efnum“.

Standa að (orðtak) A. Standa hjá einhverju til að styðja við það. „Stattu aðeins að staurnum meðan ég slæ hann niður í holuna“. B. Um málefni/verkefni/eign; eiga aðild að; styðja. „Ég ætla ekki að standa að þessu“. C. Um klettaklifur/sig o.fl.; vera í góðri aðstöðu; gera. „Stendurðu vel að? Ég ætla að sveifla spottanum fyrir nefið“. „Þarna í Breiðnum heyjaði Ólafur Halldórsson á Grundum, en erfitt er að standa að slætti í svona bratta og bera svo heyið á bakinu heim á Bakka“ (IG; Sagt til vegar I).

- Standa (einhvern) að (einhverju)** (orðtak) Grípa einhvern við óæskilega iðju/hegðun. „Hann var staðinn að hnupli á næsta bæ“.
- Standa (einhverjum) að baki** (orðtak) Vera síðri/lakari en einhver. „Strákurinn stendur jafnöldrunum dálítið að baki í lestrinum“.
- Standa að baki (einhverjum)** (orðtak) Styðja einhvern; vera stuðningsmaður einhvers.
- Standa að fé** (orðtak) Standi hjá fjárhóp, þannig að kindur sleppi ekki; *halda utanað/ standa utan að*.
- Standa (vel/illa/þannig) að verki** (orðtak) Vinna verk (vel/illa/þannig); haga verkum. „Þarna fannst mér vel að verki staðið“. „Við þurfum að standa þannig að verki að þetta skemmist ekki“.
- Standa (einhvern) að verki** (orðtak) Góma einhvern við óréttmæta iðju, s.s. þjófnað. „Tíkin ætlaði að *næla sér* í bitann ofanaf stólnum, en var staðin að verki“.
- Standa af** (orðtak) Um vind; koma frá. „Hann *hangir þurr* meðan vindur stendur af hafi“.
- Standa af sér** (orðtak) A. Almennt; standast; þola; þreyja. „Hjallurinn hefur staðið af sér verri veður en þetta“. B. *Bíða af sér*, t.d. rigningarskúr eða él; harka af sér.
- Standa af sér velting** (orðtak) Stíga ölduna; standa uppréttur í veltandi bát. „Þú lærir fljótt að standa af þér veltinginn“.
- Standa aftaná** (orðtak) Standa sem farþegi á dráttarbeisli traktors. „Mér er illa við að þið séuð að standa aftaná strákar; verið heldur á heyvagninum“.
- Standa á** (orðtak) A. Vera aðstæður fyrir/til. „Það stendur illa á hjá honum núna, en hann sagðist geta borgað þetta eftir mánaðarmótin“. „Þetta fer alveg eftir því hvernig á stendur þegar þar að kemur“. B. Um það þegar *áherðingur* verður við drátt á línu/neti. „Og hálsmennirnir urðu að róa til að hafa áfram. Ef það var slælega gert kom áherðingur; þ.e. strekkist á lóðinni við dráttinn. Eftir að straumur harðnaði var erfitt að róa áfram; róa á móti straumnnum til að ekki stæði á; að ekki yrði erfitt hjá dráttarmanninum“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004). C. Vera dragbítur; tefja. „Það stóð ekki á honum að veita okkur aðstoð þegar við óskuðum eftir henni“. „Ekki stóð á svörnum hjá henni“.
- Standa á áttum** (orðtak) Um vindátt/ölduátt. „Það eru sker fyrir utan, dálítið varasöm ef ekki er rétt farið, en lendarleiðir voru farnar eftir því hvernig stóð á áttum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Standa á beini** (orðtak) Um þrönga flík: „Þessi skyrti er alltof þröng. Hún stendur mér allstaðar á beini“.
- Standa á beit** (orðtak) Um búfénað; vera á beit.
- Standa á blístri** (orðtak) Vera pakksaddur; búinn að éta yfir sig. „Ég át svo mikið að nú stend ég á blístri“. Blístur merkir í þessu sambandi þanda blöðru og er því tökuorð; t.d. enska; “blister“. Sjá *blístur*.
- Standa á eigin fótum** (orðtak) Vera sjálfstæður t.d. í fjármálum eða rekstri.
- Standa á endum** (orðtak) Gerast jafnsnemma; verða jafnmikið. „Stóðst það oft á endum að báðir komu jafnsnemma í Verið, bátsverjar og hinir fótfráu æskumenn...“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Standa á (einhverju) fastara en fótunum** (orðtak) Vera sannfærður um; standa í bjargfastri trú á. „Hann stóð á því fastara en fótunum að hann hefði ekki gleymt að setja negluna í bátinn“.
- Standa á fætur** (orðtak) Rísa upp úr liggjandi/sitjandi stöðu í standandi.
- Standa á gati** (orðtak) Kunna ekki svör; geta ekki svarað. „Hann stóð alveg á gati varðandi þetta“.
- Standa á gjöf** (orðtak) Um búfé; vera á *innistöðu*; þurfa föðrunar með. „Fé hefur staðið á gjöf mestalla vikuna vegna illviðris“.
- Standa/fara/liggja á glæ** (orðtak) Um færi; standa skáhallt frá bátnum í miklum straumi/reki. „Við *höfðum uppi* þegar fallið fór að *harðna*, enda voru færin þá farin að standa á glæ og lítil veiði“.
- Standa á gömlum merg** (orðtak) Vera með traustan/sannaðan grundvöll; byggja á gamalli/sannaðri aðferð/hefð/ætt. Vísar líklega til ættartengsla; að unnt sé að rekja ættir langt aftur. Slíkt þótti mikilvægt fyrrum, ekki sist þegar menn þurftu að sanna eigna- og erfðarétt sinn.
- Standa á haus/höfði** (orðtak) A. Bókstafleg merking um leik/íþrótt. B. Líkingamál um það að vera mjög önnum kafinn. „Ég stend á haus í heyskap meðan þurrkurinn endist“.
- Standa á hljóðum/öskrum** (orðtak) Öskra/kalla/baula/jarma mjög hátt; gefa frá sér mikil hljóð. „Það þarf að fara að sinna kúnum; þær eru farnar að standa á öskrum“. „Munið eftir að mæta á réttum tíma, svo ég þurfi ekki að standa á hljóðum úti á hlaði“!
- Standa á hverju járn** (orðtak) Um veiðiskap; fiskur er á öllum krókum á slóða þegar dregið er. „*Fiskur* var svo *óður* að stóð á hverju járnium leið og slóði komst í sjó“.

- Standa á/í móti** (orðtak) Leggjast gegn; vera andvígur. „Ekki ætla ég að standa í móti þessum breytingum“.
- Standa á sama** (orðtak) Vera sama um; kæra sig kollóttan. „Mér stendur nú ekki alveg á sama um þetta“.
- Standa á sjó / Standa á tungli** (orðtök) Vera ástatt með flóð/fjöru eða niðaskipti tungls. „Veit nokkur hvernig stendur á sjó núna; ég nenni ekki að koma að landi um *blásandi fjöru*“.
- Standa (einhverjum) á sporði / Standa (einhverjum) snúning** (orðtak) Vera jafnoki; standa jafnfætis að atgervi. „Enginn stóð honum á sporði í hlaupum“. „Fór samt vart á milli mála að Farmall og Ferguson stóðu öðrum á sporði að gæðum“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Orðtakið varðandi sporðinn mun runnið af sögnum um viðureign við dreka eða slíka óvætti. (HH; Ísl. málsháttasafn).
- Standa á stiklum** (orðtak) Standa á framlengingum; standa á prikum/*stiklum* til að sýnast hærri en maður er. Þegar maður sýnir galopið augnaráð sem bendir til mikillar undrunar er sagt að augun standi á stiklum.
- Standa á stöku** (orðtak) Um það þegar einn gengur af/ verður útundan við skiptingu/skipti í jafna staði. „Hér stendur á stöku, svo ég held að við *gefum* stærsta fiskinn í *guðskistuna*“.
- Standa á taði** (orðtak) Um búfé; vera ekki á grindum í húsi. Þannig háttur var almennt tíðkaður frameftir öldum, enda var taðið dýrmætt eldsneyti.
- Standa á þambi** (orðtak) Vera *uppþembdur* af mikilli drykkju.
- Standa á því fastar en fótunum** (orðtak) Vera mjög *viss í sinni sök*; vera harður á sinni skoðun; gefa ekki eftir. „Hann stendur á því fastar en fótunum að svona hafi þetta verið, og ekki öðruvísi“.
- Standa á (einhverjum) öll járn/spjót** (orðtak) Allar atlögur beinast að einhverjum; einhver verður fyrir miklu ámæli/ miklum ásökunum/skömmum; einhver lendir í miklum önnum. „Nú standa á honum öll spjót útaf þessu máli“.
- Standa á öndinni** (orðtak) Vera svo móður að maður nái vart að anda fyrir mæði. Einnig er talað um að menn standi á öndinni ef menn halda niðri í sér andanum, t.d. af spenningsi. Önd merkir hér andardráttur/öndun.
- Standa á öskrum** (orðtak) A. Um nautgripi; baula hátt. „Það þarf að gefa kúnum meira af þessu heyi; þær eru farnar að standa á öskrum á málum“. B. Um manneskju; kalla/æpa hátt og lengi. „Er eitthvað að heyrninni hjá ykkur strákar?! Ég er búinn að standa á öskrum í lengri tíma; að kalla á ykkur í matinn“!
- Standa botn** (orðtak) Um borgarísjaka; vera kominn svo uppá grunn að nemi við botn. „Það var tignarlegt að sjá borgarísinn standa botn lengst frammi á vikinni“.
- Standa efni til** (orðtak) Er ástæða/tilefni til. „Við skulum nú ekki gera meira úr málinu en efni standa til“!
- Standa eftir** (orðtak) Vera í afgang; vera eftir; *standa útaf*. „Þá er þetta vandamál frá, en hitt stendur eftir“. „Það standa bara smámunir eftir af skuldinni þegar þú ert búinn að borga þetta“.
- Standa eins og stafur á bók** (orðtak) Um loforð/fyrirheit; standast; ræstast. „Hann er tregur til að gefa loforð, en það stenur allt eins og stafur á bók sem hann segir“.
- Standa eins og auli/glópur/álfur/bjálfi / Standa eins og þvara** (orðtak) Standa kyrr; vera ráðvilltur; standa aðgerðalaus/þegjandi. „Stattu nú ekki eins og glópur; reyndu að *hjálpa til*“! „Hann stóð bara eins og þvara og reyndi ekki að stöðva fjárhópin. Það er til einhvers að láta svona menn standa fyrir í smalamennskum; *ég segi nú bara það*“! Glópur er sá sem glápir/horfir. Hið síðara er líking við sleif/þvöru sem stendur í potti.
- Standa fast á / Standa fast á sínu / Standa fast á sínum rétti/skoðunum** (orðtök) Verja sínar skoðanir/ sinn rétt af einurð. „Hann sendur fast á því að svona hafi þetta verið“. „Margir höfðu uppi efasemdir um þetta, en hann stóð fast á sínu“. „Þú verður að standa fast á þínum rétti“.
- Standa framarlega** (orðtak) A. Bókstafleg merking. T.d. standa framarlega í röð eða framarlega á bjargbrún. B. Líkingamál um að vera framarlega í flokki; baráttu fyrir málefni eða varðandi eiginleika, þekkingu o.fl.
- Standa frammi fyrir** (orðtak) A. Bókstafleg merking. B. Líkingamál; horfast í augu við; glíma við; þurfa að fást við/ leysa úr. „Þá stóðum við frammi fyrir nýju vandamáli“.
- Standa fyrir** (orðtak) A. Sjá um; hafa með höndum. „Það útheimtir töluverða fyrirhyggju að standa fyrir búi“. B. Hindra; vera í vegi fyrir. „Þarna koma þeir með reksturinn úr Breiðavík; hlauptu nú út á Brunnsbrekku og stattu fyrir, svo það fari ekki allt í fjöruna“. Stundum var *setið fyrir*, einkum í brattlendi.
- Standa fyrir búi/rekstri** (orðtak) Stjórna búi/rekstri; sjá um bú/rekstur.
- Standa (einhverjum) (ljóslifandi) fyrir hugskotssjónum** (orðtak) Um hugmynd/minningu/hugsun; vera skýrt í huga einhvers. „Þetta atvik stendur mér ennþá ljóslifandi fyrir hugskotssjónum“. Sjá *líða fyrir hugskotssjónum*.
- Standa (einhverju) fyrir þrifum** (orðtak) Standa í vegi fyrir því að eitthvað þrífist vel; hindra velgengi einhvers. „Húsnæðisskortur var farinn að standa félagsrekstrinum fyrir þrifum“.

- Standa fyrir máli sínu** (orðtak) Verja sínar fullyrðingar/skoðanir/gerðir. „Hann verður að mæta á næsta fund og standa fyrir máli sínu“!
- Standa fyrir sínu** (orðtak) Vera sannur/gildur/raunverulegur; vera það sem útlit/frásögn segir; standast próf/gagnrýni. „Kaffið stendur alltaf fyrir sínu; ég kann aldrei við þetta *tesull*“!
- Standa (einhverjum) fyrir svefni** (orðtak) Hindra svefn; valda svefnleysi. „Það stendur mér ekkert fyrir svefni þó hann sé eitthvað fúll úti mig“.
- Standa (einhverju) fyrir þrifum / Standa í vegi fyrir** (orðtak) Hindra þroska/viðgang; stoppa af. „Húsnæðisleysi stóð starfseminni fyrri þrifum fyrst í stað“. „Fátt stendur í vegi fyrir þessu núna“.
- Standa galopinn / Standa (opinn) uppá gátt** (orðtak) Vera alveg opinn. „Látiði nú ekki dyrnar standa galopnar strákar; kunniði ekki að loka á eftir ykkur“?! „Hliðið stóð opið uppá gátt og féð allt komið í túnið“!
- Standa geld** (orðtak) Um kú; vera mjólkurlaus fyrir burð. Sjá *geldstaða*.
- Standa glöggt** (orðtak) Standa tæpt; vera hæpið; muna litlu; vera nærri mörkum. „Það stóð glöggt með að við næðum honum upp á brún, svona fáliðaðir; enda er þarna loftsig síðasta spölinn“.
- Standa grunn / Standa á grunn** (orðtak) Um siglingu skips; stranda. „Skiðið var svo djúprist að það stóð grunn alllangt frá landi“. „Borgarísjakarnir stóðu grunn hér langt frammi á vikinni“.
- Standa hjá** (s) A. Standa hjá fjárhópi að vetrarlagi, á meðan féð er í haga eða fjörubeit; svo það rási ekki í burtu eða leiti heim. Vetrarhagar voru á mörgum stöðum í og við Kollsvík. Frá Láganúpi var f.é t.d. rekið fram á Fossabrekku, Foldir eða Axlarhjalla; fram á milli Fella; upp í Sandslágarkjafi; út í Pálslaut, Smávatnabrekkur eða að Litlavatni; út á Orma eða Strympur; uppá Flatir; útá Hústóftarbakka; út í Stekkalautirnar eða út á Þufustekk. Til að nýta fjörubeit varð að standa yfir fénu yfir fjöruna. Var því oftast vikið norður í Langatangabót; í bitfjöru á Breiðaskeri, Langatanga eða Grundatöngum; eða í nýjan lausaþara. Sumsstaðar var flæðihætta, einkum á Langatanga og Breiðaskeri. Hjástöðumaður hélt sig þá uppi á Bökkunum, í hliðinu upp á Grundatún. „Alltaf var *beitt* ef veður leyfði og þá staðið hjá yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var, og bitfjöru yfir stórstraum. Mest sótti féð í söl og maríukjarna. Menn af bæjum sunnanvert í Kollsvíkinni skiptust á að reka féð og standa hjá“ (ÖG; Niðjatal HM/GG). B. Almennt; vera hjá/við; vera óvirkur.
- Standa höllum fæti / Standa illa að vígi** (orðtak) Standa illa í baráttu/viðureign; *fara halloka*; hafa slæma vígstöðu. „Hann stóð fremur höllum fæti í þessari baráttu“.
- Standa illa að vígi** (orðtak) Sjá *standa vel/illa að vígi*.
- Standa í** (orðtak) A. Fást við; glíma við; gera. „Maður hættir nú alveg að standa í þessu þegar það skilar ekki neinu“. „Þeir stóðu í aðgerð langt fram á nótt“. B. Standa í einhverjum, merkir að hafa roð við honum; vera jafnoki hans. „Hann hélt að hann yrði fljótur að leggja mig í glímunn, en ég stóð lengi í honum“. C. Standa í einhverjum, getur einnig merkt að matur eða annað sitji fast í hálsi hans. „Láttu þetta ekki standa í þér“!
- Standa í björtu báli / Standa í ljósum logum** (orðtök) Vera alelda.
- Standa í/með blóma** (orðtak) Dafna/ganga vel. „Útgerð í Kollsvíkurveri stóð í blóma á fyrstu tugum 20.aldar“.
- Standa í brasi** (orðtak) Eiga í basli/brasi; glíma við erfiðleika. „Ég er búinn að standa í bölvuðu brasi við ráðuneytið varðandi þetta mál“.
- Standa í fiski / Standa á hverjum króki/ hverju járn** (orðtak) Um góða veiði. „Færið stóð í fiski um leið og það kom útfyrir borðstokkinn“. „Það stóð á hverju járn um leið og slóðinn kom í sjóinn“!
- Standa í fætturna/lappirnar með** (orðtak) Standa sig í að gera/framkvæma; standa við. „Ég vona að þeir standi í lappirnar með það sem þeir lofuðu“.
- Standa í gegn (einhverju)** (orðtak) Vera einhverju mótfallinn.
- Standa í höm** (orðtak) Um búfé; hama sig; standa og snúa afturenda/höm upp í vont veður; oftast þétt saman til að skýla sér. „Féð gerir ekkert úti í þessu veðri; það stendur bara í höm. Við þurfum fljótlega að láta það inn aftur“.
- Standa í illdeilum/illindum við** (orðtak) *Troða illsakir við*; eiga í ilindum/erjum við; vera andvígur/andstæðingur.
- Standa í (rangri/þeirri) meiningu** (orðtak) Halda; álíta; meina. „Ég stóð í þeirri meiningu að þú værir búinn að alheimta“. „Ég sé nú að ég hef staðið í rangri meiningu í þessum efnum“.
- Standa í móti** (orðtak) *Leggjast gegn*; vera á móti; sýna móttþróa; *þverskallast/þráast/móast við*.
- Standa í skilum** (orðtak) Gjalda það sem manni ber; greiða skuld á tilsettum tíma. „Þeir (drykkjumenn) missa alla löngun til þess að standa í skilum við aðra, það sem þeim ber; og missa þar af leiðandi *tiltrú* í *mannfélaginu*“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

- Standa í stað** (orðtak) Vera kyrrstæður; fara ekkert. „Hópurinn stóð enn í sama stað“. „Tíminn stóð í stað“.
- Standa í stappi/prefi** (orðtak) Vera í deilum/slag; glíma. „Ég vona að ég þurfi ekki að standa í stappi út af þessu“. „Ég nenni ekki að standa í einhverju prefi útaf svona sjálfsögðum hlut“!
- Standa í stímabraki** (orðtak) Standa í stórræðum; vera í basli. „Þeir stóðu í stímabraki með bílinn; alveg fram á nótt“. Stímabrák merkir hávaði af bardaga.
- Standa í stórræðum** (orðtak) Færast mikið í fang; vinna mikið verk. „Maður stendur bara í stórræðum núna“.
- Standa í streði / Standa í ströngu** (orðtak) Vinna mikið erfiðisverk/púl; glíma við mótlæti; *eiga á brattann að sækja; standa í stórræðum*. „Ég stend í ströngu með þessar árans ekkisen túnrollur“!
- Standa í stykkinu** (orðtak) Vera duglegur; spjara sig. Uppruni er ekki að fullu ljós.
- Standa í vegi fyrir** (orðtak) Hindra; gera ómögulegt. „Hann hefur alltaf staðið í vegi fyrir þessu“.
- Standa í þakkarskuld við (einhvern)** (orðtak) Vera einhverjum þakklátur; skulda einhverjum greiða.
- Standa í þeirri meiningu/trú** (orðtak) Vera þeirrar skoðunar; skilja mál/stöðu þannig. „Mér kemur þetta mjög á óvart. Ég stóð í þeirri meiningu að ekki yrði af þessu núna“.
- Standa klár að** (orðtak) Vera tilbúinn; vera í góðri aðstöðu. „Þið þurfið að standa klárir að því að taka við eggjakútum þegar við slökum honum niður í bátinn“.
- Standa mál/vigt** (orðtak) Um hlut/vöru; reynast svo langur/mikill/þungur sem uppgæfið er, eða yfir mörkum. „Þessi borðviður stendur alls ekki mál; tommuborðin eru ekki nema treikvart eða varla það“! „Gættu að því að saltið standi vigt, sem þú setur í pækilinn“.
- Standa með** (orðtak) Styðja; vera fylgjandi; veita stuðning. „Margir stóðu með honum í þessari afstöðu“.
- Standa (einhverjum) nærri** (orðtak) Vera viðkomandi/nákominn.
- Standa (einhverjum) næst** (orðtak) Vera skylda einhvers. „Hann sóðaði út; það stendur honum þá næst að þrifa þetta upp“.
- Standa og falla með (einhverju)** (orðtak) Binda sig þannig við eitthvað (málefni) að maður sigri eða tapi eftir gengi þess; taka einarða afstöðu í ágreiningi.
- Standa (einhverjum) reikningsskap gerða sinna** (orðtak) Útskýra gerðir sínar fyrir einhverjum; standa skil á einhverju við einhvern. „Ég þarf ekki að standa neinum reikningsskil gerða minna í þessum efnun; nema kannski drottni almáttugum á dómsdegi“!
- Standa (djúpum) rótum í (einhverju)** (orðtak) Vera samofið einhverju. „Tungumálið stendur djúpum rótum í þjóðmenningunni“.
- Sanda saman** (orðtak) A. Vera í hóp; standa nærri horum/hverjum öðrum. B. Sýna samstöðu um málefni.
- Standa sem hæst** (orðtak) Vera í hámarki/hápunkti; vera í fullum gangi. „Þegar dansinn stóð sem hæst var barið harkalega að dyrum“.
- Standa sig / Standa sig í stykkinu** (orðtak) Vera dugandi/röskur; vinna sín verk; standast álag. „Hann stendur sig vel í starfinu“. Stykki í þessu sambandi vísar líklega til slægjulands og dugnaðar við sláttinn.
- Standa sinn dont** (orðtak) Vera á verði; rækja sitt hlutverk. „Mig skiptir engu þó aðrir gefist upp í þessu máli. Ég ætla að standa minn dont“. „Þú verður að standa þinn dont drengur og ekki láta féð sleppa framhjá“.
- Standa sína pligt** (orðtak) Gera skyldu sína; gera sitt. „Það þýðir ekkert að andskotast í embættismönnum; þeir eru bara að reyna að standa sína pligt. Nær væri að taka þessar *þingmannanefnur* á beinið“.
- Standa straum að/af** (orðtak) Standa undir kostnaði við; bera kostnað; standa fyrir. „Hann stóð sjálfur straum af þessum viðburði“. Líklega komið af því þegar farið er yfir straumharða á, og einn er ofanvið og heldur í hina með hönd eða taug; stendur að/móti straumnum. Hefur líklega verið „að“ upphaflega í stað „af“; samanber að *standa að* einhverju; þ.e. hlú að; styðja eitthvað.
- Standa stuggur af** (orðtak) Vera smeykur við; *hafa ímugust á*. „Honum stóð stuggur af kofanum eftir að skyggja tók“. Sjá *stuggur*.
- Standa svo á** (orðtak) Vilja svo til; vera þannig ástatt; vera sú staða. „... og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall...“ (PG; Veðmálið). „Töldum við að ekki væri fært sundið og fórum fyrir framan. Þar er miklu meiri straumur; einkum er svo stendur á sem nú var“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Standa til / Standa fyrir dyrum** (orðtak) Vera áætlað; liggja fyrir. „Sá er þetta rifjar upp hafði þarna á hendi formennsku og vélgæslu, eins og til stóð í fyrri ferðinni sem fara átti“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Standa til boða** (orðtak) Bjóðast; vera í boði. „Þetta stendur mér til boða núna“.

Standa til bóta (orðtak) Horfa til betri vegar; vera von um úrbætur. „Heilsan hefur *ekki* verið *uppá marga fiska*, en það stendur allt til bóta, finnst mér“.

Standa til erfða (orðtak) Vera erfingi; eiga von í arfi. „Hann stóð einn til erfða eftir foreldra sína“.

Standa tæpt (orðtak) *Standa glögg* (sjá þar).

Standa undir (orðtak) A. Vera standandi undir. B. Halda undir byrði, t.d. meðan annar bindur hana sér á bak, eða halda undir bagga öðrumegin á hesti meðan annar er festur hinumegin. C. Liggja við; *stappa nærri*. „Ég hef aldrei verið með neinu slysi á sjó og aldrei horft á slys annarra. En þetta vor stóð undir slysi í Láturdal“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Standa undir bát (orðtak) Um færi á skakveiðum; liggja undir borð bátsins vegna reks. „Leggðu nú út og snúðu bátnum; þetta stendur allt undir bátinn þegar rekur svona öfugt á“.

Standa undir kostnaði / Standa undir sér (orðtak) Greiða; vera greiðandi að; borga sig. „Við stóðum sameininlega undir kostnaði við þetta“. „Ég get ekki séð að þessi búskapur hjá honum standi undir kostnaði“. „Brúnkolavinnslan í Stáljalli náði líklega aldrei að standa undir sér“.

Standa undir nafni (orðtak) Vera varla þess virði sem heitið bendir til. „Ég held að hjólbörurnar séu alveg hættar að standa undir nafni; þetta er allt að liðast í sundur“.

Standa upp (orðtak) Rísa á fætur. „Ætli maður fari nú ekki að standa upp frá borðum“.

Standa uppá (orðtak) A. Um vind; standa í; blása í átt að. „Það þarf að loka dyrunum vel þegar norðannæðingurinn stendur svona uppá þær“. B. Vantar uppá framlag/vinnu o.fl. „Ég er búinn með minn hluta verksins; nú stendur uppá hann að klára sitt“. C. Fullyrða; *uppástanda*; halda fram. „Hann stendur fast uppá því að ég hafi gefið sér þetta og hann þurfi því ekki að skila því“.

Standa uppi (orðtak) A. Um straumröst. Sagt er að röstin standi uppi þegar hún er úfin og jafnvel í henni hættuleg brot. Látraröst og Blakknesröst eru viðsjárverðar en aldrei þó eins og þegar *fellur undir vind*. Einnig getur leysingavatn staðið uppi í stíflum. B. Um hús; vera uppistandandi. „Hesthúsið á Hólum hefur líklega staðið uppi lengst allra húsa á Vestfjörðum“. C. Um lík; bíða greftrunar; vera á líkbörum. D. Vera á lífi; vera einhvers megnugur. „Þetta verður ekki gert meðan ég stend uppi“! Sjá *uppistandandi*.

Standa uppi allslaus/eignalaus/úrræðalaus (orðtök) Reynast vera orðinn allslaus/eignalaus/úrræðalaus. „Ég held hann ætti nú að hugsa fyrir þessu í tíma, í stað þess kannski að standa uppi úrræðalaus þegar á reynir“.

Standa uppi í hárinu á (einhverjum) (orðtak) Eiga í illdeilum við einhvern; veita einhverjum mótspyrnu. „Ætli maður reyni nú ekki að standa eitthvað uppi í hárinu á þeim, gegn þessu óréttlæti“. Líkingin kann að vera dregin af lús í höfði.

Standa uppúr (orðtak) Vera að hluta ofan yfirborðs. „Hann sökk í dýið, svo ekkert stóð uppúr nema hausinn“.

Standa utan að (orðtak) Standa hjá fé til að halda því í hóp. „Standiði nú þétt utan að því svo enginn sleppi“.

Standa utanvið (orðtak) Um umræður/deilur/málefni/aðild; blanda sér ekki í; vera óháður.

Standa útaf (orðtak) Vera framyfir; vera aukalegt/umfram. „Ég held að ekkert standi útaf í þessu uppgjöri“.

Standa vel/illa að vígi (orðtak) Vera í góðri/slæmri stöðu/aðstöðu; hafa góða/litla von um. „Þarna uppi á hjallanum stóð ég vel að vígi til að hindra að féð rynni upp Grenjalág“. Líking við vígstöðu í bardaga.

Standa við (orðtak) A. Um gestakomu; stoppa um stund; staldra við. „Hann kom hér aðeins, en stóð stutt við“. B. Efna; gera það sem lofað/heitið er. „Ég er tilbúinn að standa við það sem ég sagði áðan, en hafi ég rétt fyrir mér fæ ég skrokkinn af þínu lambi“ (PG; Veðmálið).

Standa við stóru orðin (orðtak) Efna mikil loforð; standa undir miklum yfirlýsingum.

Standa vörð um (orðtak) Verja; halda uppi vörnum fyrir.

Standa yfir (orðtak) A. Vakta; einkum átt við að vakta fé yfir sauðburðinn; gat einnig átt við að fylgjast með ákveðinni ær sem von var á að gengi illa, eða ær sem verið var að *venja undir*. B. Um búfé; éta ekki upp fóður/gjöf. „Það þýðir ekki að gefa kúnum svo mikið að þær standi yfir, það kemur bara upp *átleysi* í þeim“. C. Vera; vara; endast. „Við héldum okkur í skjóli í hellinum á meðan skúrin stóð yfir“. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá slátruhúsinu“ (PG; Veðmálið).

Standa öll járn/spjót á (orðtak) Beinast allar atlögur/ásakanir/annir að. „Nú standa öll spjót á honum vegna þessara ummæla; hann verður að gera hreint fyrir sínum dyrum“. Líking við það að vegið sé að manni með vopnum.

Standandi hissa/hlessa (orðtak) Steinhissa; forviða; *á ekki til orð*; *reka í stans/rogastans*. „Ég varð bara standandi hissa þegar þeir birtust allt í einu“.

Standari (n, kk) Stoð á reiðhjól, sem sett er niður til að styðja það upprétt í kyrstöðu.

Standast (s) A. Vera standandi; standa gegn; standa af sér. „Það er erfitt að standast svona freistingar“. B. Standa sem staðreynd; vera óhrekjanlegt. „Þetta getur varla staðist“.

Standast á (orðtak) Vera hvor andspænis öðrum; mætast.

Standast á endum (orðtak) Um það þegar eitt tekur við af öðru án þess að lát verði á /bil verði á milli. „Það stóðst á endum að þegar við komum með kýrnar var hún mætt í mjaltirnar“. „Stóðst það oft á endum að báðir komu jafnsnemma í Verið; bátsverjar og hinir fótfráu æskumenn, sem ekki víluðu fyrir sér að spretta úr spori undir leiðarlokin“ (KJK; Kollsvíkurve). Vísar til þess að hlutir snertast í endana. T.d. hús sem snúa göflum saman; bátar sem snertast í stafna; net í trossu o.fl.

Standast ekki freistinguna (orðtak) Láta undan freistingum/löngun. „Strengslin voru nú ekki alltaf heil þegar heim var komið, því við stóðumst ekki freistinguna að smakka þetta lostæti á leiðinni heim“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Standast ekki mátið (orðtak) Standast ekki freistinguna; láta undan. „Ég stóst ekki mátið og fékk mér köku“.

Standast ekki reiðari (orðtak) Geta ekki/varla hamið reiði sína lengur. „Ég stenst ekki reiðari en þegar menn tala með þessum hætti um hluti sem þeir hafa ekki hundsvit á“!

Standast ekki/engan samjöfnuð við (einhvern) (orðtak) *Standa einhverjum að baki; komast ekki með tærnar þar sem einhver hefur hælana.* „Þetta er þokkalegur hákarl, en hann stenst engan smjöfnuð við hinn“.

Standast (einhverjum) ekki snúning (orðtak) Hafa ekki roð við einhverjum; jafnast ekki á við einvern. „Fáir hundar standast tófunni snúning“.

Standast tímans tönn (orðtak) Halda gildi sínu þó tíminn líði.

Standast (ekki) við (orðtak) Þola/afbera (ekki); halda (ekki) út. „Það stenst enginn við svona útgjöldum lengi“.

Standberg (n, hk) Þverhnípi; *standklettur*; klettur/bjarg sem er þverhnípt og óslitið af göngum frá neðstu rótum/fjöru uppá brún; *strengberg*. „Í Strengbergsgjá er standberg af Blakkbrún niður í Hryggi“.

Standborvél (n, kvk) Borvél sem stendur á gólfi/borði, færanleg í sleða móti áföstu borði.

Standfjöður (n, kvk) Fjármark; annað nafn á *fföður*.

Standhnítta (n, kvk) Nibba sem stendur upp úr bergi. „En þegar ég ætlaði að hlaupa fyrir kvíadyrnar datt ég um koll og kom með öxlina á standhníttu, en þær stóðu víðsvegar upp úr berginu“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). Orðið finnst ekki í orðabókum og er fáheyrt í Kollsvík nú á dögum.

Standklettur (n, kk, fto) *Standberg*; þverhnípi; *strengberg*. „Áfram útyfir Strengbergið, en það eru standklettur beint í sjó, ca 60-70 m háir“. (IG; Sagt til vegar).

Standsetja (s) Koma í lag; gera við. „Þeir eru byrjaðir að standsetja sláturhúsið“. „Barðstrendingar geymdu báta sína fram að vertíð innst í Patreksfirði; við áróšana á Skeiðseyri; sléttri grasigróinni eyri vestan fjarðarins, sem nú hefur að mestu verið tekin til ofaniburðar. Þeir standsettu bátana áður en þeir komu í Verið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Standur (n, kk) A. Hvaðeina sem stendur uppúr; tittur; þolinmóður; B. Drangur; berggnípa sem gnæfir sérstök upp úr landslagi eða sjó. „Var það venjulega fyrsta bjargganga ungra stráka að fara þarna niður og fram á standinn...“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra).

Standpil (n, hk) Veggpilja úr lóðréttum/standandi borðum. „Ekki stóð uppi af baðstofunni nema sláin yfir standpilinu fyrir framan búrið“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Stanga (s) A. Um skepnu; reka hausinn/hornin í mann eða annað. „Passaðu að kindin stangi ekki barnið meðan ég marka lambið“. B. Stinga; sauma það sem þykkt er; stinga úr tönnum. C. Gamalt orð um það að splæsa, t.d. kaðal/línu/tóg.

Stanga/stauta botn (orðtak) Skaka með of litlu *grunnmáli*, þannig að sakkann skelli í botn í hverju skaki. „Okkur er að *reka upp*; ég er allt í einu farinn að stanga botninn“.

Stanga úr tönnum (orðtak) Nota pinna/stöngul til að kroppa burtu matarleifar sem sitja milli tannanna.

Stangarbauja (n, kvk) Neta-/línubauja með gati og stöng þar í. Á neðri enda stangarinnar er lóð til að halda henni lóréttri, en á þeim efri vanalega flagg með númeri eða nafni bátsins, og stundum númeri strengs/línu.

Stangast á (orðtak) Um sauðfé/nautgripi; stangast renna saman. „Hrútarnir eru alblóðugir eftir að stangast á“.

Stangarbauja / Stangardufl (n, kvk) Bauja með stöng, sem helst lóðrétt í sjónum með lóði í neðri enda; oftast með veifu í efri endann. „Mun auðveldara er að finna stangarbaujur í veltingi en litla belgi; hvað þá kúlur“.

Stangarstökk (n, hk) Stökk þar sem maður ýtir sér hærra og lengra með stöng. Þeir sem höfðu göngustaf nýttu hann gjarnan á þann hátt þegar stokkið var yfir læki, ár og seilar.

Stangasápa (n, kvk) Sólsápa; sápa sem áðurfyrr var framleidd og seld í stöngum sem skipta mátti niður í sáпустykki“. Þvottabrettin voru oftast með hillu efst sem hentaði til að geyma í stangasápuna.

Stangast á (orðtak) Rekast á; rekast hvert á annars horn; vera mótsagnakennt. „Þessi frásögn stangast verulega á við það sem ég hafði áður heyrt“.

Stanghyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með áberandi beinvaxin horn (ekki *hringhyrnd/skeifhyrnd*); *upphyrnd*.

Stangl (n, hk) Strjálíngur; dreif. Hefur líklega fyrrum átt við *dreif/slæður* af heyi; stöng = strá. Nú oftast notað í orðtakinu *á stangli*. „Það flýgur eitthvað stangl af fugli með Görðunum; ég ætla að röлта með byssuna“.

Stanka (s) Lykta mjög illa. „Farðu úr skítagallanum úti; þú stankar alveg“. „Sorpílatið er farið að stanka“. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Stankandi (l) Illa lyktandi; fúll. „Farðu nú í það drengur; þú ferð ekki á skemmtunina stankandi af fjósalykt“!

Stankur (n, kk) Megn ólykt; fnykur. „Stankinn leggur langar leiðir“. „Inni í greninu var ferlegur stankur“. Bæði orðin (stanka og stankur) virðast vera óþekkt í þessari merkingu utan svæðisins en voru þar altöluð.

Stans (n, hk) A. Hlé; stopp. „Það verður stans á að hlaða bátana...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þeir voru á hraðferð og gerðu því stuttan stans“. B. Stundum notað um fallaskipti; snúning. „Það er alveg að *slá í stans*“. Ævinlega í karlkyni, en nú til dags tíðkast ekki síður hvorugkyn orðsins.

Stansa (s) A. Stöðva; stoppa; bíða. B. Höggva út form í þynnu með t.d. höggpípu eða vél. „Í Umbúðamiðstöðinni fékkst ég m.a. við að stansa öskjur“.

Stanslaust (l) Án þess að hlé verði. „Hann ætlar að rigna alveg stanslaust í dag“!

Stanslítið (l) Án þess að verulegt hlé verði. „Við gengum stanslítið á leiðarenda“.

Stapi (n, kk) A. Stakur brattur klettur í landslagi. B. Sérstök tegund fjalla, t.d. móbergsstapi.

Stapp (n, hk) A. Það að stappa með fótum. B. Þæfingur; erfiðleikar. „Alltaf er það sama stappið ef eiga þarf við þetta fjandans stjórnkerfi“. „Ég nennti ekki að *standa í frekara stappi* með þetta mál“.

Stappa (n, kvk) A. Stans; verkfæri sem slegið er á til að slá far eða gat með tilteknu formi í efni. B. Grautur sem stappaður hefur verið, t.d. úr mat; *kartöflustappa*; *hausastappa*. C. Þröng einstaklinga, t.d. fólks. „Ég bjóst ekki við þessum fjölda; þetta er meiri stappan“.

Stappa (s) A. Skella niður fæti; hoppa. B. Þjappa saman. „Það þýðir ekkert að stappa fénu svona þétt inn í dilkinn. Það endar bara með því að minnstu lömbin troðast undir“! C. Mauka; t.d. kartöflur eða fisk.

Stappa nærri (orðtak) Láta nærri; vera nálægt /í námunda við; *standa undir*. „Þetta fer bara að stappa nærri hávaðaroki“!

Stappa stálinu í (einhvern) (orðtak) Herða einhvern upp í verknað; hvetja einhvern. „Þangað til vorum við að stappa stálinu hvor í annan að við lögðum af stað eftir þræðingnum; yfir á höfðann“. Orðtakið er runnið af því að fella stáltein í járnblað á öxi eða sverði, sem svo er sleginn fram í flugbeitta egg.

Stappað (l) Þröngt; troðið. „Þa gengur ekki að hafa féð svona stappað í alltof þröngri stíu“. „Það var svo stappað af fólki á danskólfínu að menn gátu varla hreyft sig“. Sést ekki í þessari merkingu í orðabókum.

Stappar nærri (orðtak) Liggur við; er nálægt; *jaðrar við*. „Það stappaði nærri að hreppurinn leggjðist í eyði“.

Stara (s) Glápa; góna; einblína; horfa lengi og ákveðið á það sama.

Stara/glápa/góna eins og naut á nývirki (orðtak) „Þýrlan kom fljúgandi heim með Blakknun og lenti í Verinu. Við strákarnir stöðum fyrst eins og naut á nývirki, en tókum svo til fótanna og náðum að hitta flugmennina áður en þeir fóru aftur í loftið. Þeir höfðu þá málað kringlóttan gulan blett á Syðriklettana og sögðu að það væri vegna einhverra mælinga“.

Stararhey (n, hk) Hey af stór sem slegin var í fóður. „Þá var líka mikið um áveitur í Hænuvík, þar sem bæjarlæknum var veitt á sléttunum. Á þeim stöðum fékkst mikið stararhey“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Starblinda (n, kvk) Blinda vegna skýs á auga. Oft notað í líkingamáli: „Hvenig í ósköpunum geta menn verið svona starbrindir á augljósa hluti“?!

Starblindur (l) Með ský á auga; blindur vegna matts augasteins. Líkingin er líklega við það að blind manneskja sýnist vera með starandi augnaráð.

Starblína (s) Horfa lengi og ákveðið á eitthvað sérstakt. „Ég starblíndi þangað sem hann benti, en sá ekki neitt ljós í hríðinni“.

Stareygur (l) *Með störu*; starandi; gónandi. „Hann horfði stareygður á þessar furðulegu aðfarir“.

Starfrækja (s) Reka; virkja; sjá um rekstur á.

- Starfræksla** (n, kvk) Rekstur; drift. „Kennari hreppsins skal vera formaður fjelagsins og hafa á hendi starfrækslu þess...“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).
- Starfsamur** (l) Iðinn, duglegur; *alltaf að*. „Hann er kannski ekki mjög afkastamikill, en hann er starfsamur“.
- Starfsemi** (n, kvk) A. Upprunaleg merking; iðjusemi; dugnaður; vinnusemi. B. Síðari tíma merking; iðngrein; rekstur.
- Stargresi** (n, hk) *Stör*; gras af starartegund.
- Starsýnt** (l) Starandi; horfa mjög lengi og ákveðið á það sama. Sjá *verða starfsýnt á*.
- Starta á / Starta í sig** (orðtak) Narta í; naga; *tönnlast á*; borða; *úða í sig*. „Hvar náðir þú í þetta harðfiskstrengli sem þú ert að starta á?“ „Kýrin var komin í garðinn og farin að starta á rófunum“!
- Statt og stöðugt** (orðtak) Óbifanlega; óhagganlega; fyrir víst. „Ég trúí því statt og stöðugt að Kollsvíkin muni ekki verða lengi í eyði; *svo fremi* að einhver sjálfsbjargarviðleitni verði áfram hjá fólki“.
- Stattu aldrei argur** (orðatiltæki) Oraðtiltæki sem að öllu leyti er upprunið í Rauðasandshreppi. Sú er tilurð þess að skessa ein mikil býr í Síðaskeggi, sem er áberandi berggangur í klettum í Lambavatnslandi. Prestur sá bjó á Lambavatni um skeið sem Jón hét Ólafsson (1640-1703), og þjónaði Saurbæjarkirkju Eggerts ríka Björnssonar. Skessan felldi hug til prests og sat um að elta hann þegar hann fór til þjónustu á kirkju sína, en varð einatt höndum seinni. Eitt sinn sá hún að prestur reið úr hlaði og ætlaði nú aldeilis að koma höndum yfir karl. Jón varð var við hana og þandi hrossið sem mest hann mátti, þóp skessan kallaði ítrekað; „bíddu mín séra Jón“! Þegar nálgadist Saurbæ náði skessan í frakkalafið á honum, en Jón snaraðist úr flíkinni. Náði hann við það nokkru forskoti; þusti inn í kirkjuna og hringdi klukkunum sem ákafast, í þann mund sem skessan hljóp sem ákafast í hlað. Sá hljómur fer illa í tröllaeeyru. Snarstansaði skessan og spyrnti um leið í garðinn svo sprakk fyrir. „Stattu þá aldrei argur“ hreytti skessan í garðinn. Hún gaf síðan þennan vonbiðil uppá bátinn. En kirkjugarðurinn hefur aldrei staðið vel síðan þetta skeði. Hefur þurft að hlaða hann reglulega upp; hvort sem um er að kenna slæmu undirlagi eða álögum skessunnar. En af Jóni er það að segja að hann gerðist drykkfelldur mjög. Þau urðu örlög hans að eitt sinn er hann kom frá annexíu sinni í Sauðlauksdal, þéttingskenndur, varð honum illt svo hann fór af baki þar sem heitir Krossi á Hnjótsheiði. Sagði fylgdarmaður hans að staðið hefði blár strókur framúr presti, og urðu það hans síðustu andvörp. Þrátt fyrir breyskleika sinn var Jón hinn merkasti prestur og skrifaði ýmislegt upp sem enn er varðveitt. Hann var einn af merkjum forfeðrum Kollsvíkinga.
- Statúta** (n, kvk) Lagagrein; tilskipun; opinber regla. „Ég veit ekkert hvaða lög og statútur gilda um þetta; ég geri bara það sem mér finnst réttast“!
- Staukur** (n, kk) Baukur; dolla. „Láttu mig hafa einn stauk af kanil“.
- Staulast** (s) Ganga silalega/ með erfiðismunum; vera óöruggur/reikull á göngu; silast. „Gamli maðurinn staulaðist út að réttinni“.
- Staup** (n, hk) A. Lítið glas; vínglas. Sjá *fá sér í staupinu*; *þykja gott í staupinu*. B. Klumpur; frosið/steypt stykki. „Vatnið í fótunni var frosið í staup“.
- Staupa sig** (orðtak) Fá sér að drekka; drekka áfengi. „Þeir voru að staupa sig langt frameftir kvöldi“.
- Staur** (n, kk) Stólpi, t.d. girðingarstaur. B. Fremur lítið rekatré sem hæft er sem t.d. girðingarstaur. C. Staurfótur; staurliður. „Efti slysið varð fóturinn staur“.
- Staurblindur** (l) Alveg blindur/sjónlaus. „Hann hlýtur að hafa verið staurblindur fyrst hann sá ekki skerið“!
- Staurfótur** (n, kk) Fótur sem bagaður er á þann hátt að liðir eru fastir.
- Staursetja** (s) Jarða án þess að pretur syngi strax yfir. Í undantekningartilvikum var heimilt að jarða án þess að prestur syngi samtímis yfir hinum látna; væri sýnt að prestur kæmist ekki vegna veðurs eða annarra forfalla. Þá skyldi jarða á sama hátt og með fullri virðingu, en settur skyldi staur upp af kistuloki sem næði uppúr jörðu. Þegar prestur kom að og söng yfir, var staurinn tekinn upp og vígðri mold kastað á kistuna niður um holuna, sem síðan var fyllt. Ekki eru þekktar sagnir um staursetningu í Rauðasandshreppi.
- Staursetning** (n, kvk) Jarðarför án aðkomu prests. Sjá *staursetja*.
- Staut** (n, hk) A. Stirður lestur; lestur þess sem ekki er vel lesandi. B. Erfiðleikar; fyrirhöfn; púl; pot. „Þetta er bölvæð staut“!
- Stauta** (s) A. Um upplestur; *kveða að*; lesa hvert atkvæði fyrir sig. „Ertu ekki farinn að stauta eitthvað“? B. Um verk; gera með erfiðismunum. C. Pota/banka í með staut/sökku, t.d. *stauta botn*. „Þú rennir þangað til stautar og dregur svo þjá fjóra hringi áður en þú ferð að skaka“.
- Stauta botn** (orðtak) Um færi; renna í botn; steyta við botn. Virðist lítt þekkt utan Kollsvíkur en sést þó. (T.d. L.K.; Ísl.sjávarhættir III, bls 359). (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). Sjá *stanga botn*.

Stautfær / Stautflæs (l) Lítillaga/naumlega læs; les sundurslitið/í atkvæðum; farinn að *kveða að*.

Stautur (n, kk) Stutt stöng. „Notaðu stautinn til að troða í hakkavélina, svo þú missir ekki fingurna“.

Stál (n, hk) A. Járn með ákveðnu kolefnisinnihaldi sem breytir sameindabyggingu þess og gerir það mun harðara en hreint járn. B. Þverhnípi í bjargi, sbr Stálfjall sem er milli Rauðasands og Barðastrandar. „Hér er þverhnípt stál alla leið í sjó“. C. Veggur í *heystabba* sem *leyst* hefur verið *úr* eða stungið til gjafa. „Gott er að leysa þannig að stálið sé lóðrétt og slétt, en halli ekki upp við sig“. D. Lóðréttur veggur/klettur/bakki af hverskonar tagi. E. Brýnslustál. Teinn úr stáli með handfangi á enda, notaður til að finslípa hnífsegg.

Stála (orðtak) Um hníf eða annað eggjárn; draga stál skáhallt eftir egginni til að finslípa/skerpa hana. „Hann var meistari í að stála hnífa til bits“.

Stálbik (n, hk) Hart bik; notað brætt til þéttingar á samskeytum fyrir daga þjálli þéttiefna.

Stálgreindur (l) Skarpgreindur; bráðgáfaður. „Hann var talinn stálgreindur og dugnaðarforkur“.

Stálgreip (n, kvk) Mjög sterklegt grip/tak með hendi. „Ég treysti mun betur á hans stálgreipar en þó tíu meðaljónar *sætu undir vaðnum*“!

Stálheppinn (l) Einstaklega heppinn. „Ég var stálheppinn að finna vasahnífinn aftur“.

Stálma (s) Um kýr; júgur farin að verða hörð/bólgin vegna stálma.

Stálma kýr (orðtak) Kýr sem er með stálma í júgrum vegna báshellu, júgurbólgu eða vegna þess að júgur eru troðin fyrir burð.

Stálmi (n, kk) A. Báshella; bólguþykkildi sem kemur í júgur kúa sem liggja lengi á hörðu undirlagi. Mestur er stálmi í júgrum fyrst eftir burð. B. Stinningur/styrkur í efni, sem gerir erfitt að brjóta/beygja það. „Þú nærð ekki að sveigja þennan tein; það er svo mikill stálmi í honum“.

Stálminni (n, hk) Mjög gott minni. „Ég hef ekki sama stálminnið og hann“.

Stálminnugur (l) Mjög vel minnugur. „Hún er farin að gefa sig líkamlega, en alltaf er hún jafn stálminnug“.

Stálpast (s) Um unglínga sem eru að ná þroska. „Strákurinn er að stálpast og getur verið vel liðtækur á sjó“.

Stálseigla (n, kvk) Mikil seigla; mikið úthald. „Alveg dáist ég að þessari stálseiglu í honum“!

Stálsleginn (l) A. Bókst. merking; styrktur með járn. „Kistan var stálslegin“. B. Afleidd merking og algengari í seinni tíð; mjög hress/heilsgóður. „Ég fékk ári mikinn hita og beinverki, en núna er ég orðinn alveg stálsleginn“.

Stáltunna (n, kvk) „Þá þurfti líka að kaupa steinolíu til ljósmetis, og var hún venjulega flutt í 100 eða 200 lítra stáltunnum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Stáss (n, hk) Skrautmunur; glingur, t.d. *stofustáss*.

Stássa sig (orðtak) Stæra sig; skreyta sig; gera sig fínan. „Það þýðir lítið að stássa sig á sparifötunum við svona óþrifaverk“.

Stássbúningur (n, kk) Sérlega finn fatnaður viðhafnarklæðnaður.

Stássstígvél (n, hk, fto) Stígvél sem ekki eru ætluð til að vera í við vinnu; sparistígvél.

Stássstofa (n, kvk) Fínni stofa; gestastofa. Stássstofur voru einkum á heimilum hinna ríkari og valdameiri.

Státa af (orðtak) Vera hreykinn af; skarta. „Kollsvíkin státar af einstakri náttúrufergurð“.

Státa sig af (orðtak) Hreykja sér af; vera *dryldinn* yfir. „Þessi veiði er nú eitthvað til að státa sig af“!

Státinn (l) Hress; borubrattur; hraustlegur. „Hann er býsna státinn af þessu, enda ástæða til“.

Stearínkerti (n, hk) Vaxkerti. Einkum nefnd svo þegar þau fóru fyrst að ryðja tólgarkertum úr vegi.

Steðja (s) Ganga hratt; æða. „Þeir steðjuðu inn yfir Tunguheiði“. „Kýrin steðjar upp á tún“.

Steðja að (orðtak) Koma; sækja að; ógna. „Hundar finna það oft á sér ef einhver hætta steðjar að“.

Steðji (n, kk) A. Þungur stálklumpur. Jafnan hafður uppi á tréhnalli og notaður til að hamra járn o.fl. Steðji er oft með odd/nefi að framanverðu og gati aftar, til að forma það sem slegið er til. B. Smábein í innra eyra; koddabein.

Stef (n, hk) A. Viðlag í kvæði. Kafli í kvæði/ljóði sem er endurtekinn til að auka takt, einkum þegar sungið er. B. Bútur úr kvæði eða tónverki.

Stefja (s) Yrkja; setja saman vísu/stef. „Stráks á munni stundum er/ stefjuð kersknisglósa./ Sjaldan marki framhjá fer/ flaugaskeyti Rósa“ (JR; Rósarímur).

- Stefna** (n, kvk) Tiltekin átt. T.d. sú átt sem haldið er í. „Haltu þessari stefnu uppundir Lægið“. B. Mót; staður þar sem fólk kemur saman, t.d. kaupstefna. C. Áætlun í tilteknum málum eða af tilteknum hópi. D. Löggeringur sem boðar mann til mætingar, t.d. fyrir dómi. E. Eindagi. „Nú eru bara fáir dagar til stefnu“.
- Stefna** (s) Halda/fara í stefnu/átt. „Fjárhópurinn stefndi fram dalinn“.
- Stefna í óefni/ógöngur/vitleysu/tvísýnu** (orðtak) Fara á verri veginn; horfa til vandræða. „Ég er hræddur um að allt stefni í óefni með sprettuna ef hann fer ekkert að rigna“. Þótti sumum þarna stefna í mikla tvísýnu“.
- Stefna (einhverju) í voða** (orðtak) Leggja eitthvað í hættu.
- Stefna saman** (orðtak) Boða til móts/fundar.
- Stefnislykkja** (n, kvk) Járnykkja neðarlega á framstefni báts, sem krók var brugðin í þegar báturinn var dreginn upp mað spili. „Teygðu þig með krókinn niður í stefnislykkjuna og studdu svo við bátinn“. „Króknum er krækt í stefnislykkjuna og gefið merki um að strekkja á spilstrengnum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).
- Stefnisrör** (n, hk) Rör/pípa í gegnum afturstefni báts, sem skrúfuöxull gengur í gegnum frá vél að skrúfu. Stefnisrörið er vanalega fyllt af feiti/smurefni og með pakkdósum í endum til að varna því að sjór komist um það inni bátinn.
- Stefnufastur** (l) Heldur ákveðið sinni stefnu; hvíkar ekki frá sínum ákvörðunum/skoðunum.
- Stefnulaust** (l) Án stefnu; ómarkvisst. „Við dóluðum stefnulaust framá Víkina, enda lítil von um veiði fyrr en eitthvað tæki úr mesta fallinu“.
- Stefnuleysi** (n, hk) Það að era stefnulaus. „Menn eru þreyttir á stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í málinu“.
- Stefnumið** (n, hk) A. Merkir í raun það mið/viðmið/mark sem stefnt er á, einkum af báti á siglingu. B. Einkum notað núna í líkingamáli um markmið sem einstaklingur eða annar sækir að.
- Stefnumót** (n, hk) A. Merkir upprunalega staðinn þar sem leiðir tveggja (t.d. báta) skerast, sé haldið óbreyttri stefnu. B. Í síðari tíð notað einkum um fund sem tvær manneskjur ákveða, einkum fund karlmanns og konu.
- Stefnuvargur** (n, kk) A. Sending; kvikindi sem sent er til að ásækja mann og valda skaða. „Samt skeði það í harðærunum kringum 1850 að í Fremraskarði gróf tófa greni og kom þar upp nokkuð mörgum yrðlingum. Þau ár kom tófan eins og stefnuvargur yfir Rauðasandshrepp. Mun það hafa orsakast af harðæri víða um land, en fuglabjörgin voru jafnan bestu uppeldisstöðvar fyrir lágfótu ef hún gerðist sauðapjófur“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). B. Nú oftast notað í líkingamáli; „Það er eins og stjórnvöld hafi sent þessa eftirlitsmenn eins og stefnuvarga til að gera okkur erfiðara fyrir með okkar sláturhús“!
- Sefnuvottur** (n, kk) Maður sem skipaður er af yfirvaldi (hreppsnefnd/sýslumanni) og sendur af yfirvaldi (sýslumanni/saksóknara) til að birta manni stefnu um mætingu í fyrirtöku máls eða greiðslu skuldar.
- Steggur** (n, kk) Karlkyn dýrategundar; einkum notað um fugla og refi.
- Stegla** (n, kvk) A. Píningartæki á miðöldum. Staur sem glæpamaður var festur á með sársaukafullum og niðrandi hætti; öðrum til viðvörunar. B. Nafn Breiðfirðinga á stórru lúðu (30-50 kg).
- Steigurlæti** (n, hk, fto) Drambsemi; hroki; yfirlæti; þrjóska.
- Steik** (n, kvk) Steikt kjöt; kjöt sem eldað er án þess að sjóða í vatni/legi.
- Steiking** (n, kvk) Eldun matar án þess að soðið sé í vatni.
- Steikja** (s) Elda (mat) án suðu í vatni.
- Steikjandi hiti** (orðtak) „Það var brakandi þurrkur og steikjandi hiti í bjarginu“ (KJK).
- Steikjandi sól/sólskin** (orðtak) Mikill sólarhiti. „Þarna við eyrina eru bátarnir affermdir og Fönið snúið til heimferðar í logni og steikjandi sólskini“ (KJK; Kollsvíkurvei).
- Steilur** (n, kvk, fto) A. Skammrif af sauðkind/dilk. Mun einkum hafa verið notað eystra og syðra, meðan Vestfirðingar töluðu fremur um *skammrif*. B. Brattir hálsar sem ganga fram úr hálendi. Þó ekki notað í almennu máli í seinni tíð að því frátöldu að Steilur er örnefni á brattri brekku í Jökldalshæð í Kollsvíkurlandi; þar sem hestavegurinn liggur yfir Hænuvíkurháls.
- Steina** (s) Festa steina á; t.d. net til fiskveiða. „Hér hefði mátt steina netið meira; það er of mikið flot í steinateininum“.
- Steina niður** (orðtak) Leggja uppí; leggja net niður í bát og festa í leiðinni *netasteina* á steinapininn. Þetta var nokkuð tímafrek vinna; bæði við að leita að heppilegum steinum og að festa þá í sína hanka. Orðið hélst eftir að blýteinn leysti steina af hólmi; yfir það að gera net klár í bát fyrir lagningu. Sjá *netasteinn*.
- Steinaltari** (n, hk) Steinhlaðið altari til trúariðkunar. Munnmæli herma að á ferðum sínum vestra hafi Guðmundur góði Hólabiskup verið beðinn um að blessa leiðina um Raknadalshlíð, sem lengst af var

hættulegur farartálmi þeim sem gengu milli Eyra og Raknadals. Hann lét þá hlaða steinaltari; blessaði það og mælti svo fyrir að þar skyldu ferðamenn biðjast fyrir sem á hliðina lögðu utanfrá. Heitir þar síðan Altarisberg, og var um tíma hreppamörk milli Rauðasands- og Patrekshrepps. Þeir sem komu að hliðinni innanfrá hafa efalítið beðist fyrir við Helgubúfu; innan Hlaðseyrar.

Steinahús (n, hk) Kjarni í epli, þar sem eplasteinar eru. „Það er alveg skaðlaust að borða steinahúsið líka“.

Steinasafn (n, hk) Safn steina, oftast fágætra og/eða skrautlegra. Allnokkuð steinasafn er á Láganúpi. Uppistaðan í því eru annarsvegar flökkusteinar frá Grænlandi, s.s. granít, gabbró, gneiss o.fl, sem borist hafa með borgarís uppá fjörur í Kollsvík og nágrenni, en hinsvegar er allmikið af kvartssteinum, s.s. jaspis, onyx og glerhalla, ásamt geislasteinum o.fl. sem fundnir eru á Lónsöræfum; hálsur í A-Barðastrandasýslu, Snæfellsnesi og víðar. Þá eru þarna holusteinar úr nágrenninu og för eftir trjáboli úr jarðlögum.

Steinatök (n, hk, fto) Afraunasteinar sem voru við hverja verstöð til mælinga á kröftum vermannna. Líklegt er að steinatök hafi verið í Láganúpsverstöð, þó ekki sjái þeirra merki í dag, en þau hafa varðveist á Hvallátrum. „Steinatökin á Hvallátrum eru fjögur.. Þyngsti steinninn, Alsterkur, er 354 pund; næstur er Fullsterkur; 288 pund; Hálfsterkur 214 pund og Amlóði 192 pund“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV). Eintala orðsins er *steintak*, sem merkir stein sem erfitt er að lyfta; sbr einnig *grettistak*.

Steinateinn / Steinaþinur (n, kk) Neðri þinur/teinn nets, sem steinar voru áður bundnir við til að halda því við botn. Nefndist blýteinn/blýþinur eftir að farið var að nota blý í stað steina.

Steinbálkur (n, kk) Hlaðinn stallur úr steinum. Einkum notað um steinhlaðið rúmstæði/flet.

Steinbítaröð / Steinbítbiti / Steinbítflís / Steinbítslús / Steinbítögn (n, kvk/kk) Heiti yfir munnbita af hertum steinbít. „Á ég ekki að rífa fyrir þig steinbítaröðu af strengslinu“? „Þú mættir alveg gefa mér smá steinbítslús ef þú tímir því“.

Steinbítbudda / Gidda (n, kvk) Budda; kýta; lalli; magi úr steinbít. „Buddan var oft hirt; troðin út með þorskaliður og soðin; þótti matur góður og matarmeiri en kútmagi, enda þykkari, einkum í botninn. Efri hlutinn var nefndur gormur. Víða var steinbítmaginn soðinn og látinn í súr“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Steinbítflökun (n, kvk) Flökun steinbíts. Í seinni tíð er steinbítur einkum nýttur annaðhvort til suðu eða herslu. Í báðum tilvikum er hann oftast flakaður, en ekki flattur með fyrri tíðar aðferð (sjá *steinbítur*). Steinbítflökun fer þannig fram að fiskurinn er lagður beinn á hliðina á slétt borð, oftast með innyflum. Skorið er niður að hrygg aftanvið eyrunnana og flakið með roði skorið af í einu bragði aftur á stirtlu. Hnífurinn fylgir hrygg en hjá vönum flakara er hvorki skorið í hrygg né verður mikill fiskur eftir þegar flakað hefur verið báðumegin. Eigi að sjóða eða steikja fiskinn er flakið stundum roðflett en eigi að herða hann er flakið oftast kúlað og skorin þuma til upphengingar á rá. Ekki má þvo þann steinbít úr vatni sem herða skal. Helst er hann óþveginn, en stundum difið í sjó.

Steinbítsgarður (n, kk) Grjótgarður sem áður fyrr var nýttur til að þurrka steinbít. „Steinbítsgarðar voru allir einhlaðni; meðalmanni undir hönd að hæð. Þeir smáþynntust eftir því sem ofar dró; og aðeins smágrjót efst. Venjulega voru þeir mjög fallnir á vori hverju er komið var til vers, og varð þá að hlaða garðana að mestu eða öllu leupp aftur. Auk þess hafði hver bátshöfn *hrýgjugarð* sem steinbítur var hrúgað á jafnskjótt og hann harðnaði. Þeir garðar voru *tvíhlaðnir* neðan; traustlegri og betur hlaðnir en hinir“ (PJ; Barðstrendingabók). Mikið er enn sýnilegt af steinbítsgörðum í Kollvíkurverri og einnig sunnar í víkinni: „Í rifinu með sjónum sjást öðru hvoru koma úr sandi nokkrir fornir steinbítsgarðar en þegar þeir hafa verið í notkun hefur ekki verið svo mikill sandur í fjörunni og nú er, annars hefði fokið í steinbítinn sandur“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). „Hvergi er í fornritum minnst á grjótgarða sem vergögn og aðeins tvívegis í fornbréfasafni.... En í heimildum frá þrem síðustu öldum er víða minnst á fiskigarða.... Samkvæmt konunglegri tilskipun 1758 um skyldur sjómanna var þeim m.a. ætlað að hressa við gamla gjótgarða og hlaða nýja“ .. „Steinbítsgarðarnir sneru hliðinni við aðalrigningaráttinni, en hrýgjugarðarnir endunum í hana.. Sumum þótti steinbíturinn verkast betur á görðum en í hjöllum. Þegar hann var orðinn hálfharður, næstum því *kominn úr ábyrgð* sem kallað var, og kúlnarnar lögðust ekki lengur saman, var honum *hrýgjað*; hver steinbíturinn lagður ofan á annan með roðið upp. Undir þessum hrúgum voru hrýgjugarðarnir“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Steinbítsgoggur (n, kk) Goggur til að gogga og innbyrða steinbít við bátshlið. Það sem greindi hann frá venjulegum gogg var að hann var með hnalli á hnacka til að rota steinbítinn, gjarnan með *gildingi* úr hvalbeini.

Steinbítsgormur (n, kk) Garnir úr steinbít, notaðar til beitu. „Þegar líða tók á vorið og steinbítur tók að veiðast var notaður steinbítsgormur til beitu“ (Guðbjartur Guðbjartsson um Kollsvíkurver; viðt. EÓ 1962). „Áður var þó einnig höfð til beitu lifur og gota úr hrognkelsum, og gormur; steinbítsgormur; þ.e. garnir úr steinbít en ekki „buddan“; steinbítmaginn“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Steinbítshamar / Steinbítshnallur / Steinbítssleggja (n, kk/kvk) Stór hamar/ lítill sleggja sem notuð var til að berja harðfisk, en harðfiskur í Kollsvík var allajafna steinbítur fyrrum. Heitið steinbítshnallur var þó einnig

notað yfir barefli sem notað var til að rota steinbít eftir að hann var veiddur. Harðfiskur var barinn á sérstökum hentugum steini í nágrenni bæjar, og oft var sleggjan geymd þar ef stutt var í næsta *barning*. Fyrir daga járnhausa voru gegnumboraðir steinar skefdir fyrir sleggjuhausa. Mikilsvert þótti að vel væri barið, þannig að fiskurinn væri *mjúkur undir tönn*, en þó ekki svo að hann ódrýgðist eða roð færi að merjast að ráði.

Steinbítshelmingur / Helmingur (n, kk) Hálfur flattur *steinbítur* (sjá þar).

Steinbítshjallur (n, kk) Hjallur til að herða steinbít. „Ég lét draga gamla sláturhútið á Gjögurum út á bakkana og notaði það fyrir steinbítshjall“ (VÖ). „Venjulega voru fiskhjallarnir (steinbítshjallarnir) þannig gerðir að hlaðnir voru fjórir steinstólpar með stuttu millibili, er mynduðu ferhyrning. Á hverja tvo voru síðan lögð allsver tré; hjalltré, og náðu endarnir oftast nokkuð útfyrir stólpana. á hjalltrén voru síðan lagðar rár með hæfilegu millibili, er steinbíturinn var hengdur á“ (KJK; Kollsvíkurver).

Steinbítshlaup (n, hk) Steinbítsganga; gengd af steinbít. „Svo er sagt að síðari hluta aprílmánaðar vorið 1812 kæmi mikið steinbítshlaup á mið þeirra Látamanna“ (GiG; Frá ystu nesjum).

Steinbítskúlða (n, kvk) Kinn úr steinbítshaus. Var rifin úr hertum hausum og snædd.

Steinbítskvörn (n, kvk) Kvörn úr steinbítshaus. Steinbítskvarnir féllu til í miklu magni í Kollsvík og voru notaðar í leikjum barna og sem gjald í spilum. Sjá einnig *þorskhauskvörn*.

Steinbítslýri / Lýri (n, kk) Stór steinbítur; slápur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar; LK; ísl. sjávarh. IV; DE).

Steinbítslæpa (n, kvk) Horaður steinbítur. „Það er ekkert hægt að gera við svona steinbítslæpu; hentu þessu“.

Steinbítismið (n, hk, fto) Fiskimið þar sem sérstaklega var að vænta steinbítisveiði. „Bætur eru þekktasta steinbítismið Látra- og Víknamanna við Bjarg“ (LK; Ísl. sjávarhættir III).

Steinbítisópoli (n, kk) Eyruggi af steinbít og þó einkum fiskurinn undir honum.

Steinbítisroð (n, hk) Roð af steinbít. Það var mikið notað í skó í Útvíkum. „Spariskór, jólaskór, voru úr svörtu skinni, bryddir með hvítu eltiskinni og rósaleppar í þeim. Annars var gengið á skóm úr steinbítisroði heima fyrir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Sjá *roðskór*. Steinbítisroð er með inngrónu hreistri, og það ásamt miklu slími gerir fiskinn sleipan viðkomu. Steinbítisroð af soðnum fiski er jafnan borðað.

Steinbítisrotari (n, kk) Sérstakur goggur sem notaður er á steinbítisveiðum, og var því algengari í Útvíkum en víða annarsstaðar. „Járn hans var sterkara en á þorskgoggi og neðst á öðrum kanti var oft hvalbeins- eða eikarklumpur svo og sver járnhringur“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Steinbítisrotari af þessari gerð var til á Láganúpi til skamms tíma, og gæti enn verið finnanlegur.

Steinbítisróður (n, kk) Fiskiróður til veiða á steinbít. „Áður en vertíð lauk var fiskur oft orðinn tregur á línu. Var þá farið í steinbítisróðra. Það var kallaður „messudagasteinbítur“ sem þá veiddist. Var hann þá orðinn miklu feitari og betri til átu en sá sem veiðst hafði á línu fyrir að vorinu“ (KJK; Kollsvíkurver).

Steinbítisseil (n, kvk) Kippa/seil af óslægðum og óverkuðum steinbít. „Við þennan stein var lent áður fyrr og einum manni af hverjum bát hleypt upp á hann með steinbítisseilarnar, og áttu þeir að sjá um að koma þeim upp í fjöru; bátunum róid frá og settir heim í lendingu“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).

Steinbítisslápur (n, kk) Stór steinbítur, oft horaður. „Hann er furðu vænn þessi steinbítisslápur“.

Steinbítstak (n, hk) A. Sérstakt tak sem notað er á nýveiddan steinbít. Þá er gripið aftan við hausinn; framan við bakuggan, þannig að gómar koma aftan við kjálkana og hann getur ekki bitið áður en hann er rotaður. B. Tak á manni; gripið um hálsinn að aftanverðu. „Hann náði góðu steinbítstaki á þrjótnum“.

Steinbítisstrengli (n, hk) Eitt flak af hertum steinbít.

Steinbítstak (n, hk) A. Grip/tak sem hentar best til að halda á lifandi steinbít. Þá er gripið með þumal fingri og vísifingri ofaní gagnstæðar grópir aftanvið höfuð steinbítisins; yfir bakuggann framanverðan. B. Hálstak; grip/tak eins manns á öðrum, með því að hann læsir þumal- og vísifingri undir hnakkagrópina sínum hvorumegin og þrýstir að hálsvöðvunum. Sterkur maður getur þannig haldið öðrum sæmilega í skefjum.

Steinbítstros (n, hk) Saltaður steinbítur. Allur saltfiskur, annar en þorskur, kallaðist *tros*. Sjá þar.

Steinbítstönn (n, kvk) Tönn úr steinbít. Steinbítstennur finnast mjög víða í jarðlögum í Kollsvík nútildags, og ekki undarlegt þegar haft er í huga mikilvægi steinbítis í veiðum Víknamanna. Hausarnir voru hirtir til matar og tennurnar enduðu því gjarnan úti á öskuhaug; eða á túnnum þegar ræksni voru borin á tún. Steinbítstennur voru hafðar til leikja hjá börnum og sem spilapeningar. Steinbíturinn hefur öflugar tennur, enda er hann fær um að bryðja harðasta skelfisk. Hann missir tennur um hrygningartímann ár hvert og er þá tannlaus. Talið var óheillamerki að draga tannlausan steinbít. Hann átti þá að skera í þrjá hluta og kasta bútnum í sjóinn til að minnka hættu á ógæfu.

Steinbítisveiði (n, kvk) Veiði á steinbít. Langmestu veiðisvæði steinbítis við landið eru við vestanverða Vestfirði; einkum svæðið útaf Útvíkum. Þar mældi Hafrannsóknastofnun 3-5 tonn á fermílu árið 2013. Ekki

er því að undra að miklar menjar séu um steinbítveiði í Kollsvík, og málfar svæðisins hafi sérstöðu í þessu efni. Steinbítveiði var helst stunduð seinnihluta vetrar eða framanaf vori.

Steinbítspön (n, kvk). Tálkn steinbítis. „Þar sem lítið var um steinbít voru hausarnir soðnir *signir*. Einnig þekktist að sjóða *steinbítspanir* einungis til að sjúga beinið; sumir átu þær uppúr súr. “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETh).

Steinbítur (Anarhichas lupus) hefur, ásamt þorskinum, verið uppistaðan í afla Útvíknamanna, líklega frá öndverðu. Líklega var hvergi á landinu veitt meira af steinbít á tímum árabáta en frá Kollsvíkurverum. Þar var framburðurinn jafnan „stenbítur“, og jafnvel „stembítur“, þó ritháttur væri „steinbítur“. „Steinbítur er allt í kringum landið en algengastur við Vestfirði; sérstakega milli Bjargtanga og Blakkness og út af Öndarfirði og Súgandafirði. Afli á þessum slóðum var mestur frá sumarmálum til júníloka og var þeirri veiði þá sinnt eingöngu; oft *tvíróið* sama daginn þótt verið væri með handfæri. Steinbíturinn var sagður *gapalegur* ef menn hlóðu á skammri stundu. Bætur var þekktasta steinbítismið Víknamanna og Látramanna. Þar eins og annarsstaðar vestra þótti *messudagasteinbítur* feitastur, en hann veiddist seinni hluta júnímánaðar. Best *gaf* steinbíturinn *sig til* um fallaskipti og naumast var hægt að vera við veiðina fyrr en strauminn tók að *lina*. Steinbítisöngull þurfti að vera sterkur og oddstuttur; taumur jafnlangur og venjulega; *grunnmál* tvö eða þrjú handtök og ekki *dúað* eins skarpt og fyrir þorsk.

Þegar steinbítur var kominn á var *mutrað* með fyrsta handtakinu, en úr því dregið með mikilli skerpu. Hver maður hafði sinn gogg; *steinbítisrotara*, en járn hans var sterkara en á þorskogggi og neðst á öðrum kanti var oft hvalbeins- eða eikarklumpur svo og sver járnhringur. Jafnskjótt of steinbítinum hafði verið kippt innfyrir borðstokkinn, greip dráttarmaður gogginn með hægri hendi; tyllti sér um leið á þóftuna; setti fiskinn á milli hnjóanna og gaf honum vel útilátið rothögg á hnakkann. Sumir gripu með *steinbítstaki* yfir bakuggann framvið hausinn og héldu honum þannig meðan hann var rotaður. Krókurinn var losaður; beittur upp ef þörf gerðist og færinu kastað út aftur. Dráttarmaður tók síðan með vinstri hendi upp í kjaft steinbítisins; slengdi honum út á borðið, greip hnífinn í þá hægri; skar þverskurð/*vaðkeppu* fyrir framan tálknin; kom fingrunum þar í gegnum svo að fengist gott hald; stakk síðan hnífnum fram við háls og risti kviðinn í einu *hnífsbragði* aftur að gotrauf. Að því búnu setti hann hnífinn á milli tanna sér meðan slógið var slitnið úr, sem allt fór fyrir borð nema *gormurinn/steinbítisgormurinn*. Loks var steinbíturinn skolaður vel úr sjónum og fleygt í bátinn. Við þetta allt þurfti að hafa hraðar hendur; helst að gerast samtímis og færið rann til botns. Ef einhverjum varð á að skilja við óslægðan steinbít, sem nefndist *slógmeri*, hafði hann kallað fir sig ákveðið víti.... *Slæging* steinbítis á sjó var gerð til að koma meiri afla í bátinn; léttu *fjöruburðinn* og flýta fyrir aðgerð í landi. Steinbítur veiddist einnig á lóð, á sömu beitu og þorskur.

Væri mikill afli var komið með hann óslægðan að landi. Steinbíturinn var tekinn beint úr sjó og borinn úr fjöru upp í *ruðning*..; tveir fiskar hafðir hvorumegin á brjósti og fjórir í bak. Ef steinbíturinn hafði ekki verið blóðgaður og slægður á sjónum var fyrst *vaðkeipað*; síðan skorið milli eyrugga og fram í lifodda og loks aftur í gotrauf; síðan *afhausað/kollað/afkollað*. Næst kom til kasta *pussarans*, sem oft var *hálfdrættingur*, en verk hans var fólgið í að hreinsa allar innýflaefar, *munnamaga*, lifraaragnir að framan en garnarendann að aftan og skera burt gotraufina, en í henni var oft skel og sandur sem tók bitið úr flatningshnífnum og óhreinnaði fiskinn. Var þetta kallað að *pussa* eða *grúnsa*. Flatningsmaður tók síðan við steinbítinum; lagði hann á vinstri hlið; lét sporðinn snúa að sér og risti framan frá gotrauf og aftur að sporði ofan á kviðugganum/gotraufarugganum. Hnífnum var þá snúið við og rist ofan á hryggnum/*blóðdálkinum*, fram í hnakka. Því næst var farið undir hrygginn um fjóra þumlunga frá sporði og rist með einu handtaki framúr. Loks var losað um hrygginn að aftan; honum lyft upp og tekinn burt. Urðu þá eftir nokkrir liðir næst sporði; *markið*. Síðast var gerður þverskurður í *þunnildin/kisurnar/kerlingarnar* til þess að losna við ýldu. Að lokinn flatningu var steinbíturinn *kúlaður/stykkjaður*, þ.e. gerðir þverskurðir í fiskinn með tveggja þumlunga millibili frá hnakka og aftur undir mark. Ekki mátti skera svo djúpt að að sæi í roðið og þaðan af síður *roðskera*. .. Eftir kúlun var steinbítinum fleygt í sjó ef hann hafði ekki verið nægilega skolaður áður. Vatn mátti ekki nota því að þá var hætta á skemmdum...

Steinbíturinn var fluttur kúlaður á garða eða í hjalla. Þar var hann *rifinn upp*. Það gerðu þeir sem báru hann þangað, með því að taka í sína *kerlinguna* hvor og halda steinbítinum á lofti milli sín og láta fiskinn snúa að sér. Annar hafði hníf í hendi; spretti á roðinu við hnakkann og skar fimlega með oddinum niður eftir hryggnum út í roð og aftur að *marki*. Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem hengu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. Annar kallaðist *meyjarhelmingur*; og honum fylgdi gotraufarugginn/*meyjarugginn*, en hinum fylgdi bakugginn og markið; nefndist *markhelmingur/graðhelmingur/dálkahelmingur*. Ennfremur var talað um *steinbítshelming* eða aðeins *helming*... Yngsta aðferðin var að flaka hann og voru flökin þá kúluð eða skorin í tvö *strengsli* með *bandshaldi*.

Steinbítshausinn var *klofinn/kjannaður/kollaður upp*; ýmist með hníf eða exi og undir honum hafður hvalhryggjarliður ef til var. Haldið var með vinstri hendi undir neðri góm og hnakkabeinið klofið niður um miðju. Urðu þá til tveir jafnstórir *kjannar*. Einnig var hausinn klofinn að innanverðu við vinstra augað; hnakkabeinið skorið úr. Urðu þá kinnarnar eftir og hengu saman á *granabeininu*, en *kjaftabeinið* var áfast

þeirri vinstri; allt kallað *beinakjanni/beinakjammi*.

Steinbítur var borðaður nýr og saltaður, en þó oftast harður... Þegar honum var *sundrað* í tvennt var tekið í hvorn helming og rifið um hnéd. *Markið* fylgdi þá *dálkhelmingnum* ásamt sporði og bekugga. Kroppað var úr hryggjarliðunum og þar í kring; kallað að *vinna að markinu*. Konum var ætlaður *mejjarhelmingurinn*. Þegar steinbítur var *fleginn*, þ.e. rifið af honum roðið svo það mætti nýta í skó, var *kerling*, ásamt *kerlingarugga* og *kerlingarfiski* rist af. Síðan var skorin smáfjöður uppi við sárið kviðarmegin í helmingnum og í broddi hennar fundin himna sem yrði laus við roðið en föst við fiskinn og héldi kúlunum saman. Hét það að *taka uppundir*. Ef það var ekki gert nægilega vel gekk illa að flá. Þegar kom afturundir gottraufina þótti vissara að *skera þar fyrir*, því að oft vildi rifna þar um. Hvorum roðhelmingi til skógerðar fylgdi kerlingin. Steinbítsmaginn/steinbítubuddan/buddan/giddan/kýtan/lallinn/steinbítallinn var oft hirtur; troðinn út með þorskalifur og soðinn. Þótti góður og matarmeiri en kútmagi, einkum í botninn. Efri hlutinn var kallaður gormur. Víða var steinbítsmaginn soðinn og látinn í súr.

Steinbítshausar voru þurrkaðir á grasi eða á grjóti værusamt. Þeir voru oft látnir liggja í saltþekli áður en þeir voru breiddir til þerris, þar sem maður þreifst þá síður í þeim. Þegar hausinn var orðinn hálfþurr var kjaffbeinið stundum losað alveg frá; kallað að *skera úr*. Sæmilega harðir hausar voru bundnir saman; smáþætti var brugðið í gegnum auga á hvorum haus og hnýtt að. Við þá voru síðan aðrir tengdir á sama hátt, þar til komnir voru 8-10 í kippu, sem sett var yfir garð eða hrýgjuenda. Þar sem lítið var um steinbít voru hausarnir soðnir *signir*. Einnig þekktist að sjóða *steinbítspanir* einungis til að sjúga beinið; sumir átu þær uppúr *súr*. *Kinnfiskurinn/kúldan/steinbítskúldan* var víða rifin til átu úr hörðum hausnum. Dálítið var á reiki með kúlduheit. Það gat átt við kinnbeinið ásamt fiskinum og einnig allan hausinn. Hryggirnir voru breiddir eins og hausarnir og þurrum staflað í hlaða. Öll voru þessi bein ásamt uggum ágætt skepnufóður“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum;GG; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

„Á Rauðasandi og Norður-Vikum og í Patreksfirði gefa menn kúm og lömbum fiskbein og ugga. Lifir peningurinn þar af nærri af helmingi á við heyið“ (Jarðabók ÁM/PV). „Á Vestfjörðum, einkum í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, er graslendi og engjar víða fremur lítið, en hinsvegar er sjávarafli þar venjulega mikill, einkum.. af steinbít. Bændur herða af honum hausana ásamt dálkum og uggum. Þetta er síðan barið eða tilreitt á annan hátt.. og gefið skepnum. Kýr eru gráðugar í steinbítbein og mjólka vel af þeim. Féð er einnig fóðrað með þeim... Þegar vel aflast, svo sjávarbændur hafa gnótt seinbít en skorur er á heyi, er kúnum gefinn allur fiskurinn og þar sem slík fæða er bæði auðmeltari og meiri safi í henni en beinunum, mjólka kýrnar einnig betur af þessu fóðri“ (Eggert Ólafsson; Ferðabók).

„Eitt hundrað af steinbítshausum var metið til jafns við eina alin af heyi og eitt hundrað af hryggjum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild GG). „Nokkuð fáum við af steinbít; hann er rotaður og slægður um leið og hann er tekinn inn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Fyrrum var málvenja að einungis væri átt við þorsk þegar talað var um fisk: „Formenn þessir (í Láganúpsveri) og hásetar gefa í vertoll ½ vætt, og afhendist þar hálf í fiski; hálf í steinbít, og hefur þetta verið so í langan tíma“ (ÁM/PV Jarðabók). „Steinbítur á lóð var miklu horaðri og var hertur og notaður fyrir skepnur ef hann var mjög magur. Seinni hluta vertíðar; um messudagana, var kominn feitur steinbítur, kallaður „messudagasteinbítur“ . . . „Steinbítur þekktist ekki sem verzlunarvara til kaupmanna, heldur eingöngu látinn til bænda sem ekki bjuggu við sjó. Verðið minnir mig að væri 20 aurar steinbíturinn. Margir komu í skreiðarferðir; t.d. man ég eftir sr. Guðmundi í Gufudal með stóra hestalest í skreiðarferð hingað“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Sú er sögn um sköpun steinbítisins að hann hafi orðið til úr hundum faraós þegar Egyptar eltu Móse og söfnuð hans um Rauðahafsbotn og drukkuðu þar.

Steinblindur (l) Áhersluorð; alveg blindur. „Þetta sér hver maður sem ekki er algerlega steinblindur“!

Steinbor (n, kk) Bor til að gera holu/gat í stein. Steinborar eru nú undantekningarlaust settir á höggborvélar, en fyrrum voru þeir sívöl ydd verkfæri úr hörðum málmum sem haldið var í hendi og slegið á með hamri.

Steinbrú (n, kvk) Brú úr bergi/steini. „á einum stað hefur brimið sorfið gat uppúr klettunum, svo gengt er á steinbrú fyrir framan það“ (HÖ; Fjaran).

Steinbrýni (n, hk) Brýni úr hörðum eða harðkornuðum steini en ekki steipt með stálsvarfi eins og síðari tíma brýni eru flest. „Uppi á sperru í mókofanum var slitið steinbrýni“. Efni í steinbrýni var oft gneiss eða dólerít.

Steindauður (l) A. Alveg dauður; ekki lífsmark. „Það er óþarfi að rota máfinn ef hann er steindauður“! B. Um veiðislóð; engin veiði. „Hér virðist vera alveg steindauður sjór“.

Steindepill (n, kk) Oenanthe oenanthe. Litill spörfugl sem algengur er sem farfugl í Kollsvík sem um land allt. Annað nafn var steinklappa, og vísa heitin til sérkennilegs hljóðs fuglsins sem er líkast því að steinum sé smeltt saman. Í sumarþúningi er karlfuglinn skrautlegur; blágrár á kalli hnakka og baki; svartur frá nefi aftur um augu og niður á vængjum, sem og aftast á stéli; mógulur á bringu og kverk en fölari að neðancerðu. Hvít rák er einnig ofanvið augu og hvítt á gumpi. Kvenfuglinn er hinsvegar móbrúnn á kalli, hnaka og baki, og á

henni sést augnrák varla; litur á vængjum er mósvarstu; kverk og bringa mó- eða fölgul; kviður ljósastur.. Nef beggja kynja er svart; sem og fætur og augu. Fuglinn er kvikur í hreyfingum; flýgur lágt; tyllir sér oft og hossar sér þá liflega. Vetursetu hefur fuglinn sunnan Sahara í Afríku og flýgur hann um 30 þúsund kílómetra til og frá varpstöðvunum á Íslandi. Fuglinn gerir sér gjarnan hreiður í holum og glufum í klettum, hleðslum og víðar. Hreiðurkarfan er nokkuð vönduð.

Steindepla (n, kvk) Veronica fruticans. Jurt af græðisúruætt, oft um 6-8 cm há. Fremur lágvaxin með áberandi dökkbláum ferblöðuðum blómum sem eru ljós í miðju, með tveim löngum fræflum. Blöðin eru oddbaugótt með stutum randhárnum. Steindeplan vex í giljum, móum; á melum og í klettum. Nokkuð algeng í Kollsvík.

Steindofinn (l) Mjög dofinn; með litla sem öngva tilfinningu í t.d. hendi eða fæti. „Ég var alveg stendofinn í fætinum þegar ég stóð upp, en fékk fljótlega nístandi náladofa“.

Steindrangur (n, kk) Stakur hár klettur, oftast fremur mjór miðað við hæð. „Þarna undir Ytri-Hlíðunum eru tveir steindrangar sem nefnast Karl og Kerling“.

Steindrepa (s) Drepa alveg. „Þessi bjálfi uppi á brúninni reyndi að kasta grjóti til að hrekja féð af stað. Hann hefði getað steindrepið mig þarna í hlíðinni“!

Steindrepinn (l) Alveg deyddur; drepinn skyndilega. „Spánverjarnir voru allir steindrepnir og eru sagðir dysjaðir í Kúlureit á Brunnnum“.

Steindrjólí (n, kk) Stór/illviðráðanlegur steinn. „Brynjólftak er mikill steindrjólí; ílangur, kantaður og nær meðalmanni í brjósthæð“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).

Steindys (n, kvk) Leiði/kuml/dys úr hlöðnum steini. Þegar menn voru dysjaðir að fornum sið var oftast hlaðið að hinum látna með steinum en síðan orpinn haugur yfir.

Steinefni (n, hk) A. Efni í steintegund. B. Þau ólifrænu efni sem lífveru eru mikilvæg, t.d. málmar og sölt.

Steinefnablanda (n, kvk) Bætiefni í fóður fyrir búfé. „Það þarf að gefa steinefnablöndu með fiskimjölinu“.

Steinefnaskortur / Steinefnavöntun (n, kk/kvk) Skortur/vöntun á steinefnum. „Að lokum ræð ég flestum þeim til er gefa *flóðhey*; jafnvel þó vel verkist, að gefa með þeim steinefni; salt. Efnarannsókn hefir leitt í ljós einmitt steinefnavöntun í þessum heyjum“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Steinfall (n, hk) Grjóthrun. „Snjór og klaki í brúnum og á stöllum og aldrei meira klaka- og steinfall en nú í þíðunni“ (MG; Látrabjarg).

Steinflaga (n, kvk) Flaga/hella úr steini. Á oft fremur við um litla hellulaga steina, en stórir flatir steinar nefnast hellur. „Það getur verið ágætt að hafa steinflögur við hendina þegar hlaðið er“.

Steinflís (n, kvk) Lítill oddhvass steinn.

Steingarður (n, kk) Gjótgardur; grjóthlaðinn gardur. „Steingarðar blasa hvarvetna við í Kollsvík“.

Steingálgi (n, kk) Þrífótur úr járn; notaður ásamt *blökk/taliu* til að lyfta stórgryti. „Einar Guðbjartsson og bræður hans notuðu steingálga til að lagfæra vörina í Láganúpsfjöru“.

Steingeit (n, kvk) A. Geitartegund sem heldur sig gjarnan í klettum og fjöllum. B. Stjörnumerki (capricorn).

Steingeld (l) Um kind; alveg geld; án lambs; mjólkar ekki lambinu. „Mér sýnist að hún sé alveg steingeld. Það arf að venja lambið undir einhverja aðra eða gefa því heima“.

Steingervingur (n, kk) Lífvera eða hluti lífveru sem varðveist hefur um ármilljónir/árbúsindir vegna sérstakra geymsluskilyrða. Oftast er nfnið notað yfir lífveru sem umbreyst hefur eftir dauða sinn þannig að í stað lífræns vefs eru komnar steindir. Til að þetta geti gerst þarf skrokkurinn að verjast rotun í nægilega langan tíma. Steingervingar finnast því oft þar sem t.d. skriða hefur fallið eða dýrin fallið í súrefnissnaudan pytt. Sumsstaðar hafa lífverur varðveist í ís um árbúsundir, t.d. mammútar, og eru einnig nefndir steingervingar. Einnig er heitið notað yfir mót sem lífvera skilur eftir sig í bergi. Steingerfingar finnast því víða í Kollsvík- og Láganúpslöndum; bæði þar sem holur eru í berglögum eftir viðarboli, s.s. í Vatnadalsbót og Grófarstekk; og þar sem hraun hefur runnið í brotsár trjáa, s.s. í Vatnadalsbót og Núp.

Steingildra (n, kvk) Steinhlaðin refagildra. Slíkar gildirur voru notaðar fyrrum, og ein slík varðveitist enn á Gildruhjalla í Seljadal á Hvallátrum.

Steingleyma (s) Gleyma alveg/gjörsamlega. „Þessu var ég nærri búinn að steingleyma“.

Steingleymast (s) Vley mast algerlega; verða algerlega útundan. „Það steingleymdist að loka hliðinu“.

Steingólf (n, hk) Gólf sem er lagt hellum/grjóti; steinstept gólf.

Steingrár (l) Líkur blágrýti að lit. Lýsingin er oft notuð um hesta en sjaldnar um kindur eða kýr.

Steinhella (n, kvk) Hella/flaga úr steini; grjóthella. „Sigríður á Láganúpi var frumherji í málun á steinhellu“.

Steinhissa / Steinhlessa (l) *Hlessa*; í *forundran*; *gáttaður*. „Maður er bara aleg steinhissa á þessari ufsagengd“.

Steinhláða (s) Hláða úr steini. „Þeir steinhlóðu allmikinn kamp aftanvið fjóshlóðuna á Melnum“

Steinhláðinn (l) Hláðinn úr grjóti. „Garðarnir eru steinhláðnir með sjávarbökkunum, en torfhleðsla er í framhaldi þeirra neðan Brunnsbrekku“.

Steinhljóð (n, hk) Alger þögn; ekkert hljóð. „Eftir þessa skammarræðu var steinhljóð í salnum“.

Steinhljóður (l) Alveg þegjandi; þögull. „Hann sat steinhljóður og hlustaði á lesturinn“.

Steinhnullungur (n, kk) Oftast notað um stein sem er vel viðráðanlegur; allt frá *kastgrjóti* upp í *steindrjóla*.

Steinhús (n, hk) A. Hús hlaðið úr steinum; steinhláðið hús. B. Í seinni tíð; hús úr steinsteypu.

Steini lostinn (orðtak) Mjög hissa; *steinhissa*; *forviða*. „Ég varð steini lostinn yfir þessum fréttum“. Líking við að fá stein í höfuðið, t.d. í bjargi eða í bardaga. „Forneskjunnar fargi létt og fjötur brostinn./ Stendur hann eins og steini lostinn“ (JR; Rósarímur).

Steinkast (n, hk) Hrun staksteina úr klettum/brattlendi. „Viða er varasamt undir bjarginu vegna steinkasts, einkum snemma á vorin og eftir miklar rigningar“.

Steinkol (n, hk, fto) Jarðlög sem mynduð eru við það að leifar ferskvatnsplantna lenda undir miklu fargi í jörð og myndbreytast fyrst í mó (60% kolefni); síðan í brúnkol (70%) en að lokum í steinkol (80%); svarta harða lífræna steintegund sem er hitagæf við íkveikju. Mest af steinkolaforða jarðar myndaðist á Kola-Perm tímabili í jarðsögunni; fyrir 345-225 milljónum ára. Steinkol finnast ekki á Íslandi, en voru á tímabili mikið flutt til landsins til kyndingar. Í Kollsvík voru kol um tíma notuð til hitunar vatns í stórum þvottapottum; fyrir daga dísilrafstöðva og rafvæðingar.

Steinkross (n, kk) Kross úr steini. Uppi eru vangaveltur um það hvort Kollur landnámsmaður, sem hingað kom í trúboðsleiðangur með kirkjuvið frá Suðureyjum, hafi byggt fyrstu kirkju landsins í Kollsvík; á undan þeirri sem Örlygur fóstbróðir hans byggði undir Esjuhlíðum. Hafi hann gert það, hefur hann líklega reist kirkjuna á lágum hól, steinsnar frá bæjarhólnum í Kollsvík; þar sem síðar stóð hin kaþólska hálfkirkju. Hann hefur þá líklega einnig reist keltneskan steinkross á Biskupsþúfu, sem er sjávarmegin og vestan kirkjuhólsins, enda var það síður í keltneskri kristni á þeim tíma. Vart hefur krossinn þó verið annað en rispur á steini, því ólíklegt er að mikið hafi bjargast af verkfærum úr strandinu á Arnarboða. Nafn Biskupsþúfu gæti því verið utaní Patrek biskup á Íona, þar sem Kollur nam kristin fræði, en ekki Guðmund góða biskup sem þar áði þremur öldum síðar; á leið sinni til vígslu Gvendarbrunns.

Steinlagður (l) Þakinn steinum sem raðað er saman. Fiskur var þurrkaður á steinlögðum reitum í Kollsvíkurvei, og má enn sjá marga þeirra.

Steinliggja (s) Liggja grafkyrr. Oftast notað um skepnu sem skotin er: „Ég lét fara á tófuna á löngu færi og hún steinlá í fyrsta skoti“.

Steinlód (n, hk) Þyngdarklossi/lód úr steini. *Reislur* voru margar með steinlóði, fyrr á tíð.

Steinn er stafns auki (orðatiltæki) Áminning um það að ráðlegt sé að hafa með sér *stjórastein* og *fangalínu* þegar haldið er á sjó, en hann var gjarnan hafður í stafni eða þar sem hann var minnst fyrir mönnum, afla og *austri*. Einnig var það ófrávíkjanleg regla, þegar *vitjað* var um net, að hafa aukasteina ef tapast hefðu *netasteinar*, *miðmætingssteinar* eða *niðristöðusteinar*.

Steindef / Steinnibba / Steinkarta (n, kvk) Nef/horn á steini/kletti. „Passaðu að reka ekki eggjakassann utaní steinnibbuna þarna“! „Spottanum brá hann á litla steinkörtu sem virtist ekki mikið hald í“.

Steinolía (n, kvk) Eimuð hráolía. „Steinolía var mikið notuð fyrrum, í hinum margvíslegasta tilgangi. Fyrst og fremst var hún ljósmeti á olíulampa sem þá veru algengir, og á steinolíuluktir. Einnig þótti hún góð til að bera á ryðbletti á járn; sem hreinsiefni og smurefni; til að drepa lús og næra húðina og jafnvel til inntöku við hverskyns kvillum. Þá var tilveran mun einfaldari þegar eitt efni dugði við öllu, samanborið við óendanlegan fjölda eldsneytistegunda, ryðhreinsiefna; sleipiefna; meindýraeiturs; húðáburðar og lyfja í samtímanum“.

Steinolíubrúsi / Steinolíudunkur / Steinolíukútur (n, kk) Brúsi með/fyrir steinolíu.

Steinolíulampi (n, kk) Lampi til lýsingar og hitunar, sem brennir steinolíu. Þeir voru algengir á heimilum eftir að lýsislampar liðu undir lok og þar til rafmagn fór að gagnast. Helstu hlutar steinolíulampa eru byða; krans með stillanlegum kveik og lampagler. Steinolíulampar veittu góða birtu og allnokkurn hita. Enn eru varðveittir steinolíulampar á Láganúpi með byðum smíðuðum af þjóðhagasmíðnum Guðbjarti Guðbjartssyni á Lambavatni.

Steinolíulukt (n, kvk) Lukt til lýsingar. Helstu hlutar hennar eru þeir sömu og í steinolíulampa, en með nokkuð öðru lagi. Einnig var á henni handfang til að unnt væri að bera hana með sér. Önnur tegund lukta; *gaslukt*, var einnig kynt af steinolíu; en hún var nokkuð annarrar gerðar (sjá þar).

Steinrenna (s) Verða að steini. Samkvæmt þjóðtrúnni hættir nátttröllum til að steinrenna falli á þau dagsbirta og sólarljór. Því má víða sjá andlit þeirra og dranga í landslaginu, þar sem þau hafa mætt sínu *skapadægri*.

Steinrota / Steinrotast (s) Rota/rotast alveg; missa meðvitund af höggi. „Þú hefðir steinrotast, hefðirðu orðið fyrir þessu“.

Steinrotaður (l) A. Alveg rotaður/meðvitundarlaus, t.d. af höfuðhöggi. B. Í fastasvefni. „Ég sofnaði undir morgun og var steinrotaður framundir hádegisd“.

Steinrunninn (l) A. Orðinn að steini. „Sagt er að drangurinn sé steinrunnið nátttröll“.

B. Svo hissa/undrandi að maður stendur grafkyrr; *gapandi hissa*.

Steinsmuga (n, kvk) Ákafur og þunnur niðurgangur; *skita*; *veggspýtingur*; *renniskítur*. „Ég fékk heiftarlega steinsmugu eftir veisluna“.

Orðið finnst ekki í orðabókum í þessari merkingu en var algengt í Útvíkum.

Steinsnar (n, hk) Örstutt vegalengd. Líking við þá vegalengd sem steini verður kastað. „Þetta er steinsnar frá“.

Steinsofa (s) Sofa mjög fast. „Hann steinsefur ennþá“.

Steinsofandi (l) Í fastasvefni; *fastsofandi*. „Hann vakti í alla nótt og er steinsofandi núna“.

Steinsofna (s) Sofna mjög fast. „Ég lagði mig aðeins, en ég held bara að ég hafi steinsofnað“.

Steinsótt (n, kvk) Veikindi sem stafa af myndun steina í líffærum. Oft notað fyrrum um gallsteinaveikindi.

Steinsteypa / Steinsteypt bygging (n, kvk/ orðtak) Blanda efna sem er þjál til hellingar í mót, en storknar og verður burðarmikil og endingargóð; mikið notuð til húsbýgginga og annarra mannvirkja. Helstu innihaldsefni steinsteypu eru mól, sandur, vatn og sement, en oft er einnig blandað léttblendi o.fl. til að kalla fram æskilega eiginleika. Sementið hvarfast við vatnið á nokkrum klukkutímum og límur fylliefnin í harðan massa. Um leið verður nokkur hitamyndun. Rómverjar voru fyrstir til að nota steinsteypu, og ein elsta steinsteypta bygging heims er hið hvolfbyggða hof Pantheon í Róm; frá dögum Hadríanusar keisara; um 126 f.Kr. Fyrsta steinsteypta húsið á Íslandi mun hafa verið í Sveinatungu í Norðurárdal í Borgarfirði; byggt 1895. Áður höfðu hús verið byggð úr höggnum kalklímum steini, s.s. Viðeyjarstofa, Alþingishúsið, Múrin o.fl., en það er önnur saga. Fyrsta steinsteypta húsið í Rauðasandshreppi var íbúðarhús í Saurbæ; byggt 1907 af Finni Ó. Thorlacius sem þar ólst upp og varð síðan afkastamikill smiður og hönnuður. Það hús brann og er nú horfið. Finnur byggði einnig næsta steinsteypta húsið í hreppnum 1912, sem var íbúðarhús í Breiðavík og enn er hluti húsasamstæðu gistiheimilisins þar. Í Kollsvík, eins og víðar, var snemma byrjað að nota steinsteypu til fyllingar og límingar á grjóthlöðnum húsveggjum. Þannig var t.d. kjallarinn á húsinu í Tröð, sem Guðbjartur Guðbjartsson og Hildur Magnúsdóttir byggðu sér um 1911. Hinsvegar var steinsteyptur grunnur undir húsið sem þau, árið 1934, drógu neðan af Grundum að Láganúpi. Þar byggðu þau, með aðstoð sona sinna, steinsteypt skepnuhús og hlöður kringum 1940. Allnokkru fyrr, eða árið 1921, hafði verið byggt íbúðarhús í Kollsvík; veglegt og vandað að þeirra tíðar mælikvarða. Það þjónar enn sem íbúðarhús í Kollsvík, þó nokkrar endurbætur hafi verið gerðar á því. Enn fyrr reisti Milljónarfélagið (P.J. Thorsteinsson & Co) salthús í Kollsvíkurvei, en þar stundaði það veruleg saltfiskkaup. Líklega er það elsta steinsteypta byggingin í Kollsvík; sennilega byggt kringum 1910, en Milljónarfélagið starfaði milli 1907 og 1914. Má enn sjá leifar þess við Syðrilækinn í Verinu. Íbúðarhúsið á Láganúpi var byggt 1974; steinsteypt hús sem teiknað var og byggt af Gunnari Össurarsyni frá Láganúpi fyrir Össur Guðbjartsson og Sigríði Guðbjartsdóttur, bændur á Láganúpi.

Steinstopp (n, hk) Alveg kyrr/stöðvað; allt stopp. „Vélin hökti nokkur púst í viðbót og var svo steinstopp“.

Steinstólpi (n, kk) Steinhlaðin undirstaða *þurrkjalls* (sjá þar).

Steintak (n, hk) Þungur steinn; steinn sem erfitt er að lyfta, sbr *grettistak* og *steinatök*.

Steintegund (n, kvk) A. Bergtegund; heiti ákveðinnar gerðar bergs. B. Frumsteind, annaðhvort í samsettu bergi eða sérstætt í völu/hnullungi.

Steintröll (n, hk) Nátttröll sem, samkvæmt þjóðtrú, hefur dagað uppi og er orðið að steini.

Steinuppgefinn (l) Mjög þreyttur; *kúguppgefinn*; *að niðurlotum kominn*. „Ég var steinuppgefinn eftir hlaupin“.

Steinþró (n, kvk) A. Þró/kista sem höggvin er út í stein. B. Steinsteypt þró, s.s. *baðþró*.

Steinvala (n, kvk) Lítill steinn; smásteinn.

Steinveggur (n, kk) A. Grjóthlaðinn veggur. B. Steinsteyptur veggur.

Steinþagna (s) Þagna alveg og skyndilega; verða *klumsa*. „Hann steinþagnaði við þessa ádrepu“.

Steinþegja (s) Þegja alveg; halda sér saman; þegja eins og steinn; grjóthalda kjafli. „Það vantar ekki aðfinnslurnar en svo steinþegir þessi grátkór þegar beðið er um lausnir“.

Stekkjarmót / Stekkjarhleðsla / Stekkjarrúst / Stekkjartótt (n, hk/kvk) Rúst/leifar af *stekk*. „Sé um stekkjarrúst að ræða er hún mikið eldri en stekkjarrústir sem eru mjög greinilegar á Hnífunum...“ (HÖ; Fjaran).

Stekkjaraustur (n, kk) Á síðari tímum hefur skapast hefð um að hann sé einn jólasveinanna, og komi fyrstur þeirra til byggða á jólaföstunni. Fyrrum voru þessar verur þó af allt öðru og misjöfnu sauðahúsi; flestir varasamar ókindur eða útilegufólk sem fólk stóð stuggur af á tímum hjátrúar og bókstafstrúar. Nafnið bendir til að stekkjaraustur hafi skapast sem ókind sem væri á flækingsi kringum stekkinginn; hugsanlegt er jafnvel að honum hafi verið kennt um ef vanhöld urðu á málnytjunni.

Stekkjartími (n, kk) Stekktíð; tíminn sem fráfarur standa yfir. „Í Ytri-Lambhaga (í Hnífunum) voru fráfarulömb geymd yfir stekkjartímann“ (HÖ; Fjaran).

Stekklamb (n, hk) Lamb sem fært er frá móður þegar ær eru mjólkaðar á stekk. Sumsstaðar mun hafa tíðkast að smalinn fengi stekklamb ef hann stóð sig vel um stekktíðina.

Stekktíð (n, kvk) Sá tími sem fráfarur stóðu fyrir á tíð, og ær voru mjólkaðar á stekk. Hófst 10. júní.

Stekkur (n, kk) Lítil fjárrétt þar sem kindur voru mjólkaðar meðan *fráfarur* voru stundaðar. Stekkur samanstendur af lítilli rétt, sem ær og lömb voru rekin inni og ærnar síðan mjólkaðar í; og minni lambakró við hliðina, sem lömbin voru sett í og höfð yfir nóttina. Hét það að stía. Fleirtölumynd orðsins var í seinni tíð „stekkir“ en hefur sennilega áður verið „stekkar“, samanber bæjarheitið Stekkadalur. Fjölmagir stekkir eru í og við Kollsvík. Á Hnífunum eru Grófarstekkur; Evararstekkur, Katrínarstekkur og Þúfustekkur. Grundir byggðust upp úr stekk, og e.t.v. Hólar einnig. Stekkjarmelur byggðist upp úr stekk og stekkur var á Stekkjarhjalla í Kollsvík. Líklegt er að stekkur hafi áður verið í Tröð og e.t.v. víðar í Kollsvíkurlandi.

„Fært var frá í júnímánuði. Fyrst var svonefnd stekktíð, en þá voru lömbin enn með mæðrum sínum en sett í lambakró á stekknunum á kvöldin og höfð þar um nóttina en ærnar gengu lausar á meðan og voru svo mjólkaðar að morgni, áður en lömbunum var hleypt út. Þetta var líka kallað að stía lömbin og stóð yfirleitt í um tvær vikur (Wikipedia). „Stekkir hafa verið hér allmargar; flestir þó á Hnífunum. Þar eru, eins og áður var getið, lautir og bollar í brúninni og þar eru nafngreindir fjórir stekkir og sést vel fyrir hleðslum á þeim öllum. Hér næst er Þúfustekkur og er hann undir smá klöpp þar sem Brunnsbrekkan tekur við norður af Hnífunum og nær niður að sjó. Stuttan spöl þar fyrir utan er smálaut heimantil við Strengbergið sem er hæsta brúin á Hnífunum. Þar er Eyvararstekkur, en utantil við Strengbergið er önnur svipuð laut með áþekktum smátóttum sem heitir Katrínarstekkur. Engin munnmæli eru til um við hvaða konur þessar stekkar eru kenndir en þeir eru mjög gamlir og mjög litlir. Sama má segja um fjórða stekkinginn sem heitir Grófarstekkur. Hann er utar á Hnífunum upp af svonefndu Undirlendi í litlum djúpum bolla á brúninni. Hér í Víkinni voru mörg grasbýli þar sem fólk lifði á sjávarfangi og átti kannske örfáar kindur og líkur eru til að konurnar hafi haft þessar fáu ær í kvíum og stekkingirnir verið nefndir eftir þeim enda eru þeir með ólíkindum litlir“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). Sjá einnig *fráfarur*.

Stela senunni (orðtak) Taka athygli einhvers/áhorfenda frá öðru.

Stela öllu steini léttara / Stela öllu sem hönd á festir (orðtök) Um þjófnað; *láta greipar sópa*; stela öllu tiltæku. „Þeir segja að karlinn sé askoti *hvinnskúr*; að hann steli öllu sem hönd á festir“.

Stelast til (orðtak) Gera í óleyfi; laumast til að gera. „Ég stalst til að halla mér smástund á kirkjubekknunum“.

Stelinn (l) Þjóföttur; hvinnskúr. „Varaðu þig dálítið á honum; hann á það til að vera stelinn þegar færi gefst“.

Stelipjófur (n, kk) Gæluorð um þann sem stelar. „Ég gerðist stelipjófur og fékk hjá þér lúku af salti í gær“. Fyrrihlutinn er *þarfleysa*; líklega skeytt við til að milda síðari hlutann.

Stelkseggr / Stelkshreiður (n, hk) Egg stelks eru jafnan fjögur; grænbrún brúndröfnótt og ydd í annan enda. Hreiðrið er í háum stráum á þurru stað og karfan ekki vönduð að gerð.

Stelksgelt / Stelksgjamm / Stelksglamur (n, hk) Mikil og hávært hljóð í stelk. Eins og þeir vita sem reynt hafa er stelkurinn töluvert hávær fugl, ekki síst á varp- og ungatíma. Hans verður mjög vart þar sem varplönd eru nærri bæjum, t.d. á Láganúpi, og getur haldið vöku fyrir svefnstygnum. „Hann sagðist lítið hafa sofði fyrir þessu samfellda stelksglamri“. „Stelksgeltið gaf greinilega til kynna hvar kötturinn lá í leyni“.

Stelkur (n, kk) A. *Tringa totanus*. Vaðfugl af snípuætt sem algengur er um allt land. Um 28 cm langur; höfuð grábrúnt með líklum fingerðum ljósum dílum sem fara stækkandi og verða rákir þegar kemur niður á háls. Kviður og bringa ljós með dökkum skellumen bak að mestu grábrúnt. Vængir ljósleitir; afturfjadrir hvítar; stél svart, en hvítt aftast á baki. Goggur svartur fremst; annars appelsínugulur eins og fætarnir. Kjörlendið eru mýrar og tjarnir. Stelkurinn er farfugl og algengur t.d. í Kollsvík að sumarlagi.

B. Snælda; Stoð undir þóftu í báti, sem á festast fiskifjalir.

Stell (n, hk, linur frb) A. Samstæður borðbúnaður í einum stíl. B. Burðargrind t.d. á bíl.

Stelling (n, kvk) A. Staða. „Þú situr illa að vaðnum í þessari stellingu“. Sjá *setja sig í stellingar*. B. Festing í botni báts fyrir masturshæl/neðri enda á siglutré. Gróp á sérstökum planku ofan á kilinum. „Áður en hægt væri að sigla þurfti að setja siglu í stellingu og hespa henni við þóftuna“.

Stelpa (n, kvk) Stúlka; telpa.

Stelpast (s) Lýsing sem Jón Hákonarson notaði um það eðli karlpenings að gera sér dælt við kvenfólk. Var almennt tekið upp í mælt mál í Rauðasandshreppi og víðar. „Ég veit ekki hvað satt er, en ég frétti að hann væri oft á nágrannabænum; eitthvað að stelpast. Hafðu það samt ekki eftir mér“.

Stelpugála / Stelpugopi / Stelpukind / Stelpunóra / Stelpuskessa / Stelpurófa / Stelpuskjáta / Stelpuskott / Stelputuðra / Stelputrippi (n, kvk/hk) Nokkur þeirra gæluorða um stelpu sem algeng voru. „Þá var farið að þrjóna sokka á okkur börnin og sauma að minnsta kosti buxur á strákana og kjól á stelpuskessuna; sem var ég ein á tímabili“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Það er nokkuð erfitt að ætla að ná í mann;/ ég var uppgefin á líkama og sálu./ Á ferð minni um sveitina ég engan vinning vann./ Þeir vilja heldur unga stelpugálu“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Stelsýki (n, kvk) Áráttá sem sumir eru haldnir og felst í því að hafa löngun til að stela, þó ekki sé af brýnni nauðsyn; það að vera stelvís/þjófóttur.

Stelvís (l) Þjófóttur; haldinn stelsýki.

Stemma (n, kvk) A. Stífla. B. Rímnalag; afbrigði/hluti rímnalags/kveðskapar. „Við fengum hann til að kveða fyrir okkur fácinar stemmur“. C. Gæluheiti á viðrekstri/freti. „Hættu nú að kveða svona stemmur“!

Stemma (s) Stífla; hindra; stöðva.

Stemma stigu við/fyrir (orðtak) Hindra; stöðva. „Það verður að fara að stemma einhverja stigu við þessum fólksflóttá“. Vísar til þess að setja hindrun á veg/stíg, en fyrri mynd orðsins „stigur“ var „stigur“.

Stemma við (orðtak) Passa við; vera í samræmi við. „Hans niðurstaða stemmdi við mína“.

Stemmandi (l) Stöðvar niðurgang/skitu; veldur *harðlífi*. „Lýsi er allra meina bót, en dálítið stemmandi“.

Stemmdur (l) Innstilltur á; í skapi til. „Hann getur sagt ansi skemmtilega frá, ef hann er þannig stemmdur“.

Stemning (n, kvk) Um andrúmsloft/viðhorf/samræmi í hópi. „Það var góð stemning í veislunni“.

Stendur/streymir á færi (orðtak) Um áhrif sjávarfalls á færi. „Það er líklega byrjað suðurfall hérna; mér sýnist standa öflugt á færið. Við gætum þurft að snúa bátnum“.

Stendur á hverju járnri / hverjum krók / hverju snæri (orðtak) Um skakveiðar; fiskur á hverjum öngli á slóðanum. „Það er heldur *viðkoma* þetta; *svei mér þá* ef ekki stendur fiskur á hverju járnri“. „Nú stendur bara á hverjum krók“! „Um tím stóf fiskur á hverju snæri, um leið og það kom í sjó“.

Stendur af hafi (orðtak) Um vindátt; álandsvindur. „Það kólnar í lofti þegar vindur stendur af hafi“.

Stendur á (orðtak) A. Almenn: Ástatt er; hittist á; mál standa. „Þú ert velkominn í kaffi þegar vel stendur á hjá þér“. B. Upprunaleg notkun: Staða á færi í sjó. Þegar legið er á skaki þykir standa vel á færið þegar það *stendur* annaðhvort beint *niður*, eins og gerist á fallaskiptum/snúningi, eða liggur lítillaga frá því borði báts sem skakað er við; *stendur frá*. Sama er um net sem dregið er. Illa stendur á þegar færi *liggur undir bát*; þ.e. þegar *liggur undir kjöl*; *rekur á færið/netið*. „Nú þarf að snúa bátnum svo betur standi á“.

Stendur á gömlum merg (orðtak) Byggir á því sem fornt/gamalt er; byggist á gömlum siðum/hefðum. „Búskapur í Kollsvík hvílir á gömlum merg“.

Stendur á hverju járnri (orðtak) Um góða veiði; *ólmur fiskur*; fiskur hleypur á krók um leið og honum er rennt í sjó; fiskur er á hverjum krók *slóðans* þegar upp er dregið.

Stendur á sjó (orðtak) Um sjávarstöðu; *sjávaður*. Haga þarf sjóferðum í Kollsvík eftir því hvernig stendur á sjó; hvort flæði er eða fjara. „Það stendur á útfalli, og er nokkrum hluta farmsins hlaðið í Fönix við sandinn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Eftir að fiskur gekk á grunnmið; lóðamiðin; „sandinn“ eins og það var kallað í Kollsvík, var venja að róa eftir því sem stóð á flóði eða fjöru, og aldrei öðruvísi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Stendur á straum (orðtak) Um stefnu/styrk sjávarfalls á tilteknum tíma. „Hvernig heldurðu að standi á straum núna“? Við róðra í Kollsvík var mikilvægt að hafa í huga hvernig stæði á straum þegar lagt var frá landi, enda er veiði mjög háð sjávarföllum. Oftast er fiskur mun tregari yfir harðasta fallið, einkum ef stórstreymt er, en gefur sig fremur til um *snúninginn*. Þá skiptir fallið máli varðandi drátt og lögn á línu og netum.

Stendur (allt) eins og stafur á bók (orðtak) Um það sem hægt er að treysta fullkomlega. „Hafi hann lofað einhverju þá stendur það eins og stafur á bók; því máttu treysta“.

Stendur ekki steinn yfir steini (orðtak) Allt jafnað við jörðu; allt í kaldakoli. „Þeir eru búnir að vinna svoleiðis að málefnum dreifbýlisins að þar stendur ekki steinn yfir steini“.

Stendur ekki/varla útúr hnefa (orðtak) Er agnarsmár/örlítill. „Merkilegt hvað þessi lambkægill getur hlaupið; sem stendur varla útúr hnefa“!

- Stendur eins og stafur á bók** (orðtak) Fer eins og lofað er; er áreiðanlegt. „Það má treysta því sem hann segir; það stendur eins og stafur á bók“. Vísar til þess að prentuðu máli verður ekki breytt.
- Stendur frá** (orðtak) Um færi á skakveiðum; stendur í átt frá bát og fiskimanni. Þykir fiskilegt ef það er í hófi, en ekki ef færið *glæjar/ stendur á glæ* þ.e. liggur svo skáhallt frá að sakkann nær vart botni.
- Stendur heima** (orðtak) Stemmir; passar; *kemur heim og saman*. „Var hún einhyrnd og kviðslitin segir þú? Það stendur heima; þetta er kindin sem við urðum að skilja eftir í síðustu smölun“. „Það stóð heima að hann var ferðbúinn á hlaðinu þegar ég mætti, svo við gátum strax lagt á fjallið“.
- Stendur (illa/vel) í bólið/bælið hjá (einhverjum)** (orðtak) Um dagfar/skap manneskju. „Hún getur verið fjandi illskeytt ef þannig stendur í bólið hennar, þó venjulega sé hún viðmótsþýð“.
- Stendur í járnum** (orðtak) Er rétt nægilegt/hæfilegt. „Mér sýnist að það hérumbil standi í járnum að saltið dugi á þennan afla“. Vísar líklega til vogar, þegar mundangina ber við lóðréttu uppistöðu kvarðans.
- Stendur illa á færi / Stendur undir / Stendur undir bát / Stendur undir kjöl** (orðtak) Um færi á skakveiðum; færið utan borðstokksins dregst með byrðingnum; vísar í áttina undir bátinn. Það þykir ekki fiskilegt; færi á að vísa niður, eða aðeins frá bátnum. Sjá *stendur á*.
- Stendur í valdi (einhvers)** (orðtak) Er á færi einhvers; er einhverjum megnugt. „Það stendur ekki í mínu valdi að gera neitt í þessum málum“.
- Stendur niður** (orðtak) Um færi á skakveiðum; stendur niður í sjó í litlu sem engu reki. Sjá *stendur á*.
- Stendur til** (orðtak) Er fyrirhugað/ætlað; er framundan að gera. „Nú stendur víst til að leggja þangað veg“.
- Stendur til bóta** (orðtak) Mun lagast; verður lagfært/bætt. „Ekki er ástandið gott, en vonandi stendur það til bóta“. Mikið notað orðtak; hluti af speki Snorra Eddu; *flest frumsmíð stendur til bóta*.
- Sterínkerti** (n, hk) Kerti úr steríni; vaxkerti. „Mikill munur var þegar sterínkerti leystu tólgarkerti af hólmi“.
- Sterkbyggður** (l) Vel byggður/gerður og úr sterku efni.
- Sterkefnaður** (l) Verulega fjáður/rikur; *kemst vel af*. „Hann er víst sterkefnaður karlinn“.
- Sterkja** (n, kvk) A. Það sem er sterkt/beiskt/rammt o.fl. B. Efni til að gera lín stífara; stífelsi. C. Mjölvi; helsta tegund fjölsykra/kolvetna. Orkugjafi sem finnst t.d. í kartöflum og öllum korntegundum.
- Sterkjubragð / Sterkjukeimur** (n, hk/kk) Sterkt/rammt/beiskt bragð. „Eitthvað sterkjubragð er af þessu sem ég kann ekki að meta“.
- Sterkjufnykur / Sterkjufýla / Sterkjupest** (n, kk/kvk) Sterk/beisk/römm lykt. „Af hverjum ósómanum er þessi andskotans sterkjupest“?
- Sterkjusólskin** (n, hk) Sterkt sólskin með miklum hita. Einnig; *sterkjuhiti*.
- Sterklega** (ao) Fastlega; af þunga. „Ég býst sterklega við að verkið klárast í dag“.
- Sterklegur** (l) Sem virðist sterkur/sterkbyggður; þrekinn; sterklega vaxinn.
- Sterkraddaður** (l) Með sterka/háa rödd. „Það vill til að hann er sémilega sterkraddaður, svo við gátum greint orðaskil í gegnum brimgnýinn“.
- Sterkur** (l) A. Um mann/skepnu sem hefur mikla krafta/ mikið vöðvafl. „Brynjólfur var sterkari en hans samtíðarmenn. Til vitnis um það er steintak mikið í Brunnaverstöð; 281 kg að þyngd; við hann kennt. Brynjólfur er sagður hafa haldið á hellu þeirri neðanúr fjöru, eitt sinn er hann kom úr róðri. Taldi gott að eiga hana tiltæka í búðarhleðslur“. B. Um hluti og lífverur sem hafa mikið þol/viðnám gegn álagi/sliti/áfalli. „Heldurðu að staurinn sé nógu sterkur í brúarbita“? C. Um blöndu efna. „Nú þykir mér kaffið nokkuð sterkt“.
- Sterkur á svellinu** (orðtak) Harður af sér; einarður; getumikill. „Ég er ekki sérlega sterkur á svellinu í þessu hrognamáli“. Líkingin vísar e.t.v. til þess að þola að detta á svelli, en gæti einnig átt við glímu á svelli.
- Sterkviðri** (n, hk) Mikið rok; mjög hvass vindur, sem tekur í. „Það voru átök að berjast á móti þessu sterkviðri“.
- Sterstýfa** (s) Klippa neðanaf stert/tagli á hrossi.
- Sterstýfður** (l) Um hest; búið að klippa neðanaf tagli. Stundum í líkingamáli/háði um manneskju.
- Stertur** (n, kk) A. Tagl á hesti; afturendi á hesti. B. Líkingamál um afturenda/rasskinna á manneskju. „Lyftu stertinum meðan ég ryksuga sófann“. C. Gæluheiti á reykjarpípu. „Hvar hef ég nú lagt stertinn minn og tóbakið“? „Karlinn sat um stund þegjandi og tottaði pípustertinn“.

- Steypa** (n, kvk) A. Styttling úr *steinsteypa* (sjá þar). „Það þarf allnokkuð af steypu í þetta“. B. Verkið að steypa. „Við þurfum að fá fleiri með okkur í steypuna“. C. Líkingamál um bull/munnræpu/þvælu/innihaldslaust þvaður. „Láttu ekki nokkurn mann heyra þessa steypu“!
- Steypa** (s) A. Hrinda; velta; ýta um koll. B. Stökkva. „Farðu varlega að lambinu í ganginum, svo það steypi sér ekki framaf“. C. Gera/forma/móta úr steinsteypu eða öðru efni sem harðnar. „Salthús Milljónarfélagsins í Verinu var líklega fyrsta steypa húsið í Kollsvík“.
- Steypa af stalli/stóli** (orðtak) Velta úr sessi; koma frá völdum; lækka í tign/virðingu.
- Steypa fram af sér** (orðtak) Um hest; steypa böggum, knapa eða flutningi framfyrir sig. „Eitt sinn minnst ég þess að hafa séð hest; Stroku sem Helgi í Tröð átti, láta sig falla á hné, neðst í Kolsvíkurbrekkunni og steypa klyfjum og reiðingi fram af sér“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Steypa stömpum** (orðtak) A. Um bát; hníga og hefjast mikið í sjó; *stampast*. „Skipið steypiti stöfnum svo gaf yfir það aftur á skut“. B. Leikur sem felst í því að taka undir hnésbætur sér með báðum höndum og steypa sér kollhnís. Orðtakið er líking við það að hella úr stampi/tunnu.
- Steypa undan** (orðtak) Um fuglshreiður; eyðileggja varp. „Sumir vilja steypa undan hrafninum, en aðrir vilja meina að það geri hann aðeins grimmari við lömb og máttfarnar kindur“.
- Steypast á höfuðið/hausinn** (orðtak) Detta; hrasa. „Hann steypist á hausinn í urðinni“.
- Steypast úr loftinu** (orðtak) Rigna mjög mikið; hellirigna. „Það steypist enn úr loftinu; það er ekkert *linunarmót* á þessu“.
- Steypibað** (n, hk) Mikið vatn sem hellist á stuttum tíma yfir. „Ég fékk heldur steypibaðið í dembunni“!
- Steypiflóð / Steypiregn** (n, hk) Hellirigning; skýfall. „Þetta bara steypiflóð; mikið déskoti getur hann rignt“! „Við bíðum aðeins og sjáum hvort ekki dregur úr þessu steypiregni“.
- Steypifoss** (n, kk) Mikill foss. „Ekki eru það nú leysingarnar; bara stórar og steypifossar útum allt“!
- Steypur í sama mót** (orðtak) Líkur; nærri eins. „Mér sýnist að strákurinn sé steypur í sama mót og pabbinn; segir ekki meira en hann getur staðið við“.
- Steypubali / Steypubörur / Steypufata / Steypuhjólborur / Steypukassi / Steypureka / Steypurenna / Steypuskófla** (n, kk/kvk) Ílát og áhöld sem notuð eru við steypuvinnu. Algengara var að tala um reku en skóflu í Kollsvík.
- Steypudagur** (n, kk) Dagur sem steyp er. „Venja var í Rauðasandshreppi að menn hjálpuðust að þegar sérstaklega mannfrekt verkefni stóð yfir, svo sem við uppsteypu og járnun húsa. Var það yfirleitt unnið í sjálfboðavinnu, þannig að greiði kom í greiða stað. Steypudagur gat því orðið dagur mikilla mannfunda“.
- Steypuefni** (n, hk) Efni til steinsteypu. „Við þurfum að viðá að okkur steypuefni á morgun“.
- Steypugalli** (n, kk) Hlífðarfatnaður manns við steinsteypu.
- Steypuhræra / Steypulögur** (n, kvk) Hræringur af steinsteypu. „Fyrir daga rafmagns og véla var steypa hrærð í höndum. Valið var gott undirlag, t.d. slétt hella eða járn. Á Láganúpi var löngum til stór járnplata til þessara nota. Tveir hrærðu; hvor á móti öðrum, gjarnan með sementsrekum. Skeljasandi og mól var fyrst hrært saman í réttum hlutföllum; síðan sett sement úti og að lokum hæfilega af vatni. Síðan hrærðu menn; ráku skóflurnar í haginn til skiptis; mokuðu hrærunni til hliðar á annan veginn og svo á hinn, þar til hæfilega var hrært og unnt að koma steypunni í mótið með fötu eða hjólborum. Ólafur Guðbjartsson í Kollsvík átti stóra steyputunnu, sem í var hrært á þann hátt að draga af henni band með hestum eða mannaflí. Síðar komu bensindrifnar hrærivélar; traktorsdrifnar og rafdrifnar“.
- Steypujárn / Steypt járn** (n, hk/ orðtak) Pottjárn; járn með miklu kolefnisinnihaldi, sem formað er með steypu í mót, en ekki með því að slá það til eða beygja. Steypujárn er stökkt og erfitt að beygja það og sjóða.
- Steypumót** (n, hk, oftast fto) Mót sem steypu er hellt í, þar sem hún harðnar og formast.
- Steypumöl** (n, kvk) Grjótmulningur/möl sem hentar í steinsteypu. Gæði hennar fara eftir kornastærð, hreinleika og hörku. Steypumöl hefur ekki fundist í miklu magni í Kollsvík, en sennilega er gnægð af henni í Breiðsholti.
- Steypusandur** (n, kk) Sandur til fyllingar í steypu. Í Kollsvík er notaður skeljasandur með góðum árangri; enda nóg af honum.
- Steypuskil** (n, hk, fto) Skil í steypu efni, þar sem t.d. fyrri steypa hefur náð að harðna áður en sú næsta batt sig við hana. Steypuskil eru illa séð í steinsteypum veggjum, þar sem þar vill veggurinn leka eða skemmast.
- Steypustyrktarjárn / Steypustyrktarstál / Steyputeinn/ Steypuvír / Mótavír** (n, hk/kk) Stálteinar sem settir eru í steinsteypu til að styrkja hana og vír til að halda mótum saman.

Steypuvinna (n, kvk) Vinna við steypu/steinsteypu.

Steyta (s) A. Mylja; mola; mala. B. Rekast á/saman. Mestmegnis notað í orðasamböndum í seinni tíð.

Steyta á skeri (orðtak) Stranda á skeri. Oftast notað í líkingamáli; *bera upp á sker*; lenda í vandræðum.

Steyta golu/kalda/vind (orðtök) Vinda; auka vind/golu/kalda; kula. „Hann er farinn að steyta dálítinn vind hérna suðurá sýnist mér“.

Steyta görn (orðtak) A. Upprunaleg merking: „Væri fiskur dreginn af miklu dýpi var endaparmurinn stundum úti sökum þrýstings; þá steytti hann görn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Þótti það góður fyrirboði um afla þann daginn. B. Afleidd merking: Rífa kjaft; rífast. „Hvað ert þú að steyta görn, *arminginn* þinn“! (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Síðari merkingin var almennt notuð í Rauðasandshreppi á síðari tímum en hin fyrri ekki.

Steyta hnefann (orðtak) Kreppa hnefann og ógna einhverjum með honum.

Steyta kjaft / Steyta sig / Steyta túlann (orðtak) Rífa kjaft; *bregðast ókvæða við*; rífast. „Hvað er þessi *rýringur* að steyta kjaft?! Ég held honum væri hollara að *halda sig á mottunni*“!

Steyta vömbina (orðtak) *Penja vömbina*; borða í óhófi; morða mikið.

Steytingsgjóla / Steytingskaldi / Steytingur / Steytingsskítur / Steytingsvindur / Steytingur (n, kvk/kk) All hvass vindur. Steytingur og steytingsskítur getur líka verið töluverður veltingur/ruglandi á sjó. „Það var kominn steytingskaldi, svo við drógum bara upp“. „Við vengum steytingsskít fyrir Blakkinn“.

Steytingshvass (l) Allhvass vindur. Virðist óþekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Stél (n, hk) A. Aftasti hluti fugls, sem myndaður er af löngum stífum fjöðrum og notaður m.a. til stjórnunar á flugi. B. Lóðréttur stýrivængur á afturhluta flugvélar.

Stélfjöður (n, kvk) Fjöður í/úr stéli fugls.

Stélstuttur (l) Um fugl; með stutt stél.

Stétt (n, kvk) A. Hlað, t.d. framanvið bæ, úr föstu efni; t.d. steinlagt eða steyp. „Hann fór út á stétt til a taka á móti gestunum“. B. Hópur manna sem býr við svipuð kjör, einkum varðandi atvinnu, laun eða þjóðfélagsstöðu. „Össur á Láganúpi vann löngum að hagsmunamálum bændastéttarinnar“.

Stéttarfélag / Stéttarsamband (n, hk) Félagsskapur stéttar, sem berst fyrir hagsmunamálum hennar. „Össur var lengi fulltrúi síns héraðs í Stéttarsambandi bænda“.

Stifta (s) Skikka; skipa; skipuleggja. Mikið notað fyrrum, en heyrir vart í dag.

Stiftamtmaður (n, kk) Embættismaður; æðsti fulltrúi konungsvaldsins hérlendis frá 1684 til 1872. Var jafnan búsettur í Danmörku til 1770. Stiftamtmaður þáði föst laun en hafði landið ekki á leigu, líkt og hirðstjórari. Vald stiftamtanna var m.a. á sviði kirkjumála, skólamála og dómsmála, en var þó aldrei eins mikið og vald landshöfðingja síðar.

Stifti (n, hk) Gamalt orð yfir biskupsdæmi.

Stig (n, hk) A. Skref almennt; það sem stigið er. B. Mælieining, t.d. hitastig. Til forna var stig lengdarmáseining og jafngilti hálfum faðmi eða 4 fetum. C. Stéttarstaða í þjóðfélagi fyrrum. „Hann var af lágum stigum“. D. Eynmark sauðfjár. Gert í hlið eyra líkt og biti, en þannig að neðri skurðurinn er láréttur en sá efri hallandi. E. Mynd í beygingu lýsingarorða, frumstig-miðstig-efstastig. F. Haft/þrep í stiga.

Stigagat / Stigaop (n, hk) Loftgat; op milli hæða í húsi, sem stigi liggur að. „En ég hafði ekki áhuga og fór ekki nema upp í stigagatið og lét hlerann hvíla á mér og fór ekki lengra, þrátt fyrir fortölu“ (IG; Æskuminningar).

Stigahaft / Stigaþrep (n, hk) Haft/þrep í stiga. „Gamla konan fékk veður af gestinum ... settist á loftskörina með fætur í efsta stigahaftinu og ræddi málin við pabba“ (S.G: Bréf til mómmu; Árb.Barð 80-90).

Stigakjálki (n, kk) Hlið/uppistaða stiga.

Stigamaður (n, kk) Ræningi. Nær einungis notað í sögum og ævintýrum. Myndbreyting hefur orðið, þannig að í stað „í“ er komið „i“. Orðið er í raun „stigamaður“; þ.e. sá sem heldur til á stígum og rænir vegfarendur. Breytingin sést í orðtökum, s.s. að vera „á refilstigum“ og „*stemma stigu við*“.

Stigaslá (n, kvk) Loftskör; brún stigagats. Oftast stýtt í „slá“. „Ég setti skólatöskuna þína upp á slána“.

Stigfjöl (n, kvk) Fjöl á hverfisteini, rokk eða öðru tæki, sem stigið var á til að knýja hann áfram.

Stigi (n, kk) A. Gangvegur með tröppum/þrepum. B. Það sem hækkar í þrepum, s.s. tónstigi.

Stigsmunur (n, kk) Greinilegur/mælanlegur/verulegur munur.

Stika (n, kvk) A. Mjór staur; prik. B. Mæliprik; mælistika. Um tvær gerðir getur verið að ræða. Annarsvegar kvarða; prik með mælikvarða sem notað er til þess t.d. að mæla álnavöru í verslun. Afbrigði hennar er reglustika. Hinsvegar tvífætt stika sem gengið er með til að mæla vegalengd t.d. í metrum. Sjá *stikulög*. C. Lengdarmálseining sem fyrrum var í notkun. Ein stika jafngilti einni *alin*.

Stika (s) A. Mæla með stiku eða skrefum; *skrefa*. B. Reka niður stikur. C. Ganga hröðum/stórum skrefum.

Stika stóran (orðtak) Ganga í stórum skrefum; flýta sér. „Hann hraðaði sér þeim til aðstoðar og stikaði stóran“. Líklega er þetta orðtak stytting á einhverju eldra, en ekki er vitað hvaða orð hefur fallið aftanaf. Í seinni tíð hefur heyrst orðtakið „stika stórt“, en það var ekki í máli Kollsvíkinga, a.m.k. ekki eftir miðja 19. öld.

Stika út (orðtak) A. Mæla lengd/svæði með stiku. B. Mæla svæði og afmarka það með stikum.

Stikkfrí (l) A. Um leiki: Í eltingaleik og fleiri leikjum getur þáttakandi lýst sig „stikkfrí“, sem merkir að hann tekur sér frí úr leiknum; er ósnertanlegur. B. Vera laus allra mála; laus við vandræði. „Halda þessir háu herrar að þeir geti verið stikkfrí frá öllum vandamálum sem þeir efndu til á síðasta kjörtímabili“?

Stikkófær (l) Algjörlega ófær. „Það verður ekkert farið yfir Hálsinn í dag; hann er stikkófær“.

Stikkpilla (n, kvk) Lyf í töfluformi sem stungið er í endaparm.

Stikla (n, kvk) A. Stöng sem staðið er á, til að geta tekið stærri skref of/eða sýnast hávaxnari en maður er; kallast að *standa á stiklum*. B. Steinn í á sem hoppað er á til að fara þurrum fótum yfir; *stiklusteinn*. C. Bútur úr frásögn/myndasýningu eða öðru.

Stikla (s) Stökkva/hoppa t.d. framhá hindrunum.

Stikla á stóru (orðtak) Um frásögn; segja ekki nákvæmlega frá smáatriðum; *fara fljótt yfir sögu*.

Stiklusteinn (n, kk) A. Steinn sem stiklað er á, til að komast yfir illfæru, t.d. læk, á eða mýri. B. Steinn í urð eða grófu fjörugrjóti sem stokkið er á til að komast leiðar sinna r á göngu. „Stiklusteinunum í Ánni hefur skolað til í vatnavöxtunum“.

Stikna (s) Steikjast; verða mjög heitt; hitna vegna álags eða veðurs. „Það var svo heitt niðri í bjarginu í hádegissólinni, að við vorum *alveg að stikna*“!

Stikta Ókunn merking E.t.v. sama og að skikka til, þ.e. skylda til; gera skyldugan til. (S.G. telur það merkja að staulast) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Stikulög (n, hk, fto) Lög sem sett voru um árið 1200 að tilhlutan Páls biskups Jónssonar, til að koma betra samræmi á lengdarmál og vog. Mæltist Páll til að notuð yrði stika sem væri tvær álnir (sjá *alin*). Með stikulögum var í Grágásarlögum kveðið á um að mæla skyldi „vaðmál og léreft og klæði öll með stikum þeim sem tíu saman séu jafnlangar kvarða þeim sem merktur er á kirkjuvegg á Þingvelli, og skal leggja þumalfingur fyrir hverja stiku“. Forníslensk *alin* er talin hafa verið 49,2 cm.

Stilkur (n, kk) Leggur. Einkum notað um legg á jurt, s.s. blómstilkur.

Stillur (n, kvk, fto) A. Sjólaust og góðviðri yfir langan tíma; ládeyða. „Fyrir framan er endalaust úthafið oftast nær ókyrrt, nema á einstöku stilludögum“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). B. Smásteinar sem notaðir eru í vegghleðslu til að fylla upp í og rétta af. C. Stiklur; steinar sem standa uppúr ám og lækjum og henta til að stikla yfir, þurrum fótum. „Þægilegt er að komast yfir Ána á stillunum neðan við Vaðið“.

Stilla (s) A. Gera hæfilegt/rétt; skammta. „Það þyrfti að stilla klukkuna“. B. Um veður/sjólág; lægja; lagast. „Hann hefur nú eitthvað stillt þetta síðan í gær“. C. Stökkva á milli steina til að komast þurrum fótum yfir á, „...neðan við brotið eru Skógarstillur. Er hægt að stilla þar eins og á Klöppunum...“ (ÍH; Örn.skrá Melaness).

Stilla/stikla á steinum (orðtök) Stökkva af einum steini á annan, t.d. til að komast yfir á/læk. „Neðar í Ánni var hægt að stilla á steinum og komast þannig yfir“.

Stilla (einhverju) í hóf (orðtak) Fara varlega að einhverju; gera í hófi. „Samþykkt var að kosta byggingu slíks skýlis (við Rauðasandsrétt). Kostnaði skyldi stillt mjög í hóf...“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 22.03.1961; ritari ÖG).

Stilla sig um (orðtak) Halda aftur af sér; hafa stjórn á sér. „Ég stillti mig um að segja það sem mér datt í hug“.

Stilla skap sitt (orðtak) Hemja reiði sína; halda yfirvegun þrátt fyrir hugaræsing.

Stilla til friðar (orðtak) Koma friði á; róa þá sem hafa uppi ófrið. „Honum gekk fremur erfiðlega að stilla til friðar milli nágrennanna“.

Stilla undir fall (orðtak) Haga sjósókn þannig að komið sé að landi þegar hæfilega er fallið að/út; stilla sjósókn þannig að komið sé á miðin rétt fyrir *fallaskipti/snúning*, en þá er *veiðilegast*.

Stilla (einhverjum) upp við vegg (orðtak) Gera einhverjum úrslitakosti; neyða einhvern til að láta að sínum vilja. „Bændum var bara stillt upp við vegg; annaðhvort að byggja ný fjós eða hætta búskap“.

Stillans (n, kk, linur frb) Vinnupallur sem staðið er á til að auðvelda vinnu hátt uppi, t.d. við húsbýggingu.

Stilli (n, kvk) Rólegheit; yfirvegur; stilling. „Við skulum nú reyna að halda stilli okkar“!

Stillilega (ao) Af stillingu; með rósemd/yfirvegur.

Stillilogn (n, hk) Algjört logn. „Er siglt hafði verið nokkra stund til lands að lokinni velheppnaðri legu gerði stillilogn. Var þá sest undir árar og róíð uppundir Látrabjarg“. (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi)

Stillilogn (n, hk) Stilla; algert hæglæti. „Það er einhvernvegin hægt að róa í svona stillilogni“!

Stilling (n, kvk) A. Sjálfsstjórn; rósemi; yfirvegur. „Hann tók þessu af mikilli stillingu“. B. Það að stilla eitthvað; búnaður til að stilla; stig stillingar.

Stillt veður (orðtak) Hæglæti. „Þessi flutningur fór fram fyrri hluta sumars og var valið stillt og gott veður“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Nú var svo stillt í sjóinn að hægt var að lenda þar“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Stilltur (l) A. Þægur; rólegur; yfirvegaður. „Þið verðið að sitja stilltir í kirkjunni strákar“! B. Búið að stilla.

Stilludagur / Stillutíð (n, kk/kvk) Dagur/tímabil með stillum/ládeyðu. „Við verðum að nýta vel þessa stillutíð til róðra; það er hæpið að geyma sér sjóveður“!

Stillur (n, kvk, fto) A. *Stillur til hafsins*. „Hvað skyldu þessar stillur standa legni“? „Ef vel gaf var róíð fram undir veturnætur. Mér finnst að frekar hafi verið stillur á haustin áður fyrr“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Stiklur; steinar í á, sem unnt er að stikla/stökkva á til að komast þurrum fótum yfir. „Fyrsti farartálminn var Torfalækurinn, en það voru stillur í honum svo það var gott að komast yfir hann. ... Nokkru fyrir norðan Miðlækinn var Áin. Í henni voru líka stillur; tveir stórir steinar sem hægt var að stökkva á“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Stillur til hafsins (orðtak) Kyrr/sléttur sjór; sjóleysa. „Þetta eru einstakar stillur til hafsins, dag eftir dag“.

Stimamjúkur (l) Mjúkmáll; kurteis á yfirborði; *smúningalipur*. „Ætli maður verði ekki að vera dálítið stimamjúkur við þessa háu herra“. Ekki er vel ljóst hver stofn forliðarins er, en getum hefur verið leitt að því að hann eigi skilt við að stimpa/stimpast, og að orðið hafi áður verið notað í tengslum við glímu.

Stimpast (s) Ólmast; veita mótspyrnu; láta illa/ófríðlega. „Við þurfum að vera tveir með nautið ef það fer eitthvað að stimpast“.

Stimpast á (orðtak) Tuskast; fljúgast á án verulegrar hörku. „Hættið nú að stimpast svona strákar“!

Stimpast við (orðtak) A. Streytast á móti; spyrna við fótum. „Ætli maður reyni nú ekki eitthvað að stimpast við ef þeir ætla að fara svona með félagsmenn“! B. Slást við; ólmast við. „Ég nenni ekki að stimpast meira við karlfauskinn; annaðhvort vill hann þetta eða ekki“!

Stimpill (n, kk) A. Áhald til að stimpla með; áhald með upphleyptu letri eða myndum sem vætt er bleki og þrýst á blað eða annað t.d. til merkingar. B. Í vél; bulla sem hreyfist í sprengihreyfli.

Stimpingar (n, kvk, fto) Átök; létt áflog; bras; vesen. „Vertu nú ekki að þessum stimpingum við nautið“!

Stinga (s) Reka í, t.d. eitthvað oddhvasst s.s. nál, reku, hníf í það sem linara er.

Stinga (einhverju) að (einhverjum) (orðtak) A. Réttu einhverjum eitthvað, t.d. sem gjöf. Hann stakk hundraðkalli að mér um leið og hann kvaddi“. B. Segja einhverjum frá einhverju.

Stinga af (orðtak) Yfirgefa; fara/laumast frá. „Ég er hræddur um að sú gráa hafi stungið af með sína gimbur. Hún ætlar líklega að forða henni frá slátrun eins og þeirri síðustu“.

Stinga á (orðtak) A. Stinga hnífi í eitthvað til að hleypa úr því. „Mundu eftir að stinga á kýrvömbinni áður en þú mokar yfir kösina“. B. Nefna eigendur að *köstum* þegar skipt er aflahlutum (sjá *skipti*). C. *Leggjast á árar með (einhverjum)*; standa andspænis ræðara á bát og ýta á árar hans til að létta róðurinn og auka átakið. D. Um baggaborð á hesti; lyfta undir annan baggann svo silinn þokist betur niður á klakkinn og hrökkvi síður uppaf.

Stinga/reka (einhvern) á hol (orðtak) Drepa einhvern með lagi vopns; nú að mestu aflagður ósiður.

Stinga á kýli (orðtak) Stinga hníf eða öðru í graftarkýli til að hleypa greftri út og létta á því.

Stinga (einhverju) á sig / Stinga (einhverju) í barminn (orðtök) Setja eitthvað í vasann, og þá einkum í innri brjóstvasa. Getur verið rósamál um þjófnað.

Stinga (einhverju) bakvið eyrað (orðtak) Leggja eitthvað á minnið; festa sér í minni.

Stinga fram (orðtak) Losa stíflu/uppistöðu með því að hleypa vatninu fram.

- Stinga framúr** (orðtak) A. Grafa skurð framúr dýi/drápsauga og veita mesta vatninu frá, til að minnka hættu á því að kindur *fari ofaní*. B Um slátrun fjár/gripa; skera milli hálsæða og stinga innmeð vélinda og barka og opna þannig inn í brjóstholið. Vanalega er nýtt fyrir vélindað í leiðinni og það skilið frá barkanum.
- Stinga frá** (orðtak) Um skakveiðar; *glæja; fara á glæ; bera frá*; um það þegar færi stendur frá bátnum vegna mikils reks, og þykir ekki *fiskilegt*.
- Stinga fyrir (einhverju)** (orðtak) Marka fyrir einhverju með stungum/skurði. „Ég stakk fyrir en þeir skáru torfið“.
- Stinga (upp) garð** (orðtak) Stinga upp mold í kartöflu-/jurtagarði og losa þannig um moldina, áður en ræktun hefst. „Á vorin voru stungnir garðar fyrir kartöflur og rófur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Stinga gegnum (skaf)** (orðtak) Moka snjóskafl á vegi til að fært sé um.
- Stinga hausnum í sandinn** (orðtak) Líkingamál um það að vilja ekki horfast í augu við eitthvað; þykjast ekki sjá eitthvað sem er e.t.v. óþægilegt.
- Stinga hendinni í barminn / Stinga hendinni í barm sér** (orðtök) Stinga hendinni innundir jaðar klæðnaðar framaná brjosti; t.d. jakkaboðung. „Hann stakk hendinni í barm sér og dró upp veskið“. Sjá *barmur*.
- Stinga hjá sér / Stinga niður** (orðtök) Setja eitthvað í hirslu sína.
- Stinga inn** (orðtak) Láta fé inn í fjárhús/ kýr inn í fjós. „Ég fer að stinga fénu inn; það er komið að húsunum“.
- Stinga (einhverjum) inn / Stinga (einhverjum) í steininn** (orðtak) Setja einhvern í fangelsi. Orðtakið vísar til þess að setja sakamann í fyrsta eiginlega fangelsi Íslands, en það var steihlaðið hús við Lækjargötu í Reykjavík sem nú er Stjórnarráðshúsið og aðsetur forsætisráðuneytisins. Húsið var fullbyggt 1771 og þjónaði sem tugthús til 1816. Það gekk lengi vel undir gælunafninu „Múrin“ eða „Steinninn“ og af því er orðtakið dregið. Gælunafnið yfirfærðist síðar á önnur fangelsi og á lögreglustöðina við Hverfisgötu, sem fékk gæluheitið „Hverfissteinn“. Ein þeirra fanga sem dæmdir voru til vistar í Múrnum var Steinunn Sveinsdóttir á Sjöundá; í kjölfar dóms vegna ætlaðra morða á Jóni og Guðrúnu á Sjöundá. Steinunn sætti illri meðferð í fangelsinu og lét þar líf sitt árið 1805; eftir tveggja ára vist.
- Stinga í augu** (orðtak) Vera óþægilegt að horfa á; falla illa í heildarmynd/yfirbragð. „Þetta bílhræ stingur dálítið í augu“.
- Stinga í stúf** (orðtak) Skera sig úr fjölda. „Þessi *rytja* stingur dálítið í stúf við fjárhópinn“. Upphaflega mun orðtakið hafa átt við það að hætta tali í miðri setningu. Stúfur merkir afgangur eða það sem klippt er af.
- Stinga milli stafs og hurðar** (orðtak) Koma einhverju inn í hús; skutla innfyrr. „Ég kem við hjá þér í leiðinni og sting þessu milli stafs og hurðar, en ég má ekkert vera að því að stoppa í kaffi“.
- Stinga niður penna** (orðtak) Skrifa; *setja á blað*; skrifa blaðagrein/umfjöllun. „Það *gekk* svo *yfir* mig að lesa þetta að mér fannst ég yrði bara að stinga niður penna og leiðréttu helstu missagnirnar“.
- Stinga saman nefjum** (orðtak) Ræðast við; ráðgast; tala saman. „Þeir eru að stinga saman nefjum um þetta“.
- Stinga sér** (orðtak) Varpa sér til sunds með höfuð á undan.
- Stinga sér í bælið/lúsina/rúmið** (orðtak) Fara að sofa; fara í rúmið. „Ætli maður fari ekki bara að stinga sér í lúsina, *hvað úr hverju*“.
- Stinga sér í skó/stígvél** (orðtak) Fara í skó/stígvél. „Stingu þér nú í skó og hlauptu eftir mjólk í tankinn“!
- Stinga sér kollhnís** (orðtak) Lúta fram og setja höfuðið við gólf/jörð og velta sér um það framávið. „Mér fannst þetta leiðinlegt og erfitt, svo ég fór að stinga mér kollhnís niður alla brekku með föngin“ (IG; Æskuminningar).
- Stinga sér niður** (orðtak) Um farandpest/smit; sýkja einn og einn. „Þessi flensufjandi hefur víst verið að stinga sér niður hér í nágrenninu undanfarið“.
- Stinga sig** (orðtak) Stinga einhverju í sig; meiða sig á stungu. „Stakkstu þig á nálinni“?
- Stinga skottinu á milli lappanna** (orðtak) Skammast sín; gefast upp með skömm. „Því var viðbrugðið í sveitinni, hér áður, að þegar flökkuhundarnir höfðu gert einhverja skömm af sér þá stungu þeir skottinu á milli lappanna og étu sig hverfa á hljóðlátan hátt“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Stinga steini í vegg** (orðtak) Fást við grjóthleðslu. „Eitthvað hefur maður gert af því að stinga steini í vegg“.
- Stinga (einhverjum) svefnþorn** (orðtak) Svæfa einhvern með t.d. eitruðum broddi (þorni).
- Stinga/skera torf** (orðtak) Flá torf af jörðu með torfljá eða öðru eggjárni.
- Stinga (einhverju) undan** (orðtak) Leyna einhverju; forða einhverju; koma einhverju í skjól.

- Stinga undan (einhverjum)** (orðtak) A. Veiða/vinna meira en einhver; vera fljótari en einhver; *gelda* einhvörn. B. Stela unnustu maka af einhverjum
- Stinga (einhverju) undir stól** (orðtak) Láta hverfa, stinga undan; þagga niður. „Honum var gjarnt að stinga undir stól þeim málum sem óþægilegri voru“.
- Stinga upp** (orðtak) A. Oftast notað um það að stinga upp garð; þ.e. stinga reku ítrekað í moldina og losa um hana, til að auðvelda ræktun t.d. á kartöflum eða öðru. B. Stinga upp mó; *taka upp mó* til þurrkunar í eldsneyti. C. Stinga upp lás = dýrka upp lás; opna lás án lykils.
- Stinga uppá (einhverju)** (orðtak) Leggja eitthvað til; gera tillögu um eitthvað.
- Stinga uppí sig** (orðtak) Setja í munn sér; borða. „...og næsti maður til að opna kofahurðina var einmitt Gummi í Breiðuvík. Einmitt þegar Júlli hafði stungið upp í sig fyrsta bitanum og tuggði með velþóknun“ (PG; Veðmálið).
- Stinga uppí (einhvern)** (orðtak) Gera *kjafstopp*; svara á þann hátt að umræddur sé orðlaus. „Hann var að *skensa* mig fyrir að aka hægt en ég stakk uppí hann með því að minna á áreksturinn í fyrra“.
- Stinga út / Stinga útúr húsum** (orðtök) Moka skít út úr fjárhúsum; moka undan *grindum*.
- Stinga við** (orðtak) A. Um róður báts; hamla; stöðva; andæfa; stinga árum í sjó til að draga úr ferð. „Nú erum við bráðum að renna í gjörið; leggðu út og stingtu við; ég drep á vélinni“. B. Ganga haltur; *haltra*; *skakklappast*. „Hann stingur ennþá dálítið við eftir fótbrotið“. Einnig „stinga við fæti“.
- Stinga/spyrna við fótum / Stinga fótum fyrir** (orðtök) Stoppa snögglega. „... sér í iljar bónda þegar hann steypist fram af bjargbrúninni. Ég sting við fótum þar sem ég er í nokkurra skrefa fjarlægð...“ Frásögn KJK (MG; Látrabjarg). „Bænir syngur bugað lið./ brjóstin þyngir tregi./ Rekka kringir ráðleysið./ Rósi stingur fótum við“ (JR; Rósarímur).
- Stinga við** (orðtak) A. Haltra; vera bagaður/haltur á fæti. „Hversvegna stingur þessi kind svona mikið við“? B. Um róður/siglingu báts; stinga árum í sjóinn til að stöðva skrið báts. „Stingtu aðeins við áður en við leggjum að hleininni“.
- Stinga við stafni** (orðtak) Koma við; stoppa í leiðinni. „Stingtu við stafni hjá mér þegar þú átt leið um“. Dregið af því að skip reki stefni að landi, t.d. til að maður geti stokkið frá borði/um borð. Knörrum landnámsmanna var jafnan lent flötum í fjöru til fermingar/affermingar, sem er andstæða þess að stinga við stafni.
- Stingandi strá** (orðtak) Einstakt strá. Yfir leitt með neitunarorði: „Það er ekki von að fêð haldi sig á þessum eyðisöndum; hér er varla eitt stingandi strá“!
- Stingandi verkur** (orðtak) Sár verkur; verkur sem líkist því að stungið sé í mann hnífi.
- Stingast á endum** (orðtak) Endastingast; *steypa stömpum*; stinga endum niður á víxl.
- Stingast á hausinn** (orðtak) Detta um koll; detta á höfuðið.
- Stingur** (n, kk) A. *Heynál*; *heystingur*; áhald til að losa hey úr hlöðu. B. *Fiskistingur*; áhald til að færa fisk úr kös, t.d. uppí ílát; skaft með járnoddi í enda. C. Tilfinning í líkama, t.d. hlaupastingur; giktarstingur.
- Stingveiði** (n, kvk) Veiðiskapur þar sem bráðin er stungin með sting á skafti. „Fyrir kom að rauðmagi var veiddur með sting í fjörupollum frammi á hleinum í Láganúpsfjöru. Ég man eftir a.m.k. einu skipti sem pabbi fór á þannig veiðar. Minnir mig að hann hafi notað kvísl sem önnur álman hafði brotnað af. Ekki man ég hvað veiðin var mikil en held að það hafi verið nokkrir rauðmagar; allavega nóg í soðið“ (VÖ).
- Stinkvatn** (n, hk) Ilmvatn; rakspíri; *vellyktandi*. „Fjandi hefurðu nú farið óvarlega með stinkvatnið maður; það er *ekki líft* neinsstaðar í nágrenni við þig á næstunni“.
- Stinningsgola** (n, kvk) Kaldi; *þéttingsgola*. „Hann er að auka vindinn; það er komin stinningsgola“.
- Stinningshvasst** (l) Kaldi; nokkuð hvasst. „Það var bara orðið stinningshvasst þegar við fórum í land“.
- Stinningskaldi / Stinningsvindur / Stinningur** (n, kk) Allmikill vindur; allt að hvassviðri. „Hann er að leggja upp stinningskalda“!
- Stinnur** (l) Stífur; ekki/illa sveigjanlegur. „Best er að nota í þetta stinnan pappa“.
- Stirðbusaháttur** (n, kk) Klaufaskapur; klaufalega/óliðlega farið að. „Svona stirðbusaháttur gengur ekki“!
- Stirðbusalega** (ao) Stirðlega; klaufalega. „Heldur *bar* hann *sig* stirðbusalega *til* við þetta“.
- Stirðbusalegur** (l) Klunnalegur; klaufskur. „Óttalega ertu nú stirðbusalegur við þetta“!
- Stirðbusast** (s) Gera með erfðismunum/klaufaskap. „Ætli ég reyni ekki að stirðbusast eitthvað við þetta“.
- Stirðbusi** (n, kk) *Klunni*; klaufi. „Ég er óttalegur stirðbusi í þessari fótamennt“.

Stirðfær / Stirðgengur (l) Ber sig stirðlega að; óöruggur. „Hann hefur löngum verið stirðfær í klettum“.

Stirðhentur (l) Stirður/óliðugur í höndum. „Skelfing er maður stirðhentur við svona fínvinnu“.

Stirðkvæður (l) Ekki liðugt um kveðskap; leirburðarskald. „Heldur finnst mér hann stirðkvæður, blessaður“.

Stirðlega (ao) Ekki lipurlega; ekki með lagni/afköstum/dugnaði. „Honum gekk stirðlega með splæsið“.

Stirðlegur (l) Klunnalegur; seinfær. „Skelfing ertu nú stirðlegur við þetta; þú þarft að vera handfljótari“!

Stirðleiki (n, kk) Tregða; hnókrar; stirðnun; þrjóska. „Það er enn einhver stirðleiki í þeirra samskiptum“.

Stirðlyndi (n, hk) Slæmt/þungt skap; ergelsi. „Alltaf er sama stirðlyndið í þessum karlfauski“!

Stirðlyndur (l) Með erfitt skapferli; uppstökkur; argur; fúll.

Stirðlæs (l) Illa læs; gengur seint og örðuglega aðlesa. „Það er nú eitthvað að skólakerfinu ef börn eru almennt enn stirðlæs þegar þau eru komin um fermingu“!

Stirðmáll / Stirðmæltur (l) Á erfitt með að koma orðum að meiningu sinni. „Heldur fannst mér þessi prestur stirðmæltur“.

Stirðna (s) Verða stirður/stífur; frjósa að hluta; ryðga fast; versna tíðarfar; minnka kunnátta/lipurð. „Eitthvað hefur stirðnað á pollum í nótt“.

„Við þurfum að hengja skrokkinn upp áður en hann fer að stirðna“.

„Best væri að ná fénu úr bjarginu áður en tíð fer að stirðna“.

„Ég er nú farinn að stirðna í þessu“.

Stirðningur (n, kk) Frostskán á jörð eða pollum; lítið frost. „Það er betra göngufærið í svona stirðningi“.

Einnig er notað orðið *stirningur* til að lýsa aðstæðum í frosti; framburður eins og ritháttur líkur, en rötin allt önnur. Stirðningur er dregið af því að vatn stirðnar; þ.e. frýs, en stímingur er dregið af því að ískristallar (hrím) á jörðu glitra eins og stjörnur.

Stirðnun (n, kvk) Það að stirðna. „Einhver stirðnun er að koma í hnéd á mér“.

Stirður (l) A. Á erfitt um hreyfingar; stífur. B. Úfinn/illur í skapi; uppstökkur; fúll; andsnúinn. C. Um kveðskap; ekki lipurlega ort/kveðið. D. Um tíðarfar/veðráttu; illviðrasamt; óþurrkasamt; ógæftir.

Stirður í lund/skapi (orðtak) Úfinn/illur í skapi; uppstökkur; fúll; andsnúinn.

Stirður til gangs (orðtak) Fótstirður; á erfitt með gang, t.d. vegna giktar. „Afi var orðinn stirður til gangs á efri árum, enda höfðu hans fætur nokkur sporin tekið um ævina; bæði í smölunum sem grjótburði og fleiru“.

Stirfinn (l) A. Um mann; viðskotaillur; skapstyggu; öflugur. „Hann er skelfing stirfinn og afundinn þessa dagana“.

B. Um tíðarfar/veðráttu; rysjótt; erfið; slæm.

Stirfni (n, kvk) Þvermóðska; stirt geðslag. „Forðagæslumenn voru orðnir allþreyttir á stirfni karlsins“.

Stirna (s) Um endurkast/speglun ljóss;glampa; speglast; tindra. „Það stirndi á ísað grjótið“.

Stirningur (n, kk) Hrímlísing á jörð; lítilsháttar frost, svo ískristallar myndast. Sjá einnig *stirðningur*. „Alltaf finnst mér magnað að líta yfir vikina í tunglsljósi, stillum og stíringi“.

Stirra (n, kvk) Óþæg ær. „Ég er hræddur um að það þurfi mannskap til að handsama þessa stirru“.

„Við skulum láta sjá hvort þessar stirrur róast ekki til morguns“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var almennt notað í Kollsvík og víðar um Rauðasandshrepp þar til sauðfjárbúskapur lagðist þar niður á síðustu áratugum 20.aldar. Orðstofninn er sami og „stirður“, og í t.d. sænsku er til orðtakið „stärre mot“ = streitast gegn.

Stirri (n, kk) Mislyndur/öflugur maður. „Karlfauskurinn er óttalegur stirri í umgengni“.

Stirtla (n, kvk) A. Kýr/ær sem mjólkar mjög lítið. „Það verður að lóga þessari stirtlu næsta haust“. B. Afturendi/sporðstykki á fiski. Dregið af stertur = afturendi.

Stía (n, kvk) Hólf; afmarkað rými innan stærra rýmis. T.d. hrústastía í fjárhúsi eða kálfastía í fjósi.

Stía (s) Taka lamb af móður og geyma það í stíu á stekki að nóttunni, svo unnt sé að mjólka kindina um morguninn. Þetta var gert frá sauðburði, snemma í maí fram til Jónsmessu, meðan fráfarur voru stundaðar, en stekkir voru yfirleitt í göngufæri frá bæjum. „Þorgrímur þessi missti ábyli sitt af því að hann þótti áleitinn við göngusilung í ánni og við *ásauði* Rauðsendinga; stíaði og *mjaltaði* fé er leitaði í óveðrum niður í Krákinn og heim að Selinu. “ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Stía af / Stía frá / Stía í sundur (orðtök) Setja upp skilrúm/stíu til að skilja að; oft búfé sem ekki getur verið saman við annað. „Kálfurinn var stíaður af í hlöðuendanum“. „*Fengnir* gemlingar voru stíaðir frá þeim *geldu*, innar í *garðanum*“. „Yfir sauðburð var stíað í sundur *körmunum*, svo lambfé hefði meira pláss“. Sjá *stúka af; þilja af; afstíaður*.

Stífa (n, kvk) Máttarviður í mannvirki; á oft við skammbita milli helstu burðarbita; stoð sem styður við. „Ég setti stífu við þilið meðan það var fest“.

Stífa (s) A. Setja upp *stífu*; ganga frá stífu. B. Um fatnað; gera stíft/stinnt.

Stífelsi (n, hk) Línsterkja; efni sem gerir fatnað/tau stíft/stinnt.

Stífingsgola / Stífingskaldi / Stífingsvindur (n, kvk/kk) Allnokkur vindur. „Hann er að æsa sig í stífingsgolu“!

Stífingshvas (l) Allhvas; töluverður vindur. „Hann var orðinn stífingshvas fyrir Blakkinn“.

Stífkrampi (n, kk) Krampi sem gerir líkamann stífan.

Stífla (n, kvk) A. Almennt; teppa, t.d. nefstífla. B. Stíflugarður í vatnsfalli. „Ingvar gerði vandaða stíflu í Ána og hafði þar 12 volta vatnsrafstöð til lýsingar á Stekkjarmel“.

Stífla (s) Setja stíflu í læk eða aðra rás; hindra; standa í vegi fyrir.

Stíflugarður (n, kk) Garður sem settur er þvert á vatnsfall til að stífla það. „Svavar setti stíflugarð í Torfalækinn til að búa til lón til æðarræktunar. Síðar byggði Kári stífluna upp til varnar sandfoki“.

Stífluveggur (n, kk) Veggur stíflugarðs; stíflugarður. „Okkur strákunum þótti það heilt ævintýri að ganga yfir steiptan stífluvegginn í Ánni; sérstaklega þegar vatn rann um yfirfallið“.

Stífna (s) Verða stífur/harður. „Sviðasultan var látin kólna, en við það stífnaði soðið“.

Stífni (n, kvk) *Pverska; stirfni*; óliðlegheit. „Um tíma ríkti allmikil stífni á báða bóga milli bæjanna“.

Stífpessaður / Stífstraujaður (l) Um fatnað; vel pressaður.

Stífpumpa (s) Dæla lofti í dekk þar til það er mjög hart. „Það þarf að stífpumpa dekkinn undir heyvagninum; þó ekki svo að hætta sé á að gjarðirnar springi af“.

Stífur (l) A. Þröngur; stíður; stinnur. „Þessi vír er nokkuð stífur; áttu engan þjálli“? „Það er ári stíft að komast í þessi stígvél“. B. Um verk; fast; ötullega. „Þeir róa stíft meðan gæftirnar haldast“. „Hann sótti þetta mál mjög stíft“. „Þar var víst stíft drukkið“. C. Um persónugerð; þvermóðskufullur; þrjósukur. „Hann var stífur á þessari skoðun“. D. Um veðráttu; þrálát; eindregin; hvöss. „Ansi ætlar hann að verða stífur á norðanáttinni“! E. Yfirdrifinn; rösklegur; rúmur. „Þetta er alveg stíf tveggja tíma ganga“.

Stífur á áttinni (orðtak) Um veðurfar; þrálát vindátt. „Fjandi ætlar hann að verða stífur á vestanáttinni; hann er búinn að halda þessu í nærri viku“!

Stífur á golunni (orðtak) Hvas. „Ári er hann stífur á golunni. Hann á trúlega eftir að auka þennan veltingsfjanda“.

Stífur á meiningunni (orðtak) Þver; heldur fast við sinn keip; þrjósukur. „Um suma Kollsvíkunga hefur verið sagt að þeir sú dálítið stífir á meiningunni; jafnvel *þverari en andskotinn*“.

Stíga (s) A. Ganga; fara; setja niður fót. B. Hækka; vaxa; aukast; fara uppávið. C. Mæla vegalengd með því að ganga eða feta. „Ég er búinn að stíga þetta, og það eru kringum níutíu metrar“.

Stíga af sæng (orðtak) Fara á fætur eftir svefn eða veikindi.

Stíga á stökk (og strengja heit) (orðtak) Lýsa einhverju yfir. Oftas notað um það þegar maður, í viðurvist annarra, heitir að gera eitthvað. Stökkur merkir þarna trjábólur, og vísar orðtakið upphaflega til þess að maður stígur uppá trjából eða aðra upphækkun til að aðrir megi heyra yfirlýsinguna. Er núna notað um hverskonar heit sem menn gefa, t.d. um það að láta af ósiðum sínum.

Stíga á svið (orðtak) Taka þátt í leikverki eða öðru sem fram fer á sviði.

Stíga ekki í vitið (orðtak) Vera *ógáfaður*/heimskur. „Hann hefur nú aldrei þótt stíga í vitið, blessaður“.

Stíga feilspor / Stíga víxlspor (orðtak) Ganga út af tæpri götu; gera eitthvað óæskilegt. „Gáið vel að ykkur þarna í skriðunum. Það getur verið afdrifaríkt að stíga þar feilspor“. „En saga mannkyns sýnir okkur, að þó að heildarútkoman sé þróun þá hafa mörg víxlspor verið stigin í baráttu þess upp á við, gegnum aldirnar“ (EG; Vakandi æska).

Stíga framá fótinn (orðtak) Setja annan fótinn fram og stíga í hann. Það er síður sumra, meðan þeir eiga samræður uppistandandi, að stíga reglulega framá fótinn.

Stíga hverfistein (orðtak) Snúa hverfisteini með því að stíga reglulega á stigfjalirnar til skiptis meðan *lagt* var á/ brýnt.

Stíga í pontu/ræðustól/stólinn (orðtak) Fara framfyrir hóp til að halda ræðu/tölu/predikun.

Stíga í vænginn við (orðtak) *Fara á fjörunnar við; gera sér dælt við; reyna við; leita vinfengis við*. „Þeir segja að hann sé farinn að stíga í vænginn við heimasætuna á næsta bæ“. Líking við dans fugla í tilhugalífi.

Stíga langt til (orðtak) Taka stór skref; vera stórstígur. „Sögn er um nafnið Kerlingarháls. Kerlingar tvær voru að fara inn yfir hálsinn og *metuðust* á að stíga sem lengst til og feta í för hvorrar annarrar. Þá segir önnur, er hún steypir sér fraaf og niður á Brekkuhlíð: „Fetaðu nú í förun mín“. Og för hin síðan á eftir“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Stíga rokk (orðtak) Snúa rokk með því að stíga reglulega á fótarfjölinna.

Stíga sig (orðtak) A. Misstíga sig; snúa sig um ökkla. „Ég steig mig dálítill illa í gær“. B. Um það þegar *síðjúgra* kýr stígur á spena sinn og sker hann með klauf eða jafnvel tekur af honum, þegar hún stendur upp. „Nú hefur hún Búkolla stigið sig í spenann nærkonumegin að framan“. Reynt var að sóttgreinsa sárið sem best og bera undir kýrnar moð. Einnig nýjan þara þegar sárið var farið að skurma. Kúm sem hafa stigið sig er hætt við að *leka sig* (sjá þar).

Stíga (eitthvað) til höfuðs (orðtak) Ofmetnast yfir einhverju. „Honum stígur það dálítið til höfuðs að vera aflahæstur á vertíðinni“.

Stíga varlega til jarðar (orðtak) Ganga varlega um. Nokkuð notað í óeiginlegi merkingu; fara varlega í málum.

Stíga við stökk (orðtak) A. Um ungbarn; ganga með; standa uppvið eitthvað sér til stuðnings, t.d. rúmstökk. „Stubburinn er farinn að skriða útum allt á fjórum fótum, og jafnvel stíga við stökk“. B. Leikur við ungbarn sem farið er að stíga fyrstu sporin. Þá situr sá eldri á stól/rúmstökk; heldur í báðar hendur barnsins, sem stígur vaggandi í fæturna sitt á hvað í takt við vísu sem kveðin var í taktföstu hljóðfalli. Jafnan var þá kveðin þessi vísa, og stundum fleiri á eftir: „Stígur hann við stökkinn;/ stuttan á hann sokkinn;/ ljósan ber hann lokkinn/ litli sráahnokkinn“ (stelpuhnokkinn ef því var að skipta). Man ég eftir að HK amma mín kvað þetta gjarnan við ungbörn enda mjög söngvin; þetta var eitt af fáum skiptum sem ég heyrði GG afa minn kveða, sem þó var óvanalegt.

Stíga ölduna (orðtak) Tvístíga í bát í takt við ölduna til að taka af sér veltinginn. Nokkuð sem þeir læra fljótt sem sjóinn sækja.

Stígandi (n, kk) Hækkun; aukning. Oft notað um skáldverk, þegar það nær meiri fyllingu eða atburðarás verður magnaðri eftir því sem á líður.

Stígur (n, kk) Leið sem gengin er; mjó gata. Vanalega notað um slóða sem eru mjórri/torfarnari en vegir. Stígur nefnist breiður brattur grasfláki niðri í Bæjarbjargi, en í og um hann liggur mjó gata; brött á köflum.

Stígsferð (n, kvk) Ferð til eggja/ í fylgling á Stíg í Bæjarbjargi. „Ekki brást að menn voru kúguppgefnir eftir hverja daglanga Stígsferð og hétu því að fara þenna fjanda aldrei meir. Vart brást að heldur að sömu menn voru mættir við fyrsta tækifæri á sömu slóðir aftur; búnir að steingleyma kjaginu upp dalinn“.

Stígvél (n, hk) Hár skófatnaður af ýmsum gerðum. Sagt hefur verið að góðir gönguskór hafi verið eitt mesta framfaraskrefið í heilsufarsmálum þjóðarinnar í seinni tíð, og vatnsheld stígvél lítið síður.

Stígvélabullur / Stígvélagarmar / Stígvélajollur / Stígvélaklossar (n, kvk/kk fto) Gæluheiti á stígvélum. Í Kollsvík var orðið „jollur“ (linur frb) þeirra mest notað í seinni tíð.

Stígvélaður (l) Í stígvélum. „Ég ætla að vera stígvélaður, ef féð skyldi hlaupa út yfir mýrarnar“.

Stígvélafullur (l) Með full stígvél af vatni/sjó.

Stígvélafullur (l) Fylla stígvél af vatni/sjó. „Þá kom bárukast undir bátinn, svo stígvélafulli hjá mér“.

Stígvélaferi (n, hk) Göngufæri þannig, að nauðsynlegt sé að vera á stígvélum. „Vertu nú rétt skóaður; ég held að það sé bara stígvélaferi um Mýrarnar núna“.

Stígvélagat (n, hk) Gat á stígvéli. „Ég klippti af slönguræflinum til að líma stígvélagöt“.

Stíla á / Stíla til (orðtak) Um sendibréf; senda til; skrifa utaná til. „Ég stílaði bréfið á ráðherrann sjálfan“.

Stíla uppá (orðtak) Miða við; stilla inná; gera ráð fyrir. „Við stíluðum uppá að lenda í vel hálföllnu að, svo að komin væri flæði þegar við værum búnir að bera af bátnum“.

Stílabók (n, kvk) Bók sem ritað er í. Í seinni tíð oftast notað um æfingabækur nemenda í skólum.

Stílabragð (n, hk) Yfirbragð ritverks/skáldverks; persónueinkenni við ritun/skáldskap.

Stílfær (l) Ritfær; hefur færni í ritun; kemur vel fyrir sig orði við skriftir.

Stíll (n, kk) A. Almenn um holan legg/ hola stutta pípu. B. Pennastöng sem áðurfyrr var notuð með því að framaní hana var stungið stálfjöldur. C. Holnál sem stungið er uppí spena á kú vegna þess annaðhvort að hún er með spenainn eða jógurbólgu. Fyrst úr málm, en í seinni tíð tíðkuðust plaststílar með tappa sem tekinn var úr þegar mjólkað var. D. Leturstafrur til prentunar eða gyllingar. E. Aðferð til að reikna út tímatal, t.d. gamli stíll. F. Yfirbragð einhvers sem gert er, t.d. listaverks, bókar, ljóðs, eða byggingar. T.d. gotneskur stíll. G. Rétritunaræfing.

Stílmót (n, hk) Yfirbragð; ummerki. „Mér sýnist lítið stílmót á að hann ætli að taka sönsnum með þetta“.

Stím (n, hk) A. Sigling; stefna á siglingu. „Það er tveggja tíma stím í land“. B. Samsetning/splæs.

Stíma (s) A. Stefna; sigla. „Við stímum herna fyrir Blakkin til að byrja með“. B. Flétta saman. „Stímaðu þessa enda fyrir mig“.

Stímabrak (n, hk) Basl; vesen; fyrirhöfn. „Ég lenti í bölvuðu stímabraki með að koma bátnum í kerruna“. Upphafleg merking er hávaði af bardaga.

Stírirur (n, kvk; fto) Slím sem safnast í augu í svefni. „„Já, hann hvessir í dag Árni minn“, sagði ég um leið og ég strauk stírurnar úr augunum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Málspekingar telja orðið dregið af sögninni að „stara“ og skuli því ritast með einföldu „í“. Jafnrétt er að halda því fram að orðstofninn sé „stúririnn“, og því skuli heitið ritast „stýrir“ (VÖ).

Stíufjöl (n, kvk) Fjöl sem notuð er í stíu, s.s. fiskstíu eða kró fyrir sauðfé/nautgripi.

Stíusmíði (n, kvk) Smíði á stíu/kró. „Það getur kostað allmikla föðrun og stíusmíði ef maður þarf að hafa féð á húsum yfir sauðburðinn“.

Stíuskjögur (n, hk) Hörgulsjúkdómur/steinefnaskortur í lömbum. Stafar af skorti á seleni; fremur sjaldgæfur.

Stjaka (s) Ýta við; þrýsta áfram.

Stjaka frá landi (orðtak) Ýta bát frá landi/ af grynningum með ár eða öðrum stjaka þegar hann flýtur á grunnu vatni eða í lendingu; þar til unnt er að setja út árar eða gangsetja vél. „Bátum er stjakað frá landi með ár og lagðar út árar meðan vélin er sett í gang“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).

Stjaka við (orðtak) Ýta við; hlanda. „Hann fullyrta að einhver hefði stjakað harkalega við sér“.

Stjaki (n, kk) A. Stöng sem notuð er til að ýta bát í vör eða á öðrum grynningum. „Menn fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip formaður þá stjaka jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr *vörinni*“ (OETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*. B. Stöng með krók á enda, notuð t.d. til að fanga bauju frá bát; *króksjaki*. C. Styting á *kertastjaki*.

Stjana við (orðtak) Þjónusta; þjóna; oft í fyrirlitningar-/neitunartrón. „Ég sé enga ástæðu til að vera að stjána við þessa herra. Ef þeir vilja hitta mig þá geta þeir bara komið til mín“.

Stjana undir (orðtak) Þjóna; þræla fyrir. „Ekki held ég að ég fari að stjána meira undir *karlrasinn* en orðið er“!

Stjarmeygður / Stjarmur (l) Með starandi augnaráð. „Ég held að þú ættir að fara að leggja þig. Þú ert alveg stjarmeygður af svefnleysi og þreytu“.

Stjarmfi (n, kk) A. Stirðleiki/stífni í vöðvum. B. Stífkrampi.

Stjarmfur (l) A. Með stífa vöðva; í krampakasti. B. Stirður; staðnaður; hreyfingarlaus; starandi. „Ég varð stjarmfur af hræðslu þegar ég sá hrúnið koma ofanúr bjarginu“.

Stjarmfur af svefnleysi (orðtak) Geta lítið hugsað eða gert fyrir *svefnleysi*; vera stirður og starandi af *syffu*. „Maður er að verða stjarmfur af svefnleysi“.

Stjá (n, kvk) Hreyfing; ið; stjákl. Einkum í orðtökum; *fara á stjá*; *kominn á stjá*; *vera á stjái*.

Stjákl (n, hk) Ráp; umgangur; ið. „Vertu nú ekki að þessu stjákli fram og til baka; sestu niður drengur“!

Stjákla (s) Rápa; ganga um. „Hann stjáklaði um stofugólfíð meðan hann sagði frá“.

Stjórakfiskur (n, kk) Fskur sem stjóraeigandi fékk af óskiptum afla fyrrum. Ekki eru þó heimildir um slíkt í Kollsvík.

Stjórastefni / Stjórastefni / Stjóri / Stjórastrengur (n, kvk/hk/kk) Strengur sem skipi er lagt við, en í hinum enda hans er stjórasteinn eða akkeri; akkerisfesti. Stjóri var yfirleitt heitið á hvorutveggju; strengnum og akkerinu/stjórasteininum. „Við drekkann var fest svonefndum *forhlaupara*, en það var mjó og líðlega keðja, 20-30 faðmar að lengd. ... Síðan kom stjórastefnið, eða hin svonefnda *perlína*; gildur kaðall úr besta hampi. Stjórastefnið var 300-350 faðmar á lengd (við akkeri á skútum)...“ (GG; Skútuöldin).

Stjórasteinn (n, kk) Steinn sem notaður er fyrir akkeri báts eða til að halda niðri lóð. Stjórasteinar voru oftast egglega seinar, með gati nærri öðrum enda. Stundum var annað gat nærri miðju steinsins, og þar í tréflýgur sem gekk útúr steininum og hafði það hlutverk að grípa í botninn. Suma stjórasteina var einfaldlega bundið um, eða þeir hafði í jámfati. Á stærri skipum var stjórinn stundum trégrind, fyllt með grjóti.

Stjórarnari (n, kk) Stjórarnandi; skipstjóri. „... enda þreyttist ég aldrei á að hlusta og spyrja, því Árni Dagbjartsson var ágætur sjómaður á hvaða farkosti sem var; auk þess frábær stjórarnari“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Stjór (n, kk) Styting úr *stjornborði*. „Þú mátt láta horfa heldur meira í stjór“.

Stjórn (n, kvk) A. Það að stjórna/stýra; vald. B. Aðili sem stýrir, stjórnar; ráð, t.d. ríkisstjórn, félagsstjórn.

Stjórnarfar / Stjórnskipan (n, hk) Skipulag/regla á stjórnun.

Stjórnari (n, kk) Stjórarnandi; sá sem stjórnar. Oft fyrrum átt við stjórnaða/stýrimann báts. „Ívar gamli (bóndi í Hænuvík) var ágætur sjómaður og sagður góður stjórarnari“ (HO; Ævisaga; róíð úr Láturdal).

Stjórnborði (n, kk) Hægra megin við stefnu báts; hægri hlið báts; þeim megin sem stýri er vanalega. „Skipið stóð þannig að framstafn vissi lengst upp í fjöruna; hallaðist það lítið eitt í stjórnborð og sjórin lá í bakborðs skutröng“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Stjórnsmál (n, hk, fto) Hvaðeina sem lýtur að stjórnun lands og þjóðar; almennt nefnt „pólitík“.

Stjórnsmálavafstur (n, hk) Afskipti af stjórnsmálum/pólitík. „Össur á Láganúpi sagðist treglega vilja hella sér í mikið stjórnsmálavafstur, en lét þó tilleiðast eitt sinn að vera í fjórða sæti á framboðslista Framsóknarflokksins á Vestfjörðum“.

Stjórnspallur (n, kk) Stýrishús/brú á skipi. Fyrir á öldum, meðan bátum var stýrt með stýrisár á hliðinni, stóð stýrimaður á stjórnspalli, þ.e. upphækkun í skut. „Eiríkur Kristófersson frá Brekkuvelli var af Kollsvíkurað og einn happasælasti skipherra Landhelgisgæslunnar frá upphafi. Ein bóka hans nefnir „Á stjórnspallinum““.

Stjórnsmáður (l) Vill stjórna öðrum; ráðskast með menn og málefni. „Hann er *helsti* stjórnsmáður“.

Stjórnsmáttur (n, kvk) Frekja; forræðishyggja. „Mér líkar ekki svona ansvítans stjórnsmáttur“.

Stjórnsmáttur (n, kvk) Framkvæmd stjórnunar. Oftast notað um framkvæmdavald í landsmálum.

Stjórnsmáttur (n, hk, fto) Samheiti yfir þá opinberu aðila sem fara með stjórn landsins, Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneyti, stofnanir og aðra. Stöku sinnum í eintölu.

Stjórnsmáttur (n, kk) Stýrissveif á bát. Oftast notað í óeiginlegri merkingu nú; sitja við stjórnsmátturinn, um það að stjórna; ráða fyrir.

Stjúpa / Stjúpmóðir (n, kvk) Sú sem er gift (í sambúð með) föður barns, en þó ekki móðir þess.

Stjúpbarn (n, hk) Barn maka/sambýlings manns/konu en ekki hans/hennar eigið.

Stjúpfaðir / Stjúpi (n, kk) Sá sem er giftur (í sambúð með) móður barns, en þó ekki faði þess.

Stjórnsmáttur (l) Litur sauðfjár/nautgripa/hesta; ljós blettur í enni.

Stjórnsmáttur (l) Alveg heiður himinn að kvöld- eða næturlagi. „Það var stillt veður og stjórnsmáttur“.

Stjórnsmáttur (n, hk) Fall loftsteins inn í loftþjúpar jarðar, með tilheyrandi glæringum. Fyrir á tíð var lítið á stjórnsmáttur sem fall störmu niður af himni, enda minna vitað um geiminn og fastastjórnur en nú. Loftsteinar sem valda stjórnsmáttur geta verið af ýmsum gerðum. Oftast er um að ræða eitthvað af þeim mismunandi stóru ögnum sem eru á sveimi um sólkerfið. Sumar þeirra eru „afgangur“ frá því sólkerfið varð til en aðrir hafa skotist upp af öðrum plánetum, t.d. við árekstur stórra loftsteina. Sumsstaðar í sólkerfinu eru sveimar loftsteina sem jörðin fer árlega í gegnum, og verða stjórnsmáttur þá tíðari en vanalega. Flestir loftsteinar eru agnarsmáir; á stærð við sandkorn eða litla steinvölu, þó ljósglámpan sé bjartur þegar þeir brenna upp. Sumir eru þó stærri, og ná jafnvel til jarðar. Gerð loftsteina er misjöfn, í þeim er misjafnt hlutfall málma og steinda. Stjórnsmáttur eru misjafnlega björt, en þau bjartari geta hæglega lýst upp stórt svæði í heiðskiru veðri.

Stjórnsmáttur (n, hk) Mynstur sem fastastjórnur mynda á himni, eins og þær sjást frá jörðu. Gömul hefð er fyrir því hvaða stjórnur skuli mynda tiltekið merki og hvað merkið nefnist. Það er ævafornt iðja að spá í stjórnur og stjórnsmáttur. Taldist slíkt lengi vel til mikilvægra vísinda og enn er nokkur átrúnaður á stjórnsmáttur. Tólf stjórnsmáttur mynda svonefndan „dýrahring“, og er árinu skipt niður á þau. Telja stjórnsmáttur að greina megi persónueinkenni og lífsferil manna út frá afmælisdegi og stjórnsmáttur þeirra, en yfirleitt leggur þeirra skýr samtal fólk lítinn trúnað á slík hindurvítni; enn síður eftir að stjarnvísindi sýndu fram á eðli og fjarlægðir þeirra fastastjarna sem mynda merkin. Ekki má þó gleymast að sum merkin höfðu hagnýta þýðingu; t.d. var Pólstjarnan notað til að finna norðurátt, en hún er bjartasta stjarnan í stjórnsmátturkinu Litlibjörn og nokkuð nærri því að vera yfir norðurpól jarðar. Pólstjarnan er raunar þyrping margra stjarna.

Stjórnsmáttur (n, hk) Dauf birta af stjórnsmátturhimni við nýtt tungl.

Stjórnsmáttur (n, kvk) Spádómur sem byggir á því t.d. að skoða fæðingardag manns og gerðir hans með tilliti til stöðu reikistjarna og stjórnsmáttur. Byggir ekki á vísindalegum grunni og er af mörgum talið fásinna.

Stjórnsmáttur (n, kvk) *Spekúlasjónir* sem lúta að stjórnsmáttur og stjórnsmáttur.

Stjórnsmáttur (l) *Bandbrjáladaður*; kolvitlaus; hamslaus. „Hann verður alveg stjórnsmáttur ef hann smakkar dropa af áfengi“.

Stoð (n, kvk) A. Hvaðeina sem styður við; oftast um standandi staur/uppistöðu/súlu undir máttarviðum í húsi. B. Það sem aðstoðar/hjálpar/ veitir stuðning við manneskju. „Mér er lítil stoð í því að þú hnýtir svona laust á steinana“! „Henni var allgóð stoð í þessari hjálpar“.

Stoð og stytta (orðtak) Mikilvæg aðstoð; styrkur; stuðningur. „Hann var stoð og stytta móður sinnar“.

Stoða (s) Koma að gagni; hjálpa. „Það stoðar lítið þó ég reyni að tala um fyrir honum; hann er svo fjári þver“!

Stoðlaust / Stoðlítið (l) Gagnslaust/gagnslítið. „Hann viðurkenndi þetta fúslega, enda vissi hann að stoðlaust var að neita“. „Það er stoðlítið að leita meira í þessu myrkri; við skulum bíða með það til morguns“.

Stofa (n, kvk) A. Yfirleitt notað um besta/stærsta/hljýjasta herbergi íbúðarhúss. Samstofna t.d. enska orðinu „stove“; ofn, og vísar til upphitaðs rýmis. B. Veglegt hús, t.d. Viðeyjarstofa. C. Á síðari tímum notað um stofnanir, s.s. Biskupsstofa, Fiskistofa o.fl.

Stofn (n, kk) A. Bolur á tré, trjástofn. B. Almenn notað í líkingum um meginhluta einhvers, s.s. bústofn, kynstofn, fiskistofn o.fl. Einnig um þann hluta einhvers sem tekur litlum breytingum, s.s. orðstofn. Einnig um grundvöll/undirstöðu einhvers; t.d. *setja á stofn* fyriræki/verkefni; gjaldstofn. C. Helmingur stórrar lúðu, sem *stofnuð* hefur verið; þ.e. skorin eftir endilöngum hrygg.

Stofna (s) A. Stofnsetja; koma á fót; leggja drög/stofn að. B. Um sundurhlutun lúðu: hluta lúðu í tvennt eftir endilöngum hrygg, að krummanum. Sín kinnin fylgir hvorum helmingi, en helmingarnir nefnast hnakkastofn og kviðstofn. „Allar lúður sem minni voru en svo að tekin yrðu af þeim fjögur flök og rafabelti, voru stofnaðar sem kallað var. Þær voru þá flattar; tekinn úr þeim hryggurinn og höfuð skorð af; sitt rafið var látið fylgja hverri kápu. Kápurarnar voru síðan ristar og hertar. Lúður þessar voru kallaðar *gjafalóur* eða *hásetasprökur*. Var þeim skipt á milli hásetanna er öðrum afla hafði verið skipt“ (PJ; Barðstrendingabók). „Eftir stærð voru lúður stofnaðar eða flakaðar; stofnlúða eða flakandi lúða“ (LK; Ísl.sjávarhættir I). „Þegar lúður voru stofnaðar var byrjað að sundra þeim aftast; um miðjan sporð“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). C. Um viðarhögg; höggva greinar af tré, þannig að eftir verði vinnanlegur stofn/bolur.

Stofna í hættu/voða (orðtök) Setja í hættu; taka áhættu með. „Ég vil ekki að menn stofni sér í hættu við *sveltatökur*; þá er betra að skjóta féð niður“.

Stofna til (orðtak) Hefja; eiga frumkvæði að; efna til. „Þetta fer þá bara eins og til þess var stofnað!“ „Eg ætla ekki að stofna til verulegra útgjalda útaf þessu“.

Stofnanafargan (n, hk) Ofurfjöldi/*akur* óþarfra/óskilvirkra stofnana. „Þetta fer allt í skatta til að halda uppi þessu fjandans stofnanafargani þarna fyrir sunnan! Það mætti skera það *alltsaman* niður við trog *mínvegna*“!

Stofnanagemsi (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem vinnur á ríkisstofnun og talið er að hafi það markmið eitt að gera einfalda hluti flókna; heimta óþarfa skýrslur; setja óþarfar reglur og auka skriffinnsku. „*Flest er það!* Það er fátt sem þeim dettur ekki í hug þessum stofnanagemsum þarna fyrir sunnan“!

Stofnanakjafæði / Stofnanabvæla (n, hk) Þvælið og órókrétt málfar sem gjarnan tíðkast í því efni sem ritað er á vegum stofnana/stjórnsýslu eða talað af fólki í stofnunum/stjórnsýslu. „Hver á nú að átta sig á svona stofnanakjafæði! Maður hefur bara ekki hugmynd um það hvað maðurinn er að fara“!

Stofnfé (n, hk) Fjárhæð sem notuð er til að mynda og koma af stað fyrirtæki/félagi/starfemi; fé sem sérstaklega er tilgreint í reikningshaldi fyrirtækis/félags, og lýtur gjarnan sérstökum reglum.

Stofnfélagi (n, kk) Manneskja sem er aðili að stofnun félags/fyrirtækis og er á fyrstu félagaskrá þess.

Stofnflak (n, hk) Flak af lúðuhelmingi/lúðustofni. „Sumir gerðu rikling úr stofnunum; svokölluð stofnflök“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Stofnfundur (n, kk) Fundur þar sem félag/fyrirtæki er stofnað.

Stofnlóa (n, kvk) Smálúða, um 10 kg að þyngd. „Margir höfðu trú á að beita lúðu, einkum stofnlóu sem Vestfirðingar kölluðu (5-15kg)“ (GG; Skútuöldin).

Stofnlúða (n, kvk) Lúða sem er stærri en smálúða, en oftast minni en flakandi lúða; lúða sem er nægilega stór til að heppilegt sé að stofna hana, þ.e. skipta henni í tvennt eftir hrygg. Sumir töldu það stofnlúðu ef hún var yfir 20 pund.

Stofnun (n, kvk) A. Það að stofna. „Haldið var uppá það að tíu ár voru liðin frá stofnun félagsins“. B. Stjórnunareining ákveðins málefnis, oftast í opinberri eigu og undir opinberri stjórn ríkis eða sveitarfélags en sumar stofnanir eru á vegum annarra s.s. flokka eða safnaða/kirkju.

Stofuhús (n, hk) Hús þar sem er finni stofa en í baðstofum fyrri tíðar. Stofuhús voru stundum byggð við gömlu torfbæina, einkum á stórbýlum. „Staddur í Kollsvík, að mig minnir 1855 eða -6. Ég var nýbyrjaður að smíða innanum stofuhús, er átti að verða (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Stofupunt (n, hk) Stásgripur/skraut í stofu. „Nauðsynlegt þótti að krakkarnir, einkum strákar, eignuðust dótakassa sem svo voru nefndir, en stelpur áttu gjarnan *dúkkuskot*. Það var smáhorn sem rýmt var í baðstofum og stelpurnar fengu sem heimili fyrir dúkkurnar sínar og þeirra húsgögn og stofupunt. Þar var sumstaðar býsna fínt“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Stofustáss (n, hk) Skrautmunur í stofu. „Þessi smíðisgripur er kannski ekkert stofustáss, en hann dugir“.

Stokka (s) A. Almenn um að setja/raða í stokk. B. Rugla spilastokk með sérstökum handtökum.

Stokka upp línu (orðtak) Raða krókum línu í stokka. „Þá var lóðin stokkuð upp og tilbúin að beita hana“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Stokkabelti (n, hk) Skrautlegt belti úr málmí sem borið er við hinn íslenska þjóðbúning kvenna; þ.e. faldbúning, skautbúning eða kyrtil. Beltin eru oft úr silfri; stundum gyllt, og mjög mikil vinna lögð í fingerðar skreytingar. Þau eru í einingum; stokkum, sem hlekkjaðar eru saman í belti með smáum hlekkjum og krækt saman með beltisþörum. Sé stokkabelti með sprota að framanverðu nefnist það *sprotabelti*.

Stokkabyggt (l) Um hús; úr liggjandi bjálkum; bjálkabyggt. „Hús í Finnlandi *ku* almennt vera stokkabyggt“.

Stokkafarmur (n, kk) Skipsfarmur af trjáviði. „Áður fyrr sóttu Kollsvíkingar heilu stokkafarmana af trjáviði á Hornstrandir, og fluttu þá á *byrðingum*“.

Stokkahús (n, hk) Bjálkahús; *bjálkabyggt* hús.

Stokkbólgin (l) Mikið bólgin; með mikinn þrota. „Einhver ígerð er í fingrinum; hann er stokkbólgin“

Stokkbyrt (l) Um skip; *plankabyggt*; sléttbyrt. „Flestar stærri skútur voru stokkbyrtar“.

Stokkfreðinn / Stokkfrosinn (l) Alveg frosinn; frosinn í staup. „Vatnið í drykkjardallinum er stokkfrosið“.

Stokkfrjósa (s) Frjósa í klump/staup. „Vatnið stokkfraus í fötunni í nótt“.

Stokkhúsið (n, hk) Eitt af dönskum fangelsum sem sekir Íslendingar máttu gista fyrir á tíð. Nefnt svo vegna þess að fatur fanga voru stundum settir í stokka; þ.e. tvö göt á láréttum bjálka. Stokkhúsvist þótti grimmileg refsing, og verri en á Brimarhólmi. Þar var mjög beitt líkamlegum pyntingum s.s. hýðingum, brennimerkingu og einangrun, enda áttu margir ekki afturkvæmt þaðan á lífi.

Stokkpumpa (n, kvk) Dæla/pumpa í bát. Hún er einföld að gerð; Fjögur borð voru fest saman á jöðrum þannig að þau mynduðu stokk/pumpustokk. Inn í hann var smíðuð bulla/pumpubulla; kubbur sem var rúmur í stokknum og ofaná hann leppur úr leðri/gúmmí sem féll vel úti stokkveggina. Úr bullunni gekk pumpustöng; skaft sem náði uppúr stokknum. Stokkurinn var reistur frá kjalsogi uppífir lunningu bátsins, og sjó dælt út bátum með því að ýta bullunni niður og draga hana upp á víxl. Einfalt og afkastamikið tæki ef rétt var smíðað. Þannig stokkpumpa var m.a. í Voninni, sem Össur og Ingvar í Kollsvík áttu framundir 1970.

Stokkroðna (s) Verða mjög rjóður/rauður í andliti. „Strákurinn stokkroðnaði þegar stelpan kyssti hann“.

Stokktré (n, hk) A. Lóðastokkur; áhald með álmum sem krókum fiskilóðar er raðað uppá. B. Tré sem lagt er undir kjól báts, ýmist sem *hlunnur* í setningu eða til að láta hann standa á í hrófi eða smíðum.

Stokkur (n, kk) A. Tréklumpur/trjábolur. Sbr *stokkhús*, *hástokkur*, *borðstokkur*, *setstokkur*. B. Langur og mjór kassi. Byggðir voru súgþurrkunarstokkar í gömlu hlöðuna. C. Bunki af spilum; spilastokkur. D. Þverslá ofantil á akkeri; gegnir því hlutverki að liggja á botninum og beina flaugunum niður í botninn, en stokkurinn snýr þvert á þær. E. Sá hluti á ár sem er á borðstokk báts þegar róið er, milli hlumms og leggjar. F. Klumpur; þéttur massi. Sbr *stokkfrjósa*. G. Grind sem tunna er sett uppá til að hægara sé að láta vökva (t.d. vín) renna af henni. H. *Bjargstokkur*; tré sem lagt er á bjargbrún þegar sigið er, þannig að sigvaðurinn renni um það og skerist síður á brúninni.

Stokkönd (n, kvk) Anas platyrhynchos. *Grænhöfði*; *grænhöfðaönd*; *vatnsönd*; *gráönd*. Algengur fugl af andarætt; að mestu staðfugl hérlendis m.a. í Kollsvík og nágrenni. Tilheyrir flokki svonefndra buslanda. Blikinn er mjög litskrúðugur, með grænan haus; hvítan hálskring; rauðbrúna bringu og gráleitan bók og vængi. Svart undirstél og gump og goggur gulgrænn. Kollan er brúnflíkrótt, með ljósara höfuð og bringu og finar rákir á höfði og bringu. Bæði kyn hafa dökkbláa vængspegla með hvítumog svörtum bryddingum. Stokköndin heldur sig oft á grunnu vatni og kafar til hálfis eftir æti á botninum. Eggin geta verið mörg, oft um átta. Kvenfuglinn liggur á en karlinn lætur sig hverfa á meðan. Karlarnir safnast saman meðan þeir fella fjaðrir. Ekki er óalgengt að kollan verpi mjög nærri mannabústöðum, jafnvel í gördum eða undir húsveggjum. Sennilega sækir hún með því í vernd gegn höfuðóvinum sínum; ref og mink.

Stolinn hnífur bítur best (orðatiltæki) Þjófnaður var og er jafnan talinn glæpur, en undanskilinn er þó þjófnaður á hnífum. Í Kollsvík gera menn sér að íþrótt að nappa vasahníf af nágrönnum og vinum við öll tækifæri. Allt er það þó í vinsemd og gamni, og hnífnum yfirleitt skilað. Líklega er um gamla reglu að ræða, frá þeim ófriðartímum að réttlætlanlegt þótti að fjarlægja hugsanlegt morðvopn. Máltækið hefur orðið til útfrá þessari undantekningarreglu. Sjá *lyginn maður brýnir best og bítur stolinn hnífur*.

Stolt (n, hk) Hreykni; ánægja með eitthvað sem að manni snýr, en þó ekki eins neikvætt og mont/gort.

Stopp (n, hk) A. Viðdvöl; stans. „Það verður fremur stutt stopp hjá mér að þessu sinni“. B. Fylling sem sett er með brothættri vöru til að forða því að hún brotni. Oftast notað varðandi egg í seinni tíð. Við flutning filseggja úr Blakk og Breið var þurr sina notuð sem stopp, en hún hentar mjög vel í það.

Stoppa (s) A. Stansa; stöðva. B. Sauma fyrir gat; staga. C. Setja stopp/bólstur í húsgögn eða með eggjum. „...var eggjunum raðað í trékassa og *stoppað* með mosa á milli þeirra“ (MG; Látrabjarg).

Stoppa í (orðtak) Sauma fyrir gat í flík eða öðrum vefnaði.

Stoppa upp (orðtak) Fylla eitthvað með stoppi/bólstri. Oftast notað um það að gera hami af dýrum sem líkasta því sem þau voru í lifanda lífi.

Stoppaður af kvefi (l) Svo kvefaður að nefgöng eru stífluð og bólgur í nefbeinsholum. „Ég er að stoppast af einhverjum kvefpestarfjanda“. „Hann hefur verið stoppaður af kvefi í marga daga“.

Stoppelsi (n, hk) Hindrun; stífla; tregða. „Það er einhvað stoppelsi í lögninni, því hér kemur ekki dropi“ „Nú er stoppelsi í réttardyrnum. Ég fer og *lempa* það“. Mikið notað í Kollsvík en sést ekki í orðabókum.

Stoppnál (n, kvk) Grófgerð nál, til að stoppa í sokka o.fl. með bandi/garni.

Stoppoki (n, kk) Poki af *stoppi*. „Við þurfum að taka með okkur stopppoka upp á brún, því þar er ekkert til að stoppa egginn með, fyrir burðinn heim“.

Stopull (l) Sem kemur sjaldan fyrir; sjaldgæfur; tregur. „Róðrar voru fremur stopulir síðustu vikuna“.

Storð (n, kvk) Jörð; land. Einkum notað í ljóðum.

Storka (n, kvk) Það sem er storkið/storknað; skorpa. T.d. *saltstorka*, *leirstorka*, *hraunstorka*; *svitastorka*; frosin skán á jörð. „Eftir sandrokið var leirstorka á hverjum steini, staur og húsveg“.

Storka (s) Ögra; mana; erta; stríða. „Það getur hefnt sín að storka örlögnum um of“.

Storkinn / Storknaður (l) Um blóð/feiti; orðið hart. „Flýttu þér nú að borða fiskinn áður en flotið er alveg storknað“. „Ansi er að sjá þetta; hér er storkið blóð á skyrtunni“!

Storkna (s) Verða storkinn. „Mörinn var settur í netjuna og lagður á hillu meðan hann var að storkna“.

Stormasamt (l) A. Um tíðarfár; yfirleitt mjög vindasamt. „Það er búið að vera ári stormasamt þetta vorið“. „Janúar var stormasamur og kaldur, og því vart notandi útbeit“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56). B. Notað í líkingamáli um ófriðlegt samband, t.d. hjónaband.

Stormbylur / Stormsveipur (n, kk) A. Öflug vindhviða. B Eldra orð yfir hvirfilbyl. C. Oftast notað í líkingum í seinni tíð: „Hann æddi hér inn eins og stormbylur og sagði að fêð *lægi* allt í *túninu*“. „Þingmaðurinn æddi hér um allar sveitir eins og stormsveipur, en sagði fátt af viti“.

Stormhvessa (s) Hvessa mjög mikið; hvessa í stormstyrk; *bálhvessa*. „Hann er að stormhvessa; það er varla hægt að hreyfa hey mikið úr þessu“.

Stormhviða (n, kvk) Öflug vindhviða; vindhnútur; stormbylur. „Í einni stormhviðunni sviptist járnplata af húsinu“.

Stormhvítur (l) Um sjó; hvítur/freyðandi af roki og vindbáru. „Hann lagði hviður *heimmeð* Blakknum svo þar varð stormhvítur sjór á augabragði þó þar væri annars sjólítið í norðangarðinum“.

Stormklýfir (n, kk) Stagegl á skipi; þríhyrnt segl sem kemur framanvið fokku, á stagi frá bugspjóti uppi framsigli. Stormklýfir er minni en venjulegur klýfir, og hafður uppi þegar hvasst er.

Stormmáfur (n, kk) *Larus canus*. Máfategund sem sést hefur í auknum mæli hérlendis á síðari áratugum. Líkur silfurmáfi að nokkru marki, og líkur ritu að stærð og lit, nema að hún er með heiðgult nef, svartar og styttri fætur. Helsta varpsvæðið er í Eyjafirði, en hann hefur sést í Kollsvík.

Stormspá (n, kvk) Veðurspá þar sem spáð er miklu hvassviðri. „Við róum lítið á næstunni; það er bara stormspá út alla vikuna“!

Stormsperra / Stormsperringur / Stormsveljandi / Stormtætingur (n, kvk/kk) Stormur; *vindsperringur*, „Bölvður stormsperringur er þetta“! „Endemis stormtætingur ætlar þetta að verða“!

Stormur (n, kk) Mjög hvasst, nærri eins og í *roki*. „Það er kominn norðan stormur“. „Þótt veturinn hafi verið snjólaus hafa samt verið innistöður að mestu sökum illviðra fyrri hluta vetrarins, en kulda og storma með þurrkum eftir góbyrjun“ (ÍÍ; Forðagæslibók Rauðasands 1942).

Stormur í vatnsglasi (orðtak) Líkingamál um það sem einhverjum þykir stórmál en er í raun smámál sem litlu beytir.

Stó (n, kvk) Eldstæði; arinn, sbr eldstó. „Hún stendur við stóna og bakar fyrir önnukökur“. Stó er af sama orðstofni og *stofa*, og vísar til elds í íveruhúsum fyrr á tíð.

Stóð (n, hk) A. Almenn um hóp af einhverju. B. Hópur hesta, t.d. hrossastóð. C. Þéttur hávaxinn gróður, t.d. *hvannstóð*. Einkum notað í þeirri merkingu í Kollsvík. T.d. nefnist Sighvatsstóð allmikill hvanngróinn fláki í miðjum efríklettum fremst sunnantil í Blakknum. Orðstofninn vísar til sagnorðsins „standa“.

Stóla (n, kvk) Lindi sem prestur hefur stundum um háls sér við messugjörð og ber lit kirkjuársins.

Stóla á (orðtak) Treysta á. Dönskusetta.

Stólgarmur (n, kk) Lélegur stóll. „Gáðu að þér þegar þú sest á stólgarminn“. Einnig gæluorð um stól.

Stólkollur (n, kk) *Kollustóll; kollur*; stóll án baks. Einnig gæluorð um stól þó bak sé á. „Finndu þér einhvern stólkoll að tylla þér á“.

Stóll (n, kk) A. Sæti, oftast með setu, fótum og baki. B. Upphækkun/pallur sem ræðumaður stendur á, t.d. ræðustóll, predikunarstóll, valdastóll. C. Stytting úr biskupsstóll; aðsetur biskups. D. Meginstofn einhvers, s.s. skipastóll, höfuðstóll (efnahags).

Stólpabóndi (n, kk) Stórbóndi; duglegur/gildur bóndi; mikill búmaður.

Stólpabrim / Stólpasjór (n, hk) Mjög mikið brim; *rótarbrim; húðveltubrim*. „Það er kominn norðanofsi og stólpabrim“. „Hann heldur enn þessum stólpasjó þó *slegið* hafi í vindinn“.

Stólpagripur (n, kk) *Öndvegisskepna*. „Á Láganúpi var einn hestur, Glói að nafni; stólpagripur“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsýni í Kollsvík).

Stólpahjallur (n, kk) „Hjallur sem ekki var yfirbyggður kallaðist stólpahjallur, trönuhjallur eða lofthjallur“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV). Ekki vitað nú hvort þessi heiti voru notað í Kollsvík.

Stólpakjafur (n, kk) Um þann sem er kokhraustur og rífur kjaf. „Það er aldeilis stólpakjafur á honum“.

Stólpánorðangarður / Stólpavestangarður (n, kk) Um langvarandi og mikið hvassviðri af norðan/vestan, með miklu brimi. „Enn ætlar hann ekkert að lina þennan stólpánorðangarð“!

Stólpárok (n, hk) Hávaðarok; Mikið rok. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Stólpi (n, kk) Stöpull; sver girðingarstaur; súla; það sem ber eitthvað uppi; meginþáttur.

Stólpípa (n, hk) Áhald til að setja vökva í endaparm, t.d. til að koma af stað hægðum. Fyrrum var hún eitt af mikilvægustu lækningatækjunum og talið *meinholtt* að setja mönnum stólpípu við hverkonar kvillum.

Stólraða (n, kvk) Ræða prests í predikunarstól; predikun.

Stólseign / Stólsjörð (n, kvk) Eign biskupsstóls. Voru þær flestar nætti biskupssetrunum.

Stór í sniðum/stykkinu (orðtak) Grófgerður; stór; umfangsmikill. „Framleiðslan er ekki stór í sniðum“.

Stór og staðilegur (orðtak) Stór og stendur vel; reisulegur.

Stór orð (orðtak) Meiðyrði; öflug skammaryrði; heitingar; hótanir; sterkar lýsingar. „Hann var orðinn fjúkandi illur og hafði uppi stór orð um „þessa andskotans heimskingja og landeyður““.

Stór orð stoða lítið / Stóryrði stoða lítið (orðtáttækni) Ekkert gagnast að bölsótast/hóta/bólva.

Stór uppá sig (orðtak) Merkilegur með sig; stórbokkalegur. „Eru menn nú orðnir svo stórir uppá sig að þeir heilsa ekki sveitungunum“?!

Stórabóla (n, kvk) Mannskæð farsótt sem barst til landsins í júní árið 1707. Hún breiddist hratt út og lagði fólk í flestum landshlutum. Dánarhlutfall íbúa var um 33% þar sem sóttin geisaði. Pestin barst á undraskömmum tíma vestur í Kollsvík, því áður en árið 1707 var úti hafði hún lagt býlið Hóla í eyði, sem þá hafði verið í byggð í rúm 50 ár. Þegar Jarðabókin var gerð fjórum árum fyrr bjó þar Ólafur Jónsson bóndi og formaður með 4 öðrum heimilismönnum með 1 kú; 6 ær og 3 gemlinga. (Sbr. Jarðabók 1703 og Sóknarlýsingar 1840).

Stóraðgerð (n, kvk) A. Mikil vinna við frágang/aðgerð afla. B. Mikið verkefni. „Mér sýnist að vegalagning á þessum stað gæti verið stóraðgerð“. C. Mikil lækniáðgerð. „Ég fór í stóraðgerð á mjöðminni í vetur“.

Stórafmæli (n, hk) Merkisafmæli; tugafmæli; afmæli sem markar tugi ára frá fæðingu/upphafi.

Stórákasína (n, kvk) Tígultía í spilinu *kasínu*. Hún vegur hæst í stigagjöf eftir spilið.

Stórannir (n, kvk, fto) Miklar annir; annasamt; mikil verkefni. „Það eru nú ekki slíkar stórannir framundan hjá mér að ég geti ekki aðstoðað þig við þetta“.

Stóratburður / Stórviðburður (n, kk) Viðburður sem telst meiri en aðrir.

Stóratríði (n, hk) Veigamikill þáttur; meginþáttur; mikil áhersla. „Það er ekkert stóratríði að klára þetta í dag“.

Stórauðugur (l) Mjög auðugur/ríkur. „Einar í Kollsvík var talinn stórauðugur meðan hann var uppá sitt besta“.

Stórauðinn (l) Aukinn mjög mikið. „Telur fundurinn að verði það ekki gert sé sú hætta fyrir hendi að fólk flytji brott úr sveitinni í *stórauðnum mæli*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Stórá / Stórfljót (n, kvk/ hk) Mikið vatnsfall. „Litlar lækjarsprænur urðu eins og stórár í *vatnavöxtunum*“.

Stóráfall (n, hk) Mikið áfall; mikill hnekkir; stórslys.

Stórágjöf (n, kvk) Mikil ágjöf á bát; mikill sjór sem veltur inn í bát í sjógangi. „Virðist svo sem báturinn hafi ekki skriðið nóg, því að brátt lá hann undir stórágjöfum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð).

Stórátak (n, hk) Mikið átak; mikið framfaraskref. „Stórátak var unnið með vegagerð yfir Hænuvíkurháls“.

Stórbatna / Stórlagast (s) Lagast/batna mikið; fara mikið fram. „Vegurinn í Kinninni stórbatnaði þegar honum var ýtt upp“. „Heilsan hefur stórlagast þó ekki sé maður orðinn *velgöður* enþá“.

Stórbeinóttur (l) Með grófgerða beinabyggingu; *beinasleggja*.

Stórbílaður / Stórgeggjaður (l) Stórskrýttinn; alveg ær. „Ertu alveg stórgeggjaður; þetta er alltof vegleg afmælisgjöf“!

Stórbokkaháttur (n, kk) Yfirlæti; hroki. „Ég hef ekki þekkt hann að neinum stórbokkahætti hingað til“.

Stórbokkalegur (l) Yfirlætislegur; hrokafullur. „Séra Björn var sagður hafa verið nokkuð stórbokkalegur“.

Stórbokki (n, kk) Hrokagikkur; dramsamur maður. „Ég hef þá ekkert við slíka stórbokka að tala“! Sjá *bokki*.

Stórborg (n, kvk) Gæluheiti/uppnefni á Reykjavík. „Ertu að fara suður í stórborgina á næstunni“.

Stórbóndi (n, kk) Bóndi á stóru býli. „Hvað ætlar stórbóndinn að leggja marga til í göngur“?

Stórbót (n, kvk) Mikil bót/framför. „Þessi lagfæring er til stórbóta“.

Stórbreyting (n, kvk) Mikil breyting. „Það hafa orðið stórbreytingar á fjörunni í seinni tíð“.

Stórbrim (n, hk) Mikið brim. „Á Hvallátrum vestra og víðar við sjávarsíðuna rekur feikn af þöngli í stórbrimum að vetrum" (PJ; Barðstrendingabók).

Stórbrot (n, hk) Mikill brotsjór. „Var þá víkin að sjá sem eitt stórbrot“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Okkur vantaði örstutt í boðann, þegar á honum reis stórbrot sem æddi hrynjandi yfir sundið og upp leguna“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Stórbrotinn (l) Mikill/stór í sniðum; áberandi; fyrirferðarmikill; stórskorinn; heillandi.

Stórbú / Stórbýli (n, hk) Býli/bú með miklu skepnuhaldi; stór jörð með miklum búrekstri.

Stórbúskapur (n, kk) Mikill búrekstur á jörð. „Þetta er nú enginn stórbúskapur hjá honum“.

Stórbættur (l) Mjög bættur; mikið betri. „Samgöngur eru nú allar stórbættar“.

Stórdrykkjumaður (n, kk) Sá sem drekkur mikið áfengi; fyllibytta; róni.

Stórdularfullt (l) Mjög leyndardómsfullt; erfitt að útskýra. „Þetta mál er alltsaman stórdularfullt“!

Stórefa / Stórefast um (s/orðtak) Draga verulega í efa; efast mikið um. „Kannski þetta komi í leitirnar síðar, en ég stórefa það“. „Ég stórefast um að stjórnin haldi velli í kosningunum“.

Stóreflis... (l) Mjög mikið; stærðar... „Það hefur fallið stóreflis bjarg á Fjörurnar“.

Stórefnamaður (n, kk) Mjög auðugur/ríkur maður. „Ég hef nú aldrei verið neinn stórefnamaður“.

Stóreygur (l) A. Með stór augu. B. Líkingamál; hissa; undrandi; öfundsjúkur. „Nágrannarnir urðu all stóreygir yfir þessum miklu fjárfestingum, enda vissi enginn til þess að hann hefði efni á þessu“.

Stórfeginn (l) Mjög glaður/ánægður/feinn. „Ég er stórfeginn því að þessu er aflokið“!

Stórfellður (l) Í miklum mæli; í miklu magni; mjög; mikið. „Stórfellður dráttur varð á greiðslu skuldarinnar“.

Stórfenglegt (l) Stórkostlegt; mikilfenglegt. „Það er stórfenglegt sjónarspil þegar brimið er hvað mest“.

Stórfé (n, hk) Mikil/há fjárhæð/upphæð. „Hann tafaði stórfé á þessum rekstri“.

Stórfiskaleikur (n, kk) Ein tegund eltingaleiks. Einn þátttakandi (stórfiskur/hákarl) stendur í miðjum velli og aðrir þátttakendur í kring. Þegar hann gefur merki, t.d. klappar, eiga hinir að reyna að hlaupa þvert yfir völlinn en hann reynir að ná þeim (klukka þá). Sá sem næst gengur í lið með stórfiskinum/hákarlinum og sá vinnur leikinn sem síðast næst. Nokkuð leikið í Kollsvík, t.d. meðan þar var skólalald.

Stórfiskur (n, kk) A. Fiskur sem er stærri en almennt gerist; golþorskur. „Mér finnst áberandi meira af stórfiski í aflanum núna en í fyrra“. B. Gamalt heiti á hval eða hákarl. Bannhelgi var við því fyrrum að nefna hval á nafn á sjó, því þá gæti illhveli tortímt manni og bát, og því voru notuð önnur heiti s.s. stórfiskur.

Stórfjara (n, kvk) Mjög stór fjara; stórstraumsfjara.

Stórfjúk (n, hk) Mjög mikil snjócoma/skafmold í hvassviðri; *skafmoldarbylur*; stórhrið.

Stórflóð (n, hk) Mikið flóð. „Stórflóð kom niður Flötina þegar krapastíflan í Gilinu lét undan“.

Stórflæði (n, kvk) Flæði sem nær hátt, t.d. vegna stórstraums, stífrar landáttar og/eða lágs loftþrýstings; stórstraumsflóð.

Stórframkvæmd (n, kvk) Viðamikil verkefni; veruleg framkvæmd. „Stendur þú í stórframkvæmdum“?

Stórfróðlegur (l) Mjög fróðlegur/áhugaverður. „Þetta er stórfróðleg ritgerð hjá honum“.

Stórfugl (n, kk) Heiti sem vanalega var notað vestra um langvíu og nefskera, enda eru það stærri fuglar og matarmeiri en t.d. álka og lundi.

Stórfuglsegg (n, hk) Egg úr langvíu eða *nefskera*, en þau eru mun stærri en t.d. álkuegg. „Það þarf að vanda sig við skipti á eggjum; að setja ekki stórfuglsegg á móti álkueggi“.

Stórfurða (n, kvk) Mikil undrun; mikið undrunarefni. „Það þykir stórfurðu sæta að ekki skuli hafa farið verr“.

Stórfurðulegur / Stórundarlegur / Stórskrítinn (l) Mjög undarlegur/sérkennilegur/skrýttinn; *kostulegur*. „Þetta er ágætis maður, en stórfurðulegur í háttum“. „Mér finnst alveg stórfurðulegt að kindin finnst ekki“.

Stórgagn (n, hk) Mikið gagn. „Það væri stórgagn að því ef þessi beygja á veginum væri löguð“.

Stórgalli (n, kk) Mikill hængur/skavanki/ágalli. „Það er auðvitað stórgalli á nærbuxum þegar klaufina vantar“.

Stórgarður (n, hk) Veðurofsi; stólpabrim. „Um kvöldið gekk um með vestan stórgarð og skipið brotnaði í spón“ (um strand British Empire við Hnífa, líkl. haft eftir GG).

Stórgáfaður (l) Mjög gáfaður/greindur/skynsamur. „Sumir telja hann stórgáfaðan, en aðrir hálfvita“.

Stórgeðugur (l) Mjög viðkunnanlegur/viðfelldinn. „Mér fannst hún bara stórgeðug manneskja“.

Stórgeðja (l) Skapmikill; þungur á bárinni. „Hann var dagfarsprúður, en stórgeðja ef honum mislíkaði“.

Stórgeggjaður (l) Mjög/verulega geðbilaður/ veikur á geði; *snarbilaður*; *úti að aka*.

Stórgerður (l) Grófur; grófgerður; stórkarlalegur; með hrúfri áferð/ásýnd; ekki smágerður/smáfríður.

Stórglæpur (n, kk) Alvarlegt/mikið afbrot; mikil yfirsjón/afglöp.

Stórglæsilegur (l) Mjög myndarlegur/fallegur. „Albert var stórglæsilegur maður; afar traustvekjandi“ (Anna Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

Stórgreiði (n, kk) Mikil greiðvikni; mikið velvildarverk. „Það er erfitt að launa svona stórgreiða“.

Stórgripur (n, kk) A. Nautpeningur; kýr, naut, uxi eða stálpaður kálfur. „Í hverja brók þurfti þrjú ærskinn og kálfskinn í setskautann, en leður af stórgrip í sólna“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Stórgripaslátrunin verður á undan sauðfjárslátrun þetta haustið“. B. Stór hlutur. „Það verður erfitt að koma þessum stórgrip inn í hús“.

Stórgróðastarfsemi (n, kvk) Starfsemi/rekstur sem gefur mikinn arð/hagnað. „Svona búrekstur getur kannski aldrei orðið stórgróðastarfsemi, en hann getur vel framfleytt samhentri og nægjusamri fjölskyldu“.

Stórgróði / Stórhagnaður (n, kk) Mikill arður/gróði/hagnaður.

Stórgrýti (n, hk) Stór steinn og svo þungur að honum verður ekki *bifað* án tækja. Safn slíkra steina á svæði, t.d. neðan hlíða, er stórgrýtisurð. „Hann þurfti að fjarlægja mikið af stórgrýti til að þarna yrði slægjur“.

Stórgrýtisfjara (n, kvk) Stórgrýtt fjara. „neðanvið Undirhlíð er stórgrýtisfjara“.

Stórgrýtisurð (n, kvk) Mjög stórgrýtt/gróf urð. „Nokkur hluti vegarins liggur gegnum stórgrýtisurð“ (VÖ; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Stógræða (s) Hagnast mjög mikið; fá verulegan arð.

Stórhátíð (n, kvk) Mikil hátíð; mestu hátíðir ársins s.s. jól, áramót, páskar og hvítasunna.

Stórheilagt (l) A. Stórhátíðisdagur; jól, páskar, hvítasunna. B. Líkingamál um alvarleika málefni. „Það er nú ekki stórheilagt þó verkið klárast ekki allt í dag“.

Stórheit (n, hk, fto) A. Mikilfengleiki; mikið umfang. „Hann vissi ekki hvernig hann átti að taka þessum stórheitum. Hann hafði ekki búist við viðurkenningu úr þessari átt“. B. Stórmæli; heitingar; illska. „Af þessu máli spruttu stórheit og illdeilur milli bæjanna“. „Stóheitin flugu á milli þeirra“.

Stórheppni (n, kvk) Mikil heppni; mikið lán; *hundaheppni*.

Stórhneyksli (n, hk) Mikið hneyksli; mikill *skandall*.

Stórhóll (n, kk) Stór hóll. Stórhóll er nafn á áberandi strýtulaga hól utantil við Grófarstekk á Hnífum; heimanvið Flatir þar. Stórhóll er bústaður huldufólks og ávallt hefur verið bann við hávaða nærri honum. Þar má helst ekki húa á fé, hvað þá ærslast. Í klettunum neðan Stórhóls er Sandhellir og eru göng sögð liggja úr honum upp í Stórhól. Er ekki vitað um aðra huldufólksbústaði sem hafa innangengt í viðlíka sjávarsýn, með sandvogi undir og *sjávangosi* í hlein. Skammt heiman Sandhellis er í klettunum Tröllkarlshellir, sem er mun tröllslegri ásýndum. Mun einstakt að svo stutt sé milli byggða þessara ólíku landvætta. Vel gengt er í báða hellana, þó varasamara í Tröllkarlshelli. Munnmælin segja að göng liggja frá Tröllkarlshelli í Hnífum í Tröllkonuhelli í innanverðum Blakk, en neðan hans er Kattarhola, og úr henni eru sögð vera göng alla leið í Urðarhjalla ofan Látrabjargs. Þjóðtrúin hóf því gangagerð á Vestfjörðum löngu á undan Vegagerðinni.

Stórhreingerningar (n, kvk, fto) Mikil þrif; miklar hreingerningar t.d. í húsi. „Stendur þú í stórhreingerningum“?

Stórhret (n, hk) Mikið/öflugt/langvarandi hret; mikil ótíð.

Stórhriðinn (l) Mjög hriðinn/ánægður/spenntur.

Stórhrið (n, kvk) Mikill bylur, oftast með ofankomu. „Gerði þá jarðbönn og stórhriðar með frosti; svo taka varð hross á hús og hey“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Stórhuga (l) Með miklar hugmyndir/hugsjónir; ætlar að gera mikið/ koma miklu í verk.

Stórhvalur / Stórhveli (n, kk/hk) Stór hvalur. „En nú var það erfiðasta eftir; að koma stórhveli að landi með árunum einum saman, á lítilli bátskel“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Stórhyrnd (l) Um hornalag á sauðkind/nautgrip; með stór/áberandi horn.

Stórhýsi (n, hk) Stórt/veglegt hús. „Okkur fannst nýja húsið vera stórhýsi, miðað við það eldra“.

Stórhætta (n, kvk) Mikil/bráð hætta. „Það var rækilega brýnt fyrir honum með handahreyfingum að hann mætti alls ekki færa sig úr stað. Þá væri stórhætta á að hann hrapaði fyrir björg“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Stórhættulegur (l) Mjög hættulegur/varasamur. „Gættu að þér í aurskriðunni; hún er stórhættuleg í þurki“.

Stóridómur (n, kk) Refsilöggjöf sem samþykkt var á Alþingi 1564 að tilhlutan Páls Stígssonar hirðstjóra og staðfest af Danakóngi. Einkum tók hún til siðferðisbrota, og með henni voru viðurlög verulega þyngd frá kristinréttarlögum sem gilt höfðu frá 1275, og heyrðu slík mál nú undir veraldlegu vald en ekki kirkjulegt. Í stóradómi voru ákvæði um viðurlög við sífjaspellum, frillulífi, hórdómi o.fl. Við alvarlegustu brotum var tekin upp dauðarefsing, þar sem karlar voru hálhöggðir en konum drekkt í Drekkingsarhyl í Öxará. Vægari viðurlög voru t.d. húðstrýking; útleð úr fjórðungi eða landi; aleigumissir eða lægri fjársektir. Var fjöldi manna dæmdur til harðra refsinga meðan stóridómur gildi, en hann var mildaður undir lok 18.aldar og afnuminn að mestu á 19.öld.

Stóriðra / Stóriðrast eftir (s/orðtak) Sjá mikið eftir; þykja leitt. „Hann má stóriðra það að hafa ekki róid í morgun, eins og veðrið hefur farið með sig“. „Ég stóriðrast eftir að hafa leyft honum þetta“.

Stórilla (ao) Mjög illa. „Mér líkaði það stórilla þegar tillagan var felld á fundinum“.

Stórjörð (n, kvk) Mikil jörð/landareign; mjög kostamikil jörð. Helsta stórjörðin í Rauðasandshreppi var alla tíð Saurbær á Rauðasandi; einkum meðan undir hana heyrðu fjölmargar hjáleigur og ítök.

Stórkarlabragur (n, kk) Grófgert/klunnalegt yfirbragð; yfirgangur. „Ekki finnst mér þetta vera nein *finsmiði* hjá honum; það er óttalegur stórkarlabragur á þessu“.

Stórkarlahlátur (n, kk) Hrossahlátur; grófur gjallandi hlátur. „Verið ekki með þennan stórkarlahlátur þegar barnið er að reyna að sofa“!

Stórkarlega (ao) Gróft; hryssingslega; skröggslega.

Stórkarlegur (l) Grófgerður; hrikalegur; höstugur; klunnalegur. „Þú þarft að vera fínhentari við þetta; það þýðir ekkert að vera svona stórkarlegur“. „Skriftin var dálítið stórkarleg“.

Stórkostlega (ao) Mikilfenglega; mikið; aðdánlega.

Stórkostlegur (l) Mikilfenglegur; mikill; frábær.

Stórkostulegur (l) Stórfurðulegur; mjög kostulegur/einkennilegur/furðulegur/sérkennilegur. „Okkur fannst þetta stórkostulegar aðfarir og skemmtum okkur konunglega“.

Stórlega (ao) Mikið. „Ég efast stórlega um að þessar kindur heimtist nokkurntíma aftur“.

Stórleysingar (n, kvk, fto) Miklar leysingar; asahláka. „Í stórleysingum flæðir vatn oft niður Flötina“.

Stórlundaður / Stórlyndur (l) Skapmikill; með erfiða skaphöfn. „Gísli Konráðsson segir að Guðrún hafi þótt stórlynd, en mikilhæf í mörgu og Einari hafi farist vel við hana þótt jafnan héldi hann framhjá henni, eins og Gísli orðar það“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Stórlúinn (l) Mjög lúinn/þreyttur; uppgefinn. „Ég er nú ekki stórlúinn eftir svona stutta göngu“.

Stórmannlega (ao) Höfðinglega; rausnarlega. „Þetta fannst mér nokkuð stórmannlega gert af honum“.

Stórmastur / Stórsigla (n, hk) Stærsta mastrið/siglutréd á seglskipi; aðalmastur.

Stórmál (n, hk) Mikilvægt málefni; helsta atriði; alvarlegt mál. „Þetta er nú ekki stórmál í mínum augum“.

Stórmenni (n, hk) Fólk sem álitíð er mikilvægt í samfélagi; virðingarfólk. „Þarna kom margt stórmennið“.

Stórmennska (n, kvk) Höfðingsskapur; mikil gjafmildi/manngæska. „Hann átti það til að sýna stórmennsku, þó aðhaldssamur væri dagsdaglega“.

Stórmennskubragur (n, kk) Yfirbragð stórmennsku/höfðingsskapar. „Það er stórmennskubragur á svonalöguðu; þetta kunna menn að meta“!

- Stórmerki** (n, hk, fto) Mikilleiki; meiriháttar viðburður/atvik. „Mér finnst það nokkur *undur* og *stórmerki* að hann skuli hafa getað þetta án aðstoðar“.
- Stórmerkilegur / Stórmerkur** (l) Mjög merkilegur/merkur; athyglisverður; einstakur. „Hann var stórmerkilegur maður að ýmsu leyti“. „Mér finnst stórmerkilegt að þetta skuli ekki hafa verið athugað fyrr“.
- Stórmóðga** (s) Móðga/hneyksla mjög mikið.
- Stórmóðgun** (n, kvk) Mikil móðgun/fyrirlitning. „Honum fannst þetta vera stórmóðgun við sig“.
- Stórmunur** (n, kk) Mikill munur. „Maður sér stórmun á túnunum dag frá degi í svona gróðrartíð“.
- Stórmyndarlegur** (l) Mjög laglegur/ásjáleður/fallegur. „Hann á stórmyndarlega eiginkonu“.
- Stórmæli** (n, hk) A. Stór orð; gífuryrði. B. Alvarlegt dómsmál/sakamál; miklar sakir; stórglæpur.
- Stórmöskvað / Stórriðið** (l) Um net; með grófum/stórum möskva.
- Stórnauðsyn** (n, kvk) Mikil nauðsyn; mjög nauðsynlegt. „Mér finnst ekki nein stórnauðsyn á þessu“.
- Stórorður** (l) *Stóryrtur*; *gífuryrtur*. Gefur miklar yfirlýsingar; er grófur í tali.
- Stórpólitískur** (l) Sem mjög skiptar skoðanir eru um; umdeildur. „Fundurinn telur ekki hollt að draga að ástæðulausu stórpólitísk mál inn á sveitarfundi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).
- Stórprýði** (n, kvk) Mikil fegur; skraut. „Þessi framkvæmd er til stórprýði fyrir staðinn“.
- Stórreki** (n, kk) Mikill reki; reki stórviðar/ stórra trjáa. „Það hafa ekki orðið miklir stórrekar nýlega“.
- Stórrigning** (n, kvk) Mjög mikil rigning. „Það var stöðug stórrigning þessa daga svo bæði var vossamt og erfitt fyrir menn og skepnur...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Stórrök** (n, hk) Hávaarok; mjög mikið rok/hvassviðri. „Stórrök var ennþá, en þó mun minna en verið hafði um nóttina“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Stórræði** (orðtak) Mikil ráðagerð; mikið verkefni/verk. „Hann er að herða sig upp í þetta stórræði“.
- Stórsegl** (n, hk) Aðalsegl/meginsegl á báti. Um þrennskona meginsegl var að ræða: Þversegl eða skautasegl er elsta seglgerðin og sú sem nær einvörðungu var notuð á smábáta í íslenskum verstöðvum gegnum aldirnar. Þversegli er fest á rá, því sem næst þversum á bát lengdina; skautin (neðri hornin) eru fest sérstaklega og unnt að hagræða þeim eftir vindátt, en þversegl henta ekki í beitivindi. Loggortusegl eða gaffalsegl er fest á rá, gaffal, sem hallar upp og aftur frá siglutrénu; því sem næst í átt að skut. Þessi seglgerð hentar ágætlega í beitivindi. Sprytsegl er einnig aftur af siglunni, en ráin, sprytið sem heldur seglinu opnu, gengur frá neðra horni að framan upp í efra horn að aftan. Flestir bátar sem reru úr verstöðvum útvíkna voru litlar skektur sem notuðu þversegl. Þó voru til stærri skip, t.d. teinæringurinn Fönix í Kollsvík, sem sagður var glæsilegasta skip sem nokkur tíma hefði róið frá útvíkum fram til aldamótanna 1900. Ekki fer neinum sögum af seglabúnaði á Fönix, en ekki er ólíklegt að hann hafi haft loggortusegl: „Hákarlaskip Vestfirðinga voru með einu þversegli. Á þeim þekktist reyndar loggortusigling, t.d. í Víkum norðan Látrabjargs, en þar var hinsvegr þversegl á öllum venjulegum fiskibátum, einnig færeyskum, sem þangað voru keyptir og í Arnarfjörð“ (LK; Ísl.sjávarhættir; m.a. eftir GG). Til viðbótar við stórseglið voru notuð minni segl, einkum á stærri bátum; s.s. stagegl, klýfir og fokka. „Stórseglið hafði verið mjög stórt og þótti bera skipið ofurliði“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).
- Stórsektir** (n, kvk, fto) Miklar fjársektir. „Hann sagðist ekki ætla að lenda í stórsektum fyrir svonalagað“.
- Stórsig** (n, hk) Langt bjargsig, sem útheimtir mikinn mannskap og útbúnað. „Stórsig er á Miðlandahillu“.
- Stórsjá á** (orðtak) Sjást greinilegur skaði á; vera mikið meiddur/skaðaður. „Hann var sleginn þannig á kjaftinn á blótinu, að það stórsá á honum“.
- Stórsjá eftir** (orðtak) Sjá mikið eftir; vera mjög iðrandi. „Ég stórsé eftir að hafa lagt af stað í svona tvísýnu“!
- Stórsjóaður** (l) Með mikinn sjógang/ mikið brim. „Hann er að verða nokkuð stórsjóaður. Ég er hræddur um að hann gæti sett einhvern skít í netin núna“.
- Stórsjór** (n, kk) Mikill sjógangur. „Það er kominn hauga stórsjór af vestri“.
- Stórskaða** (s) Valda verulegu tjóni/slysi; slasa/skemma mikið. „Svona aðgerðir geta stórskaðað þessa atvinnugrein“.
- Stórskaðast** (s) Verða fyrir verulegu tjóni/slysi; slasast/skemmast mjög mikið. „Þakið hefur stórskaðast í rokinu“.
- Stórskaði** (n, kk) Stórtjón; mikill skaði. „Það yrði varla stórskaði þó hlöðuræksnið brynni“!

Stórskafli (n, kk) A. Stór snjóskafli. B. Mikil brimbára; brot. „Tilkomumikið er að horfa framá Kollsvíkina í sverum norðansjó; þegar hver stórskafllinn er framaf öðrum, svo langt sem augað eygir“.

Stórskammir (n, kvk, fto) Miklar skammir; óbótaskammir. „Hann fékk stórskammir fyrir tiltækið“.

Stórskemma (s) Skemma mikið; valda miklum skemmdum. „Það er búið að stórskemma vörðuna“!

Stórskip (n, hk) Stórt skip; hafskip. „Þeir ættu að geta róid á stórskipinu í svona tíkargjólu“!

Stórskipaleið (n, kvk) Siglingaleið stórra skipa. „Við reyndum bæði uppundir harðalandi og frammi á stórskipaleið; það var hvergi þöddu að hafa úr sjó“!

Stórskorinn (l) Grófgerður; með stórgert yfirbragð. „Hann var stórskorinn í útliti en *gull af manni*“.

Stórskrýttinn (l) Mjög undarlegur; *ekki með öllum mjalla*. „Hann var af mörgum talinn stórskrýttinn“.

Stórskuldugur (l) Mjög skuldugur; skuldum vafinn.

Stórslys (n, hk) Mikill skaði; alvarlegt slys. Í útgerðarsamfélögum oft notað um skipsskaða. „Gerði áhlaupsveður af norðri með snjókomu og veðurofsa, svo fólk í landi bjóst við stórslysi er svo margir bátar voru á sjó“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Stórspenótt (l) Um kind/kýr; með stóra spena. „Það er mesta furða að lambið skuli ná að sjúga hana, eins stórspenótt og hún er“.

Stórsteik (n, kvk) Kjöt sem steikt er í heilu/stóru stykki, t.d. læri eða hryggur.

Stórstígur (l) Sem tekur stór skref á göngu. „Hann var svo *hraðgengur* og stórstígur að ég átti fullt í fangi með að *fylgja* honum *eftir*“.

Stórstraumur / Smástraumur / Stórstreymi / Smástreymi / Stórstreymt / Smástreymt Miklu skipti fyrir búskap og útveg Kollsvíkinga hvernig *stóð á straum*. Róðrum varð að haga í takt við sjávarföll og fiskirí fylgir oft einnig þeim sveiflum. Þá fer veðurlag mikið eftir því hvernig stendur á straum. Ef þurrkur er ótryggur má heita öruggt að hann rigni í *aðtakinu*, einkanlega í stórstreymi. Gangur er fremur á búfé í stórstraumi en smástraumi. Skepnur og fólk fæða frekar í stórstreymi en smástreymi og botnfall (súr) í mysutunnum flýtur upp í stórstreymi. „Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum flaut hún upp á yfirborðið“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Aðeins var hægt að taka skelina um stórstraumsfjörur...“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þá hljóp mjólkinn og var til þykkur súr úr mysunni sem féll á botninn. Súrinn flaut svo upp þegar var stórstreymt“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Stórstraumsfall / Stórstraumsnorðurfall / Stórstraumssuðurfall (n, hk) Straumhraði í stórstraumi. „Það er lítil veiðivon í harðasta stórstraumsnorðurfalli“.

Stórstraumsfjara / Stórstraumsflæði / Stórstraumsflóð / Stórstraumsflóðmörk / Stórstraumsflæðarmál / Stórstraumsfjöruborð / Stórstraumsfjörumörk Heiti á stærstu flæðum og fjörum í stórstraumi og efstu/neðstu mörkum þeirra.

Stórstyrjöld (n, kvk) Mikið stríð; heimsstyrjöld.

Stórsynd (n, kvk) Mikil synd; mikil yfirsjón/afglöp. „Það telst nú varla stórsynd þó menn leysi örlítinn vind“!

Stórsyndugur (l) Mjög syndugur; með margar yfirsjónir á samvisskunni.

Stórt hundrað (orðtak) Magneining fyrrum; 120; *tólfrætt hundrað*. „Allgott þótti ef þrjú hundruð stór fengust til hlutar yfir vorið. Var sá aflí talinn bestu sex *vætta* virði“ (PJ; Barðstrendingabók).

Stórtap (n, hk) Mikið tap; mikill hallarekstur.

Stórtíðindalaust (l) Ekki mikið að fréttá; engar stórfréttir. „Héðan er allt stórtíðindalaust“

Stórtíðindi (n, hk, fto) Miklar fréttir; stórfréttir. „Þetta kalla ég *heldurbetur* stórtíðindi“!

Stórtjón (n, hk) Mikið tjón; miklum verðmætum spillt. „Hann ku hafa orðið fyrir stórtjóni í óveðrinu“.

Stórtækur (l) Tekur mikið í einu; þurftafrekur. „Landeigandanum þótti þeir stórtækir í eggjatökunni“.

Stórufsi (n, kk) Stórvaxinn ufsi.

Stórum (meiri/minni/betri/verri/skárri/lakari/léttari/þyngri o.frv) (orðtök) Mikið; miklum mun. „Honum fannst aflabrögðin stórum skárri en á síðustu vertíð“.

Stórunderlegur (l) Mjög undarlegur/skrýttinn/furðulegur. „Mér fannst hann stórunderlegur í háttum“. „Það var stórunderlegt að þeir skyldu ekki sjá þetta“.

Stórúngerð / Stórútegur (n, kvk/kk) Mikil umsvif í útgerð; stórt útgerðarfyrirtæki.

Stórútlát (n, hk) Mikill kostnaður; mikil útgjöld. „Hann lenti í einhverjum stórútlátum útaf þessu klúðri“.

Stórvandamál / Stórvandræði (n, kk, hk) Mikið vandamál; mikil vandræði. „Þetta ætti ekki að verða neitt stórvandamál“.

Stórvarasamur (l) Mjög aðgæsluverður/hættulegur. „Farið ekki út á ísinn á vatninu; hann er stórvarasamur“!

Stórvaxinn (l) Mikill vexti; stór.

Stórvarasamt (l) Mjög varasamt; viðsjárvert. „Það er stórvarasamt að sigla of nærri boðanum í svona ylgju“.

Stórveisla (n, kvk) Mikil veisla. „Þetta er nú engin stórveisla; bara kaffi og kleinur“.

Stórvel (ao) Mjög vel. „Mér líkaði þetta bara stórvel“. „Hann er stórvel gefinn“.

Stórverk / Stórvirki (n, hk) Mikið verk; mikil framkvæmd. „Það ætti ekki að verða stórverk að klára þetta“.

Stórversna (s) Versna mjög mikið. „Veðrið er sæmilegt núna, en samkvæmt spánni á það eftir að stórversna“.

Stórviðarreki (n, kk) Reki stórra trjáa. „Varla er hægt að tala um neinn stórviðarreka í langan tíma“.

Stórviðarsög (n, kvk) Sög til að saga stórvið/rekavið að endilöngu. Getur verið handsög eða véldrifin.

Stórviðburðalaus (l) Án stórtíðinda. „Eftir þetta var ferðin stórviðburðalaus“.

Stórviðburður (n, kk) Mikill viðburður/atburður. „Síðan hef ég unnið við jarðboranir og tíminn hefur liðið án áfalla eða stórviðburða“ (IG; Æskuminningar).

Stórviðrasamt (l) Um tíðarfar; mikið um slæm veður. „Haustið hefur verið fremur stóðviðrasamt“.

Stórviðri (n, hk) Aftakaveður. „... að þá hann reið yfir Kerlingarháls þar sem heitir Klifhryna, hvar gatan liggur eftir fjallsbrúninni, fleygði stórviðri honum af hestinum fram af klettabrúninni og niður fyrir hamrana, hvar hann dó“ (RÍ; Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal; um sr Björn Bjarnason, þj. 1602-1625).

Stórviður (n, kk) Mikið/voldugt tré. „Svona stórvið er best að taka upp á *skríftóg*“.

Stórvægilega (ao) Mjög mikið. „Ég held að hann hafi ekki meitt sig neitt stórvægilega“.

Stórvægilegur (l) Meiriháttar; í miklum mæli. „Það hafa engar stórvægilegar breytingar orðið á þessu enn“.

Stóryrði (n, hk) *Gífuryrði*; *heitingar*; hótanir; skammir. „Það er óþarfi að hafa uppi stóryrði í þessu máli“.

Stóryrður / Stóryrtur (l) Notar stóryrði. „Hann var farinn að gerast *helsti* stóryrtur í minn garð“.

Stórþari (n, kk) *Laminaria hyperborica*. Yfirleitt einungis nefndur *þöngull* í máli Kollsvíkinga, enda er hann þar algengur. Stórvaxin þarategund sem algeng er neðst í klapparfjöllum eins og í Kollsvík og öðru grunnsvævi. Neðst er stór og öflugur, marggreinóttur þöngulhaus sem plantan notar til að festa sig við grjót eða klöpp. Ofan hans er sívalur stilkur, *þaraleggur/þöngull*, sem mjókkar upp og brotnar auðveldlega sé hann mikið sveigður. Hann getur orðið meira en 2ja metra langur og í þversniði hans má sjá vaxtarhringi. Efst situr stór, þykk, slétt og leðurkennd þarablaðka, sem oftast er klofin í endann í margar misbreiðar ræmur og nefnist *kerlingareyra*. Kjörsvæði stórþara er frá fremsta stórstraumsfjöruboði niður á 15 m dýpi. Á sömu slóðum vex *hrossaþari* og *beltisþari*, sjá þar. Mikinn þaraskóg má sjá í yfirborðinu fremst á stórstraumsfjöllum í Kollsvík. Kerlingareyrur sem standa uppúr yfirborðinu eru gjarnan aðsýndar eins og sinuvasið tún. Vaxtarhraðinn er um 25 cm á ári, en plantan getur náð 20 ára aldri. Blöðkuna/kerlingareyrað fellir hún árlega, og getur hún myndað mikla þarabunka í fjöllum; einkum eftir mikinn garð.

Stórþjófnaður (n, kk) Mikill stuldur/þjófnaður. „Hann vildi meina að það væri ekki stórþjófnaður að stinga á sig annars manns hnif, heldur hefði það alltaf talist sjálfsögð sjálfsbjargarviðleitni“.

Stórþorskur (n, kk) Stór þorskur; golþorskur.

Stórættaður (l) Af frægu fólki kominn; vel ættaður; kominn af stórmönnum.

Strabbi (n, kk) Fitleiki; sporðstæði á lúðu. „Þess voru dæmi að sá hluti fitleikans sem fylgdi bolnum þegar sporðurinn var skorinn frá, væri einungis nefndur brestur, en strabbi parturinn sem var áfastur blökunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimild: Guðbj.Guðbjartsson).

Straff (n, hk) Refsing. „Kötturinn fékk ekki að fara út aftur þann daginn; það var straffið fyrir fuglaveiðarnar“.

Straffa (s) Refsa; veita ráðningu. „Bændum er straffað harðlega ef þeir eru of duglegir“!

Strambafjandi (n, kk) Blótsyrði um *vindsperring*/hvassviðri. „Skelfing er hann að verða hvimleiður þessi strambafjandi af norðan“!

Strambi (n, kk) Allhvass vindur; *vindsperringur*. „Við höfðum strambann í fangið á heimleiðinni“. Sjá *vindstrambi*. B. Erfiðleikar, þyngsli. Minna notað í þeirri merkingu.

Stramma sig af (orðtak) A. Koma sér í jafnvægi; gera sig kláran. B. Fá sér áfengi/snafs; reyna að sýnast *ófullur þó fullur* sé.

Stammi (n, kk) Grófofið efni sem notað er til ísaums.

Strand (n, hk) Það að bátur/skip lendir óviljandi upp í land eða uppá sker; *siglir í strand*.

Stranda (s) Verða strand; sigla í strand; lenda óvart á skipi uu í land eða uppá sker.

Strandaður (l) Kominn í strand. „Sáu Kollsvíkingar þá að togari var strandaður á Blakknesboða“.

Strandaglöpur (n, kk) A. Sá sem missir af skipi/ verður eftir á ströndinni þegar skip leggur frá landi. B. Líkingamál um þann sem missir af hverskonar ferð/ þann sem fær ekki flutning.

Strandferðaskip (n, hk) Skip sem siglir meðfram ströndum og flytur varning til og frá sjávarplássum. Strandferðaskip voru gerð út á vegum Skipaútgerðar ríkisins og fleirum á 20.öld, en strandflutningar lögðust af þegar vegasamband byggðanna batnaði. Fyrir kom að strandferðaskip kom uppá Kollsvík til að lesta fiskafurðir, meðan útgerð var í Kollsvíkurveri.

Strandhögg (n, hk) A. Upphafleg merking er að gera árás af sjó uppá land og höggva þar menn og fénað. Mun einnig hafa verið notað um það að smala fé til skips og slátra því á ströndinni. B. Nútil dags er merking þess að *gera strandhögg* sú að sölsa eitthvað undir sig; þvinga eitthvað útúr öðrum.

Strandleið (n, kvk) Leið með strönd landsvæðis.

Strandlengis (l) Meðfram/eftir ströndinni. „Hnífar er lágt fjall, og er *strengberg* í þeim *æði* langan veg strandlengis“ (Örnefnaskrá Láganúps; viðbót ókunns skrásetjara).

Strandlengja (n, kvk) Strönd landsvæðis. „Þegar mest barst á fjörur af skeljasandi má segja að mestöll strandlengjan fyrir Kollsvík væri sandfjara“.

Strandlína (n, kvk) Mörk strandar/fjöruborðs. Oft notað til að lýsa hærri sjávarstöðu fyrir á jarðsögutímanum. „Sjávarborð stóð hærra meðan landið var að lyfta sér eftir ísaldartímann. Merki sjást um að strandlína Kollsvíkur hafi um tíma verið neðan Umvarps; um Nautholt, Svarðarholt, og Brunnsbrekku“.

Strandrof (n, hk) Sjávarrof á strönd. „Strandrof jókst mikið í Kollsvík undir lok 20.aldar. Líkur benda til að það stafi af offjöldgun ígulkersins skollakops á vikinni, en ofbeitt þess eyðir þaraskógunum sem gegna mikilvægu hlutverki í því að draga úr aflí brimbárunnar“.

Strandsjór (n, kk) Sjór með strönd lands. Strandsjór er oft annars eðlis en úthafssjór. Hitastig og selta hans sveiflast á annan hátt en úthafssjavar og yfirleitt er hann mun ógegnsærri vegna gruggs af botni og landi. Þá geta straumar legið á allt annan hátt við ströndina en dýpra úti og sjávarföll verið úr fasa við það sem utar er.

Strandstaður (n, kk) Staður þar sem skip/bátur hefur strandað. „Undir Hreggnesa strandaði vélbáturinn Garðar 16.okt.1999 með tveggja manna áhöfn. Mannbjörg varð, enda veður gott. Báturinn eyðilagðist á strandstað, en nokkru tókst að bjarga, m.a. vél bátsins“ (HÖ; Fjaran).

Strandvirkjun (n, kvk) Nýyrði í íslensku máli; búið til af Valdimar Össurarsyni, þar sem orð vantar yfir þá nýju tækni sem uppfinningar hans ná til; virkjanir á orku sjávarfallastrauma í annesjaröstum, utan fjarða og sunða. VÖ er fyrsti Íslendingurinn til að þróa tækni á sviði sjávarorku og í því efni vantar skiljanlega ýmis orð.

Strangheiðarlegur (l) Mjög grandvar/frómur/heiðarlegur. „Hann var strangheiðarlegur og naut hvarvetna trausts þeirra sem við hann skiptu“.

Strangi (n, kk) Vöndull; rúlla/vindingur af t.d. klæðisefni. T.d. klæðisstrangi.

Stranglega (ao) Algerlega; af þunga. „Þetta er stranglega bannað“.

Strangt til tekið (orðtak) Í strangasta/þrengsta skilningi; *ef vel er að gáð*; raunverulega; *i raun og sannleika*. „Strangt til tekið hefðum við kannski átt að biðja um leyfi, en þarna höfðum við verið sjálfráðir og einir um eggjatöku í fjölda ára“.

Strangtrúaður (l) Með mikla trúarsannfæringu; trúir í einlægni; hefur mikla trú á. „Ég er ekki svo strangtrúaður á að þetta takist“.

Strangur (l) A. Um mann; harður á sinni fyrirætlun; fylgir reglum/fyrirskipunum eftir út í æsar. „Sumum krökkunum fannst hann nokkuð strangur kennari“. „Hann var víst undir ströngu eftirliti frúarinnar á þorablóttinu“. B. Um t.d. straumvatn; straumhraður; stríður. „Straumurinn var orðinn nokkuð strangur þarna við hleinina“.

Straua (s) Æða; fara fljótt yfir; hlaupa. „Hópurinn strauaði neðan allan dal og hvarf inn yfir Hænuvíkurskarð“.

Straubolti / Straujárn (n, kk/hk) Þungt járnáhalð sem er hitað og notað til að fá slétta áferð á flikur. Nútil dags eru yfirleitt notuð sérstök felliborð, nefnd strauborð/straubretti, til að vinna að þessu, en fyrrum straujuðu húsmæður á eldhús- eða stofuborðum, með taustykki undir því sem straujað var.

Strauja (s) Renna *straubolta/straujárn* yfir flik til að slétta hana.

Straumafar (n, hk) Mynstur á stefnu og styrk strauma á tilteknu svæði. „Litlar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar á straumafari kringum Látraröst, þó sjómenn hafi um aldir þekkt margt í því efni. Lítið er t.d. vitað um iður þær sem Látraröst veldur upp á Útvikur, eða hvaða áhrif hún hefur á sandburð“.

Staumamót / Straumaskil (n, hk, fto) Staður þar sem mætast straumar úr tveimur mismunandi áttum. „Norðan Bjargtanga; undan Seljavík, verða oft skörp straumamót“.

Straumaskipti (n, hk, fto) Fallaskipti; úr einu fallinu í annað. „Byrjað var að draga línuna á ný strax við straumaskipti“ (KJK; Kollsvíkurver). „Formenn miðuðu róðartíma við það að vera komnir til miða um liggjandann; þ.e. straumaskipti norður- og suðurfalls. Út af vikunum eru þau um 1 til 1 ½ klukkutíma eftir háflæði og háfjöru“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Síðan var enn legið við sama enda þar til straumaskipti voru“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Straumbára / Straumalda (n, kvk) Bára sem kviknar þar sem mikill straumur er undir, einkum þar sem hindranir verða fyrir meginstraumnum, t.d. vegna botnlags eða straums úr annarri átt. „Þó sjólaust sé allt um kring geta myndast allkrappar straubáruir í miklum röstum, t.d. Látraröst og Blakknesröst“.

Straumbeljandi (n, kk) Harður/mikill straumur vatns eða sjávar. „Menn *stilltu sig* jafnan *undir fall*, ef unnt var, þegar fara þurfti um Blakknesröstina; enda *ekki heiglum hent* að róa á móti mesta straubeljandanum“.

Straumbreytir (n, kk) Tæki sem breytir eðli rafstraums. Oftast notað um það sem lækkar spennu riðstraums.

Straumgöndull / Straumhvirlill / Straumiða (n, kk) *Hvirfilstraumur*; iða sem myndast í straumi, s.s. í stríðu sjávarfalli. „Mikill straumgöndull eða *rastarstrengur* er oft sýnilegur fram af annesi í stífu norðurfalli; einkum greinilegur ef vindur stendur á móti. Einnig má tíðum sjá straumgöndla niðri í sjónum hlémeigin við fyrirstöður, s.s. belgi eða hleinar“.

Straumharður (l) Með mikinn strauhraða. „Í leysingunum urðu smálækir að straumhröðum stórflyótum“.
„Þá hellir hún geislum á fjallanna frón/ þeir fossandi gullstrengir titra;/ og knýr framúr þögninni töfrandi tón,/ er túnin í sóleyjum glitra./ Nú ris eins og alda með óþungum klið/ iðandi lífið í strauhörðum klið“ (VÖe; Ísland).

Straumhnútur (n, kk) Stórt og krappt brot sem verður til í miklu straukasti, t.d. í Blakknesröst eða Látraröst.

Straumhraði (n, kk) Hraði straums/ rennandi vökva. Straumhraði í sjó var lengst af mældur í hnútum á klukkustund, en nú er oftast talað um metra á sekúndu. Straumhraði á opnu hafi er að jafnaði ekki mikill, hvorki af völdum meginstrauma né sjávarfalla, þó þar flytjist gríðarlegur massi og hafi mikil áhrif t.d. á hitafar og lífríki. Hinsvegar eykst strauhraðinn mikið þegar sjávarmassinn mætir hindrunum/þrengingum, t.d. í sundum eða við annes, auk þess sem sjávarföll eru misjafnlega sterk frá einum stað til annars. Mesti strauhraði hér við land verður í sundum Breiðafjarðar, þar hann fer sumsstaðar yfir 4 m/sek. Í Látraröst fer hann líklega vel yfir 1 m/sek þar sem mest er, en um það skortir allar vísindalegar mælingar. Straumhraði í Blakknesröst er líklega litlu minni skammt utan Blakkness í harðasta stórstraumsnorðurfalli.+

Straumhvörf (n, hk, fto) A. Upprunaleg merking; breyting á straumum; fallaskipti. B. Nú eingöngu notað í líkingamáli um stefnu- eða eðlisbreytingu sem verður á einhverju, t.d. framgangi málefnis eða listastefnu.

Straumiða / Straumkast / Straumsvelgur (n, kvk/hk/ kk) Hringiða/straumhnútur í vökva. „Innanvið bryggjuhausinn myndaðist nokkuð var fyrir stórsjóum en þar gat orðið öflug straumiða sem lamdi bátnum við bryggjuna“.

Straumkippur (n, kk) Stuttur róður til að komast aftur á fyrri veiðistað eftir að rekið hefur af honum undan miklum straumi. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; eftir ÓETH).

Straumlítið / Straumlaust / Straumleysa (l/ n, kvk) Litill/enginn straumur; fallaskipti. „Ég held að það sé orðið alveg straumlaust; færið stendur beint niður“.

Straummælingar (n, kvk, fto) Mælingar á hraða og eðli sjávarstrauma. Litlar sem engar vísindalegar starummælingar hafa verið gerðar á grunnsvæðum landsins. Höfundur þessarar samantektar fór þess á leit við stjórnvöld með skýrslu til Alþingis 2011 að úr yrði bætt, og samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem hann samdi vorið 2014. Ráðuneyti og stofnanir lögðust síðan á eitt um að hafa hana að engu, sem er í samræmi við þá andúð sem þær hafa sýnt nýtingu hinnar gríðarmiklu sjávarorku landsins.

Straumop (n, hk) Nýyrði Valdimars Össurasonar. Vegna fyrstu þróunar sjávarhverfla á Íslandi skortir ýmis viðeigandi orð, og er þetta eitt þeirra sem þurft hefur að smíða. Straumop er op það sem straumur getur fallið um, og er á hverflum VÖ notað um op sem sveigt blað í lokaðri/óvirkri stöðu myndar á hverflum straummegin við snúningsásinn; op sem straumurinn fer inn um og spennir blaðið í opna /virka stöðu. Orðið var fyrst notað í einkaleyfisumsókn um gerð V-3 af hverflum Valorku ehf.

Straumstefna (n, kvk) Stefna straums. „Sjávarfallahverfill Valorku heldur óbreyttri snúningsátt þó straumstefnan breytist“.

Straumstrengur (n, kk) Áll með miklum straumi á tiltölulega mjóu svæði, en minni straumi til hliða hans.

Straumtyppingur (n, kk) Alda/ slæmt sjólag sem verður eingöngu vegna straums. „Röstin getur verið varasöm litlum bátum vegna strauttyppings, jafnvel í blíðskaparveðri“.

Straumur (n, kk) A. Rennsli vökva, t.d. vatns eða sjávar. B. Sjávarfall; styrkur sjávarfalls. „Veistu hvernig stendur á straum núna“? Til þessa vísar orðtakið að vera *kominn á straumana*.

Straumur á (orðtak) Um veiðiskap; strumur þyngir á drætti línu/nets. „Um stórstrauminn var liggjandinn stuttur og strumur fljótt á“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Straumur liggur undir vind Notað um það þegar fallið er á móti vindáttinni, þannig að færi sem sett er út á kulborða hættir til að liggja undir bátinn. „Þeir vissu að veður var gengið til austurs því strumur lá undir vind“ (PJ; Barðstrendingabók).

Straumvatn (n, hk) Vatn sem rennur/streymir; t.d. ár og lækir.

Straumvör (n, kvk) Kambur/burst á framhlið árablaðs. Fremsti hluti árinna nefnist árablað, en mót þess við legginn nefnist áraröxl. Það sem fram veit á árablaðinu nefnist bak/árabak, og er oftast með kambi sem á sunnanverðum Vestfjörðum nefndist *straumvör*. (heimild; ÓETH; LK; Ísl. sjávarhættir II).

Strausykur / Strásykur (n, kk) Heiti á skykri. Heitið strausykur var víða notað frameftir 20. öld, en heyrir varla núorðið; strásykur lifir enn góðu lífi.

Strax (ao) Nú þegar; undir eins; þegar í stað. Samstofna heitinu strik.

Strá salti í sárið (orðtak) Oft notað í óeiginlegri merkingu um að auka vanlíðan/reiði einhvers. „Það var ekki nóg með að hann ynni veðmálið um þyngd hrústins, heldur stráði hann salti í sárið með því að bjóða hinum hrútinn til kaups ef hans reyndist getulaus“!

Strádrepa (s) Fella/drepa unnvörpum

Stráheill (l) Alheill; óskaddaður. „Úrið reyndist stráheilt þó það hefði lent í þessu“.

Strákapör (n, hk, fto) Hrekkir; bekkni; óknyttir; glettur; prakkarastrik. „Hann *hótaði* þeim *öllu illu* ef þeir létu ekki af þessum strákapörum“.

Strákasni / Strákauli / Strákbjáni / Strákgemlingur / Strákhvolpur / Strákormur / Strákskratti / Strákskömm (n, kk) Niðrandi heiti á dreng; skammaryrði um strá.

Strákgrey / Strákkvöl / Strákkvikindi / (n, kvk) Vorkennandi heiti á dreng.

Strákjölur (n, kk) Slitkjölur; *drag*; renningur úr slitsterku efni sem settur er undir kjöl á bát til að verja hann sliti t.d. við endurtekna setningu á land. Fyrrum var strákjölur tíðum úr eik (eikardrag) en síðar úr járn. Nefndist einatt *drag* í Kollsvík, a.m.k. í seinni tíð.

Stráklíngur (n, kk) Ungur strákur. „Ég var bara stráklíngur þegar þetta gerðist“.

Strákpatti / Strákpeyi / Strákpjakkur / Strápolli / Stráksi / Strákstauli / Stráktappi (n, kk) Gæluheiti á strá. Einnig strákastóð um hóp af drengjum.

Strákskapur (n, kk) Hrekkvís; grátt gaman. „Þeir gerðu þetta af eintómum strákskap“.

Strákslega (ao) Íbygginn; eins og hrekkjóttur strákur. „Hann glotti strákslega“.

Strákslegur (l) Ungæðislegur; hrekkjóttur; *til alls vís*. „Mér fannst þetta heldur stráksleg framkoma“.

Stráksnigill / Strákspott (n, kk/hk) Gæluorð um strá/*stráklíng*. „Geturðu ekki lánað mér stráksnigil til að hjálpa mér við rögun í réttinni“? „Það er aldeilis sprettur á honum; strákspottinu“!

Strákur (n, kk) A. Drengur; karlmaður á unga aldri. B. Óþekktarangi; óþekkt, t.d. *sitja á strákinum*.

Strákur í (einhverjum) (orðtak) Einhver er hrekkvís/hrekkjóttur; einhver er *til alls vís*.

Srákústur (n, kk) Sópur/kústur með stinnum hárum, notaður m.a. til að sópa af gólfum útihúsa eða moði úr jötum skepnuhúsa.

Stráss (n, hk) Eingöngu notað í orðtakinu „*í strássi við*“, sjá þar. Orðið er ekki skýrt í orðabókum, en líklega er það af sama stofni og „stríð“ og „streð“. Sjá *strássast við*.

Strássast við (orðtak) *Streitast á móti; þrástast við; sporna við*. „Það þýðir ekkert að strássast lengur við með þennan kúabúskap ef þeir hætta að sækja mjólkina“. Sjá *strássast*.

Strásykur (n, kk) *Strausykur*; sykur af venjulegustu gerð, hvítur og finkornaður, sem unnt er að strá/sáldra.

Streð (n, hk) Mikið erfíði/púl/baks. „Ég er þá ekkert að *standa í streði* með að ná þessum kindum; fyrst hann sleppir þeim jafnharðan aftur“!

Streða við (orðtak) Rembast; reyna mikið; *sperrast við*. „Ertu enn að streða við að muna þetta ártal“?

- Streitast á móti** (orðtak) Berjast gegn; sýna mótþróa. „Nautið streittist á móti og vildi ekki fara inn“.
- Streita** (n, kvk) A. Upprunaleg merking er tog/þan á taug/bandi. B. Líkingamál; átök; deila; ósætti. Sjá *halda til streitu*. C. Sífelld og mikil spenna í hugarfari sem valdið getur heilsufarsvandamálum.
- Streitast við** (orðtak) Keppast við; erfiða við. „Þeir vissu því vel hvað þeir voru að gera þegar þeir streittust við að láta þann gula ekki lokka sig í tvísýnu út á Kollsvík“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Streittur** (l) Stritandi; í samfelldu/miklu basli/puði. „Ég var búinn að standa streittur við moksturinn mikinn hluta dags“.
- Strekking** (n, kvk) *Strekkur*; tog; þan.
- Strekkingsgjóla / Strekkingsgola / Strekkingskaldi / Strekkingsvindur / strekkingur** (n, kvk/kk) Allnokkuð hvass vindur. „Þá var kominn strekkingsvindur af norðri, eða norðaustan, og alltaf jókst brimið í landi“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Strekka** (s) A. Þenja; gera þan/strekk/tog. B. Fara/hlaupa eins hratt og unnt er; æða; *spæna*; *spana*. „Hann er að strekka upp á Enginúpinn til að hafa kindurnar áður en þær renna uppúr Verinu“. „Hver ætlar að strekka til hans með skilaboðin“?
- Strekka sig** (orðtak) Rembast; leggja á sig. „Maður þurfti verulega að strekka sig upp brekkuna til að komast fyrir kindurnar“. „Það er erfitt að strekka sig svona á móti vindinum“. „Hún strekkir sig við að hafa undan“.
- Strekka (sig) við** (orðtak) Rembast við; reyna af fremsta megni; *sperrast við*. „Ég held að við ættum ekkert að strekka við að vitja um alla strengi í dag; hann spáir þökkalega fyrir morgundaginn líka“.
- Strekkiari** (n, kk) Áhald til að strekka t.d. vír í girðingu eða símalínu.
- Strekkiur** (n, kk) A. Tog; strekkur; þan. „Togaðu ekki meira í þennan streng; það er kominn svipaður strekkur á hann og hina í girðingunni“. „Meiri hætta er á að vaðurinn merjist á skörpum brúnum sé mikill strekkur á honum“. B. *Sprenghlaup*; hlaupasprettur. „Rollan hljóp í *rassaköstum* út eftir bókkunum en þegar ég hafði hana þar þá tók hún strekkinn upp alla hlið; alveg upp í Lambagang“!
- Strembinn** (l) Erfiður. „...ákvað Guðmundur að við skyldum róa þó strembin norðanált væri á miðunum...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Strendingur** (n, kk) Hlutur sem er ílangur og gjarnan með skörpum brúnum/eggjum.
- Strendur** (l) Með skörpum brúnum/jöðrum/köntum, t.d. þristrendur, ferstrendur.
- Strengberg** (n, hk) *Standberg*, þverhnipt frá brún niður úr (í fjöru); lóðréttur klettaveggur án ganga/hillna. „Hnífar er lágt fjall, og er strengberg í þeim *æði* langan veg *strandlengis*“ (Örnefnaskrá Láganúps; viðbót ókunns skrásetjara). Annarsstaðar merkir orðið „berggang“.
- Strengilega** (ao) Strangt; með ströngum hætti. „Ég bannaði honum strengilega að fíka í þessu“.
- Strengilegur** (l) Stranglegur; ákveðinn. „Í lögum eru strengileg fyrirmæli um þessi atriði“.
- Strengir** (n, kk, fto) *Harðsperrur*. „Ertu ekki með strengi eftir öll þessi hlaup“? „Ég fékk strengi eftir daginn“.
- Strengja** (s) A. Festa streng. B. Strekka; þenja. „Það mætti strengja girðinguna aðeins meira“.
- Strengja (einhvers) heit** (orðtak) Heita einhverju; lofa einhverju. Ég strengdi þess heit að láta svonalagaðan viðbjóð aldrei frammar innfyrir mínar varir“!
- Strengjabiti** (n, kk) Trébjálki sem lagður er þvert yfir skip til að binda það við legufæri. „Fönix var með strengjabita, en það var vænt tré að gildleika, sem lá þvert um skipið um hálsþóftuna og útyfir borðstokka. Bitanum var fest þannig að hann var bundinn niður í þóftuna beggja megin út við borðstokkana. Stjóraferinu var brugðið um strengjabitann er lagst var fyrir í hákarlalegum og var það kallað að liggja fyrir klofa. Fór skipið þannig mun betur í sjó heldur en ef festinni væri brugðið um stefni. Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft handfestu á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í lendingu meðan borið var af (borið frá borið). Strengjabitinn tilheyrði farviði skipsins“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Strengjabrúða / Strengjadúkka** (n, kvk) A. Brúða í brúðuleikhúsi, sem stjórnandinn stjórnar með strengjum. B. Líkingamál um þann sem fer í einu og öllu að vilja einhvers annars.
- Strenglengd** (n, kvk) Lengd á netastreng/trossu. „Þarna er ekki nema rúm strenglengd frá fjöru framá marbakka“.
- Strengsla** (s) A. Búa til *strengsli/rikling* úr lúðuflaki til herðingar. „Þegar langflök (lúðu) voru strengsluð, var hnífi fyrst stungið í flakið roðmegin og sem næst tveim þumlungum frá bandshaldinu og síðan rist niður úr því, og flakinu þannig skipt í tvennt því að lokum var skorið uppúr þumunni. Að því búnu var hvor helmingur ristur í sundur, en þá var skilið eftir haft við neðri brún strengslisins. Í þetta haft var tekið og

strengslinu brugðið gegnum sjálft sig eins og gert er við kleinur... Með þessum hætti komu fjögur strengsli úr hverju langflaki og héngu tvö og tvö saman á uppfestunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). B. Flaka steinbít til herslu án þess að kúla hann.

Strengslaður (l) Um steinbítisverkun; ekki kúlaður þegar hann er flakaður. „... hvort þú tækir það gilt að ég sendi þér harðsteinbít, og hvort þú vildir hafa hann kúlaðan eða strengslaðan“ (Bréf AK til VÖe í júní 1941).

Strengsli (n, hk) A. Hert flak af steinbít „Þegar steinbíturinn var orðinn nógu harður fengum við alltaf nokkur strengsli með okkur“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Orðið var ekki notað um annað í seinni tíð í Kollsvík.: B. Lúðuriklingur. „Lúðuriklingur var skorinn í strengsli og þau hert“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms). „Strengslariklingur...var úr hvers konar flökum, en helst ekki úr mjög stórum eða ýkja þykkum“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). C. Niðurskornar ræmur af öðru, s.s. skötubörðum. „Álgengt var að rista börðin í strengsli, ofanfrá og niðurúr, og jafnvel halda þeim sundur með spýtum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Strengur (n, kk) A. Band; taug; lína af einhverju tagi, t.d. girðingarstrengur, bogastrengur, naflastrengur o.fl. B. Vindur sem er áberandi sterkastur á ákveðnu svæði. „Stundum liggur norðan vindstrengur alveg frá Trumbum og upp yfir bæi á Láganúpi“. C. Veidarfæri; *tengsli*; trossa af netum sem fest eru saman, enda í enda. „Misjafnt er hve mörg grásleppunet eru í einum streng. Meðan dregið var á höndum voru þau oft fjögur, en eftir að glussaspil komu til sögunnar var algengt að þau væru sex og jafnvel fleiri; fer fjöldinn gjarnan eftir breidd þaragarðsins sem þau liggja í“. D. Torfa sem skorin er á vissan hátt, til að nota í vegghleðslu. „Búðirnar voru að innan hlaðnar úr grjóti, en að utan úr grjóti og strengjum; var það gert til að þetta á milli steinanna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). E. Mittisborði á fatnaði. „Þessar buxur eru alltof þröngar í strenginn“. F. Harðsperrur; krampi í vöðvum eftir áreynslu. Einatt í fleirtölu: „Ég er með árans strengi eftir hlaupin í dag“. G. Harður straumur á tiltölulega mjóu svæði í vatnsfalli eða sjó. H. Plógstrengur; löng torfa sem myndast við plægingu jarðvegs.

Streyma á (orðtak) Stefna sjávarstraums/falls. „Gáðu hvernig streymir á baujuna; hvort sé réttara að fara fyrst í grunnbólið eða djúpbólið“. „Nú er farið að streyma öfugt á hjá okkur“.

Streymt (l) Staða sjávarfallasveiflu; stórstreymt eða smástreymt. „Veistu hvernig er streymt þessa dagana?“

Strigahæra (n, kvk) *Hæra*/yfirbreiðsla úr striga, til að breiða yfir *galta* svo ekki ná að *dropa* í heyið.

Strigakjafstur (n, kk) Kjöftugur/hávaðasamur/þrasgjarn maður. „Það hlustar nú enginn á þann strigakjafst!“

Strigapoki (n, kk) Poki úr striga. Meðan handafl var allsráðandi í sveitum var strigapokinn þarfari til hverskyns geymslu og flutninga, t.d. á heyi, ull, eldiviði, matvælum o.fl.

Strigaskór (n, kk, fto) Skór með yfirleður úr striga. „Vafalítið bætti tilkoma strigaskónna öryggi bjargmanna verulega“.

Strigi (n, kk) Grófofinn dúkur úr hampi eða jútu.

Strigsa (s) Rigsa; stika; strika; strunsa. „Hann strigsaði bara hjá án þess að líta til hægri né vinstri“.

Strik (n, hk) A. Lína sem hugsuð er eða dregin á blað milli tveggja punkta. B. Athöfn, sbr prakkarastrik. C. Eining á áttavitarós, en henni er skipt upp í 32 einingar; 8 milli hverra tveggja höfuðátta. Af því er það dregið að breyta stefnu um *svo og svo* mörg strik; að *halda sínu striki*; *halda strikinu*, og að *ná sér á strik*.

Strika (s) A. Fara fljótt í beina stefnu. „Lúðan var ekki fyrr kominn á krókinn en hún strikaði til hafs“. „Ég sá það síðast til kindanna að þær strikuðu neðan Vörðubrekku; á *skurki* út yfir Breiðuvíkurbáls“. B. Draga línustrik. „Strikaðu undir þær sem fengnar eru“. „Ég strikaði þann þingmann út í kosningunum“.

Strikhefill (n, kk) Verkfæri til að gera strik/skoru til skrauts í borðvið, t.d. í veggjapanil eða gerekti.

Striklitur (n, kk) Litur striks sem steinn skilur eftir sig þegar honum er strokið við hart hrjúft yfirborð. Striklitur er notaður til að greina tegundir steina og steinda og getur verið allt annar en litur steinsins. T.d. hefur jaspis hvítan strik- og duflit, þó hann sé rauður, grænn eða brúnleitur.

Striklota (n, kvk) Merkir líklega í upphafi það sem siglt er í sömu lotu í óbreytta stefnu/ með óbreytt *strik*. Nú eingöngu notað í orðtakinu; í *striklotu*.

Strikmát (n, hk) *Rissmát*; verkfæri til að rispa strik í vissri fjarlægð frá brún smíðisgrips.

Strimill (n, kk) A. Renningur; ræma; lengja; borði. B. Þykkildi í mjólk þegar mjólkað er, oftast vegna júgurbólgu. „Mér sýnist vera einhverjir árans strimlar í mjólkinni úr Dimmu; hún þarf aftur að fara á kúr“.

Strimla (s) Um mjólk; verða að strimlum/hlaupkenndum kekkjum vegna júgurbólgu eða geldstöðu. „Mér finnst vera að byrja að strimla í framjúginu fjær á Dimmu. Hún þyrfti að fá pensillinsprautu“.

Stripl (n, hk) Það að vera á ferli fatalaus eða fatalitill. „Það slær að þér með þessu béuðu stripli!“ Þó orðrótin sé „stripl“ var framburðurinn vestra einatt með i-hljóði.

Striplast (s) Vera nakinn/fáklæddur. „Þú ættir nú ekki að vera að striplast lengi útivið svona kvefaður“.

Strit / Stritvinna (n, hk) Erfiði; púl. „Maður þreytist á svona samfelldu striti“.

Strita (s) Erfiða; púla; atast; vinna lengi í átakavinnu. „Við strituðum *góða stund* við snjómoksturinn“.

Strið (n, hk) A. Langvarandi ófriður; röð af orrustum/skærum; vopnuð baráttu. B. Líkingamál um óvopnaða baráttu/viðureign. „Ég hef lengi staðið í stríði við stofnunina vegna þessa máls“.

Stríða (s) A. Standa í stríði/baráttu. „Eilíft þarf maður að stríða við þessar stofnanir“! B. Erta; angra; skaprauna. „Hættu nú að stríða honum bróður þínum“! „Honum var strítt á þessum kækjum“.

Stríða gegn (orðtak) Stangast á við; ganga í móti; vera andstætt. „Þetta stríðir gegn guðs og manna lögum“!

Stríðala (s) Gefa yfirdrifið nægt fóður; kappala. „Það þýðir ekkert að stríðala hrútinn svo að hann verði alveg getulaus þegar á honum þarf að halda“!

Stríðalinn (l) Um skepnu; mjög vel alinn; í mjög góðu eldi. „Þessi hrútur hefur verið stríðalinn í vetur“.

Stríðhærður (l) Með strítt/stinnt/óþjált hár.

Stríðinn (l) Sem stríðir/ertir/ skapraunar öðrum viljandi. „Hann á það til að vera stríðinn og hrekkjóttur“. Sjá einnig *meinstríðinn*.

Stríðni (n, kvk) Ertni; ögrun. „Vertu nú ekki með þessa stríðni við karlinn“ „Þetta var bara stríðni í honum“.

Stríðnisglott (n, hk) Glott/bros þess sem er að stríða; merki um ánægju þess sem stríðir.

Stríðnisþúki / Stríðnisseggur (n, kk) Sá sem stríðir/ertir/angrar af ásetningi. „Þetta er örugglega honum að kenna; hann á það til að vera skelfilegur stríðnisseggur“.

Stríðsterta (n, kvk) Mjög stór og ílagamikil terta með kremi/rjóma og allmikið skreytt. „Á borðum (á saumaklúbskvöldum) var kaffi og stríðstertur. ... Þar var m.a. ein hagnæm kona sem eitt sinn dró úr þússi sínu drápu, nokkuð langa, sem hún kvað við raust yfir hinum konunum. Tilefni þessa var að konurnar þóttu stríðstertur nokkuð komnar út í öfgar, því hver vildi gera betur en sú síðasta og voru sumar orðnar hálfsmeykar við að halda klúbbana hjá sér, en þeir voru á bæjunum til skiptis.“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Stríðsvanur (l) Vanur erjum/illdeilum. „Það væri *gráupplagt* að fá einhvern stríðsvanann úr verkalyðsbaráttunni til að leiða flokkinn í næstu kosningum“.

Stríðsöxi (n, kvk) A. Öxi sem notuð er í stríði. B. Öxi sem notuð er að boða menn í stríð með *axarboði*. Leifar ævaforns siðar geymast enn t.d. í orðtökunum að *grafa stríðsöxina* og *rétt boðleið*. Sjá *grafa stríðsöxina*; *axarboð*; *boðleið*.

Stríðum straumum (orðtak) Í miklu magni; í flóði. „Leysingavatnið rann stríðum straumum niður Gilið“. Fyrrum var yfirleitt ekki notað „í“ á undan orðtakinu, eins og nú heyrir oftast.

Stríður (l) Erfiður; baldinn viðureignar; sem þarf að stríða við. „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi. Svipmót hennar var bæði blítt og strítt“ (KJK; Kollsvíkurver).

Stríli (n, kk) Sperrileggur; monthani. „Þessi bannsettur stríli, sem gengur um með nefið uppí loftið af monti“. Virðist ekki þekkt annarsstaðar.

Strípaður (l) Nakinn; allsnakinn; kviknakinn. „Farðu í fötin krakki; það slær að þér ef þú ert lengi stípaður“!

Strípalingur (n, kk) Sá sem er strípaður/nakinn. „Þú ert nú meiri strípalingurinn“!

Strjálást (s) Verða stopull/strjáll. „Mikið finnst mér rekinn hafa að strjálást í seinni tíð“.

Strjálbýli (n, hk) Dreifbýli; dreifð byggð.

Strjálfiski (n, hk) *Reitingur*; langt milli þess að fiskur er dreginn í veiðiferð. „Í strjálfiski, þegar fiskur kom upp á lóð með nokkru millibili... var stundum sagt; „það er langt á milli bæja“ eða „það er eitt og eitt æpandi kvikindi““ (LK; Ísl.Sjávarhættir IV).

Strjálingsveiði (n, kvk) Nokkur *reitingur*; nokkur veiði þó ekki sé það *landburður*. Oft notað í jákvæðum tóni, þegar menn hrósa veiðinni en vilja samt ekki gera of mikið úr. „Það er nú varin að verða strjálingsveiði í ystu lagnirnar, þó enn sé sama ördeyðan innar“.

Strjálíngur (n, kk) Dreifðir/fáir hlutir/einstaklingar. „Mér sýndist vera strjálíngur af fé í Lambahlíðinni“. „Það er nokkuð greiðfært yfir Hálsinn; bara einn og einn skafli á *strjálíngi*“.

Strjáll (l) Dreifður; á við og dreif; einn og einn á *stangli*. „Sólskinsdagar hafa verið ansi strjálir uppá síðkastið“.

Strjúgur (n, kk) Matur sem gerður er þannig að bein, t.d. fiskbein, eru látin liggja lengi og mýkjast í súr. Hefur líklega þótt *fátækrafæða*, og lítið notað þar sem nóg barst á land af fiskmeti.

- Strjúka** (s) A. Stelast í burtu; fara án leyfis. „Fyrir kom að strákarnir á upptökuheimilinu í Breiðavík reyndu að strjúka og enduðu á Láganúpi. *Ekki var um annað að gera* en láta umsjónarmenn vita, sem sóttu þá“. B. Renna hendi eftir einhverju, t.d. til að gæla við það. „Kettinum þykir gott að láta strjúka sér“.
- Strjúka (ketti/einverjum) um belginn** (orðtak) Gæla við kött með því að stjúka honum um feldinn. Stundum í líkingamáli um að vera góður við einhvern; að smjaðra fyrir einhverjum.
- Strjúka yfir (af)** (orðtak) Þvo; þrifa. „Strjúktu af borðinu áður en þú setur nokkuð á það“. „Færið ykkur aðeins frá, ég ætla að strjúka yfir gólfín“.
- Strjúka framanúr sér** (orðtak) Þvo sér í framan. „Ég ætla að stjúka framanúr mér mesta skítinn áðuren ég sest inn“. Áherslur á „framanúr“ voru oftast á fyrra atkvæðið.
- Strjúka belginn** (orðtak) Strjúka kviðinn; liggja í leti. „Það þýðir víst lítið að liggja bara upploft inni í húsi og strjúka *belginn* þegar nýta þarf hverja þurrkflæsu sem gefst“.
- Strjúpi** (n, kk) Sárið sem eftir verður báðumegin þegar haus hefur verið skorinn af bók. „Eftir slátrun var saltað vel í strjúpann meðan hausinn var enn volgur“.
- Stroff** (n, hk) Fit á sokki, vettlingi, peysu o.fl; þrjónað þannig að skiptist á slétt og brugðin lykkja.
- Stroffa** (n, kvk) Lykkja; hanki; smeygur.
- Strok** (n, hk) Það að *strjúka/* stelast burt.
- Stroka** (n, kvk) A. Vindsveipur; öflug vindhviða; sterkur gustur/trekkur. „Lokaðu nú útidyrnum; það stendur strokan í gegnum bæinn“! B. Það að strjúka/klappa/klóra. „Meðan ég var að klappa hundinum kom kisa og heimtaði nokkrar strokur líka“.
- Strokgjarn** (l) Gjarn á að strjúka/stelast burt. „Það þarf að hafa gætur á henni Gránu, hún er oft stokgjörn fyrir burðinn“.
- Strokinn** (l) Farinn; hefur laumast burt. „Þeir voru að hringja frá Breiðavík og sögðu að strákurinn væri strokinn aftur. Ekki virðist honum þá líða vel í vistinni, skinninu atarna“.
- Strokka** (s) Vinna smjör úr rjóma með því að hræra/skekja mjólkina í sífellu þar til hún skilst að í smjör og áfir. „Skilja mjólkina, strokka rjómann og hleypa skyr úr undanrennunni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Strokkað** (l) Sem búið er að strokka. „Mér heyrir að nú gæti smjörið verið fullstrokkað“.
- Strokkhljóð** (n, hk) Hljóð sem kemur þegar smjör er strokkað. „Ég hef hitt konu sem eitt sinn heyrði mannamál og strokkhljóð úr Strýtusteini“.
- Strokkлагаður** (l) Líkur strokki í laginu; sívalur og mjórri í annan endann en hinn.
- Stroksveif** (n, kvk) Sveif á strokki sem snúið er/ á 20.aldar strokki. „Hún setti skyrið í grisju og hengdi það á stroksveifina, með fötu undir, til að láta síga betur af því“.
- Strokkun** (n, kvk) Það að strokka. „Strokkunin var á hendi mömmu eins og annað í mjólkurvinnslunni, en við bræður fengum oft það hlutverk að snúa strokknum þar til hljóðið í honum fór að breytast“.
- Strokkur** (n, kk) Búsáhalð til að strokka mjólk. Lengst af voru notaðir bullustrokkar; ílöng tunna með stöng uppúr öðrum enda. Á enda stangarinnar, inni í strokknum var bulla/bulluhaus. Með því að hreyfa stöngina upp og niður strokkaðist mjólk í strokknum. Á 19.öld komu til strokkar úr málm; lárétrri sveif var snúið; snúningsshraðinn giraður upp með tannhjólum og mjólkinn strokkuð á þann hátt með spöðum í tunnunni. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason, afi minn, smíðaði flest ílát í sveitinni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Strokudrengur** (n, kk) Drengur sem hefur strokið/ stolist af heimili. „Fyrir kom að strokudrengir frá upptökuheimilinu í Breiðavík birtust á Láganúpi“.
- Strokufé / Strokukind / Strokuær** (n, hk/kvk) Kindur sem hafa strokið/sloppið. „Ég hafði loks uppi á strokufénu úti í Breið“.
- Strolla** (n, kvk, linur frb) Halarófa; hver eftir annan í hóp. „Nú er öll strollan af túnrollum komin inná“. „Mér sýnist að það sé bara strollan niður allan slóða; það stendur rígaþorskur á hverjum krók“!
- Strolla** (s, linur frb) Ganga í halarófu. „*Árans reiðuleysi* er á fénu. Nú strollar það alltsaman uppaf Hjöllum“.
- Strompur** (n, kk) A. Reykháfur/skorsteinn á húsi. B. Það sem líkist strompi, t.d.lóðrétt klauf eða gat í klettavegg, eða í hlein.
- Stropa** (s) A. Um egg; þegar rauða byrjar að breytast í unga. Sjá *stropað egg*. B. Líkingamál um konu; verða ólétt/barnshafandi.

Stropað egg / Stropaegg (norðtak) Egg sem byrjað er að breytast fyrir ungun. Í nýjum eggjum eru *hvíta* og *rauða* greinilega aðskilin. Þegar þau eru *setin* er rauðan byrjuð að gulna og færast nær *skurninn/skurmminumi* á einhverjum stað. Í stropuðum eggjum hefur hluti rauðunnar breyst í þynnri vökva; *stropa*, og hvítan breytist þannig að hún verður stífari við suðu. Á næsta stigi myndast augu ungans, egginn verða *eygð*, og æðar myndast úti við *skjallhimmuna/skjallið*. Næsta stig ungunar er myndun goggs og lappa. Smekkur manna er misjafn, en sumir geta étið egg þó þau séu töluvert stropuð. Sumir drekka stropann en aðrir síður. Flest egg er hægt að *skyggna* með því að bregða þeim yfir sterkt ljós eða móti sólu, en þá sést stropinn sem dökkur blettur eða hringur, misjafnlega stór. Þetta er auðvelt með t.d. fýlsegg en erfiðara með bjargfuglsegg með þykkri skurn. „Í þessum stokki eru *leskingjar* og stropaegg“.

Stropavottur (n, kk) Vottur/smávegis af stropa. „Arans gikkur geturðu verið! Það er varla stropavottur í þessu egg; það er varla einusinni hægt að segja að það sé *setið*“!

Stropi (n, kk) Umbreyttur/þroskaður hluti eggis; þykkur ljósleitur vökvi við skurnina, sem byjar oft að myndast við breiðari enda eggisins. „Vertu ekki þessi *pempía*; gefðu mér bara stropann og éttu hitt“! Sjá *stropað egg*.

Strókur (n, kk) Það sem stendur upp í loft eins og súla, oftast notað um reyk, sbr reykjarstrókur, brimreyk, gufu eða vatnsbunu. „En standi reykurinn sem strókur í loft er ugglaut góðviðris merki /BH; Atli). Fyrir kemur að strókar frá hval sjáist frammi á vikin“.

Struns (n, hk) *An; gan*; tafarlaus ganga án þess að virða það sem er í kring.

Strunsa (s) Stika/ganga/ana reigingslega/fljótt, án þess að aðgæta það sem er í kring. „Eftir að þessa skammarræðu strunsaði karlinn beinustu leið heim; fúll í bragði“.

Strú (n, hk) Trosnun á enda kaðals/trjáviðar. „Vð sögum endann af trénu, þá losnum við líka við strúíð“.

Strúa (s) Gera strúað/trosnað; losa upp. „Gættu þess að strúa ekki endana meðan þú ert að splæsa“.

Strúaður (l) Um kaðal/trjávið; núinn; trosinn. „Þessi vaður er orðinn *hæpinn*, sýnist mér; hann er svo strúaður“.

Strúast (s) Um við/kaðal; trosna í enda; trosna við núning.. „Það hefur ekki verið *gert fyrir* endann á vaðnum og hann er farinn að strúast“. „Þarna hefur vaðurinn legið um brún og náð að strúast dálítið“.

Strúaður (l) Trosnaður; sundurlaus. „Tréð er æði langt, en töluvert strúað í endana; eins og það hafi lent í ís“.

Strútóttur (l) Litur á hundi; svartur með hvítan kraga um hálsinn.

Strympa (n, kvk) A. Hvaðeina sem er stromplaga; þ.e. uppmjótt en gjarnan opið í toppinn. B. Strympur er örnefni utan við Flatir; ofan Hnífa. Hár rani með lautum í toppinn. C. Mun áður fyrir hafa verið notað um kvenmann sem er sver um mjaðmir. E.t.v. er vísað til þess í orðatiltækinu „*Hækkar/vænkast nú hagar strympu*“, um það þegar ástand/staða einhvers lagast. Annars er ekki ljóst um uppruna þess.

Strý (n, hk) Gæluorð um úfið hár/skegg. „Ætli maður verði ekki að fara að þvo á sér strýíð“. Samstofna *strú*.

Strýhærður (l) Með úfið/stinnt hár; þunnhærður.

Strýking (n, kvk) Hýðing; húðlát; flenging. „Sem betur fer eru strýkingar aflagðar“.

Strýkja (s) Hýða; flengja; lúberja. „Réttast væri að strýkja þessa andskota og dýfa þeim í sjóinn“!

Strýta (n, kvk) Það sem er keilulaga, s.s. steinn/hæð/hóll. „Sauðasteinn er strýta á brún...“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Strýtulaga / Strýtulagaður (l) Eins og strýta í laginu; minnir á strýtu.

Strýtusteinn (n, kk) Strýtulaga steinn. „Strýtusteinn er allstór steinn á Brunnsbrekku, ofanvið réttina; álitinn vera bústaður huldufólks. Svo er einnig um Grástein á Torfamelnum“.

Ströggel (n, hk) Barátta; andstaða; mótspyrna; hark. „Ég þurfti að standa í ströggli til að fá bannsetta skattstofuna til að skilja þetta“! „Það var okkert orðið að hafa í endan á vertíðinni, svo það endað með því að við hættum þessu ströggli og tókum netin upp“.

Ströggla (s) Berjast á móti; veita andspyrnu; rífast. „Ég nenni ekki að ströggla útaf svona smáskuld“.

Ströngla (s) Gera göndla/ströngla; um net í sjó; rúllast upp; um vökva í slöngu; stirðna; frjósa. „Netin hafa sumsstaðar strönglast í þessum látum“. „Vatnið í slöngunni er farið að ströngla eftir næturfrostið“.

Ströngull (n, kk) *Dröngull; göndull*. „Þegar skrúfað var frá, komu fyrst strönglar af klaka úr slöngunni“.

Stubba (n, kvk) Gæluheiti á smástelpu. „Komdu nú hérna stubba mín“.

Stubbi / Stubbur (n, kk) (n, kk) A. Hvaðeina sem er stutt; bútur; endi. T.d. viðarstubbur, kertisstubbur, sígarettustubbur o.fl. B. Gæluheiti á strákhnokka.

Stuðla (s) A. Styðja; veita aðstoð. Nú aðeins í orðtakinu *stuðla að*. B. Hafa *stuðla* í kveðskap.

Stuðla að (orðtak) Aðstoða við; vinna að. „Þessi óvæntu útgjöld stuðluðu að gjaldþroti félagsins“.

Stuðlaberg (n, hk) Steindranger/kubbar í storkubergi sem storknað hefur á vissan hátt, þannig að þeir hafa tilneygingu til að verða sexkantaðir. Sjá má stuðlaberg t.d. í Strengbergsgjá í Kollsvík, en þar hefur gangberg ekki einungis skipst í stuðla heldur hefur bergið skilið sig í stuðlunum og er t.d. járnrikur kjarni innst.

Stuðlar (n, kk, fto) A. Uppistöður/póstar t.d. í rúmi eða undir sperrum. B. *Stuðlaberg*. C. Hljóðstafir í ljóðagerð/kveðskap, þ.e. tveir stafir sem hljóma líkt. Í ferskeytlu eru t.d. tveir stuðlar í fyrstu ljóðlínu og höfustafur í upphafi annarrar ljóðlínu með sama hljómi. Sama regla gildir um síðari vísuhelminginn.

Stuðlasetning (n, kvk) Röðun stuðla í ljóð. Stuðlasetning lýtur ákveðnum reglum sem miða að því að gera ljóðið áheyrilegra í flutningi, en þær eru breytilegar eftir bragarhætti.

Stuðningsband / Stuðningsvaður (n, hk/kk) Band sem maður hefur sér til stuðnings og öryggis / *til halds og trausts* þegar klifið er um kletta eða mikinn bratta, án þess að um *bjargsig* eða *lás* sé að ræða.

Stuðningur (n, kk) A. Hvaðeina sem styður við. B. Aðstoð; hjálp. „Það er ágætt að hafa stuðning af vað þarna niður á höfðann“.

Stuðull (n, kk) Sjá *stuðlar*.

Stugga (s) Reka; hreyfa. „Ég stuggaði fénu úr slægjunni“. Farið nú og stuggið kindunum frá djúnunum“.

Stugga við (orðtak) Reka frá; vekja; ýta við. „Það þarf ekki mikið að stugga við fénu svo það skili sér heim“. „Það er nú allt í lagi að fara að stugga við honum; ekki er betra að hann *sofi úr sér augun*“.

Stuggur (n, kk) Ótti; ógn; viðbjóður; angist. Sjá *standa stuggur af*. Samstofna *stygð*.

Stuldur (n, kk) Þjófnaður; rán. „Þetta kalla ég bara hreinan stuld á annarra manna kveðskap“!

Stumra yfir (orðtak) Hlú að; annast um. „Systurnar stumra yfir honum, og töldu að hann hefði orðið bráðkvaddur“ (IG; Sagt til vegar II). Sögnin að stumra er líklega að uppruna stofnskyld sögninni að stama; þ.e. vera hikandi/óviss.

Stuna (n, kvk) Raddað andvarp; hljóð sem lýsir sársauka, vonbrigðum eða öðru neikvæðu. Það *heyrist hvorki hósti né stuna* frá þessum blessuðum þingmönnum um málið“.

Stund (n, kvk) A. Almenn um tíma. „Við áttum góðar stundir saman á þessum tíma“. „Hann gæti rignt enn um stund“. B. Langur tími. „Það er komin góð stund síðan þeir fóru“. C. Klukkustund; klukkutími. „Að tveimur stundum liðnum förum við að vonast eftir þeim til baka“. D. Námstími. „Hann leggur stund á líffræði í háskólanum“.

Stund og stund (orðtak) Nokkurn tíma í einu; *öðru hvoru*.

Stund milli stríða (orðtak) Hlé; pása; frí/hvöld milli vinnulota.

Stunda (s) Vinna við að jafnaði; ástunda; gera. „Í Kollsvík hafa menn stundað sjó *frá upphafi vega*“. „Hann stundar námið af kappi“. „Surtla má fara að passa sín svið ef hún ætlar að stunda það að liggja í túninu“!

Stunda róðra / Stunda sjó (orðtak) Sækja sjó; róa til fiskjar. Ég átti þess kost að stunda sjó með honum eitt vor, samskipa...“ (ÖG; minningargrein um AK). „... um vorið höfðu þeir feðgar stundað róðra úr Kvígindisdal“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Eftir að bryggja kom á Gjöggra, og Einar bróðir byggði þar, stunduðum við bræður róðra þaðan nokkur vor“ (ÖG; Þokuróður).

Stundaglas (n, hk) Tímamælir sem notaður var til forna; lokað glerilát með þrengingu í miðju og sandi sem rennur um þrenginguna á ákveðnum tíma þegar glasinu er hvolft.

Stundaklukka (n, kvk) Stór klukka; stofuklukka. Áður notað til aðgreiningar frá úri eða öðrum tímamælum, en heyrist ekki lengur í málinu; eingöngu er notuð styttingin „klukka“.

Stundarástand (n, hk) Ástand sem varir stutta stund. „Maður vonar að þetta sé einungis stundarástand“.

Stundarbræði / Stundarreiði (n, kvk) Mikil reiði sem varir ekki lengi; *fljótillska*. „Ég hreytti þessu í hann í stundarbræði“.

Stundarfjórðungur (n, kk) Korter; 15 mínútur. „Klukkuna vantar stundarfjórðung í eitt“.

Stundarfriður (n, kk) Kyrrð/næði í nokkra stund. „Það er ekki stundarfriður fyrir þessum síma“!

Stundarferð / Stundarganga (n, kvk/kk) Ferð/ganga sem tekur klukkutíma; *klukkutímaganga*.

Stundarfjórðungur (n, kk) Korter; fimmtán mínútur. „Það er stundarfjórðungur síðan þeir fóru“.

Stundarfriður / Stundarnæði (n, kk) Friður/næði um stutta stund. „Maður fær ekki stundarfrið fyrir þessum lægðagangi“! „Skyldum við fá stundarnæði til að bæta á gryfjuna“?

Stundarfyrirbæri (n, hk) Það sem er mjög skammvinn. „Ég óttast að þessi glenna sé bara stundarfyrirbæri“.

Stundargaman (n, hk) Skemmtun/fögnuður í litla stund. „Eftir útlitinu sýnist mér að þessi ráður gæti nú bara orðið stundargaman hjá okkur“.

Stundarhagur (n, kk) Skammvinnir hagsmunir; hagsmunir til skamms tíma. „Hann hafði einhvern stundarhag að þessu, en svo sótti aftur í sama farið“.

Stundarkorn / Stundarsakir (n, kvk) Dálítill/nokkur stund. „Svo voru húsakynni í Saurbæ rúmgóð, eins og fyrr segir, svo unga fólkið gat dregið sig nokkuð útúr eftir kaffidrykkju og jafnvel haft uppá grammóföngarmi og dansað stundarkorn“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Ég þurfti að bíða um stundarsakir þar til reksturinn kom“.

Stundaskrá / Stundatafla (n, kvk) Tímatafla, einkum notuð í skólum til að nemandi viti um sínar kennslustundir.

Stundlegur friður (orðtak) Stundarfriður; næði/kyrrð um stund. „Þeir segja að það sé ekki stundlegur friður fyrir ferðafólki“. „Ég var að vonast til að fá einhvern stundlegan frið til að ljúka þessu“.

Stundum (orðtak) *Einstaka sinnum; stöku sinnum; endrum og eins; ekki alltaf.*

Stundum ratast lygnum manni satt á munn (orðatiltæki) Hinn lygni segir stundum satt, en þá er ekki víst að honum verði trúað.

Stundvís (l) Gerir/kemur/mætir á tilsettum/vísunum tíma. „*Ekki er hann stundvís frekar en fyrri daginn*“.

Stundvísi (n, kvk) Skynjun tíma; meðvitund um hvað tíma líður; mæting á réttum tíma.

Stunga (n, kvk) A. Far þar sem stungið hefur verið. „Farðu varlega með hnífinn svo ekki komi stungur í borðplötuna“. B. Dýpt þar sem stungið er með stungureku. „Mótekja fór þannig fram að stungnar voru tvær stungur ofan á móinn, og var þeim hent í næstu mögröf (ekki brennanlegur mór), svo komu 5-6 stungur af mó. Besti mórinn voru 2 neðstu stungurnar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá *mór*.

Stungureka / Stunguskófla / Stunguspaði (n, kvk) Amboð/spaði til að stinga upp t.d. jarðveg, garð eða mó. Heitið reka var meira notað í Kollsvík en skófla.

Stunguþykkt (n, kvk) Sjá *rekustunguþykkt*.

Sturlaður (l) Brjálaður; vitfirrtur. „Alveg getur maður orðið sturlaður á svona heimskukjafaþæði“!

Sturlun (n, kvk) Vitfirring; geðveiki; brjálsemi. „Það væri bara sturlun að róa í svona útliti“

Stutla (s) Þjappa mold í vegg með *stutlu*. „Nauðsynlegt er að stutla vel til að ekki leki og efnið renni ekki úr“.

Stutla (n, kvk) Stautur/prik til að þjappa mold í vegg. „Gott er að stutlan sé hæfilega löng og fari vel í hendi“.

Stutt gaman og skemmtilegt (orðatiltæki) Um eitthvað sem stendur of stutt yfir. „Þessi sólarglenna var stutt gaman og skemmtilegt. Það er komin hellirigning“. Mikið notað máltæki í Kollsvík en virðist ekki þekkt víðar.

Stutt í (einhverjum) (orðtak) Einhver er ósáttur/fúll og *svarar í styttingi*; einhver bregst við með stuttum svörum. „Nú skil ég hversvegna var svona stutt í honum þegar ég spurði eftir frúnni; ég vissi ekki um þetta framhjáald“.

Stuttaralega (orðtak) *Í styttingi; þurrlega*; með þykkju/óvild; *snaggaralega*. „Hann svaraði þessu fremur stuttaralega og greinilegt að honum þótti“.

Stuttaralegur (l) Stuttur í spuna; fámáll. „Hann var sár yfir þessu og tók stuttaralega undir kveðjurnar“.

Stuttbuxnadrengur / Stuttbuxnagemsí / Stuttbuxnalið (n, kk/hk) Niðrandi heiti pólitískra andstæðinga um unga sjálfstæðismenn. „Skelfing er að heyra þessa stuttbuxnagemsí úr Valhöll tala um landbúnaðarmál; þessir bjálfar vita ekki hvað snýr aftur og fram á kind“! „Hleypur nú stuttbuxnaliðið framá ritvöllinn“!

Stuttbuxur (n, kvk, fto) Skálmalausar buxur; buxur með skálmastubba sem einungis ná niðurá læri.

Stuttfótur (n, kk) Gæluheiti á litlum strák.

Stuttfættur (l) Með stutta fætur. „Hann er ekki *hlaupalega vaxinn*; fremur stuttfættur og feitlaginn“.

Stutthyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með stutt horn. „Þarna er ein stutthyrnd með tvö lömb“.

Stutthærður (l) Með stutt hár.

Stuttífrá (ao) Skammt frá; rétt hjá. „Á blábrún Strengbergins er tófuhús sem stóð uppi til skamms tíma, og þar skammtífrá má sjá grænan blett þar sem *borið var niður*“.

Stuttlega (ao) Í stuttu máli. „Hann rakti stuttlega forsögu málsins“.

Stuttleitur (l) Með stutt andlit; kringluleitur; ekki *langleitur*.

Stuttnefja (n, kvk) Svartfugl, líkur langvíu í útliti. Jafnan nefnd *nefskeri* í Útvíkum; sjá þar.

Stutturður (l) Segja í stuttu máli; hnitmiðaður í frásögn.

Stuttstígur (l) Tekur stutt skref; *skrefstuttur*. „Farðu rólega; stubburinn er dálítið skrefstuttur enn“.

Stutt í (einhverju) (orðtak) Eitthvað er stutt; lítið er tiltækt af einhverju; ekki verður af einhverju. „Það er orðið fremur stutt í saltinu hjá okkur“. „Það gæti orðið stutt í vertíðinni ef tíðarfarið verður svona *framúr*“!

Stuttur í spuna / Stuttur í svörum / Stutt í honum/henni (orðtak) Fámáll; svarar fáu; fúll; viðskotailur. „Hvers vegna er hann svona stuttur í spuna núna“? „Mér fannst frekar stutt í honum; eins og honum *þætti* eitthvað“.

Stuttur spölur (orðtak) Stutt vegalengd; stutt að fara. „... en það var stuttur spölur á milli bæjanna“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Stuttur til hnésins (orðtak) Smávaxinn; ungur; *skrefstuttur*. „Nei, ég er hræddur um að þú sért enn heldur stuttur til hnésins til að smala á Breiðavíkurrétt. En þú mátt hjálpa til við að reka inn“.

Stúdent (n, kk) A. Sá sem lærir/ hefur lært. B. Í seinnitíð notað um þann sem lokið hefur framhaldsskólaprófi.

Stúdera (s) Rannsaka; velta fyrir sér; spá í. „Það þýðir ekkert að stúdera þetta eggpláss lengur; við höfum engin ráð til að komast í það núna“.

Stúderingar (n, kvk, fto) Athuganir; íhuganir. Í seinni tíð nota sumir orðskrípið „pælingar“ í sömu merkingu. „Ég hef ekki lagt í neinar sérstakar stúderingar á þessu fyrirbrigði“.

Stúdía (n, kvk) Fræðigreini; rannsóknarefni. „Það getur verið heil stúdía að fylgjast með því hvernig skepnurnar raða sér í innbyrðis virðingarstiga“.

Stúfhyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með brotið horn, en þó hornstúf; *brotinhyrnd*.

Stúfað (l) Eyrnamark sauðfjár; *stýft* (sjá þar).

Stúfnet (n, hk) Stutt net sem stundum var leyft að hnýta við enda netatrossu. Afla úr stúfneti máttu hásetar eiga sjálfir, án þess að skipt væri út aflahlut útgerðar. Var auðvitað illa séð af útgerðinni og aflagt í lok 19.aldar.

Stúfrifað (l) Fjármark; eyrnamark á sauðfé. Fyrst er *stýft*, en síðan gerður skurður niður í eyrað; hornrétt á stýfinguna. *Heilrifafað* er það þegar gerður er skurður niður í mitt eyrað án stýfingar.

Stúfskeyta (s) Setja saman efnivið, t.d. við byrðingu báts. „Munurinn á blaðskeytingu/sniðskeytingu og stúfskeytingu er sá að með fyrrnefndu aðferðinni eru borðendarnir sniðskornir; blaðaðir saman, og seymdir í sniðið, en með stúfskeytingu eru borðin látin mætast enda í enda í fullri þykkt og yfir samskeytin er seymdur laski (skarklampi/stúfklampi).

Stúfur (n, kk) A. Stubbur; efnisbútur; afgangur; leifar útlims/trjábols. B. Eyrnamarkið stýft. „Mér sýnist þetta vera stúfur á hægri eyranu. C. Gæluheiti á smástrák. D. Eitthvað stutt, s.s. stutt fiskilína; netstubbi; *stúfnet*. E. Stýfður bragliður í kveðskap.

Stúlka (n, kvk) Stelpa; ung kona. Minna notað en áður; í staðinn er í óformlegu tali notað heitið stelpa.

Stúlkubarn (n, hk) Kvenkyns smábarn; smástúlka. „... og sumarið eftir átti systir mín stúlkubarn“ (JVJ; Nokkrir æviþættir). Stúlkubarnið var Hildur Magnúsdóttir, síðar á Láganúpi.

Stúka af (orðtak) *Stía af; þilja af*; skilja frá. „Kálfarnir voru stúkaðir af í hlöðuhorninu“.

Stúrin (l) Óánægður; svekktur; leiður. „Hann var dálítið stúrin yfir þessum málalokum“.

Stúss (n, hk) Fyrirhöfn; vesen. „Ég held bara að ég nenni ekki þessu stússi öllu lengur“.

Stússa / Stússast (s) Vera með stúss/vesen/fyrirhöfn. „Það er óþarfi að stússa þetta mín vegna“.

Stúta (s) Drepa/sálga; oftast notað um „óæðri skepnur“. „Ég náði að stúta minkfjandanum“.

Stúta sig (orðtak) Drekkja af flöskustút; drekkja áfengi. „Hann stútaði sig dálítið áður en hann hóf sönginn“.

Stútfullur (l) Um flösku; full upp í stút.

Stútkanna (n, kvk) A. Fyrri merking; kanna með stút sem hellt er af, s.s. kaffikanna. B. Síðari tíma merking; lokaður bolli með stút sem drukkið er af, s.s. drykkjarbolli ungbarna.

Stútungsfiskur (n, kk) Allstór fiskur; sæmilegur fiskur. „Við fengum þrjá stútungsfiska en svo ekki meir“.

Stútungskerling (n, kvk) Fullorðin kona; kona yfir miðjum aldri. „Tvær stútungskerlingar voru við afgreiðslu“.

Stútungsstærð (n, kvk) Góð meðalstærð; allnokkur/viðunandi stærð. „Sá fiskur sem við fengum þarna var þokkalegur; allur í stútungsstærð og nokkrir gollþorskar innanum“.

Stútungsstór (l) Af góðri meðalstærð; sæmlega stór. „Ég lét hann hafa nokkra fiska; stútungsstóra“.

Stútungur (n, kk) Sá sem er af meðalstærð eða meira. „Hann lagði til tvo smágutta til að *standa fyrir*, og einn stútung til að fara með okkur í smalamenskurnar“.

Stútur (n, kk) A. Pípu-, rennu- eða trektlaga op á einhverju, gjarnan það sem hellt er út um, s.s. könnustútur. B. Herping munns, þannig að varir líkist röri. „Hreppstjórinn setti upp stút, eins og hann gerði jafnan þegar hann var efins eða hugsi“. C. Gæluorð um munn. „Mér lá við að rétta honum einn á stútin“!

Stybba (n, kvk) Megn ólykt; reykjarkóf. „Þvílík andskotans stybba! Hvað settirðu eiginlega á eldinn“?

Stybbupest / Stybbusvæla (n, kvk) Mikil ólykt/pest; illa lyktandi reykjarsvæla. „Skelfingar stybbupest er þetta“! „Opnaðu nú gluggann; maður nær varla andanum fyrir þessari stybbusvælu hér inni“!

Styðja (s) A. Veita stuðning; halda upprétu. „Studdu bátinn meðan ég sæki búkkana“. B. Aðstoða; hjálpa. „Hann studdi sinn flokk með fjárframlögum“. C. Veita málefni framgöngu. „Ég styð þessa tillögu“.

Styðja að / Styðja við (orðtök) A. Ýta á; halda við/upprétu. „Styddu að sárinu meðan ég bind um það“ B. Stuðla að framgangi málefnis.

Styðja hönd undir kinn (orðtak) Styðja með hönd undir höku eða kinn, til hvíldar t.d. þegar maður er að hlusta, hugsa, lesa o.fl.

Styðja við bakið á (einhverjum) (orðtak) Veita einhverjum stuðning; vera *bakhjarl* einhvers.

Styðjast við (orðtak) Fá stuðning af; styðja sig við. „Hann var orðinn *fótfúinn* og studdist við tvo stafi“.

Styggð (n, kvk) Fælni; ókyrrð. „Reyndu að komast framfyrir kindurnar án þess að það komi styggð að þeim“.

Styggðarkvikindi / Styggðarrófa (n, kvk) Mjög stygg/mannfælin kind. „Það er vonlaust að ná þessari snarvitlausu styggðarrófu“.

Styggðarorð / Styggðaryrði (n, hk) Orð í reiði; formælingar. „Sambúð þeirra var með ágætum og aldri heyrðust þau mæla styggðarorð hvort í annars garð“.

Styggja (s) A. Vekja styggð; valda ótta. „Eitthvað varð til að styggja tófuna“. B. Reita til reiði. „Ég vil nú helst ekki styggja karlinn mikið“.

Stygglyndur (l) Uppstökkur; úrillur. „Þeim þótti karlinn dályndið stygglyndur, einkum á morgnana“.

Styggur (l) A. Um kind eða annað dýr; hvumpinn; fælinn; hrekkur upp og hleypur frá við truflun. „Útigangsrin er svo stygg að það er hæpið að hún náist í hús með hinu fénu“. B. Reiður; úrillur.

Stykki (n, hk) A. Stór/þungur hlutur, t.d. skrúfstykki. B. Hluti af stærri hlut, t.d. kjötstykki.

Stykkja (s) A. Skera/saga eitthvað niður í stykki. „Bútungur var oftast *þverstykkjaður* í pottinn“. B. Kúla; skera raufar þversum í fiskflög sem hengd eru til herslu/signingar.

Stympast við (orðtak) Sjá *stimpast við*.

Stynja (s) Andvarpa raddað; gefa frá sér stunu.

Stynja þungan (orðtak) Stynja þunglega; gefa frá sér hljóð/stunu vonbrigða/þreytu/uppgjafar.

Styr (n, kk) A. Ófriður; bardagi; stríð. B. Í seinni tíð notað um ósætti/deilur. „Nokkur styr hefur staðið um þessa jörð um alllangan tíma“.

Styrjaldarástand (n, hk) Ófriður; stríðsástand.

Styrjöld (n, kvk) Stríð; mikill ófriður. Einnig í líkingum: „Ég nenni ekki að standa í styrjöld útaf þessu“.

Styrkja (s) Gera sterkari. „Hér gæti þurft að styrkja stífluna eitthvað“. „Þetta styrkir mig í þeirri trú að sagan sé hreinn uppspuni“.

Styrkjast í trúnni (orðtak) Verða sannfærðari en fyrr. „Ég fer nú að styrkjast í trúnni með það að hún hafi hrapað á Hlíðunum“.

Styrkleiki (n, kk) Styrkur; seigla; þol. „Ég hef kannski vanmetið styrkleikann í þessu“.

Styrktarstoð (n, kvk) Stoð sem sett er undir/við t.d. þakbita, til styrktar. „Ég setti styrktarstoð undir sperruna sem var að gefa sig; það verður að duga til vors“.

Styrkur (n, kk) A. Þolgæði; afl; megn; styrkleiki. „Ég er hræddur um að mesti styrkurinn sé farinn úr stefninu“. B. Hlutfall efnablöndu. „Það er ekkert gott að styrkur olíunnar sé of mikill í bensínunni; það fer illa með vélina“. C. Afl/frískleiki manneskju/skepnu. „Maður er aftur að ná fyrri styrk eftir veikindin“.

Styrkur (l) Sterkur; öflugur. „Honum veitir ekki af styrkri handleiðslu við þetta“.

Styrr (n, kk) Ófriður; stríð. „Það hefur löngum staðið styrr um eignarhaldið á þessum bletti“.

Stystur dagur / Stystur sólargangur (orðtök) Vetrarsólstöður, sem jafnaðarlega eru 21. desember ár hvert en geta verið á bilinu 20.-23. desember vegna hlaupára. Þá er sól lægst á lofti; úr því tekur dag að lengja. „Ekki er *farið með hrút* fyrr en kemur framyfir stysta sólarganginn“.

- Stytta** (n, kvk) A. Stoð; stuðningur. „Hér þyrfti að slá einhverja stytta undir mótin meðan steipt er“. B. Líkneski; myndastytta. C. Stuttklippit hár eða ull. „Mér finnst alltaf ljótt þegar klippt er í stytta þegar tekið er af“. D. Styttung á „uppstytta“. „Nú er um að gera að nota styttuna og koma sér í húsin“.
- Stytta** (s) Gera styttri; taka af. „Það mætti stytta fjölinna dálítið“.
- Stytta (einhverjum) aldur / Styttu sig** (orðtak) Taka líf; drepa. „Hann mun líklega hafa stytta sig“.
- Stytta (einhverjum) stundir** (orðtak) Hafa ofanaf fyrir einhverjum; gera einhverjum biðina léttbærari; drepa tímann. „Ég stytta mér stundir í landlegunni við að greiða úr flækju“. „Hún stytta honnum stundir í veikindunum með því að lesa fyrir hann“.
- Stytta sér leið** (orðtak) Fara styttri leið. „Við stytta okkur leið með því að fara upp Grenjalág“.
- Stytta má sitt** (orðtak) Vera stuttorðari en til stóð; segja í stuttu máli.
- Stytta sig** (orðtak) Stytta sitt pils tímabundið, t.d. þegar vaðið er yfir vatnsfall, með því að hysja það upp og binda að með streng um mittið.
- Stytta (einhverjum) stundir** (orðtak) *Halda selskap; hafa ofanaf fyrir*; forða frá leiðindum. „Þegar veður var vont þá stytta maður sér oftast stundir með bóklestri ef enginn var *nærindis* til leikja“.
- Stytta upp** (orðtak) Um úrkomu; hætta að rigna/snjóa. „Ætlar hann ekkert að fara að stytta upp“? Stundum notað í afleiddri merkingu um veiðar; „Mér finnst að eitthvað sé farið að stytta upp í þessu hér“. „Þegar upp stytta hríðina var hafin leit að hestnum á ný“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Styttast fyrir** (orðtak) Eiga skammt eftir ólífað; styttast ævin. „Einu sinni var það þegar gamla konan var orðin að mestu rúmliggjandi og farið að styttast fyrir henni að pabbi, sem hún hélt einhver ósköp uppá, kom að Gröf...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Styttast í** (orðtak) Verða stutt í/ þar til. „Nú fer að styttast í það að taka þurfi hrúta á hús“.
- Stytting** (n, kvk) Aðgerð til að stytta. „Með nýja veginum náðist nokkur stytting leiðarinnar“.
- Styttingur** (n, kk) A. Missætti; óvild. „Þeir skildu í styttingi“. B. Þykkt skyr. Sumir nota orðið yfir smjör. C. Hvaðeina sem er áberandi stutt eða hefur verið stytta. Um tíma tíðkaðist að saga framanaf stefni báta til að fella þá að flokki fiskveiðistjórnunar, og nefndu sumir þá styttinga.
- Styttir upp** (orðtak) Hættir að rigna; élið hættir. „Sennilega er nú stytta upp í bili“.
- Stýfa** (s) Taka af; stytta. „Það þarf að stýfa af jötubandinu“. „Hans mark var stýft bæði eyru og gagnbitað“.
- Stýfa úr hnefa/greip** (orðtak) Borða/bíta í úr hendi sér með því að bita í; halda í hendi og brytja uppí sig með hníf. „Mér finnst best að stýfa næpunu úr hnefa“.
- Stýfing / Stýft** (n, kvk/ l) Eyrnamark sauðfjár; stýft; stúfur; *stúfað*. „Ég held að þetta eigi að heita stýfing, hér á vinstra eyra“.
- Stýra** (s) Stjorna; ráða för; halda um stýri/stjórnæki. „Þú mátt stýra dálítið uppí strauminn til að halda réttu stefnu; það *ber* töluvert af þegar fallið er þvert á stefnuna“.
- Stýri** (n, hk) A. Stýrisbúnaður á farartæki, t.d. stýrisfjöl og stýrissveif á bát. B. Rófa á ketti.
- Stýrimaður** (n, kk) Sá sem heldur um stýri og stjórnar för, t.d. skips eða ökutækis. Munnmæli herma að Arnarboði dragi nafn af stýrimanni Kolls landnámsmanns, sem þar hafi strandað skipi þeirra við upphaf byggðar. Á þessum tímum var stýrimaður æðsti stjórnandi um borð í skipi; starfsheitið „skipstjóri“ var þá óþekkt. Því er það umhugsunarvert hvort landnámsmaðurinn Kollur hafi í raun heitið Örn. Víkina hafi hann nefnt Kollsvík eftir auðkennandi lögun Núpsins, en venja var að gefa stöðum heiti eftir einkennum þeirra frá hafi. Einnig var algengt að menn tækju viðurnefni af sínum heimastað. Örn gæti því hafa fengið nafnið Örn kollur, sem í sagnaminni hefur verið orðið að nafninu „Kollur“ við ritun landnámu; 300 árum síðar.
- Stýrimennska** (n, kvk) Það að stýra skipi. „Ekki list mér á þessa stýrimennsku; þú stefnir beint uppá þaðann“!
- Stýrisauga** (n, hk) *Sveifarauga*; ferkantað auga ofantil á stýri báts til að stinga *stýrissveifinni* í. „Árni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakkt í stýrisaugað“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Stýrisár** (n, kvk) Sérstakur stýrisbúnaður báts, þar sem skipinu er stýrt með blaðlaga legg sem ekki er festur aftaná stafn eins og stýrisfjöl. Þannig búnaður er algengur í Asíulöndum, og það heiti er stundum notað um stýrisbúnað víkingaskipa, sem festur var á afturbóg.
- Stýrisfjöl** (n, kvk) Stýri á báti. Einstakir hlutar þess voru *stýrisfjöður*, *stýrishaus*, *stýrisháls*, *stýriskinnar*, *stýriskrókur*, *stýriskykkja*, *stýrisskór*, *stýrissveif*, *stýristaumar*, *stýrisvölur*. „Við *setjum* stýrið fyrir þegar flýtur“. „Réttu mér stýrisfjölin“.

Stýrisfjöður (n, kvk) Afasti hluti *stýrisfjalar*. „Hyllst var til að hafa stýrið úr einni fjöl, en oftast var þess ekki kostur og var þá renningi bætt aftan á það. Viðbót þessi var ýmist kölluð straumfjöður, stýrisfjöður eða stýrisblað“ (LK; Ísl.sjavarhættir; II).

Stýrishaus (n, kk) Efsti hluti stýris á báti; ofan við *stýrisaugað* sem stýrissveif leikur í“.

Stýrisháls (n, kk) Sá hluti bátsstýris sem er ofanvið stýrisfjöður en neðanvið stýrissveif.

Stýrishjarir / Stýrisjárn (n, hk, fto) Hjarir/járn á bátsstýri; samanstanda af *stýrislykkjum* og *stýriskrókum*.

Stýrishús (n, hk) Hús á sumum stærri bátum, sem stjórnandi bátsins stendur í. Ekki er vitað til að stýrishús hafi verið á neinum bátum sem róið hafa úr Kollsvík.

Stýriskinnar (n, kvk; fto) tveir þunnir klampar sem ganga af *stýrishálsi* á *stýrishaus* og mynda *sveifargatið* sem *stýrissveifin* gengur í.

Stýriskrökur / Stýriskengur (n, kk) Járnkrökur á bátsstýri sem gengur niður í stýrislykkju á afturstefninu þegar stýri er sett fyrir/hjarað; hluti stýrisjárna. Stýriskrökur er yddur í neðri enda til að auðvelda hjörunina.

Stýrislykkja (n, kvk) Lykkja/hólkur á afturstefni bát sem stýriskrökur gengur í þegar stýri er sett fyrir/hjarað.

Stýriskmaskina / Stýrisvél (n, kvk) Gírbúnaður stýris á bíl/traktor, sem breytir snúningi stýrishjóls í lárétta hreyfingu.

Stýrisskór (n, kk) Neðsti hluti stýrisblaðs; oft sérstakt stykki; jafnþykk fjöl, þvert á stýrisfjölinu. Fremri hlutinn á stýrisskó nefnist stýristá en aftari hlutinn stýrishæll.

Stýrisstöng (n, kvk) Leggur frá stýrishjóli bíls/traktors niður að stýrisvél.

Stýrissveif / Stýrisvölur / Stjórnvölur (n, kvk) Skaft/spýta sem stungið er í sveifarauga/stýrisauga bátsstýris; vogarstöng til að stýra bátum. „Árni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakk í stýrisaugað“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). Einatt nefnt stýrissveif af síðari tíma Kollsvíkingum.

Stýristaumar (n, kk; fto) Taumar til að stýra báti. Taumastýring var ekki tíðkuð á Kollsvíkurbátum á síðari hluta 20. aldar, hvað sem áður kann að hafa verið, heldur var stýrt með sveif. Stýristaumar tengjast í sinn hvorn enda á *stýrisveli*, sem fest er þversum á *stýrisfjölinu*.

Stýrisvölur (n, kk) Þverslá á bátsstýri sem *stýristaumar* festast við.

Stýrur (n, kvk, fto) Sjá *stírur*.

Stæða (n, kvk) A. Hlaði; *stabbi*; stafli. „Þar er fiskurinn saltaður í stæður sem er umstaflað eftir 3-4 daga“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG). „Áður en hangiketidd fór í reyk var það saltað volgt eftir slátrun og staflað í stæðu“. „Við hlóðum timbrinu í stæðu“. „...enda voru, á þrem síðastnefndu bæjum, heyin illa verkuð og skemmd í stæðum“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932). B. Raunveruleiki; staðreynd; *hemja*. „Það er ekki nokkur stæða að hann geti átt allt féð sem þarna er“.

Stæði (n, hk) Staður, ætlaður einhverju tilgreindu, s.s. bílastæði.

Stæðilegur (l) Reistur; hnarreistur; sem stendur vel. Sjá *stór og stæðilegur*. „Hinn stóð inni í stofu og starði á sjónvarpið/ stæðilegan kroppinn hafði að bera./ Hann sagði heldur snúðugt: „Hvað var það fyrir þig?! Hvað viltu hingað? Hvað ert þú að gera?““ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Stæður (n, kvk, fto) Örnefni í Breiðavíkurlandi. Stæður nefnast djúpar lautir sunnan Breiðavíkurbotns. Í þeim eru tvö stöðuvötn; Stæðavötn, með silungi. Um Stæður liggur Stæðavegur uppí Brúðgumaskarð. Líklegt er að nafnið vísi til tjarnanna og merki „uppistöður“.

Stæður (l) A. Stendur vindátt. „Hvernig er hann stæður núna“? Einnig í endingum; norðanstæður; austanstæður o.fl. B. Um ástand einstaklings í fjármálum. „Hann er sagður þokkalega vel stæður“. C. Unnt að standa. „Hann var orðinn bálhvass á háfjallinu og varla stætt í verstu hviðunum“. „Hann óð út í sjóinn eins djúpt og stætt var“.

Stækja / Stækjufýla (n, kvk) Ólykt; fýla; brækja. „Það er bölvuð stækja af þessu hvalhræi í fjörunni“.

Stækka straum (orðtak) Verða meiri munur fljóðs og fjöru/ harðara fall; verða *stórstraumur*.

Stækur (l) A. Illa lyktandi/þefjandi; „Farðu nú úr böslunum úti; þau eru stæk af slorlykt“. B. Um pólitískar skoðanir; sanntrúaður. „Þetta er ágætismaður; fyrir utan það að vera stækur íhaldspoki“.

Stæla (n, kvk) A. Uppsteit; mótmæli; óþægð. „Vertu ekki með þessar stælar krakki og borðaðu matinn“! B. Deilur; rifrildi. „Ég lenti í stæðum við hann um þetta atriði“.

Stæla (s) A. Deila; rífast. „Ég ætla ekkert að stæla við þig um það sem ég veit fyrir víst“! B. Styrkja; gera stælt/stinnt. „Járnið var hert í vatni til að stæla það“.

Stæling (n, kvk) A. Stinnleiki; fjöðrun. „Þú sagar þetta stál ekki í sundur; það er of mikil stæling í því“. B. Eftiröpun; herma. „Mér sýnist þetta bara vera stæling á því sem aðrir hafa gert áður“.

- Stæra sig af** (orðtak) Miklast af; vera drjúgur yfir; vera hreykinn/montinn af. „Svona óknyttir eru ekki til að stæra sig af; þið ættuð frekar að *skammast ykkar*“!
- Stæra sjó** (orðtak) Aukast veltingur; versna sjólag. „Þið ættuð að drífa ykkur fljótt í land ef eitthvað fer að stæra sjó; spáin er ekkert alltof góð“.
- Stærð** (n, kvk) Það að vera stór/ taka rými. „*Ekki er það nú stærðin á lamkvikindinu*“!
- Stærðar / Stærðarinnar** (n, hk, ef) Gjarnan notað sem lýsingarorð til að leggja áherslu á heitið sem eftir fer. „Það er stærðar borgarísjaki sem trúlega *stendur botn* hér djúpt frammi á víkinni“. „Ég fann stærðarinnar trjárót rekna hér norður á Bótinni“.
- Stærilátur** (l) *Drambsamur; lítur stórt á sig; góður með sig.*
- Stærilæti** (n, hk) Drambsemi, mont. „Svararðu ekki þegar á þig er *yrt*? Skárri er það nú stærilætið!“
- Stærilætislaus** (l) Yfirlætislaus; lítillátur.
- Stætt** (l) Hægt að standa. „Það var þvílíkur andskotans beljandi þarna á brúninni að varla var stætt“!
Háabrekka er slétt en snarbrött, svo varla er stætt í henni, t.d. til að slá hana“ (SE; Örn.skrá Stakkadals).
- Stöð** (n, kvk) Staður; stæði; þar sem eitthvað er/stendur/starfar. T.d. veiðistöð, verstöð, miðstöð, bensinstöð, lögreglustöð. Stöð er sérnafn á verstöð í Keflavík; eflaust stytting á veiðistöð; staður sem róði er frá.
- Stöðugleiki** (n, kk) Staðfesta; það að vera rólegur/ í jafnvægi. „Það þyrfti að prófa stöðugleika bátsins áður en farið er á honum svona hlöðnum“.
- Stöðuglyndi** (n, hk) Jafnaðargeð; rólyndi. „Ef einhver fjelagsmaður neytir tóbaks skal formaður fjelagsins, eða annar sem hann tilnefni, vanda um við hann; fá hann til að hætta og hvetja hann til stöðuglyndis“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).
- Stöðugur** (l) Með stöðugleika; í jafnvægi; jafn. „Það verður stöðug ásókn af túnrollum meðan þær finna einhvern veikleika á girðingunum“. „Ertu nægilega stöðugur í þessari aðsetu“?
- Stöðull** (n, kk) Staður nærri bæ en oftan utan túns, þar sem kýr voru mjólkaðar að sumri. Stöðull í Kollsvík var jafnan frammi á Bergjum; neðan Hempulágar, og er þar örnefni. Stöðull á Láganúpi var síðast í kúagirðingu í Túnshalanum, en þar áður uppi á Hólum.
- Stöðulvegur** (n, kk) Vegur af bithaga eða alfaraleið heim á stöðul. „En það var enginn stöðulvegur; víðast hvar tæpir þræðingar“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Stöður** (n, kvk, fto) Um það þegar manneskja eða skepna stendur lengi í einu. „Það ætti nú einhver að leysa hann Kitta af við að *sundra*; þetta eru orðnar æði langar stöður hjá honum í dag“. Einnig *uppistöður*.
- Stöðuvatn** (n, hk) Vatn í dæld, sem stendur uppi allan ársins hring, jafnvel í mestu þurrkum. Nokkur stöðuvötn eru í Láganúpslandi; Breiðsvatn, Litlavatn, Stóravatn, Startjörn, Ormatjörn, Sandslág og tvö Kjóavötn. Önnur eru við það að falla undir þetta heiti, en þorna þó í mestu þurrkum; þar á meðal Gormtjörn, Langisjór, Smávötn og Lögmannslág. Sömuleiðis Keldeyradalstjörn og Hvolfatjörn í Kollsvíkurlandi.
- Stöðva** (s) Stoppa; *drepa á*. „Stöðvaðu vélin þegar við komum uppá Lagið; ég skal *róa upp*“.
- Stöðvun** (n, kvk) A. Það að hætta; upprofi; endir. B. Um bát; stilling veltu. „Ekki töldu þeir þörf á því að bera í bátinn grjótt til stöðvunar“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Stöfun** (n, kvk) Það að stafa. „Strákurinn er að verða þökkalega góður í stöfun og byrjaður að *kveða að*“.
- Stögun** (n, kvk) Það að setja stag á eitthvað, t.d. girðingarstaur eða mastur á bát.
- Stökk** (n, hk) A. Það að hoppa/ spyrna sér á loft. „Ég stökk yfir skurðinn á eftir lambinu“. B. Hratt hlaup. Ég sentist á eftir honum á harða stökki“. C. Gangtegund hests.
- Stökksprettur** (n, kk) Harðasprettur; mjög hröð hlaup. „Ég hljóp í einum stökkspretti niður túnið og náði að komast fyrir fjárhópinn“.
- Stökkva bros** (orðtak) Brosa; láta eftir sér að brosa. „Honum stökk iðulega bros við lesturinn“.
- Stökkva ekki bros á vör** (orðtak) Vera alvarlegur; brosa ekki. Sjá *með bros á vör*.
- Stökkva upp á nef sér** (orðtak) *Renna í skap; mislíka*; reiðast. „Hann stökk upp á nef sér þegar hann fékk gangnaseðilinn“.
- Stökkva yfir sauðarlegg** (orðtak) Leikur sem stundaður var fyrrum, m.a. af vermönnum í landlegum. „Að stökkva yfir sauðarlegg er einfaldur leikur en alls ekki eins auðveldur og menn gætu ímyndað sér. Sauðaleggur er lagður á jörðina fyrir framan tærnar á keppanda. Hann á síðan að halda um tærnar á meðan hann stekkur jafnfætis yfir sauðarlegginn, bæði áfram og afturábak“ (PJ; *Vermannaleikir*).

Stöku (l, ef) Einstöku; *á strjálíngi*. Orðið stakur, í eignarfalli hvorugkyni, var/er notað með ýmsum nafnorðum. „Það eru skaflar á stöku stað í sniðinu“. „Þarna hefur stöku kind farið í sveltí“. „Stöku fugl verpur þarna“.

Stökufær (l) Fær um að yrkja stöku/lausavísu.

Stökupartur (n, kk) Hluti af stöku/lausavísu. „Hann þrástagaðist á þessum stökuparti en mundi ekki botninn“.

Stöku sinnum (orðtak) Við og við; stundum; annað veiðið. „Stöku sinnum berst upp svo mikill sandur í einni flæði í miklu brimróti, að árnar stíflast algerlega um tíma. Þá geta myndast nokkuð stór lón“.

Stöndugheita bú/heimili (orðtök) Efnaheimili; arðsamt bú. „Þetta má kallast stöndugheita bú hjá þeim, enda hafa þau verið dugleg og útsjónarsöm í öllu“.

Stöndugur (l) Ríkur; efnaður. „Hann ku vera sæmilega stöndugur“. „Hjóninn eru orðin það stöndug þegar þau eru á Auðshaugi að þau voru búin að semja um kaup á jörðinni...“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).

Stöng (n, kvk) A. Langt prik; mjór og langur stólpi, t.d. fánastöng, veiðistöng. B. Styttling á veiðistöng. C. Visnað/trénað gras/puntstrá. „Ári er túnið að verða óræktarlegt hjá honum; ekkert nema stöng!“ Fleirtalan er ýmist stengur eða stangir.

Stöngull (n, kk) Lítil stöng. Oftast notað um legg jurtar.

Stöpull (n, kk) Sver stoð/súla; turn.

Stör (n, kvk) Flokkur jurta af ýmsum tegundum, t.d. gulstör. Stör vex t.d. í vötnum og tjörnum í Kollsvík og var áður slegin til nytja, sbr Startjarnir.

Subba (n, kvk) Sóðaleg/óþrifin manneskja. „EKKI segi ég að hún sé subba, en hún mætti vera dálítið þrifalegri í heimilishaldinu“.

Subba (s) Sóða út; sulla. „Sjáið hvernig þið hafið subbað fötin ykkar strákar!“ Einnig notað kvenkynsorðið *subba* um verulegan sóða og *subbuskapur* yfir sóðaskap.

Subbulega (ao) Sóðalega; ekki snyrtilega.

Subbulegur (l) Sóðalegur; ófinn; ataður. „Skelfing ertu nú orðinn subbulegur eftir þetta“!

Subbuskapur / Subbuháttur (n, kk) Sóðaskapur; ruddaháttur. „Er þetta nú ekki óþarfa subbuskapur“?!

Sudda (s) Súlda; ýra; rigna fingerðri rigningu. „Eitthvað er að sudda úr þokunni“.

Sudda/súlða úr honum (orðtak) Rigna/ýra fingerðri rigningu. „Mér finnst að örlítið sé farið að sudda úr honum; þó varla svo að væti á steinum ennþá“.

Suddafýla / Suddaskítur / Suddaskratti / Leiðindasuddi (n, kvk/ kk) Niðrandi heiti á súld/sudda. „Það setti yfir okkur bölvada suddafýlu“. „Það er bölvaður suddaskítur; maður neyðist til að hlífa sig“.

Suddarigning (n, kvk) Áköf súld; mikill suddi. „Búði þig nú; það er árans suddarigning“!

Suddaskúr (n, kvk) Súldarskúr; súld með köflum. „Hann gengur á með suddaskúrum“.

Suddaveður / Suddatið (n, hk/kvk) Veðurfar með langvarandi súld/ýringi.

Suddaþoka (n, kvk) Súldarþoka; þoka með nokkrum ýringi/ dálitilli súld.

Suddi (n, kk) Súll; fin en drjúg rigning, oft í vindi. . „Það er hætt við að dropi í galtana í þessum sudda þegar hærurnar vantar“. „...og er þeir koma á Látraháls er þar þokusuddi töluverður“ (MG; Látrabjarg). Einnig er notuð sögnin að *sudda*: „Það suddar dálítið úr þokunni“.

Suð (n, hk) A. Lágt, niðandi hljóð, t.d. í fiskiflugu. B. Nöldur; tuð. „Æ, hættu nú þessu eilífa suði drengur“!

Suða (n, kvk) A. Það að sýður t.d. í potti. „Nú hefur dottið niður suðan á kartöflunum“. B. Viðgerð hlutar með suðu. „Stöngin brotnaði aftur, og nú um suðuna“. C. Suð; niður. „Ansi er leiðinleg þessi eilífa suða fyrir eyrunum á mér“. D. Styttling á t.d. rafsuða eða logsuða.

Suða um (orðtak) Nöldra; tuða; *sífra*. „Vertu nú ekki alltaf að suða um þetta“!

Suðaustan (ao) Vindur af suðaustri. „EKKI vorum við komin langt þegar á okkur skall suðaustan bylur“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Suður á bóginn (orðtak) Suðureftir; til suðurs; í suðurárr. „Hann hafði uppi og sigldi suður á bóginn“.

Suður með sjó (orðtak) Í munni Vestfirðinga merkir þetta vanalega svæðið við sunnanverðan Faxaflóa, eða nánar tiltekið á Suðurnesjum.

Suðurá (ao) Suðureftir. Einkum notað sem áttavísun á sjó. „Nú þurfum við að fara að kippa suðurá; okkur hefur rekið *heilavegin* norður á Flóa“. „Hann er að *ganga suðurá*“.

Suðureftir (ao) Í áttina suður. „Okkur rak töluvert suðureftir vikinna“. Oftast framborðið „suðrettir“.

Suðurfall (n, hk) Sjávarfall til suðurs. „Á Kollsvík gætir sjávarfalla í tvær áttir; þar er ýmist norðurfall eða suðurfall, og er norðurfallið mun sterkara. Einnig munar miklu á styrk hvort stórstreymt er eða smástreymt. Þá er sjólag breytilegt eftir samspili vinds; ríkjandi báruáttar og vindátt. T.d. er Blakknesröstin mjög úfin og hættuleg smábátum ef stórstraumsnorðurfall liggur undir stífa norðanátt, og þeim mun verri ef ríkjandi er sver norðansjór. Hraði fallastrauma hefur ekki enn verið vísindalega mældur á þessum slóðum, en líklega fer hann yfir ½ m/sek í Blakknesröstinni í stórstraumsnorðurfalli“ (VÖ). „Þar erum við um niðursláttinn á norðurfalli; liggjandann og upptöku á suðurfalli“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Suðurferð (n, kvk) Ferð til Reykjavíkur. „Hann er að pakka fyrir suðurferðina“.

Suðurfallsupptaka (n, kvk) Byrjun á *suðurfalli*. „Hann gaf sig ágætlega til um snúningin og suðurfallsupptökuna, en svo tók alveg undan“.

Suðurferð / Á suðurleið (n, kvk/orðtak) Um ferð til Reykjavíkursvæðisins. „Ég þyrfti líklega að skreppa í stutta suðurferð“. „Ertu eitthvað á suðurleið á næstunni“?

Suðurfirðir (n, kk, fto) A. Suðurfjarðahreppur sem náði yfir Bíldudal og firðina þar innaf, en er nú hluti Vesturbyggðar. B. Firðirnir á sunnanverðum Vestfjörðum; oftast átt við Arnarfj, Tálknafj og Patreksfjörð.

Suðurflói (n, kk) Sunnanverður Patreksfjarðarflói; hafsvæðið norður og út af Blakk og Hænuvík.. „Við færðum norður í Krossadal; fjóra strengi úr Suðurlóanum“.

Suðurfyrir (ao) Áleiðis suður og í hvarf. „Skipið er horfið suðurfyrir núna“.

Suðurleið (n, kvk) Leið til Reykjavíkur. „Ert þú á *suðurleið* eitthvað á næstunni“?

Suðurloft (n, hk) Útlits himins í suðurátt. „Mér list ekkert á hvað hann er að *ljókka* í suðurloftið“.

Suðurnes (n, hk, fto) Heiti á útnesjum Reykjanesskaga syðra. Oftast var fyrrum átt við útverin í suðri frá Selatöngum, vestur og norður um Grindavík, Hafnir, Hvalsnes, Bæjasker, Garð, Gufuskála, Keflavík, Njarðvíkur, Hólmabúðir, Voga, Vatnsleysuströnd, Hvaleyri til og með Álftanesi.

Suðurrek (n, hk) Rek báts eða annars með *suðurfalli*. „Mér sýnist á niðristöðunni að það sé komið eitthvað suðurrek“. Sjá *norðurrek*.

Suðurum (ao) Suðureftir; suður um; suðurfyrir. „Hann er að verða ári ljótur hér suðurum“. Oft notað sem áttavísun á sjó; „Við skulum setja í gang og keyra dálítið herna suðurum“. Íðulega framborið „suðrum“. „Heldur er hann orðinn þungbúinn herna suðrum“.

Suðundurir (ao) Suður við; *sunnanundir*. „Hann liggur í sólbaði suðundurir vegg“.

Suðurfyrir (ao) Suður yfir. „Á tímabili voru í nokkur ár seld liflömb héðan úr vestursýslunni og flutt með bátum suðurfyrir Breiðafjörð“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Suðuskjóða (n, kvk) *Nöldurseggur; vælukjóí; sá/sú* sem nöldrax/*suðar*/tuðar mikið. „Vertu nú ekki *eilíft* að stagast á þessu; ég nenni ekki að hlusta á svona suðuskjóðu“!

Suðvestan (ao) Vindur af suðvestri. „Um morguninn var kominn suðvestan stormur með dimmum éljum“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Sukk (n, hk) Svall; óreiða; óregla; drykkjuskapur. „Mér fannst þorrablótið leystast upp í sukk og svínari í lokin“.

Sukksamkoma / Sukkskemmtun (n, hk/kvk) Samkvæmi/skemmtun þar sem ölvun er áberandi og hömlur litlar. „Ætli maður láti það nú ekki vera að sækja svona sukksamkomur“! „Þetta var víst herjans sukkskemmtun“.

Sukksamt (l) Sóðalegt; vætusamt. „Heldur varð þetta sukksamt ferðalag; í slyddu og hvassviðri“. Orðið var oftast notað í þessari merkingu en þeirri sem almennt gerist; um svall og óreglu, enda lítið um slíkt í Kollsvík.

Sull (n, hk) A. Ógeðsleg/fráhrindandi blanda. „Hvaða *ansvítans* sull ertu nú að *láta ofaní* þig? Þetta lyktar verr en nokkuð *kúahland*“! B. Krap; vatnsagi á jörð. „Það verður fjárans sull á jörð þegar blotar svona skarpt ofaní fönnina“. Sjá *krapasull*. C. Það að sulla. „Hættið nú þessu sulli í vaskinum strákar“!

Sulla (s) A. Hraera saman; blanda; búa til sull. B. Vaða í læk eða mýri.

Sulla/slafra í sig (orðtök) Borða, þó ekki þyki gott. „Það má alveg sulla þessu í sig í hallæri“. Slafraðu þessu í þig og vertu ekki að þessu múðri“!

Sullandi (n, kk) Allnokkur sjór; ágjöf. Einkum notað um sjólag þegar siglt/keyrt er í *ágjöf*. „Það var kominn dálítill sullandi herna fyrir Blakkinn“.

Sullaveiki (n, kvk) Smitsjúkdómur af völdum sníkjudýrs; sullaveikibandorms; *Echinococcus granulosus*, sem finnst víða um heim. Var skæður sjúkdómur í mönnum fyrr á tímum en var útrýmt hérlendis á 20.öld. Ferill sníkjudýrsins er þannig að grasbítar, t.d. ær, éta egg þess sem borist hafa í gras. Hundar og aðrar kjötætur

sem komast í hræ grasbíta, éta bandormsbelgi fulla af lirfum og lifir sníkjudýrið einkum í þörmum þeirra; þroskast og getur af sér egg sem berast frá hundinum með saur. Menn geta svo sýkst við snertingu sýkts hunds, saurs eða jarðvegs, en eru yfirleitt ekki hluti þroskaferils bandormsins. Bandormurinn þvelur í þörmum hýsilins og festir sig þar með sogskálum og krókum á höfðinu, en aftar eru þrír liðir. Fóstur hans komast inn í þarmaveggina og í önnur líffæri t.d. lungu. Þar þroskast það í blöðru, svonefndan sull, sem getur orðið allstór. Stærsti sullur í manni sem vitað er af héraendis innihélt 16 lítra af sullungum og vökva. Meðan sullaveiki var landlæg hér létust nokkrir þeirra sem smituðust, þó flestir hefðu það af. Ólafur Tómas Guðbjartsson frá Kollsvík segir í endurminningum sínum frá mikilli sullaveiki sem hann fékk.

Sullsamnt (l) Hætta á bleytu/ágjöf; *vætusamt*. „Við skulum fara í hlífar; það gæti orðið sullsamnt í röstinni“.

Sullumbull (n, hk) Illskiljanlegt bull; hrognamál; barnababl. „Ég skildi ekki helminginn af þessu sullumbulli“.

Sullur (n, kk) Blaðra sem sullaveikibandormurinn myndar í hýsli sínum. Sjá *sullaveiki*.

Sulta (s) Búa til sultu. „Alltaf var sultað eitthvað af sviðum, þó flest væru þau fryst ósviðin“.

Sultarbúskapur (n, kk) Lélegur búskapur; hokur; oftast notað um skort/vöntun á því sem telst mikilvægt. „Mér finnst það nú hálfgerður sultarbúskapur að eiga ekki mola með kaffinu“!

Sultardauður (l) Dauður úr hungri/sulti. „Nú held ég að við ættum að fara að huga að nestinu, áður en við verðum alveg sultardauðir við þetta“.

Sultardropi (n, kk) Dropi hangandi í nefbroddi. „Hann er með sultardropa í nefinu“.

Sultarfæða (n, kvk) Matur sem er næringarlítill/ólystugur/almennt ekki étinn. „Sögur voru um að í verstu hallærum og bjargarleysi fyrri alda hafi fátæklingar lagt sér þöngla til munns, en þeir hafi þótt sultarfæða“.

Sultargjöf / Sultartugga (n, kvk) Lítil föðurgjöf búpenings. „Ég gaf fénu nánast *innistöðugjöf*; það þýðir ekkert að gefa einhverja sultargjöf þegar það nær ekkert að *nasla* í fjörunni“.

Sultargörn (n, kvk) Um þann sem er oft svangur. „Þú ert nú meiri sultargörnin drengur! Þú áttir að fá þér nóg að borða áður en við lögðum af stað“.

Sultarhljóð (n, hk) A. Kvörtun um hungur/svengd/löngun í eitthvað. „Það er komið sultarhljóð í þá bændur sem ekki hafa fengið fullnaðargreiðslu fyrir afurðirnar“. B. Sérstakt krunk í hrafni.

Sultarlega (ao) Eins og svangur/soltinn sé. „Hentu þessum beinum úti skurðenda fyrir tíkina; hún ber sig eitthvað svo sultarlega núna“.

Sultarlegur (l) Lítur út fyrir að vera svangur; svengdarlegur. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Sultaról (n, kvk) Mittisól/belt þess sem er kviðdreginn af hor/svengd. Einkum í orðtakinu að *herða sultarólina*.

Sultarsöngur (n, kk) Nöldur/óánægjurödd hins svanga/hungraða. „Alltaf er sami sultarsöngurinn í þessum stórútgerðum þó þær skili methagnaði ár eftir ár“!

Sultugerð (n, kvk) Gerð sultu, t.d. rabbabarasultu eða sviðasultu.

Sultuhnífurinn Davíðs (orðtak) Líklega nýyrði, smíðað af Guðm. Jóni Hákonarsyni á Hnjóti (af Kollsvíkuraett), en hann brá því oft fyrir sig og eitthvað breiddist notkunin út. Þetta heiti var notað um alla smjörhnífa og aðra bitlitle hnífa. „Jón lagði sig eftir að nota sérstæð gömul orð í sínu máli, en einnig var hann sérlega hnyttinn að búa til snjöll nýyrði og var stundum erfitt fyrir ókunnuga að greina á milli. Ekki þekki ég söguna á bakvið, en hún mun eiga við Davíð sem bjá á Kóngsengjum“ (VÖ).

Sultukrukka (n, kvk) Glerkrukka sem sulta er geymd í.

Sultur (n, kk) Svengd. „...ekki höfðu þeir mat og drykk. Sótti á þá sultur“ (MG; Látrabjarg).

Sultur og seyra (orðtak) Fátækt, einkum í mat; matarskortur; slæmur aðbúnaður. „Á harðindatímum sótti fólk gjarnan í verin, sem flúði sult og seyru í sinni heimabyggð“.

Sultutau (n, hk) Annað heiti á sultu, nokkuð almennt notað á síðarihluta 20. aldar en heyrir vart nú.

Sumarauki (n, kk) Lagningarvika. Innskotsvika í hið gamla *tímat*. Bætt var inn viku á nokkurra ára fresti til að samræma tímatalið árstíðarárinu. Í tveimur misserum að fornu tímatali teljast venjulega tólf mánuðir þrítugnættir og fjórar nætur umfram (aukanætur), eða aðeins 364 dagar. Árstíðarárið er rúmum degi lengra. Til lagfæringa er sumarauka skotið inn á eftir aukanóttum.

Sumardagur (n, kk) Dagur að sumarlagi. „Við göngum fyrir neðan Litlavatn, sem er neðsta vatnið í Vatnadal. Þangað var oft farið á hlýjum sumardegi til að baða sig og synda“ (IG; Sagt til vegar I).

Sumardagurinn fyrsti var fyrrum einn mesti hátíðisdagur ársins. Fólk tók daginn snemma, því fótaferðatími þennan dag var vísbending um það hve árrisult fólk yrði yfir sumarið. Húsbóndi aðstoðaði húsmóður við skömmtun matar þennan dag, og verl var gert við fólk í mat. Dagurinn var hafður til marks um veðráttu á því sumri. Ef veður var gott á sumardaginn fyrsta, og helst einnig á fyrsta sunnudag í sumri, þá yrði gott sumar.

Eldiviðarþerrir fer eftir laugardeginum fyrsta í sumri, en heyperrir eftir sunnudeginum fyrsta í sumri. „Rauðri krýndur röðulglóð/ rennur skýr og fagur,/ yfir fjöll og fannastóð/ fyrsti sumardagur“ (JR; Rósarímur).

Sumardvöl / Sumarvist (n, kvk) Vera/dvöl yfir sumarið. „Börn skyldmenna í borginni komu iðulega til sumardvalar og var að þeim mikil hjálp við heyskap o.fl. Sumum þeirra varð Kollsvíkin annað heimili“ „... voru oftast eitt eða fleiri börn hjá þeim í sumardvöl“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Sumarfagur (l) Fagur að sumarlagi. „Það virðist ekki tilviljun ein að kirkjunni skyldi veljast heimkynni í hinum sumarfagra en veturkalda Sauðlauksdal“ (RÍ; Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal).

Sumargjöf (n, kvk) Gjöf sem gefin er á sumardaginn fyrsta. Það mun hafa verið nokkuð almennur siður fyrr á tíð að gefa einhvern glaðning í sumargjöf, þó ekki sé núna vitað hvernig því var háttað í Úvíkum. Hinsvegar þekktust jólagjafir ekki fyrr en sent á 19.öld eða síðar.

Sumarhagi (n, kk) Beitoland að sumarlagi. Kollsvíkurfé var einatt haldið til beitar að vetrarlagi, þegar það var við hús; ýmist þá í fjöru eða í víkinni eða næsta nágrenni hennar. Sumarhagar sauðfjár voru þó sumir mun fjær, t.d. í Breiðavík, á Bjarginu, í Breiðnum eða langt inn til fjalla og dala.

Sumarhiti (n, kk) Mikill hiti að sumarlagi. „Breiddu yfir fiskinn, svo hann skemmist ekki í sumarhitnum“.

Sumarkoma (n, kvk) Koma sumars; hlýnun í tíð. „Sumarkoman ætlar að láta á sér standa þetta árið“.

Sumarkyrr (l) Lygn að sumarlagi. „Krakkar léku um Kallatún/ á kvöldum sumarkyrrum./ Landpóstur á brekkubrún/ blés í lúður fyrrum“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).

Sumarhitar (n, kk, fto) Mjög hlýtt að sumri. „Alltaf er þar snjólétt að vetrum og sumarhitar miklir“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum)

Sumarlangt (l) Yfir allt sumarið; langt frameftir sumri. „Í kuldaárum kom hvergi dökkur dill upp úr hjarninu sumarlangt...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Sumarlega (ao) Eins og á sumri. „Ekki viðrar hann beint sumarlega þessa stundina; bara árans kuldaskítur“!

Sumarlegur (l) Líkur sumri. „Sagt hefur verið að sumarleg jól gerðu jafnan vetrarlega páska“.

Sumarmál (n, hk, fto) Síðustu dagar vetrar að íslensku tímatali, frá laugardegi til miðvikudags í 26. viku vetrar. „Þá voru sumir bændur sem sendu vinnumenn sína til vers strax um eða fyrir sumarmál“ (KJK; Kollsvíkurver). „Það var því hlutverk húsmæðra að sjá um búíð; auk sinna vanalegu starfa, meðan róðrar stóðu yfir; frá sumarmálum og fram að slætti“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Heimræði er þar (frá Láganúpsveri) ár um kring, en á vorið er þar vertíð frá sumarmálum til þingmaríumessu“ (ÁM/PV Jarðabók). „Gerist hveðru heiðin sál/ haldin angri og kvíða:/ Hækkar sól og sumarmál/ senn að garði ríða“ (JR; Rósarímur).

Sumarmálhret (n, hk) Hret/ótið/kuldatíð sem gerir um sumarmál.

Sumartungl (n, hk) Heiti tunglkomu á eftir páskatungli.

Sumarveðráttá (n, kvk) Veðurfar líkt og á sumri. „Hann ætlar að halda þessari sumarveðráttu fram á hátíðar“.

Sumbl (n, hk) Drykkuveisla; drykkjuslark. „Þeir sátu að *sumbli* langt frameftir nóttu“.

Sumirhverjir (fn) Sumir af mörgum, nokkrir. „Sumirhverjir myndu nú dusta rykið af mannasiðunum og þakka fyrir sig“! „Þessi net eru orðin afskaplega léleg og sumhver alveg ónýtt“.

Summa (n, kvk) A. Niðurstaða samlagningar/samantektar. B. Mikil upphæð; mikið magn. „Hann hlýtur að hafa gefið dálaglega summu fyrir þetta stóran traktor“.

Sumpart / Sumpartinn (ao) Að hluta til; að sumu leyti. „Hann ætlar að geyma verkið til morguns. Sumpartinn vegna þreytu, en svo er veðurútlitið orðið betra en það var“.

Sumra (s) Koma sumar; batna veður í vetrarlok. „Ég held bara að hann sé að byrja að sumra“.

Sumsé (ao) *Semsé*; þannig; svo. „Það er sumsé þannig sem í málunum liggur“.

Sumsstaðar (ao) Á sumum/nokkrum stöðum; víða. „Sumsstaðar er orðið *marautt*“.

Sumthvað (fn) Eitthvað; nokkuð; dálítill hluti. „Ég held ég muni flest erindin úr kvæðinu, en sumthvað er líklega alveg gleymt“.

Sumir (fn) Nokkrir; einhverjir af hópi/safni. „Sumir eiga erfitt með að smala í brattlendi“.

Sund (n, hk) A. Bil milli tveggja hækkana. T.d. sjólæna milli eyja, boða, skerja eða nesja. „Stundum fóru kunnugir um sunðið milli Blakknesboðans og hleinarinnar til að losna við Blakknesröstina.“. Eða húsasund; bilið milli húsa. B. Það að synda eða vegalengd sem synt er. „Sund kunnu menn almennt ekki framyfir aldamótin 1900, en eflaust hefðu mannskaðar orðið færri ef svo hefði verið. Valdimar Össurason, eldri, var frumherji í sundkennslu á fyrrihluta 20.aldar“.

Sundbolur (n, kk) Samfellubolur sem synt er í. Hefur á seinni tímum mjög vikið fyrir sundskýlu hjá körlum og bikinífatnaði hjá konum.

Sundfimi (n, kvk) Hæfni til sunds.

Sundkennsla (n, kvk) Kennsla sunds. Fyrstu sundkennslu sem gagn var að í Kollsvík stundaði Valdimar Össurarson (eldri) frá Láganúpi. Sundlaug var gerð í Miðlæknum, þannig að hann var stíflaður norðanvið kotbýlið Grund. Þetta var kalt mýrarvatn en sagt var að kennslan hefði verið góð. Einnig var synt í sjónum þegar hægt var. Valdimar kenndi sund víða, bæði í Barðastrandasýslu og víðar um land, og var mikill frumherji á því sviði á sinni tíð. „Sundkennsla hefir farið fram í Kollsvík á vegum fjelagsins (Vestra) í 5 sumur; hálfsmánaðar tíma. Fjelagið bygði upp sundtjörnina, en sýslusjóður hefir launað kennaranum. Allir karlmenn í fjelaginu kunna sund. Vonandi hefir fjelagið unnið þar til mikillar blessunar, því að eigi hefir það ósjaldan hent, að menn hafi druknað nærri landi í Víkum; þar er brimasamt“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Sundla (s) Svima; finna til lofthræðslu. „Hann segir að sig sundli bara við að ganga um hlíðina“.

Sundlaug (n, kvk) Laug sem notuð er til sunds. Fyrsta sundkennsla í Kollsvík fór fram í sundlaug sem gerð var með stíflu í Miðlæknum. Vatnið í honum er uppsprettuvatn úr Mýrunum og því nokkuð kalt, en þeir sem þarna syntu kvörtuðu ekki yfir því.

Sundlgjarnt (l) Hættir til að sundla/svima. „Hann sagði að sér væri oft sundlgjarnt og því færi hann varlega nálægt klettabrunum og í háum hlíðum“.

Sundmaður / Sundkappi (n, kk) Maður sem syndir; sá sem er góður/þolinn við sund. „Engan sundmann hef ég séð betri en Kristján Friðgeirsson. Mér er minnisstætt þegar hann lagði til sunds á eftir snarvitlausu lambi sem hlaupið hafði í sjóinn þegar rekið var inn í réttina í Keflavík, líklega kringum 1970. *Þónokkur ylgja* var í sjó, en hann synti góðan spöl á haf út eftir lambinu og kom með það í land“ (VÖ).

Sundmagi (n, kk) Loftkennd blaðra í kvíðarholi fiska, með hryggnum, sem þeir nota til að stjórna eðlisþyngd sinni og þar með flotmagni. „Sundmagi hefur lengi verið nýttur til matar og á Vestfjörðum var hann tekinn úr öllum málfiski. Að ná honum hét að *skera úr hryggjum*. Hann var síðan skafinn vel; hreinsaður og annaðhvort saltaður eða hertur, væri hann ekki soðinn strax. Stöku sinnum var sundmagi etinn nýr með lifur, en oftast var hann soðinn og settur í súr. Vermönnum var ætlað að hirða sundmaga úr sínum afla. Hertur sundmagi var kippaður upp með sundmaganál, sem oftast var úr hvalbeini. Um miðja 18. öld var farið að flytja sundmaga út til língerðar, og eitthvað var unnið af slíku héraendis. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Sundra (s) A. Aðskilja. „Því skulu menn ekki sundra sem guð hefur sameinað“ (blessunarorð við hjónavígslu). B. Aðskilja *mötuna* eftir slátrun. Upphaflega mun orðið hafa ná jafnt yfir sundurlimur kjötskrokks sem aðskilnað innmats, en í seinni tíð var einungis talað um að sundra innmatnum. „Kitti í Hænuvík hafði löngum þann starfa í slátruhúsinu á Gjögurum að sundra, eftir að tekið var innanúr. Var enginn honum handfljótari við það“. C. Skilja að fisk, t.d. helminga herts steinbíts. „Steinbítur var borðaður nýr og saltaður, en þó oftast harður... Þegar honum var *sundrað* í tvennt var tekið í hvorn helming og rífið um hnéd. *Markið* fylgdi þá *dálkhelmingnum* ásamt sporði og bekugga. Kroppað var úr hryggjarliðunum og þar í kring; kallað að *vinna að markinu*. Konum var ætlaður *meyjarhelmingurinn*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÖETh). Einnig er talað um að sundra lúðu/spröku þegar henni er skipt eftir hefðbundnum reglum.

Sundriða (s) Ríða hesti í vatni/sjó þar sem hann nær ekki til botns og þarf því að synda með reiðmanninn.

Sundrun (n, kvk) Skipting; það að *sundra*. „Kitti sá jafnan um sundrun meðan hann vann í Gjöguraslátruhúsi“.

Sundrung (n, kvk) Upplausn; skipting; óreiða; tvístrun; ósamlyndi; deilur.

Sundur (ao) Í hluta/parta; í tvennt. „Það er ekki svo einfalt að ná þessu í sundur“.

Sundurbrotinn / Sundurslitinn (l) Brotinn/slitinn í sundur

Sundtök (n, hk, fto) Hreyfingar þess sem syndit; aðferð við sund. „Þarna tók ég fyrstu sundtökin“.

Sundurbrotinn / Sundurbútaður / Sundurdrafaður / Sundurétinn / Sundurflettur / Sundurgenginn / Sundurgisnaður / Sundurgrafinn / Sundurgrotnaður / Sundurhlutaður / Sundurhöggvinn / Sundurklofinn / Sundurkraflaður / Sundurkraminn / Sundurlimaður / Sundurmarinn / Sundurmolnaður / Sundurmorkinn / Sundurnagaður / Sundurpurpaður / Sundurriðinn / Sundurristur / Sundurryðgaður / Sundursagaður / Sundurskilinn / Sundurskiptur / Sundurskorinn / Sundurskotinn / Sundurskrúfaður / Sundursleginn / Sundurslitinn / Sundursniðinn / Sundursoðinn / Sundursorfinn / Sundursprengdur / Sundursprunginn / Sundurtroðinn / Sundurtugginn / Sundurtjásaður / Sundurtærður / Sundurtættur / Sundurvigtaður (l) Genginn/tekinn/hlutaður í sundur af tilgreindum ástæðum. „Munið að taka hrifuna heim sem þarna liggur sundurbrotin“. „Stórfiskurinn var allur lausholda og sundurdrafaður; hann var engin söluvara“. Hér þarf eitthvað að laga; hurðin er öll sundurgengin“. „Við

förum ekki langt á bílnum meðan hann er sundurhlutaður úti í skemmu“! „Skelfing er að sjá þetta hjá þér; ég get ekki hreinsað fiskinn ef þetta er allt svona sundurkraflað“! „Gættu þín þegar þú ferð fyrir nefið; það er allt dálítið sundurmolnað og veikt í sér“. „Það er ekkert hald í þessum staur; hann er allur sundurmorkinn“. „Það er ekki von að ljós sé á þerunni; leiðslan er sundurnöguð hér við vegginn“! „Sléttan verður mun rýrari, svona sundurrist“. „Hún fékk efnið sundursniðið og hófst strax handa við saumaskapinn“. „Við skiljum ekki við netið svona sundurskorið; svona, hnýttu þetta saman drengur“! „Það er ómögulegt að eiga við þennan netahnút; hann er allur orðinn sundurtjásaður og útilokað að átta sig á nokkrum þræði“. „Púðurtunna í duflinu var sundurtærð og púðrið löngu orðið hættulaust“.

Sundurdrafaður (l) Orðinn mjög morkinn/ laus í sér. „Fiskurinn verður hálf ólystugur þegar hann er sólsteiktur og sundurdrafaður“.

Sundurgerð (n, kvk) Tepruskapur; tilgerð; óþarfa glysgirni t.d. í klæðaburði.

Sundurgerðarmaður (n, kk) Sá sem stundar sundurgerð/ er áberandi í klæðaburði; skartmenni.

Sundurdráttur (n, kk) *Fjarrag*, oftast í réttum; þegar hver bóndi dregur sitt fé í *dilk* úr *almeningi*; það að draga í sundur. „Við sundurdrátt á bæjum skal aðkomufé dregið úr og fært til *lögréttar* á réttardögum, nema eigendur hafi áður vitjað þess“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Sundurgerðarmaður (n, kk) Sá sem er glysgjarn/sker sig úr í fatavali; stundar *sundurgerð*. „Hann þykir sundurgerðarmaður í klæðaburði“.

Sundurlaus (l) Laus í sundur; samhengislaus. „Heldur fannst mér ræðan vera sundurlaus og innihaldsrýr“.

Sundurliða (s) Greina/skipta í smærri einingar. „Hér þyrfti að sundurliða kostnaðinn“.

Sundurlima (s) Lima/skipta/taka í sundur; aðskilja í parta. „Vélin lá öll sundurlimuð á borðinu“.

Sundurlyndi (n, kvk) Ágreiningur; ósætti; fjandskapur. „Eitthvað sundurlyndi er þar núna á milli bæja“.

Sundurlyndisfjandinn (n, kk, ákv.gr) Persónugerving á tilhneygingu til ósamlyndis/ágreinings/miskliðar. „Lengi vel tókst þeim að vinna ágætlega saman og halda sundurlyndisfjandanum frá“.

Sundurorða (l) Ósáttur; lenda í rifrildi. „Enginn vissi til að þeim skipsfélögum hefði orðið sundurorða“.

Sundurskurður (n, kk) Skurður sem aðskilur/sundrar. „En um lok sláturtíðar gekk hér í frost og snjókomu. Töldu margir *veðurfróðir* að nú væri að *ganga* í einn hörkuveturinn. slíkur sem 1918, en hann byrjaði svipað; enda sundurskurður á miltum úr kúm og fleiri tákna staðfestu það“ (ÞJ; Árb.Barð 1968).

Sundurtekinn (l) Ósamsettur; sem búið er að taka í sundur. „...því Farmallinn kom víst sundurtekinn í kössum og var raunar ekki þungur þó búið væri að setja hann saman“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Sundurþykkja (n, kvk) Osamlyndi; *deildar meiningar*. „Var einhver sundurþykkja milli þeirra bræðra“?

Sunna (n, kvk) Sól. Nafnmyndin er nær eingöngu notuð í kveðskap nú á tímum.

Sunnanandvari / Sunnangola (n, kk) Hæglætisvindur af suðri. „Þetta þornar fljótt í sunnanandvaranum“.

Sunnanátt (n, kvk) Vindur frá suðri. „Mér sýnist hann ætla að ganga til sunnanáttar“. Fremur var þó talað um að „ganga til suðurs“ eða „*ganga suðurá*“.

Sunnanhallt (ao) Þar sem hallar suðuraf. „Flugvélin brotlenti sunnanhallt í hábungu Brunnahæðar“.

Sunnankaldi / Sunnankul / Sunnankæla (n, kk/hk) Nokkur vindur af suðri, meiri en gola. „Það þarf ekki mikla sunnankælu til að vekja upp gutlanda undir Bjarginu“.

Sunnanlands (ao) Á sunnanverðu landinu; á suðurlandi.

Sunnanmeð / Sunnanmegin / Sunnanvert við / Sunnanvið (orðtak/ao) Meðfram/að sunnanverðu; fyrir sunnan. „Sunnanvert við Kollsvíkina er Vatnadalur“. Það er ágætis skjól og hlýindi sunnanvið bæinn“. „Menn af bæjum sunnanvert í Kollsvíkinni skiptust á að reka féð og standa hjá“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Sunnanrosi (n, kk) Mjög slæm tíð með ríkjandi sunnanátt, t.d. miklar sunnanrigningar á heyskapartíma.

Sunnanslagveður / Sunnanslagviðri (n, hk) Mikil rigning af suðri. „Þeir létu sig hafa það að arka þessa leið í sunnanslagviðri; komið framundir myrkur“.

Sunnansperringur (n, kk) Hvass sunnanvindur. „Það verður ekki gaman að *pelkja* á móti þessum sunnansperringi og slagveðursrigningu“!

Sunnanstæður / Sunnanvindur (l/ n, kk) Um vindátt; suðlægur; af suðri.

Sunnantil (ao) Í suðurhluta. „... en líklegt er að fleiri bátar hafi verið á sjó, með því að bændur voru einnig á Láganúpi og Grundum, sunnantil í Kollsvíkinni“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Sunnanundir (ao) *Suðurundir; sunnanvið*. „Það var orðið vel heitt sunnanundir Núpnunum“.

Sunnanþíða / Sunnanþíðviðri (n, kvk/hk) Hlýr vindur af suðri sem veldur leysingum.

Sunnarlega (ao) Í suðurhlutanum. „Við fengum gott *kennsli* hér sunnarlega á vikinni“.

Sunnlendingur (n, kk) Maður sem er upprunninn eða búsettur á Suðurlandi.

Sunnudagahvild (n, kvk) Hvíld/frí á sunnudögum. „Hver er þýðing sunnudagahvildarinnar“ (fundarefni á 2. starfsári Umf Vöku, stofnað 1916). Gömul hefð er fyrir vinnubanni á sunnudögum.

Sunnudagshandavinna (n, kvk) Handavinna/hannyrðir sem kvenfólki leyfðist að vinna á sunnudögum áður fyrr. „Kannske var móðir mín og hennar kynslóð mesta áhugafólkið sem ég vissi um í svona hannyrðum. Hún sagði mér að þær systur (4) hafi fengið sunnudögum úthlutað til slíkrar iðju og á sumrin sátu þær gjarnan úti við handavinnuna þegar gott var veður.... Saumaklúbbar voru ekki til hér fyrir en um 1950-60 nema, svo ég vitni aftur í móður mína, þá komu þær oft saman heimasætur af fleiri bæjum með sunnudagshandavinnuna; sérstaklega ef hægt var að vera úti. Ekki voru allstaðar rúmgóð húsakynni en heimasæturnar fjölmennar á bæjunum. Einnig var ekki eins góð birta í húsum og nú er“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Sunnudagshelgi (n, kvk) Það að halda sunnudaginn heilagan. Slík helgi var virt hérlendis um allar aldir, en hefur í seinni tíð látið síga undan auknu trúleysi og öðrum síðum nútímasamfélags. Þrátt fyrir vinnuhörku og ósérhlífni tóku menn sér undantekningarlaust frí á sunnudag og stunduðu sína trú. Bannað var að vinna við búskap eða útgerð nema til að bjarga verðmætum, og bannað var að vinna með eggjárn. Þó mátti stunda einhverja vinnu innvið, s.s. tóvinnu.

Sunnudagsmatur (n, kk) Víðasthvar er venja að hafa meira við í mat á sunnudögum en aðra vikudaga, þó sú hefð sé fremur á undanhaldi í seinni tíð eftir að nánast er aflagt að halda sunnudaga heilaga.

Surg (n, hk) Sarg; *urg*. „Það heyrðist eitthvað surg í klukkunni fyrir bilunina“. „Skelfilegt surg er í útvarpinu“.

Surga (s) Þegar surg heyrir; sarga. „Þetta er slæm lungnabólga. Það surgar í honum við hvern andardrátt“.

Surtarbrandur (n, kk) Steingerðar leifar hlýskeiðsgróðurs sem lent hefur undir hraunum þegar landið var að byggjast upp fyrir milljónum ára. Surtarbrandur finnst á nokkrum stöðum í Rauðasandshreppi. Stærstu og þekktustu námurnar eru undir Stálfjalli, innan Rauðasands. Þar var gerð tilraun til nýtingar fyrir á tíð, en sú vinnsla var aldrei arðbær. Surtarbrand er einnig að finna í Seljagili á Ósum; á Högum uppaf Raknadal og í Grænafellinu sunnan Sauðlauksdals. „Þegar Draugagilið fellur framaf neðsta hjallanum í Grænafellinu myndar það smáfossa. Þarna í berginu eru leirlög og steingervingar og þó nokkuð af surtarbrandi... Þar sem lagið er þykkast er það fullir 2m að þykkt, en efra lagið 1m... Rauðasandsmegin í fjallinu er í svipaðri hæð surtarbrandur í Utanhlíðarhöfða, uppaf Stakkadal. Þaðan var surtarbrandsflagan er borðplatan í Saurbæ var smíðuð úr, en hún var 1,5 x 1,25m x 3 cm“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Surtarbrandsnáma (n, kvk) Vinnslustaður surtarbrands/brúnkola. Surtarbrandsnáma er í Stálfjalli, innanvið Völlur. Var þar vinnsla og námugróftur á fyrrihluta 20.aldar, en *bar sig* aldrei og var fljótlega hætt.

Surtla (n, kvk) Sú sem er svört. Algengt ærheiti.

Suss / Sussu (uh) Upphrópun sem annaðhvort er ætlað að þagga niður í þeim sem talar eða lýsa lítilsvirðingu á því sem sagt hefur verið. „Suss; þetta þykir mér ekki mikill afli eftir langa sjóferð“! Einnig stundum bætt „o“ fyrir framan þegar gert er lítið úr. Sjá *sussu sei*.

Sussa / Sussa á (s/ orðtak) Þagga niður í einhverjum með því að láta heyrast lágt langdregið s-hljóð með stút á vörum. „Ég sussaði á strákana; þeir voru í *hrókasamræðum* þegar þeir áttu að fara að sofa“.

Sussa niður (orðtak) Kveða/þagga niður; kæfa umræðu. „Þessi atburður var sussaður niður innan fjölskyldunnar, og aldrei um hann talað“.

Sussu sei / Sussu svei (orðtak) Upphrópun sem viðhöfð er til að gera lítið úr einhverju, stundum með „o“ fyrir framan. „O sussu sei; ekki þykir mér þessar pylsur vera merkilegum matur“!

Sú var tíð(in) (orðtak) Þeir tímar voru; eitt sinn fyrir löngu. „*Heimur versnandi fer!* Sú var tíðin að Kollsvíkingar reru þegar tími og veður gaf. Nú kostar það langvarandi píslargöngu í stjórnkerfinu og fúlгур fjár að fá náðarsamlegast að fiska á sínum eigin miðum“!

Súð (n, kvk) A. Skörun; samsetning klæðningar úr borðviði, þannig að efri rönd eins borðs skarast ofaná/undir neðri rönd aðliggjandi borðs, og þannig koll af kalli. Þannig skörun borða er í súðbyrtum bátum og stundum í þiljum í lofti húsa. B. Bátur; súðbyrðingur. „Svala brýtur boða slóð;/ braka hlýtur súðin./ Hviða þýtur, fer um flóð;/ faxi hvítu lagar stóð“ (JR; Rósarímur).

Súða (s) A. Smíða súð í húsi; vera smíðaður með súð. „Stofan var með súðuðu lofti“. B. Fella borð á súðbyrtan bát; byrða.

Súðbyrðingur (n, kk) Bátur byrtur með skarsúð, þar sem efra borð skarast að neðanverðu utan á neðra borð, en það var byggingarlag flestra árabáta. Flestar skútur voru sléttbyrðingar; öðru nafni plankabyggð skip.

Súðbyrtur (l) Um bát; *súðbyrðingur*; skarsúðaður.

Súðun (n, kvk) Skörun borða í súðbyrðingi. „Áður en borð voru látin við, var alltaf strikað fyrir súðuninni og eins þumlungs breiður kantur heflaður, og var það kallað að *afsúða*“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).

Súðþil (n, hk) Þilklæðning í húsi með *skarsúðuðum* borðum, venjulega láréttum.

Súga (s) A. Gusta; blása; vinda. „Hann var varinn að súga allverulega þarna uppi á brúninni“. B. Koma ró á bátasam með súg/súghamri; sauma/seyma (bát).

Súgandi (n, kk) *Súgur*; öldugangur á sjó; þung undiralda, einkum inn á milli hleina eða í öðru sundi. „Það var kominn árans súgandi við bryggjuhausinn“.

Súghamar (n, kk) Sérstakur hamar til að *seyma/súga* bát. Á öðrum skalla hans var *súgur* en hinn venjulegur.

Súgur (n, kk) A. Straumur haföldu við land; upp að landi og til baka. „Það er töluverður súgur þarna við hleinina og varasamt að leggja upp að“. B. *Dragsúgur* innandyra. „Það er súgur gegnum húsið“. C. Súgjárn; verkfæri til að halda ró á móti nagla þegar bátur er seymdur. Þungt járn með gati í enda. Róin/skinnan var sett upp á saumendan; súgurinn á eftir og haldið við með honum meðan saumurinn var rekinn í róna.

Súgur í sátri (orðtak) Orðtakið heyrir ekki í seinni tíð, en merkingin virðist þó augljós: Sátur merkir veiðislóð; þar sem legið er við fiskveiðar, og súgur er sjógangur. Menn höfðu því gjarnan upp og héldu í land ef súgur var í sátri. Kann einnig að hafa haft afleidda merkingu; e.t.v. um *vindgang*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Súgurrkun (n, kvk) Aðferð við verkun þurrheys. Þá var heyið *hirt* þegar það var enn grænt en samt orðið vel þurrt; því *jafnað* vel um hlöðuna og síðan blásið gegnum það lofti gegnum *súgurrkunarstokka* með *súgurrkunarblásara* sem annaðhvort var knúinn rafmótor eða díselvél. Blása þurfti ört fyrstu dagana til að ekki *ofhitnaði* í heynu. Með þessari aðferð hélst meiri næring í heynu en með fyrri *fullþurrkun*.

Súgurrkunarblásari (n, kk) Blásari til að blása lofti inn í súgurrkunarkerfi; knúinn af rafmagnsmótor eða díselvél.

Súgurrkunarskúr (n, kk) Skúr sem hýsir súgurrkunarblásara og vél til að knýja hann; rafmótor eða díselvél.

Súgurrkunarstokkur (súgurrkunarkerfi (n, kk/hk) Stokkur/ kerfi stokka í/að hlöðu sem lofti er blásið í til að fullþurra hey eftir hirðingu. Súgurrkunarkerfi var sett í hlöðu á Láganúpi kringum 1970, og á savipuðum tíma í hlöðu í Kollsvík. Á Láganúpi var settur búnaður í súgurrkunarstokkinn til að blása heyi inn í hlöðuna. Búnaðurinn var haganlega útbúinn, en þótti ekki afkastamikill.

Súkkulaði (n, hk) A. Sætur brúnn massi sem unninn er úr kakóbaunum kakótrésins. Selt sem sælgæti eða til matargerðar, t.d. mjólkursúkkulaði eða suðusúkkulaði. „Afi átti oft suðusúkkulaðistykki í handraðanum á kistu sinni, og gaukaði gjarnan bita og bita að okkur strákunum“. B. Drykkur sem lagaður er úr suðusúkkulaði.

Súkkulaðidrykkja (n, kvk) Samsæti þar sem drukkið er heitt súkkulaði. „Setið var að súkkulaðidrykkju í stofunum í gamla húsinu...“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).

Súkkulaðistykki (n, hk) Súkkulaðiplata; heil söluening af súkkulaði (oft 100g). „Eitt var það að ég átti stórt og þykkt súkkulaðistykki frá nöfnu minni, en frá henni kom eiginlega eina sælgætið sem kom á heimilið“ (IG; Æskuminningar).

Súla (n, kvk) A. Stoð; stólpi. B. Fuglategund. Sjófugl sem ekki verpir vestra, sen sést tíðum úti á vikum.

Súld (n, kvk) Fíngerð rigning; *suddi*; *úði*. „Ekki kemur hann þurrkinum fyrir sig; það er enn sama súldin“.

Súlda (s) Þegar *súld* er (fingert regn). „Mér finnst hann vera að súlda meira úr þokunni með *aðtakinu*“.

Súldardrunji (n, kk) *Súldarmugga* í hægviðri og gjarnan molluhita. „Hann er búinn að hanga með þennan súldardrunga hér yfir í allan dag“.

Súldarfýla (n, kvk) Dálítil þokusúld. „Hann ætlar að halda sömu súldarfýlunni í dag eins og í gær“.

Súldarmugga (n, kvk) Þoka með súld. „Við sigldum inn í súldarmuggu uppi við landið“.

Súldarþoka (n, kvk) Þoka með nokkurri súld; dimmviðri með *ýringi/sudda*.

Súldra (s) Skæla svo lítið beri á; fella tár. „Yfir hverju ertu nú að súldra, lambið mitt“? Orðið er annarsstaðar notað um að súlda, en virðist ekki þekkt í þessari merkingu.

Súlfa / Sulfalyf / Sulfatafla (n, hk/kvk) Sýklalyf sem gefið er mannfólki, einkum gegn þvagfærasýkingum, og sauðfé/lömbum gegn niðurgangi. Venja var að gefa nýfæddum lömbum sulfatöflu um burð.

Súnka (s) Falla/detta skyndilega og þungt; hlunkast. „Tjakkurinn gaf sig og bíllinn sunkaði niður aftur“.

Súnna (s) Undirbúa; lagfæra; gera klárt. „Við þurfum víst eitthvað að súnna bátinn fyrir sumarið“.

Súnna sig (orðtak) *Hafa sig til*; snyrta sig; gera sig kláran. „Það er víst best að fara að súnna sig svo við getum lagt af stað“.

Súpa (n, kvk) A. Spónamatur; þunnur grautur; þykkt seyði, t.d. kjötsúpa, fiskisúpa. B. Safn einhvers, t.d. skuldasúpa. Sjá *sitja í súpunni*.

Súpa (s) Drekkja. „Ég var orðinn verulega þyrstur og saup duglega á úr flöskunni“.

Súpa á (orðtak) A. Drekkja. „Hann tók upp blöndukútinn og saup duglega á“. B. Um bát; taka sjó inná sig. „Báturinn keyrðist inn í ólagið og saup dálítið á, en reif sig samt fljótlega upp“.

Súpa fjörur (orðtak) Stundum heyrir orðtakið „hann/hún hefur marga fjöruna sopið“, þó ekki sé kunnugt um notkun þess meðal Kollsvíkinga. Einhverjir hafa skýrt þetta með því að vísað sé til selkópa sem sjúgi mæður í fjöru. Mun líklegra er að vísað sé til þess að menn hafi sloppið naumlega frá drukkun/skipsskaða við land; að orðið sé komið úr sjómannamáli, líkt og flest orðtök í íslensku máli sem ekki eru rakin til bardaga.

Súpa hregg (orðtak) Draga snöggt að sér andann, jafnvel með hryglu eða snörli; súpa hveljur. Hreggur er mjög hvass vindur eða stormél.

Súpa hveljur (orðtak) Draga andann mjög snöggt og djúpt, t.d. í undrun/ótta eða þegar maður kemur úr kafi. Líking við það að sloka í sig soðna hvelju af grásleppu eða rauðmaga.

Súpa seyðið af (einhverju) (orðtak) *Hefnast fyrir (eitthvað); koma (eitthvað) í koll*. „Við gætum þurft að súpa af því seyðið ef við förum af stað keðjulausir inn yfir háls í þessari færð“. Seyði eða soð var drukkið af ýmsum mat. Væri maturinn slæmur var líklegt að seyðið væri ekki skárri.

Súpa úr vörinni (orðtak) Draga að sér andann þannig að vel heyrir þegar andardráttur sogast milli tanna og vara. Stundum notað til að lýsa efasemdum eða ógn.

Súpudiskur / Súpuskál (n, kk/kvk) Diskur/skál fyrir/með súpu.

Súpugutl / Súpulap / Súpusull (n, hk) Mjög þunn súpa. „Þetta súpugutl er bragðgott, en ekki er það *skjólott*“.

Súpuskeið (n, kvk) Matskeið; djúp skeið sem hentar til að borða með henni súpu.

Súr (n, kk) A. Þykkt, hvít þykkni sem botnfellur úr skyrmysu og súrnar. Gott til drykkjar, sérstaklega við þorsta. Orðið var annarsstaðar notað almennt um sýru, en þessi merking var sértækari og virðist bundin við svæðið. Menn veittu hegðun súrsins athygli áður, en hann hefur þá náttúru að fljóta upp í stórstreymi, og sumir sögðu að það gerði hann einnig í aðdraganda veðrabrigða. Má vera að því valdi breytingar í loftþrýstingi. „Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; ein sér, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð drykkjarblanda“ (HFG; Bernskumningar; Niðjatal HM/GG)

„Þegar ég var að alast upp var alltaf gert skyr; síað í litla tunnu; skyría með rimlum í botninum; í hana var sett grisja og síað, og svo var mjólkurafgöngum og undanrennu hellt út í mysuna. Þá hljóp mjólkinn og var til þykkur súr úr mysunni sem féll á botninn. Súrin flaut svo upp þegar var stórstreymt. Það var gjarnan ausa;hékk á barminum, og ef menn voru þyrstir fengu þeir sér svaladrykk úr tunnunni. Súrin sjálfur var mest norður út á hafragraut. Mysan var notuð til að súrsa í. Kannske var mjólkinn sem hellt var í farin að súrna örlítið“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). B. Almennt um sýru sem notuð er til geymslu á mat, Talað er um að *setja í súr*.

Súr (l) A. Með súru bragði. „Mér finnst mjólkinn orðin dálítið súr“. B. Líkingamál; óánægður; fúll. „Hann varð dálítið súr þegar hann heyrði þetta“. C. Um efnasambönd; með lágu ph-gildi.

Súr á svip (orðtak) Fúll/óánægður/beiskur á svipinn. „Hann varð súr á svip þegar strákurinn dró og dró án þess að hann yrði var“.

Súr í sinni (orðtak) Fúll; afundinn; beiskur. „Mér fannst hann dálítið súr í sinni yfir þessum málalokum“.

Súra / Súrbloðka / Súrblaka (n, kvk) Blað *hundasúru* eða ólafssúru. Nafnið var án ð í tali eldri Kollsvíkinga, líkt og *blaka* (sporður) á lúðu. Súrblokur eru góðar til átu; mikill C-vítamínjafi, en dálítið súrar. „Ég át súrblokur og hvannir við þorstanum...“ (KJK; Vornótt og hrap í Látrabjargi).

Súrblokugrautur / Súrblokuseyði / Súrblokute / Súrugrautur / Súruseyði / Súrute (n, kk/hk)

Grautur/seyði/te sem soðið er af *súrbloðku*. Vinsælt tómstundagaman barna í Kollsvík var að tína hundasúrir og aðrar jurtir og sjóða af þeim te/seyði eða grauta. Soðið var í niðursuðudós eða öðru tiltæku íláti yfir hlóðaeldi sem kyndur var þar sem henta þótti. Var í kringum þetta mikil tilraunastarfsemi, og þurfti stundum allnokkuð áræði til að smakka afirðirnar af sumum hráefnunum, þó súrblokur þættu *öndvegismatur*.

Súrbragð / Sýrubragð / Súrt bragð (n, hk/ orðtak) Súr keimur, t.d.af mat.

Súrdoði (n, kk) Veiki sem kemur fyrir í skepnum, sérstaklega kúm; máttleysi sem stafar oftast af snöggum fýðurbreytingum þegar skepnan er í mikilli mjólkurframleiðslu. Einkum e hættu á súrdoða þegar myhá kýr kemst í kraftmikla beit en hefur áður verið á rýrara föðri, t.d. heyi eða úthaga. Þá verður skortur á glúkósa til myndunar á nauðsynlegri mjólkursýru. Meðferðin felst í kalkgjöf, oft þá beint í æð.

Súreygur (l) Um þann sem *súrnað* hefur í *augum* af reyk. „Oft varð maður súreygur við uppkveikjur í gamla hesthúsinu; einkum meðan eldstæðið var enn innarlega á ganginum“.

Súrhey (n, hk) Vothey; gras sem hirt er án þurrkunar og látið hitna og verkast í gryfju eða stæðu. „Ýmist notuðu menn vestra heitið súrhey eða vothey. Í Kollsvík var rætt um vothey; súrhey heyrðist sjaldan.“

Súrheysgjöf (n, kvk) Fóðrun með votheyi/súrheyi.

Súrheysverkun (n, kvk) Vorthseysverkun; hirðing og verkun á votheyi/súrheyi.

Súrmatur / Súrmeti (n, kk/hk) Matur sem geymdur hefur verið í súr/sýru. Verkun matar í súr er ævafor og fluttist hingað til lands með landnámsmönnum. Oftast er það ketmeti sem þannig er geymt, og þá jafnan í mjólkurafurðum sem láttnar eru súrna, en sýran heldur rotnun frá. Súrmatur hefur jafnan annað bragð en nýmeti, og þykir mörgum súrbragðið eftirsóknarvert þó nú sé vól á öðrum geymsluaðferðum.

Súrmjólk (n, kvk) A. Mjólk sem orðin er súr. B. Undanrenna og áfir sem láttnar eru súrna.

Súrmúla (s) Vera í fýlu; vera sorgmæddur; vola. „Vertu nú ekki að súrmúla lengur yfir þessu lítilræði“.

Súrna í augum (orðtak) Verða *súreygður* af reyk. „Mér súrnar oft í augum þegar ég kveiki undir í reykhusinu“.

Súrri (s) Binda fast; *reyra*. „Þetta er nú svo *samansúrrið* hjá þér að það verður aldrei leyst“.

Súrriður (l) Um hnút/flækju; mjög hertur, svo erfitt er að leysa. Um net; mjög hert utanað veiðinni. „Netið var svo súrrið utanum hvalinn að við enduðum með því að skera sundur báða teinana“.

Súrringar (n, kvk, fto) Miklar *hnytingar* sem erfitt er að leysa. „Hverskonar andskotans súrringar eru þetta?! Það er greinilega ekki ætlast til að sé gengið um þetta *bannsetta* hlið“!

Súrugrautur (n, kk) Greitur sem eldaður er úr hundasúrum. „Stundum settum við strákarnir upp hlóðir við kofann sem við byggðum í Gilinu, og elduðum súrugraut, stundum emð rabbabara eða öðru samanvið“.

Súrrun (n, kvk) Mikil hersla hnúts, nets, flækju o.fl. „Það var slík súrrun á hnútnum að mér ætlaði aldrei að lánast að leysa hann“.

Súrsmér (n, hk) Smjör/smér sem orðið er súrt. Fyrrum var smjör verðmætur gjaldmiðill og m.a. notað til greiðslu landsskulda. Salt var ekki að hafa fyrir á tímum, og því var smjörinu safnað saman og það látið súrna. Þótti það sumum betra en það saltaða, þegar það fór að tíðkast. „...það saltaða smjör heldur sér varla 2 ár, svo ætt sé á eptir, en það súra hefir óskémt haldð sér yfir 20 ár“ (BH; Arnbjörg).

Súrsun (n, kvk) Geymsluaðferð matmæla. Sjá *súrmeti*.

Súrt er lof í sjálfs munn (orðtak) Illa hljómar þegar menn hrósa sjálfum sér um of.

Súrt í brotið (orðtak) Þungbært; erfitt að þola/vita/heyra. „Mér þótti súrt í brotið að komast ekki með þeim“. Skýring orðtaksins er ekki augljós. Mun upprunalega að hafa verið „svart í brotið“ sem kann að vísa til þess að mergur sé svartur og ónýtur í beini sem brotið er til mergjar, en e.t.v. til þess að sár hafist illa við og sé orðið dökkt að sjá. Hugsanlega er þó einungis vísað til þess að sársaukafullt er að fá sýru í opið sár.

Súruát / Súrutínsla (n, hk/kvk) Tínsla/hirðing súru til átu. Súrir vaxa sumsstaðar nokkuð þétt í Kollsvík, bæði ólafssúrir, sem einkum vaxa í klettum og skuggasæld, og hundasúrir. Hundasúrir uxu t.d. þétt í laut í túninu á Torfamel/Júllamel, og sóttu krakkar mikið í hana. Súrir eru öflugur C-vítamínjafi.

Súrublaðka (n, kvk) Blað af súru; hundasúru; ólafssúru.

Súrþari (n, kk) Þari sem verkaður er til föðurs, líkt og *vothey/súrhey*. Súrþari var verkaður á nokkrum sjávarjörðum í Rauðasandshreppi fyrir og eftir 1900; m.a. á Láganúpi. Súrþaraverkunar er getið í forðagæsluskýrslum á Sjöundaá árið 1920, en þar bjó þá Egill Árnason. Þar má enn sjá þaragryfjur í bökkunum.

Sút (n, kvk) Hugurvil; þunglyndi; sorg. „Það þýðir lítið að leggjast í sút þó ekki fáist *hlaðningur* hvern dag“.

Súta (s) A. Verka skinn, þannig að það rotni ekki og unnt sé að nota það sem leður. B. Sýta; sjá eftir; syrgja. „Ég súta það ekkert þó þessi ríkisstjórn falli í kosningunum; það er engin *eftirsjón* í henni“.

Sútað leður (orðtak) Þykkt skinn/leður sem búið er að verka með herslu, eltingu og oft einhverri efnameðferð. „Voru það sjóskór nefndir. Þeir voru vanalega gerðir úr sútuðu leðri, allþykku“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sútari (n, kk) Sá sem sútar/ lært hefur sútaraiðn. „Magnús sútari reri þetta vor í Breiðavík“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Sútarsorg (n, kvk) Mikil sorg/eftirsjá. „Það dugir víst ekki að vera með neina sútarsorg yfir þessu“.

Sútarsvipur (n, kk) Fýlusvipur; dapur svipur. „Vertu nú ekki með þennan sútarsvip yfir þessu: það er ekki hægt að ala hvert einasta lamb undan þínum rollum“!

Sútleust (l) Sárindalaust; án sorgar/eftirsjár. „Sá skratti mætti alveg falla út af þingi; það væri fullkomlega sútleust að minni hálfu“!

Sútun (n, kvk) Sútun er verkunaraðferð til að varðveita skinn (húðir) og gera þau hæf til ýmiskonar notkunar. Einnig nefnt að barka eða *garfa* skinn. Fysta stig sýtunar er þvottur og útvötnun til að losna við óhreini og sölt. Síðan er fituhúð losuð frá. Ef háir eiga ekki að haldast á (loðskinn) eru þau losuð af með því að leggja húðina í kalklausn. Hún er síðan afkölkuð og böðuð í sýtunarefnum. Síðast er húðin borin réttri feiti og elt til að mýkja hana; stundum einnig lituð. Sýtunaraðferðir taka nöfn af sýtunarefnum: Við krómsýtun eru notuð krómsambönd; við jurtasýtun/barkarsýtun eru notuð jurtaefni, s.s. trjábörkur; við feitisýtun er notuð olía eða lýsi; og við hvítsýtun/álúnsýtun/gljásýtun er notuð upplausn úr kalíalúni og matarsalti; stundum einnig mjöl og eggjarauða. Sjá *tannín*.

Sprengja frost (orðtak)óviss merking.... (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Svað (í klettum) (n, hk) A. Aurskriða sem hlaupið hefur úr, eða framyfir berggang, þannig að hann er illfær; áberandi aur- eða moldarskriða í annars grónum klettum. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). B. Forar- eða aurvilpa; *aurbleyta*. „Vegurinn er allur að troðast upp í svað á þessum kafla“.

Svaðalegur (l) Hrikalegur; ægilegur; grófgerður. „Hann var all svaðalegur útlits þegar hann kom útúr skotklefanum; alblóðugur og brúnaþungur“.

Svaðamenni (n, hk) Rusti; ógnvænlegur maður. „Hann var dagfarsprúður en gat orðið svaðamenni með víni“.

Svaðamikill (l) Hrikalega mikill; *orkansmikill*; *gríðarmikill*; *ógnarmikill*. „Þarna hefur hlaupið svaðamikil aurskriða úr hlíðinni; hún er gjörsamlega ófær á þessum kafla“.

Svaðilför (n, kvk) Hættulegt ferðalag; hrakningaför.

Svaðhlaup (n, hk) Aurbleyta. „...svo mikill aur hafði runnið á leið þeirra frá hruninu að það var eins og yfir svaðhlaup að fara“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg).

Svagur (l) Sveigjanlegur, linur. „Láttu ekki of mikinn þunga á borðið, það er dálítið svagurt“. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Svakafenginn (l) Um mann; ofsafenginn; ruddi. „Sagt er að hann geti orðið nokkuð svakafenginn með víni“.

Svakalega (l) Mikið; rosalega; ofboðslega. „Mikið svakalega er hann kaldur í þessum norðanbeljanda“. Stundum stytta í „svaka“.

Svakamenni (n, hk) Ógnvænlegur maður; ribbaldi; ógnvaldur.

Svakka (s) Dúa; sullast. Ekki er til hentugt samyrði fyrir sagnorðið, en það er notað t.d. til að lýsa því þegar mýrlendi fer á hreyfingu þegar stigið er á þekjuna, eða þegar ýtt er við hlaupkenndu efni þannig að það skelfur. Einnig til að lýsa djúpi sullkenndu hljóði sem verður t.d. við það að maður gengur stígvélafullur eða skófullur. „Það svakkaði í gúmmískónum þegar ég steig uppúr læknum“.

Svakki (n, kk) Mýrlendi með fljótandi gróðurþekju. Oftar var þó talað um mýri, fen, dý eða vilpu.

Svala (n, kvk) A. Fuglategund. B. Heiti á skektu í eigu Guðbjartar Guðbjartssonar á Láganúpi.

Svala (s) Kæla; hressa, fullnægja. „Nú væri gott að svala sér með köldum vatnssopa“!

Svala forvitninni (orðtak) Fá að vita það sem maður óskar eftir/ er forvitinn um.

Svala þorstanum (orðtak) Fá að drekka þegar maður er þyrstur.

Svali (n, kk) Gola; andvari. „Mikið er nú gott að fá þennan svala eftir molluna sem verið hefur“.

Svalur (l) Fremur kaldur; *andkaldur*; *hrollkaldur*. „Ári er hann eitthvað svalur orðinn“. „Svalur ríkir sumarblær og sól á fjöllum;/ dimmt er enn í dölum öllum“ (JR; Rósarímur).

Svalur/kaldur í tíðinni (orðtak) Svalur/kaldur í veðri. „Hann er að verða frekar svalur í tíðinni með haustinu“.

Svaml (n, hk) Sund í yfirborði, gjarnan fremur brösulegt/klaufalegt.

Svaml (s) Synda um í yfirborði. „Ég gæti hengt mig uppá að þarna var eitthvað skeljaskrímsli svamlandi, rétt undan fjörobörðinu. Ég gæti bara ekki sannara orð sagt“!

Svampgúmmi (n, hk) Svampur gerður úr múmmíi; gúmmísvampur.

Svampur (n, kk) A. Svampdýr; Poryfera. Fylking frumstæðra dýra; hryggleysingja sem lifa í sjó og hafa mjög einfalda líkamsbyggingu. Elstu fjölfrumungar jarðar. Svampar eru vanalega fastir við undirag/botn. Þeir eru með litlum ofum á yfirborði sem sjór streymir um og færir dýrinu fæðu. Frumur svampa mynda enga vefi þó þau séu fjölfrumungar, heldur radast frumurnar með boðskíprum sín á milli. Helstu flokkar svampa eru

Kalksvampar, glersvampar og hornsvampar. Algengasta svamptegundin á Kollsvík og víðar á grunnsvævi er *njarðarvöttur* (sjá þar). B. Gleypið efni, notað til þrifa og til að þurrka upp raka.

Svangramannasjóveður (n, hk) Fremur slæmt sjóveður; allnokkur veltingur/sjór; ekki gott *veiðiveður*. „Þetta má heita svangramannasjóveður; ég held það *hafi lítið uppá sig* að sullast á sjó í dag“.

Svangur (l) Hungraður; matarþurfi. „...gekk dagsverkið heldur hægar en áætlað hafði verið og voru menn bæði þreyttir og svangir að því loknu“... „Nú er hann svangur og lúinn að loknu löngu dagsverki og matarlaus, en á eftir að rölta heim til sín um það bil hálf tímagang...“ (PG; Veðmálið).

Svangur er sá er eftir étur (orðtali) Sá hlýtur að vera (hafa verið) svangur sem heldur áfram að borða þegar aðrir eru hættir.

Svanni (n, kk) Kona. Eingöngu notað í skáldskap nútildags.

Svanur (n, kk) *Álft*; sjá þar.

Svar (n, hk) Andsvar; viðbragð við spurningu eða öðrum tilmælum. „Þetta er ekkert svar“!

Svara (s) A. Ansa; bregðast við spurningu eða fullyrðingu. B. Vera jafnvirði; jafngilda. „Hann greiddi sem svaraði einu kúrverði fyrir bílskrjóðinn“.

Svara að bragði (orðtak) Svara strax/samstundis. „Hann svaraði að bragði og sagði að þetta kæmi sér ekki við“.

Svara fullum hálsi (orðtak) *Svara uppi*; rífast. „Ég svaraði þessum ásökunum fullum hálsi“.

Svara fyrir (orðtak) Verja; forsvara; tala fyrir hönd. „Hver ætlar að svara fyrir þessi mistök“?

Svara í sama lit (orðtak) Í spilum, einkanlega vist og bridds; láta út í sama lit og sá gerði sem var í forhönd, hafi maður slíkt á hendi.

Svara í styttingi (orðtak) Svara í fáum orðum; svara hranalega, t.d. þegar er *guttur í (einhverjum)*. „Hann svaraði mér bara í styttingi þegar ég bar þetta upp við hann“.

Svara í sömu mynt (orðtak) Svara/gera eins og spyrjandi/gerandi. „Strákurinn sagði að hinn hefði slegið til sín og hann hefði þá bara svarað í sömu mynt“.

Svara með skömmum og skætingi (orðtak) Svara hryssingslega; *svara fullum hálsi*.

Svara með þögninni (orðtak) Svara engu; svara ekki. *Sjá beita þögninni*.

Svara ónotum/skömmum/skætingi (orðtak) Svara hryssingslega; svara með skömmum/illmælg.

Svara til saka (orðtak) *Standa fyrir máli sínu*; gjalda fyrir afbrot/glæp. „Það verður að finna þann sem skemmdi þetta og láta hann svara til saka“!

Svara um hæl (orðtak) Svara strax/hiklaust. „Ég svaraði honum um hæl og *harðneitaði* þessu“.

Svara uppi (orðtak) *Svara fullum hálsi*; rífast. Mér þykir þú heldur uppástöndugur drengur; að svara verkstjóranum svona uppi“!

Svara (einhverju) út (orðtak) Greiða eitthvað sem er tilskilið/gjaldfallið; greiða út. „Þetta var meira verð en svo að hann gæti svarað því út í einni greiðslu“.

Svara út í bláinn / Svara út í hött (orðtak) Svara einhverri vitleysu; veita óviðeigandi svar. „Hann svaraði bara út í hött þegar ég spurði hann nánar um þetta“.

Svara (einhverjum) útaf (orðtak) Svara einhverjum út í hött; gefa ekki bent svar. „Hann svaraði mér eiginlega útaf þegar ég innti hann eftir þessu“.

Svara vant (orðtak) Vanta svör; skortur á svörum. „Ég var búinn að kynna mér málið vel, og mér varð því ekki svara vant þegar ég var spurður“.

Svara því (orðtak) A. Samsvara; jafnast á við. „Fólksfækkunin í Rauðasandshreppi á hálfri öld svarar því að allt höfuðborgarsvæðið, ásamt Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi hefði tæmst af fólki“. B. Hér um bil; nærri því. „Það líklega svarar því að tunnan sé full þegar þetta er komið í hana“.

Svarafár / Svarafátt (l) Getur ekki svarað; orðvana. „Hann var svarafár um ástæður þess að svona fór“. „Honum varð aldrei svarafátt, og lét þá stundum *vaða á síðum*“.

Svaramaður (n, kk) Sá sem er viðstaddur brúðkaup og er sérstakur/valinn vottur þess að ekkert sé brúðkaupinu til fyrirsöðu og að giftingin hafi farið fram. Svaramaður les yfir svokallað „könnunartorð“, um að ekkert sé giftingunni til fyrirsöðu og er viðstaddur giftinguna. Sinn svaramaðurinn er fyrir hvort hjónanna. Oft eru feður svaramenn, og eru það leifar fyrri tíma þegar feður réðu mestu um hjúskap barna sinna.

Svarar (ekki) kostnaði (orðtak) Borgar sig (ekki); er (ekki) þess virði. „Það svaraði ekki kostnaði að láta gera við vélina, svo ég pantaði bara nýja“.

Svarar til (orðtak) A. Samsvarar; líkist; svipar til. „Mér heyrir lýsingin á þessari kind svara til þeirrar sem ég sá þarna niðri í hlíðinni“. B. Svára; bregðast við. „Þegar ég innti hann eftir því hvað honum finndist um þingmanninn svaraði hann því til að hann hefði nú haft gæfulegri amlóða á sínum bát“.

Svara til sveitar (orðtak) Greiða sína skatta til sveitarfélags; greiða *útsvar*.

Svaraseinn (l) Seinn til svars; hikandi. „Hann var svaraseinn, en þeim mun kjarnyrtara varð svarið“.

Svaravert (l) Þess virði að svara; verðskuldar svar. „Svona bjánaspurning er nú ekki svaraverð“.

Svarblátt (l) Dökkblátt. E.t.v. upphaflega „svartblátt“ en ekki óþekkt svona. „Marið er að verða svarblátt“.

Svarbréf (n, hk) Bréf sem inniheldu andsvar/viðbrögð við fyrra bréfi þess sem svarað er.

Svardagi (n, kk) Eiður; loforð. „Ég ætla nú ekki að hafa uppi neina svardaga, en þetta mun standast“.

Svarðarholt (n, hk) Holt þar sem mór var tekinn. Svarðarholt er örnefni í Kollsvík; þurrt holt ofan við mógrafirnar handan Árinnar og norðantil í Láganúpsmýrum.

Svarðreipi (n, hk) Reipi sem búið var til úr lengjum af húð á fyrri tíð. Mest mun stórgripahúð hafa verið notuð í svarðreipi, en einnig af útsel. Best var þó grænlenk rostungshúð til þeirra nota. Húðin var þá sútuð og síðan skorin í samfelldar lengjur á sérstakan hátt; þannig að sem lengstar yrðu. Svarðreipi voru notuð til magra hluta, fyrir daga hampkaðla; s.s. í bjargvaði og festar og reiða á skipum.

Svarf (n, hk) Fingert duft sem verður til við svörfun, t.d. með þjöl eða brýni.

Svarfa (s) *Sverfa*; sjá þar.

Svarfa að (orðtak) *Harðna á dalnum*; verða þröngt í búi; fækka úrræðum. „Hún sagðist alltaf kasta korni til smáfuglanna þegar færi að svarfa að hjá þeim í vetrarhörkum“.

Svarfast um (orðtak) Fækka; verða minna um. „Það fer nú að svarfast um saltið hvað úr hverju“.

Svarflekktótt (l) Um lit á sauðfé; svartflekktótt; hvítt með svörtum flekkjum. Þegar „svart“ er viðskeyti orðs er t-inu gjarnan sleppt. Hér er einungis eitt orð tekið til dæmis, en sama var um fjölmörg önnur. „Hvar skyldi sú svarflekktótt halda sig núna“?

Svargofótt (l) Litur á sauðfé; svart á bol en ljóst á kvið. Mógofótt var mórault á bol en ljóst á kvið.

Svargrár (l) Dökkgrár. „Þetta var ung kind; hvít með svargráu lanbi“. Nokkuð notað vestra fyrrum, einkum til að lýsa sauðfé en einnig öðru. T hefur fallið niður tilhagræðis við framburð í þessari og öðrum litalýsingum.

Svargrænn (l) Dökkgrænn.

Svarkinnótt (l) Litur á sauðfé; Hvítt með svarta kinn.

Svarkur (n, kk) Frekja; rusti. „Kerlingin gat orðið svarkur í kjaftinum ef henni þótti“.

Svarmur (n, kk) Aragrúi; mikill fjöldi. „Það er ógnar svarmur af flugum kringum fiskinn í logninu“. „Það er kominn svarmur af fé inná túnin“!

Svarr (n, hk) Urgandi hljóð, þegar hlutir núast saman; hljóðið þegar brimaldan færir möl/grjót í brimgarðinum.

Svarra (s) Urga; sarga. Á einkum við hljóðið sem myndast.

Svarrabrim / Svarrandi brim (n, hk, orðtak) Mikið brim, svo dregur til stórgrýti með dýnkjum. „Hann er ekkert að draga úr þessu svarrabrimi“! „Hann hefur rífið upp svarrandi vestanbrim“. „...verður þarna *brimsvarri* meiri en annarsstaðar“ (MG; Látrabjarg).

Svarralegur (l) Gustmikill; reiðilegur. „Kerlingin var oft mjög svarraleg í tilsvörum og ekki allra“.

Svarraskapur (n, kk) Ruddaleg framkoma; um það að skammast/ávíta mjög mikið.

Svarrauður (l) Dökkrauður.

Svarri (n, kk) A. Mikið brim; einnig notað um brimhljóðið. „Það er *svarrabrim*“ B. Mikill vindur; rok. C. Ákveðin og frek manneskja. „Hún er óttalegur svarri, enda er karlinn alltaf eins og mús undir fjalaketti“.

Svarstuttur (l) Stuttur í spuna/svörum. „Hann var orðinn pirraður og svarstuttur í lok fundarins“.

Svart af berjum (orðtak) Lýsing á góðri krækiberjasprettu. „Það er svart af berjum í Stóravatsbrekkunum“.

Svartabylur / Svartaél / Svartahríð / Svartakafald (n, hk) Mjög dimmt él. „Við förum ekkert af stað í þessum svartabyl“ „Það er komið svartaél svo sér ekki út úr augum“. „Það er ennþá svartahríð; við getum alveg tekið nokkur spil í viðbót“.

Svartagall / Svartagallsraus (n, hk) Svartsýnistal; bölmóður. „Ríkisstjórnin er vissulega ekki að standa sig sem best, en það er óþarfi að vera með svona svartagallsraus“.

Svartagler / Svartaglerháлка (n, hk/kvk) Mjög mikil háлка/ísing; launháлка. „Gættu að þér á Fjörunum; vegur er eitt svartagler framá kant“! „Þú stöðvar ekkert á punktinum í þessari svartaglerháлка“.

- Svartakaf** (n, hk) Bólakaf. „Ég sá það síðast af þessari stórlúðu að hún veifaði sporðinum til að kveðja mig og svo var hún horfin á svartakaf“. „Ekki lét hún ærslum af/ og engu sinni banni./ Í mógröf sökk á svartakaf/ svo hinn ungi svanni“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Svartakóf** (n, hk) Mjög dimmt snjókóf; svo þéttur skafrenningur að dimmir og *sér ekki út úr augum*“.
- Svartalogn** (n, hk) Algjört logn; *stafalogn; rjómalogn*. Blankalogn, einkum í skýjuðu svo dökkur himinn og fjöll speglast í haffletinum.
- Svartamyrkur** (n, hk) Niðdimma; algjört myrkur. „Þeir þurftu stöðugt að flýja undan briminu svartamyrkri í sautján klukkustundir“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Svartanótt** (n, kvk) Hánótt; mesta lágnaettið; dimm nótt. „Ætlið þið ekkert að fara að hætta að spila, þó komið sé fram á svartanótt“?
- Svartari en erfðasyndin** (orðtak) Mjög skítugur/dökkur. „Farðu nú og þvoðu framan úr þér drengur; þú ert svartari en erfðasyndin eftir þennan moldargróft“.
- Svartasta skammdegi** (orðtak) Sá árstími þegar dagar eru stystir; hávetur. „Það tók Látrabændur aðeins eitt lítið stundarkorn að ákveða að leggja til atlögu við sjálft Látrabjarg í svartasta skammdeginu í hláku og vatnsveðri, þegar búast mátti við frosti og flughálku þá og þegar“ (MG; Látrabjarg).
- Svartapoka** (n, kvk) Niðdimm þoka; mjög þétt þoka; *sóþpoka*. „Það er að skella yfir svartapoka. Gáðu hvort kompásinn sé örugglega um borð“.
- Svartakahópur** (n, kk) Hópur svartbaka. „Það er yfirleitt vonlítið að ná að skjóta nokkuð úr svartakahóp ef honum fylgja gamalfuglar. Þeir eru tortrygnari en andskotinn og leiða ungann frá Byrginu“.
- Svartaksegg** (n, hk) Egg úr svartbak; svipuð að stærð og fýlseggt en oddmjórri og brúndröfnótt. „Svartakurinn verpir heldur fyrir en fýllinn og því þarf að fara snemma ef á að ná þeim eggjum nýjum“.
- Svartakshreiður** (n, hk) Hreiður svartbaks.
- Svartaksungi** (n, kk) Í Kollsvík var venjulega átt við ungfugl svartbaks þegar rætt var um svartaksunga; sem kominn var á flug en þó enn svartyrjóttur á baki, stéli og vængjum en ekki kominn í svartakslitina. „Svartaksungi var mest eftirsóttur af þeim matfugli sem *skotinn* var á *fluginu*, enda herramannsmatur“.
- Svartaksvarp** (n, hk) Varp svartbaks. „Viða er mikið svartaksvarp í klettum í grennd við Kollsvík“.
- Svartakur** (n, kk) *Larus marinus; veiðibjalla*. Stærsta máfategundin hérlendis. Svartur á baki og stéli en hvítur á herðum, bringu, hálsi og höfði; goggur gulur með rauðum bletti fremst á neðra skolti. Fætur ljósbleikir og augu ljós. Fullvaxinn vegur hann um og yfir 2 kg og vænghaf verður allt að 1,5 metrar. Verpir snemma vors, þannig að ungar séu komnir á legg fyrir en hjá öðrum fuglum sem svartakurinn rænir eggjum og ungum. Svartakur fjölgaði verulega með stækkun fiskiskipaflotans, og var t.d. orðið mjög þétt varp hans í klettum við Kollvík. Varpið hefur hinsvegar dregist mjög saman með minnkuðu brottkasti, líkt og annarra sjófugla sem því eru háðir, s.s. múkka. Í Kollvík var svartakur mjög skotinn á fluginu, enda er hann afbragðsgóður matfugl. Einkum var sóst eftir að skjóta ungann eftir að hann komst á flug á haustin. Legið var í Byrginu á Grundabökkum fyrir máfahópum, en máfurinn flýgur gjarnan með fjöruborðinu í fæduleit, og í flæði og norðanátt liggur hann vel við skoti frá Byrginu. Fengust stundum tugir fugla í einni atrennu. Fuglinn var fyrrum plokkaður og fiðrið nýtt í sængur og dýnur, en í seinni tíð var hann fleginn. Ketíð var saltað í kvartil og er herramannsmatur. Nýr fugl er soðinn í *fuglasúpu*. Verðlaun/skotlaun voru um tíma greidd gegn framvísun vængja, en vængir voru einnig nýttir til að veifa þeim í Bryginu og laða þannig að fuglahópa.
- Svartbrýndur** (l) Með áberandi svartar augabrúnir.
- Svartfugl / Svartfuglsegg** (n, kk/hk) Samheiti nokkurra bjargfuglategunda; langvíu, stuttnefju, álku og teistu og eggja þeirra. Stundum er lundi talinn þar með, en það er ekki venja í Útvíkum. Eitt mesta svartfuglavarp Íslands er í Látrabjargi, og þar er mesta álkuvarp í heimi. Hinsvegar er lítið um svartfugl í löndum Kollvíkinga, a.m.k. í seinni tíð. Þó var stundumteistvarp á *stagli* ofan flæðarmarka undir Hnífum og Breið. Lundavarp er í Lundaflesi og Álkuskúta í Hnífum og og einnig í Lundaflesinu í sjávarklettum uppaf Landamerkjahleininni. „Kollsvíkingar fóru gjarnan í Látrabjarg til fuglategju, annaðhvort á *almenniga* eða í leyfi landeiganda og þá stundum í þeirra hópi. Í seinni tíð hefur einkum verið sótt í svartfuglsegginn, eftir að fuglaveiði lagðist af. Sjálfur stundaði ég þessa *eggjatöku* nokkuð stíft á hverju vori í marga áratugi, oftast í hópi félaganna en stundum einn. Við fórum oftast í Bæjarbjarg; fyrst í leyfi landeigenda þar, en síðar með leyfi Náttúrufræðistofnunar eftir að ríkið fékk umráð yfir bjarginu. Ýmist er þar farið ofanfrá; á staði *niðurundan* Stignum, eða á báti *neðanundir* bjarginu; á Langurðir og á Bæjarvöll. Þegar farið er á Stíginn er farið á bíl út Keflavíkurveg, og inn á Geldingsskorardalsskarð ef fært er vegna *aurbleytu* og snjóa. Stundum var farið niður dalinn á jeppum, en það var illa séð í seinni tíð. Gengið er niður Geldingsskorardal og farið niður á

Stíginn neðan svokallaðs Byrgis, sem er tóft af *eggjabyrgi/ vaðbyrgi*. Venja var að á í Byrginu og skilja þar við sig hluta af kútum, nesti o.fl. Beint niðurundan Byrginu, þegar komið er niður á Stíginn, er dálítill *sytra* af vatni. Fyrirhyggjir menn gefa sér tíma til að hreinsa úr henni og búa til uppistöðu, til að geta slökkt þar þorstann á uppleiðinni. Þar sem farið er niður á Stíg heita Snið; brött brekka en sniðskorin af góðri kindagötu. Þegar komið er þar niðurfyrir er annaðhvort farið *innávið/innum/inneftir*; sé ætlunin að fara á Flaugarnef eða Gylfagang, eða *útávið/útum/úteftir*, sé ætlunin að fara í Lautirnar eða útfyrir Hellu. Stígurinn er *nokkurnveginn* í miðju Bjarginu, sé miðað við hábrún þess; og má þannig skoðast sem framhald af Miðlandahillu; Saxagjávöllum og Hælavöllum, utar. Stígurinn er undir Geldingssskorardal og nær nokkuð útfyrir hann; endar í Setnagjá yst. Áðurnefnd fjárgata liggur út allan Stíginn; *uppundir* klettum. Á miðri leið er klettaslefra; svonefnd Hella, þar sem gatan er tæpast. Venjulega er hún þar vel fær, en stundum síður, þegar skriðuhlaup verða. *Utanvið* Hellu eru ágæt *eggpláss* í brúninni; einkum yst. Þar er m.a. unnt að fara langan *lás* niður á svokallaðan Þórðarbrandshöfða. Þar í efri klettum eru Pokavöllur, en ekki var farið á þær í minni tíð. Á fyrri tíð var þar *hagvanur* Aðalsteinn Sveinsson í Breiðuvík, ásamt sonum sínum. Þar var farið upp á svokölluðum *hnoðaburði*. Meðan safnað er eggjum utantil á Stígnum er oft bækistöð *uppvíð* Álkuskúta; þar er afdrepp fyrir grjótkasti að ofan, sem alltaf er nokkurt þó aldrei yrði að meini í minni tíð. Á Stígnum eru tekin *nefskeraegg* sem eru víða í brúninni; *langvíuegg* sem eru þétt sumsstaðar á stöllum og *álkuegg* sem eru algengust þarna í moldarflögum, brekkum og holum. *Innantil/innanvert* á Stígnum eru helst tekin egg utanvið Flaugarnefið og í Gylfagangi, en í báða staði eru nokkuð langir lásar. Eggjaferðir á Stíginn kosta töluvert erfiði, enda þarf að bera/hífa/handlanga eggin upp lásana; *basla* þeim upp bratta hlíð Stígsins; *kjaga* eftir Stíg upp; *bisa* upp snarbrött sniðin upp í Byrgi og *hlunkast* síðan með þau upp snarbrattan Geldingssskorardalinn, í dúnmjúkum mosaþembum. Menn voru því yfirleitt hvíldinni fegnastir þegar í bíl var komið; en þó íðulega komnir niður á Stig aftur daginn eftir, þrátt fyrir heitstrengingar um annað. Ég fór stundum einn á Stíginn og *fékk uppá mig* af eggjum. Það er hægt fyrir kunnugan mann sem veit hvar unnt er að *snaga* í stuttum lásum, en ekki til eftirbreytni *uppá öryggið að gera*. Þegar *farið er undir* Bæjarbjarg er farið á báti; yfirleitt þá norðan úr vikum, en í seinni tíð höfum við stundum farið frá Keflavík eða Naustabrekku á gúmbátum. Til *undirbjargssferðar* þarf að vera *bjarglega*; þ.e. mjög kyrrt í sjó undir bjarginu, og voru ýmis viðmið um það. Ef *hvitnar* á Straumskeri undir Blakk er ekki bjarglega; ekki heldur ef *hvitnar* við land í Fjarðarhorni eða ef *hvitnar* við hleinar Bjargsins, séð ofanfrá. Þegar farið er á Bæjarvöllin er lagt upp að hlein undan *uppgöngunni*. Í seinni tíð hefur verið tiltækur vaður sem nýttur er til uppgöngu, en hann var upprunalega lagður af Sigurþór og Borgari Þórissonum á Hvalskeri sem klifu Völlinn *bandlausir*, líklega á 9.áratug 20.aldar; sem er nokkuð afrek. Vanalega fara nokkrir upp á Völlinn til að tína saman egg, sem þarna eru *mesmegnis* álkuegg, en einhverjir verða eftir í bát. Framundan Vellinum er vogur sem nefnist Sæluhöfn (Sæluvogur); varinn af skerjum. Eggjum er síðan *slakað* af Vellinum í kútum *niður* yfir helli sem þar er undir. Sjór gengur inn í hellinn og því hægt að vera þar á gúmbát og taka við kútunum beint í bátinn. Fyrir kom að ég fór á Völlinn við annan mann á gúmbát. Við drógum þá bátinn upp á hlein; förum báðir upp og tindum saman, en síðan fór annar ofan á undan og tók við eggjum sem hinn slakaði niður. Oft lentu menn í *slarki* í þessum ferðum og ekki komu allir þurrir heim í hvert sinn. Sjólag getur breyst mjög skyndilega undir Bjarginu, og fyrir hefur komið að menn hafi þurft að dvelja á urðum eða völlum um tíma þar til unnt var að ná þeim út aftur. Svartfuglseggr eru víðar tekin, og hef ég verið með í eggjatöku í Bjarnanúp, bæði utanvið Verið og í Bjarnargjá; í kringum Ritugjá og Stefni; á Stóruð og öðrum urðum undir Látrabjargi; á Votukleif; á Gullhaldi; á Breiðavíkurkleif og á Gorgánshillu. Í síðastnefnda plássíð er gengið ofan frá Leifsgjá, niður Lambagang og alla hlíðina niðurundir sjávarkletta. Eggjanýting í Bjarginu kann að breytast á næstu árum, haldi svartfuglastofninn áfram að dala“ (VÖ).

Svartfuglavilla / Svarthulavilla (n, kvk) Haft um það þegar einhver virðist vera að villast eða þegar einhver birtist sem ekki var von á: „Hvaða svarthulavilla er eiginlega á þér?“. E.t.v. er orðið komið úr einhverri þjóðtrú sem nú er gleymd, en einnig gæti *svarthula* hafa verið heiti á þoku, þó nú sé það týnt. Orðið svarthulavilla eyrist ekki utan Kollsvíkur, en hinsvegar virðist þekkt annarsstaðar orðið svartfuglavilla, sem þar var einnig notað í svipuðu samhengi. Hafa menn reynt að skýra það með því að svartfugl villist, sem er afskaplega *hæpið*.

Svarthol (n, hk) A. Fangelsi; fangaklefi; dýflissa. B. Fyrirbæri í geimnum, þar sem svo mikill massi er samankominn að efni hrynur saman í form sem erfitt er að skilgreina. Líklegt er að massi í svartholi svari til 10.000-1.000.000 sólmassa. Aðdráttarafl þess er svo mikið að ekkert sleppur frá því, jafnvel ekki ljós. Því sjást svarthol ekki sjálf heldur má fá hugmynd um tilvist þeirra t.d. með skoðun á hegðun stjarna og annars efnis sem það snýr í kringum sig áður en það fer yfir viss fjarlægðarmörk; sjóndeildarhvel. Svarthol er í miðju okkar vetrarbrautar og líklega í miðju flestra annarra vetrarbrauta. Fátt er vitað um innri gerð og eðli svarthola; annað en ráðið verður af kenningum og forspám t.d. röksemdum Alberts Einstein. Líklegt er að gríðarlegur massi svarthola aflagi tíma það mikið að gagnvart þeim hafi hugtökin fortíð, nútíð og hraði harla litla þýðingu. Ekki er ólíklegt að uppruna Miklahvells fyrir meira en 15 milljörðum ára megi rekja til svarthola fyrir þann tíma.

Svarthöttótt (l) Litur á sauðfé; hvítt á skrokk en svart um höfuð háls og stundum niður á bringu.

Svartidauði (n, kk) Skæður smitsjúkdómur; heimsfaraldur sem náði hámarki í Evrópu um miðja 14. Öld.

Líklega hefur sýkillinn verið bakterían *Yersinia pestis*. Talinn upprinninn í rottum í Asíu. Um 75 milljónir manna hafa líklega farist í faraldrinum, þar af 25-30 milljónir í Evrópu, eða þriðjungur þáverandi íbúafjölda. Þó pestin hafi náð hámarki í Evrópu um eða fyrir 1350 ollu strjálur skipaferðir því að hún barst ekki hingað til lands fyrr en 1402; með skipi sem kom til Maríuhafnar í Hvalfirði. Hér geisaði hún í tvö ár og er talið að meira en helmingur þjóðarinnar hafi fallið í valinn; sumir segja tveir þriðju. Ekki er vitað hver mannskaði varð í Kollsvík og nágrenni, en gera má ráð fyrir að þangað hafi pestin borist, enda sóttu margir í verin um langa vegu.

Svartigaldur (n, kk) Galdur sem beitt er í þágu hins illa og með aðstoð illra afla.

Svartnætti (n, hk) Dimm nótt. „Réttu mér vasaljósið; maður sér ekki *handaskil* í þessu svartnætti“.

Svartnættisbylur / Svartnættisél (n, kk/hk) Mjög dimmur bylur; dimmt él; *kolsvartabylur*; *kolsvartaél*. „Þú ferð ekkert út í þetta svartnættisél; láttu sjá hvort ekki *rofar til*“.

Svartnættisfordómar (n, kk, fto) Alger fyrirlitning; mjög miklir fordómar. „Ofalin elitan í sjóðakerfinu er haldin svartnættisfordómum í garð hugvitsmanna sem starfa utan akademíuklíkunnar“.

Svartnættisihald (n, hk) Gæluorð sem sumir viðhafa um þá harðlínu í stjórnmálum sem fordæmir jöfnuð og samhjálpa og vill innleiða óhefta samkeppni sem leiðir til yfirráða þeirra sterku og ve ættuðu, en kúgunar hinna minnimáttar. „Þú trúir þó ekki þessu svartnættisihaldi sem var að stinga niður þenna í Moggann“?

Svartnættisþoka (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Það þýðir ekkert að leita að fé í þessari svartnættisþoka“.

Svartsýni (n, kvk) Vonleysi; bölsýni. „Það er óþarfi að vera með einhverja svartsýni fyrirfram“.

Svartsýnn (l) Vonlítill; vondaufur. „Ég er að verða svartsýnn á að við náum þessu inn fyrir rigninguna“.

Svartur eins og erfðasýndin (orðtak) Mjög dökkur/skítugur í framan. „Farðu nú og þvoðu þér drengur; þú ert svartur í framan eins og erfðasýndin“!

Sveðja (n, kvk) Stór/bládmikill hnífur; bredda. Sjá t.d. *hausasveðja*.

Svefn sækir (einhvern) (orðtak) Einhver verður syfjaður. „Sængina sína var hann oft með í ýtunni, og þá loks að svefn sótti hann fór hann iðulega út á milli þúfna og lagði sig“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Svefnþungi (n, kk) Sljóleiki vegna syfju; mikil syfja; áskokn svefnis. „Skelfilegur svefnþungi er nú að hellast yfir mig; ég held maður ætti bara að fara að drattast í lúsina“.

Svefnþúfur (n, kk) Lítill svefn. „Mér kom varla svefnþúfur á auga í alla nótt,útaf verkjum“

Svefnþungi (n, kk) Ærslagangur rétt fyrir svefninn. „Nú er kominn svefnþungi í ykkur og mál að fara í rúmið“.

Svefnþungi (n, kk) Sá sem gengur í svefni; sá sem er *yfir sig syfjaður* en þó ekki sofandi. „Farðu nú að *sofa í hausinn á þér*; þú ert eins og svefnþungi“!

Svefnlaus (l) *Ósofinn*; hefur ekki náð að sofa. „Það er nú ekki *gæfulegt* að fara svefnlaus á sjóinn“.

Svefnleysi (n, hk) Skortur á nægum svefni. „Nú held ég að maður ætti að fara að skriða í bælið áður en maður verður enn ruglaðri af svefnleysi en orðið er“.

Svefnleysisrugl (n, hk) Órókrétt bull sem maður segir þegar hann er orðinn ruglaður af svefnleysi. Oft svipaðs eðlis og *rádleysisrugl*. „Þetta er nú komið út í tómt svefnleysisrugl hjá okkur; er ekki bara kominn tími til að skriða í bælið“?

Svefnléttur (l) Sem þarf ekki mikinn svefn; vaknar snemma. „Maður verður svefnléttari með aldrinum. Mér nægir dálítill *fuglsblindur* þegar ég hangi svona iðjulaus alla daga“.

Svefnlítill (l) Illa sofinn; hefur ekki fengið mikinn svefn. „Maður er stundum svefnlítill yfir sauðburðinn“.

Svefnþoki (n, kk) Létt þunn dýna sem rennt er saman með rennilás á jöðrum svo úr verður þoki sem sofið er í.

Svefnþurka (n, kvk) Sá sem sefur fast/mikið/yfir sig. „Mikil ankollans svefnþurka getur maður verið“! Sjá *þurka*.

Svefnþurka (l) Sjá *verða ekki svefnþurka*.

Svefnþurka (l) Sefur laust; vaknar við minnstu truflun. „Hafiði hljótt fyrst hann er svona svefnþurka“.

Svefnþurka (l) Hefur ekki fengið nægan svefn; *illa sofinn*.

Svefnþungur (l) Sefur fast; á erfitt með að vakna. Ekki er ólíklegt að þeir sem áður voru taldir svefnþungir myndu í dag verða greindir með kæfisvefn.

Svefnþurfi (l) Þurfaði fyrir svefn; syfjaður. „Við vorum orðnir all svefnþurfi eftir langan dag“.

Svei (uh) Upphrópun til að lýsa vanþóknun eða fyrirlitningu. Oftast með styttyrði eða setningu. „Svei bara“! Af sama stofni og sví- í svívirða og orðin sveigur, svig og sveigja. E.t.v. upphaflega fyrirskipun um að sveigja; fara; víkja frá.

Svei mér (orðtak) Áherslusetning. „Sá skal svei mér fá að heyra skírnarnafnið sitt“!

Svei mér / Svei mér alla daga / Svei mér sú ögnin / Svei mér skrattakornið (orðtök) Upphrópanir sem lýsa undrun; áhersla með neitun. „Svei mér ef þetta er ekki tvævetlan sem ég hélt að hefði hrapað í bjarginu“! „Svei mér sú ögnin að ég hafi *haft hönd á vasahnífnum* þínum“. „Svei mér skrattakornið að ég fer á þetta fyllerísball“!

Svei mér þá / Svei mér þá alla daga (orðtök) Upphrópanir sem lýsa undrun. „Neisko: Svei mér þá ef ekki er fiskur á hverju járn!“! Stundum var enn aukin áherslan með því að bæta „alla daga“ fyrir aftan; „Svei mér þá alla daga“!

Svei þér (bara)! (orðtak) Upphrópun/skammaryrði til að lýsa vanþóknun á manni eða gerðum hans.

Svei því korninu / Svei því ögn(inni) (orðtak) Upphrópun sem lýsir vanþóknun; fari það og veri; bölvað sé það. „Hér er úr vöndu að ráða. Svei því ögn að ég veit hvað skal gera“!

Sveia (s) Lýsa vanþóknun með „svei“; sussa á; lítilsvirða; skamma.

Sveia burt (orðtak) Reka burt/frá. „Þú verður að sveia hundinum burt ef hann kemur niður í Byrgið“.

Sveia sér uppá (orðtak) Sverja; hóta sjálfum sér lítilsvirðingu ef maður lýgur/ segir ekki satt. „Hann sveiaði sér uppá að þetta væri allt *hreinasatt*; hvert einasta orð“.

Sveittan / Svei því aftan (uh/ orðtak) Mikið notaðar upphrópanir til að lýsa vanþóknun, fyrirlitningu eða lítilsvirðingu á einhverju. Hefur e.t.v. upprunalega verið „svei því aftur“ í merkingunni „fari það aftur“. „Ja sveittan: Nú þykist þessi ríkisstjórn ætla að bjarga lítilmagnanum eftir að vera búin að mergsjúga hann allt kjörtímabilið. Hún *gerir skurk í því*“! „Nú þykjast þessir pótintátar allt vilja gera fyrir bændur; svona rétt fyrir kosningarnar! Svei því bara aftan öllusaman! Ekki trúi ég orði af þeirra rausi“!

Sveif (n, kvk) Handfang/vogarstöng til að snúa einhverju. T.d. sveif á traktors- eða bílvél, til að snúa í gang með handafla, eða *stýrissveif* á bát. Einnig er sveif á t.d. kvörn, hakkavél, skilvindu og síðari tíma strokk.

Sveifa (s) Svífa; fljúga rólega. „Yfir hverju er hrafninn að sveifa þarna frammi á Mýrum“?

Sveifarauga (n, hk) Stýrisauga; ferkantað gat á stýri/stýrisfjöl báts til að stinga stýrissveifinni í.

Sveifarás (n, kk) *Krungtappi*; Meginásinn í sprengihreyfli.

Sveifarsími (n, kk) Sími með sveif á hliðinni, sem snúið var til að hringja. Þannig símar voru allsráðandi frá upphafi símavæðingar; þar til skífusímar komu. Rauðasandshreppi var skipt í svæði/línur; innan hvers svæðis átti hver bær sína hringingu. T.d. tvær stuttar og ein löng á Láganúpi; ein löng í Kollsvík og löngstutt á símsstöð. Hringt var fyrst, og hringdi þá bjalla á sínum á línunni; tól hringjanda og móttakanda voru síðan tekin upp, en fyrir kom að fréttapýrstir nágrannar gerðu það stundum líka. Símhleranir voru ekki fundnar upp af leyniþjónustum stórveldanna.

Sveifarstýri (n, hk) Stýri á bát sem hreyft er með stöng; *stýrissveif*. Ekki *taumastýri* með *aktaumum*. Sveifastýri var algengast í Kollsvík.

Sveifla (n, kvk) A. Veifa; hringhreyfing, t.d. handasveifla. B. Rið; umskipti, t.d. í radíóbylgjum eða sjávarföllum. C. Stundum notað sem þýðing á tónlistartegundinni „jazz“.

Sveifla (s) Veifa; gera sveiflu. „Hann sveiflaði lambinu uppúr dilknum“.

Sveigbentur (l) Um bát; með svigaböndum en ekki höggnum böndum.

Sveighnífur (n, kk) Tálguhefill; lítill tveggjahanda hefill/skafa úr járn með stillanlegri tönn í stuttum sóla milli handfanganna; notaður til að hefla sveigða fleti að innanverðu. „Afi minn, Guðbjartur Guðbjartsson, nefndi þetta verkfæri aldrei annað en sveighníf (frb. svæjhnífur), en það heiti finn ég hvergi annarsstaðar“ (VÖ).

Sveigja (n, kvk) Bogi; bugur; kilpur. „Hér er leiðinleg sveigja á borðinu“. „Skaftið þolir litla sveigju“.

Sveigja (s) Beygja; fara/setja í boga. „Ég þurfti að sveigja fjölinu til að geta fest hana í báða enda“. „Ég ætla að fara fyrir féð og reyna að sveigja það aftur niður á götuna“.

Sveigja að (einhverju) (orðtak) Segja óljóst; *láta liggja að* einhverju. „Hann sveigði að þessu í ræðunni“.

Sveigja sig og beygja að/eftir vilja (einhvers) (orðtak) Vera öðrum undirgefinn; láta að öllum óskum einhvers. „Ég ætla nú ekkert að sveigja mig og beygja að þeirra vilja; ég geri bara það sem mér sýnist“!

Sveigjanlegur (l) Sem unnt er að sveigja; ekki stífur. Getur bæði átt við um hluti og skoðanir manns.

Sveigur (n, kk) A. Bogi. „Ég tók langan sveig upp fyrir hópinn til að ekki kæmi styggð að fénu“. B. Gjörð.

Sveima (s) Svífa; flögra. „Yfir hverju eru hrafnarnir að sveima þarna framfrá“?

Sveimérþá (alla daga) (uh) Upphrópun til að lýsa furðu eða aðdáun. „Sveimérþá; ég held það standi fiskur á hverju járn!“ „Þvílíku öðru hef ég aldrei fyrr kynnst: Sveimérþá alla daga“!

Sveimur (n, kk) Hópur af einhverju sem sveimar, t.d. *fuglasveimur*; *hrafnasveimur*. Einhver sveimur af fugli er hérna frammi á vikinni, en ekki get ég sagt að það sé *ger*.

Sveinbarn (n, hk) Nýfætt barn af karlkyni; drengur; strákur.

Sveinn (n, kk) A. Almenn; ungur karlmaður; unglingur; barn. Oftast notað í skáldskap nú til dags, og þá stundum um leið heitið „svanni“ um unga konu. „Vaknaðu svanni og vaknaðu sveinn/ svo vormenn að megii ykkur kalla;/ hefjið upp fánann og heitið hver einn/ með honum að sigra eða falla./ Þá drengskap þið kveikið og ættjarðarást./ Sá eldlegi viti mun hvarvetna sjást“ (VÖe; Ísland). B. Iðnlærður maður, sá sem er í verknámi iðngreina undir leiðsögn meistara. C. Mannsnafn.

Sveinstauli (n, kk) Niðrandi heiti á dreng/ ungum manni. „Hvað var þessi sveinstauli eiginlega að hugsa“?!

Sveipa (s) Vefja; hylja. „Hérna; sveipaðu um þig teppinu meðan þú nærð úr þér hrollinum“.

Sveipaður (l) Hulinn; vafinn. „Hann *skalf* og *nötraði* þó hann væri sveipaður bæði sæng og teppi“.

Sveipóttur (l) Með miklum sviptivindum. „Hann getur orðið ári sveipóttur á Sandinum í þessari átt“.

Sveipur (n, kk) A. Almenn um það sem er sveigt í boga. B. Sviptivindur; hvirfilvindur; vindsveipur. C. Hár sem leggst í hring, þó stærra en krulla.

Sveit (n, kvk) A. Hópur manna, t.d. liðsveit, lúðrasveit. B. Hreppur; hérað; svæði. Sjá *fara á sveitina*; *þiggja af sveit*.

Sveitabær (n, kk) Byggt bú í sveit. Stundum notað til aðgreiningar frá þéttbýli/borg.

Sveitafólk (n, hk) Fólk í dreifbýli/sveitum; bændafoðk. Stundum notað til aðgreiningar frá þéttbýlisbúum.

Sveitalimur (n, kk) Sá sem *þiggur af sveit*/ sveitarómagi. Hefur fremur niðrandi merkingu á síðari tímum.

Sveitarfélag (n, hk) A. Samfélag fólks á ákveðnu svæði. B. Stjórnsýslueining. Sjá *hreppur*.

Sveitarhöfðingi (n, kk) Sá sem er almenn viðurkenndur sem forystumaður sinnar sveitar. „Einar í Kollsvík var mestur sveitarhöfðingi á sinni tíð“.

Sveitarígur (n, kk) Viðvarandi deilur milli íbúa nærliggjandi sveitarfélaga. Hann mátti finna á sunnanverðum Vestfjörðum sem víðar, en yfirleitt risti hann hvorki djúpt né var rætinn.

Sveitarómagi (n, kk) Niðursetningur; sá sem er umkomulaus og þarf að vera á framfæri annarra. Fyrir daga almannatrygginga var það hlutverk sveitarstjórna að koma slíku fólki í vist á einhverju heimili gegn meðgjöf. „Gísli Ólafsson 50 ára sveitarómagi í Tungu...“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).

Sveitarrykti / Sveitarslaður / Sveitarslúður (n, hk) Sveitarslúður; kjaftasaga. „Það segir þetta; sveitarryktið. Ekki er það frá mér komið“! „Ekki trúirðu þessu andskotans sveitarslúðri í alvöru“?

Sveitarsjóður (n, kk) Hreppsjóður; opinber sjóður í eigu sveitarfélags, sem heppsbúar greiða sín gjöl til og greitt er úr til verkefna sveitarfélagsins. Í umsjón oddvita/sveitarstjóra. „Í oddvitatíð fðður míns var sveitarsjóður varðveittur í traustum læstum járnkassa. Framanaf var eflaust allmikið fé stundum varðveitt í honum, en fljótlega gerðust ávísanir almennari, ásamt millifærslum og giróseðlum. Greiðslukort komu ekki til sögunnar fyrr en eftir að Rauðasandshreppur hætti að vera sjálfstæð stjórnsýslueining“ (VÖ).

Sveitarsómi (n, kk) Sá eða það sem er sveitarfélagi til sóma og heiðurs.

Sveitarstjóri (n, kk) Starfsmaður sveitarfélags sem er nokkurskonar framkvæmdastjóri sveitarstjórnar og fer með fjármál og rekstur í hennar umboði.

Sveitarþyngsli (n, hk, fto) Mikil útgjöld *sveitarsjóds*. Oftast er átt við kostnað við framfærslu *ómaga*.

Sveitasími (n, kk) Sími kom í Kollsvík árið 1934. Fyrstu árin var einungis sími á Stekkjarmel en fljótlega kom hann einnig að Kollsvík og Láganúpi, eins og að öðrum byggðum bæjum í Rauðasandshreppi. Þessi sveitasími byggðist á *símalínunum* á *símastraurum* og var býsna bilanagjarn í snjóþungum vetrum. Nokkrir bændur um sveitina höfðu *stauraskó* og verkfæri til viðgerða og gátu oft lagfært slitnar línur. Símtækinn heimafyrir voru í fyrstu *fornfálegir* vegghengdir trékassar en síðar úr bakelitplasti. Sveitinni var skipt í notendasvæði, svonefndar *línur* og var Kollsvík á *sömu línu* og Hvallátrar og Breiðavík; *útviknalínu*. Innan línunnar var alltaf hægt að hringja, en önnur símtöl þurftu að fara í gegnum *miðstöðina* á Patreksfirði og það var einungis hægt á daginn, meðan vakt var. Til að hringja var snúið sveif á símtækinu meðan *tólið* var á; eftir að búið var að kanna að ekki væri annar *á tali*; að línan væri ekki *upptekin*. Ein löng *hringing* var á miðstöðina; tvær langar voru að Kollsvík; tvær stuttar og ein löng að Láganúpi; þrjár stuttar að Breiðvík; þrjár stuttar og ein löng voru að Heimabæ á Hvallátrum og stutt löng var hringingin að Ásgarði. Gamli

sveitasíminn hafði þá eiginleika að símtöl var unnt að *hlera* af þeim sem ekki voru að tala. Þetta vissu allir að var *ósiður* og því var reynt að fara *laumulega* að með því t.d. að halda fyrir *taltrektina* og fara hljóðlega að öllu. Hinsvegar versnaði *talsambandið* eftir því sem fleiri *láu á hleri*. Hinn augljósi kostur þessa háttalags var „algjört gagnsæi“; erfitt var að *pukra*, ljúga uppá nágrannann og yfirleitt *fara með ósannindi*. Að vísu með tilheyrandi skerðingu á persónurétti og friðhelgi. Tveir bæir í sveitinni gátu losnað við þessar hleranir: Drengjaheimilið í Breiðuvík var með *bjagara*, þannig að ekki skildust *orðaskil* þó hlerað væri. Kvígindisdalur efri var *endabær* og gat kúplað sér frá öðrum bæjum, enda var þar sparisjóður sveitarinnar. Gamli sveitasíminn *lagði upp laupana* um 1984 þegar sími var lagður í jörð og upp var tekinn óhleranlegur „sjálfvirkur sími“. Það er svo rannsóknarefni hvort sú breyting, s.s. aukin félagsleg einangrun, standi í sambandi við hinn mikla fólksflotta sem hófst úr sveitinni um sama leiti. Jarðsíminn yfir Hænuvíkurháls til Kollsvíkur var reyndar aldrei í lagi. Það kom semsé í ljós að hálsinn dregur að sér allar eldingar á svæðinu og þær fundu sér greiða braut um þessar símlagnir og bökuðu þær ótt og títt. Því var sett upp fjarskiptamastur á hálsinum og endurvarp að Láganúpi, en þaðan jarðsími að Kollsvík. Eftir 2000 var komið á GSM símasamband í Kollsvík. Hefði þeim eflaust þótt það þægindi, *útvegsbændum* í Kollsvíkurverri forðum, að geta talað við sitt heimafolk framan af miðum og fylgst með *bústörfum*. Tæknin er ekki alltaf til staðar þegar hennar er mest þörf.

Sveitasæla (n, kvk) Rómantískt hugtak um sældarlíf þess sem býr í sveit. Þó sveitalífið sé oft á tíðum erfitt og virðist stundum ekki annað en basl og mótlæti, þá kynntust menn líklega kostum þess fyrst að ráði þegar bæir tóku að vaxa, með ófrelsi og skuggahliðum sem þeim fylgja.

Sveitavargur (n, kk) Niðrandi heiti þéttbýlisbúa á manneskju sem býr í sveit.

Sveitavegur (n, kk) Vegur í strjálbýlli sveit. Sveitavegir mæta oftast afgangi í umhyggju opinberra stjórnvalda fyrir samgöngukerfi landsins. Enda eru það á endanum kjörnir fulltrúar sem ráðstafa viðhaldsfé vega og hafa tilhneygingu til að gera vel þar sem fjölmennustu atkvæðin er að hafa.

Sveitaþorp (n, hk) Þéttbýli/byggðakjarni í sveit. Segja má að allir þéttbýlisstaðir á Íslandi hafi byrjað sem sveitaþorp, enda byggðist landið upp á landbúnaði og útvegsbúskap. Fyrstu sveitaþorpin risu annarsvegar kringum verstöðvar en hinsvegar kringum verslunarhafnir, sem stundum voru á sama stað. Síðar varð þéttbýlismyndun kringum höfðingjasetur, klaustur og höfuðkirkjur. Líklega hefur fjölmennasta sveitaþorp Rauðasandshrepps verið í Kollsvík, meðan verstaða var þar í hámarki, en fjölmennt var löngum einnig í verstöðvum að Látrum og í Keflavík, auk þess sem byggð var þétt kringum Saurbæ. Undir lok 20. aldar stefndi Rauðasandshreppur að því að byggðakjarni yrði í Tungulandi í Örlygshöfn; í Hvammsholti, þar sem var barnaskóli, félagsheimili og verslun sveitarinnar. Þar voru byggð nokkur íbúðarhús áður en hreppurinn var sameinaður í Vesturbyggð; skólahaldi og verslun var hætt og búskapur og byggð dróst verulega saman.

Sveitfastur (l) Skráður íbúi í sveitarfélagi. Nú á tímum er hver maður frjálst að flutningum milli sveitarfélaga og litlarhömlur á því hvar menn skrá sig til heimilis. Fyrir á öldum var ófrelsi meira í þeim efnum. Fólk var almennt bundið vistarböndum og flutningar milli sveitarfélaga voru háðir ströngum reglum. Sjá *vistarbönd*.

Sveitfesti (n, kvk) A. Það að vera sveitfastur/ bundinn *vistarböndum*. Sjá *hreppur*. B. Lögheimili.

Sveitungi (n, kk) Sem býr í sömu sveit. „Eins og aðrir sveitungar mínir á þessum tíma voru þeir Gummi og Liði ágætir vinir og lögðu gjarnan hart að sér til að gera öðrum greiða“ (PG; Veðmálið).

Svekkja (s) Gera leitt; fara í taugar; græta. „Ríkisstjórnin finnur alltaf leiðir til að svekkja landsbyggðina“.

Svekkja sig (orðtak) Leggjast í þuglyndi; verða leiður. „Það þýðir ekkert að svekkja sig á þessu, þó bölvæð sé“.

Svekkjandi (l) Ergilegt; vonbrigði. „Það er alltaf svekkjandi þegar svona lagað gerist“.

Svekkelsi (n, hk) Ergelsi; leiðindi; vonbrigði. „Við flengdum um allan sjó og renndum þar sem einhver veiðivon var, en höfðum lítið uppúr því nema svekkelsið. Þetta er bara ördeyða núna“.

Svekkur (l) Argur; leiður; fúll. „Ég er verulega svekkur yfir að missa af þessu“.

Svelgja í sig (orðtak) Þamba; drekka af ákafa. „Ég svelgdi í mig mjólkina og hljóp svo út“.

Svelgur (n, kk) A. Hringiða; mikill iðusveipur. B. Átvagl; sá sem svelgir í sig. „Þessi bíll er ansi öflugur en hann er líka mikill bensínsvelgur“. C. Niðurfall í gólfi á húsi eða dekki á skipi.

Svelja (s) Vinda; blása; kula. „Hann er farinn að svelja meira frá norðri; ætli við þurfum ekki að fara að koma okkur í land bráðum“. „Hér hefur sveljað hressilega um; allt fokið til andskotans“!

Sveljandalegur (l) Garralegur; sýnist vindasamur. „Mér sýnist hann orðinn dálítið sveljandalegur frammi“.

Sveljandasamur (l) Um tíðarfar; vindasamur. „Hann er búinn að vera ári sveljandasamur þessa vikuna“.

Sveljandi (n, kk) Hvass vindur, oft kaldur. „Það er napurt úti og bannsettur sveljandi“.

Svell (n, hk) Klaki á jörð; ís. Notað bæði í eintölu og fleirtölu og á einungis við þar sem mikill ís er á jörð; þykkur og/eða víðáttumikill. „Það eru tvö svell á Tunguhlíðinni“. „Það er svell yfir öllum Leirunum“.

Svella (s) Ólga; sjóða. „Mér *svall* hugur í brjósti“. Sjá *svella* hugur; *svella* móður; *sollinn*.

Svella hugur í brjósti; svella móður (orðtak) Finna til hugrekki/áræðis; vera ákafur í að takast á við eitthvað.

Svellaður (ao) Með svellum. „Fór hesturinn greitt með prest þarna um tæpar og svellaðar götur...“ (MG; Látrabjarg).

Svellalög (n, hk, fto) Svellflákar; svellbreiða; svellbólstur. „Vegna hins mikla vatnsaga verða mikil svellalög á Leirunum á veturna“ (HÖ; Fjaran).

Svellavinna (n, kvk) Vinna við að eyða svellum/ ná svelli af vegi/leið. „Þá sagði hann (vegaverkstjóri) að svellavinna og snjómokstur færi ekki á viðhaldsfé“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Svellbólstur/ Svellglotti / Svellglanni / Svellbunga / Svellbunki (n, kk/kvk) Klakabunki. „Það er hættulegur svellglotti neðst í Hænuvíkurbrekkunum“. „Gáðu að þér á svellbunkanum í Hæðinni“. „Þarna er hættulegur svellglanni“.

Svellfrosinn (l) Frosinn í klaka. „Þú ferð ekki í vettlingana svona svellfrosna“.

Svellgljá / Svellglæra (n, kvk) Mikil svell; víðáttumikil svell. „Mýrarnar voru samfelld svellgljá í mestu frostunum“. „Farðu varlega með fêð; Fitin er ein svellglæra“!

Svellharður (l) Harður eins og klaki/svell. „Okkur gekk treglega að komast niðurúr svellharðri móhellunni“.

Svellkaldur (l) Mjög kaldur viðkomu. „Farðu nú í vettlinga drengur; þú ert alveg svellkaldur á höndunum“!

Svellrónir / Svellþæfir vettlingar (orðtak) Ullarvettlingar sem voru mjög *þæfir* af notkun; stundum svo að þeir voru bognir í lófanum, líkt og með þeim hafi verið róið mjög lengi. „Fjögur lýsingarstig voru höfð um róðrarvettlinga; *órónir*; hálfónir og svellrónir sama og kútrónir“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Svellþykkur (l) Mjög/vel þykkur. „Ég var *kappklæddur*; í loðbandspeysu, *föðurlandi* og tvennum sokkum; með *svellþykka* vettlinga á höndum og *dembúl* á höfði“.

Svellþæfður (l) Þæfður þar til orðinn er harður eins og svell. „Vettlingarnir voru svellþæfir af núningnum“.

Svelta (s) A Hungra; vera svangur. „Við sjávarsíðuna þurfa menn sjaldan lengi að svelta sem hafa bát og einhvern dug til að bjarga sér“. B. Hafa í svelti; hafa hungraðan. „Ég er ekki vanur að svelta mínar skepnur“.

Svelta heilu hungri (orðtak) Vera í algeru svelti; vera lengi án fæðu. „Réttu mér nú nestið áður en þú ferð ofan; ég ætla ekki að svelta heilu hungri hérna uppi á brúninni meðan þið tínið saman“.

Svelti (n, hk) A. Hungur; matarleysi. B. Sjálfhelda í klettum sem kindur komast í en ekki úr. „Í Gránuhillu er stórt *hvapp*... þar fór fé oft í svelti sem varð að hjálpa; taka í böndum“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg). Svelti er algengt nafn á hillum í klettum; t.d. Strengbergssvelti; Sméhellissvelti. Samheiti fyrir svelti, drápsdyg og flæðisker er „hættur“.

Sveltistaka (n, kvk) Kind tekin úr sjálfheldu í klettum; *tekin úr svelti*. Þetta var algengur þáttur í fjárbúskap í Útvíkum, en er oftast hættulegt og til þarf brattgenga og útsjónarsama kunnáttumenn. Þekkt svelti í Hnífum eru t.d. Smjöhellissveltið og Gvendarhellissveltið en í Blaknum Vallarflessveltið og Sveltisgangurinn. „Ræddi hann í því sambandi nokkuð um sveltatökur...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Sveltur sauðlaust bú (orðatiltæki) Gamalt máltæki sem sýnir trú bóndans á sauðkindinni við lífskjör fyrri tíma. Orðtakið á þó síður við þar sem björg er oft að hafa úr sjó þegar *þústnar* að með búskapinn.

Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær (orðatiltæki) Mikið notuð speki, sem vísar til þess að þeim eru flestar bjargar bannaðar sem ekki sýnir sjálfsbjargarviðleitni og leggur sig fram.

Svengd (n, kvk) Hungur; matarþörf. „Ég var orðinn fjári lúinn eftir daginn og farinn að finna til svengdar“.

Svengdarlegur (l) Hungraður að sjá. „Kastaðu afganginum í hundinn; hann er ósköp svengdarlegur“.

Svengja (s) Hungra; verða svangur. „Eftir þetta at var okkur farið að svengja nokkuð mikið“.

Sver (l) A. Þykkur; mikill að ummáli. „Þetta var ekki langt tré, en all svert“. B. Erfiður; kostar fyrirhöfn. „Þetta voru einhver sverustu átök sem ég hef lent í um dagana“!

Sver dagur (orðtak) Annasamur dagur; mikið dagsverk. „Það verður *trúlega* sver dagur í slátrun á morgun“.

Sver sjór (orðtak) Mikill sjór; þung undiralda. „Sjórinn var farinn að verða iskyggilega sver og lifandi bára farin að leika á bókum hinna sveru sjóa“ (ÞJ“Brimlending“ Sjóm.blaðið Víkingur 1957).

Sverð og skjöldur (einhvers) (orðtak) Helsti forsvarsmáður/verjandi einhvers. Sagt var um Jón Sigurðsson að hann hefði verið „sómi Íslands; sverð þess og skjöldur“.

Sverfa (s) *Svarfa*; raspa með þjöl eða öðru eggjárni.

Sverfa til stáls (orðtak) Sjá *láta sverfa til stáls*.

Sverfur að (orðtak) *Svarfar að*; þrengir að; verður erfiðara. „Það sverfur sífellt meira að búskap á svæðinu“.

Sverja fyrir (barn) (orðtak) Neita að gangast við barni; vinna eið að því að maður á ekki tiltekið barn.

Sverja fyrir / Sverja uppá (orðtak) Fortaka; neita; vinna eið að. „Ég get svarið fyrir það að ég tók ekki hnífinn“! „Ég held ég geti svarið uppá það að þessi kind er ekki frá mér“.

Sverja fyrir rass (orðtak) Taka hala af skötu þegar hún var slægð án þess að barða hana (sjá skata).

Sverja og sárt við leggja (orðtak) Sverja að viðlögðum missi eða refsingu. „Hann sór og sárt við lagði að hann hefði ekki stolið vasahnífnum; einhver annar hefði örugglega laumað honum í vasa hans“!

Sverja sig af (orðtak) Vera laus við; fría sig við. „Ég get kannski ekki svarið mig af allri sök í þessu efni; ég hefði átt að líta betur eftir hvað þeir voru að gera“. Vísar til þess að losna undan sök með eiði.

Sverja sig í ættina (orðtak) Sýna augljós merki um skyldleika. „Og þú ert af Kollsvíkurrættinni. Þú þarft ekkert að segja mér annað; þú sverð þig í ættina með háralagið og hávaðann“!

Sverja þess dýran eið (orðtak) Sverja mjög hátíðlega; vinna öflugt heit. „Ég sór þess dýrran eið að þetta skyldu þeir fá borgað; fyrr eða síðar“.

Sverma fyrir (orðtak) Sækjast eftir; *suða um*; leita eftir að fá. „Ég hef verið að sverma fyrir að fá þessa bók lánaða hjá honum en hann segir að henni hafi enn ekki verið skilað úr síðasta útláni“. Líklega dregið af suði í flugnasvermi sem getur orðið leiðigjarnt.

Svermur (n, kk) Sveimur; mikill fjöldi; aragruí. „Hvaðan kom þessi fiðrildasvermur allt í einu“?

Sverta (n, kvk) Svart litarefni, t.d. prentsverta; skósverta.

Sverta (s) A. Gera svart; dekkja. B. Kasta rýrð á; ófrægja. „Ég ætla ekki að sverta hann, en ég ætla heldur ekkert að hrósa honum óverðskuldað“.

Svertingi (n, kk) Blökkumaður; maður af dökkum kynþætti; negri. Til skamms tíma þótti það góð og gild íslenska að nefna fólk með dökka húð negra eða svertingja, en á síðari tímum hafa einhverjar sjálfskipaðar málalöggur talið slíkt bera vott um kynþáttahatur. *Ekki er öll vitleysan eins!*

Svið (n, hk) A. Svæði; vettvangur. Ég hef ekki mikla þekkingu á þessu sviði“. B. Upphækkun til sýninga í sal, t.d. leiksvið.

Svið (n, hk, fto) Sviðinn haus af skepnu, sem ætlaður er til matar. Stundum einnig notað um sviðna fætur til matar. „Alltaf finnst mér nú sviðin betri ef þau hafa fengið að standa dálítið fyrir frýstingu“. Sjá *sviðahaus*.

Sviðabein (n, hk, fto) Hausbein úr sviðum. „Hentu nú fyrir mig sviðabeinunum úti skurðenda“.

Sviðahaus (n, kk) Haus sem er eða verður sviðinn. „Það þarf að saga upp nokkra sviðahausa“. Svið voru verkuð þannig fyrrum að saltað var í *strjúpann* meðan hausinn var enn volgur. Þannig var hann geymdur nokkra daga en lítið þótti varið í svið sem ekki höfðu náð að *breyta bragði* örlítið. Eftir tilkomu frýstiteknis voru hausar frýstir ósviðnir. Fyrir daga gasbrennara var (á 20. öld) sviðið yfir prímus eða yfir hráolíuloga í opinni smurólufötu með hænsnaneti yfir. Í strjúpann var stungið priki; *hausaskafti*. *Skafa* þarf öskuna af öðru hvoru. Fljótar gekk að *sviða* með gasbrennara og propangasi eftir að það kom til. Eftir að sviðið hefur verið er hausinn *sagaður upp*; sagaður í tvo helminga eftir snoppu og milli augna, og nefnist hvor helmingur kjammi, eða sviðakjammi. Heilinn er tekinn úr og hefur honum verið fleygt eftir að fólk varð meðvitað um smithættu af honum. Sviðin voru skrúbbuð vandlega úr skarpvolgu vatni og soðin. Eftir suðu voru þau yfirleitt látin kólna, þar sem mörgum þykir þau matarmeiri og ætilegri þannig, en sumir vilja þau þó frekar heit. Ef sviðin áttu að fara í sviðasultu var skorið utan af beinum eftir nokkra suðu og síðan hleypt upp á kjötinu aftur áður en því var hellt, með nokkru af soðinu, í mót og látið kólna, og síðan sett í súr. Fyrir neyslu er sviðakjammin skorinn í tvennt fyrir neðan augað, og nefnast hlutarnir *kjálki* og *auga*. Misjafnt var hve vel menn *unnu að* sviðunum; fyrri tíðar fólk skóf allt það af beinum sem mögulegt var að eta og braut augað í tvennt til að komast betur að mat í því. Í seinni tíð hefur fækkað þeim sem láta sig hafa það að borða jafnt eyru og augu með öllu; nasir; *gómfyllu* og *hnakkaspik*. Þess var vandlega gætt að brjóta málbeinið, þar sem annars gæti barn á heimilinu orðið holgóma eða málhalt. Ekki var heldur ráðlegt að gefa hundinum það óbrotið því hann gæti þá farið að tala mannamál. Annars var ávallt veisla hjá hundinum þegar svið voru í matinn og mikil vinna við að verja góðgætið fyrir hrafninum. Þess má geta að ávallt var þess gætt að skera ekki eyru af sviðum fyrir en þau voru etin. Þessi regla þjónaði þeim tilgangi að bóndi yrði síður sakaður um *sauðaþjófnað*.

Sviðakjammi (n, kk) Hálfur sviðahaus; auga og kjálki. „Tveir sviðakjammur eru heldur mikið fyrir mig“.

Sviðalöpp (n, kvk) Sviðinn fótur af skepnu, ætlaður til suðu, súrsunar/sultunar og átu.

Sviðasulta (n, kvk) Sultuð svið (og sviðalappir). Sviðasulta er gerð þannig að svið eru soðin í saltvatni; hreinsað er af sviðabeinum; holdið grófskorið í bita og látið kólna í hluta af soðinu. Við það verður til þykkt og matarmikið hlaup sem ýmist er súrsað, frýst eða borðað nýtt.

Sviði (n, kk) Seiðandi staðbundinn verkur, t.d. eftir bruna eða mar.

Sviðin jörð (orðtak) Grasleysi; illa sprottið; kal í túnunum; þurrkar „Sum túnin eru ekkert nema sviðin jörð“.

Sviðna (s) Verða brunninn/sviðinn. „Gras er farið að sviðna í þurrkinum, einkum á sendnum túnunum“.

Sviðra (s) Nöldra; jagast; tuða. „Hann hefur verið að sviðra um að koma með í ferðalagið“.

Sviðra (s) A. Skafa snjó. Heyrðist oft notað ef skóf um göt inn í hús. „Það hefur sviðrað inn með hurðinni“ B. Nöldra. „Hann er ennþá að sviðra yfir fjallskilaseðlinum“.

Sviðra með (orðtak) Um skafrenning; renna með jörð án þess að snjóí úr lofti. „Hann sviðrar hressilega með“.

Sviðra um (orðtak) Um skafrenning; þyrlla snjókófi um; skafa hressilega. „Heldur er hann farinn að sviðra um“.

Sviðringur (n, kk) Skafmold, oftast lágarenningur. „Það var sviðringur á Hálsinum“.

Sviður (n, hk) Nöldur; kvartanir. „Vertu nú ekki með þetta sviður þó þú sért beðinn um viðvik“. Þetta orð var mikið notað í Kollsvík framá síðustu ár, og af sumum enn í dag, en það finnst hvergi í orðabókum.

Hinsvegar tilgreina þær karlkynsorðið svinnur, í merkingunni skynsemi/viska, en það þekktist ekki í Kollsvík.

Svif (n, hk) A. Þum fugl/flygildi; það að haldast á lofti án þess að blaka vængjum eða vera knúinn öðru afli. B. Örlitlar lífverur í vatni eða sjó; undirstaða mikils hluta lífs á þeim slóðum. C. Fyrrum notað um hreyfingu. Frá þeim tíma er orðtakið; í *þeim svifum*.

Svifa (s) Svífa; svima; líða; fara í rölegheitum. „Þegar svifaði frá sólu sá ég glampa á baujuna“

Svifa frá (sólu) (orðtak) Draga (ský) frá sólu; birta/létta til. „Þetta er fljótt að þorna í flekknum ef eitthvað svifar frá sólu“.

Svifaseinn (l) Seinn í snúningum; hægur. „Ég var heldur svifaseinn að ná í gogginn núna“. „Næst fór ég á Rauðasand, þar rýringur er einn, raunalegt að hann skuli ekki fitna. Í kvenna og ástamálum er hann mjög svifaseinn/ í sína ævi byrjaði að vitna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Svignar bogi fyrir en brestur (orðatiltæki) Auðskilin speki, sem oft er yfirferð á manneskju. Mennt geta þolað furðu mikið án þess að *gefast upp* eða *brotna saman*.

Svigrúm (n, hk) Rými til athafna; olnbogarámi. „Nú var gott að vera svo nærri boðunum, og hafa svigrúm til að snúa“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Svigur (n, kk) Sveigur; bogi. Einkum notað í orðtökum: *fara/komast á svig við*.

Svigurmæli (n, hk, fto) Stóryrði; hótanir; árás í orðum. „Hann sagðist ekki ætla að sitja undir svigurmælum í sinn *garð* vegna þessa óhapps“. Merkir í raun ill orð sem sveigt er í átt til manns.

Svik / Svíksemi (n, hk, fto/ kvk) Það að bregðast trausti/trúnaði; standa ekki við loford. „En sú þróun mála væri svik við bygðarlagið og þá *margumtöluðu* bygðastefnu sem allir vilja eiga og telja sig vinna fyrir“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Svikabrigsl (n, hk, fto) Fullyrðing um að svik hafi verið reynd eða brögð séu í tafla. „Honum *ferst ekki* að tala um nein svikabrigsl *af minni hálfu*; sem sjálfur *er ekkert nema* lygin“!

Svikaglenna (n, kvk) Um það þegar birtir skyndilega til í rigningu eða þungbúnu veðri, en vitað er að það muni ekki standa lengi; ótrygg *sólarglenna*. „Þetta er bara svikaglenna“.

Svikahrappur / Svikari (n, kk) Svikull maður; sá sem bregst heiðarleika/lofordum/einlægni.

Svikalaust (l) Án undanbragða; með sóma; fullkomlega. „Hann gerða það alveg svikalaust“.

Svikalogn (n, hk) Ótraust veðurútlit; hætt við að hvesi. Oft getur lægt tímabundið en hvesst svo um munar stuttu síðar, t.d. þegar lægðarmiðja fer yfir. Glöggir veðurspámenn kunnu að greina svikalogn frá gæftum.

Svikka (s) Svigna; sveigjast til. „Það þarf að styrkja bitann, hann svikkar dálítið undan þunganum“

Sviklaust (l) Ákveðið; án undanbragða; *skammlaust*; *svikalaust*. „Hann skilaði sínu verki alveg sviklaust“.

Svikalogn (n, hk) Logn sem ekki er hægt að treysta á að haldist; viðsjárvert veður, þar sem hvesst getur mjög skyndilega; logn í miðju djúprar lægðar. „Ég er hræddur um að þetta sé bara svikalogn; hann á eftir að hvesa verulega úr hinni áttinni eftir smátíma“.

Svikamylla (n, kvk) Óheiðarleg aðferð; leikflétta byggð á undirferli. Vísar til leikgildru í teningaspilinu myllu.

Svikinn (l) Beittur brögðum/svikum; hlunnfarinn. „Ég er óhress með að vera svikinn um þetta“.

Svikk (n, hk) Eftirgjöf; sveigja; veikleiki. „Ég setti stoð undir miðja brúna til að ekki væri svikk á henni“.

Sviklaust (l) *Fullum fetum*; án þess að um svik sé að ræða. „Ég get sviklaust *haldið* þessu fram, því þetta *veit* ég uppá hárl“!

Svikóttur (l) Sem svíkur; ekki traustur. „Við vorum oftast hundlaus því Urta sem pabbi átti var bæði löt og svikótt“ (IG; Æskuminningar).

Svikull (l) Viðsjárverður; hættir til að svíkja/bregðast. „Varaðu þig á árbakkanum hann getur verið svikull“.

Svikull er sjávar afli (orðatiltæki) Sjá *svipull er sjávar afli*.

Svil (n, hk, fto) Sæðiskirtlar/sæði karlfisks. Svilar eru hvít og oft áberandi í kviði karlfiska. Ekki er vitað til að svil væru höfð til matar í Kollsvík, líkt og annarsstaðar mun hafa borið við; heldur voru þau nýtt ásamt öðrum ræksnum til fódurs og áburðar á tún.

Svili (n, kk) Maður sem er kvæntur systur konu tiltekins manns. Svilar eru menn sem kvæntir eru systur.

Svilkona (n, kvk) Kona sem kvænt er bróður eiginmanns tiltekinnar konu. Svilkonur eru kvæntar bræðrum.

Svima (s) A. Sundla; fá yfir höfuðið; fá svimatilfinningu. „Mig svimaði dálítið þegar ég leit framaf brúninni“. B. Fara rólega; svífa. „Mér sýnist að þokan sé eitthvað að svima frá“

Svima frá (orðtak) Líða frá (um þoku). „Þokan svimaði frá eitt augnablik svo ég grillti í land“.

Svimagjarnt (l) Hættir til að svima/sundla. „Mér verður oft svimagjarnt, sérstaklega í háum húsum“.

Svimi (n, kk) Sundl; jafnvægisleysistilfinning; ringl. „Hann sagðist finna til nokkurs svima“

Svipa til (orðtak) Líkjast; minna á. „Þessari veðráttu svipar til þeirrar sem var á sama tíma í fyrra“.

Svipaður (l) Líkur; nærri eins. „Þeir eru svipaðir að stærð“. „Ég er svipaður til heilsunnar og í gær“.

Svipbrigði (n, hk, fto) Breytingar á andlitssvip sem lýsa tilfinningum.

Svipillur (l) Illur/reiður/ófrýnn á svipinn. „Fyrsti desember rann upp; þungbúinn og svipillur“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Sviplegt (l) Ógnvænlegt; sorglegt. Einkum í síðari merkingunni í seinni tíð. „Þetta var sviplegt slys“.

Svipljótur (l) Illilegur; ófrýnn. „Hann sat þegjandi undir þessum lestri, en var orðinn fremur svipljótur“.

Svipmikill (l) Með sterk svipbigðaeinkenni/persónueinkenni í andliti.

Svipmót (n, hk) A. Svipur; yfirbragð. „Hér er allt með sama svipmóti og verið hefur“. „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi. Svipmót hennar var bæði blítt og strítt“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Viðleitni; ummerki. „Ég sé ekkert svipmót á því að rigningin sé að minnka“. Sjá einnig *litmót*.

Svippa (s) Taka öll spilin úr borði í kasínu. „Nú geturdu svippað“.

Svipstund (n, kvk) Snöggur/stuttur tími; augnablik. „Þetta gerðist allt á svipstundu“.

Svipta (s) Sveifla; gera með sveiflu/ í fljótheitum.

Svipta (einhvern) (s) Hirða af einhverjum; taka frá einhverjum. „Augað liggur úti á kinn/ öllu sviptur ljósi;/ karl í helli æðir inn,/ er þar fyrir Rósi“ (JR; Rósarímur).

Sviptir (n, kk) Skaði; missir. „Mörgum fannst verulegur sviptir af honum úr hreppsnefndinni“.

Sviptivindur (n, kk) Vindhviða; vindsveipur; hvirfilbylur.

Sviptivindasamt (l) Hætta á sviptivindum/ miklum vindhviðum.

Svipull (l) Ótryggur; sem sést rétt í svip; hverfull. „Lífsgefán er oft svipul“. Stofnskylt sögninni að svipta og sveipa/svipta burt.

Svipull/svikull er sjávar afli (orðatiltæki) Notað um það sem er erfitt að treysta á/ reikna út. Líkingin vísar til þess að veiði er alltaf ótrygg (svipul) þó haldið sé til veiða.

Svipur (n, kk) A. Svipmót; andlitsfall. „Hann ber mikinn svip af sínu föðurfólki“. „Ekki list mér á svipinn á karlinum núna“! B. Draugur; afturganga. C. Snögg hreyfing; andrá, sbr *rétt í svip*.

Svipur af sjálfum sér (orðtak) Líkingamál um hrörnun/visnun/rýrnun; eingöngu notuð með neitandi orði framandi (ekki/varla). „Byggðin í hreppnum er ekki nema svipur af sjálfum sér, nú á dögum“.

Svirgull (n, kk) Það sem er sverara og ólíðugra en eðlilegt/æskilegt er. „Þið notið þennan kaðal ekki fyrir bjargvað; þetta er alltof óþjáll svirgull í slíkt“.

Svirgulslegur (l) Um band; grip; mann o.fl. Sver; luralegur; óþjáll. „Kaðallinn er of svirgulslegur í þetta“.

Svita sig (orðtak) Gera sig sveittan. „Það er óráðlegt að svita sig mikið í svona frosti“.

Svitaðað / Svitaþóf (n, hk) Mikill sviti. „Við vorum í svitaðaði í sólarhitnum þarna á Stígnum“.

Svitadropi (n, kk) Dálítill sviti. „Það kostaði ófáa svitadropana að koma eggjunum á brún“.

Svistastorka (n, kvk) Uppþornaður sviti og óhreinindi. „Ég held ég verði að þvo af mér mestu svitastorkuna“.

- Svía** (s) Um verk/tak; minnka; mildast; linast. „Mér svíaði dálítið við að stungið var á kýlinu“. „Honum svíaði þegar frá leið“.
- Svíða** (s) A. Brenna/kola að utanverðu. „Ég sveið hause en hún skóf öskuna“. B. Verkja vegna sviða/bruna. „Mig sviður dálítið í fingurinn“.
- Svíða (eitthvað) í augum** (orðtak) Ógna eitthvað; þykja eitthvað yfirdrifið/ósvífið. „Mér sviður það í augum að sjá flekkinn rigna svona flatan. Helvíti að ná þessu ekki saman fyrir rigninguna“! Sjá *blæða í augum*.
- Svíða sárlega/sárt** (orðtak) Finna mikið til; líða illa yfir. „Mig sviður það sárast að missa þennan ágæta vasahníf“.
- Svíðingsháttur** (n, kk) Nirfilsháttur; níska; óþverraháttur; ruddaskapur. „Mér finnst það árans sviðingsháttur að ætla að hýrudraga þá fyrir þetta óviljaverk“!
- Svíðingslegur** (l) Niðingslegur; óbilgjarn; ósanngjarn. „Ósköp finnst mér hann sviðingslegur í garð sinna nánustu ættingja; að hafa af þeim jörðina með þessu móti“.
- Svíðingur** (n, kk) Nirfill; maurapúki; nánös.
- Svífa** (s) A. Um fugl; haldast á flugi með rennsli, án þess að blaka vængjum. B. Um bát/siglingu; snúast skyndilega og leggjast *flatur fyrir báru*, t.d. vegna þess að ár hefur brotnað. (heimildir; ÓETH og Snæbjörn Kr. í Hergilsey).
- Svífa á** (orðtak) Um áfengi; farið að hafa áhrif á líðan/hegðun manns. „Eftir tvö glös var farið að svífa töluvert á karlinn, og hann barinn að raula ættjarðarljóðin“.
- Svífast einskis** (orðtak) Hlifa engu; hafa einbeittan *illvilja*. „Passaðu þig á götunum þarna úti; þar eru víst til bévítans þorparar sem svífast einskis“.
- Svíkja í tryggðum** (orðtak) Bregðast trúnaði/trausti/vináttu; slíta trúlofun. „Grunur leikur á að hann hafi svikið sinn flokk í tryggðum að þessu sinni“.
- Svíkja lit** (orðtak) Í spilamennsku; spila ekki út spili af réttum lit þegar svo skal gert. Einnig notað í afleiddri merkingu um það þegar menn skerast úr hópi sem þeim er ætlað að tilheyra.
- Svíkjast frá** (orðtak) Laumast frá í óleyfi. „Hún notaði fyrsta tækifæri til að svíkjast frá okkur, svo við urðum að gelta eins og hundar“ (IG; Æskuminningar).
- Svíkjast um** (orðtak) Standa ekki við þó lofað/áskilið sé. „Hann ætlar alveg að svíkjast um að skila þessu, eins og hann þó lofaði *statt og stöðugt*“!
- Svína út** (orðtak) Ata; skíta út; óhreinka. „Halabandið hafði losnað og kvígan búin að svína út allt fjósið“!
- Svínala** (s) Ala/fóðra vel; hafa í góðu eldi. „Það þýðir ekkert að svínala hrútana svona ef þeir eiga að gagnast um fengitímamann“!
- Svínabesti** (n, hk) Óþverri; ópokki; ræfill. „Skildi hann hliðið eftir opið; svínabestið atarna“!
- Svínbinda** (s) Reyra óhóflega. „Það er óþarft að svínbinda þetta þannig að ekki sé hægt að leysa það aftur“.
- Svínari** (n, hk) Óþrif; at; mikill skítur; það sem er óþrifalegt; það sem unnið hefur verið með óvönduðum/óheildarlegum aðferðum. „Þetta kalla ég nú bara svínari“!
- Svínastía** (n, kvk) A. Stía sem svín eru höfð í. B. Líkingamál um óþrifalegan stað.
- Svínfiskur / Svínhvalur / Svínhveli** (n, kk/hk) A. Einn af fjölmörgum illfiskum sem fyrrum var trúað að byggju í hafinu og biðu færís að ráðast á báta og menn. Var það eitt *sjóvíti* af mörgum. Af sögnum að dæma virðist ótti við þessar þjóðsagnaverur hafa verið útbreiddur og jafnvel meiri en við stórsjó og illviðri. Stranglega var bannað að nefna hval á nafn, því með því væri kallað á illhveli. Því urðu til ýmis leyneiti. Í byrjun hefur svínfiskur líklega verið eitt þeirra, en síðar varð það eitt bannheitanna. B. Á síðari tímum var heitið svínhvalur notað meðal fræðimanna yfir tannhvalstegund sem enn síðar nefndist marsvín.
- Svínslega** (ao) Niðingslega; mjög; illbærilega. „Honum fannst þetta svínslega þungt próf“
- Svíradigur** (l) Með sveran háls/svíra. „Hann var áberandi herðabreiður og svíradigur; heljarmenni að burðum“.
- Svíri** (n, kk) Háls. Sjá *harðsvíraður*; *svíradigur*.
- Svíun** (n, kvk) Linun; rénun; bætt líðan. „Það er nú dálítill svíun í að hinir féllu líka á prófinu“.
- Svívirða / Svívirðing** (n, kvk) Mikil hneysa/skömm/óvirðing. „Svonalagað má alls ekki viðgangast; þetta er alger svívirða“! Svi- er neitandi forskeyti, skylt svei; sveigja; svigi.
- Svívirða** (s) Vanvirða; smána; vanhelga.
- Svívirðilega** (ao) Skammarlega; óheyrilega. „Mér finnst verðið á þessu svívirðilega hátt“!
- Svívirðilegur** (l) Auvirðilegur; lítilmótlegur; hræðilegur. „Honum fannst þetta svívirðilegar álögur“.

Svívirtur (I) Vanhelgaður; lítilsvirtur.

Svo (ao) A. Sem burðarorð í lýsingum; það. „Brimrótið var svo mikið að ekki voru *tiltök* að lenda“. B. Það; svona; þannig. „Svo er sagt að þarna hafi í fyrndinni staðið bær“. „Svo var um þá Jón Thoroddsen í Kvígindisdal og Þórarinn Bjarnason á Grundabökkum, að þeir fóru báðir heim til sín um helgi og skyldi róíð seinnipart sunnudags“ (ÖG; glefsur og minningabrot). C. Síðar; síðan. „Síðar var svo lagður sími á Rauðasand“ (ÖG; Slysavarnaeildin Bræðrabandið). D. Í niðurstöðu/spurningu: „Svo þú heldur að þú getir aðstoðað mig á morgun“?

Svo að segja (orðtak) *Hér um bil; nærri því; til þess að gera.* „Tankurinn er svo að segja fullur“.

Svo af guði gerður/skaptur (orðtak) Þannig innrættur; þannig *skapi farinn.* „Ég er svo af guði gerður að ég nenni ekki að *kífa* um smámuni“.

Svo aftur (orðtak) Hinsvegar; *aftur á móti.* „Það er klárt mál að þessar kindur voru í réttinni í gær. Svo aftur veit ég ekki hvort þær fóru með rekstrinum norður“. „Hann lofaði að koma flöskunni til skila; en svo er það aftur önnur saga hvenær af því verður“.

Svo á að heita / Svo er látið/sagt (orðtök) Sagt er; haft er fyrir satt; menn segja. „Svo átti að heita að ég væri formaður félagsins“. „Kollur braut skip sitt á Arnarboða; eða svo er að minnsta kosti sagt“.

Svo bilar hugur sem dugur (orðatiltæki) Menn verða oft ragir með aldrinum, um leið og getan minnkar. Einnig notað þegar einhverjum *blöskrar* hugleysi annarra.

Svo bregðast krosstré sem önnur tré (orðatiltæki) Hið sterkasta/öflugasta getur einnig brugðist/bilað/ látið undan. Vísar til þess að jafnvel viður úr Krists krossi, eða eftirlíking hans, getur látið undan; hversu trúaðir sem menn eru á ágæti hans. Sjá *krosstré.*

Svo ekki sé minnst á (orðtak) Að ógleymdu; nauðsynlegt er að nefna/ muna eftir. „Það hafðist fyrir harðfylgi smalanna að ná fénu í rétt; svo ekki sé minnst á litla stubbinn sem stóð fyrir“.

Svo er að sjá (orðtak) Það lítur þannig út; svo virðist. „Svo er að sjá að þarna hafi engin kind komið“.

Svo er margt sinnið sem skinnið (orðatiltæki) Menn eru ein misjafnir og þeir eru margir. Mikið notað.

Svo er sagt (orðtak) Það segir almannarómur; ég heyrði það svona; *svo segir sagan.* „Það ku víst vera barn á leiðinni hjá þeim; eða svo er sagt; ekki veit égðað“! Nokkuð mikið notað meðan enn voru sagðar kjarngóðar slúðursögur í Rauðasandshreppi, og þá gjarnan með tilvitnaðri viðbót.

Svo ergist hver sem hann eldist (orðatiltæki) Vísar til þess að á efri árum er stundum minni þolinmæði og leikgleði í mönnum; elli og sjúkdómar geta kallað fram ergelsi og kvartanir. Spekin kemur m.a. fyrir í Færeyingasögu og er þar talin forn. Brugðið upp af Kollsvíkingum til þessa dags.

Svo fór / Svo fóru leikar (orðtök) Þannig lauk atburðarrásinni; það endaði svo. „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum“ (PG; Veðmálið).

Svo flýgur hver sem hann er fjaðraður (orðatiltæki) Fugl flýgur eins og útlit hans ber með sér. Sama líking gildir um mannsekjur; geta þeirra er misjöfn og svo verður einnig um verk þeirra og störf.

Svo fremi (að) (orðtak) Að því marki; svo framarlega; með því skilyrði. „Féð er allt komið heim að húsum, svo fremi ég veit“. „Ég mun koma; svo fremi ég verði enn tórandi“.

Svo getur heimskur spurt að enginn viti svarið (orðatiltæki) Til eru þær spurningar sem engin svör eru við.

Svo gott / Svo vel (orðtök) „Það er ekki svo gott að tunnan haldi vatni“. „Ekki býrðu svo vel að þú getir lánað mér saltlúku þar til ég fer næst á Eyrar“?

Svo gott sem / Svogottsem (orðtak) Hér um bil; samasem; nærri því; *að kalla; svo nær sem; má heita; nærri lagi.* „Hálsinn er svo gott sem ófær“. Oft framborið eins og eitt orð væri, og ætti því e.t.v. að skrifast þannig. „Litla gryfjan er svogottsem full“.

Svo grenja grísir sem gömul svín (orðatiltæki) Hinir yngri stagla oft það sama og þeir lærðu af þeim eldri, eins og sjá má t.d. af ungliðum í gömlum stjórnmálaflokkum.

Svo heimskur að það þornar ekki úr honum hlandið (orðtak) Niðrandi ummæli um frámunalega heimskan mann. Var nokkuð tiltækt sumum Kollsvíkingum þegar hneykslast þurfti á vitgrönnum mönnum.

Svo ku vera / Það er víst (orðatiltæki) Notað sem andsvar og þýðir nokkurnvegin það sama og „já“.

Svo langt sem augað eygir (orðtak) Eins langt og séð verður. „Íshröngl var á sjónum til norðurs; svo langt sem augað eygði“.

Svo langt sem ég veit (til) (orðtak) Að því er ég best veit; samkvæmt minni vitneskju; samkvæmt mínu minni. „Þetta hefur ekki skeð áður, svo langt sem ég veit til“.

- Svo langt sem það nær** (orðtak) Eins og það dugir til; með sínum takmörkunum. „Ég endurnýtti hleðslugrjótið við uppbygginguna, svo langt sem það náði; en nokkra viðbót þurfti til að ljúka við vegginn“.
- Svo (lengi) lærir sem lifir** (orðatiltæki) Þessi speki er sígild og sönn, og oft var gripið til hennar af Kollsvíkingum; líklega ekki síst þegar nýjungar héldu innreið sína á tækniöld.
- Svo lengi má keipa/sarga að einn fáist** (orðatiltæki) Vísar til þess að oftast fæst einn fiskur ef nógu lengi er skakað/reynt. Yfirfært á marga hluti, t.d. það að ef nöldrað er nógu lengi þá gæti hinn látið undan.
- Svo lengi sem** (orðtak) Eins lengi og; eins langt og nær. „Ég held áfram að berjast fyrir þessu málefni svo lengi sem ég lifi og *held* fullum *sönsum*“.
- Svo má vondu venjast að gott þyki** (orðatiltæki) Unnt er að venjast/aðlagast furðu mörgu, jafnvel því sem við fyrstu reynslu þykir afleitt og fráhrindandi.
- Svo mörg voru þau orð** (orðatiltæki) Þannig hljóðaði það; þannig var þetta sagt. Stundum viðhaft sem viðkvæði þegar t.d. einhver hefur sagt eitthvað sem öðrum kemur á óvart eða þykir ótrúlegt.
- Svo verður hver að liggja sem hann hefur um sig búið** (orðatiltæki) *Hver er sinnar gæfu smiður*; menn verða að búa við þær aðstæður sem þeir hafa skapað sér.
- Svo (lengi) má brýna deigt járn að bíti** (orðatiltæki) Oftast notað um það að jafnvel friðsömustu menn geta orðið skeinuhættir ef mikið er að þeim þjarmað.
- Svo má sveigja bogann að hann brest** (orðatiltæki) Notað í líkingamáli um það að menn geta farið yfir mörkin í einhverju tilliti. T.d. er skyld líking að „*spenna bogann of hátt*“ þegar menn okra í viðskiptum.
- Svo má illu venjast að gott þyki** (orðatiltæki) Með þessum orðum hafa menn trúlega oft sætt sig við það sem ekki hefði þótt mannsæmandi í nútímaþjóðfélagi. Oft vitnað til í Kollsvík.
- Svo má kerfið fylla að útúr flói** (orðatiltæki) *Öllu má ofgera*. Mikið notað í líkingamáli.
- Svo má leiður ljúga að ljúfur verði að trúa** (orðatiltæki) Svo sennilega getur skúrkurinn logið að hinn hrekklasi/einfaldi trúu því.
- Svo má lengi keipa að einn fáist** (orðatiltæki) Alltaf er von um einn (fisk). Keipa merkir að skaka færi í sjó.
- Svo mikið er víst** (orðtak) Áherslusening til að fylgja eftir fullyrðingu. „Ég skal ekki segja hvort búið sé að hreinsmala Bjargið, en Stígurinn er fjárlaus; svo mikið er víst“.
- Svo nær/næst sem** (orðtak) *Mikiðstil*; nærri því; nær alveg; *svo gott sem*. „Það vildi til að fatan var svo nær sem tóm þegar kálfurinn hellti henni niður“.
- Svo og svo** (orðtak) Með ýmsu móti. „Aflinn gat verið svo og svo mikill hverju sinni, en fyrirhöfnin var alltaf mikil“. „Hann þóttist hafa séð svo og svo margar kindur, en ég held að hann hafi ekkert fundið þarna“.
- Svo orð sé á gerandi/hafandi** (orðtak) *Sem vert er að nefna*; verulega. „Ekki var skipið beinlínis veikbyggt svo orð væri á gerandi, en sterkt var það heldur ekki“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Svo rætist hver draumur sem hann er ráðinn** (orðtak) Drauma og ýmislegt fleira er oft unnt að útleggja og skýra á þann hátt sem henta þykir. Misjafnt var í Kollsvík sem annarsstaðar hve mikið mark var tekið á draumum, en til var fólk, og er enn, sem dreymir spádrauma sem furðu oft rætast. En á hverjum tíma eru þeir einnig til sem taka slíkt af mestu vantrú og kalla *kerlingabækur*; segja; „*ekki er mark að draumum*“.
- Svo segir sagan** (orðtak) Svo er sagt; það er fólk að segja; þannig er slúðrað. „Það gengur víst upp og niður með samlyndið á þeim bæ; eða svo segir sagan, ekkiveit ég“!
- Svo sem / Svosem** (orðtak/ ao) Líkt og; í líkingu við; nokkurnvegin. „Gefðu mér svo sem hálfan bolla“. „Ég get svosem gert þetta fyrir þig“.
- Svo skal bøl bæta að bíði ei annað meira** (orðatiltæki) Úrbætur skulu gerðar þannig að þær valdi ekki meiri skaða.
- Svo/eins talar barn sem á bæ er títt** (orðtak) Börn eru fljót að læra og taka vel eftir. Þau segja gjarnan og *hafa eftir* það sem talað er í kringum þau, og getur það þá verið *eftirtektarvert* á öðrum bæjum.
- Svo um munar** (orðtak) Rækilega; mikið; svo mikil breyting sé á. „Hann hefur lægt svo um munar“.
- Svo uppsker hver sem hann sáir / Svo uppsker hver sem til er sáð** (orðatiltæki) Menn njóta þess árangurs sem þeir hafa undirbúið, hvort sem hann er góður eða slæmur. Iðulega viðhaft þegar árangur sýnir að illa hefur verið staðið að verki; t.d. afli skemmist vegna vansöltunar eða fé magurt eftir slæma fóðrun.
- Svo var ekki meira með það** (orðtak) Ein aðferð sögumanns til að ljúka frásögn. „Svo var nú ekki meira með það; Björgvin gaf mér allan aflann, sem voru átta fiskar og einn ufsi!“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Svo vel sé (orðtak) Með góðu móti. „Þetta er einn afraunasteinninn og heitir Klofi. Er sá vel baggataekur sem lyftir honum svo vel sé“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra“.

Svo verður að segja hverja sögu eins og hún gengur til (orðatiltæki) Frásögnin verður að njóta sannleikans, þó ekki séu allir sáttir við að heyra hann. Einnig; *sannleikurinn er sagna bestur*.

Svo verður hesturinn sem hann er hafður (orðatiltæki) Speki sem vísar til hins sama og að menn uppskeri sem menn sái. T.d. mótar uppeldið börn; fóðrunin afuðir búsmalans o.þ.h.

Svo öllu sé til skila haldið (orðtak) Þannig að grein sé gerð fyrir öllu; þannig að allt komist til skila.

Svoddan (ao) Þannig; *svonalagað*; þvilíkt; slíkt. „Hann ræður ekkert við byrðina; þetta er svoddan *veimiltíta*“.
„Vertu nú ekki að þakka fyrir meðlætið; þetta var *svoddan* óvera“.

Svofelldur / Svohljóðandi / Svólátandi (l) Sem hljóðar þannig/svo. „Skilaði nefndin svofelldu álitu...“
„Fundurinn samþykkti svólátandi tillögu í málinu...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). „

Svokallaður / Svonefndur (l) Nefndur svo/ því nafni. „Við rerum norður á Bætur, svokallaðar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi).

Svoladrumbur / Svolahnyðja / Svolatré (n, kk/kvk/hk) Svert og mikið rekatré. Drumbur á við fremur stutt tré og hnyðja á við trjárót eða tré með mikla rót.

Svolalegur (l) Grófgerður; stór; risavaxinn; ógnvænlegur. „Mér fannst karlinn æði gustmikill og svolalegur“.

Svolamenni (n, hk) Ruddi; rusti; grófgerður/hrikalegur maður.

Svólátandi (l) Þannig; með þeim hætti; svoleiðis. „Hann talaði svólátandi að hann væri þessu samþykktur“.

Svoleiðis (ao) Þannig; á þann veg; *þannigлагаð*. Notað á margan hátt, t.d. inni í setningu: „Ég þekki lítið til svoleiðis hluta“. Einnig oft notað í enda setningar til að leggja áherslu á vafa: „Hann hefur verið við þokkalega heilsu upp á síðkastið; eða svoleiðis“ (áhersla á miðatkvæðinu; „leið“). Einnig stakt sem andsvar til að lýsa skilningi: „Svoleiðis“ (áherslan á upphafsatkvæðinu). Þá er það notað til að auka áherslu; „Hann var kveðinn svoleiðis í kútinn með þetta mál, að hann nefnir það varla aftur á næstunni“. Og sem nafnorðsigildi: „Hvað skyldi svoleiðis kosta“?

Svoleiðis er (orðtak) Þannig er málum háttað; þannig liggur í hlutunum. Notað í upphafi frásagnar: „Ég þarf að bera nokkuð undir þitt álit: Svoleiðist er að“. Einnig í enda andsvars til að lýsa skilningi. „Ég er þá ekkert að ónáða hann, fyrst svoleiðis er“.

Svoleiðis/þannig lagað og litt (orðtak) Þannig liggur í málinu; þannig er málið vaxið. Oftast notað sem andsvar sem gefur til kynna að menn skilji hvernig í málinu liggur.

Svolgra / Svogra í sig (s/orðtak) Þamba; drekka hratt og mikið. „Ég svolgraði í mig nýmjólkina í einum teig“.

Svoli (n, kk) Sá sem er sver/hrikalegur/ógnarstór. „Nautið var heljarmikill rauðusr svoli“.

Svolítill (l) *Ofurlítill; þínulítill; agnarsmár; örlítill*. „Gefðu mér svolitla *sykurlús* í kaffið“.

Svona (ao) Þannig; svo. Oft notað sem nokkurskonar hikorð. „Allt í einu heyrðist kallað úr almenningnum: „Heyrðu Gummi! Komdu og líttu á þennan: Heldurðu ekki að hann leggi sig bærulega, svona að minnsta kosti með þrjátíu og fimm punda skrokk“? (PG; Veðmálið).

Svona eiga menn að vera / Svona eiga sýslumenn að vera! (orðatiltæki) Upphrópun í aðdáun, oftast yfir rausnarskap einhvers. „Kemur hann ekki með vindla! Þetta kann ég við; svona eiga sýslumenn að vera“!
Upphaflega úr leikverkinu Útilegumenn eftir Matthías Jochumsson, um viðbrögð Lárenzíusar sýslumanns.

Svona fór um sjóferð þá (orðatiltæki) Svona endaði þetta; þetta fór ekki vel. „Svona fór um sjóferð þá; hefðirðu farið að mínum ráðum og *keðjað* bilinn, þá væri billinn kannski á báðum hjólunum ennþá“!

Svona og svona (orðtak) *Upp og ofan*; allavega; vel og illa; fremur illa. „Honum gekk svona og svona á prófunum, en náði þó lágmarkseinkunn“. „Aflinn hefur verið svona og svona“.

Svogottsem (ao) Nærri því; hérumbil; eins og sé alveg. „Tunnan var svogottsem full, svo ég þæklaði hana og sló lokið á“. „Þetta er undrameðal; ég var svogottsem dauður þegar þeir helltu því í mig“.

Svohljóðandi (l) Sem hljóðar þannig; þannig skrifað/sagt. „Tillaga kom fram svohljóðandi og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: ...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Svonalagað (l) Svona; þannig; *svoddan*; slíkt. Svonalagað kjaftæði vil ég ekki heyra“! Sjá *þannigлагаð*.

Svonefndur (ao) Þannig látinn heita; þannig sagður; nefndur því nafni. „Þessi svonefndi hóll er nú lítið annað en hundabúfa“.

Svosem (orðtak) Hikorð; þannig; eins og. „Ég get svosem gert þetta fyrir þig“. „Þetta er svosem ekkert sár“

Svunta (n, kvk) A. Klæði sem borið er framaná sér til að hlífa fötum þegar unnið er. Einkum hefur svuntan verið borin af konum við matseld. B. Lítil landspilda, t.d. skák í túni. Svunta var líklega eldra nafn á örnefni Flöt; sléttu svæði ofan núverandi Láganúpsbæjar. Þar framaf var Svuntumýri sem nú hefur veidd ræst fram og er horfin undir sléttur. C. *Mariusvunta* er grænþörungur á grunnsævi (sjá þar). Mariusvunta er einnig nafn á himnu í þorskhaus; sem nefnist einnig kisa.

Svuntubleðill / Svuntutuska (n, kk/kvk) Gæluheiti á svuntu sem borin er við verk/matseld.

Svuntuvasi (n, kk) Vasi á svuntu. „Oftast bar þetta tilætlaðan árangur, og kom þá gamla konan með eitthvað gott í svuntuvasa sínum og gaf okkur“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Svæði (n, hk) Landspilda; yfirborð; blettur. „Þetta svæði er alveg ósmalað enn“. Stofnaskilt „svið“.

Svæfilver (n, hk) Koddaver. „Stelpur voru látnar æfa sig í að sauma út, strax og þær gátu haldið á nál (ca 7-9 ára), og þá byrja að sauma kontorsting og gjarnan í svæfilver“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Svækja (n, kvk) Hiti og raki. „Óttaleg svækja er núna í fjárhúsum“. Það var hitasvækja niðri í bjarginu“.

Svækjuhiti (n, kk) Mikill hiti í röku lofti. „Skelfing er þessi svækjuhiti leiðinlegur þegar maður er í puði“.

Svæla (n, kvk) Stybba; þungt loft; mikill reykur. „Mikla svælu lagði frá bálinu“.

Svæla (s) A. Reykja. „Pípureykingamönnum þótti lítið til þess koma ef þeir þurftu að svæla sigarettur“. B. Reka út með reyk. „Okkur tókst að svæla tófuna úr greninu“. C. Sölsa undir sig; fá með prettum. „Honum tókst að svæla lambhrútin úr karlinum“. Oftar þó notað „*særa út*“ í sömu merkingu.

Svæla í sig (orðtak) Borða þó ekki þyki það gott. „Það má alveg svæla þessum pissulufsum í sig í harðindum, en ekki vildi ég þurfa að lifa á þessum fjanda langtímum saman“.

Svæla út (orðtak) Hrekja út með reyk. „Yrðlingarnir voru svældir út eftir að bæði dýrin höfðu náðst.“

Svæsinn (l) Ákafur; ofsafenginn; erfður; harður. Einkum notað um veikindi, en einnig um veðurfar; gróft orðalag og harðan atgang. „Lungnabólgan varð ansi svæsin“. „Hann gerði all svæsið norðanáhlaup“. „Ég sit ekki undir svona svæsum aðdróttunum“!

Svöðusár (n, kvk) Mikið sár. „Þetta var reyndar ekkert svöðusár, en það blæddi töluvert“.

Svöðuskurður (n, kk) Djúpt/mikið skurðsár. „En á leiðinni dettur hann og sker sig svöðurskurð, þvert yfir lófann“ (AE; Ljós við Látraröst).

Svölun (n, kvk) A. Kæling. Sjaldan í þeirri merkingu. B. Hugarhægð. „Hann má alveg hafa þessa trú ef honum er einhver svölun í því, en þetta er ekkert nema hindurvítni“.

Svörður (n, kk) Grasrót; torf. „Hann liggur á grúfu, með hendurnar grafnar niður í svörðinn, en fætur fram á brún“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). Sumsstaðar þurftu að nýta svörð til eldiviðar áður fyrr, en í Kollsvík var gnægð af mó og fjörumori til slíks.

Svörugur (l) *Kjaffifor*; svarar fullum hálsi. „Henni fannst strákurinn vera svörugur og ókurteis“.

Syfja (n, kvk) Þreyta; svefnlöngun; *dos*. „Óskaplega sækir á mig syfja, allt í einu“. „Seggur nú af syfju frí/ sínu ráði hastar:/ Hellisbúans eina í/ auga hnútu kastar“ (JR; Rósarímur).

Syfja (n, kvk) Þörf fyrir svefn; hneigð til svefns. „Ansi sækir nú að mér syfja allt í einu“.

Syfja (s) Verða svefnþurfi/þreyttur. „Mig er farið að syfja dálítið; ætli ég fari ekki að draga mig í háttinn“.

Syfjaður (l) Þurfandi fyrir svefn; með löngun í svefn. „Við vorum orðnit þreyttir og syfjaðir“.

Syfjulega (ao) Þreytulega; með syfju. „Hann sagði þetta fremur syfjulega og áhugalaust“.

Syfjulegur (l) Þreytulegur; svefnþrúkkinn. „Skelfing ertu nú orðinn þreytulegur, enda ekki furða“.

Sykur (n) Sætt, hvítt, kornótt efni. Algengara var að hafa heitið í hvorugkyni, en nú er það eingöngu í karlkyni „Farið sparlega með sykrið á pönnukökurnar strákar; ég fer að verða dálítið tæg af því“. „Ekki má vanta í þetta sykurni“.

Sykurkassi (n, kk) Kassi með/undan molasykri. Molasykur var fyrrum seldur í þykkum 50 punda pappakössum. Algengt var að hvert heimili keypti slíkan kassa í einu, enda var molakaffi mikið drukkið.

Sykurlella (n, kvk) Sykurleðja; bleyttur sykur. „Settu nú ekki meira sykurni útí; þetta er ekkert nema sykurllella“!

Sykurulás / Sykurkorn / Sykurögn (n, kvk/hk) Lítil skammtur af sykri. „Áttu nokkuð sykurlús handa mér. úti kaffið“? „Mér finnst gott að hafa dálitla sykurlús úti tesopann“.

Sykurmoli (n, kk) Molasykursmoli. „Gefðu mér nú tvo sykurmola úti kaffið“.

Sykursalta (s) Salta með blöndu salts og sykurs. Þannig er gjarnan saltað bæði kjöt og fiskur (síld).

Sykurtöng (n, kvk) Sérstök töng til að klípa í sundur sykur/kandís. „Réttu mér sykurtöngina; ég skal ná í sundur kandísmolanum fyrir ykkur“.

Sykurvatn (n, hk) A. Sykrað/sætt vatn. B. Niðrandi heiti á gosdrykkjum, einkanlega í fyrstu.

Sylla (n, kvk) A. Hilla; grasgangur/klettasylla í bjargi/klettum. „Þarna niðri á syllunni er ansi þétt varp“. B. Láréttur biti í húsgrind; *lausholt; vegglægja; brúnás*.

Syllubrík / Sylluskák (n, kvk) Mjó sylla í bjargi. „Maður losar sig ekkert úr spotta á þessari syllubrík“. „Það var furðu mikið varp á sylluskákinni“.

Syllubrún (n, kvk) Frambrún á syllu/hillu í bjargi. „Stígðu varlega á syllubrúnina; hún er *laus í sér*“!

Synd (n, kvk) Yfirsjón; brot á réttu hegðun. Orðið er gamalt í málinu og kenningar ekki samhljóða um uppruna þess. Líklegt er að það sé samstofna „sundur“ og vísi til útleðar þess sem brotið hefur af sér.

Synda (s) Hreyfa útlími og skrokk taktfast og markvisst í vatni eða sjó, til að halda sér á floti og komast áfram. Sjá *sund; sundkennsla*.

Synd að segja (orðtak) Sjá *væri synd að segja*.

Synda fyrir (orðtak) Komast hjá; sleppa við. Oftast notað í líkingamáli: „Það verður ekki synt fyrir þá staðreynd að Hesthúsið er fírna gamalt; þó deila megi um ártalið“.

Syndabað (n, hk) Gæluheiti á skrokkþvotti/baði. „Farðu nú að drífa þig í þitt syndabað drengur“!

Syndagjöld (n, hk, fto) Afrakstur slæmra gerða/mistaka. „Ég hefði betur rakað upp í gærkveldi; þá hefði flekkurinn ekki rignt í nótt. Það verður víst hver að bera sín syndagjöld“.

Syndajátning (n, kvk) Viðurkenning á að maður hafi syndgað/ gert rangt. „Ætli ég verði ekki að gera þá syndajátningu að ilmurinn er ættaður úr mínum bók“.

Syndaregistur (n, hk) Ímyndaður listi yfir mistök/syndir/klúður. „Enn bætist á syndaregistur þessarar ríkisstjórnar. Ekki veit ég við hvað þetta ætlar að lenda“!

Syndaselur (n, kk) Sökudólgur; ódámur. „Ætli ég sé ekki sjálfur syndaselurinn í þessu máli“.

Syndasvefn (n, kk) Djúpur/þungur svefn; allt of langur svefn. „Þvílíkur syndasvefn var þetta; ég hlýt að hafa verið orðinn nokkuð lúinn eftir hlaupin í gær“! Vísar til vinnukergju fyrri tíma, þegar þrotlaus vinna var höfuðdyggð en svefn og hvíld var nánast höfuðsynd“.

Syndga uppá náðina (orðtak) Nýta sér góðvilja; vera ágengur. „Mætti ég nokkuð syndga uppá náðina og sníkja af ykkur eina gistinótt í viðbót“? Merkir í raun að syndga í þeirri von að hljóta guðs fyrirgefningu.

Syndsamlega (ao) Mjög; yfirgengilega; *blöskranlega*. „Mér finnst orðið syndsamlega mikið af fé í túninu“.

Syndumhrjáður (l) Hlaðinn af misgjörðum/skammarstrikum. „Ætli maður láti ekki þessa syndumhrjáðu túnrollu fara á sláturhús núna“. „Skyldi sá syndumhrjáði flokkur fá einhver atkvæði í næstu kosningum“?

Syndur (l) Kann að synda.

Syngja (s) A. Kveða ljóð þannig að tóntegund og hljóðfall myndi áheyrilega samfellu; með eða án undirspils á hljóðfæri. Söngur er manninum eðlislægur, þó menn geri misjafnlega mikið af því. Sumir eru sífellt syngjandi, en aðrir bera það varla við. Þjóðtrúin segir að ekki megi fiskimenn syngja eða kveða við veiðiskap eða vararrúðning; því fylgi ógæfa (JÁ; Þjs). B. Flytja messu.

Syngja í (orðtak) Heyrast hátt í. „Hann skellti hurðinni svo söng í, þegar hann strunsaði út í fússi“. „Ætli það eigi ekki eftir að syngja í karlinum þegar hann kemst að þessu“?

Syngja í rá og reiða (orðtak) A. Hvína í siglutré og reiða báts í miklum vindi; braka í reiða við mikil átök. B. Líkingamál um há hljóð í umhverfinu af tilteknum orsökum; *bylja í*. „Kerran rakst í húshornið, svo söng í rá og reiða“.

Syngja í símalínunum (orðtak) Símalínur lágu milli flestra bæja í sveitum um miðbik 20. aldar, eða þar til sími var lagður í jörð og loftsamband. Þegar vindur hafði náð vissum vindstyrk, sem var nálægt roki, tóku símalínurnar að enduróma þannig að hár tónn myndaðist sem heyrðist greinilega í húsum sem þær lágu í, og einnig í nokkurri fjarlægð frá þeim á víðavangi. Þessi sérstæði söngur sveitanna er nú þagnaður.

Syngja/hvína/þjóta í tálknunum (á einhverjum) (orðtak) Hvína í; skammast. „Það söng hressilega í tálknunum á karlinum þegar hann komst að þessum hrekkjum unglínganna“. Niðrandi mannlýsing.

Syngja sitt síðasta (orðtak) Vera komin að fótum fram; á síðasta skeiði sinnar tilveru. Vísar líklega til þess að trúað fólk fer líklega oft með bænir þegar dauðastund nálgast, og hefur e.t.v. verið meira um það fyrrum; á tímum strangtrúnaðar og kaþólsku. Þegar menn syngja sitt síðasta er dauðinn stutt undan. Gjarnan notað nú á tímum um hluti sem eru að verða ónýtir. „Þessi rekuræfill fer nú að syngja sitt síðasta“.

Syngja úr hlaði (orðtak) „Á höfðingjasetrum mun það hafa tíðkast, einkum á 18. og 19. öld, að syngja menn úr hlaði og taka á móti þeim með söng. Fór þessi athöfn fram á ákveðnum stöðum á leiðinni frá eða að bænum; oftast rétt neðanvið túngarð. Söngholt voru tvö í Sauðlauksdal. Liggur Ranglátur, sandgræðslugarður Björns Halldórssonar yfir neðra söngholtið. Á báðum Söngholtunum eru leifar af mannvirki; ferstrendri vörðu eða byrgi, ca 1,5m á kant“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Syngja yfir (einhverjum) (orðtak) A. Jarða/jarðsyngja einhvern. B. Skamma einhvern mikið.

Syngjandi bólakaf (orðtak) Niður í djúpið. „Hnífurinn er kominn á syngjandi bólakaf; árans klaufaskapur“!

Syngt og heilagt (orðtak) *Æ ofaní æ; sífellt; án afláts*. Líkingin kann að vísa til þess að mönnum hafi leiðst hinir langdregnu söngvar og helgihald sem eitt sinn var skylda að sækja. Orðtakið var mikið notað í Kollsvík og nágrenn. „Vertu nú ekki að þessu suði drengur; syngt og heilagt“!

Syngur hver með sínu nefi (orðtiltæki) Hver maður hefur sitt orðalag og tóntegund um það sem hann vill tjá sig um.

Syngur í tálknunum á (einhverjum) (orðtak) Einhver skammast/rífst mikið. „Heldur söng í tálknunum á kerlu þegar karlinn drattaðist draugfullur heim; komið langt framyfir mjaltir“. Líking við að vera svo óðamála að munnur dugi varla til að koma málæðinu útúr sér.

Synja fyrir (orðtak) Sverja fyrir; neita; þræta fyrir. „Ekki ætla ég alveg að synja fyrir að ég komist með ykkur, ef vel gengur með hirðinguna í dag“.

Synja um (orðtak) Neita um. „Ekki synja ég þér um hnífinn, en þú bara passar þig á honum“!

Syrja (n, kvk) Seyra; sori; for. Syrjuni undan kömrum var áður ekið á tún og hún notuð sem áburður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Syrjulitur (n, kk) Soralitur; dökkur litur. „Óttalegur syrjulitur er á vatninu núna“!

Syrpa (n, kvk) A. Safn; samfelld röð. „Við ættum að ná að *vitja um* alla netasyrpuna á Breiðuvíkinni í dag“. B. Um veður; óveður; eljagangur og hvassviðri um tíma.

Syrta (s) Dimma yfir. „Hann er að syrta ansi *skarpt* í loftið núna“. „Ári syrtir hann að, allt í einu“!

Syrta að með skúr/éli / Syrta í lofti / Syrta yfir (orðtök) Um veður; dimma að; dimma í lofti; dimma yfir.

Syrta/dökkna/sortna í álinn (orðtak) Versna í því; útlitið að versna; líta ekki vel út; *þústa að*. „Það syrti verulega í álinn hjá okkur þegar vélin bilaði“. Líklega vísar orðtakið til þess að vaðið sé yfir á, en litur hennar dökknar ef dýpið eykst, sem gæti þýtt það að snúa verði frá.

Systkin / Systkini (n, hk, fto) Bróðir/bræður og systir/systur. Báðar orðmyndir heyrðust í Kollsvík.

Systkinaerjur / Systkinarígur (orðtak) Ósamkomulag milli systkina.

Systkínasvipur (n, kk) Líkindi/samsvörun í útliti milli systkina. „Það er mikill systkínasvipur með þeim“.

Sytra (n, kvk) Lækur með afar litlu rennsli; *vætl; seytl; sigt*. „Dálítill sytra rennur stundum um Kollsvíkurtó á kafla, en hverfur alveg í miklum þurrkum“. Einnig er notuð sögnin *að sytra* um lítið rennsli.

Sytra (s) Vætl/renna/leka í litlu magni. „Þarna sytrar dálítið vatn úr klettinum“.

Sysífosarvinna (n, kvk) Síendurtekin vinna án enda og sýnilegs tilgangs. Líking við vinnu Sysífosar sem er þjóðsagnapersóna í grískri goðafræði. Honum voru dæmd þau örlög í undirheimum að velta sífellt niðþungum steini upp bratta brekku, en þegar á brekkubrún var náð valt steinninn niður aftur og hann þurfti að puða honum upp aftur; æ ofaní æ. „Mér finnst þetta nú hálfgerð sysífosarvinna, og alveg tilgangslaus“!

Sý / Sýg / Sýþráður (n, hk) Þráður sem felldur er í súð og rifur trébáta til þéttingar. Sýið var fyrrum úr togi, en síðar úr hampi; oftast tjargað eða þétt með öðru maki. Til skamms tíma enn notað t.d. í pípulagningum.

Sýhefill (n, kk) Hefill til að taka spor langseftir borði/skeyti í bát, svo þar megi fella í sý/sýþráð.

Sýki (n, kvk) Veiki; pest. „Einhver árans sýki er í þessum rófum núna“.

Sýkill (n, kk) *Sóttkveikja*; örvera sem veldur sýkingu/pest/veiki; sjúkdómsvaldur; *meinvaldur*. Sýkill getur verið frumdýr, sveppur, baktería, veira, bandórmur, þráðormur, agða eða liðdýr.

Sýking (n, kvk) A. Smit milli manna/dýra af veiki/pest. B. Það að bakteríur/sóttkveikjur komist í sár.

Sýkja (s) Smita; bera pest/veiki milli manna/skepna.

Sýkn / Sýkn saka (l/orðtak) Saklaus. „Núna er ég alveg sýkn saka af því að hafa stolið vasahnífnum þínum“.

Sýkna (n, kvk) Sakleysi.

Sýkna (s) Leysa undan sök; gefa upp sakir. „Brjóti nokkur þrisvar á ári getur hann sýknað sig sjálfur með því að skrifa fjelaginu afsökunarbrjef...“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).

Sýknt og heilagt (orðtak) Alltaf; *í tíma og ótíma*. „Hættu nú að *klifa á* þessu sýknt og heilagt“. Sýkn dagur merkti fyrrum virkur/*rúmhelgur* dagur; dagur þegar refsingarlaust var að vinna. Því er merkingin; „bæði um virka daga og helgidaga“. (HH; Ísl. orðtakasafn). Orðtakið hefur brenglast með tímanum, og er nú málvenja að segja „*signt og heilagt*“, án þess að unnt sé að rökstyðja uppruna þess.

Sýla (s) Um hluti; ísa; verða *klakabrynjaðir*; fá á sig grýlukerti. „Þökin eru byrjuð að sýla“.

Sýlaður (l) Klakabarin; klökugur; ísaður. „Klettarnir eru allir sýlaðir og hættulegt að klifra um þá“.

Sýling (n, kvk) A. Eyrnamark búfjár; tekinn er broddurinn af og v-laga bútur ofan af og niður í eyrað. B. Þríhyrnd úrtaka úr efni eða landsvæði. „Sjálfr Skorin er sýling sem gengur inn í sjávarhamrana...“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Sýll (n, kk) Alur; nafar. „Veistu nokkuð hvað hefur orðið um sýllinn“? Sýling/sýll er líklega upphaflega heiti á fleyg eða því sem er fleygmyndað, og hefur því t.d. átt við grýlukerti. Stofnskyllt heitinu „súla“.

Sýlspikaður (l) Akfeitur; mjög þéttholda. „Silungurinn var svo sýlspikaður að fellingar voru í hnakkanum“.

Sýn (n, kvk) A. Sjón. B. Það sem sést. „Þetta var *kúnstugasta* sýn sem ég hef nokkur tíma séð“! C. Vitrun; það sem maður þykist sjá en er ekki raunverulegt/ þessa heims.

Sýna (s) Láta sjá/skoða.

Sýna af sér (orðtak) Láta; láta í ljósi; vera með; vera í háttum; *hafa í frammi*. „Mér finnst hann hafa sýnt af sér vítavert kæruleysi með þessu framferði“.

Sýna af sér rögg (orðtak) Sýna framtak/dugnað; vera röskur. „Hann þarf að sýna af sér meiri rögg á þingi“.

Sýna (einhverjum) agt/virðingu (orðtak) Bera virðingu fyrir; hlýða. „Ég hef nú aldrei sýnt sýslumönnum mikla agt í þessu og ætla ekki að byrja á því á gamalsaldri“! Sjá *agt*.

Sýna á leið / Sýna áleiðis / Sýna í áttina (orðtök) *Fylgja/vísa áleiðis; vísa í áttina*; benda manni til vegar; fylgja manni á leið; fylgja fjárhóp eftir áleiðis í rétta stefnu.

Sýna á sér fararsnið (orðtak) Láta sjást að maður sé á förum; ferðbúast. „Hann sat góða stund í kaffi, en undir hádegisfór hann að sýna á sér fararsnið“.

Sýna framá (orðtak) Sannfæra; leiða í ljós; leiða fyrir sjónir. „Ég reyndi að sýna þeim framá hve arfavitlaus þessi hugmynd væri, en það var *eins og að tala við grjótið*“!

Sýna hvað í manni býr (orðtak) Sýna hvað maður getur. „Sýndu okkur nú hvað í þér býr og komdu steinvölunni uppá stallinn“.

Sýna hvern mann hefur að geyma (orðtak) Sýna hvernig innrætið er. „Þarna sýndi hann ágætlega hvern mann hann hefur að geyma“.

Sýna (einhverjum) í tvo heimana (orðtak) Veita ráðningu; lumbra á. „Ef ég næ á þá andskota sem *skáru* fyrir okkur *í sjó*, þá skal ég sýna þeim í tvo heimana; *að mér heilum og lifandi*“! Vísar til þess að hálfðrepa einhvern; þannig að hann sjái um stund inn í heim framlíðinna áður en hann snýr aftur í þennan heim.

Sýna (vilja) í verki (orðtak) Leiða í ljós með verkum sínum. „Það er ekki nóg að segjast ætla að gera þetta; þú verður að sýna það í verki“!

Sýna lit/svipmót á (orðtak) Sýna viðleitni; leitast við. „Ætli maður verði ekki að sýna einhvern lit á að mæta í þessa veislu, þó ég hafi takmarkaðan áhuga á því“. „Hann hefur ekki sýnt neitt svipmót á því að klára það verk sem hann var byrjaður á“.

Sýna mótþróa (orðtak) Þumbast/þverskast/móast við; láta ekki vaða yfir sig. „Bændur hefðu vel mátt vera fleiri sem sýndu mótþróa gegn þeirri stjórnarstefnu sem lagði byggðirnar í eyði“.

Sýna sig (orðtak) Koma í ljós; birtast. „Það sýnir sig vel núna hvað þetta var nauðsynleg aðgerð“. „Þó var nóg af smáfiski, en sá stóri sýndi sig ekki“.

Sýna sig að (orðtak) Vera í raun; gera; *verða uppvís að*. „Hann hefur ekki sýnt sig að neinu öðru en velvild í okkar garð, hvað sem líður öllum sögusögnum“.

Sýna sínar bestu hliðar (orðtak) Sýna það sem maður getur best gert.

Sýna sóma (orðtak) Bera virðingu fyrir; sýna ræktarsemi/umhyggju. „Þessari vél var lítill sómi sýndur undir lokin, og segja mátti að hún *drabbaðist niður*“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Sýna (einhverjum) eitthvað svart á hvítu (orðtak) „Hann þóttist ekki skilja þetta, svo ég ákvað að sýna honum það svart á hvítu“. Sjá *sjá svart á hvítu*.

Sýna (einhverjum) virðingu (orðtak) Bera virðingu fyrir; sýna auðmýkt gagnvart; taka mikið tillit til

Sýnast (s) Virðast; finnast. „Mér sýnist þetta lamb vera sjónarmun vænna“. „Ég segi bara það sem mér sýnist“!

Sýnd veiði en ekki gefin (orðtak) Ekki búið að ná, þó greint hafi verið; *ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið*. „Það kom í ljós að tréð var sýnd veiði en ekki gefin. Það kostaði bölvað basl að bjarga þessu undan sjó“.

Sýndur (l) Farinn að sjá. „Hvolparnir voru byrjaðir að stækka, en ennþá ekki orðnir sýndir“.

Sýndarmennska (n, kvk) *Uppgerð; látalæti*. „Þetta er nú bara sýndarmennska í honum“.

Sýnilega (ao) Greinilega; *bersýnilega*. „Viðgerðin á girðingunni hefur sýnilega ekki verið nægileg“.

Sýnilegur (l) Sem sést. „Belgurinn var dökkur og illa sýnilegur í þokunni“.

Sýnishorn (n, hk) Sýniseintak; lítill hluti einhvers, ætlaður til sýnis og marks um annað. „Þetta orðasafn er einungis sýnishorn þess fjölskrúðuga málfars sem notað var í Kollsvík og nágrenni á síðari tímum“.

Sýnt um (orðtak) Fær í; hæfur til. „Hann er ágætur bóndi, en honum er ekki vel sýnt um fjármálin“.

Sýnu betri/ meiri (orðtak) Sjónarmun betri/meiri. „Það er sýnu meira í þessu glasi en hinu; þó ekki miklu“.

Sýra mat (orðtak) Láta mat súrna til að hann geymist. „Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra. Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; *ein sér*, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð *drykkjarblanda*“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Sýra (n, kvk) *Drukkur*; mysu. „Ekki var venja að hafa mat með sér á sjóinn, aðeins venjulega sýrublöndu til drykkjar, því stutt var útivistin venjulega“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum). „Áfunum sem komu þegar strokkað var og mysunni af skyrinu var safnað í tunnu og látið súrna. Af áfunum kom þykk hvít sýra (*súr*). Í smástraum var hún við botn tunnunnar en í stórstraum kom hún upp á yfirborðið. Var hún höfð til matar; *ein sér*, eða höfð út á graut. Þegar mysan súrnaði var hún notuð til að sýra mat og einnig blönduð vatni og notuð til drykkjar; þá kölluð *drykkjarblanda*“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Sýrublanda (n, kvk) Sýra, þynnt með vatni. „Þá er farið að hita kaffi og tekið til nesti; og ekki má gleyma blöndukútnum. Í honum er sýrublanda og er hún góð við þorsta“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Ekki var venja að hafa mat með sér á sjóinn; aðeins venjulega sýrublöndu til drykkjar, því stutt var útivistin vanalega“ (ÖG; Þokuróður).

Sýruflaska (n, kvk) Flaska með sýru til drykkjar. „Þeir voru með eina sýruflösku og ég setti hana á munninn og teigaði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Sýrutillag (n, hk) Sýruskammtur háseta til vertíðar. „Sama sýrutillag (80 merkur fyrir 12 vikna vertíð) var í verstöðvum norðan Bjargs og í Breiðafirði“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH).

Sýrutunna (n, kvk) Tunna af/fyrir/undan sýru. „Okkur strákunum þótti fátt betra en stelast í sýrutunnuna með ausu og ná okkur í *hnausþykkan* og *gallsúran súr* af botninum“.

Sýsl (n, hk) Starfi; dund; verk. „Hann getur legið *tímunum saman* yfir þessu sýsli sínu“.

Sýsla (s) Starfa; vinna við; dunda. „Hann er úti í verkfærahúsi, eitthvað að sýsla“.

Sýsla (n, kvk) A. Löggæslu- og skattheimtuumdæmi. Í Jónsbók merkir heitið embættissvæði. Noregskóngur hóf að útbyta sýslum til höfðingja á 12.öld. Goðorð til forna höfðu ekki skýr landfræðileg mörk, en með Jónsbók var llandinu skipt í 12 umdæmi sem nefndust þing. Fyrir hverju þeirra fór umboðsmaður kónigs; sýslumaður. Síðari tíma skipting landsins í sýslur kom til á 16.öld. Næsta stóra breytingin varð árið 1989, þegar löggæsluvald og dómvald var aðskilið. B. Umráðasvæði *sýslumanns* í Kollsvíkurverri. „„Sýslan“ var þá fjaran frá flæðarmáli og uppí Syðrikletta, sem kallaðir voru. Það var eins og gerðist í þá daga; þá voru hvergi til klósett...“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri). Sá siður að sýsla væri svæði þar sem vermenn gengu örna sinna og sérstakur sýslumaður hafði á hendi þrifaftirlit, virðist hafa verið útbreiddur á Vestfjörðum og í Breiðafirði. A.m.k. var slíkt við lýði t.d. á Gjögri; við Djúp og í Oddbjarnarskeri.

Sýsla við (orðtak) Fást við; gera; starfa; dunda; *bjástra við*. „Hvað ert þú að sýsla við *þessa dagana*“?

Sýslugjald (n, hk) Gjald sem innheimt var í Kollsvíkurverri fyrir sýsluna; eftirlit á aðstöðu til hægða. „Svo þegar leið á þá höfðum við ekki einurð í okkur til að rukka inn sýslugjöldin sem kölluð voru“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).

Sýslumaður (n, kk) A. Raunveruleg merking; æðsti opinber embættismaður sýslu. B. Sá sem hafði á hendi „sýsluna“. „Sýslur voru þar nefndar er vermenn gengu helst örna sinna, sem einnig var kallað *ad flytja lögmann*. Rolluskúti undir Norðariklettunum var t.d. mjög fjölsótt sýsla, þótt víðar væri leitað vars“. (KJK; Kollsvíkurverri). „Það var alltaf regla í Kollsvík að þeir sem reru þar í fyrsta skipti í þeirri verstöð áttu að *glíma um sýsluna* og sá sem féll var útnefndur sýslumaður. Sýslan var fjaran frá flæðarmáli og upp í Syðrikletta sem kallaðir voru. Það var eins og gerðist í þá daga; þá voru hvergi klósett. Þetta svæði urðu menn að nota sem klósett. Svona viðvaningar; nýliðar, þeir áttu að glíma um hver væri sýslumaðurinn; yfirmaðurinn á þessu svæði og annast þríf á því. Innheimta síðan gjald fyrir hvern mann sem notaði svæðið;

gengi þar örna sinna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri). C. Gæluheiti á hníf til sjós. Einkum var þetta heiti viðhaft þegar hnífurinn var notaður til að skera net/fiskilínu annars sem lögð hafði verið yfir veiðarfæri. Síður var að reyna að draga að tengslum; leysa í sundur og binda aftur neðanvið veiðarfæri þolandans. Þyrfti að skera –láta sýslumanninn ráða- var reynt að hnýta eða setja bauju á stubbana. Sumir virtu það ekki heldur skáru í sjó, sem var talið óþokkabragð. „Hefur nú ódámurinn enn lagt ofaní. Hana, réttu mér sýslumanninn“!

Sýslumannsvæfla (n, kvk) Lítið álit á sýslumanni, sem stundum örlaði á meðal hinna sjálfstæðu Kollsvíkinga sem töldu sig ekki síðri sérfræðinga í réttvísni og reglu en aðra. „Skyldi þessi sýslumannsvæfla ekki geta gengið frá neinum dánarbússkiptum“?! Oftari voru þó Útvíknamenn vel sáttir við sína sýslumenn.

Sýslunefnd / Sýslunefndarmaður (n, kvk/kk) Fram á síðustu áratugi 20. aldar var starfandi sýslunefnd í hverri sýslu; skipuð af sýslunefndarmönnum; einum úr hverjum hreppi sem kosinn var sérstaklega um leið og kosið var til hreppsnefndar. Fyrir Rauðasandshrepp gegndu þessu embætti lengi Kristján Júlíus Kristjánsson frá Grundum og síðan Össur Guðbjartsson á Láganúpi. Össur var ritari sýslunefndar meðan hann sat í henni. Síðar tóku héraðsnefndir við af sýslunefndum. „Sýslunefndarmaður, Kr. Júl. Kristjánsson tók til máls og óskaði að heyra frá mönnum um mál sem þeir óskuðu að leggja fyrir sýslufund“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Sýslungi (n, kk) Sá sem býr í sömu sýslu og annar. „Kunni hann fátt gott að segja um þann sýslunga sinn“.

Sýsluvegur (n, kk) Sá flokkur vega sem heyrði undir sýslusjóð/sýslunefnd samkvæmt fyrri vegaflokkun. Aðrir vegflokkar voru heimreiðar, hreppsvegir og þjóðvegir. Sýsluvegir urðu síðar héraðsvegir. „Ólafur Guðbjartsson fór fram á að fá verulegt framlag í sýsluveginum frá Gjögnum að Kollsvík“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Sýsluýta (n, kvk) Jarðýta í eigu sýslusjóðs. „Vestursýslan keypti stóra vegýtu vorið 1949. Hefur hún síðan stöðugt unnið að vegagerð í héraðinu og orðið að miklu liði. Á árinu 1951 náði ég samkomulagi við vegamálastjóra um það að sýsluýtan ryddi Þingmannaheiði á kostnað fjallvegassjóðs“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi; úr greinargerð Jóhanns Skaftasonar sýslumanns). Þessi jarðýta var af gerðinni IH TD14 og nefnd Ásabór. Fullyrða má að engin vél hafi unnið viðlíka stórvirki í þeim efnunum að koma vestustu byggðum landsins í vegasamband og þessi litla jarðýta. Auk Þingmannaheiðar ruddi ýtan t.d. vegi yfir Fossháls og Klettsháls; oftast undir stjórn frumherjans Magnúsar í Botni.

Sýta (s) Syrgja; sjá eftir; harma; vera í sýt. „Það munu fáir sýta það að þessi ríkisstjórn falli“. „Þó að vökni vettir manns/ vart ég sýta nenni;/ ef ég bara einhvers lands/ einhverntíma kenni“ (JR; Rósarímur).

Sæbarinn (l) Um stein sem er núinn af brimróti. „Pallasteinn er sæbarinn steinn í Grundarfjöru, en í hann klappaði Páll Guðbjartsson ártal sem enn sést“. „Annar sæbarinn steinn úr Grundarfjöru er á leiði foreldra Páls; Guðbjartar Guðbjartssonar og Hildar Magnúsdóttur frá Láganúpi í Breiðavíkirkirkjugarði“.

Sæbjúga (n, kvk) Holothroidea; *gýgjarpus*; brimbútur. Ættbálkur botlægra sjávarlífvera af fylkingu skrápdyra, sem telur um 1.250 tegundir víðsvegar um heimshöfin. Húð sæbjúgna er leðurkennd og sleip og líkaminn aflangur og sívalur. Á fremri enda er munnur, umkringdur þreifurum, en fæðan er fjölbreytt; mestmegnist svif, rusl og hræ. Öndun fer fram með æðakerfi við endaparminn. Dýrið er mjög teygjanlegt. Það kemur oft í grásleppunet og lítur þá stundum út eins og hnöttóttur bolti, en verður harla efnislítið þegar vatn rennur úr. Sæbjúgu voru til skamms tíme ekki talin nytjaskapnir, en á síðustu árum eru hafnar veiðar á þeim, til útflutnings á Kínamarkað. Þar eru þau m.a. talin örva kynhvöt.

Sæbrattur (l) Um fjall/múla/klett/bratta sem liggur að sjó; brattur að sjó. „Annars er Breiðurinn allur sæbrattur mjög, og þó sýnu brattari Breiðavíkurmegin“ (HÖ; Fjaran).

Sæbúi / Sækind (n, kk/kvk) A. Hvaðeina sem í sjónum býr. B. Í þjóðsögum notað um verur í mannlíki sem búa í sjó, t.d. marbendla og hafmeyjar.

Sædjöfull (n, kk) Ceretias holboelli. Djúpsjávarfiskur af ætt kraftgelgja. Hrygnan verður allt að 130 cm að lengd, en karlinn er agnarsmár; vanalega fastur nærri gotrauf hennar og lifir þar sníkjulífi. Hrygnan laðar til sín lífverur í myrkum djúpunum með ljóstýru á einskonar veiðistöng, sem föst er á efra skolti.

Sædrif (n, hk) *Sælöður*; *ágjöf*; *pus*. „Sást skipið ekki nema endrum og eins fyrir dimmviðri og sædrifi“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Sæða / Sæðing (s/n, kvk) Frjóvga með sæði. Oftast er átt við tæknifrjóvgun kúa. Til skamms tíma þurftu bændur að halda naut fyrir kýr sínar eða leiða þær undir naut annarra, oft um langa og erfða leið. Kollsvíkurbændur áttu oftast sameiginlegt þarfanaut, en fyrir kom að nautlaust var í Kollsvík og var þá farið inn yfir Tunguheiði eða Hænuvíkurháls með beiðandi kú. Kringum 1980 fóru að tíðkast sæðingar sem gerðu þessi heimanaut óþörf. Þá var komin til tækni til frystingar á nautasæði. Það var þá tekið úr völdum kynbótanautum í nautastöðvum og fryst. Í hverri sveit var sæðingamaður/frjótæknir sem lært hafði til verka.

Sæðingamenn höfðu sæðisstráin geymd í brúsum með fljótandi köfnunarefni, og fóru á bæ þegar kýr þurfti á þjónustu þeirra að halda. Var sæðinu komið fyrir í leggöngum kúnna með sérstökum áhöldum. Nútildags er algengt að ær séu einnig sæddar, og að gangmálum þeirra sé stjórnað með hormónagjöf, en sú tækni var ekki komin í Kollsvík þegar búskap lauk.

Sæðingamaður (n, kk) Frjótæknir; sá sem lært hefur *sæðingar* og fæst við þær. Í upphafi störfuðu við það Egill Ólafsson á Hnjóti og Júlíus Reynir Ívarsson á Móbergi. Gæluheiti starfsins var *töskuboli*.

Sæfa (s) Aflífa/drepa. Oftast notað um að aflífa skepnu með því að stinga sæfingajárni í mænuna.

Sæfarandi (n, kk) Sá sem fer um sjóinn; sjómaður. Orðið var ekki notað í Kollsvík.

Sæfingajárn (n, hk) Járn sem notað er til að sæfa/aflífa skepnu. Líkist langri *skrífsíu*, en með *hárbeittan* fleyg fremst. Rekið inni háls dýrsins til að taka í sundur mænuna.

Sæffill (n, kk) Actinaria. Frumstæð fjölfruma sjávardýr skyld hveldýrum og kóröllum. Hér við land lifa allmargar tegundir sæffila; flestir 5-30 cm á hæð; allt frá fjöru niður á nokkurhundrað metra dýpi. Sæffilar festa sig flestir á hart undirlag en geta þó fært sig úr stað. Líkamsbyggingin minnir um margt á jurtt, en efst eru armar til að grípa fæðu, t.d. smáfiska, og eru á þeim stingfrumur, líkt og hjá marglyttum. „Á vorin er oft mikið af flenniskuði/hraunpussu/sæffli í Látraröst“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; heim. ÖETh).

Sægarpur (n, kk) Reyndur, áráðinn og farsæll sjómaður. „Ég vildi að enginn þeirra færi að elta mig upp í Kollsvík“, sagði Árni (Dagbjartsson) eins og við sjálfan sig. Og svo spýtt' ann þessi sægarpur“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sægjur (n, kvk, fto) Seigar rætur, sjá *harðsægjur*.

Sægrá (n, kk) Grár litur kúa. Viða í þjóðsögum segir frá *sækum*, en allar eru þær sægráar.

Sægrænn (l) Grænt litarafrbrigði.

Sægur (n, kk) Mikill fjöldi; *aragrúi*. „Það er kominn sægur af fé inn á sléttunarn á Melnum; er opið hliðið“?

Sægúa (n, kvk) Hafmeyja. Orðið finnst ekki í orðabókum en þekktist í Kollsvík.

Sækinn (l) A. Almennt; leggur sig eftir; sækir fram; sækir í. „Þeim lærir margt sem eru sækir í þekkingu“. B. Um sjómann; sækir sjóinn af kappi; rær allajafna hvern dag sem fært er.

Sækir að syfja (orðtak) Um það að verða mjög syfjaður. „Mikið hvað sækir nú að mér syfja allt í einu“!

Sækir heim vondan (orðtak) Stytting sem oft var viðhöfð á orðatiltækinu „*vont sækir vondan heim*“. „Nú sækir heim vondan; það verður erfitt hjá honum að fá aðstoð, eins meinlegur og hann hefur verið við aðra“.

Sækir (einhvern) svefn / Svefn sækir að (einhverjum) (orðtak) Einhver verður syfjaður. „Ansi sækir mig svefn allt í einu“! „Það er best að drífa sig í háttinn áður en svefninn sækir meira að mér“.

Sækist þó seint fari (orðatiltæki) *Kemst þó hægt fari*.

Sækja (sjó) (s) A. Ná í; fara og fá. „Brá nú Gummi skjótt við og hljóp við fót heim að íbúðarhúsinu til þess að sækja kindabyssu sína“ (PG; Veðmálið). B. Róa til fiskjar. Oft notað sérstætt; „þá var fast sótt“. Einnig með öðru; „Sjóveður var oft gott á sumrin, enda sóttum við ekki sjó nema í góðu veðri“ (VÖ eldri; Einn á bát 1955). „Þetta gekk nú svona sémilega; við rerum þarna með færi og var oft lítið sótt“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). C. Ganga fram gegn andstæðingi í viðureign/bardaga/kappleik.

Sækja að /í (orðtak) A. Sagt var, þegar mann syfjaði mjög utan venjulegs svefntíma; „nú sækir að mér“ og var með því vísað til þjóðtrúar um að fylgja væntanlegs gests orsakaði syfjuna. Sama var um orðtakið „*nú sækir einhver í þetta*“ sem var viðhaft þegar eitthvað helltist niður innanhúss eða fór úrskeiðis á annan hátt. Sjá *aðsókn*. B. *Renna á*; fá þörf fyrir. „Ég varð að *halla mér* eftir matinn því það sótti að mér ákafur svefn“. „Það sótti að mér ónotatilfinning þegar mér varð hugsað um þetta hræðilega slys“.

Sækja á brekkuna (orðtak) A. Í eiginlegri merkingu; að ganga upp brekku. „Tófa sem elt er af hundi sækir gjarnan á brekkuna; þar er hún oftast fljótari en hundurinn. Hinsvegar gengur tófu illa að hlaupa undan brekku“. B. Í líkingamáli; takast á við erfiðleika; sækja í erfitt verkefni.

Sækja á móti veðri (orðtak) Berjast/baksa/ganga gegn vindi. „Össur var mjög snjúgugur og klakaður er hann kom til okkar, því hann hafði orðið að sækja á móti veðrinu“ (ÞJ; Sargon-strandið; Árb.Barð 1949).

Sækja fast (orðtak) A. Vilja eindregið; vinna ótulllega að. „Hann sótti það fast að fá að vera með í hópnum“. B. Stunda sjó af kappi; róa stíft. „Heimamenn (í Kollsvík) fluttu einnig í sínar verbúðir; fannst meira næði þar en heima á bæjunum, því oft var róið jafnt á nóttunni og menn lögðu sig þá að deginum, en fast var sótt ef gæftir voru“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Sækja björg í bú (orðtak) Afla sér lífsviðurværis; veiða. „Menn komu víða að til að sækja björg í bú“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Sjórinn fyrir Látrabjargi og Víkunum var lífæð sveitarinnar. Þangað var sótt björg í

- bú, auk þess sem selt var kaupmönnum til útflutnings, enda voru sjóróðrar stundaðir af miklu kappi með vökum, þreytu, vosbúð og áhættu“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Sækja gull í greipar Ægis** (orðtak) Róa til fiskjar. „Ekki þýddi fyrir aðra en þá sem óeigir voru að ætla sér að sækja gull í greipar Ægis þar“ (ÖG; minningargrein um AK).
- Sækja í** (orðtak) Leita í/til. „Féð sækir töluvert í fjöruna“. B. Sækjast eftir; langa í; leitast eftir. „Það var verið að þurrka hey uppi á Hólum. Mamma var með Össur, sem sat við flekkina. Hann sótti í að éta sand og lambaspörð“ (IG; Æskuminningar).
- Sækja í sama farið** (orðtak) Verða eins og áður; halda sömu venju og fyrrum. „Hann var búinn að vera vínlaus í nokkra mánuðu, en nú sýnist mér allt vera að sækja í sama farið og áður hjá honum“.
- Sækja í sig veðrið** (orðtak) Herða á veðri; sækja ákafar fram. „Mér sýnist hann heldur vera að sækja í sig veðrið af norðri“. „Flokkurinn sækir nú mjög í sig veðrið eftir formannaskiptin“. Líkingin gæti vísað til þess að draga djúpt inn andann áður en t.d. verk/átak er hafið eða höggvið er í orrustu. En hér kann einnig að vera vísun í veðurteikn sem eru á lofti; merki þess að guð sem ræður fyrir veðri sé að undirbúa hvassviðri.
- Sækja niður að** (orðtak) Um fugl; steypa sér ógnandi niður að manni/skepnu til að t.d. hrekja hann frá hreiðri eða unga. „Kjóinn sótti ákafni niður að tikinni, sem stökk þá geltandi upp. Einnig sækja fuglar gjarnan niður að fæðu í yfirborðinu; t.d. krían.“
- Sækja sér í soðið** (orðtak) A. Oftast haft um það að *veiða í soðið*; fara á sjó og *veiða sér til matar*. Sjá *fá í soðið*. B. Sækja matfisk í ver. „Þá var að fara með mat í verið; sækja fisk í soðið og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður“ (IG; Æskuminningar).
- Sækja sjó** (orðtak) Stunda róðra/veiðar; fara á sjó. „Ekki verður þó annað sagt en sjór væri sóttur af kappi, og þó með hæfilegri forsjá“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Sækja skóla / Sækja vinnu** (orðtök) Ganga í skóla; vera í vinnu.
- Sækja smjör í strokkinn** (orðtak) Leikur sem iðkaður var fyrrum, bæði meðal barna en ekki síður vermannanna í landlegum. „Þessi leikur felst í því að tveir menn mynda nokkurs konar strokk. Þeir standa hvor á móti öðrum og leggja hendur á axlir hins. Klútur er síðan settur á jörðina á milli þeirra. Síðan skriður leikmaðurinn ofan í strokkinn, yfir hendur manna og niður og tekur smjórið (klútin) upp með munninum. Aðalkúnstir er fólgin í að koma sér sömu leið upp úr strokknum aftur. Ef það tekst ekki var sagt að hann hefði kafnað í strokknum“ (PJ; Vermannaleikir).
- Sækja (hegðun/útlit) til (einhvers)** (orðtak) Líkjast einhverjum, oftast skyldum. „Hann á ekki langt að sækja námsgáfurnar“. „Rauða hárið sækir hann í móðurættina“.
- Sækja um vist** (orðtak) Sækja um að fá að vera/dvelja. „Þessu næst sótti ég um vist í Samvinnuskólanum haustið 1947 en fékk aldrei svar við því“ (IG; Æskuminningar).
- Sækja vatn** (orðtak) Sækja vatn í brunn eða læk til að nota fyrir heimili eða brynna skepnum á innistöðu. „Þá þurfti að aðstoða við smalamennsku og fjárrag; sækja vatn bæði fyrir heimilið og kýrnar, eftir því sem geta og vilji náði, og fara með pabba að gefa fénu“ (IG; Æskuminningar).
- Sækja vatnið yfir lækinn** (orðtak) *Leita langt yfir skammt*; leita lengra en þörf er á eftir einhverju.
- Sækjandi** (n, kk) Sá sem sækir mál fyrir dómi; núna venjulega lærður lögmaður en fyrrum einhver „málsmetandi maður“. Einar Jónsson ættfaðir Kollsvíkurættar var sækjandi í Sjóndármálinu.
- Sækjast seint (róðurinn)** (orðtak) Um það þegar verk gengur seint. „Þeir sátu vist yfir honum hálfan dag, þessir „vottar jehóva“, en sóttist fremur róðurinn í að koma honum í átt til himnaríkis“. Orðtakið er úr sjómanna máli og auðskilið.
- Sækjast sér um líkir** (orðatiltæki) Um það þegar tveir eða fleiri af svipuðu sauðahúsi koma/vinna saman. Ekki var á síðari tímum í Kollsvík notuð viðbótin „... og saman þinga níðingar“.
- Sæktu nú handbókina** (orðatiltæki) Sjá *hlaupu eftir handbókinni*.
- Sækýr** (n, hk) Kýr sem kemur úr sjó samkvæmt þjóðtrúnni. „Eitthvað heyrði ég minnst á *huldufé* og jafnvel *huldukýr*. Þó var aðallega talað um sækýr, en ég held að það hafi verið annar stofn. Þessar sækýr voru gráar; ljósar með dekkri *yrjum*, og það var talað um að sá litur væri arfur frá þannig ættuðum kúm“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms). Bæta má því við að sækýr voru sagðar vera með blöðru á grönnum. Væri blaðran sprengd gátu þær ekki komist aftur í sjóinn og unnt var að handsama þær.
- Sæla / Sæld** (n, kvk) Unaður; góð til finning; velgengni. „Það er ekki alltaf sælan til sjós“! „Þetta er *ekki tekið út með sældinni*“.
- Sælast til** (orðtak) Sækjast eftir; reyna. „Vermenn sældust til að nota hvern dag til róðra sem á sjó gaf“.
- Sældarbrauð** (n, hk) Sæla; auðvelt. „Það er ekkert sældarbrauð að handsama ljónstyggja útígangssær“.

Sældarkjör (n, hk, fto) Mjög góð lífsskilyrði; góðar aðstæður; góð vinnulaun. „Ekki bjuggu þau þarna við nein sældarkjör“.

Sældarlíf (n, hk) Gott líf; líf í munaði. „Ætli menn geti nú ekki orðið þreyttir á svona sældarlífi til lengdar“.

Sældarlegur (l) Makindalegur; líður vel. „Hún er orðin nokkuð bústin og sældarleg á meðgöngunni“.

Sælgæti (n, hk) Góður matur. Nú á dögum takmarkað við sykurvörur, en mun víðtækara áður; merkir í raun „sældarfæða“. Nútíma sælgæti var mjög fáséð í Kollsvík fyrr en kom fram yfir 1960.

Sælgætismatur (n, kk) Mjög gómsætur matur. „Þetta finnst mér algjör sælgætismatur“!

Sælkeri (n, kk) Sá sem er sólginn í sælgæti/veislumat; sá sem leggur mikið uppúr bragðgæðum matar.

Sæll (l) A. Hamingjusamur; ánægður; lánsamur; sem líður vel. B. Kveðja. „Komdu nú sæll og blessaður“. „Sæll vertu“. „Vertu sæll“.

Sæll er hver í sinni trú (orðatiltæki) Sá sem trúir er yfirleitt ánægðari en trúleysinginn; burtséð frá því hver trúin er. Sjá *sæll í sinni trú*.

Sæll er hver í sínum ranni (orðatiltæki) Manni líður vel heima hjá sér; maður er heimakær. „Ég nenni ekkert að flandra mikið til útlanda; sæll er hver í sínum ranni“.

Sæll er sá sem annars böll bætir (orðatiltæki) Vísar til hamingju/velliðunar þess sem gerir öðrum góðverk.

Sæll er sá sem engin börnin á (orðatiltæki) Speki sem gripið er til þegar óþægð barna keyrir úr hófi.

Sæll er sá sem sér lynda lætur / Sæll er sá sem sínu ann (orðatiltæki) Sá á gott sem er nægjusamur.

Sæll í sinni trú (orðtak) Ánægður með sína skoðun; fullviss um að rétt hafi verið gert. „Hann lokaði féð inni í réttinni, sæll í sinni trú; en áttaði sig ekki á að það gat komist út í gegnum einn dilkinn“. Sjá *sæll er hver í sinni trú*.

Sæll og ánægður / Sæll og glaður (orðtök) *Alsæll*; mjög ánægður. „Mér er *nokk sama* um tvævetluna; hún kemur aftur, en ég er sæll og ánægður yfir að hafa heimt hrútinn“!

Sælla er að gefa en þiggja (orðatiltæki) Fornt máltæki sem löngum hefur viðhaldið velferðarsamfélögum.

Sællar minningar (orðtak) Sem vekur upp góðar minningar. „Og svo má ekki gleyma því þegar hann vann glímuna, sællar minningar...“.

Sællegur (l) Feitur; sem lítur vel út; sem virðist ánægður.

Sællífi (n, hk) Óhóf; hóglífi.

Sælubros (n, hk) Gleðibros; einlægt bros. „Hann varð eitt sælubros þegar hann sá hákarlslykkjuna“.

Sæluhús (n, hk) Hús sem stendur ferðamönnum opið til skjóls og áningar, t.d. á löngum og erfiðum leiðum á heiðum og öræfum eða á eyðistöðum.

Sæluhöfn (n, kvk) Friðarhöfn; lægi fyrir báta, þar sem er gott skjól t.d. fyrir stórsjó. Sæluhöfn nefnist vík utantil við Bæjarvöll undir Djúpadal.

Sælöður (n, hk) Froða á sjónum, einkanlega eftir brim. Getur einnig merkt ágjöf. „...óspart var þá leitað í rjólíð og sælöðrið dreifði þá legi þess allvíða um andlitið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Báturinn geystist áfram, og sælöðrið dreif yfir“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Sæma (s) A. Veita sóma; heiðra. „Margir björgunarmanna voru sæmdir orðum og þakkarskjöllum“. B. Hæfa; vera við hæfi. „Honum sæmir ekki að viðhafa svona orðbragð“! „Honum væri sæmra að biðjast afsökunar á þessu“! „Ég held honum væri sæmst að þegja um þetta mál“.

Sæmandi (l) Sómandi; sem sæmir. „Það er ekki nokkrum manni sæmandi að fara svona með skepnur“!

Sæmd (n, kvk) Heiður; sómi; virðing. „Hann hlaut af þessu góða sæmd og virðingu“.

Sæmdarauki (n, kk) Virðingarauki; meiri heiður. „Það er engum sæmdarauki að svona orðbragði“!

Sæmdarfólk / Sæmdarheimili / Sæmdarhjórn Viðurkenningarorð um gott fólk/heimili.

Sæmdarsnaudur (l) Nýtur ekki virðingar. „Mér finnst þessi ráðherra heldur sæmdarsnaudur *uppá síðkastið*“.

Sæmdur (l) Sýndur sómi; heiðraður með; veittur. „Nokkrir björgunarmanna voru sæmdir heiðursmerkjum“.

Sæmilega (ao) Þolanlega; skikkanlega. „Þetta gekk nú svona sæmilega; við rerum þarna með færi og var oft lítið sótt“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Næst var gerð tilraun til náms veturinn 1944-45 á Núpi í Dýrafirði, og gekk það sæmilega“ (IG; Æskuminningar).

Sæmilegur (l) Allgóður; ágætur; skikkanlegur. „Þarna frammi á Foldunum er vel sæmilegur bithagi“. „...allir munu geta haldið skepnunum sínum í sæmilegu standi, verði tíð ekki því lakari“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

- Sænaut** (n, hk) Þjóðsagnakvikindi sem býr í sjó. A. Grátt naut sem gengur stundum á land, oft í fylgd *sækúa* og er líkt öðrum nautum en með blöðru á grönnum. B. Skepna sem líkist hval; talið illhveli.
- Sæng** (n, kvk) A. Vanalega notað um ábreiðu þá sem menn hafa yfir sér að nóttu, og oft er fyllt léttu einangrandi efni. B. Rúm. Sjaldan í þeirri merkingu nú. Sjá *ganga í eina sæng; leggjast á sæng*.
- Sænga hjá/saman** (orðtak) A. Sofa hjá; sofa í sama rúmi yfir nótt/nætur. B. Hafa samræði.
- Sængurföt** (n, hk, fto) Rúmföt. „Í mínu uppeldi saumaði mamma öll sængurföt á heimilinu. Sængur- og koddaver voru úr keyptu efni en lög vanalega úr lérefsti af hveitisekkjum. Nokkur vinna var vanalega við að þvo það með grænsápu til að ná m.a. stöfum af, en þetta voru hinar ágætustu rekkjuvoðir“ (VÖ). „Fyrsta sem hún gerði var að senda okkur út í skemmu með sængurfötin okkar“ (IG; Æskuminningar).
- Sængurgarmur / Sængurleppar / Sængurtilur / Sængurtuska** Ýmis gæluheiti á sæng/sængurfötum. „Þú ættir bara að *slá þér niður* til gistingar. Það hlýtur að finnast einhver sængurtuska fyrir þig“.
- Sængurgjöf** (n, kvk) Gjöf sem gefin er konu sem nýlega hefur fætt barn.
- Sængurkona** (n, kvk) Kona sem er rúmliggjandi/ liggur á sæng verna barneignar.
- Sængurkonubragð** (n, hk) *Sengjubragð*; sérstakt bragð sem kemur á mjólkurmat ef hann nær að brenna lítilsháttar við í suðuíláti. „Mér finnst hálfgerð sængurkonubragð af grjónagratnum“.
- Sængurkonugrautur** (n, kk) Mjög þykkur grautur; hrísmjölsgrautur. Í seinni tíð notað um hrísgrjónagrat eða sagógrónagrat sem hníga varla, eða rabbarbaragrat sem er svo hlaupkenndur að hangir saman frá munn í disk. „Þetta er hálfgerður sængurkonugrautur, en *skrambi* er hann þó bragðgóður“.
- Sængurkonukaffi / Sængurkonuvatn** (n, hk) *Lappunnt* kaffi; *vinnukonuvatn*; *englahland*; *nærbuxnavatn*. „Ég kalla þetta nú frekar sængurkonuvatn en kaffi“! „Þetta varð hálfgerð sængurkonukaffi hjá mér núna“.
- Sængurlega** (n, kvk) Veikindi; það að liggja í rúmi vegna veikinda. „Ég *hjarnaði* við eftir langa sængurlegu“.
- Sængurver** (n, hk) Klæði sem haft er utanum sæng og hægt er að taka af til þvottar.
- Særa** (s) A. Koma sári á; slasa; meiða. B. Skerða lítillaga. „Það þarf ekki að klippa hárið mikið; bara rétt særa það“. C. Fara með særingar/galdra; töfra/galdra fram. „Ég hef reynt allt nema særa fram draug og senda á þá“! D. Biðja um til þrautar; sárbiðja. „Mér tókst að særa útúr honum annan ljáinn“.
- Særa upp** (orðtak) Um fiskveiði; draga/fá fisk. Oft um trega veiði. „Þetta var ósköp *dauðalegt*, en fáin kvikindi tókst okkur þó að særa upp“. Líklega tilvísun í þjóðsögn um galdraþulur sem gætu bætt veiði.
- Særa út** (orðtak) Fá með fortölum; kría út. „Honum tókst að særa út úr mér bókina“.
- Særður** (l) A. Slasaður; meiddur. B. Vonsvikinn; móðgaður.
- Særeykur** (n, kk) Brimreykur; mugga sem liggur yfir ströndinni eftir mikið brim og orsakast af ýringi úr briminu. „Særeykur er oft greinilegur undir Blakknum í logni og miklum vestansjó“. Orðið virðist ekki þekkt utan svæðisins.
- Særindi** (n, hk, fto) Sárindi; eymsli. „Ég er með bölvuð særindi í hálsinum“.
- Særingar** (n, kvk, fto) Fortölur; þrábeiðni. „Það kostaði allnokkrar særingar að ná þessu útúr honum“.
- Særingarmark** (n, hk) Soramark; frjármark sem meidir mjög mikið og forðast/bannað er að nota nú á dögum.
- Særok** (n, hk) Hvassviðri, svo mikið að feykir löðri úr báru. „Særokið í fjörunnu var svo mikið að við urðum kollvotir á augabragði“.
- Sæskrímsli** (n, hk) Kvikindi sem eiga heima í sjó og þjóðtrú. Sjá *fjörulalli* og *marbendill*.
- Sæta** (s) A. Þola bera. „Hann sætti ekki góðri meðferð á því heimili“. „Þarna þarf að sæta sjávarföllum“. „Hverju sætir þetta“? „Það þótti tíðindum sæta“. B. Setja hey upp í sátur. C. Gera eitthvað sætt; sykra.
- Sæta falli / Sæta sjávarföllum** (orðtök) Haga lendingu eða öðru eftir því hvernig stendur á sjávarfalli. „Sæta þurfti sjávarföllum, róa og koma að á nokkuð hásjávuðu, til að bátarnir flytu um Þráðinn...“ (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Sæta þarf sjávarföllum til að komast fyrir Forvaðann“.
- Sæta lagi** (s) Einkum notað um landtöku báta. Sæta þurfti lagi til lendingar þegar slæmt var í sjóinn. Þá var beðið og fylgst með *ólögum* sem gengu undir bátinn, og þegar minni bára kom inná milli var sætt lagi og bátnum rennt upp í fjöruna. Einnig gat þurft að sæta lagi til að ýta bát úr vör. Notað einnig í óeiginlegri merkingu. „Hún sætti lagi og krækti í hann óskupoka meðan hann *uggði ekki að sér*“. „Sæta“ einhverju merkir að „taka“ einhverju; þurfa að sætta sig við eitthvað.
- Sæta straumum** (s) haga sjóferðum með tilliti til strauma, en erfitt var að róa gegn fallinu. „Ávallt var tvíróið þegar gaf, því að sæta þurfti straumum“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Sæta undrum** (orðtak) Vera mjög undarlegt; vekja mikla furðu. „Hann var svo sterkur að undrum sætti“.

Sætabrauð (n, hk) Kökur. „Það er nú óþarfi að troða sig út af sætabrauði, en ég neita nú aldrei meðlætinu“.

Sætabrauðsát (n, hk) Mikil neysla á kökum og öðru sætu meðlæti. „Ekki grennist maður af öllu þessu sætabrauðsáti“!

Sæti (n, hk) A. Hægindi til að sitja á; stóll; *set*. B. Hey; sáta; stór *galti*. „Fullþurrt hey var stundum sett upp í sæti, sem var nokkru stærra en galtar; ef ekki tókst að koma því í hlöðu en von var á óþurrki.“

Sætindi (n, hk, fto) Sælgæti; sykraudur matur.

Sætir fádæmum/furðu/undrum (orðtök) Þykir furðulegt/undarlegt. „Þarna rak á fjörur svo mikið af þessum sjávarmosa að furðum sætti“. „Undrum sætir að þetta skuli ekki hafa uppgötvast fyrir“.

Sætt (n, kvk) Sátt; sáttargjörð. „Ég er feginn því að sættir tókust í þessu máli“.

Sætt/ósætt á sjó (orðtök) Um það hvort unnt var að sitja á sjó vegna sjógangs/veðurs. „Helstu boðarnir voru; Djúpboði og Leiðarboðar. Setið var á sjó þó að á þeim félli grunnbrot um fjöru. Aftur á móti var ósætt á sjó þegar grunnbrot féll á Giljaboða og Þembu; að minnsta kosti með landtöku í Kollsvíkurverri í huga“ (KJK; Kollsvíkurverri).

Sætt er lof í sjálfs munni (orðatiltæki) Vísar til þess að sjálfshólið virðist veita monthanananum einhverja ánægju. Eldri mynd spakmælisins; „súrt“ í stað „sætt“, heyrðist ekki í Kollsvík í seinni tíð.

Sætta sig við (orðtak) *Gera sér að góðu; láta sér lynda; láta duga*. „Ég varð að sætta mig við þessa niðurstöðu“.

Sætta sjónarmið (orðtak) Ná samkomulagi um deilumál; *komast að niðurstöðu*.

Sætur er sjálfs aflinn / Sætur er matur á sjálfs búi (orðatiltæki) Gott er það sem maður aflar sjálfur; bestur er maturinn í heimahúsi.

Sætur er þefur úr sjálfs rassi (orðatiltæki) Mönnum finnst sín eigin viðrekstrarfýla yfirleitt ekki eins slæm eins og annarra. Eins er um verk manna; margir eiga erfitt með að gagnrýna eigin verk.

Sætt er lof í sjálfs munni (orðatiltæki) Vísar til vellíðunar þess sem hælir sjálfum sér.

Sætt er sameiginlegt skipbrot (orðatiltæki) Vísar til þess að stundum er ásættanlegra að biða ósigur eða lenda í óláni ef einhver annar lendir í því sama.

Sætukoppur (n, kk) Blóm bláberjalyngs, sem eru sæt á bragðið.

Sætur (l) A. Með sætu bragði/ sykurbragði. B. Ljúfur; veitir vellíðan. T.d. sætur sigur. C. Snotur; fallegur.

Sævarhamrar (n, kk, fto) Sjávarklettur; sæbratt bjarg. „..... en þó eru þar (í Breiðnum) um 100 faðma sævarhamrar fremst...“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).

Söðla (s) Leggja hnakk/söðul á hest.

Söðla um (orðtak) Skipta um skoðun; breyta um aðferð. Sennilega líking við það að færa hnakk sinn yfir á annan hest.

Söðlasmiður (n, kk) Iðnaðarmaður sem fæst við smíðar og viðgerðir á hnökkum/söðlum.

Söðulbakaður (l) Um það sem er í laginu að ofan eins og hnakkur. „Þetta hey er ansi söðulbakað“. „Fjári er nú gamli kofinn að verða söðulbakaður í seinni tíð“.

Söðulbein (n, hk) Framstandandi bein milli *vadhornsbeinanna* á fiski, líkt söðli í laginu.

Söðulnefjaður (l) Með *kónganef*; með *krung* á nefi.

Söfnuður (n, kk) A. Safn af einhverju; flokkur; sægur. „Nú er *herjansekkisen* söfnuðurinn kominn aftur í túnið“! Sjá einnig *munnsöfnuður*. B. Deild svæðis í kirkjustarfi. „Kollsvík tilheyrir Breiðavíkursöfnuði, sem þó er orðinn fámennur á síðustu árum“. C. Fyrrum notað yfir skyr eða smjör sem safnað var í forða.

Söfnun (n, kvk) Það að safna saman. „Við strákarnir stunduðum ákaft frímerkjasöfnun“.

Söfnunarárátta (n, kvk) Löngun/hneygð til söfnunar. „Söfnunaráráttan getur farið úti öfgar, en hún hefur líka bjargað mörgu gömlu og óbætanlegu frá glötun“.

Sögubók (n, kvk) Skáldsaga; bók með sannri eða skáldaðri sögu. „Ég er alveg hættur að nenna að lesa sögubækur, en *legg mig* frekar *eftir* þeim fróðleik sem ég næ í“.

Söguburður (n, kk) Slúður; baktal. „Ég læt það bara vera að taka þátt í svona söguburði“.

Sögufróður (l) Sem kann margar sögur að segja. Oft notað um þann sem ber út slúður/kjaftasögur, en stundum um þann sem er vel að sér í sagnfræði og fyrri tíma atburðum.

Sögufölsun (n, kvk) Ranghermi; rangfærslur á staðreyndum fyrri tíma. „Þetta kalla ég bara hreina og klára sögufölsun“!

Sögulegur (l) Frásagnarverður. „En sögulegasta happið þar um slóðir mun vafalaust hafa verið er Kollsvíkingar fundu hval á reki og tókst eftir langa mæðu að bjarga honum á land í Kollsvík“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Síðan gerðist ekkert sögulegt fram að jólafrii“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Sögumaður (n, kk) Sá sem segir sögu; sá sem er helsti heimildarmaður að sögu.

Sögunaraðstaða (n, kvk) Aðstaða til sögunar t.d. á stórviði/rekatrjám. „Þarna í kofanum kom hann sér upp prýðilegri sögunaraðstöðu og undi þar löngum stundum“.

Sögunarbúkki (n, kk) Lágur trönur/undirstöður undir viði/tré til að þægilegt sé að saga. „Í sjávarkofanum kom afi sér upp sögunarbúkkum og vann þar löngum við að fletta rekatrjám“.

Sögusagnir (n, kvk, fto) Orðrómur; lausafréttir. „Hefurðu heyrt einhverjar sögusagnir um að hann sé að flytja“?

Sögusmetta (n, kvk) Um þann sem ber út slúðursögur; *slefberi*. „Hún er óttaleg sögusmetta“.

Sögustund (n, kvk) Tími þegar sögur eru sagðar og aðrir sitja hljóðir og hlusta. „Eftir að slátrun lauk á Gjögurum settust þeir oft inn í bragga sem verið höfðu í frágangi og kjötmati; fengu sér kaffi og *hvildu lúin bein*. Meðan Ívar Halldórsson á Melanesi var þar kjötmatsmaður upphófst gjarnan sögustund, þar sem hann sagði sögur frá fyrri tíð. Þær voru af margvíslegu tagi, en oft sögur af sjómennsku hans á skútum; svonefndar „*skippersögur*“ eins og *gárungar* kölluðu þær. Hann hafði skemmtilegan frásagnarmáta, en var lítið *gefinn fyrir* það að sögurnar væru dregnar í efa.

Sögusagnir (n, kvk, fto) Sögur sem lítill/enginn fótur er fyrir; slúðursaga/uppspuni; flökkusögn. „Ég held að þetta séu eintómar sögusagnir; ekki *legg* ég hinn minnsta *trúnað* á það“!

Söguöld (n, kvk) Tímabil í íslenski sögu; oft talið ná frá 930 til 1030, þegar kristni var að nafninu komin á; Alþingi hafði verið stofnsett og stjórnkerfið var að styrkjast í sessi með goðum og þingum. Á þessum tíma gerast margar Íslendingasögur, en þær voru hinsvegar ekki festar á rit fyrir en á 13.öld.

Sök (n, kvk) A. Sekt; glæpur; afbrot. „Hann *átti* enga sök á þessu“. B. Málefni; hlutur. „Hann *fór* varlega í *sakirnar* í fyrstu“. C. Stytting á „orsök“: „Ekki veit ég af hvaða sökum þetta var“.

Sök bítur sekan (orðatiltæki) Vísar til þess að menn fái samviskubit/bakþanka eftir ranga breytni.

Sök fyrir sig / Sök sér (orðtak) Útaf fyrir sig; sér í lagi; sérstakt málefni. Látum það nú vera að hann hafi gert þessi mistök; það er sök fyrir sig. Hitt er verra, að segja ekki frá því“. „Það er sök sér þó hann liggja í berjum, en að taka ekki eftir þegar *rolluhópurinn* hljóp framhjá augunum á honum; það er óskiljanlegur *sofandaháttur*“! Líking við það að sakarefni eru skilgreind hjá sakamanni.

Sökkulaus (l) Ekki með sökku/lóð. „Við getum alveg eins verið í landi og að fara sökkulausir í róður“!

Sökkva (s) A. Fara undir yfirborð sjávar/vatns. Um bát; farast. „Togarinn mun hafa sokkið á Flóanum, nokkrar mílur norður af Blakk“. B. Láta sökkva. „Þeir voru nærri búnir að sökkva bátum af ofhleðslu“!

Sökkva sér niður í (orðtak) Verða hugfanginn af; verða upptekinn við. „Ég sökkti mér niður í lesturinn“.

Söknuður (n, kk) Eftirsjá; depurð eftir viðskilnað.

Sökudólgur (n, kk) Sá sem á sök á einhverju; þrjútur; gerandi. „Sökudólgurinn er fundinn“.

Sökum (fs) Vegna; af þeirri ástæðu. „... sökum mikils og sívaxandi ágangs fjár frá Barðstrendingum á fjallendi Rauðsendinga“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). „Sökum anna gat ég ekki *komið við* að skoða heybirgðir á Sandinum í haust, og fékk til þess Ólaf Jónsson...“ (Þórður Ó Thorlacius; Forðagæslubók Rauðasands 1923).

Söl (n, hk, fto) Rauðþörungur, *Palmaria palmata*, sem algengur er framarlega á fjörum og var einn mikilvægasti sjávargróðurinn til bæði fjörubeitar og manneldis. Söl eru dökkrauð en geta upplitast og orðið gul eða græn á litlu dýpi. Plantan hefur stilk sem getur orðið um 5 mm. Upp af honum vex eitt eða fleiri stofnblað, og útúr því hliðarblöð. Heildarlengd sölvra er oft 20-30 cm. Vöxtur sölvra er mestur á vorin og er algengast að þau vaxi upp af eldri stofnblöðkum. Fullsprottin eru þau í júníbyrjun, en fyrir veturinn safna þau í sig forðasykrum. Og slitna blöðin mjög um haustið. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá staðið hjá yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var og bitfjöru um stórstraum. Mest sótti féð í söl og mariukjarna“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Sölna (s) A. Um jurtt; falla; fölna. „Mér sýnist kartöflugrasið hafa sölnað í næturfrostinu“. B. Verða skítugur. „Settu sparifötin í plastpoka svo þau sölni ekki í rykinu“.

Sölnaður (l) Um gróður; fölnaður; fallinn í sumarlok.

Sölsa undir sig (orðtak) *Taka traustataki*; yfirtaka; hertaka; *leggja hald á*; *gera upptækt*. „Nú finnst mér að hann sé að sölsa undir sig meira vald en honum ber“. Ekki er fyllilega ljós uppruni sagnarinnar að „sölsa“, en e.t.v. á hún sömu rætur og enska orðið „salvage“, sem nú hefur merkinguna að bjarga.

Söltun (n, kvk) Algeng geymsluaðferð matvæla. Við söltun er vatni í matvörunni að hluta skipt út fyrir salt, en þannig minnkar það vatnsmagn sem þær örverur geta nýtt sér sem vinna að niðurbroti; auk þess sem þeim gengur illa að vinna á saltmettuðum vöðva. Um leið fást fram æskileg bragð- og áferðareinkenni á matvöruna, sem eru t.d. allt önnur í saltfiski en nýjum fiski. Söltun fisks fer venjulega fram í tveimur þrepum, eftir að fiskurinn hefur verið slægður, hausaður og oftast einnig fluttur: Fyrri stigið er oftast þækilsöltun, en þá liggur fiskurinn nokkra daga í eigin saltþækli. Síðan er hann rifinn upp og þurrsaltaður í stæðu. Við söltun fer saltinnihald fisks úr 0,2%, sem er eðlilegt í lifandi veru, í 20%, sem nægir til alllangrar geymslu. Saltfisk þarf að útvatna fyrir neyslu til að minnka saltinnihaldið. Söltun kjöts er með tvennu móti, samkvæmt þeim aðferðum sem viðhafðar voru m.a. í Kollsvík. Annarsveggar var stráð grófu salti um smátíma í mat sem síðan fékk aðra verkun, s.s. hangiket og svið. Hinsveggar var saltket brytjað í spað og vandlega saltað með blöndu salts, sykurs og saltþéturs. Sjá *salt, saltfiskur, saltket*.

Söltunarkró (n, kvk) Hlaðin kró/þró sem fiskur er saltaður í í veri. „Skipshafnir frá þessum verbúðum, sem voru 5 (tvær í einni), höfðu sitt athafnasvæði; ruðninga og söltunarkrær, meðfram læk er var skamman spöl norðanvið Norðariketla og hét Breiðilækur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sölubúð (n, kvk) Búð þar sem vörur eru seldar. Forskeytið var fyrrum nauðsynlegt til aðgreiningar frá verbúðum sem þá voru algengari. Nú á dögum eru verbúðir síður í huga fólks, en sölubúðir allsráðandi.

Sölugur (l) Skítugur; óhreinn. „Þú ert sölugri en sá ljóti sjálfur drengur; farðu og þvoðu þér“! Orðið virðist ekki þekkt utan svæðisins en var þar almennt notað.

Söluhorfur (n, kvk, fto) Horfur/möguleikar á sölu/verði vöru.

Söluhæfur (l) Hæfur til sölu. „Þess var gætt að sandur bærist ekki í fisk í Kollsvíkurveri, sem gæti gert hann ósöluhæfan“.

Sölskúr / Sölskýli (n, kk/hk) Lítið hús þar sem sala fer fram. „Umsókn ... um leyfi til að stofnsetja og reka sölskúr á Hvallátrum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Söluvara (n, kvk) Vara sem unnt er að selja. „Eftir rúning þurfti að fara í kaupstaðinn með ullina og eftir að bjargferðum var lokið var fiðrið líka söluvara“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Sölvafjara / Sölvatekja (n, kvk) Fjara þar sem skera má söl til manneldis / tekja sölv til manneldis. Ekki fer sögum af sölvatekju í Kollsvík, en á Látrum var ágæt sölvafjara á Sölvatanga“.

Söm er þín gerð (orðatiltæki) Andsvar; sama og gert; sama og þegið. Oftast notað í þakkarskyni, t.d. þegar gesti eru boðnar góðgerðir en hann þiggur ekki. Einnig í umræðu um mann, þegar sá hefur haft áform sem ekki komust í framkvæmd: „Söm er hans gerð“.

Sömu megin (orðtak) Á sömu hlið. „Við settumst sömu megin við borðið“.

Sömu leiðis (ao) Á sama hátt; í sömu mynt. „Fyrsta tilraunin mistókst, og sú næsta sömu leiðis. En í þriðju atrennu tókst betur til“.

Söndugur (l) Ataður sandi; með mikinn sand utaná sér. „Dustiði nú utanaf ykkur úti á hlaði strákar; þið eruð ekki í húsum hæfir svona söndugir“!

Söngelskur / Söngvinn (l) Mikið fyrir söng; lagviss. „Fjölskyldan á Grundum var nefnilega söngvin og sum systkinanna hefðu örugglega náð langt ef þau hefðu komist í söngnám. Trúlega hefur það ekki verið algengt á afskekktum sveitabæ, að í stað rökkursvefnsins sem algengur var á bæjum meðan beðið var eftir að hæfilegt væri að kveikja á lampanum, væri æfður raddaður kórsöngur í borðstofunni“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Söngl (n, hk) Raul; söngur sem hvorki er markviss né kraftmikill, og oft slitróttur.

Söngla (s) Raula; syngja lágt/fyrir munni sér. „Hann heyrðist söngla á traktornum við sláttinn“.

Sönglist (n, kvk) Listin að syngja. Sönglist var og er í hávegum höfð af mörgum Kollsvíkingum, þó aðrir telji sig skorta hana algerlega. T.d. var heimilið á Grundum; Kristján Ásbjörnsson og fjölskylda hans, orðlagt söngfólk.

Söngur (n, kk) A. Það sem heyrir þegar sungið er; t.d. kórsöngur, fuglasöngur. Söngur getur einnig átt við textann sem sunginn er. „Gengið var kring um jólatréð og sungnir sálmar og ýmsir söngvar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku). B. Niðrandi heiti á nöldri, tuði. „Alltaf er sami söngurinn í þessum *burgeisum* þegar minnst er á skatta“! C. Messa. D. Sífrandi hlóð, t.d. í girum véla.

Sönnu nær / Sönnu næst (orðtak) *Nær sanni*; sem næst því að vera satt. „Það er ekki rétt að vegurinn hafi verið hefllaður í fyrra. Hitt mun sönnu nær að þeir óku yfir Hálsinn á hefli og settu niður tönn hér og þar“.

Sönnur (n, kvk, fto) Sannanir; fullvissa. „Ég hef svosem öngvar sönnur fyrir þessari sögu, en svona heyrði ég þetta“. „Honum gekk illa að *færa sönnur* á þessa fullyrðingu“

Sörvi (n, hk) Men; hálsmen. Heiti sem nú er aflagt, en enn finnst sörvistölur/perlur sem fornar menjar.

Sötra (s) Drekkja; drekkja með soghljóði. „Sötraðu ekki mjólkina með þessum látum drengur“!

Sötur (n, hk) Hljóðið sem heyrir þegar *sötrað* er. „Drekktu nú eins og maður; þú vekur upp drauga með þessu sötri drengur“!

Söxun (n, kvk) Það að saxa í sundur með saxi/exi/hníf, eða saxa hey í fong með hrifu.

Tabú (n, hk) Það sem ekki má tala um; bannorð. Tekið í íslenskt mál á síðari tímum.

Taddi (n, kk) Lítill poki. „Hann kom með smá tadda fullan af *tófuskottum*“.

Tað (n, hk) A. Skítur úr sauðkindum/hrossum; sauðatað/hrossatað. B. Þjappaður og fremur þurr kindaskítur úr fjárhúsum/stíum þar sem ekki eru grindur. Var notað til eldunar og reykingar. „Féð safnaði úrgangi undir sig í krærnar þegar það var inni. Skíturinn og hlandið tróðst þétt saman í skán sem hét tað. Þegar hirt var um húsin; þau voru loftgóð og láku ekki, og veður þurrviðrasöm, hélst taðið vel þurrt og fé gat verið vel hvítt á lagðinn.... Á Vestfirðum var fé oft beitt í fjöru á veturna, en fé sem er á fjörubeit bleytir húsin mjög mikið. Vestfirðingar fundu tvö ráð við þeim vanda. Annarsvegar báru þeir sand í garðana í húsunum á haustin og létu hann draga í sig bleytuna úr taðinu. Þegar taðskánin var orðin mettuð var efsta laginu mokað út. Hin aðferðin sem Vestfirðingar fundu upp var að gera rimlagrindur úr tré sem lagðar voru í garðana og féð gekk á þeim. Spörð og hland fór þá niður á milli rimlanna meðan rúm var fyrir. Þegar fór að fyllast á milli rimlanna var grindinni lyft og hún færð svolítið til þannig að hún féll ekki í sama farið aftur heldur lagðist ofaná taðið. Þá leið enn nokkur tími þar til fylltist milli rimlanna aftur. Síðan þróaðist sú aðferð að grafa þrær í botninn á görðunum. (Enn síðar voru haugkjallarar steptir, þannig að grindaslár hvíldu í börmum þeirra). Eftir að skógarnytjar minnkuðu eða hurfu í lnsdinu varð að ráða bót á eldiviðarskortum með einhverju móti. Sumsstaðar var tekinn upp mór úr mýrum og hann þurrkaður til eldsneytis; sumsstaðar við sjóinn var hægt að fá nóg af rekavið í eldinn, en þar sem hvorki var mótekja eða reki varð að treysta á taðið sem eldivið. Þegar fé var á húsi varð að hafa hæfilegan raka í taðinu til þess að það þjappaðist vel saman.... Taðið var stungið út á vorin í hnausum og því ekið á þurrkvöll. Þar voru hnausarnir klofnir í flögur. Taðið lá í lögum í h'suinu ef það hafði haldist hæfilega þurrt um veturinn, og klofnaði auðveldlega. Flögurnar, eða taðskánirnar, voru fyrst lagðar flatar á þurrkvöllinn og látnar léttast og harðna. Um leið og taðskánirnar voru orðnar svo stinnar að þær báru þunga sinn voru tvær skánir reistar upp á rönd; þær látnar hallast hvor á móti annarri og þorna þannig. Næstu tvær skánir studdust við hinar tvær fyrri og þannig voru reistar upp langar reinar. Þegar taðið var orðið nægilega þurrt var það tekið saman og borið upp í taðhlaða, sem var vandlega hlaðinn svo að hann stæði sem best og verði sig fyrir rigningu, en hleypti sem mestu lofti í gegnum sig til að taðið héldi áfram að þorna. Á haustin var eins miklu af taðinu komið í hús og hægt var, en þeir taðhlaðar sem áttu að standa úti fram á veturinn voru þaktir með torfi til að verja þá rigningum. Gott tað, vel þurrt, var góður eldiviður; auðvelt að kveikja upp í því og gaf góðan hita. Verr gekk þegar taðið var blandað bæði mold og heyrudda og rakt í þokkabótt. Þá lifnaði seint og illa í því og það gaf meiri reyk en hita. Enn er sauðatað víða notað til að reykja við það kjöt“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

„Það gekk illa (að fá tað til reykingar). Því hér er fé á grindum, en það hefur alltaf verið reynt að ná einhverjum taðflögum sem voru komnar ofan á grindur. Þá var það gjarnan tekið og þurrkað og haft til að reykja við, en það er svolítið erfitt, það er vandamál að ná því“ (SG; Reyking matar; Þjhd.Þjms).

„Lömbin voru höfð á taði; það var stungið út um sumarmál og notað sem eldiviður þar til mór fór að þorna. Taðið úr öðrum bústofni var notað til áburðar á tún. Var það flutt á tún að hausti eða vetri, og dreift úr því. Að vorinu var þessi áburður svo unninn sem best niður í grasrótna; var það kallað „að vinna á túni“. Til þess var notaður slóði sem muldi skítinn, og var hann dreginn af hesti. Síðan var rakað yfir með kláru eða hrifu. Var þessi vinna oftast unnin snemma vors eða um hálfan mánuð af sumri. Einnig voru notaðar taðkvarnir og taðið malað, og síðan dreift úr því. Fyrir slátt var túnið hreinsað; þá var skíturinn sem ekki vannst niður rakaður í hrúgur. Það var svo starf okkar krakkanna að tína þær upp í trog og hella þeim í poka. Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður. Heldur þótti okkur leiðinlegt verk að *taka hrúgur*“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal GG/HM).

Taða (n, kvk) Gras/hey af ræktuðu landi. Töðuhey er kjarnbeta en hey það sem aflað var af engjum og útslægjum fyrr á tíð. Taðan var því notuð fyrir mjólkurkúr, en lakara hey fyrir sauðfé og geldneyti. Fyrrum var heitið taða notað um land það sem ræktað var með taði, en færðist síðar yfir á heyið af því. Ræktarland var þá einkum kringum bæina, þar sem hægara var að verja það fyrir beit.

Taðaska (n, kvk) Aska sem verður eftir þegar taði er brennt, t.d. til kyndingar eða reykinga. Taðaska þótti fyrrum góð til að nudda henni í ull sauðfjár til að verja það fyrir lús. Einnig notuð til undirburðar í gólf.

Taðflaga / Taðskán (n, kvk) Flaga/flís af taði sem stundið er í hlóðaeld eða höfð til reykinga. Þegar tað var stungið úr húsum voru hnausarnir klofnir í taðflögur og þær þurrkaðar.

Taðhnaus / Taðkökkur (n, kk) Hnaus af taði sem stungið er út úr fjárhúsi.

Taðkvörn (n, kvk) Áhald til að mylja þurrt tað, áður en það er notað sem áburður á tún. Troglaga ílát með tenntum vals í botni og grind. Taðkvörnin er talin uppfinning Físla P. Sigmundssonar trésmiðs á Ljótunnarstöðum í Skagafirði árið 1880. Var víða í notkun fram á miðja 20.öld. „Einnig voru notaðar taðkvarnir og taðið malað, og síðan dreift úr því“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Taðmokstur (n, kk) Mokstur skíts út úr fjárhúsum. Sjá *stinga útúr húsum*.

Taðmold (n, kvk) Mold sem mynduð er af sauðataði. „Hellisgólfið hefur hækkað nokkuð af taðmoldinni“.

Taðskeggingur (n, kk) Unglingur með skegghjúng. „Nú ert þú að verða taðskeggingur, góði minn“.

Tafalítið (l) Með litlum töfum/litilli seinkun. „Ég held að verði tafaminnst að hafa þetta lag á“.

Tafarlaust (l) Án tafar; strax. „Ekki var það látið hafa áhrif, heldur haldið tafarlaust á Hrafnseyrarheiði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Tafarlítið (l) Án mikilla tafa; fljótlega.

Tafasamt (l) Það sem kostar ítrekaðar tafir. „Það er alltof tafasamt að merkja hvern fisk“.

Tafi (n, kk) Töf; seinkun. „Það ætti ekki að verða ekki mikill tafi af því að *stinga* þar við *stafni*“.

Tafl / Taflmaður (n, kk) Spil með taflborði og taflmönnum/ fígúra í manntafl. Kollsvíkingar hafa löngum stundað skáklitina. Það staðfestist þegar árið 1904 fannst taflmaður í kálgarði gamla bæjarins í Kollsvík. Hann er nú í Þjóðminjasafni Íslands og fylgir þessi texti: „Skáktaflsmaður úr búrhvalstönn, skorinn í fulla manns líking, með töluvert skegg og hárið stýft um eyrun, kollágan, barðastóran hatt á höfði, í aðskorinni, einhneptri treyju með breiðum kraga og ákaflega síðum stuttbrókum og skjöld á vinstri hlið og nær sporðurinn niður jafnlangt fótum mannsins. Þetta mun vera konungur úr tafl og eptir því sem ráða má af búninginum, mun hann vera frá síðari hluta 16. aldar. Taflmaður þessi fannst í kálgarði á bænum Kollsvík við Patreksfjörð“ (Sarpur.is). Hákon Jónsson kom gripnum til Þjóðminjasafnsins, en Torfi bróðir hans var bóndi í Kollsvík og druknaði í Snorrallengingu þetta sama ár. Gripurinn verður að teljast með merkari fornleifum sem enn hafa fundist í Kollsvík. „Mamma og Torfi bróðir hennar gátu teflt allan jóladaginn. Mamma kenndi okkur krökkunum tafl“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Tafla (n, kvk) A. Kringlótt spjald/tala með rás í jaðri, notað til að bæta gat á skinnklæðnaði. B. Pilla; lyf/bætiefni í töfluformi. C. Spjald til að skrifa á. D. Form reglulegra reita; skrá. E. Flatskór; sandali.

Taflborð (n, hk) Reitótt borð/spjald til að tefla á. Stundum einungis reitóttur dúkur sem lagður er á borð.

Taflmaður (n, kk) Litil fígúra sem leikið er í tafl, oftast útskorin í líkingu hermanna/hergagna. Sjá *tafl*.

Tafs (n, hk) Töf; hangs. „Ég má ekkert vera að þessu tafsi; ekki veitir af að halda til dagsins“! Var annarsstaðar notað um ógreinilegt tal eða stagl/stam.

Tafsa (s) Tefja; hangsa. „Ég má ekki vera að því að tafsa neitt núna; ég ætla að eiga hjá þér kaffið þangaðtil næst“. Annarsstaðar var orðið notað um að tala seinlega/ógreinilega; reka í vörðurnar.

Tafsamt (l) Seinlegt; gengur með töfum. „Þetta verk er alltof tafsamt með svona vinnubrögðum“.

Tagl (n, hk) A. Stertur á hesti. B. Endi á holti/fjalli. C. Króna á tré. Sbr *tré skal frá tagli rifa en rót telgja/saga*.

Taglhnýtingur (n, kk) Drösull; tryggur fylgismaður. „Ætli ég láti ekki flokkinn *sigla sinn sjó* hér eftir ef hann ætlar að vera taglhnýtingur íhaldins í þessu máli“!

Tagltækur (l) Tiltækur. A. Um hest sem má handsama með því að taka í taglið. B. Um mann sem unnt er að fá til verks. „Ég skal athuga hvort hann sé tagltækur í símann núna“.

Tak (n, hk) A. Grip; hafa tak á einhverju; ná taki. B. Stór steinn. „Þetta er mikið tak; heldurðu að þú loftir honum“? Til eru nafnfrægir steinar, t.d. Brynjólfstak í Brunnaverstöð. C. Verkur. „Ég fékk tak í bakið“.

Taka (s) A. Grípa; nema; fara með; fjarlægja. „Ég tók vírfækjuna svo féð væri ekki að flækja sig í henni“. B. Grípa ná. „Hann var oft fenginn til að taka fé úr svelt“ C. Samþykkja; fallast á (taka einhverju). „Ég tek þessum skilmálum“ sagði Liði“ (PG; Veðmálið). D. Ná; nema; teygjast. „Kórar taka svo hátt að ekki sér út í Kóngshaldahrygg“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Taka að (orðtak) Um sjávarfall; falla að; flæða. „Hann er farinn að taka að. Við lendum um *hálfallið*“.

Taka að láni / Taka til láns (orðtak) Fá lánað.

Taka að sér (orðtak) Ætla að sjá um. „Ég tók þetta verk að mér, og því ætla ég að ljúka sómasamlega“.

Taka af (orðtak) A. Rýja fé, en sögnin að rýja var ekki notuð í Kollsvík. „Við rákum saman til aftektar í gær og náðum að taka af öllu fyrir kvöldið“. B. Um stórsjó: „Við lentum í *aftakasjó* svo tók af fjöll upp í miðjar hlíðar“. C. Fara úr yfirhöfn: „Taktu af þér þarna frammi og hengdu upp á snagann“. D. Drepa; myrða. „Þeir hafa ekki átt almennilegan forseta síðan Kennedí var tekinn af, þarna um árið“.

- Taka af fall** (orðtak) Minnka skellinn af slæmri byltu. „Honum varð það til lífs að lenda í hvannarstöði sem tók af honum mesta fallið, svo hann náði að stöðva sig“.
- Taka af gamanið** (orðtak) Versna í því; útlit versnar; verða erfiðara/mótdrægara. „Það er fljótgengið niður Geldingsskorardalinn, þegar allt er undan fæti og öll ílát tóm. En það getur tekið af gamanið á uppleiðinni, lengst neðanaf Stíg; þegar allt er á fótinn og maður þarf að bera á annaðhundrað egg og vað að auki; sökkvandi í mosa upp á mjóalegg og jafnvel í logni og steikjandi sólskini“.
- Taka af ómakið** (orðtak) Gera verk fyrir annann; létta fyrirhöfn/vinnu af öðrum. „Ég tók af honum ómakið og skar beitu fyrir okkur báða“.
- Taka af (einhverjum) ráðin** (orðtak) *Taka framfyrir hendurnar á einhverjum*; gera á móti vilja/ætlun einhvers.
- Taka af sér** (orðtak) Fara úr ytri fötum/yfirhöfn. „Viltu ekki taka af þér og koma innfyrir“?
- Taka af sér gust** (orðtak) Hvíla sig; kasta mæðinni; leita skjóls í mótvindi. „Á leiðinni frá Látrum komum við örðstutt við í Breiðuvík; bara til að taka af okkur gust“.
- Taka af skarið** (orðtak) Taka ákvörðun um það sem verið hefur í óvissu; kveða uppúr. „Við vorum ekki vissir um réttar áttir í þokunni, en ég ákvað að taka af skarið og fara undan brekkunni“. Visar til þess að þegar kerti logar mynast oft kolaður endi efst á kveiknum, sem veldur því að loginn fer að *ósa* og ljósið dofna. Þá þarf einhver að taka af skarið.
- Taka af (öll) tvímæli** (orðtak) Eyða öllum efasemdum; ákveða endanlega. „Allir voru tillöggunni sammála, en til að taka af öll tvímæli lét hann bóka samþykktina í fundargerð“. Sjá *allt orkar tvímælis þá gert er*.
- Taka af veltu** (orðtak) Gera stöðugan í veltungi. „Ég setti nokkra steina í bátinn til að taka af honum veltuna“.
- Taka afstöðu/ákvörðun** (orðtök) *Ákveða; gera upp hug sinn; mynda sér skoðun*.
- Taka aftur** (orðtak) A. Um ummæli/ávarp; afsaka; lýsa vilja til að ógilda. „Ég tek þessi orð aftur; þau voru í æsingi sögð“. B. Um gerðir; ógilda. „Það verður ekki aftur tekið ef bátum slær flötum í lendingunni“!
- Taka akkeri/stjóra** (orðtak) Um bát; leggjast í akkerisfesti/stjórafæri undan reki; akkeri/stjóri nær botnfestu. „Báturinn hafði ekki tekið akkerinu þarna á sandblettinum og dró útmeð bjarginu“.
- Taka alvarlega / Taka hátfölega** (orðtök) Leggja ríkan skilning í eitthvað, t.d. það sem gert/sagt er; telja að það hafi mikla þýðingu. „Svona *þus* tek ég nú ekki alvarlega“.
- Taka andköf** (orðtak) Anda djúpt og ákaft, t.d. eftir að hafa lengi haldið niðri í sér andanum; áköf innöndun. Gerist stundum í hugaræsingi. „Hún tók andköf þegar hún sá hvað hafði gerst“.
- Taka á** (orðtak) A. Nota kraftana; gera það sem erfið er; gera átak. „Við megum heldur betur taka á ef við ætlum að koma trénu uppá hleinina“. B. Þreifa á; þukla. Einkum um það að *handfara* fé, t.d. ásetningslömb. „„Jæja“ sagði Liði. „Viltu samt ekki prófa að taka á kettlingnum og taka hann upp áður en þú veðjar“? (PG; Veðmálið). ... „Sumir blönduðu sér í málið og margir þurftu að setja sig inn í það með því að fá að taka á lambinu; bæði á baki og bringu; taka það upp til að meta skrokkþungann, og síðast en ekki síst að koma sínu álitu á framfæri“ (PG; Veðmálið).
- Taka (fé) á gjöf** (orðtak) Hýsa fé; taka á hús. „Það skal tekið fram skoðun lét ég dragast; mest vegna þess að tíðin hefur verið svo góð; sífelldar eyður og hvergi farið að taka lömb á gjöf ennþá“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Taka á honum stóra sínum** (orðtak) Beita miklum kröftum; reyna af öllu afli.
- Taka (fé/skepnur) á hús / Taka (fé/skepnur) á gjöf** (orðtök) Hleypa fé inn í fjárhús og byrja að gefa því föður.
- Taka á móti** (orðtak) A. Veita viðtöku; veita fæðingarhjálp „Á móti mér tók Magdalena Össurardóttir móðursystir mín“ (IG; Æskuminningar). B. Veita andspyrnu gegn árás/atlögu. „Maður reynir nú að taka á móti ef á mann er ráðist“.
- Taka (einhvern/einverja/eitthvað) á löpp** (orðtak) A. Grípa lamb með því að ná í fót þess, t.d. þegar það er elt til mörkunar. B. Líkingamál; ná sér í maka eða bólfélag.
- Taka (einhvern) á orðinu** (orðtak) *Taka einhvern bókstaflega; herma það uppá* mann sem hann hefur sagt/lofað. „Ég tók hann á orðinu þegar hann sagðist geta lánað mér þetta“.
- Taka á rás** (orðtak) Byrja að hlaupa; taka til fótanna. „Þeim sem í landi voru brá í brún er báturinn sneri að Snorralendingu, en tóku þó þegar á rás þangað“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Taka á sig** (orðtak) A. *Taka á sig ábyrgð/sök* (sjá þar). B. Um hlut, t.d. byggingu; verða fyrir miklu álagi t.d. í vindi. „Hann þorði ekki að leggja á fjallið; sagði að kerran tæki svo mikið á sig í rokinu“.

- Taka á sig ábyrgð/sök/tjón/skaða** (orðtök) Viðurkenna sína ábyrgð/sök; lýsa ábyrgð/sök á sig; bera kostnað vegna skaða/tjóns. „Ég tek fulla á mig ábyrgð á þessum mistökum“. „Ég tek á mig allan skaða sem kann að hljóttast af þessu“.
- Taka á sig náðir** (orðtak) Fara að sofa; *ganga til hvílu; draga sig í lúsina*. „Asskoti er orðið framorðið; ætli maður fari bara ekki að taka á sig náðir“.
- Taka á sig rögg** (orðtak) Hafa sig í verk; sýna röggsemi. „Eftir margra mánaða hangs tók hann á sig rögg og kláraði verkið“.
- Taka á sig mynd** (orðtak) Verða til; skapast. „Nú fer báturinn að taka á sig sína réttu mynd“.
- Taka á sig náðir** (orðtak) Háttá; fara að sofa; *ganga til hvílu/náða*. „Ári er maður orðinn syfjaður; ætli ég fari ekki bara að taka á mig náðir, *hvað úr hverju*“.
- Taka á sig rögg** (orðtak) Herða sig í að gera/framkvæma; *hleypta í sig kjarki*. „Hér var að verða ári ruslaralegt í kring, svo ég tók á mig rögg og hreinsaði til“. Sjá rögg.
- Taka á öllu sínu** (orðtak) Beita ítrustu kröftum; taka á af alefli. „Ég tók á öllu mínu, og þá gekk þetta“.
- Taka áróður** (orðtak) Um veiðiskap; *kippa á mið; bregða til miða*. „Ef tók undan meðan straumur var, og þess vegna kippt á, var að taka straumkippi; einnig að róða snertu. Það kölluðu sumir Skagfirðingar að oka á, en Vestfirðingar að bregða til miða; einnig að taka *áróður*“ (LK; Ísl.sjavarhættir IV). Í seinni tíð var algengast að tala um að *kippa*.
- Taka ástfóstri/tryggðum við** (orðtak) Verða hrifinn/ástfanginn af; verða hændur að; þykja vænt um. „Ekki er að undra þó margir hafi tekið ástfóstri við Kollsvíkina“.
- Taka barning** (orðtak) Um siglingu báts; lenda í mótvindi/miklum mótstraumi, sem illa gengur að róa gegn. „Komust þeir svo á venjulegri bátaleið fyrir Bjargtanga og tóku barning að Brunnum“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Taka baujuna/bólið/duflið** (orðtak) Ná baujunni innfyrir borðstokk um leið og báturinn rennir að henni. „Vertu klár að taka baujuna“!
- Taka bóg** (orðtak) Um siglingu báts/skips; sigla langan legg skáhallt í vindi. „Þeir tóku því bóg norðurá, eins nærri vindi og unnt var“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þegar í land var haldið sigldu þeir Árni og Guðbjartur eins og tók norður undir Bjarnarnúp og ætluðu síðan að taka annan bóg suður eftir“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Taka bókstaflega** (orðtak) Leggja ríkan skilning í það sem sagt er; túlka það mjög þröngt sem sagt er. „Ég *segi* nú bara *sisona*; þú mátt ekki taka það of bókstaflega“.
- Taka daginn snemma** (orðtak) Fara snemma á fætur; fara *snemma upp*. „En að því loknu fóru þeir að þvo sér og svo að sofa, því þeir tóku daginn oftast snemma ef sjóveður var“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Taka djúpt í árinni** (orðtak) A. Dýfa áinni vel niður í sjóinn þegar báti er róíð. Það róðrarlag er stundum nauðsynlegt; t.d. þegar róíð er í miklum veltingi; svo árin *skelli* ekki *uppúr* í öldudölnum. B. Taka sterkar til orða en ástæða er til; segja meira en tilefni er til. „Það er nú kannski of djúpt í árinni tekið að þetta sé allt ónýtt; en eitthvað er það“. Líking við *róðrarlag* á báti.
- Taka eftir** (orðtak) A. Veita athygli; sjá; uppgötva. „Ég tók eftir því að kýrin *stakk við* á öðrum afturfætinum“. B. *Apa/herma eftir*. „Þetta er ósiður sem ekki er vert að aðrir taki eftir“.
- Taka (einhverju) eins og hverju öðru hundsbiti** (orðtak) Um ólán/áfall; taka því sem að höndum ber. „Þetta var bölvæð áfall; að missa kúna. En ætli maður verði ekki að taka því eins og hverju öðru hundsbiti“.
- Taka ekki fjarri / Taka líklega** (orðtök) *Taka vel í*; vera jákvæður gagnvart; taka sæmilega undir. „Ég nefndi þetta við hann, og hann tók því ekki fjarri að hjálpa mér“. „Mér fannst hann taka þessu nokkuð líklega“.
- Taka (ekki) í mál** (orðtak) Finnast (ekki) fjarstæða; telja (ekki) koma til greina. „Ég tek það ekki í mál að þú farir þarna niður; bergið er laust í sér og stórhættulegt“.
- Taka ekki tali** (orðtak) Koma ekki til mála; ekki til umræðu. „Það tekur ekki tali að þú farir einn í þessa ferð“.
- Taka falli** (orðtak) Fall hafið. „Ekki flýtir það ferðinni að tekið er suðurfalli nærri landi“ (KJK; Kollsvíkurver). „Aðeins fór að bera á norðansjó þegar suðurfallinu tók; þótti öllum það illt viti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Taka feginshugar/feiginshendi** (orðtak) Taka fagnandi; vera þakklátur. „Víst tæki ég því feginshugar ef þú gætir komið og aðstoðað við þetta verk, en *gerðu þér* ekki *ómak* mín vegna“.
- Taka ferð** (orðtak) Ná hraða. „Fyrir þessar aðgerðir stjórnandans tók báturinn lítið högg er hann kom fram með sjónum; orðinn réttur og búinn að taka ferð fyrir næstu báru“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Taka fé á hús (orðtak) *Hýsa fé* í vetrarbyrjun. „Oft var farið að taka fé á hús í byrjun nóvember, en fór þó eftir veðri“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Taka (einhverju) fjarri/víðsfjarri (orðtak) Finnast fráleitt; vísa á bug. „Hann tók því ekki fjarri þegar ég bað um þetta“. „Þeir orðuðu þetta eitthvað við hann, en hann tók því víðsfjarri, og taldi þetta hið mesta óráð“.

Taka (einhverjum) fram um (orðtak) Vera fremri en einhver í. „Strákurinn tekur mér fram um snerpu“.

Taka (eitthvað) fram (orðtak) Leggja áherslu á eitthvað; tala sérstaklega um; benda á. „Það skal tekið fram að skoðun lét ég dragast; mest vegna þess að tíðin hefur verið svo góð...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Taka framfyrir hendur (einhvers) (orðtak) Taka ráðin af einhverjum; *taka ráðin af einhverjum*; vinna verk annars manns. „Hann er óttalega seinn við verkið en ég get varla farið að taka framfyrir hendurnar á honum; þetta er hans verk“.

Taka framförum (orðtak) Fara fram; batna; vaxa; þroskast; dafna. „Tvílembingarnir hafa tekið famförum“.

Taka framhjá (orðtak) Halda framhjá; fara á bakvið sína konu með annari.

Taka framúr (orðtak) Fara framúr/framfyrir. „...í Eyjafirði voru þessar vélar þekktar fyrir það að taka framúr Dalvíkurrúttunni“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Taka framyfir (orðtak) Velja/kjósa fremur. „Ég tek þessa gimbur tvímælalaust framyfir hina“.

Taka frá (orðtak) Taka eitthvað til hliðar fyrir einhvern; ætla einhverjum sérstökum eitthvað.

Taka fyrir (orðtak) A. Um beit; Verða *jarðlaust* til beitar vegna snjóa eða klaka. „Nú hefur alveg tekið fyrir beit uppi undir Hjöllunum“. Einnig um fjörubeit: „Það hefur tekið fyrir fjörubeit vegna *móðsins* í fjörunni“. B. Um veiðar, vatnsrennsli o.fl; „Það hefur alveg tekið fyrir veiði í allri þessari *silferð*“. „Það hefur tekið fyrir vatnsrennsli í þurrkunum C. Hafna. „Hann tekur alfarið fyrir það að gefa áfram kost á sé í stjórninni“.

Taka fyrir beit/haga/úthaga (orðtak) Um það þegar fé nær ekki að bíta/ *krafsa sér til beitar* vegna *áfreða* eða snjódyptar. „Það hefur tekið að mestu fyrir alla beit í þessu *áhlaupi*“. „Það var mál manna fyrr á tíð, að að aldrei yrði jarðlaust; þ.e. tæki fyrir beit, fyrir útigöngufé á Þyrsklingahrygg“ (HÖ; Fjaran).

Taka fyrir fjöru/fjörubeit (orðtak) Um það þegar fé kemst ekki í fjöru vegna ófærðar/*móðs* í henni eða þegar frost er svo mikið að þari frýs um leið og fellur út. „Það tekur alveg fyrir fjörubeit í þessu *fimbulkrosti*“.

Taka (eitthvað) fyrir gefið (orðtak) Telja sjálfsagt/öruggt; *ganga að einhverju vísu*. „Við skulum nú ekki taka það fyrir gefið að fjárhópurinn haldi götu alla leiðina heim“. Sambærilegt í ensku; „take for granted“.

Taka fyrir satt (orðtak) *Leggja trúnað á*; trúa. „Ég var ekkert að efast um hans orð; ég tók þetta allt fyrir satt“.

Taka (eitthvað) föstum tökum (orðtak) Stjórna einhverju markvisst; taka rösklega á málum.

Taka gleði sína (á ný) (orðtak) Verða (aftur) ánægður/lifsglaður/kátur. „Nú geturðu tekið gleði þína á ný“.

Taka gott og gilt (orðtak) *Taka trúanlegt*; trúa; *hafa fyrir satt*. „Ég tók svar hans gott og gilt“.

Taka grunn (orðtak) Um skakveiði; ná til botns; botna. „Fallið var svo stíft að færið tók ekki grunn, heldur *stóð allt á glæ*“.

Taka grunnmál (orðtak) Draga færi dálítið upp aftur eftir að því hefur verið rennt í botn. Þetta er nauðsynleg til að ekki festist í botni þegar bátinn rekur undan vindi og straumi. Grunnmál er misjafnt eftir aðstæðum, en oftast er það fáeinir metrar. Nokkuð grunnmál þarf ef botn er mjög grófur og ef fiskur er kominn upp í sjó þegar hann er viljugur, t.d. á *fallaskiptum*. Hinsvegar er tekið lítið grunnmál á sléttum botni og miklum straumi. Endurtaka þarf grunnmál öðru hvoru, einkanlega í *tregfiski*.

Taka grunnvör (orðtak) Um róður; dýfa árinna svo djúpt í sjó í grunnum sjó (í vör) að hún rekist í flúðir og hætta sé á að hún brotni. Þá er hætt við að báturinn *svífi*. (LK; Ísl. sjávarhættirIV; eftir ÓÉTh)

Taka (einhverjum) gröf (orðtak) Taka/grafa gröf til að jarða einhvern í.

Taka gönur (orðtak) Taka sprett án fyrirvara, úr hægum gangi. „Vélin hökti í land á öðrum strokknum, en stundum tók hún þó hinn og þá tók báturinn gönur miklar“.

Taka hart á (einhverju) (orðtak) *Líta alvarlegum augum*; refsa harðlega fyrir. „Sýslumaður setti upp merkissvip og sagðist taka hart á brotum af þessu tagi“.

Taka hlut sinn á þurru (landi) (orðtak) Hirða ágóða/laun án verulegrar vinnu eða áhættu. Líking við útgerðarmann báts sem hefur tekjur af erfiði/sjósókn annarra án þess að fara sjálfur á sjó.

Taka hrúgur (orðtak) Taka afrak (þurran umframskít) sem rakað hefur verið saman á túnnum. „Afrakið var síðan borið heim í mókofa og notað sem eldiviður. Heldur þótti okkur leiðinlegt verk að taka hrúgur“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá *áburður*.

- Taka hús á (einhverjum)** (orðtak) Ráðast inn á heimili.
- Taka höndum** (orðtak) Handtaka; taka með lögregluvaldi.
- Taka illa/vel í** (orðtök) Um erindi; sýna slæmar/góðar undirtektir. „Hann tók ekki illa í að gera þetta“.
- Taka illa upp / Taka óstinnt upp** (orðtök) Taka því illa sem sagt/gert er. „Ég tek það ekki illa upp þó hann gagnrýni þetta; það er allt vel meint“. „Hún tók þetta óstinnt upp, og lét hann alveg heyra sína meiningu“.
- Taka innan** (orðtak) Vera mjög svangur; hafa mikla hungurtilfinningu. „Mig tók innan af sulti eftir ferðina“.
- Taka innanúr** (orðtak) A. Fara innaní; slægja; taka innmat úr slátruðum grip/fiski. „Við verðum að fara að taka innanúr nautinu áður en vömbin blæst meira út“. B. Í líkingamáli; inna eftir fréttum eða slúðri; fá fréttir/fróðleik hjá manni. „Það gekk andskotann ekkert að taka innan úr honum; hann er svo fjári *orðvar*“.
- Taka inná sig** (orðtak) A. Um bát; taka sjó; *sípa á*; fá í sig sjó; *taka sjó*. „Vertu klár að ausa ef hann tekur inná sig í röstinni“. B. Um manneskju; taka atburð/fregn/ástand nærri sér. „Þú mátt ekki taka þetta of mikið inná þig“.
- Taka í** (orðtak) A. Taka undir; svara jákvætt. „Hann tók fremur *linlega* í þetta“. B. Síga í; vera þungt; toga í spotta/vað/færi. „Lúðan tók hressilega í“. „Það tekur í að bera tvo eggjakúta upp allan Geldingsskorardal“. C. Um vind; heyrast/finnast á. „Hann tók hressilega í þegar á brún var komið“. D. Um meiðsli/ör; togna á með sársauka. „Mig tekur dálítið í sárið á handleggnum þegar ég lyfti einhverju“.
- Taka í akt** (orðtak) Gera betur; vinna meira/skipulegar. „Þú þarft að taka þig í akt ef þú ætlar að ná prófinu“.
- Taka í arf** (orðtak) Erfa; fá sem ættarfylgju.
- Taka í ár** (orðtak) Grípa í að róa.
- Taka (einhvern) í bóndabeygju** (orðtak) Halda á einhverjum fyrir framan sig þannig að haldið er undir háls og hnésbætur, en viðkomandi er í hnút. „Ég gæti tekið þennan væskil í bóndabeygju ef ég nennti því“!
- Taka í hey** (orðtak) Um grip/kind; byrja að éta hey. „Sú votheysveika er aðeins byrjuð að taka í hey“.
- Taka í hnakkadrambið** (orðtak) Sama og taka í karphúsið.
- Taka í höfuðið** (orðtak) Átta sig á; gera sér grein fyrir. „Ég tók það ekki nógu snemma í höfuðið að loka hliðinu, svo einhverjar kindur geta kannski hafa sloppið norðurfyrr“.
- Taka (einhvern) í karphúsið** (orðtak) Lúskra; tugta til. „Ég tek ykkur í karphúsið ef þessi ólæti halda áfram“. Karphús mun vera dregið af erlendu heiti á hettu/húfu, en tengingin við þetta orðtak er annars óljós.
- Taka loforð/orð af (einhverjum)** (orðtak) Fá einhvern til að heita/lofa sér. „Ég tók af honum orð uppá þetta“.
- Taka í lurginn á (einhverjum)** (orðtak) *Tukta (einhvern) til*; veita ráðningu. „Það væri réttast að taka í luginn á þessum vitleysingum“! Lurgur merkir hár/hárlubbi.
- Taka í mál** (orðtak) Álíta mögulegt; telja koma til greina. „Ég tek það ekki í mál að fara í svona veðri“.
- Taka í nefið** (orðtak) Fá sér neftóbak í nasirnar; vera notandi neftóbaks. „Karlarnir tóku í nefið hvor hjá öðrum“.
- Taka í reyk / Taka í kæfu / Taka í ket** (orðtak) Ákveða meðan sauðkind er á lífi, eða eftir að slátrað hefur verið, hvort matan sé heppileg í hangiket; til kæfugerðar eða í saltket/súpuket. Getur átt við að velja féð *á fæti* eða velja skrokka eftir slátrun. „Hún Röst er að verða ári gömul og rytjuleg. Ætli hún verði ekki tekin í kæfu í haust“. „Tekið var í reyk helst geldfé; gjarnan valið vænt fé“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Taka í sama streng** (orðtak) Um málefni; taka undir; styðja. „Hann var eindregið á þessari skoðun, og fleiri tóku í sama streng“. Vísar til þess að margir taki á vað/tóg við t.d. drátt sigara í bjargi eða í reiptogi. „Össur Guðbjartsson tók mjög í sama streng og fyrri ræðumenn“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Taka í sig** (orðtak) Bíta í sig; telja sjálfum sér trú um; ákveða. „Hann er búinn að bíta þetta í sig og fer ekki ofan af því, hvað sem tautar og raular“.
- Taka á/í sig sjó** (orðtök) Um bát; fá inní sig sjó. „Ekki braut að staðaldri á Miðklakk, en allt í einu tekur sig upp allstórt brot skammt frá bátnum; þó ekki það mikið að hann tæki í sig sjó“ (KJK; Kollsvíkurer).
- Taka í slef/tog** (orðtak) Draga. „.....og tók hann okkur í slef á Patreksfjörð“ (ÖG; Þokuróður).
- Taka í spil / Taka í kort** (orðtök) Spila á spil. Oft var tekið í spil í landlegum í verinu. Einnig um jól, bæði meðal heimilismanna og þegar fjölskyldur hittust í jólaboðum. „Ættum við nú ekki að taka aðeins í spil“?
- Taka/kippa í taumana** (orðtak) Ná stjórn á; spyrna við fótum; halda aftur af. „Þegar strákarnir voru farnir að *fljúgast á* í illu og annar kominn með blóðnasir þótti mér tími kominn til að taka í taumana“.
- Taka í tvennt/þrntt/fernt** (orðtök) Hluta/skipta í tvo/þrjá/fjóra hluta.

- Taka kinnar** (orðtak) Aðferð við vinnslu matar úr stórum þorskhausum. Eftir að hauseð hefur verið eru tálknbogar skornir og rifnir frá. Með sérstöku bragði er skorið báðumegin við hausbeinið og það fjarlægt, þannig að eftir verði kinnarnar; samhangandi á neðrikjálkum og gellu. „Ofast voru teknar kinnar“ (SG um gerð *hausastöppu*; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Taka krók/öngul/beitu** (orðtök) Um fisk; veiðast; vera viljugur. „Mér finnst vera nóg af fiski hérna, en hann tekur ekki krók“.
- Taka kósinn/kúrsinn** (orðtak) *Taka á rás/sprett*; fara í ákveðna stefnu; *taka strikið*. „Hundurinn tók kósinn upp á fjall“. „Ég var ekki fyrir búinn að hleypa henni útaf, en hún tók kúrsinn beint út á Bjarg“.
- Taka lagið** (orðtak) Hefja upp söng; syngja. „Eigum við nú ekki að taka lagið; öll saman“?
- Taka lambi** (orðtak) Um það hversu vel tekst að *venja undir* (sjá þar).
- Taka land** (orðtak) Um sjóferð; koma að landi; lenda. Mikið notað í fornu máli en minna nú á tíð.
- Taka lit** (orðtak) Litast; grænka; brúnkast. „Aðeins eru túnin að byrja að taka lit“. „Sveimérþá; ég held að maður sé bara farinn að taka dálítinn lit í sólinni“!
- Taka loforð af** (orðtak) Fá einhvern til að lofa. „Ég tók af honum loforð um að fara ekki nærri klettunum“.
- Taka mark á** (orðtak) Telja marktækt; fara að/eftir; hlusta á. „Ég tek nú ekki mark á hvaða vitleysu sem er“!
- Taka máli/málstað (einhvers)** (orðtök) Taka til varna fyrir einhvern; verja einhvern eða gjörðir hans.
- Taka með í reikninginn** (orðtak) Taka tillit til; hafa í huga. „Nú þurfum við að taka suðurfallið með í reikninginn; þú skalt láta horfa vel ljóst norðanvið þá stefnu sem þú ætlar að sigla“.
- Taka með kostum og kynjum** (orðtak) Taka vel á móti; vera gestrisinn. „Mér var tekið með kostum og kynjum þegar ég heimsótti þau nú á dögunum“.
- Taka með trompi** (orðtak) Taka eitthvað hratt og með yfirburðum. Sjá *hafa tromp á hendi*.
- Taka mið** (orðtak) Setja á sig kennileiti/mið til að geta fundið aftur ákveðinn stað. „Við getum tekið mið af Hreggenesanum og Hádegisskarðinu annarsvegar og Enginúpnunum fyrir Breiðinn hinsvegar“.
- Taka mið af** (orðtak) Miða við; *ganga útfrá*. „Ég tók mið af því sem áður hefur verið gert“.
- Taka niðri** (orðtak) Um bát; reka kjöl/stafn í botn. „Allt í einu tekur skipið niðri á skeri því er Selkollur heitir, og stitur þar fast“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Taka niðurfyrir sig** (orðtak) Um giftingu; velja sér maka af lægri stétt en maður er sjálfur. „Gömlu konunni þótti að með þessu væri strákurinn að taka niðurfyrir sig, en honum varð ekki hnikað“.
- Taka niður um sig** (orðtak) *Leysa niður um sig*; taka buxur niður t.d. áður en sest er á klósettið.
- Taka nærri sér** (orðtak) Verða mikið um; hafa áhyggjur af; harma. „Hún tók þennan missi mjög nærri sér“.
- Taka ofan** (orðtak) Taka niður höfuðfatið/húfuna/hattinn. „Þá taka allir ofan höfuðfötin og lesa bæn; hver fyrir sig“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Í þann mund er þeir Jón og hans menn höfðu tekið ofan húfurnar og voru að byrja að biðja fyrir sér, sem venja var þá; á Þórarinn leið í fjörunni þar sem þeir róu skammt frá landi“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Taka ofan af** (orðtak) Um ullarvinnu; aðskilja tog og þel. „Ef nota átti bandið í vinnupeysur karla eða grófari sokkplögg var kembt saman tog og þel, eða notað eingöngu tog; en tekið var ofan af sem kallað var þegar tog og þel var aðskilið“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms). Sjá *tóvinna*.
- Taka ofaní hrygginn á** (orðtak) A. Þukla bak á lambi/hrút til að meta holdafar/byggingu. „Náðu þessu hrútlambi; mig langar að taka aðeins ofaní hrygginn á honum“. B. Líkingamál; *veita ráðningu; tukta til*. „Ef þú gerir þetta einu sinni enn, skal ég taka hressilega ofan í hrygginn á þér“!
- Taka (einhverju/einverjum) opnum örmum** (orðtak) Fagna einhverju/einverjum; bjóða velkominn. „Hún tók okkur opnum örmum, eins og vanalega“.
- Taka ófrjálsri hendi** (orðtak) Stela; hnupla; taka án leyfis. „Ég er ekkert hrifinn af því ef þeir hafa tekið hnífinn ófrjálsri hendi“!
- Taka óstinnt upp** (orðtak) Bregðast harkalega við; mótmæla harðlega. „Ég tók það óstinnt upp að þeir skyldu ekki spyrja mig um leyfi“.
- Taka pokann sinn** (orðtak) Hætta í vinnu; segja upp. „Ég held að þessi ráðherra þurfi nú að taka pokann sinn eftir svona herfileg mistök“.
- Taka pól í hæðina** (orðtak) Hafa sjónarmið; taka afstöðu. „Ég nenni ekkert að rexa í henni fyrst hún tók þennan pól í hæðina“.

- Taka púst** (orðtak) A. Hvíla sig; *pústa*. „Nú skulum við taka smá púst“. B. Um vél/sprenghreyfil; kveikja; fara í gang.
- Taka reyk** (orðtak) A. Um matvæli; fá í sig reykingabragð. „Fiskinn má taka út á morgun; hann er svo fljótur að taka reyk“. B. Fá sér að reykja; anda að sér reyk. „Ég er ekki mikið fyrir það að taka reyk“.
- Taka rif** (orðtak) Rifa segl á bát/skipi. Sjá *rifa segl*. „Vindinn jók er komið var fyrir Blakkinn, svo tekið var rif í seglið“.
- Taka rið** (orðtak) Sveifla sér í vað frá bjargi við bjargsig, annaðhvort til hliðar eða frá berginu. Stundum getur þurft að taka rið til að ná inn á ákveðinn stall eða til að stýra sér í loftsigi. Í seinni tíð fór að heyrast orðið *spranga* um þetta, en það mun runnið frá Sunnlendingum, einkum Vestmannaeyjum.
- Taka saman** (orðtak) A. Um heyskap: Raka upp. „Hann er orðinn rigningarlegur; við *megum til* að taka saman“. B. Taka tað af túnum; *bera af*. Það var rakað í hrúgur með hrífum og síðan borið í stæður eða hús og notað til eldiviðar. C. Um ritverk, hluti og annað; safna saman.
- Taka saman ráð sín** (orðtak) Ráða ráðum sínum; bera saman bækur sínar; ræða hvaða úrræði séu í boði; skipuleggja úrræði/málefni. „Nú held ég að hreppsnefndin þurfi að taka saman ráð sín í þessu máli“.
- Taka saman við (einhverja/einhvern)** (orðtak) Hefja sambúð með einhverri/einhverjum.
- Taka sárt til** (orðtak) Finna til með; vorkenna. „Mig tekur sárt til þess að svona skuli komið fyrir honum“.
- Taka seglum** (orðtak) Um seglbát; hafa þá stefnu að vindur leggist réttu megin í seglin. Getur t.d. verið vandasamt þegar sigldur er beitivindur.
- Taka sér bessaleyfi** (orðtak) Leyfa sér; gera í óleyfi; gera án þess að biðja um leyfi. Sjá *bessaleyfi*.
- Taka sér bók í hönd** (orðtak) Fara að lesa; hefja lestur bókar. „Það er fávís maður sem aldrei tekur sér bók í hönd“.
- Taka sér far** (orðtak) Fá far með einhverjum; verða samferða einhverjum. „Man ég að Ívari á Melanesi hrutu ljót orð af munni þegar hann tók sér eitt sinn far með tónum bílnum að Skeri“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Taka sér fyrir hendur** (orðtak) Hefja vinnu við; byrja verk; starfa við. „Of langt yrði að telja upp allt sem hann tók sér fyrir hendur. Enn eru til munir sem hann skar út...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Taka sér í munn** (orðtak) Segja; nefna; *taka upp í sig*; *bera sér í munn*. „Ekki ætla ég að taka mér í munn að aldrei hafi veiðst hér svo stór lúða, en stór var hún; víst var um það“!
- Taka sér stöðu** (orðtak) Koma sér fyrir; standa rétt að verki. „Takið ykkur stöðu og haldið við endann; ég ætla að skjótast hér niðurfyrir brúnina og sækja þessi egg“.
- Taka sér (honum/henni) tak** (orðtak) Gera átak; grípa til aðgerða; refsá. „Ég þarf að fara að taka mér tak með reykingarnar“. „Það þarf að fara að taka honum tak varðandi þetta bölvæð skytteri *útum allar trissur*“!
- Taka sér til meins/tjóns / Taka sér í mein** (orðtak) Taka svo af eignum sínum í þágu annarra að maður skaðist sjálfur. „Ég er ekkert að taka mér til meins þó ég láti þig hafa þennan föðurbætispoka“.
- Taka sig** (orðtak) Þorna; jafna sig. „Það er rétt að *kasta úr* göltunum og láta heyið taka sig aðeins áður en það er *hirt*“. „Láttu olíuna liggja dálítið á viðnum áður en hún er þurrkuð af; það er gott að láta þetta taka sig“.
- Taka sig í agt / Taka sig í vakt / Taka sig saman í andlitinu** (orðtök) Hafa sjálfsaga; skipuleggja tímanlega; drífa sig; drífa í. „Nú þarftu að taka þig í agt í náminu, ef þú ætlar að klára þetta í vor“. „Ég held nú að stjórnvöld megi fara að taka sig saman í andlitinu ef búskapur á ekki að *lognast* alveg *útaf* í landinu“. „Taka sig í vakt“ mun vera upprunalega útgáfa máltaksins, og merkir að vakna til meðvitundar. „Agt“ er líklega síðari alþýðuskýring, sem vísar til aga. Báðar myndir heyrðust í Kollsvík til skamms tíma. Að „taka sig saman í andlitinu“ vísar til þess að hrista af sér doðasvip og sýna einbeitni.
- Taka sig til** (orðtak) Hefja; byrja; hafa sig í. „Þá sögu sagði faðir minn mér að þegar sigið hafði verið með sauð þarna niður í fitubeit hefði hann tekið sig til að stökkva stall af stalli allt niður í Hryggi.“ (ÖG; Sighvatsstóð). „Svo tók hann sig til og smíðaði heyvagn sem þótti mikið raritet. Sá var á fjórum járnhjólum, fremur litlum en breiðum. Stýringar voru á framhjólunum og tveimur hestum beitt fyrir“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Taka sig saman** (orðtak) Sameinast með/um; gera sameiginlega. „Við tókum okkur saman og gáfum honum myndarlega afmælisgjöf“.
- Taka sig saman í andlitinu** (orðtak) Bæta sín vinnubrögð; herða sig upp; gera sig kláran/tilbúinn. „Ætli maður þurfi ekki eitthvað að fara að taka sig saman í andlitinu fyrir fundinn“. „Nú held ég að þessi ríkisstjón þurfi að fara að taka sig saman í andlitinu ef hún ætlar að *tóra* framað næstu kosningum“.

- Taka sig upp** (orðtak) A. Um veiki/sár/óáran. „Er þessi flensufjandi að taka sig upp aftur“? B. Taka sitt hafurtask og fara; flytja búferlum. „Hér veiðist ekki kvikindi. Nú tókum við okkur upp og förum annað“. C. Um brotsjó; rísa. „Halðiði bátum réttum uppi; mér sýnist að þarna sé að taka sig upp brot aftanvið okkur“!
- Taka sig útúr** (orðtak) Yfirléitt notað um kindur; fara útúr fjárhóp í rekstri. „Gætiði vel að þeirri gráu þegar þið rekið norður; hún er skæð með að taka sig útúr þegar lítið ber á“.
- Taka sinnaskiptum** (orðtak) Skipta um skoðun. „Heldur fannst mér hann hafa tekið sinnaskiptum í málinu“.
- Taka sjó** (orðtak) Um bát/skip: A. Fá verulegt af sjó inn yfir borðstokk. „Stundum reis skip svo hátt í sjónum að það var hálf á lofti að aftan og við það *missti* stýrið sjó. Var þá sagt að *skæri undan*. En þá stýrðist ekki og skipið rann við og átti á hættu að taka sjó“ (LK; Ísl. sjávarh. III; eftir ÓETH). B. Taka á móti sjónum. „Bátum var snúið á Syðstuleiðina, en þá varð að taka sjóinn á bakborðshlið þar til komið var upp fyrir boðana“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Taka skakkan pól í hæðina** (orðtak) Álykta rangt; miða við rangar forsendur; fara villur vega í ályktunum eða ákvörðunum; hafa rangt fyrir sér; *fara villur vega*; vera á *villigötum*; komast að rangri niðurstöðu; taka ranga afstöðu. „Mér þótti hann taka algerlega skakkan pól í hæðina þegar hann ákvað þetta“. „Mér fannst hann taka dálítið skakkan pól í hæðina, þó ekki væri þetta alrangt hjá honum“. Líkingin vísar til þess að maður noti ekki rétt viðmið við staðsetningu, t.d. fiskimiðs, eða við að rata. Má vera að það hafi upphaflega haft þrengri merkingu: Að settur hafi verið upp staur (póll) við lendingu, sem látinn var bera í vissa hæð í landslagi þegar siglt var inn til lendingar. Slys gat orðið ef staurinn var skakkur og röng stefna haldin. Sjá *taka pól í hæðina*.
- Taka til sín** (orðtak) Skilja að skammir/lastmæli eiga við mann. „Hann var að skammast yfir þeim sem ekki nenntu að smala. Ég tek það ekki til mín; ég hef staðið við allt mitt í þeim efnunum“.
- Taka sig saman í andlitinu** (orðtak) Bókstafleg merking er að setja upp alvörusvip/gáfusvip í stað eymdarsvips eða kátínu. Oftar þó notað um það að koma skipulagi á hlutina/ sýna einbeitni. „Nú megið þið heldur betur taka ykkur saman í andlitinu strákar; allur túnrolluskarinn er kominn inná Melstúnið“!
- Taka skarið af um** (eitthvað) *Taka af skarið um* (eitthvað), sjá þar.
- Taka (á sig) skellinn** (orðtak) Taka á móti áfalli/höggi; taka á sig skaða/tjón. „Hann sagðist taka verulega áhættu, en hann myndi einn taka skellinn ef illa færi“.
- Taka slaginn** (orðtak) Vinda sér í verkið; ákveða að byrja/ taka þátt. Vísar til þess að byrja að *slaga* þegar sigldur er *beitivindur* á seglskipi.
- Taka snerru** (orðtak) Rífast; deila; munnhöggvast. „Þar fundu þeir tilefni að taka eina snerruna enn“.
- Taka sótt** (orðtak) Veikjast af smitsjúkdómi/pest. „Það eru ekki allir sem taka þessa sótt; sumir sleppa“.
- Taka sporið** (orðtak) Dansa; stíga dans. „Eftir skemmtunina tóku margir sporið við harmonikkundirleik“.
- Taka sprettinn / Taka á sprett** (orðtök) Hlaupa; taka á rás. „Svo var spretturinn tekinn niður í fjöru, þar sem þeir voru að setja bátinn“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Taka stakkaskiptum** (orðtak) Breytast mjög mikið; verða allt öðruvísi. „Húsið hefur tekið miklum stakkaskiptum eftir þessar viðgerðir“. Vísar til þess að skipta um föt.
- Taka stjóra / akkeri** (orðtak) Um bát; leggjast í akkerisfesti/stjórafæri undan reki; akkeri/stjóri nær botnfestu. „Báturinn hafði ekki tekið stjóra á sandblettinum og *dró* útmeð bjarginu“.
- Taka stórt upp í sig** (orðtak) Vera yfirlýsingaglaður; tala digurbarkalega; fullyrða mikið. „Mér fannst hann taka dálítið stórt upp í sig á framboðsfundinum“. Sjá *taka upp í sig*.
- Taka strikið / straið** (orðtak) Taka til fótanna; hlaupa. „Ég hélt ég væri búinn að *vía* kindina *af í ganginum*, en þá tekur hún straið *neðan slefrunnar* og upp í *flesið*“. Strau er ekki þekkt annarsstaðar.
- Taka svari (einhvers)** (orðtak) *Halda uppi vörnum fyrir einhvern*; verja einhvern; svara fyrir einhvern.
- Taka sönsum** (orðtak) *Láta sér segjast*; róast; taka tilsögn. „Hann tók engum sönsum, heldur æddi af stað“.
- Taka (einhverju/einverjum) tak** (orðtak) Eiga við; vinna við/i; lúskra á. „Fjári er bíllinn orðinn sölugur að innan; ég þyrfti að taka honum tak á næstunni“. „Það þyrfti nú að taka þeim tak þessum skrattakollum sem nenna ekki að loka hliðunum á eftir sér“!
- Taka (einhvern) tali** (orðtak) Ræða við einhvern; ná tali af einhverjum. Sjá hinsvegar *tekur ekki nokkru tali*.
- Taka tennur/tönnur** (orðtak) Um ungbarn; byrja að fá tennur í munn.
- Taka til** (orðtak) A. Vitna til; minnst. „En það var lengi tekið til ferðarinnar hjá Gísla bróður mínum“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). B. Hefja; byrja. „Tekur hann til“ var máltæki eða upphrópun sem notað var ef einhver upphóf t.d. raupsögur sem þóttu yfiringilegar; þegar hundur tók að spangóla eða þ.h. „En ef þurfti til að

taka táps og hreysti/ öld þá betur engum treysti“ (JR; Rósarímur). C. Ráðast á; gera atlögu að; veita ráðningu; þrifa til. „Ég skal bara taka til þín ef þú hættir ekki að hrekka litlu krakkana“. Þessi merking er mjög forn, og m.a. notuð í Grágás, sem var lögbók á Þjóðveldistímanum. Er þar m.a. fjallað um hunda sem taka til manna. D. Skipunin; „Takið til“ á seglbáti þýðir að reisa siglutré; gera reiða klára og hafa til seglin.

Taka til ára (orðtak) Fara að róa; *fallast á árar*. „Taktu nú til ára og amlaðu ögn á móti fallinu“.

Taka til bragðs (orðtak) Velja kost/úrræði í stöðu; gera til bjargar. „Ég tók það til bragðs að vefja vasaklútnum um sárið“.

Taka (einhvern) til bæna (orðtak) A. Lumbra á einhverjum. „Ég skal sjálfur taka hann til bæna ef hann gegnir ekki“! B. Framkvæma viðgerðir; sinna viðhaldi; endurgera. „Fjári er kofinn farinn að lasna. Nú þyrfti bráðlega að fara að taka hann til bæna, áður en hann hrynur“. Vísar e.t.v. til þess í kapólskum sið að prestar ávittu menn ef í ljós kom að syndir þeirra voru verulegar, og viðurlögin voru þá gjarnan miklar bænagjörðir og sálmalestur með altarisgöngum. Einnig var og er algengt að beðið sé sérstaklega fyrir þeim sem taldir eru þurfa guðs aðhlyningu, s.s. sjúklingum og brotamönnum. Sigurður Þorsteinsson (1887-1970) frá Brunnhól í A-Skaftafellssýslu segir svo í minningum sínum „Stundum var dauðastríð manna óvenju langvinnu og hart. Var þá helst talið til líknar að taka manninn til bænar af predikunarstóli“. (ÞT; Þjóðhættir og Þjóðtrú). Má e.t.v. ætla að kirkjuferðin ein og sér hafi riðið veiklaðri manneskju að fullu.

Taka til (einhvers) (orðtak) A. *Veita einhverjum ráðningu; tukta til*. „Ég tek til þín ef þú hættir ekki að stríða yngra bróður þínum“! B. Ná til; fjalla um eitthvað; vera viðvíkjandi einhverju. „Mér finnst hæpið að lögin taki til þeirra sem stunda svona sjálfsþurftabúskap“.

Taka til fótanna / Taka á rás (orðtak) Fara að hlaupa; æða/þjóta af stað.

Taka til handargagns (orðtak) Hirða; *hirða upp*; halda/tína saman. „Ég tók fötin þín til handargagns; þau voru eins og hráviði um allt herbergið“. „Sýnist svo að vinur Péturs, Ólafur Sveinsson á Lambavatni, hafi tekið þessi ljóð hans til handargagns“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).

Taka til hendinni (orðtak) Drifa áfram verk; vinna af kappi. „Sá kunni aldeilis að taka til hendinni“!

Taka til lífs (orðtak) Velja líflömb úr hópi sláturlamba að hausti; *velja til lífs; velja líflömb; taka til öslu; setja á*. „Mér liggur nú við að taka þessa tvílembinga báða til lífs; þeir eru ótrúlega vænir og af góðum ættum“.

Taka (hraustlega/rösklega) til matar síns (orðtak) Byrja að borða; matast.

Taka til máls (orðtak) Hefja ræðu; byrja að tala. „Nokkrir óskuðu eftir að fá að taka til máls á fundinum“.

Taka til nesti (orðtak) Útbúa nesti fyrir ferðalag/róður. „Þá er farið að hita kaffi og tekið til nesti; og ekki má gleyma blöndukútnum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG). „Við tókum til fyrir okkur nestisbita; helltum kaffinu sem eftir var í könnunni á hitaflöskur og höfðum þær einnig með okkur á sjóinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Taka til orða (orðtak) Haga orðum sínum. „Misjafnt var hvernig menn tóku til orða í þessari umræðu“.

Taka til óspilltra málanna (orðtak) Byrja af krafti; hefja verk. „Við tókum nú til óspilltra málanna við að draga féð í sundur“.

Taka/velja til reyks (orðtak) Velja ketskrokk í sláturhúsi, til að reykja ; velja kind/sauð í réttum, til slátrunar og reykingar.

Taka til matar síns (orðtak) Byrja að borða/matast. „Hann var svangur, og tók rösklega til matar síns“.

Taka til máls (orðtak) Hefja ræðu; byrja að tala. „Margir tóku til máls um þetta fundarefni“.

Taka til segla (orðtak) Setja upp segl; byrja að sigla. „Var nú tekið til segla og siglt af stað í land“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Látramanna).

Taka til sinna ráða (orðtak) Grípa til þeirra úrræða sem maður telur rétt/nauðsynleg.

Taka til sín (orðtak) Telja sér ætlað það sem sagt er. „Ég tek ekki til mín þessar skammir hjá honum“.

Taka til starfa (orðtak) Hefja störf/vinnu. „Að loknum málsverði er lagst til svefns en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).

Taka til upphengingar (orðtak) Taka væna grásleppu til að láta síga í *grásleppuspyrðu* (sjá þar).

Taka til við (orðtak) Byrja; hefja; byrja á. „Þar taka strákar til við að þvo fiskinn og koma inn í kró sem stóð hinumegin við lækinn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Taka til öslu (orðtak) Taka (t.d. lamb) til lífs; ala; *setja á*. „Ég held ég taki báða tvílembingana til öslu“.

Taka tillit til (orðtak) Virða; hafa til hliðsjónar; hafa í huga. „Þegar tekið er tillit til þess að vetur hefur verið fremur góður...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Taka tilsögn (orðtak) Fara eftir leiðbeiningum; læra; nema. „Strákurinn var fljótur að taka tilsögn kennarans“.

- Taka tímana tvo** (orðtak) Taka heldur/of langan tíma; *dragast á langinn*. „Reksturinn gekk að mestu vel, að því frátöldu að það tók tímana tvo að koma fénu yfir Ána“.
- Taka traustataki** (orðtak) Eigna sér; taka í sína vörslu. „Hann tók þetta traustataki, þó hann ætti það ekki“.
- Taka trúanlegt** (orðtak) Taka mark á; trúá; *taka gott og gílt*. „Ég tek þetta mátulega trúanlegt, fyrst það kemur úr hans munni“! „Ætli við tökum hann ekki trúanlegan“.
- Taka tryggðum/ástfóstri við** (orðtak) Þykja vænt um; verða hrifinn/ástfanginna af; vilja helst vera hjá. „Menn taka gjarnan tryggðum við sína heimahaga“.
- Taka tveim höndum** (orðtak) Taka fagnandi; taka vel. „Hinum sjóhröktu mönnum var tekið tveim höndum af heimamönnum....“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum).
- Taka tönnur** (orðtak) Um barn; taka tennur; fá nýjar tennur. Ö-hljóð var í fleiri orðum Kollsvíkinga í stað e-hljóðs; t.d. höndur í stað hendur.
- Taka undan** (orðtak) A. Fiskur hættir að taka. „Nú hefur alveg tekið undan í suðurfallinu. Við skulum *kippa* ögn norðurávið og sjá hvort hann *gefur sig til* aftur“. B. Bára fellur undan báti í fjöru. „Við þurfum að láta ölduna fleyta bátum sem hæst, áður en tekur undan“.
- Taka undir** (orðtak) A. Syngja með. „Daníel leiddi kórsönginn en flestir kirkjugestir tóku undir“. B. Styðja það sem sagt hefur verið. „Ég tek undir þetta með honum“. C. Þreifa undir kind/kú til að finna hvort mjólk er í júgrum, eða undir hrút til að finna hvort er í lagi með eistu hans, t.d. vegna ásetningar.
- Taka undir sig stökk** (orðtak) Stökkva; búast til að stökkva. „Ég tók undir mig firnamikið stökk og náði með herkjum yfir á hinn bakkann“.
- Taka upp** (orðtak) A. Taka hluti upp sem liggja eða eru í vasa/hirslu. „Hann tók upp vasahníf og skar væna flís af hangiketinu“. Sjá *draga upp*. B. Taka kartöflur úr jörð eftir sumarið. C. Taka net úr sjó. Var ekki notað yfir það að *vitja* neta þegar þau voru lögð aftur, heldur þegar þau voru fjarlægð af sínum stað. D. Létta upp snjó; *bræða afsér* snjó. „Það var ekki meiri snjó á Hálsinum en svo, að það tók allt upp daginn eftir“. E. *Hefja máls á; minnst á; færa í tal; brydda/brúa á*. „Hann tók málið upp á fundinum“. F. Hefja; byrja. „Sagði hann að hreppsnefndin hefði áhuga á því að þessi hátíðahöld væru tekin upp aftur“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). G. Teikna endurmynd með því að leggja hálfgegnisþéttu pappír yfir fyrirmynd. H. Gera upptöku á segulband/myndband/minniskubb.
- Taka upp á sína arma** (orðtak) Taka að sér; bera umhyggju fyrir; ala upp; sjá um. „Amman tók hann upp á sína arma og ól hann að mestu upp“. „Hann tók málið upp á sína arma og kom því í höfn“.
- Taka upp borð** (orðtak) Úr fornu máli; setja laus borð á palla í skála þegar skal matast. Notað t.d. í gamla Láganúpsbænum um það að „stækka borð“; þ.e. setja upp viðauka á felliborð sem var í eldhúsi, en við það var jafnan matast.
- Taka upp eld** (orðtak) Kveikja eld. Fyrrum var eldur hulinn í glóð þar til á þurfti að halda, t.d. vegna eldunar matar. Þá var hann tekinn upp með því að blása í glæður og bæta við eldmat.
- Taka upp hanskann fyrir** (orðtak) Grípa til varna fyrir; verja. „Þetta var algert óviljaverk, svo ég taki nú upp hanskann fyrir hann“. Vísar til hólmgöngu/einvígis. Sá sem skorar annan á hölm kastar hanska sínum í hann. Sé áskoruninni tekið er hanskinn tekinn upp, og sá sem það gerir gengur á hölm við áskorandann.
- Taka upp hjá sjálfum sér** (orðtak) Eiga sjálfur frumkvæði að; gera af eigin hvötum. „Hann tók það alveg upp hjá sjálfum sér að gera þetta; ekki það ég hann um það“.
- Taka upp í sig** (orðtak) Segja; fullyrða; *taka sér í munn*. „Ekki ætla ég að taka upp í mig að hann sé tágheinn núna, en mikið lagaðist hann við andlitsþvottinn“. Sjá *taka stórt upp í sig*.
- Taka upp mó** (orðtak) *Stinga upp mó* úr jörðu og þurrka til eldsneytis. „Seinast var tekinn upp mór á Láganúpi vorið 1953“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Sjá *mótekja*. „Vermenn unnu af sér það sem gert var fyrir þá með því að taka upp mó í landlegum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Taka upp net** (orðtak) Taka net sín úr sjó. „Við tökum upp öll net á Víkunum fyrir norðangarðinn“.
- Taka upp þykkjuna fyrir (einhvern)** (orðtak) Taka málstað einhvers; reiðast fyrir hönd einhvers.
- Taka uppá** (orðtak) Gera óvænt. „Hverju skyldu þeir næst taka uppá, þessir háu herrar“?
- Taka uppi** (orðtak) Um fisk; gera gárur þegar hann grípur skordýr á yfirborðinu; vaða í yfirborðinu.
- Taka uppi í sjó** (orðtak) Um veiðiskap; þegar fiskur tekur krók nokkru fyrir ofan botn. „Um fallaskiptin var hann vel viljugur og tók uppi í sjó“.
- Taka uppundir** (orðtak) A. Finna rétta himnu í hertum steinbít áður en hann er roðflettur, svo unnt sé að nýta roðið í *roðskó* (sjá þar). B. Þreifa á júgri sauðkindar til að finna hvort næg mjólk sé í júgrum til að mjólka lambi, eða hvort hún sé með júgurmei. C. Um konu; orðin barnshafandi. „Hún er farin að taka uppundir“.

- Taka utanað** (orðtak) Um fjárrag; þjappa fjárhóp saman, t.d. til *innrekstrar* í rétt/hús. „Takið betur utanað því þarna við vegginn“.
- Taka utanaf** (orðtak) Taka umbúðir utanaf pakka/ börk utanaf ávexti o.fl.
- Taka úr** (orðtak) A. Um veður-/sjólag; mynda hlé/lægi. „Sölvatangi myndar eiginlega víkin; hann tekur úr. Norðan Sölvatanga var Sölvatangabót“ (DE; Örn.skrá Hvallátra). B. Hægja vind; minnka úrkomu. „Ég held að hann sé nú eitthvað að taka úr; það er farið að sjást niður að húsum“. C. Um þrjónaskap; fækka lykkjum.
- Taka úr hliðinu** (orðtak) Opna hliðið. „Ég ætla að hlaupa framfyrir reksturinn og taka úr hliðinu“. Sjá *láta í hliðið*.
- Taka úr kitlurnar** (orðtak) Notað í dag um þolpröfun á búnaði/tæki/bíl/bát, en vísar til þeirrar þjóðtrúar að pilt eða stúlku hætti að kitla þegar þau hefðu misst svein- eða meydóminn. „Við erum búnir að taka kitlurnar úr bílskrjóðnum og hann reynist bara þrýðilega“.
- Taka úr lás** (orðtak) Stilla læsingu þannig að ólæst sé og hlaupi ekki í lás.
- Taka úr reyk** (orðtak) Taka matvæli úr reykingu; hætta að reykja. Sjá *setja í reyk, kveikja undir*.
- Taka úr sér hrollinn** (orðtak) Hljýja sér; fá í sig yl; ylja sér til að hætta að skjálfa. „Komdu nú innfyrir og fáðu þér kaffi til að taka úr þér hrollinn“.
- Taka út** (orðtak) A. *Líða önn/líða* mjög illa. „Ég bara tek út fyrir að horfa uppá dýrið þjást svona!“ B. Fara fyrir borð af báti. „Rétt þegar komið var að landi tók Þórð út...“ ... „Þrjá menn tók út af hlein undir Látrabjargi og mátti engu muna að þeir færust þar“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi). C. Um reka; hverfa/skola burt úr fjöru vegna sjógangs/strauma. „Hann hefur tekið þessa trjárót út aftur“. D. *Taka út í reikning*.
- Taka út í reikning** (orðtak) Taka vörur út úr verslun gegn inneign eða innleggi t.d. afurða eða fisks.
- Taka útyfir (allan þjófabálk)** (orðtak) Ganga framaf; ganga úr hófi. „Nei, nú tekur útyfir; Þessir *skrattakollar* ætla að taka rafmagnið af yfir mjaltatímamann!“ „Mér fannst taka útyfir allan þjófabálk að þeir skyldu ekki nenna að setja bátinn upp fyrir flæðarmál!“
- Taka vara fyrir** (orðtak) Vara við; hafa uppi varnaðeorð gegn. „Þú mátt fá bílinn lánaðan, en ég tek þér vara fyrir að leggja hann í ófærð, vegna þess að framdrifið er bilað“.
- Taka veðrið** (orðtak) Gera veðurathuganir; gá til veðurs. „Ég skrapp aðeins út til að taka veðrið“.
- Taka (einhverju/ein hverjum) vel** (orðtak) Taka vel á móti/ fagna einhverju/ein hverjum; firtast ekki við eitthvað. „Hann tók þessu gríni vel, enda ýmsu vanur *frá minni hendi*“.
- Taka (eitthvað/einvern) vettlingatökum** (orðtak) Nota handabakarvinnubrögð; vera linur til verka. „Það þýðir ekki að taka þetta neinum vettlingatökum ef það á að klárast“. Vísar til þess að vinna með vettlingum í stað berra handa. Sjá *vettlingatök*.
- Taka við** (orðtak) Veita viðtöku; taka á móti. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skrokknunum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu“ (PG; Veðmálið).
- Taka við því sem að er rétt** (orðtak) Taka á móti því sem býðst. „Ég var ekkert að sækjast eftir þessu, en auðvitað tekur maður við því sem að er rétt“.
- Taka við sér** (orðtak) Byrja að hreyfast/spretta; fara/komast í gang; lifna við. „Tún eru sem óðast að taka við sér eftir veturinn“.
- Taka viljann fyrir verkið** (orðtak) Virða framtakið en gera ekki mikið úr göllunum. „Auðvitað má *hnyta* í margt í þessu, en taka verður viljann fyrir verkið“.
- Taka vindi** (orðtak) Um segl; fá vindinn réttu megin í sig; virka. „Þeir þurftu að nauðbeita, og um tíma var tvísýnt með að seglin tækju vindi“.
- Taka yfir** (orðtak) Ganga/keyra framúr hófi. „Henni fannst nóg til um útganginn á karlinum, en yfir tók þegar hann spýtti tóbakinu í eldhúshornið. Þá var mælirinn fullur“.
- Taka/þiggja það sem að manni er rétt** (orðtak) Þiggja gjöf/mat sem manni er boðinn; vera lítillátur. „Hann sagðist vera í þeirri stöðu að hann yrði bara að taka það sem að honum væri rétt; án allrar vandfýsi“.
- Taka þannig eftir** (orðtak) Leggja þann skilning í. „Ég tók þannig eftir að hann myndi vilja hafa matinn áður en farið yrði að *taka af*“.
- Taka þátt í** (orðtak) Gera ásamt; vera þátttakandi í. Blanda sér í; vera með í; hafa hlutverk í. „...og á þeim tíma tók Júlíu að sjálfsögðu þátt í uppeldi litla bróður síns“ (PG; Veðmálið).
- Taka (einhverju) þvert** (orðtak) Neita einhverju; synja um eitthvað. „Hann tók þessu mjög þvert“.
- Taka þvert fyrir** (orðtak) Synja/neita algerlega. „Hann tók þvert fyrir að ég fengi að fara í sitt bjarg“.

- Taka því sem að höndum ber** (orðtak) Vera viðbúinn því sem gerast kann; láta ráðast; fást við afleiðingar þegar þar að kemur; ráða ekki atburðarás. „Eftir að ég missti árina varð ég að taka því sem að höndum bar, en til allrar hamingju var. „Við getum ekkert undirbúið þetta betur; nú verðum við bara að taka því sem að höndum ber“.
- Taka því sem að er rétt** (orðtak) Taka við því sem maður fær. „Ég geri engar kröfur í þessu efni; ég tek bara því sem að er rétt“.
- Takast á um (eitthvað)** (orðtak) Eigast við/ glíma/deila/jagast um eitthvað. „Nokkuð var tekist á um þessa tillögu á fundinum“.
- Takast á hendur** (orðtak) Taka sér fyrir hendur; hefja; byrja. „Honum leist ekkert á að takast á hendur svo langt og erfitt ferðalag“.
- Takast á loft** (orðtak) Lyftast. „Okkur fannst spennandi að horfa á þrylluna takast á loft“.
- Takast (allur) á loft** (orðtak) Verða mjög spenntur; fyllast tilhlökkun. „Hann tókst allur á loft þegar ég sagði honum frá þessum fyrirætlunum“.
- Takast á við** (orðtak) Glíma við; vera í átökum við. „Ég hlakkaði til að takast á við þetta verkefni“.
- Takast svo til /eftir** (orðtak) Geta ekki skilið það öðruvísi; heyrast ekki annað; veita athygli. „Mér tókst svo til í símtalinu að hann væri að leggja af stað“ „Mér tókst svo eftir að hann væri með þessari ræðu að atyrða hreppsnefndina“.
- Takast (illa/vel) til/upp** (orðtak) Heppnast/lánast (illa/vel). „Mér þótti vel takast til með kastið“.
- Taki þeir til sín sem eiga** (orðatiltæki) Þeir taki skammir/lastmæli til sín sem bera sök.
- Takk** (uh) Þakka þér fyrir. Upphrópun til að lýsa þakklæti. Þessi stytting/sletta er til komin á síðustu áratugum, og þótti ekki kurteisleg í fyrstu; einkanlega af hálfu eldra fólks. Er núna nær almennt viðurkennd.
- Takmark** (n, kvk) A. Keppikefli; markmið; það sem stefnt er að. B. Útmörk svæðis; landamæri. Þetta mun vera hin upprunalega merking orðsins; jaðar/mark þess landnáms sem maður hefur tekið sér.
- Takmarkalaus** (l) Skefjalaus; hömlulaus; án takmarka. „Þetta kalla ég bara takmarkalaus græðgi“!
- Takstingur / Takverkur** (n, kk) Sár verkur á tilteknum stað; staðbundið tak.
- Taktfastur** (l) Sem hefur reglulegan takt. „Þið eruð ekki nógu taktfastir í róðrinum“!
- Taktur** (n, kk) A. Hrynjandi/regla á t.d. hreyfingu, hljóði o.fl. B. Tiltæki; ávani. „Hann sýndi furðulega takta“.
- Tal** (n, hk) A. Mál; samræða; orð sem töluð eru. „Mér er ekkert gefið um svona tal“! B. Um sauðfé og kýr; burðartími. Sagt var að þá væri komið tal þegar reiknaður tími var liðinn frá því kú var haldið undir naut eða hleypt til ærinnar hrúti. „Það er rétt að fara að gá að henni Búkollu. Hún á tal eftir tvo daga“. „Hún Fönn er farin að hafa dálítið yfir; hún átti tal fyrir fjórum dögum“.
- Tala** (n, kvk) A. Ræða; það sem talað er. „Hann hélt stutta tölu“. B. Númer; talnagildi; eining í reikningi/talningu. C. Hnappur; lítil skífa t.d. til að hneppa fötum.
- Tala af sér** (orðtak) Segja það upphátt sem leynt á að fara; segja meira en maður ætlar; *skolta*; *kjafta frá*. „Ég held að þú hafir kannski talað dálítið af þér, þegar þú sagðir frá okkar fyrirætlunum“.
- Tala (einhverjum) á bak** (orðtak) Baktala einhvern; segja það um einhvern sem er honum til skaða/minnkunar, án þess að hann komi vörnum við.
- Tala digurbarkalega** (orðtak) Tala af drambi/monti; vera yfirlýsingaglaður. „Þeir eru vanir að tala digurbarkalega rétt fyrir kosningar blessaðir, en þurfa svo að sofa það úr sér inni á þingi“.
- Tala eftir (einhvern)** (orðtak) Halda líkræðu yfir einhverjum; halda ræðu í minningu einhvers.
- Tala hinna seku** (orðtak) Listi yfir þá sem sekir eru. „Brjóti nokkur þrisvar á ári getur hann sýknað sig sjálfur með því að skrifa fjelaginu afsökunarbrjef; en geri hann það ekki, eða brjóti oftar, skal hann skráður í „tölu hinna seku“ sem auglýsa skal árlega á kirkjustað í sókn þeirra“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).
- Tala/rugla/þvæla/babbla hver uppí annan** (orðtak) Um margra manna tal; tala óskipulega og allir í einu, þannig að illa greinist hvað hver segir. „Ég legg til að við fáum einhvern sem fundarstjóra; það heyrst ekki mannsins mál þegar hver *babblar* svona ofaní annan“.
- Tala í belg og byðu** (orðtak) Tala mikið og samhengislaust. Belgur og *byða* eru hvorttveggja ílát. Það sem talað er inn/niður í þau skilst illa vegna bergmálsins. Sjá einnig; *allt í belg og byðu* og *leggja orð í belg*.
- Tala/telja kjark í (einhvern)** (orðtak) Auka einhverjum hugrekki/sjálfstraust með samtali.

- Tala ljótt / Segja ljótt** (orðtök) Bölvu; hafa ófögur orð um. „Hann talaði ljótt um þessar aðfarir, og sagðist aldrei hafa séð önnur eins *handarbakavinnubrögð*“.
- Tala máli (einhvers)** (orðtak) Taka málstað einhvers; verja einhvern með orðum; tala fyrir hönd einhvers.
- Tala (einhvern) til** (orðtak) Fá (einhvern) inná; rökræða við; koma vitinu fyrir. „Hann er harðákveðinn í þessu; mér gengur ekkert að tala hann til“.
- Tala tungum tveim** (orðtak) Segja sitt við hvorn; vera ekki samkvæmur sjálfum sér; ljúga í öðru orðinu. „Mér finnst hann nokkuð tala tungum tveim í þessu máli“.
- Tala/spjalla/ræða um daginn og veginn** (orðtak) Ræða það sem er að gerast; tala um dægurmálin. „Þeir töluðu um daginn og veginn, án þess að nefna þetta deilumál einu orði“.
- Tala um fyrir** (orðtak) Sansa; fá ofanaf; rökræða; fá til að breyta skoðun. „Ég reyndi að tala um fyrir honum með þetta, en það var *ekki úr að aka*; hann var harðákveðinn“.
- Tala undir rós** (orðtak) Segja óbeinum orðum; tala í gátum; tala *rósamál*. „Segðu þetta bara hreint úr; mér leiðist þegar menn segja hlutina undir rós“!
- Tala utan að** (orðtak) Nefna lausalega; *hafa orð á; fara eins og köttur í kringum heitan graut*. „Hann tók þessu ekki *allfjarri* þegar ég talaði utan að því í gær“.
- Tala utaní** (orðtak) A. Ávita; finna að. „Það þarf að fara að tala utaní þá í Mjólkurstöðinni; að þeir skoli brúsana betur aður en þeir senda þá til baka. B. Láta berast í tal; nefna málefni óbeint í umræðu/viðtali. „Ég talaði utaní það í leiðinni að gott væri að komast í skipsrúm með vorinu“.
- Tala við með tveimur hrúthornum / Tala/lesa yfir hausamótunum á** (orðtak) Ávita; skamma; lesa yfir. „Hefur hann nú lagt ofaní hjá okkur aftur?! Nú þarf ég aldeilis að fara að tala við hann með tveimur hrúthornum“! „Ég þarf aldeilis að lesa yfir hausamótunum á þessari kerlingu á skattstofunni“! „Hann las hressilega yfir hausamótunum á strákunum fyrir þetta fikt“.
- Tala þvert um hug sér** (orðtak) Segja annað en maður meinar/heldur. „Ég myndi tala þvert um hug mér ef ég segðist vera þessu samþykku“.
- Talandi / Talfæri** (n, kk) A. Munnur; talfæri. „Mikið eru þeir nú liprir í talandanum, blessaðir þingmennirnir“.
B. Talsmáti; aðferð við tal. „Hann hafði fremur ógreinilegan talanda“.
- Talandi skáld** (orðtak) Gott skáld. Haft um þann sem á létt með að yrkja/ kasta fram vísu.
- Talar hver sem honum er tamast** (orðatiltæki) Menn nota það orðfæri sem þeir eru vanastir úr sínu lífi og sínu umhverfi.
- Talast til** (orðtak) Ræða um; fá niðurstöðu í mál eftir viðræður. „Okkur talaðist svo til að hóparnir myndu mætast við Hjallagötur klukkan eitt; Hafnarmenn með fêð úr Víkinni; Kollsvíkingar með fê af Sanddal og Hjöllum, og Össur með rekstur úr Fjarðarhorninu“.
- Talast við** (orðtak) Tala/ræða saman. „Þeir töluðust ekki við í langan tíma eftir þetta rifrildi“.
- Talfæri** (n, hk) A. Líkamshluti sem notaður er til tals, s.s. munnur, raddbönd o.fl. B. Aðstaða til að tala saman, t.d. vegna fjarlægðar. „Ég sagði honum þetta þegar við komum í talfæri“.
- Talinn af** (orðtak) Álitinn látinn/druknaður. „...hvort hann yrði nokkurs vísari um afdrif þeirra félaga, sem heima á Látrum voru nú taldir af“ (ÖG; Þokuróður).
- Talía** (n, kvk) Híflingarbúnaður; oft fyrrum gerður úr tveimur eða fleiri blökkum og reipi, en í seinni tíð gjarnan úr tanngír og keðju og þá annaðhvort hand- eða rafdrifinn.
- Talk / Talkúm** (n, hk) Sápusteinn; kléberg; tálgesteinn; mjög lin steintegund, hvít eða grænleit, vatnað magnesíumsilikat. Á duftformi nefnist talk talkúm. Fyrrum holuðu menn það og notuðu t.d. fyrir ílát, en síðar var það notað í snyrtivörur, krít o.fl. Finnst um allan heim; þó ekki í vinnanlegu magni hérlendis.
- Talnaglöggur** (l) Með gott skyn á tölur/verðmæti/upphæðir. „Hann er ótrúlega talnaglöggur“.
- Talning** (n, kvk) Það að telja. „Ég ruglaðist alveg í talningunni“!
- Talningarrisna** (n, kvk) Eitt af mörgum nýyrðum GJH; veitingar fyrir þá sem vinna að vörutalningu. „Skráðu eina ananasdó á talningarrisnuna; eitthvað þurfum við að hafa með hangiketinu“. Vörutalning hjá Sláturfélaginu Örlygur á Gjögurum var allnokkur viðhöfn, og kringum hana giltu vissar venjur. Fór í þetta góður dagur; jafnvel tveir. Allt var að sjálfsögðu talið; matvara, jafnt í pokum sem lausu og sekkjum, búsáhöld; verkfæri; ritföng; amboð; búvörur; föðurbætir, timbur og annað. Stundum fór það fram með þeim hætti að talningarmenn töldu og kölluðu upp tölu og heiti, en verslunarstjóri skrifaði niður; en stundum skráði hver fyrir sig. Í talninguna mættu jafnan vissir menn; gjarnan Óli á Nesi og Marínó í Tungu, auk GJH og síðan VÖ. Þess þurfti að gæta að talningamenn liðu engan skort í veitingum. Talningarstjóri kom oftast með hangiket, en svo var tekin út sú vara til viðbótar sem talið var þurfa; gjarnan niðursuðuvara og sælgæti. Oft

var mallað súkkulaði. Mennt höfðu uppi gamanmál og glens, og stemmingin var oft eins á góðri skemmtun. Við þessa búðartalningu var svo bætt því sem Sláturfélagið átti frá síðustu sláturtíð í frystivörum; svonefndum „innlendum vörum“.

Talsmáti (n, kk) Orðaval; það hvernig talað er. „Ekki fannst henni þetta kurteislegur talsmáti“.

Talstöð (n, kvk) A. Tæki til þráðlausra fjarskipta mælts máls. B. Sá hluti heilans sem virkjust þegar talað er.

Talsvert (l) Verulegt; allmikið. „Heimtur núna virðast talsvert betri en í fyrra“. „Svo fengum við aðra báru, og þá kom talsvert mikið í“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi).

Tambak (n, hk) Sjá *tannbak*.

Taminn (l) Um dýr; sem búíð er að temja; mannvanur; hlýðinn.

Tamma til (orðtak) Venja; laga til; siða til. „Það þarf aðeins að tamma þetta til svo að það falli í sitt sæti“. Samstofna orðinu að temja.

Tampur (n, kk) Sérstök festi sem notuð var í skurðarróðrum hákarlaskipa, til að þræða hákarlsskrokka uppá. Tampurinn lá undir skipið, og lágu skrokkarnir því undir botninum, festir á tampinn, þegar haldið var í land. Af þessu er dregið orðatkið að eitthvað sé *komið á tamp*; þ.e. komið á sín takmörk.

Tamt á tungu (orðtak) Vanalegt orðalag/málfar. „Mörg orð sem voru Kollsvíkingum töm á tungu finnast öðrum vera framandi, og furðu margt er ekki finnanlegt í orðabókum“.

Tandurhreit (l) Skínandi/alveg hreit. „Hvað kom fyrir tandurhreinarnar buxurnar drengur“? Heitið tandur merkti til forna eld; lítinn eld; eldör; neista. Spurning er hvor „tandurhrein“ hafi verið staður þar sem búíð var að hreinsa trjágróður af með eldi, og þannig ryðja hann til ræktunar.

Tangarhald (n, hk) Gott tak; öruggt grip. „Ég náði góðu tangarhaldi á jarðföstum sinutoppi og náði að vege mig aftur upp á brúnina“.

Tangi (n, kk) A. Almenn um það sem er langt og tiltölulega mjótt. B. Skagi í landslagi sem gengur fram í sjó eða vatn, sbr Langitangi á mörkum Kollsvíkur- og Láganúpsjarða. C. Broddur á enda verkfæris/hnifblaðs/sverðblaðs eða annars, sem gengur upp í handfang/skaft/hjöltu til festingar. „Hann notaði tanga af þjöl sem brodd á broddstafinn“.

Tanna til (orðtak) Tyggja saum á skinnfatnaði til að skinnið mýkist og unnt sé að herða sauma betur saman. Einnig um það þegar skinnþvengur er tugginn til að mýkja hann. Stundum var brugðið á það ráð að tanna netahnúta til að mýkja þá upp, og urðu þeir auðleysanlegri á eftir. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Tannaför (n, hk, fto) För eftir bit. „Ekki veit ég hvernig hann komst þarna upp klettinn, en ég gæti best trúað að ef einhver kemst það aftur þá muni hann finna blóðugar neglur og tannaför á leiðinni“!

Tannagnístran (n, kvk) Brakhljóð sem heyrir þegar tönnum er gníst saman og þær hreyfðar á misvíxl, sem menn og skepnur gera stundum ósjálfrátt við miklar þjáningar. „Meðan fólk trúði almennt enn á tilvist Helvítis var sagt að þaðan leggði ódaun brennandi sál; óbærileg vein og tannagnístran“.

Tannakul (n, hk) Kuldatilfinning/ofkæling í tönnum. „Fékkstu svona slæmt tannakul drengur? Þú áttir ekki að þamba svona *skarpt* úr Kaldabrunninum“!

Tannast í sundur (orðtak) Trosna/merjast í sundur. „Lagaðu spottann svo hann tannist ekki í sundur á brúninni“.

Tannáta (n, kvk) Algengasta tegund tannskemmda. Hjá mönnum er hún oft tengd sykurráti og vanhírðu tanna. Byrjar með eyðingu glerungsins, en síðan rotnun tanna af völdum baktería og sýru.

Tannbak (n, hk) Málmblanda; 85% kopar; 8% sink og 7% tin. Stundum þó 90% kopar og 10% sink. Einkum notuð í skartgripasmíði og verðlaunapeninga; var einnig notað í vasaúr.

Tannbaurkur (n, kk) Tóbaksbaurkur/ponta úr hvaltönn. Oft silfurbúin.

Tannberg (n, hk) Lítil stallur á innanverðum gómi manns, innanvið framtennur.

Tannbyrðingur (n, kk) Beita á öngul/krók/hauk, þannig að upp á hann er raðað beitu af margskonar tagi; t.d. smáfiski; fuglaketi; gormi; hjörtum og lifur. „Þótti fiskilegast að hafa fleiri en eina beitute Gund, t.d. sjóbeitu og fuglakjöt, sína töluna af hvoru á víxl, allt frá oddi að ávafi - kallað að *beita tannbyrðing*, öðru nafni tálbeiting“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). Var iðulega gert í Kollsvík; sjá *beita tannbyrðing*.

Tannfé (n, hk) Gjöf til barns er það tekur fyrstu tönn/tennur.

Tanngarður (n, kk) Röð af tönnum í munni. „Hundurinn lét skína í tanngarðana“.

Tanngeifla / Geifla (n, kvk) Gæluheiti á tönn.

Tannhvalur (n, kk) Ránhvalur; hvalur með tennur en ekki skíði.

- Tannhvass** (l) Byrstur; höstugur. „Yfirvaldinu sveið greinilega hversu karlinn var tannhvass og rökfastur“.
- Tannín** (n, hk) Efni sem notað er í *súttun* skinna, sýra unnin úr trjáberki. Tannín myndast í mörgum jurtum og veldur t.d. hinu stingandi/þurra bragði sem er af illa þroskuðum berjum og ávöxtum. Sömu leiðis af þurrum vínunum. Tanna er gamalt heiti á barrtré. Sjá *súttun*.
- Tannkýli** (n, hk) Ígerð/bólga í tannrót, sem orðið getur illvíg og áberandi í andliti sé ekki að gert.
- Tannpína** (n, kvk) Verkur í tönnum, oft af völdum *tannkýlis*.
- Tanntaka** (n, kvk) Það þegar tennur koma fyrst í góma barna. Veldur jafnan sársauka og viðþolsleysi um tíma.
- Tap** (n, hk) A. Það að verða undir í viðureign. B. Það að tapa/týna einhverju, t.d. peningum.
- Tapa** (s) A. Týna; missa. „Ekki veit ég hvar ég hef tapað pípunni minni“! B. Verða undir í viðureign; bíða lægri hlut. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skrokknum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu“ (PG; Veðmálið).
- Tapa/týna áttum** (orðtak) Villast. „...en hefðum við farið að snúast við að leita að skarðinu gat vel hugsast að við töpuðum áttum...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Tapa heyrn/sjón/minni** (orðtök) Missa/heyrn/sjón/minni. „Ansi er maður mikið að tapa sjón á síðari árum“.
- Tapa holdum** (orðtak) Grennast; horast; *leggja af*. „Kýrnar fara að tapa holdum ef þær verða mikið lengur á þessum bletti“. Sjá *halda holdum*.
- Tapa sér** (orðtak) A. Missa stjórn/taumhald á skapsmunum sínum eða löngunum. B. Missa minni/vit/skerpu; gera það sem er óskiljanlegt/yfiringilegt. „Nú held ég að þú sért alveg búinn að tapa þér“!
- Tapað fé** (orðtak) Peningar sem hafa tapast. „Okkar framlag var tapað fé eftir þennan hallarekstur félagsins“.
- Tapað spil** (orðtak) Viðureign sem tapast; atburðarrás sem endar illa; *búið spil*. „Nú er bara að vona að vélarrokkurinn kjafti meðan við erum að komast gegnum röstina. Ef hún stoppar gæti þetta verið tapað spil“!
- Tapar** (n, kk) Gamalt orð yfir skalla á öxi.
- Taparöxi** (n, kvk) Lítil öxi. „Lítill taparöxi var notuð til að kljúfa spýturnar í hæfilega staura í hornabúið“.
- Tapast/týnast í veðrið** (orðtak) Fjúka; *hverfa út í veður og vind*. „Ég átti fullt í fangi með að gæta þess að húfan og hundurinn töpuðust ekki í veðrið“!
- Tappa af / Tappa á** (orðtök) Hleypa vökva úr ílát / setja vökva í ílát. „Það er rétt að tappa vatninu af traktornum áður en frystir“. „Flöskurnar voru þvegnar vandlega áður en berjasaftinni var tappað á þær“.
- Tappa brók** (orðtak) Gera við skinnbrók með trétappa. „Ef óhappagat kom á brók var gert við á þann hátt að smíðaður var tappi með rauf í röndunum. Honum smeygt í gatið; svo vafið utanum raufina með finu bandi. Það var kallað að tappa brókina“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG).
- Tappagat** (n, hk) Gat/op sem tappi er settur í, t.d. á tunnu.
- Tappi** (n, kk) A. Spons/negla sem sett er í lítið gat til að loka því. B. Gæluheiti yfir lítinn strákr/mann.
- Tapsár** (l) Tekur því illa að tapa; reiðist/móðgast mikið við tap. „Kerlingin var tapsár og kenndi mér um“.
- Tarfur** (n, kk) Annað heiti yfir naut. Komið af latneska heitinu taurus.
- Tarína** (n, kvk) Skál; grunn fata. „Réttu mér einhverja tarínu til að hafa undir eggin“.
- Tarna** (ao) Umbreytt orðið „þarna“, og eingöngu notað í upphrópunum; „hvað er að tarna / hvað er a'tarna“! Þegar gengur framaf manni vegna einhvers, t.d. atviks. Einnig; „það er dálaglegt a'tarna“! Og með nafnorðum: Réttu mér skálina a'tarna; eitthvað þarf *kvikindið* að fá í kjaftinn á sér“!
- Taska** (n, kvk) Flatt ílát sem hentugt er að bera með sér, t.d. á ferðalögum. Tók við hlutverki koffortsins, og í byrjun voru töskur smíðaðar úr viði, líkt og þau.
- Tau** (n, hk) A. Fataefni; klæði. „Svuntan var af *rúðóttu* taui, sem var kallað skoskt tau; óhrein eða upplituð, því að framaná svuntunni var bót af sama efni er sýndi hinn upprunalega lit tausins“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964). B. Föt; fatnaður. „Mikið ert þú *finn í tauinu*; ertu að fara á samkomu“? Sjá einnig *fá (einhvern) í tauið*.
- Taug** (n, kvk) A. Band; vaður; festi. „Þá varð mér lítið upp í fjöruna. Þar voru þeir búnir að binda einn mann í taug frá landi...“ (GJH; Hálfdrættlingur í Kollsvíkurveiri). „Kom hann taug í hvalinn og tókst að róa með hann í eftirdragi út í Kollsvík, en þar var hann dreginn á land“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). B. Líffæri sem leiðir taugaboð í líkama lífveru, gert úr sérhæfðum frumum.
- Taugaveiki** (n, kvk) Typhus. Hættulegur smitsjúkdómur sem smitast með bakteríunni *Salmonella enterica* serotypa typhi. Lá í landi hérlendis fyrrum, einkum þar sem smit komst í vatn, en gengur enn ljósum logum í þriðja heims löndum og smitast tugmilljónir fólks árlega.

- Taugaveiklun** (n, kvk) A. Geðveila sem lýsir sér með óróa og hræðslu; hystería. B. Notað um óþarfa hræðslu.
- Taugatrekkjandi** (l) Spennandi; sem *tekur á taugarnar*.
- Taumabil** (n, hk) Bil milli tauma/króka á fiskilínu. „Algengt var að taumabilið væri sem svaraði lengdinni frá fingurgómum hægri handar, á ystu brún axlar vinstra megin. Þannig mældu menn þetta á sjálfum sér samtímis og þeir taumuðu“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Taumagarn** (n, hk) Garn/þráður sem notað er í tauma á fiskilínu.
- Taumastýri** (n, hk) Stýri á bát sem í stað stýrisstangar er hreyft með *aktaumum* sem festir eru á slá á stýrisstammanum. Voru víða notuð, þó ekki sé vitað af vinsældum þeirra í Kollsvík; þar var *sveifarstýri* algengast.
- Taumavinda** (n, kvk) Áhald til að snúa tauma á fiskilínu; taumasnelda; taumarokkur. „Öngultaumar voru heimagerðir; snúnir úr hampgarni með heimatilbúnum taumavindum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Taumar voru útbúnir heima; snúnir saman úr gömlu garni í taumavindum og bundnir á öngla“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). Vindunni er lýst í bók LK; Ísl sjávarhátum.
- Taumhald** (n, hk) A. Tak/stjórn á taumi hests. B. Líkingamál um hverskonar stjórnun. „Erfiðlega gengur þeim að hafa taumhald á þessum málum“. „Hann missti alveg taumhaldið á tungu sinni“.
- Taumlaus** (l) A. Um hest; ekki með taum; lausbeislaður. B. Líkingamál; stjórnlaus; hömlulaus. „Mér finnst þetta bara taumlaus græðgi“!
- Taumur** (n, kk) A. Band af hverskonar tagi til festingar. B. Band til að teyma skepnu; beisli á hest. C. Band sem festir krók á færi við slóða/sökkku/línu. „Taumur var venjulega tveir þættir úr færinu; lengd tveir þriðju úr faðmi. Taumnum var fest við sökkuna á sama stað og færinu“ (GG; Kollsvíkurver). D. Litur eftir dropa sem runnið hefur niður. „Karlinn tók hressilega í vörina, svo tóbakstaumar lágu niður úr báðum munnvikjum“.
- Taut** (n, hk) A. Muldur; tal við sjálfan sig. „Talstöðin var opin og mátti heyra taut sigmannsins þegar hann bað fuglinn hæversklega að víkja frá“. B. Skynsamlegar viðræður. „Það varð engu tauti við hann komið“.
- Tauta** (s) Tala í lágum hljóðum; muldra.
- Tauta/tuldra/mæla/raula/syngja fyrir munn** sér (orðtak) Tala svo lágt að aðrir heyri ekki/illa. „Hann tautaði eitthvað fyrir munn sér um þetta nýmóðins ófrelsi um leið og hann staulaðist fram ganginn“.
- Tauta ljótt** (orðtak) Bölvu á lágum nótum.
- Tauta ofaní bringu** (orðtak) Tala í lágum hljóðum. „Hann tautaði eitthvað ofaní bringu sem enginn heyrði, en ekki voru það guðsorð“.
- Tauta utaní / Tauta (ljótt) yfir / Tauta yfir hausamótunum á** (orðtök) Skamma; *hella sér yfir*; ausa óbótaskömmum. „Hann tautaði eitthvað ljótt yfir þeim þegar upp komst um þetta“. „Það væri full þörf á að tauta vel yfir hausamótunum á þessum þingmönnum fyrir frammistöðuna í vegamálu“.
- Tauvinda / Þvottavinda** (n, kvk) Vél sem vindur bleytu úr þvotti. Fyrir daga taupurrkara var handsnúin tauvinda utandyra á nánast hverjum bæ. Sjá *vinda*.
- Taxti** (n, kk) Verðskrá. Fyrrum náði heitið yfir ýmislegt af því tagi, s.s. verð á varningi og leigu jarða og bústofns. Nú er það eingöngu notað um launaskrár.
- Tá** (n, kvk) A. Útlímur á fæti manneskju eða dýrs. B. Fremsti hluti einhvers, t.d. á skaga eða nesi.
- Tá** (n, hk) Ull sem hefur verið táuð/tætt; ullarvisk.
- Táakul** (n, hk) Kuldatilfinning/kuldadofi í tám. „Þú færð bara táakul ef þú verður í einföldum sokkum“.
- Táargat** (n, hk) Gat á sokkum/skóm/stígvélum, framaná tá. „Það verður erfitt að líma þetta táargat á stígvélinu“.
- Táband** (n, hk) Band/smeygur á skíðum, sem tánnum er smeygt í.
- Táberg** (n, hk) bunga neðaná fæti, aftanvið tána; liðurinn sem tengir tá við fót.
- Tábragð** (n, hk) A. Aðferð til lásklifurs í vað; Þegar maður fer upp vað í lás þar sem er *loft*, er unnt að beita fótum á þann hátt að í krepptri stöðu er annar fótur lagður við vaðinn, en með hinum er farið neðanvið hann og vaðnum vafið eitt bragð um tána. Með því að rétta úr fyrra fæti og halda við bragðið með hinum, má þokast spottakorn upp, og endurtaka bragðið. B. Músarbragð; óþokkabragð í glímu, þannig að stigið er á tá andstæðingsins til að fella hann. C. Aðferð við skinnklæðasam; frágangur kringum tá *skinnklæða* (sjá þar). D. Aðferð við gerð *roðskóa* (sjá þar).

Táfesta / Handfesta (n, kvk) Staður í bjargklifri þar sem unnt er að ná öruggri festu. „Mikilvægt er að athuga vel festur áður en reynt er á þær. Fastur klettur er betri en laus steinn. Sina er ágæt handfesta ef nú er ófúin; gripð þétt niður í rótina og ef aðrar festur eru tryggar“.

Tág (n, kvk) Taug úr viði eða viðarrót. Tágar eru t.d. notaðar til að flétta úr þeim körfur.

Tágakarfa (n, kvk) *Karfa* úr tágum, oftast fléttuð til að bera fisk eða annan varning. Rak iðulega á fjörur og var þá notuð til að bera vothey í skepnur; *votheyskarfa*; *heykarfa*.

Tágamura (n, kvk) Sjá *silfurmura*.

Tággrannur (l) Mjög grannur; mjór eins og tág. „Það er ekki nema fyrir tággranna að fara um Gatið“.

Táheinn (l) Tandurhrein; alveg hrein. „Ég sé ekki betur en fatan sé alveg táhrein“. Hefur eflaust í upphafi verið „tárhrein“, en fallið niður stafur með tímanum.

Tál (n, kvk) Ginning; blekking.

Tálbeita (n, kvk) Sérlega girnileg/*beitin* beita fyrir fisk: Vel beitt, þannig að hvorki sér í odd né *agnhald* og gott er að hún sé lífleg í sjónum. Því er ráð að hafa beitunga langa og krækja í annan enda hennar. Tálbeita getur t.d. verið *lubbi* eða *ljósabeita*. Þessi forni bragur sýnir hve mikilvægt var að beita rétt, en hann kann að hafa tekið einhvejum breytingum gegnum tíðina og er e.t.v. meira lýsandi fyrir óskhyggju og galdrahneigð en þá beitu sem tíðast var notuð: „Fuglsfóarn og flyðrubita;/ mannaket á miðjum krók/ og mús á oddi;/ Komi þá enginn kolmúlugur úr kafi/ þá er ördeyða á öllu Norðuratlantshafi“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Tálþraga (orðtak) *Draga á talar*; blekkja einhvern til að gera eitthvað; fífla kvenmann.

Tálga (s) Skera út/laga til með hníf. „Vasahnífur er hverjum manni ómissandi, *allavegana* var það svo áður fyrr; til að marka lömb; taka af; flá; hækla; skera snæri; blóðga fisk; spyrða og ótal annarra nota. Hann er líka mjög hentugt tæki til að tálga. Tálga þurfti sköft á hrífur og annað svo þau féllu í sitt gróp; enda á handfangi sem stungið var í strjúpa þegar sviðið var, o.fl. Laghentir menn tálguðu gjarnan ýmsa muni, af misjafnlega mikilli list. Guðbjartur afi á Láganúpi tálgaði oft leikföng fyrir okkur bræðurna; ýmist spýtukarla, háa og leggjálanga, eða trébáta. Stundum gerði hann fugl eða sel úr klumbubeini af ýsu. Ég hef sjálfur haldið þeim sið að skilja aldrei við mig vasahnífinn og hann kemur iðulega í góðar þarfir, þó lítið sé tálgað“ (VÖ).

Tálguhnífur (n, kk) Hnífur sem hentar til að tálga með; kuti.

Tálguasteinn (n, kk) Lint rauðaberg sem unnt er að tálga; myndbreytt og samanpressuð elfjallaaska, rauð að lit. „Í Pallanámum, norðast á Bekknum undir Hryggjunum, er náma af tálguasteini“. Vill molna og veðrast fljótt.

Tálkn / Tálknþanir (n, hk/kvk, fto) Öndunarfæri fiska. Húðfellingar með þunnu og miklu yfirborði aftan á tálknbogunum í tálknopi fiska, þar sem fiskurinn nemur súrefni úr vatni/sjó.

Tálknbarð / Tálknlok (n, hk) Aftasti hlutinn á fiskhaus, nokkurskonar lok yfir tálknopunum.

Tálknbogi (n, kk) Beinbogi sem tálkn fisks situr á í tálknopinum.

Tálknormur (n, kk) Annað nafn á *illu* (sjá þar).

Tálknop (n, hk) Op aftan við haus á fiski, þar sem sjór/vatn streymir úr munni útyfir tálknin.

Tálma (s) Hindra; tefja; koma í veg fyrir. „Það ætti ekkert að tálma framgangi þessa máls“.

Tálmi / Tálmun (n, kk/kvk) Hindrun; töf; torfæra. „Ég sé enga tálma í vegi fyrir þessu“. „Blakknesröstin getur verið veruleg tálmun fyrir smábáta“.

Tálmunarlaust (l) Án hindrana/tálmana. „Við þurftum að stinga úr skafli í Beygjunni, en annars var tálmunarlaust inn í Höfn“.

Tálsýn (n, kvk) Draumsýn; ímyndun; óraunhæfar væntingar. „Þetta er ekkert annað en tálsýn hjá honum“.

Tálvonir (n, kvk, fto) Falsvonir; óraunhæfar væntingar. „Ég geri mér engar tálvonir um að þetta standist“.

Táplítill (l) Daufur; fjörlítill; dapur. „Heldur er hann víst táplítill síðan þetta gerðist“.

Tápmikill (l) Fjörugur; frískur; kröftugur. „Það *tekur því ekki* að fjargviðrast útaf svona gárungshætti; þetta eru bara tápmiklir unglingar“.

Tár (n, hk) A. Líkamsvessi úr tárakirtlum við auga. B. Lögg; lítið magn vökva, t.d. víns. „Þiggurðu tár“?

Táradalur (n, kk) Hörmungarstaður. Á tímum eyndar og trúarofsa var með þessu orðalagi átt við jarðlífið sjálft; þar sem lítið væri gleðiefni; fátt annað en syndir og þjáningar. Á síðari tímum er orðið notað sem lýsing á hverjum öðrum eyndarstað. „Ég hef lítið að sækja í þann táradal“!

Tárast (s) Gráta; fella tár. „Ég held að fáir tárast þó þessi ríkisstjórn sálist; það verður enginn *ástvinamissir*“!

Tárfella (s) Gráta; *brynna/vatna músum*; *fella tár*.

Tárhreint (l) Tandurhreint; alveg hreint. „Það er alveg óþarfi að þvo sér þegar maður er tárhreint“.

Társtokkinn / Tárivotur (l) Grátbólgin; með tár á hvarmi; hefur sýnilega grátið.

Tása (n, kvk) Ullarlagður sem búið er að *tæja*. Sjá *tóvinna*.

Tásaumur (n, kk) Saumur ofaná tá á skóm, t.d. skinnskóm.

Tátíljur (n, kvk, fto) Mjúkir inniskór. „Tátíljur voru algengar og krakkar æfðu sig gjarnan á prjónaskapnum á slíku prjónlesi“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms). SG á Láganúpi hefur sjálf prjónað sínar tátillur og saumað leðursóla undir. Framborið veikt.

Táúrtaka (n, kvk) Úrtaka á tá þegar sokkur er prjónaður. „Húfuhæll var prjónaður eins og táúrtökur nema úrtökurnar styttri (mynd) þá var prjónað í auka band þvert á „húfuna“ það var svo rakið úr eins og þegar var rakið úr fyrir þumli og teknar upp lykkjurnar og prjónaður framleisturinn“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Te (n, hk) A. Þurrkuð og oftast mulin lauf af terunna. B. Seyði af telaufum eða af annarri plöntu. *Grasate* var soðið af fjallagrösum.

Teðja (s) Skíta. „Þessar túnrollur eru búnar að teðja ofan í *flekkinn*“. „Passaðu að kýrin teðji ekki í fötuna“!

Tefja (s) A. Seinka vinnu hjá öðrum með því að halda honum uppteknum/dreifna athyglinni. „Ég ætla þá ekki að tefja þig lemgur með kjaftæði“. B. Staldrá við. „Ég tafði ekki lengi þar, heldur hélt áfram“.

Tefja fyrir (orðtak) Hindra; þvælast fyrir. „Ég tek strákinn ekki með í þessa ferð; hann tefur bara fyrir“.

Tefja tímann (orðtak) Draga á langinn; eyða tímanum. „Vertu nú ekki að tefja tímann með þessu *gaufi*“!

Tefla (s) Leika með tafl. „Mamma og Torfi bróðir hennar gátu teflt allan jóladaginn. Mamma kenndi okkur krökkunum tafl“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Tefla á tvær hættur / Tefla djarft (orðatiltæki) Taka áhættu. Afleidd merking úr skákmáli. „Það er *ekki verjandi* að tefla á tvær hættur fyrir eitt lamb. Við skjótum það niður úr sveltinu“. Líkingin er komin úr taflí/skák.

Tefla á tæpasta vað (orðtak) Fara hægna/hættulega leið; stefna í tvísýnu. „Mörgum fannst hann tefla þarna á tæpasta vað“. Líklega er þarna átt við að menn hætti sér í bjargferð með ótraustum vað.

Tefla (einhverju) fram (orðtak) Leggja/setja fram; bjóða; kynna. „Hann tefldi fram öflugum rökum“.

Tefla (einhverju) í tvísýnu (orðatiltæki) Taka áhættu. Afleidd merking úr skákmáli.

Tefla við páfann (orðtak) Kúka; *ganga örna sinna; flytja lögmann; ganga örna sinna; hægja sér; skíta*. „Hann þurfti að skjótast aðeins frá til að tefla við páfann“. Visar til þeirrar áráttu Íslendinga að niðurlægja kaþólskan sið eftir siðaskiptin. Hér hefur einhverjum gárunga dottið í hug líking við það að sitja að taflí og um leið gefa skít í hans heilagleika. Annar *gárungsháttur* af sama tagi var að reisa fjós á kirkjustöðum kaþólskra, eins og t.d. var gert í Kollsvík.

Teglundur / Tehland / Tepiss / Teskólp (n, hk) Niðrandi heiti á tei. „Ég hef aldrei verið hrifinn af þessu teglundri“! „Mér þætti nú betra að fá almennilegt kaffi en eitthvað tepiss“. Te var almennt ekki vinsæll drykkur í Kollsvík, þó á því hafi verið undantekningar, og kaffifólk brást sumt illa við ef te var boðið.

Teiga (s) Þamba; drekka í löngum lotum/teigum. „Þeir voru með eina sýruflösku og ég setti hana á munninn og teigaði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Teigur (n, kk) A. Lítið svæði lands, einkum notað um gróðursælt svæði í rýrari landi. „Eru þetta ekki kindur þarna uppi í teigunum“? B. Landspilda sem slegin er; túnskiki. Árnateigur er örnefni í Kollsvík. C. Mælieining flatarmáls; *dagsláttu*; samsvarar ferhyrningi sem er 30 faðmar á hvorn veg.

Teikn (n, hk, fto) Ummerki; tákn. „Ég get ekki séð nein teikn um að hann sé að *bregða* þessum *þurrki*“.

Teikna (s) A. Draga upp mynd. B. Tákna. „Ekki veit ég hvað þetta á að teikna“!

Teikna til (orðtak) Benda til; vera vísbending um. „Mér sýnist allt teikna til þess að hann sé að *snúa sér í áttinni*“.

Teiknari (n, kk) Sá sem teiknar. „Kollsvíkin hefur fóstorað marga snilldarteiknara. Þekktastur þeirra er Samúel Eggertsson, bróðursonur Matthíasar Jochumssonar, en hann bjó um tíma á kotbýlinu Grund, í Láganúpslandi og var jafnframt barnakennari. Samúel var snilldarteiknari og afkastamikill með afbrigðum. Má fullyrða að fyrr hafi ekki komið fram afkastameiri og vandvirkari teiknari á tímum prentlistar. Einnig fékkst hann við landmælingar og kortagerð og er m.a. til kort af Rauðasandsrhreppi eftir hann. Af öðrum listamönnum á þessu sviði má nefna Sigríði Guðbjartsdóttur á Láganúpi, en eftir hana liggja fjölmörg verk. Hún er sú eina sem náð hefur tókum á *hellumálun*, og hefur verið afkastamikill á því sviði“.

Teina (s) A. Slá járn í tein/teina. B. Stundum notað um það að fella net á teina/þini. Sjá *úrteina*.

Teinn (n, kk) A. Mjór aflangur hlutur. B. Þinur; lína sem net er fest á, t.d. blýteinn; flotteinn. C. Mjó rönd á fatnaði. D. Lárétt stöng sem járnbrautarlest gengur eftir; járnbraut.

Teinóttur (l) Um fatnað; með mjóum röndum. „Hann var í teinóttum buxum“.

Teint járn (orðtak) Fornt heiti á sérstaklega hreinu og unnu járn sem líklega hefði í dag flokkast sem stál. Teint var ekki verðlagt í kaupsetningum (verðskrá) heldur var það talið *mefté*. Sjá *blásturjárn*.

Teinæringur (n, kk) Bátur sem róð er af tíu mönnum, þ.e. með 20 ræði; um 10m langur og um 7 ½ tonn að burðargetu. Áhöfnin er þó oft mun fjölmennari, og t.d. voru 11 eða 12 í áhöfn eldri Fönix í Kollsvíkurverri, sem var teinæringur. (sjá *Fönix*).

Teista (n, kvk) *Cephus grylle*. Meðalstór svartfugl; 30-38cm að stærð og um 400g að þyngd. Svört með áberandi hvítar skellur á vængjum; svart nef og áberandi rauða fætur. Vængir stuttir og breiðir. Er meiri einfari en aðrir svartfuglar; verpir gjarnan í klettaskorum, sprungum, undir steinum eða á syllum. Algeng á vestanverðu landinu; einkum við Breiðafjörð, en einnig á Norður- og Austurlandi. Stofnstærð á Íslandi er talin 20-30.000 pör. Teista verpur oft í fjöru undir klettum við Kollsvík, t.d. undir Hnífum. Má þá á varp- og ungatíma heyra mjög hátóna en lágvært garg inni í urðum. Fæðan er smáfiskur, einkum spretfiskur, sandsíli og krappadýr. Teistan var áður einnig nefnd Péturskofa; líklega vegna þess að hún kemur til landsins um Pétursmessu; 22.febrúar.

Teiti (n, hk) Veisla; gleðskapur; samkoma.

Tekið að (orðtak) Fallið að. „Það er hæfilegt að halda til lands núna. Það verður hæfilega tekið að þegar við komum að til að auðvelt verði að koma bátum í vagninn“.

Tekinn af kulda (orðtak) Manni sem orðið er mjög kalt. „Hann var orðinn tekinn af kulda og skjálfandi“.

Tekinn í andliti / Tekinn til augnanna (orðtak) Skarpleitur/skarpholda/horaður í framan; raunalegur á svip. „Ósköp er hún guggin og tekin í andliti“.

Tekinn í kristinna manna tölu (orðtak) Fermdur. „Persónulega var mér nokk sama, en lét undan verulegum þrýstingi á heimilinu um að ég skyldi tekinn í kristinna manna tölu“.

Tekk (n, hk) Tegund harðviðar. Tekk er þéttur brúnn viður og er vinsæll til smíða. Rekur stundum á fjörur í Kollsvík og hefur verið smíðaefni hagleiksfélks.

Tekja (n, kvk) A. Almennt; *eftirtekja*; það sem fæst/næst. B. Oftast um *eggjatekju* í seinni tíð: „Það var ekki mikil tekja hér“. C. Í fleirtölu; „tekjur“ er orðið notað um laun; þénustu.

Tekjuöflun (n, kvk) Öflun tekna/launa/arðs. „Vorur við hreyknir af þessum málalokum og þessari tekjuöflun okkar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).

Tekst ef tveir vilja (orðatiltæki) Meiri líkur eru á árangri ef tveir vinna að honum en einn. Einnig heyrðist afbrigði af þessu; „tveir eru sem tíu; einn sem enginn“. Einnig; *betur mega tveir en einn*.

Tekur af í miðjar hlíðar (orðtak) Sjólag í mikilli undiröldu. „Þegar sjórinn rís í vatnsmiklum, breiðum hryggjum sem ekki brotna fyrr en á grunn, er um undiröldu að ræða, og hana oft *bakhaldamikla*. Ef hún hylur allt láglandið þegar báturinn er niðri í öldudalnum þá tekur af í miðjar hlíðar“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Tekur á taugarnar (orðtak) Um mikla og langvarandi taugaspennu/eftirvæntingu; er *taugatrekkjandi*.

Tekur (því) (nú) ekki að svara þessu (orðtak) Þetta er ekki *svaravert*.

Tekur ekki betra við (orðtak) Ekki batnar. „Ekki tók betra við þegar við komum uppá holtið, því þar var hífandi rok“.

Tekur ekki/engu tali (orðtak) *Nær ekki nokkurri átt*; er *úti hött*; er fráleitt; ræðir ekki um; er ekki til umræðu; kemur ekki til greina/mála. „Þetta finnst mér svo fráleit tillaga að hún tekur engu tali“! „Svona vitlaust tilboð tekur auðvitað ekki nokkru tali“! Sjá hinsvegar *taka (einhvern) tali*.

Tekur hann til! (orðatiltæki) Notað sem upphrópun um hneykslun á háttsemi einhvers. „Tekur hann nú til enn einusinni! Ég fer nú að þreytast á þessum skreytnisögum“!

Tekur í (orðtak) Finnst fyrir; *sígur í*; er þungt/erfitt; kostar mikið. „Það tekur í að greiða skuldina svona hratt“. „Það tekur í að draga svona þungan mann í loftsigi“. „Það tekur stundum í að ná netunum úr botnfestu“.

Tekur í hnjúkana (orðtak) Mikið um að vera; mikið að gert; mikil tíðindi; fullmikið af því góða. „Nú tekur heldur betur í hnjúkana! Þykist hann vita betur en ég um þessi mál“?! „Nú tekur í hnjúkana; andskotans læti eru þetta í krökkunum“ Upprunalega haft um mikið hvassviðri, þegar þaut í fjallahnjúkum.

Tekur í löppina/lærið (orðtak) Himbriminn var af sumum talinn spáfugl. Ef hann gólar hátt og ákaft er sagt að „hann taki í löppina“ og að það sé fyrir vindi. (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Tekur í sig sjó (orðtak) Bátur *sýpur á*; fær sjó inn í sig. „...þó ekki svo mikið að hann tæki inn í sig sjó“ (KJK; Kollsvíkurver)

- Tekur niðri** (orðtak) Skip strandar. „Allt í einu tekur skipið niðri á skeri því er Selkollur heitir, og situr þar fast“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Tekur sig upp brot** (orðtak) Stórsjór breytist í grunnbrot. „...allt í einu tekur sig upp allstórt brot skammt frá bátnum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Tekur steininn úr** (orðtak) Keyrir úr hófi; verður allt vitlaust. „Tíkin galti jafnan meira á póstin en aðra gesti, en þá fyrst tók nú steininn úr ef hann fór að skammast í henni. Þá umhverfðist hún gjörsamlega“. Líklega vísar þetta til þess að mikilvægur steinn sé tekinn úr hleðslu, þannig að veggurinn fellur.
- Tekur undan** (orðtak) Fiskur hættir að veiðast, t.d. vegna upptöku falls. „Það tók alveg undan í suðurfallinu“.
- Tekur (botninn/) steininn úr** (orðtök) *Er yfirgengilegt; tekur útyfir allan þjófabálk; keyrir úr hófi: kastar tólfunum.* „Hann hefur löngum verið ruddalegur, en þarna fannst mér taka steininn úr“! Myndlíkingar. Vísar til þess í öðru tilvikinu að botn bresti í keraldí/tunnu, svo innihaldið flæði um gölf; en í hinu að steinn losni úr stíflu/vegg, svo bresti.
- Tekur út** (orðtak) Um það sem fer í sjóinn. „Tréð hefur tekið út aftur í nótt sem rak í gær“. „Það var sagt að hann hefði tekið út af skipi, hér í Látraröstin“.
- Tekur útyfir allan þjófabálk** (orðtak) Gengur framúr öllu hófi; stenst engar reglur. Þjófabálkur er sá hluti laga sem lýtur að viðurlögum við þjófnaði. „Mér finnst það taka útyfir allan þjófabálk ef þeir ætlast til að við leggjum niður sláturhúsið“!
- Tekur því ekki** (orðtak) Er ekki fyrirhafnarinnar virði; er ekki nægur tími til. „Það tekur því ekki að hirða þessi smákvíkindi“. „Mér þótti ekki taka því að byrja verkið þegar svo áliðið var dags“.
- Tekur undir í** (orðtak) Bergmálar í. „Það tók undir í klettunum handan dalsins þegar ér hóaði“.
- Tekur útyfir / Tekur útyfir allan þjófabálk / Tekur yfir** (orðtak) *Er yfirgengilegt; tekur úr steininn; keyrir úr hófi.* „Svona ruddaskapur tekur auðvitað útyfir allan þjófabálk“! Oft stytt í „tekur útyfir“ eða „tekur yfir“.
- Tekur því ekki** (orðtak) Það svarar ekki fyrirhöfn eða kostnaði. „Það tekur því ekki að ná í þessi tvö egg“.
- Telgja** (s) Tálga; tálga út; skera út. „Ég ætla að biðja afa að telgja fugl fyrir mig úr þessu klumbubeini“.
- Telgdur** (l) Tálgaður. „Fígúran var telgd úr furuviðarbút“.
- Telja** (s) A. Halda tölu á; athuga fjölda. B. Álykta; halda. „Systurnar stumra yfir honum, og töldu að hann hefði orðið bráðkvaddur“ (IG; Sagt til vegar II). „Taldi hann að menn úr Kollsvík myndu koma of seint...“ (ÞJ; Sargon strandi; Árb.Barð 1949). „Líklegt tel ég hinsvegar að Liði hafi fengið fallega lífgimbur hjá Gumma um haustið, en um það er mér ekki fullkunnugt“ (PG; Veðmálið).
- Telja af með (eitthvað)** (orðtak) Aftaka eitthvað; banna eitthvað. „Hann taldi af með það að hann gæti komið“.
- Telja (einhvern) af** (orðtak) Halda einhvern látinn; álíta að einhver hafi farist. „Eftir tveggja daga leit var báturinn talinn af“.
- Telja (einhvern) á (eitthvað)** (orðtak) Sannfæra einhvern um að gera eitthvað. „Ég taldi hann á að biða þar til veðrið lagaðist“.
- Telja eftir** (orðtak) Sjá eftir; *hafa orð um.* „Ég tel það nú ekki eftir þó tekin séu nokkur egg í mínu landi“.
- Telja eftir sér** Sjá ekki eftir sinni vinnu; þykja ekki fyrirhöfn. „Ég tel það ekkert efir mér að aðstoða eitthvað við smalamennskur“. „Fólk taldi ekki eftir sér að tína út úr sér nokkuð af beinum“ (SG um *hausastöppu*; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Telja fram** (orðtak) Upplýsa um eignir/vörslu manns á einhverju, t.d. telja fram til útsvars/skatts eða láta forðagæslumenn vita af búfjáreign. „Hann reyndist eiga mun meira fé en hann taldi fram“.
- Telja (eitthvað) fullreynt** (orðtak) Álíta að ekki þýði að reyna meira við. „Ég tel það fullreynt að ná ánni lifandi úr sveltinu; það er ekkert framundan annað en skjóta hana niður“.
- Telja fært** (orðtak) Álíta að unnt sé að róa; álíta að vegur sé fær; álíta að veður sé nógu gott til ferðalags; álíta að unnt sé að komast (t.d. í bjargi).
- Telja gott/ágætt/fint/meiriháttar** (orðbrögð) „Þessi róður verður ekki til mikils fiskjar; ég tel það bara gott ef þið náðið landi áður en veðrið skellur á“! „Ég teldi það ágætt ef við kláruðum þetta í dag“.
- Telja (einhvern) á** (orðtak) Fá einhvern til með fortölum; sannfæra einhvern um að ætla/gera. „Mér tókst að telja hann á að koma með okkur“.
- Telja (einhverjum) hughvarf / Telja um fyrir** (orðtak) *Fá ofan af; fá einhvern til að skipta um skoðun.* „Okkur tókst að telja honum hughvarf; hann ætlar að setja tvílembingana báða á“. „Ég reyndi að telja um fyrir honum, en það vita nú allir að þessi þverhaus fer sínu fram, *hvað sem hver segir*“.

- Telja í** (orðtak) A. Telja upp að fyrirfram ákveðinni tölu til undirbúnings t.d. keppni í hlaupi eða öðru, eða þess að kórsöngur upphefjist. B. Telja veiði í hvert net eða hvern netastreng.
- Telja inn** (orðtak) Telja það sem fer inn. T.d. var vani að telja kindur um leið og þær runnu inn í fjárhús til að hæfilega þétt væri í hverjum karmi. „Ég taldi ekki inn í síðasta garðann“.
- Telja (einhverjum) kjark / Telja kjark í** (orðtak) Auka einhverjum kjark/hugrekki/áræði með því að sannfæra hann; uppörva einhvern.
- Telja með** (orðtak) Hafa með í magni/upptalningu; hafa meðtalið. „Þetta er á annað hundrað fjár ef allt er talið með“.
- Telja niður** (orðtak) Telja afturábak. „Hann er farinn að telja niður dagana fram að þorablóti“.
- Telja saman / Telja upp** (orðtak) Nefna hvern eftir annan. „Hann taldi upp alla sem hann taldi að myndu styðja flokkinn í þessum kosningum“.
- Telja sér sigurinn vísan** (orðtak) Finnast sigur vera að hafast í viðureign. „Ég taldi mér sigurinn vísan þegar lúðan var komin uppundir borðið, en þá tók hún viðbragð og sleit sig af króknum“.
- Telja sér til tekna** (orðtak) Telja að bæti um fyrir sér; telja kost við sig eða sinn málstað.
- Telja (einhverjum) trú um** (orðtak) Innræta einhverjum; sannfæra einhvern; fullvissa einhvern. „Mér var talin trú um það að þetta væri kostaboð“.
- Telja uppá** (orðtak) Telja; gera ráð fyrir; búast við; treysta á. „Ég tel uppá að þeir fari að koma heim í matinn“. „Það má telja uppá að þessi kind hafi *strauað* beint út á Bjarg aftur“. Líklega er grunnur orðtaksins sá að „hafa forsendur fyrir“; „byggja á“. Orðið „telja“ = „giska á“ er líklega stytting á þessu. Orðtakið lifir einnig enn góðu lífi t.d. í Árneshreppi á Ströndum, en heyrir vart utan Vestfjarða.
- Telja úr** (orðtak) *Letja til*; hafa uppi úrtölur. „Ég ætlaði að leggja strax af stað, en hann taldi fremur úr með það; sagði betra að bíða þar til birti almennilega“.
- Telja út** (orðtak) A. Hafa tölu á því sem látið er útfyrir, t.d. fé útúr húsi/rétt. B. Að verða búíð; síðustu tímar einhvers. „Það fer nú að telja út, þetta árið“. „Það fer að telja út með saltbirgðirnar“.
- Teljandi** (l) Að ráði; verulegur. „Það er ekki komin teljandi ófærð ennþá, en færð er að versna“. „Ekki minnst ég þess að menn færuðust svo teljandi væri, um það hversu erfitt þeir ættu; að þurfa að sinna þessum verkum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Teljast til** (orðtak) A. Tilheyra; flokkast með. „Þegar Hesthúsið á Hólum var byggt, kringum 1650, taldist Láganúpur með sínum hjáleigum til eignasafns Eggerts ríka Björnssonar í Saurbæ, líkt og flestar jarðir í Rauðasandshreppi“. B. Fá niðurstöðu í talningu. „Mér taldist svo til að þarna væru allir gemlingarnir“.
- Teljast vera** (orðtak) Vera talinn/álitinn. „Þetta svæði telst vera *fullsmalað*“.
- Telpa** (n, kvk) Stelpa; stúlka.
- Telpuangi / Telpugopi / Telpuhnáta / Telpuðra / Telpustýri** (n, kvk) Gæluorð um stelpu.
- Telst (ekki) til tíðinda** (orðtak) Er (ekki) frétt næmt; (*ekki*) í frásögur færandi. „Það telst ekki til tíðinda lengur í Kollsvíkinni, þó þar sjáist flakkarar úr fjarlægustu heimshlutum“.
- Temja** (s) A. Venja; ala upp; gera taman. T.d. temja hest. B. Gera að venju. Sjá temja sér.
- Temja sér** (orðtak) Venja sig á; gera sér að reglu. „Þú þarft að temja þér meiri þolinmæði“.
- Temmilega** (ao) Hæfilega; nægjanlega. „Nú er komið temmilega mikið í fötuna, sýnist mér“.
- Temmilegur** (l) Hæfilegur; nægjanlegur. „Þetta ætti að vera temmilegur skammtur“.
- Tempra** (orðtak) Stilla í hóf; hafa stjórn á. „Það er erfitt að tempra hitann í húsinu í umhleyppingunum“.
- Tendra** (s) Kveikja. „Lífsvonin tendrast á ný“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Tengdafaðir / Tengdamóðir / Tengdafólk / Tengdadóttir / Tengdasonur** Fólk sem tengist gegnum giftingu/mægðir. T.d. er tengdafaðir sá sem er faðir eiginmanns.
- Tengdir** (n, kvk, fto) Tengsl fólks gegnum hjónaband.
- Tenging** (n, kvk) Tengsl; það sem tengir/brúar.
- Tengja** (s) Koma á tengslum/tengingu; koma í samband; gera grein fyrir sambandi/samhengi.
- Tengsl** (n, hk, fto) Tenging; vensl; samhengi.
- Tengsli** (n, hk) A. *Netaskil*; *netamæti*; staður þar sem tvö net eru set saman í *streng/trossu*. „Við skulum draga að næstu tengslum; þá getum við tekið í sundur og náð snúningnum af“. B. Strengur; trossa; fiskilínur/ net

sem tengd eru nokkur saman í lengju. „Á grásleppuveiðum höfðum við 4-6 net í hverju tengsli, meðan dregið var á höndum. Fór lengdin eftir breidd þaragarðsins“. C. Kúpling milli vélar og gírs á bíl.

Tenings- Forskeyti fyrir rúmmálseiningu, t.d. teningsalin = ein alin á hvern veg; teningsmetri = rúmmetri.

Teningunum er kastað (orðatiltæki) Líking við teningaspil og getur merkt „spilið er hafið“ eða „úrslitin hafa verið ráðin“. Máltækið er oftast tengt Júlíusi Sesari rómakeisara, en sagt er að hann hafi tautað „iacta alea est“ um leið og hann hélt yfir Rubicon-fljót með her sinn, en með því lagði hann til atlögu við Pompeius fornvin sinn. Viðhaft þegar menn taka endanlega ákvörðun um örlög eða stefnu.

Tenntur (l) Með tennur/tönnur. „Strákurinn er orðinn sæmilega tenntur“. „Karlinn var illa tenntur og treysti sér ekki í harðfiskinn“. „Ansi er sögin orðin illa tennt“.

Tensa sig til (orðtak) Punta/snyrta sig; gera sig fína(n). „Ætli maður þurfi ekki eitthvað að tensa sig til fyrir þessa samkomu“.

Teppa (n, kvk) Hindrun; lokun; tappi. „Mikið var gott að losna við þessa teppu úr nefinu“.

Teppa (s) Hindra; loka fyrir; stífla. „Þú mátt ekki teppa *gangveginn* með þessu“!

Teppi (n, hk) A. Ábreiða úr tiltölulega þykku efni, t.d. rúmteppi. B. Gólfefni úr ofnu efni; gólfteppi.

Tepptur (l) Lokaður; ófær; stíflaður. „Vegurinn hingað úteftir hefur verið tepptur í hálfan mánuð“.

Tepra (n, kvk) *Tilgerðarlegur* einstaklingur. „Óttaleg tepra ertu; örlítið slor á höndunum drepur þig ekki“!

Tepruháttur / Tepruskapur (n, kk) Tilgerð; aumingjadómur. „Hana; blóðgaðu fiskinn og vertu ekki með þennan tepruhátt“!

Teprulegur (l) *Tilgerðarlegur; finn með sig*. „Þeir eru orðnir svo teprulegir í sláturhúsinu; heimta að allir gangi í hvítu“.

Terra (s) Ota; teygja; reygya. „Kötturinn terrir rófunu þegar hann sér fuglana utanvið gluggann“.

Tertíer (n, hk) Tímabil í jarðsögunni frá 65 milljónum ára til 1,8 milljón ára, eða frá því að Atlantshafið tók að myndast til upphafs ísaldar; frá kítartímabilinu til kvartertímabilsins. Tertíer merkir „hið þriðja“. Tímabilinu er skipt niður í styttri jarðsögutíma; Paleósen; Eosen; Óligósen; Míósen og Plíósen. Í byrjun Tertíer voru Ameríka, Evrasía og Afríka eitt meginland. Einhverjar breytingar í iðrum jarðar urðu til þess að möttulkvikan breytti streymi sínu og reif þetta mikla svæði í sundur þar sem nú er Atlantshaf. Þar sem kvikustraurmurinn leitar upp að jarðskorpunni; á Atlantshafshryggnum, mynduðust flekaskil þar sem nýtt efni kemur upp og myndar nýjan hafsbóttn beggja vegna hryggjarins. Á einum stað hryggjarins varð streymið ákafast; þar varð svonefndur heitur reitur þar sem meira barst upp af möttulefni en annarsstaðar. Tilurð heita reitsins má sjá í samkynja bergi á austurstrand Grænlands og í Skotlandi, en milli þessara staða liggur hryggur þar sem hafdýpi er minna en annarsstaðar, sem segir sitt um kvikustreymið um leið og þessi lönd rak í sundur. Þar er þykkt jarðskorpunnar um 24 km, en venjuleg úthafsskorpa er 6-7 km að þykkt. Á hryggnum eru Færeyjar og Ísland. Nú er talið að framanaf Tertíer hafi verið landbrú milli Grænlands og Skotlands og enn lengur milli Grænlands og Íslands. Hún hafi enn verið til staðar þegar elstu jarðlögin mynduðust sem sjá má neðst í jarðlagabunkum á Vestfjörðum og Austfjörðum fyrir um 16-18 milljón árum. Það merkir að ekki er útilokað að í millilögum megi finna ummerki um landdýr sem ráfað hafi frá Ameríku þegar langt hlé varð milli eldgosa. Líklegt er að jarðlög frá þessum tíma finnist neðst í fjöllum í Kollsvík og nágrenni. Nokkru ofar í jarðlögum tertíer sjást ummerki mikillar hlýnunar fyrir 12 milljón árum, þegar surtarbrandslögin mynduðust sem sjá má t.d. í Stálfjalli, ofan Saurbæjar; ofan Raknadals; í Seljagili og í Surtarbrandsgili hjá Brjánslæk. Talið er að þá hafi landbrúin til Ameríku enn verið til staðar, enda sjást í þessum lögum leifar gróðurs sem þá óx vestra og lifði við um 40° meðalhita. Ástæður þessa mikla hita voru líklega aðrar aðstæður í hafstraumum; þar sem m.a. Norður- og Suður Ameríka voru aðskildar. Surtarbrandur hefur ekki fundist í Kollsvík, en hinsvegar eru þar víða í berglögum leifar af trjástofnum sem hraunið hefur runnið yfir á þessum tíma. Berglagastaflinn kringum Kollsvík er líklega 16-13 milljón ára gamall, eða frá Míósen-tíma.

Tesía (n, kvk) Lítið sigti sem rifin telauf eru sett í; það sett yfir bolla og sjóðheitu vatni hellt í gegnum það til að laga te.

Tesopi / Tevatn (n, kk) Te; tebolli. „Ég myndi þiggja hjá þér dálítinn tesopa, ef þú átt“. „Áttu til tevatn“? Sjá ortakið „*fá til tevatnsins*“.

Testamenti (n, hk) Vitnisburður. Heitið er oftast notað yfir tvo höfuðkafla biblíunnar; nýja og gamla testamenti, sem sannkristið fólk telur órækan vitnisburð um sinn Guð, og grundvöll trúarinnar.

Tesull (n, hk) Niðrandi heiti á te. „Það þýðir ekkert að bjóða mér þetta tesull; áttu ekki heiðarlegt kaffi“?!

Tetur (n, hk) Aumingi;hró; grey; það sem er lélegt/hrörlegt Oft notað sem seinniliður orða; „Hann er nú að verða skoli lélegur, karltetrið“; „Svona eldpreðikun fer nú bara með sáartetrið í fólk“; en stundum sérstætt;

„Hann getur varla að því gert, tetrið, þó hann sjái svona illa“. Í samsetningum; „Það sást hvorki tangur né tetur af fé á dalnum“.

Texti (n, kk) Ritað mál.

Teyga (s) Drekka af áfergju; drekka í stórum sopum.

Teygingar (n, kvk, fto) A. Það að teygja sig; iðulega notað í eggjaferðum í bjargi. „Þú ættir nú ekki að vera með þessar teygingar á svona afsleppri syllu“. B. Gras rimar sem teygjast upp í fjallshlíð. „Virkiyeigur er grasflesjur; teygingar upp í hlíðina ofan Hærra Virkis“.

Teygja (n, kvk) A. Það að teygja úr sér. „Eftir miklar teygjur og geispa reis hann upp“. B. Eftirgefanleg taug; sá eiginleiki efnis að lengjast án þess að slitna.

Teygja (fram) álkuna (orðtak) Teygja höfuðið fram eða til hliðar til að sjá betur.

Teygja lopann (orðtak) Líkingamál; vera langorður; dunda of lengi við verk. „Mér fannst presturinn teygja lopann ansi mikið í ræðunni. Ég er *ekki frá því* að mér hafi *horfið veröldin* eitt augnablik“.

Teygja sig eftir (einhverju) (orðtak) Teygja hendina til að ná í eitthvað.

Teygja skanka sína (orðtak) Teygja sig; ná yfir. „Eftir að *halla* tók *undan fæti* í landbúnaði í hreppnum fór ferðaþónustan að teygja þangað skanka sína, og er nú orðin þar undirstöðuáttvinnugrein“.

Teygja úr sér/skónkunum (orðtak) Réttu úr sér og e.t.v. rétta hendur og fætur út frá sér; teygja sig eins langt á lengdina og unnt er.

Teygjan úr (orðtak) Þolinmæðin þrotin. Sjá *þá skal nú teygjan úr*.

Teygjanlegt (l) A. Sem unnt er að teygja á/úr. B. Ekki í föstum skorðum; álitamál.

Teygjubysa (n, kvk) Leikfang til að skjóta litlum ögnum eða pílum. „Svo voru gerðar... rófubysur úr fjöðurstöfum, helst úr álftafjöðrum. Stafurinn var skorinn af og endinn skorinn svo úr varð hólkur, svo voru sneiddar kartöflur (ekki rófur þó þetta hétu rófubysa!). Tálgaðir svokallaðir krassar, þ.e. smáprik með hnúð á enda sem passaði inn í hólkin en hnúðurinn hélt við þegar krassanum var þrýst snöggt inn í legginn. En fyrst var byssan blásin með því að endum fjöðurstafsins var þrýst niður í kartöflusneiðina til skiptis svo kartöflutappar komu í báða enda. Svo var krassanum þrýst í annan endann og hljóp þá kartöfluskotið af. Væri krassinn máttulega langur sat annað skotið eftir í stafnum svo bara þurfti að hlaða aftur annan enda pípunnar fyrir næsta skot (Teikning). Öðruvísi byssur voru einnig smíðaðar en það voru tvinnakefli sem gúmmíteygja var negld yfir annan endann. Síðan telgd ör sem stungin var gegnum keflið og síðan dregið upp og hleypt af (Teikning). Baunabyssur voru útbúnar úr stífum vír sem gúmmírenningur var festur milli armanna, dregið upp og hleypt af baununum“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Teygur (n, kk) Sopi; það sem sopið er í einu, án kyngingar á milli. „Ég drakk þetta í einum teyg“.

Teyma (s) Leiða í taumi. „Við teymdum nautið út í girðinguna“.

Teyma andskotann/skrattann (orðtak) Ganga með hendur samankræktar fyrir aftan bak, en í því getur verið hvíld á göngu, einkum ef gengið er á móti veðri. „Þarna kemur hann kjagandi; og teymir andskotann“.

Té (n, hk) A. Bókstafur. B. Hlutur sem er líkur bókstafnum T í laginu, t.d. rörasamsetning. C. Tjá; lán, sbr að „láta í té“ í merkingunni að afhenda.

Téður (l) Sá sem talað er um. „Téðan vasahníf hef ég ekki snert; það er *áfærni* að ég hafi stolið honum“!

Térlegur (l) Þokkalegur; sæmilegur. Oftast notað í neikvæðri umræðu: „Það var térleg saga sem ég var að fréttu af þessum náunga“! „Þú ert aldeilis térlegur núna drengur; ekkert nema mold og drulla! Farðu nú úr fötunum“! Oft einnig „*félegur*“ í sömu merkingu. Það orð er þó líklega af sjálfstæðri rót fremur en hljóðbreytingu.

Tifa (s) Ganga í stuttum skrefum. Oftast notað um gang/hljóð úrs/klukku.

Tiginmannlegur (l) Fyrirmannlegur; glæsilegur í framkomu/útliti. „Ekki finnst mér þessi sýslumaður mjög tiginmannlegur að sjá“!

Tiginn (l) Af háum virðingarstigum.

Tign (n, kvk) Virðing; virðingarstaða. „Þegar kemur niður á Neðri Jökkladalshæð birtist Kollsvíkin í allri sinni tign“.

Tigna (s) Tilbiðja; bera virðingu fyrir. „Éld maður fari nú ekki að tigna þá andskota sem svona haga sér“!

Tignarlegt (l) Virðulegt; tilkomumikið. „Hann tók undir sig tignarlegt stökk upp á hleinina, en rann til í sleipunni og fór á bólakaf í sjóinn“.

Tignarstaða (nb, kvk) Virðingarstaða.

Tiktúruháttur (n, kk) *Gikksháttur; tiktúrur*; sérvíska. „Ef þú ert með einhvern gikkshátt þá ætla ég bara ekkert að vera að *dekstra* þig“!

Tiktúruleaus (l) Ekki gikkur/sérvitringur; laus við tiktúrur. „Hann er tiltölulega tiktúruleaus, allavegana miðað við suma aðra í þeirri fjölskyldu“!

Tiktúrur (n, kvk, fto) *Gikksháttur*; óþægð; sérvíska. „Vertu nú ekki með þessar tiktúrur krakki og borðaðu matinn þinn“!

Til að bíta höfuðið af skömminni (orðtak) *Til að kóróna alltsaman*; til að auka á misgerðir/skammir. „Þeir hafa ekki hefлаð veginn í mannsaldur, og til að bíta höfuðið af skömminni tóku þeir hann úr tölu þjóðvega“!

Til að byrja með (orðtak) Í byrjun; upphaflega; *fyrst í stað*. „Til að byrja með var aðeins eitt útvarp í Víkinni, og var það haft miðsvæðis í henni; eða á Stekkjarmel“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Til að kóróna alltsaman (orðtak) Til að bíta höfuðið af skömminni; til að auka enn á skammir/misgerðir/hneyksli. „Ég var búinn að standa í mokstri og basli yfir allan hálsinn, og endaði svo með því að festa bílinn endanlega hér niðri á beygju; það var nú til að kóróna alltsaman“!

Til að mynda (orðtak) Til dæmis; sem dæmi. „Ýmislegt var honum andstætt í búsetunni; hann átti t.d. ekki bíl, og kunni auk þess ekki að aka“.

Til að sjá / Tilsýndar að sjá (orðtak) Eins og lítur út í nokkurri fjarlægð. „Eftir að skriðan féll var fjallið til að sjá eins og eldfjall; hulið reyk og ryki í nokkurn tíma“.

Til að æra óstöðugan (orðtak) Getur gert mann brjálaðan. „Lækkaðu nú niður í þessu ansvítans bítlagargi! Þetta er alveg til að æra óstöðugan“! „Það er til að æra óstöðugan að ætla að finna nokkuð í þessari óreiðu“. Sjá einnig; *aldrei skyldi egna óstöðugan*.

Til allrar hamingju/lukku (orðtök) Svo vel vildi til; *sló fyrir heppni; sem betur fór*. „Bátinn rak hratt upp að skerinu, en til allrar hamingju hrökk vélin í gang áður en illa fór“.

Til alls vís (orðtak) Trúandi/líklegur til alls. „Ekki myndi ég treysta á atkvæðið hans í þessu máli; hann er til alls vís“.

Til alls þarf nokkuð að bera (orðatiltæki) Einhver rök þarf að hafa fyrir máli sínum; rökstyðja þarf sínar fullyrðingar. Líklega gamalt í málinu. Viðhaft þegar menn vilja rökstyðja eða biðja um rökstuðning.

Til augnanna (orðtak) Á svipinn. „Heldur fannst mér hann dimmur til augnanna, en hann steinþagði“.

Til áherslu / Til áréttingar (orðtök) Til að undirstrika það sem sagt er. „„Fulla ferð“! Og til áréttingar var ýtt harkalega á öxl mér“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Til ásetnings (orðtak) *Til öslu; til lífs*; um það að *setja á*; þ.e. ákveða að hausti að ala skepnu yfir vetur.

Til átu (orðtak) Til að borða/eta. „Ekki fannst mér þetta sérlega gott til átu, en *lét mig hafa það*“.

Til baga (orðtak) Til óhagræðis/leiðinda/tafa. „Eins varð það til baga ef vindur stóð á land; þá varð fjaran lakari“ (KJK; sjá *kúfiskur*).

Til baka (orðtak) Afturábak; aftur sömu leið. „Hann var kominn hálf leið til baka þegar ég náði honum“.

Til bóta (orðtak) Bætur; jákvætt. „Ekki flýtir það ferðinni að tekið er suðurfalli nærri landi. Þó er það til nokkurra bóta. Enn eru eftir nokkrar leifar norðanbárunnar, einkum þar sem eða meðan straumur liggur með bárunni“ (KJK; Kollsvíkurver).

Til bragðs að taka (orðtak) Til ráða/úrræða. „*Úr vöndu var að ráða*, en ég tók það þá til bragðs að hlaða steinum undir mig, og náði með því móti klórast upp í næsta gang“. „Ég veit þá ekki hvað á til bragðs að taka ef þetta gagnast ekki“.

Til bráðabirgða (orðtak) *Fyrsta kastid*; í skamman tíma; sem skyndiaðgerð. „Þessi lagfæring verður að duga til bráðabirgða; ég lít betur á þetta þegar við komum í land“.

Til dauðadags (orðtak) Til æviloka. „En 1797 eða 1798 hefur hann flust að Kollsvík og bjó þar til dauðadags, eða að heita má full 40 ár“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Til dauðs (orðtak) *Í hel*; til dauða. „Þú þarft að fara að gefa fénu meira; eða ætlarðu að svelta þær til dauðs“?

Til drýginda (orðtak) Sem viðbót; til aukningar. „Fiskslógið var áður gefið skepnum til drýginda öðru fóðri“.

Til dundurs (orðtak) Til að hafa ofanaf fyrir sér; til *dægrastyttingar*. „Ég gerði mé það til dundurs í óþurrkinum, að greiða línuflækju“.

Til dægrastyttingar (orðtak) Til að stytta daginn; til að hafa ofanaf fyrir sér; til að skemmta sér. „Oft kom það fyrir, þótt ekki væri err í mánuðinum, að menn tóku upp spil sér til“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

- Til efs** (orðtak) Í vafa. „Þetta voru nú engar hallir, héldu hvorki vindi né vatni, mér er til efs að nokkur nútímamaður trúi því hvernig aðbúnaður var hjá vermönnum í þá daga...“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Til eilífðarnóns** (orðtak) Að eilífu; endalaust. „Farðu nú að klára matinn þinn drengur; ætlarðu að vera hangandi yfir þessu til *eilífðarnóns*?“
- Til einhvers** (orðtak) Hafa tilgang. „Heldurðu að það sé til einhvers að fá fram í Vatnadal að fénu?“
- Til einskis** (orðtak) *Hefur enga þýðingu*; gagnslaust; tilgangslaust. „Þetta virtist allt vera til einskis“.
- Til fara** (orðtak) Um útgang/klæðnað manns; *til reika*. „Ósköp fannst mér hann illa til fara“. „Skepnur vel til fara“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1945).
- Til formlegheita / Uppá formlegheitin (að gera)** (orðtök) Til að allt sé löglegt að forminu til; svo fylgt sé réttum reglum. „Mér sýnist að allt fæð sé komið, en það er rétt að slá á þetta tölu til formlegheita“. „Munnlegur samningur dugir alveg milli okkar, en ætli við verðum ekki að setja eitthvað á blað, uppá formlegheitin að gera“.
- Til forna** (orðtak) Í fyrri tíð; fyrrum. „Innanvið Múlann er Hergerðargjá og var þar farið upp úr fjörunni til forna með hesta, líkt og í Flosagjá í Breiðuvík“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).
- Til forsvars** (orðtak) Í forsvari fyrir; forystumaður; formaður. „Maðurinn minn henti aldrei frímerki, en hann fékk mörg slík þar sem hann var lengi í forsvari fyrir sveitarfélagið og auk þess flest félagasamtök á svæðinu“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Til fóta** (orðtak) Við fötalag/fótagafl í rúmi. „Kettlingurinn svaf ofaná barninu og hundurinn til fóta“.
- Til fótanna** (orðtak) Á fótunum. „Ansi finnst mér þú illa *skæddur* til fótanna“.
- Til frambúðar** (orðtak) Um alla framtíð; framvegis. „Mér sýnist að þessi steinn geti verið þarna til frambúðar“.
- Til framdráttar** (orðtak) Til bjargráða/bóta/hagnaðar. „Það er honum varla til framdráttar í kosningunum að hafa þetta mál á bakinu“.
- Til frálags** (orðtak) Í slátrun; í matvæli. „Ég gæti trúað að þessi kálfur verði góður til frálags í haust“.
- Til frásagnar / Til sagna** (orðtak) Sem sagt geta/getur frá. „Hann var einn til frásagnar um þessa atburði“. „Um þetta verður litið fullyrt, þar sem ekki eru margir til sagna“.
- Til friðar heyrir** (orðtak) Heyrir undir; tekur til. „Það er best að ég sjái um að útkljá þessi mál; ég veit vel hvað til míns friðar heyrir“.
- Til friðs** (orðtak) Í friði/friðsemd; með góðu lagi. „Þessi óróaseggur er aldrei til friðs!“ „Ég festi hljóðkútinn og vona að hann verði til friðs á næstunni“.
- Til fulls** (orðtak) Að fullu/öllu leyti. „Ég hef aldrei skilið þetta til fulls“.
- Til fæðis og klæðis** (orðtak) Varðandi mat og fót. „Menn verja vanalega öllum *handbærum* fjármunum sínum í það að svala *ílönguninni* í þessi efni (áfengið) og ganga venjulega heldur alls annars á mis, bæði til fæðis og klæðis“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Til gagns og gamans** (orðtak) Til nytja en um leið skemmtunar. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess; þeim til heilsubótar en okkur til gagns og gamans...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Til góða** (orðtak) Til hagsbóta/góðs. „Það kemur honum til góða að vera í finu formi“. „Nú þyrfti fljótlega að fara að gera kofaræflinum eitthvað til góða“.
- Til hafður** (orðtak) Um útlit manneskju. „Hann er alltaf hreinn og vel til hafður á mannamótum, eins og hann getur verið tætingslegur og illa til hafður heima fyrir“.
- Til hafsins / Til sjóarins / Í sjóinn** (orðtak) Til hafs að sjá. „Hann er orðinn *eyddur til hafsins*; það gæti orðið þurrkur á morgun“. „Það er kominn *bakki til hafsins*; líklega fer þá að stytast í þurrkinum að sinni“. „Hann er ljótur til sjóarins. „Til hafsins var svartur þokubakki sem virtist færast hægt nær...“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum). Sjá einnig *í sjóinn*.
- Til halds og trausts** (orðtak) Til öryggis; til að veita stuðning/öryggi/öryggistilfinningu. „Hann hafði broddstaf, sér til halds og trausts, þegar hann fór um freðna hliðina“.
- Til handa** (orðtak) Til gjafa/eignar; í þágu. „Við sendum góðar kveðjur, honum til handa“.
- Til háborinnar skammar** (orðtak) Algerlega til skammar. „Það væri til háborinnar skammar ef lengi væri bátlaust í Kollsvíkinni og enginn nennti lengur að renna þar fyrir fisk“.
- Til háðungar** (orðtak) Í óvirðingarskyni. Honum til háðungar settu þeir bátinn öfugan upp á kambinn“.

- Til hálf** (orðtak) Að hálfu leyti; að/um miðju. „Hann náði að skrifa til hálf gegnum gatið, en þar sat hann fastur“.
- Til heimilis** (orðtak) Um heimilisfesti/búsetu. „Hann er hjá þeim til heimilis *um stundarsakir*“.
- Til helminga / Til hálf** (orðtak) Að hálfu; að tvennu jöfnu; að helmingi. „Við skiptum aflanum nokkurnvegin til helminga“. „Hann fyllti flöskuna til hálf“.
- Til hins (betra/verra/skárra/lakara o.fl)** (orðtök) Til þess. „Hann breytti aftur til hins betra þegar leið á föstuna“.
- Til hlés** (orðtak) Undan vindi; hlémegin; á hléborða (á skipi). „Skipverjar reyndu að kynda bál út um brúarglugga til hlés, en gekk það illa...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Til hlítar** (orðtak) Ofan í kjölinn; gjörla; vel. „Reynt var að hreinsa og hrista sandinn burt eftir föngum, en það tókst ekki nándar nærri til neinnar hlítar“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Til hnjóðs** (orðtak) Um ummæli/umsögn; sem meiðir/skaðar; til skaða. „Ég segi það ekki honum til hnjóðs heldur álitsauka, þegar ég kalla hann *sjóhund*“.
- Til hugarhægðar** (orðtak) Til að róa/ sætta við. „Hann gengur sér til hugarhægðar út á Bjargtanga“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Til húsa / Til heimilis** (orðtök) Í vist; dveljandi. „Ég var til húsa hjá þeim þennan vetur“.
- Til hvurs?** (orðtak) Til hvers; í hvaða tilgangi? „Til hvurs væri það“?
- Til hægðarauka** (orðtak) Til að auðvelda; til hagræðingar. „Til hægðarauka var ég með tvo tilbúna slóða og aukasökkur“.
- Til í** (orðtak) Tilbúinn að gera. „Ég er til í að koma með þér“.
- Til í dæminu** (orðtak) Hugsanlegt; mögulegt; gæti verið. „Ég sá hvergi kindurnar, en það er vel til í dæminu að þær hafi leynst í einhverri lautinni“. „Það er ekki til í dæminu að ég styðji svona fáránlega tillögu“!
- Til í tuskið** (orðtak) Tilbúinn í slagsmál/aðgerðir/verk. „Ég var strax til í tuskið þegar hann nefndi bjargferð“.
- Til jafnaðar** (orðtak) Að jafnaði/meðaltali; *holt og bolt*. „Þetta voru til jafnaðar um hundrað egg á mann“.
- Til jafns við** (orðtak) Eins hátt/langt/þungt/mikilvægt/gamalt og. Jafn mikið og. „Þetta er ágætis afli, þó hann sé lítil til jafns við *hlaðninginn* í gær“.
- Til lands og sjávar / Til sjávar og sveita** (orðtak) Á landi sem á sjó. Oft notað um tíðarfar. „Sumarið var einstaklega gott; jafnt til lands sem til sjávar“. „Hann var atorkumaður til lands og sjávar“.
- Til langframa** (orðtak) Til lengdar; til frambúðar. „Fjelagið (Baldur) náði yfir allan hreppinn nema Rauðasand, og voru kraftarnir því dreifðir; enda kom það fljótt á daginn að ógerningur var að halda fjelaginu saman til langframa“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Til lengdar** (orðtak) Um langan/lengri tíma; lengi. „Við látum féð inn ef veðrið verður svona til lengdar“.
- Til lista lagt** (orðtak) Hæfur í; vel fær í. „Honum er margt/ýmislegt til lista lagt“.
- Til lífs** (orðtak) Um búfé; *til öslu; til ásetnings*. „Ég ætla nú að taka þessa tvílembinga frá til lífs“.
- Til lítils** (orðtak) Hefur ekki mikinn tilgang. „Það er til lítils að reka út túninu ef girðingin er ekki lagfærð“.
- Til loftsins** (orðtak) Til lofts að sjá; útlits. „Mér finnst hann að verða ískyggilega dimmur til loftsins“.
- Til lýta** (orðtak) Til skaða; svo skemmi útlit. „Mér finnst þetta ör ekki mikið til lýta á honum“.
- Til lækninga** (orðtak) Í lækni meðferð. „Hann þurfti að fara suður til lækninga“.
- Til marks um** (orðtak) Vitnar um; sýnir; sem merki um. „Bóndi var kattþrifinn og nostursamur. Til marks um það er að hann sópaði alltaf grindurnar eftir að hann lét féð út til beitar“.
- Til matar** (orðtak) *Til átu*; sem matur; til matargerðar. „Rjúpa var aldrei höfð til matar í Kollsvík“.
- Til málamynda** (orðtak) Til að sýnast; uppá útlitið; *til siðasaka*. „Settu nú slaufuna á þig til málamynda“.
- Til með** (orðtak) Tilbúinn að gera; vís til að gera; til í. „Ertu til með að aðstoða mig við þetta“! Sjá *mega til með*.
- Til miðs** (orðtak) *Miðstil*; í/um miðju; til hálf. „Sagaðu þetta sundur, nokkurnvegin til miðs“.
- Til miðs við** (orðtak) Miðað við; í samjöfnuði við. „Þetta er bara lítið til miðs við það sem áður var“.
- Til mikilla/litilla muna** (orðtök) Mikið meira/minna. „Veðrið hefur lægt til mikilla muna“.
- Til minnkunar** (orðtak) Sem skerðir mannlega reisn/virðingu. „Þetta framferði þótti verða honum heldur til minnkunar“. „Það er engum til minnkunar að hætta við róður þegar útlitið versnar“. Sjá *gera til minnkunar*.

- Til moldar borinn** (orðtak) Borinn til greftunar; jarðaður. „Í dag er til moldar borin mikil heiðurskona“.
- Til moldar hniginn** (orðtak) Dáinn; sálaður; burtkvaddur. „Þá er sá kappi til moldar hniginn“.
- Til móts við** (orðtak) A. Gegn; gegnt; andspænis; í áttina til. „Ég gekk til móts við aðkomumanninn“. B. Jafn mikið/stórt og. „Ég fyllti flöskuna aftur; til móts við það sem áður var í henni“.
- Til (mikilla) muna** (orðtak) Sem munar um; verulega. „Kálgarð byrjaði fjelagið (Vestri) að byggja 1925, og hefir verið sáð í hann og fengist uppskera til muna...“ (VÖe; Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi). „Eins og skýrslan ber með sér vantar suma til muna fóður, og munu þeir reyna að *bæta* það *upp* með aðkeyptu fóðri“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Til munns og handa** (orðtak) Um hæfileika; í tali og handlagni. „Sigríður á Láganúpi var hög bæði til munns og handa. Um það vitna hennar mörgu listaverk og það sem eftir liggur af rituðu máli, þó öllu sé það minna“.
- Til og frá** (orðtak) Út og suður; í allar áttir; til hliðanna. „Þarna voru, til og frá um fjöruna, innviðir úr skipi sem auðsjánlega hafði liðast í sundur“ (MG; Látrabjarg).
- Til orðs og æðis / Til munns og handa** (orðtak) Í framkomu og tali; á allan hátt; í hvívetna; með ráðum og dáð. „Hann hefur unnið af heilindum að hag félagsins; bæði til orðs og æðis“. „Hann er einn vandaðasti maður sem ég hef kynnst; jafnt til munns og handa“.
- Til óblandinnar ánægju** (orðtak) Til mikillar ánægju/gleði.
- Til óbóta** (orðtak) Til skaða; svo meiðsli hljótist af. „Þeir hótuðu að *berja* hann *til óbóta* ef hann hætti ekki þessu leiðinda söngli“.
- Til ófagnaðar** (orðtak) Til leiðinda; til vandræða. „Ég held að það yrði bara til ófagnaðar ef ég færi að blanda mér í þeirra deilur“.
- Til ópurftar** (orðtak) Til óþæginda/skaða; í óþarfa. „Vertu nú ekki að eyða þessum peningum til ópurftar“!
- Til prufu** (orðtak) Til reynslu; til að prófa. „Ég fékk mér smávegis í skeiðina, til prufu, en fannst það vont“.
- Til ráða** (orðtak) *Til bragðs/úrræða*. „Við ræddum hvað helst væri til ráða í þessari stöðu“. „Nú er ekki gott að segja hvað sé til ráða“.
- Til reiðu / Til taks** (orðtak) Tilbúinn; í boði; reiðubúinn; í hendi. „Ég taldi vissara að hafa allt til reiðu ef *kallað* yrði *til skips*“. „Ég hafði gogginn til taks þegar lúðan nálgadist borðstokkinn“.
- Til reika** (orðtak) Útleikinn; *til fara*; útlítandi. „Hann var illa til reika þegar hann komst loks til mannabyggða“.
- Til reynt** (orðtak) Reynt við; gerð tilraun til; reynt. „Flokkurinn náði ekki manni inn þó mikið væri til reynt“. „Við náðum lambinu ekki, enda var nú ekki mikið til þess reynt. Það virtist hafa það ágætt þarna“.
- Til réttlætningar (einhverju)** (orðtak) Til að gerð sýnist réttlætanager. „... upphófust nú háværar samræður. Í lok þeirra sagði Gummi; svona til réttlætningar því hann varð undir í þetta skiptið: „Hefði ég vitað að lambið hafði gengið á Stígnum, þá hefði ég hugsað mig betur um““ (PG; Veðmálið).
- Til sama lands** (orðtak) Til baka; aftur á sinn stað. „Ég var ekki fyrir búinn að reka þessar túnrollur út í Breiðavík en þær voru komnar aftur til sama lands“!
- Til samans** (orðtak) Samanlagt; alls. „Ég bætti við þetta söluskatti, og til samans gerði það þúsund krónur“.
- Til samlætis** (orðtak) Til að veita félagsskap. „Sestu nú niður og fáðu þér kaffibolla, mér til samlætis“.
- Til sannindamerkis** (orðtak) Til að sanna sitt mál. „Hann fullyrti að lúðan hafi verið risavaxin. og til sannindamerkis sýndi hann þeim upprétan öngulinn“.
- Til sáluhjálpar / Til siðbótar og sáluhjálpar** (orðtak) Til yfirbótar fyrir syndir; til að forða frá helvítisvist; til að bjarga sálu sinni. Oftast þó notað í seinni tíð án mikillar trúarsannfæringar. „Ég gerði þetta nú ekki af neinni nauðsyn; heldur kannski meira mér til siðbótar og sáluhjálpar“.
- Til siðasaka** (orðtak) Til að sýnast; til að sýna háttvísi. „Til siðasaka þáði ég hjá þeim kaffisopa“. Oftast orðað þannig, en einnig stundum „*Fyrir siðasakir*...“
- Til siðs** (orðtak) Venja; siður. „Áður fyrr var það til siðs að þögn væri á heimilinu meðan hlýtt var á jólamessu“.
- Til sinnis** (orðtak) Að skapi. „Mér er það ekki vel til sinnis að jörðin vari í eyði“.
- Til sjóarins** (orðtak) Til sjávar/hafs að líta; í sjólaginu. „Hann virðist eitthvað vera að lina þetta til sjóarins“. „Mér þykir hann frekar dimmur til sjóarins“.
- Til sjós** (orðtak) Á sjó; sjómaður. „Á Bíldudal þekkti ég marga sjómenn því þaðan fór ég til sjós í fyrsta sinni...“. Frásögn Jóns Guðjónssonar (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Til sjós og lands** (orðtak) Bæði á sjó og landi. „Allan síðasta mánuð hefur verið einstök blíða til sjós og lands“.

- Til skaða / Til skemmda / Til tjóns** (orðtök) Svo mikið að skaði/skemmdir/tjón hljótist af. „Ég þigg að fá hjá þér í soðið; ef það er ekki þér til skaða“. „Heyið hafði myglað til skemmda í gryfjuhorninu“. „Svona vinnulag leiðir ekki til nema annars en tjóns“! „Í Skolladýi skepna dó/ til skaða oft á vorin./ Um Mýrar Holt og Harðató/ heilmörg liggja sporin“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Til (háborinnar) skammar** (orðtak) Niðurlægjandi; til vansæmdar. „Alveg finnst mér það til háborinnar skammar hvernig stjórnvöld svíkja ellilífeyrisþegana“! „Svona tal er honum til háborinnar skammar“!
- Til skamms tíma** (orðtak) Þar til nýlega; *nýverið*. „Til skamms tíma var þessi byggð sjálfri sér næg um flest“.
- Til skila haldið** (orðtak) *Haldið til skila*; gerð grein fyrir; tekið með í reikninginn/uppgjörið. „Hann átti stóran þátt í þessu ásamt mér; svo því sé nú til skila haldið“.
- Til skilningsauka** (orðtak) Til að auka skilning; til skýringar.
- Til skiptis** (orðtak) Á víxl; sitt á hvað. „Við drógum spil til skiptis úr stokknum“.
- Til skrafs og ráðagerða** (orðtak) Til að ræða málin; til að hafa samráð. „Hreppsnefndin var kölluð saman til skrafs og ráðagerða um málið“. „Ég þyrfti að hitta þig til skrafs og ráðagerða“.
- Til sóma** (orðtak) Til virðingar/vegsauka. „Frágangurinn er allur til mikils sóma“.
- Til spari** (orðtak) Um það sem notað er á tyllidögum/ notað sjaldan. „Þetta bollastell höfum við bara til spari“.
- Til staðar** (orðtak) Fyrir hendi; til reiðu; nærtækur. „Þarna er nægt drykkjarvatn til staðar“.
- Til stórræða** (orðtak) Til mikils gagns; mikilvægur; fær um stórvirki. „Ég get svosem komið með ykkur, en ég er *hræddur um* að ég sé ekki til stórræðanna í klettum“.
- Til svona** (orðtak) *Sisona; tisona; tilsvona*; þannig; svona. Þessi orð/hikorð voru notuð nokkuð jöfnum höndum; mismunandi hvers þeirra var gripið til. „Það er nú til svona; við þessu máttirðu búast“.
- Til sýnis** (orðtak) Fyrir aðra/fólk að sjá; sýnilegt. „Það er nú varla hægt að hafa þetta til sýnis“.
- Til taks** (orðtak) Tiltækur; tilbúinn. „Hann tók af sér vettlingana og *blés í kaun*, en hafði byssuna hlaðna til taks í byrgishorninu“.
- Til tilbreytingar** (orðtak) Til nýbreytni; til að bregða út af vananum. „Við höfum þetta þannig til tilbreytingar“.
- Til trafala / Til stórtrafala** (orðtak) Til að tefja för. „Ekki eru vatnsföll til trafala um þessar slóðir frekar en á öðrum leiðum um Rauðasandshrepp“ (MG; Látrabjarg). Orðið trafali er stofnskyld orðunum „truflun“, „traf“ og „trefill“; þ.e. vísar til þess að eitthvað druslist; flækist fyrir. Hugsanlegt er að trafali hafi einhverntíma verið heiti á hafti sem fætur dýra eru bundnir með, til að geta hæglega náð þeim.
- Til (stórra) vandræða** (orðtak) Veldur miklum vandræðum. „Sandurinn getur orðið til stórra vandræða“.
- Til vara** (orðtak) Aukalega ef annað bilar/ er ekki tiltækt.
- Til veru** (orðtak) Til að vera/búa til frambúðar. „Ég er ekki kominn til veru að þessu sinni; stoppa bara stutt“.
- Til viðbótar/tilbótar** (orðtak) Í viðbót; *í ofanálag*. „Svo fékk ég nýja húfu til tilbótar“.
- Til vinnandi** (orðtak) Þess virði; vert. „Ég held að það sé alveg til vinnandi að reyna þetta“.
- Til vitnis um** (orðtak) Sem vottur um; sem vottar/sýnir. „Hann er til vitnis um mína frásögn“.
- Til vonar og vara** (orðtak) Til öryggis; í öryggisskyni/varúðarskyni. „Ég hafði margsinnis farið þessa leið *bandlaus*, en hafði núna *lásband* til vonar og vara þar sem *blautt* var *í rót* í sinunni“.
- Til þessa** (orðtak) Hingaðtil; til þessa dags/tíma. „Þetta hefur dugað til þessa; hvað sem svo verður“.
- Til þess að gera** (orðtak) *Svo að segja; hér um bil*; nærri því; sama sem. „Vatnstunnan er, til þess að gera, tóm“. „Vegurinn er alveg auður yfir Hálsinn, eða til þess að gera; bara örfáar *driftir*“.
- Til þess er leikurinn gerður** (orðtak) Sá er tilgangurinn; til þess er ætlast. „Ferðamenn hafa streymt í Kollsvík í allmiklum mæli eftir að þar voru gerðir göngustígar; sett upp upplýsingaskilti og vefsíða, enda var leikurinn til þess gerður að kynna þennan merkisstað“. Vísar til þess markmiðs að sigrá í keppni/leikum.
- Til þess eru vandamál að leysa þau** (orðatiltæki) Gjarnan viðhaft af Kollsvíkingum og öðrum sem láta vandamál og uppákomur ógjarnan hindra sig heldur vinna að lausn þeirra.
- Til þess eru vítin að varast þau** (orðatiltæki) Speki um mikilvægi þess að forðast hætturnar; oft notað þegar óhapp/ólán hefur orðið eða gæti augljóslega orðið. Daglegt líf fólks fyrir á öldum sneri annarsvegar að lífsbjörginni, en ekki síður að því að varast eilífar kvalir í helvíti eftir dauðann. Fyrir því var rekinn öflugur áróður af kirkjuvaldi og prestum, auk þess sem trúin var innbyggð í alla lagasetningu. Helvítin eru mörg, í sumum kenningum kristni og annarra trúarbragða. Sjá *víti að varast*.

- Til þess tekið** (orðtak) Tekið eftir því; vakti athygli. „Hann var mikið snyrtimenni, og var til þess tekið af ferðafólki hvað þar var staðarlegt heim að líta“.
- Til þess var leikurinn gerður / Til þess voru refirnir skornir** (orðatiltæki) Það var nú ætlunin; einmitt. „Til þess voru nú refirnir skornir; ég var nú ekki að baka pönnukökurnar til að henda þeim“.
- Til þessa** (orðtak) *Hingaðtil*; þar til nú; fram á þennan tíma; til þessa dags. „Mér þykir heldur týra ef hann er búinn að taka hrúta núna; hann hefur ekki tekið þá á réttum tíma til þessa“!
- Til þrautar** (orðtak) Til loka; þar til úrslit liggja fyrir. „Við verðum að *berjast til þrautar* í þessu máli“. „Ég er búinn að *reyna* þetta *til þrautar*“. Sjá *þraut*.
- Til þrifa** (orðtak) Til velgengni/árangurs. „Þessi ákvörðun varð honum til lítilla þrifa“. Þrif merkir góð hold/vænleika á skepnu. Góð fóðrun er því til þrifa.
- Til öslu** (orðtak) Til lífs; til ásetnings. „Ég hafði hugsað mér að taka þennan hrút til öslu“.
- Tila** (n, kvk) Flík; fatnaður. Lítið notað í seinni tíð. (Orðabók IG) „Farðu nú og taktu saman tilurnar þínar“.
- Tilbeiðsla** (n, kvk) Bæn; trúartignun. „Það var enginn tími til tilbeiðslu eða skelfingar; þarna varð að taka ákvarðanir á svipstundu ef ekki átti illa að fara“.
- Tilberi** (n, kk) Snakkur; þjóðsagnakvikindi sem sagt var að kunnáttumenn gætu skapað sér úr mannsrifi, í þeim tilgangi að ná nyt úr búpeningi nágrannanna og drýgja með því sínar birgðir. Eins og aðrar afurðir galdramanna var þetta vandmeðfarið kvikindi, og þurfti eigandinn t.d. að geyma það á beru brjósti sínu. Þegar hann fór til altaris spýtti hann þremur gúlsopum í kvikindið, sem þá lifnaði við. Þá var hægt að senda hann í leiðangur til að smjúga undir kýr eða kvíæer grannans, en afurðunum spýtti hann í strokk eigandans. Tilberasmjör var auðþekkt ef gert var yfir því krossmark, því þá hrökk það í sundur. Konur sem héldu tilbera áttu að láta hann sjúga blóð úr innanverðu læri sínu. Ekki fer sögum af tilberum í Kollsvík, né heldur af nágrannaerjum sem skýra hefði þurft með slíkum lygasögum.
- Tilbiðja** (s) Tigna; trúa á; snúa bænum sínum til. „Þeir mega þá vel við una, sem tilbiðja þann flokk“.
- Tilbót** (n, kvk) Viðbót; ábót. „Hundurinn hafði dregið fuglshræið heim á hlað, og migið yfir það í tilbót“. „Við fengum nokkra ágæta fiska, og eitt lúðulok til tilbótar“.
- Tilbreyting** (n, kvk) Umskipti; nýbreytni; *útafbreytni*. „Það verður tilbreyting að bragða svona veislumat“. Sjá einnig *tilbreytingar*.
- Tilbreytingalaust / Tilbreytingarsnautt** (l) Án tilbreytinga; *með sama móti*. „Þessi ördeyða fer nú að verða hálf tilbreytingalaust“! „Lífið í Kollsvík var aldrei tilbreytingarsnautt. Alltaf var eitthvað nýtt að gerast“.
- Tilbrigði** (n, hk) Afbriegði; frávik; *útafbreytni*; tilbreyting. „Hann sagði söguna aldrei á sama hátt, heldur var sitt tilbrigðið á henni í hvert sinn“.
- Tilburðir** (n, kk, fto) A. Aðgerðir; athafnir. „Hann hafði ekki uppi neina tilburði til að hindra þetta“. B. Atburðarás; orsakir. „Enginn veit ennþá með hvaða tilburðum þetta varð“.
- Tilbúinn** (l) Reiðubúinn; klár/til í; *ekkert að vanbúnaði*. „Ég er tilbúinn að standa við það sem ég sagði áðan, en hafi ég rétt fyrir mér fæ ég skrokkinn af þínu lambi“... „Þegar því lauk stóð Bjarni í Hænuvík með reisluna; tilbúinn að vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).
- Tilbúningur** (n, kk) Uppspuni; ósatt. „Það er engin kind í sveltinu núna. Annaðhvort er hún hröpuð eða að þetta hefur verið einhver tilbúningur hjá sjómönnunum“.
- Tilbærilegt** (l) Viðeigandi; tilhlítandi. „Prestur hóf síðan skírmina, með tilbærilegum *serimóníum*, en sumum fannst *kómiskt* að sjá í *óhrjálegar vinnubomsur* standa undan hempunni og að *olíublautt* sárabindið skildi eftir sig *brák* í *skírnarfontinum*“.
- Tildra** (s) Hrófa/setja á óvandaðan hátt eða tæpt. „Það þýðir ekki að tildra skálinni þarna upp; þú verður að ganga mikið betur frá henni“!
- Tildra sér** (orðtak) Þríla; klifra tæpt. „Mér er illa við að horfa á aðra tildra sér í klettum, jafnvel þó mér finnst ekkert að því að fara um sömu leiðir sjálfur“.
- Tildra upp** (orðtak) *Hrófa upp*; bygga lauslega/illa upp. „Þarna hafði hann tildrað upp kofaskrifli“.
- Tildráttarband** (n, hk) Tildráttartaug; taug sem notuð er t.d. til að draga eggjakúta milli ganga; við sjóbjörgun með fluglínutækjum eða við að draga fiskseilar á land.
- Tildráttur** (n, kk) Það sem dregst til. „Þegar net er sett inn í bekk er meiri hætta á að tildráttur verði á teinum; þ.e. að netahnútarnir dragist til á teininum þegar t.d. festist í botni eða net fyllist af skít“
- Tildregið** (l) Það sem dregist hefur til. „Hér þarf að laga; hér er netið tildregið á teininum“.
- Tildrög** (n, hk, fto) Aðdragandi; forspil; orsök. „Ekki veit ég hver voru tildrög þessarar deilu“.

Tildur (n, hk) A. Þrjál; þrjálsemi; glingur. „Þetta þykir mér bara óþarfa tildur“. B. Að fara ógætilega í klettum; tildra sér. „Vertu nú ekki að tildrast þetta fyrir örfá egg“! C. Óvönduð smíð; *hrófatildur*.

Tildurdrós / Tildurrófa (n, kvk) Kvenmaður sem að einhvers álitni viðhefur tildur/ leggur mikla áherslu á tískufatnað, málun og skartgripi.

Tilefni (n, hk) Ástæða. „Einhverntíma hefur verið fagnað af minna tilefni“. „Ég sé ekkert tilefni til slíks“. „Var slíkt okkur krökkunum kærkomið tilefni til að hitta jafnaldra okkar á næstu bæjum“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).

Tileinka (einhverjum eitthvað) (s) Semja/birta eitthvað til virðingar einhverjum; eigna einhverjum eitthvað.

Tileyg(ð)ur (l) A. Rangeygur; með vanstillingu augna, þannig að augnaráð vísar saman. B. Um það að *renna hýru auga til* einhvers.

Tilfallandi (l) Það sem fellur til/gefst. „Hann vann ýmis tilfallandi störf þar á bænum“.

Tilfelli (n, hk) Tilvik; uppákoma; staða. „Þetta er alveg sérstakt tilfelli“. „Það kom upp eitt tilfelli af riðuveiki“ „Ég færi ekki af stað í svona veðri nema í því tilfelli að um neyð væri að ræða“.

Tilferð (n, kvk) Undirbúningur; bígerð; aðdragandi. „Ég er enga stund með þetta verk; þetta er lítið annað en tilferðin“. „Ertu ekki í *tilferð með* að hafa þig til í ferðalagið“? Notað enn af Kollsvíkingum.

Tilfinnanlega (ao) Verulega; átakanlega. „Það varð sem betur fer ekki tilfinnanlega mikið tjón í þessu veðri“.

Tilfinnanlegur (l) Sem bagar/ finnst fyrir. „Það fer að verða tilfinnanlegur skortur á klósettappír“. „Sem skýrslan sýnir er búpeningur vel til fara og fóðurvöntun hvergi tilfinnanleg...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).

Tilfinning (n, kvk) A. Skynjun; sársauki. „Ég er aðeins að byrja að fá tilfinningu í fingurgómana; en skrambi var mér orðið kalt“! B. Hugboð. *Hafa á tilfinningunni*.

Tilfinningalaus (l) Án tilfinninga; dofinn.

Tilfinningamál (n, hk) Málefni sem maður tekur nærri sér/ sem manni er ekki sama um; *hjärtans mál*.

Tilforna (ao) Að fornu; í fyrri tíð. „Heimabændur (í Láganúpsveri) hafa tilforna goldið fyrir sig og sín hjú hálfan toll, en fyrir 2 árum hefur landsdrottinn þennan toll aftekið, so nú gjalda heimabændur ekkert í því nafni“ (ÁM/PV Jarðabók).

Tilfæra (s) *Tilgreina*; nefna til. „Hann verður að tilfæra einhver rök; máli sínu til stuðnings“.

Tilfæringar (n, kvk, fto) Fyrirhöfn; stímabrak; amstur. „Það kostaði miklar tilfæringar að koma katlinum út“.

Tilgangslaust (l) Án tilgangs/þýðingar. „Það er tilgangslaust að reyna þetta“.

Tilgangsleysi (n, hk) Gagnsleysi; þýðingarleysi. „Ekki veit ég hvað þeir eru að ana þetta í algjöru tilgangsleysi“!

Tilgangslítið (l) Gagnslítið; þýðingarlítið. „Það er tilgangslítið að smala fénu ef þið missið það við réttina“!

Tilgangur (n, kk) Þýðing; innihald; markmið. „Þetta var nú í góðum tilgangi gert“.

Tilgangurinn helgar meðalið (orðatiltæki) Niðurstaðan/ætlunin réttlætir aðferðina. Kenning sem stundum er notuð til réttlætningar á ruddaskap en þekkest víða. T.d. í latínu; „*exitus acta probat*“.

Tilgáta (n, kvk) Kenning; hugmynd/lausn sem sett er fram; ágiskun. „Þetta er mín tilgáta, en ég veit ekki fremur en aðrir hvort hún stenst“.

Tilgerð (n, kvk) Uppgerð; tilhald; sýndarmennska. „Mér leiðist allt svona tildur og tilgerð að ástæðulausu“.

Tilgerðarhlátur (n, kk) Uppgerðarhlátur; hlátur sem ekki er einlægur, heldur ýktur á einhvern hátt.

Tilgerðarlaus (l) Laus við sýndarmennsku/uppperð/leikaraskap. „Mér fannst hann ósköp tilgerðarlaus og *blátt áfram*“.

Tilgerðarlegur (l) Með yfirborðsleg latalæti; með *tilgerð*. „Óttalega finnst mér hún tilgerðarleg“.

Tilgetið (l) Um getið; nefnt. „Þess er hvergi tilgetið í leiðarvísunum að þetta þoli ekki að blotna“. „Þetta var rétt tilgetið hjá honum; kindurnar vour þarna“.

Tilgreina (s) Nefna; benda á; *tilfæra*. „Ég tilgreindi þetta ekki sérstaklega í upptalningunni“.

Tilgreindur (l) Sem nefndur er/ bent er á; tilfærður.

Tilhafður (l) Undirbúinn; útbúinn; gerður. „Reyndu nú að vera sæmilega tilhafður þegar þú ferð á ballið“.

Tilhald (n, hk) Undirbúningur; það að *halda uppá/ halda til*. „Það er óþarfi að vera með neitt tilhald þó maður líti við“.

Tilhaldssemi (l) Um það að vera áberandi finn til fara. „Þetta þykir mér tilhaldssemi svona á virkum degi“.

Tilheyra (s) Eiga við; vera viðeigandi/hæfandi. „Mér finnst tilheyra að draga fána að hún á þessum degi“. „Féð var rekið inn í réttina með tilheyrandi fyrirgangi og óhljóðum“.

Tilheyrandi (n, kk) Áheyrandi; sá sem heyrir það sem sagt er. „Hann hvatti alla tilheyrendur til að kjósa rétt“.

Tilheyrandi (l) Viðkomandi; sem snertir/tilheyrir. „Steinninn kastaðist niður hliðina með tilheyrandi dynkjum og moldarmekki“.

Tilhlakk (n, hk) Tilhlökkun; *tilhlökkunarefni*; eftirsóknarvert. „Það er lítið tilhlakk að ná fé úr þessu svelt“.

Tilhlaup (n, hk) Atrenna. „Ég tók tilhlaup og stökk yfir skurðinn“.

Tilhleyping (n, kvk) Það að *fara með hrút*; fang; láta kind fá. „Það er betra að klára tilhleypingarnar áður en farið er að leysa heyið, til að ekki komi órói í féð“. Ekki var talað um „tilhleypingatíma“ heldur „*fengitíma*“.

Tilhliðrun / Tilhliðrunarsemi (orðtak) Það að hliðra/víkja til; aðlögun. „Með tilhliðrun var unnt að koma honum að við borðið“. „Þetta kostaði bara smá *lempni* og tilhliðrunarsemi“.

Tilhlutun (n, kvk) Atbeini; afskipti; íhlutun. „Að tilhlutan formannsins var þessum lið bætt við tillöguna“.

Tilhlyða (s) Vera viðeigandi; hæfa. „Mér fannst tilhlyða að minnast hans við þetta tækifæri“.

Tilhlyðilega (ao) Á fullnægjandi/viðeigandi hátt. „Hann leit eftir að þetta væri tilhlyðilega gert“.

Tilhlyðandi / Tilhlyðilegur (l) Viðeigandi; sæmandi. „Hann stóð upp frá borðinu með tilhlyðilegum ropum og viðrekstrum“. „Allt var þetta gert með tilhlyðandi serimóníum“.

Tilhlökkun (n, kvk) Eftirvænting; óþreypja; *tilhlakk*. „Einhver mesta tilhlökkunin var að undirbúa jólatrésskemmtunina, sem Ungmennafélagið Vestri sá um fyrir börn úr Kollsvíkinni“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Tilhlökkunarefni (n, hk) Ástæða til eftirvæntingar. „Að síðustu langar mig að minnast á leitarnar. Þó þær væru hvorki langar eða erfiðar heima, voru þær eitt mesta tilhlökkunarefni bæði barna og fullorðinna“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Ekki verður það neitt tilhlökkunarefni að draga strengina hér frammi eftir þennan garð“.

Tilhlökkunarsvipur (n, kk) Svipur/bragur sem lýsir eftirvæntingu/tilhlökkun. „Við strákarnir horfðum á pakkahrúguna í horninu með tilhlökkunarsvip“.

Tilhugsun (n, kvk) Hugsun; hugmynd. „Ég fæ hroll, bara af tilhugsuninni einni saman“! „Það er erfitt að sætta sig við þá tilhugsun að Kollsvíkin verði í eyði til langframa, enda er það næsta ólíklegt“.

Tilhneiging (n, kvk) Hvati/vani/löngun til að gera. „Ég hef tilhneygingu til að halda að þetta gæti verið rétt“.

Tilhugalíf (n, hk) Tímabil þegar þar er í ástarhugleiðingum; aðdragandi giftingar/sambúðar; trúlofun.

Tilhugsun (n, kvk) Ímyndun; hugsun; það að *setja sér fyrir sjónir*. „Ekki líkar mér sú tilhugsun að íhaldið fái landbúnaðarráðuneytið“.

Tilhæfa (n, kvk) Sannindi; sannleikskorn. „Það er engin tilhæfa í þessu slúðri“!

Tilhæfulaust (l) Ósatt; uppspuni. „Þetta er tilhæfulaust *með öllu*“!

Tilhæfulítið (l) Lítil sannindi í; hefur við lítið að styðjast. „Ég held að þetta sé fremur tilhæfulítið“.

Tilhöggvinn (l) Sem búíð er að laga til með t.d. öxi. „Sperrufóturinn var tilhöggvinn svo hann félli í grópina“.

Tilhögun (n, kvk) Fyrirkomulag. „Við ákveðum nánari tilhögun þegar á staðinn er komið“.

Tiljafna (s) Bera saman; gera jafnt. „Ég tiljafna því ekki, hvað þetta kaffi er miklu betra en hitt skólpið“!

Tiljafnað (l) Gert jafnt öðru. „Þessu tvennu verður ekki tiljafnað“. Sjá *langt tiljafnað*.

Tilkall (n, hk) Krafa; heimting. Sjá *gera tilkall til*.

Tilkalla (s) Fá/kalla til; sækja. „Nú má tilkalla réttarstjóra; að skera úr um markið“.

Tilkallaður (l) Hafa löngun/köllun til. Einkum í orðtakinu *marginir eru tilkallaðir en fáir útvaldir*.

Tilkenni (n, kvk) A. Tilfinning; aðkenning (almennt). „Mér finnst ég vera að fá einhverjar tilkenningar að þessari árans pest“. B. Sjóveikitalfinning. „Ertu með einhverja tilkenningu“?

Tilkenni (l) Laus við tilfinningu/aðkenningu/sjóveiki/ógleði. „Ég er alveg tilkenni

Tilkeyra (s) Nota vél undir litlu álagi meðan hún er ný. „Hann er enn að tilkeyra nýju vélina í bátnum“.

Tilkippilegur (l) Tilbúinn/reiðubúinn til; til í. „Værir þú ekki tilkippilegur að hjálpa mér örlítið við þetta“.

Tilknúinn (l) Neyddur; skyldugur. „Hann fann sig tilknúinn að gera við þetta athugasemdir“.

Tilkoma (n, kvk) Koma; aðkoma; birting. „Hér er eiginlega þörf á tilkomu fagmanns“.

Tilkomin (l) Orðinn; til stofnaður. „Þessi *aurspýja* er nýlega tilkomin á þessum stað“.

Tilkomulaus / Tilkkomulítill (l) Ekki áhrifamikill/áberandi. „Heldur þótti mér borgin tilkomulítill staður“.

Tilkomumikill (l) Tignarlegur; mikilfenglegur; aðdáunarverður. „Tilkomumikið er að sitja uppi í hlíðinni ofan Helluvogs í miklu vestanbrimi og hlusta á gnýinn og finna titringinn er brimaldan skellur inn í hellinn og myndar þar lofttappa sem sprengir báruna til baka á móti þeirri næstu“ (HÖ; Fjaran).

Tilkosta (s) Eyða; kosta til. „Ég ætla ekki að tilkosta miklu í svona ónýti“.

Tilkostnaður (n, kk) Kostnaður; fé sem lagt er í eitthvað.

Tilkynna (s) Upplýsa; láta vita af. „Hann hefur ekki tilkynnt mér um þetta“.

Tillag / Tillegg (n, hk) Framlag; árgjald; greiðsla. „Enn vantar nokkur tillög til félagsins á þessu ári“.

Tillaga (n, kvk) Uppástunga; ráðgjöf.

Tilleiðanlegur / Tilkippilegur (l) Til í; fánlegur/viljugur til; fellst á. „Hann sagðist ekki geta komið með í ferðina, en að kannski yrði hann tilleiðanlegur með að lána okkur bílinn“. „Vittu nú hvort hann sé tilleiðanlegur að hjálpa þér við þetta“.

Tillit (n, hk) Augnaráð. „Ekki leist mér vel á tillitið sem ég fékk hjá honum“.

Tillitslaus (l) Skeytingarlaus; tekur ekki mið af óskum/þörfum annarra. „Skelfilega er hann tillitslaus“.

Tillitsleysi (n, hk) Það að vera tillitslaus/skeytingarlaus um aðra. „Þetta er helsti mikið tillitsleysi“.

Tillitssamur (l) Nærgætinn; skilningsríkur.

Tillíka (ao) Jafn; til jafns; álíka; viðlíka; sama. Sjá *láta sér vel tillíka*.

Tillögugóður (l) Leggur gott til mála; kemur með góðar /skynsamlegar tillögur. „Hann er oft tillögugóður“.

Tilmæli (n, hk, fto) Beiðni; það sem mælt er til/ beiðið er um. „Þetta voru hans eindregnu tilmæli“.

Tilnefna (s) Velja; nefna til; útnefna. „Hann er tilnefndur í stjórn að hálfu deildarinnar“. „Hreppsnefndin varð vel við og tilnefndi yfirskoðunarmenn Ívar Halldórsson og Magnús Sveinsson“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Tilneyddur (l) Þvingaður; neyddur. „Ég geri þetta ekki nema tilneyddur“.

Tilpassandi / Til passandi (l/ orðtak) Hæfilegt; sem fellur/passar við. „Ég fann bolta og tilpassandi ró“.
„Úlpan var dálítið skítun, en hún var líka til passandi við gauðrifnar buxurnar“.

Tilraun (n, kvk) A. Það sem prófað/reynt er. „Ég gerði tilraun til að útskýra þetta fyrir honum“. B. Prófun. Strax í fyrstu tilraun varð ljóst að hverfillinn virkaði ágætlega“.

Tilreiddur (l) Framreiddur; tilhafður. „Ansi ertu nú illa tilreiddur í tauinu drengur“!

Tilreykja (s) Um reykjarpípu; reykja í nokkur skipti, þar til horfinn er mesti keimurinn af smíðaefninu.

Tilreynt (l) Reynt; prófað. „Ég veit ekki hvort þetta gagnast; það er ekki mikið tilreynt ennþá“.

Tilræði (n, hk) Alvarleg/lúaleg árás; árás úr launsátri.

Tilsegja (s) Leiðbeina; kenna. „Ég hef verið að tilsegja þeim aðeins í eðlisfræðinni“.

Tilsetja (s) Gera að skilyrði; gera kröfu um. „Ég greiði auðvitað það sem þú tilsetur fyrir þetta“.

Tilsettur (l) Tilgreindur; tiltekinn. „Gekk ferðin að óskum og vorum við mætt á tilsettum tíma í skólann“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Tilsíðst (ao) Að lokum; á endanum. „Tilsíðst tókst okkur að ná öllu fénu í hús“.

Tilsjón (n, kvk) Möguleiki; von; greining. „Það er ekki nokkur tilsjón að leggja uppað hleininni núna“! Þessi notkun orðsins virðist vera staðbundin vestra; dæmi orðabókar merkja „eftirlit“ eða „umsjón“.

Tilskipa (s) Gefa fyrirsmæli; ákveða.

Tilskipun (n, kvk) Fyrirskipun; reglugerð; ákvörðun yfirvalds.

Tilskorinn (l) Skorinn út/til; klipptur út.

Tilskrif (n, hk, fto) Bréf sem ætlað er einhverjum; sendibréf; nóta. „Hér varstu að fá tilskrif“.

Tilskrif (n, hk, fto) Sendibréf; ritaður miði sem ætlaður er öðrum til lesturs; tölvubréf. „Ekki veit ég hvort hann verður hrifinn af þessum tilskrifum, en ég segi nú bara mína meiningu hreint út“!

Tilslökun (n, kvk) Eftirgjöf; linun. „Hann fékk enga tilslökun á þessum erfðu skilmálum“.

Tilsníðinn (l) Passandi; hæfilegur; tilbúinn. „Þessi plata er alveg eins og tilsníðin til að loka gatinu“.

Tilspara (s) Spara; knífa; sýna aðhald. „Ekkert var tilsparað í íburðinum“.

Tilsvona / Tisona (ao) Þannig; svo. „Það er nú tisona með hann; þetta er ekkert nema sérviskan“! Notkun á þessum orðum var mismunandi milli manna og/eða milli tilefna hjá sömu manneskju. Meðfram voru notuð *sisona* og *til svona*.

Tilstand / Tilstáelsi (n, hk) Uppákoma; hátíð; nýbreytni; fyrirhöfn. „Ég verð ekki með neitt tilstand á afmælisdaginn“. „Það verður víst eitthvað tilstáelsi í tilefni af þessu“.

Tilstilli / Tilstuðlan (n, hk) Atbeini. „Það var ekki síst fyrir hans tilstilli að málið náðist í höfn“.

Tilstyrkur (n, kk) Styrkur; stuðningur. „Með tilstyrk þeirra tókst mér að standa við greiðsluna“.

Tilsvör (n, hk) Andsvör; svör. „Karlínn gat verið alveg kostulegur í tilsvörum, og snöggur upp á lagið“.

Tilsvarandi (l) Samsvarandi; jafngilt. „Ég veit ekki um tilsvarandi hávaða í nokkurri annari ætt“

Tilsýndar (ao) Að sjá úr fjarlægð/utanífrá; *ásýndar*. „Tilsýndar er Undirhlíðarnefið eins og tröllkarlsandlit“.

Tilsögn (n, kvk) Leiðbeining; kennsla. „Hann veitti mér tilsögn í algebrunni“. Sjá *taka tilsögn*.

Tiltaka (s) Tilgreina; velja; útnefna. Hann tiltók engan sérstakan stað þegar hann leyfði þeim að tjalda“.

Tiltakanlega (ao) Sérlega; mjög; svo eftir er tekið. „Þetta var nú ekki tiltakanlega erfitt“.

Tiltal (n, hk) Skammir; ávitur. „Hann fékk tiltal hjá sýslumanni fyrir brotið“.

Tiltekt (n, kvk) A. Hreinsun/uppröðun í rými; förgun/uppröðun hluta. „Ég fór í tiltektir í geymslunni“. B. Framkvæmdir; gerðir. „Mér er ekkert gefið um svona tiltektir á minni jörð í leyfisleysi“.

Tiltektarhugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir/ráðagerð um tiltekt. „Ég held að maður fresti öllum tiltektarhugleiðingum meðan hann rignir; það er ekki hægt að bera neitt út“.

Tiltektarsamur (l) A. *Uppátækjasamur*; framkvæmdasamur í óþökk annarra. „Þeim þykir hann víst full tiltektarsamaur í vélakaupum fyrir fyrirtækið“. B. Fyrtinn; lætur margt fara í taugar/skap; smámunasamur. Sú notkun orðsins heyrðist vart vestra, meðan fyrri notkunin var hin almenna.

Tiltelgður (l) Tálgaður/telgður til; útskorinn. „Í gatið var fellt vandlega tiltelgt spon“.

Tiltrú (n, kvk) Traust; trúnaður. „Ég hef fremur litla tiltrú á þessari bíldrúslu; að hann komist yfir hálsinn“. „Þeir (drykkjumenn) missa alla löngun til þess að standa í skilum við aðra, það sem þeim ber; og missa þar af leiðandi tiltrú í mannfélaginu“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Tiltrúandi (l) Trúandi til; líklegur til; gæti gert. „Hafðu auga með hundinum; honum væri tiltrúandi að hlaupa í féð ef það kemur nærri honum“.

Tiltæki (n, hk) Aðgerð; verknaður; framtak. „Þeir fengu óbotnandi skammir fyrir tiltækið“.

Tiltækilegur / Tiltækur (l) Í handraðanum; nærri. „Láttu skærin á sinn stað svo þau séu mér tiltækileg í næsta skipti“. „Úr síðustu róðrunum var steinbíturinn oftst saltaður; bæði vegna þess að þannig var hann tiltækilegri til flutnings, og eins var hann hinn ágætasti soðfiskur, sem heimilunum var kærkominn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Tiltök (n, hk, fto) Möguleikar; gerlegt. „Rutt var mestu af saltinu og haldið undan, því ekki voru tiltök að halda áfram á móti veðri“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þórður kvaðst hafa þurft að ná í símstöðina á Patreksfirði gegnum talstöð þar sem ekki voru tiltök, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fá stöðina til þess að svara“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Tiltökumál (n, hk) Mikið atriði; stórmál. „Ekki þótti sérstakt tiltökumál fyrir fullfrískan karlmann að leggja á bakið fimmtíu kílóa byrði í slíkum ferðum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Tiltölulega (ao) Nokkuð mikið; í samanburði; í sjálfu sér. „Eftir tiltölulega skamma viðdvöl héldu þeir heimleiðis að Látrum“ (ÖG; Þokuróður).

Tilurð (n, kvk) Sköpun; gerð; upphaf. „Enginn veit nú um tilurð þessara sagna“.

Tilvalið (l) *Kjörrið; gráupplagt; vel til fundið*. „Ég held að það væri tilvalið að nýta veðrið og fara í róður“.

Tilvera / Tilvist (n, kvk) Það að vera til.

Tilverknaður (k, kk) Aðgerð; verknaður; atbeini. „Fyrir hans tilverknað tókst að ljúka þessu fyrir dimmingu“.

Tilveruréttur (n, kk) Rétturinn til að lifa/vera til; réttur á sér. „Svona illyrmi eiga sér engan tilverurétt“!

Tilvik (n, hk) Atvik; atburður. „Gerð var undantekning í þessu tilviki“.

Tilviljun (n, kvk) Hending; það sem skeður/ vill til.

Tilvinnandi (l) Borgar sig að gera; þess virði að ná. „Það er varla tilvinnandi að sækja þessi tvö egg“.

Tilvitnun (n, kvk) Það sem orðrétt er haft eftir einhverjum/ einhverri heimild.

Tilvísun (n, kvk) Það að vísa til; ábending. „Eftir hans tilvísun gekk vel að finna grenið“.

Tilvonandi (l) Væntanlegur; verðandi.

Tilprif (n, hk, fto) Kraftur; mikill atgangur; átök. „Hann hóf moksturinn með miklum tilþrifum“.

Tilþrifamikill (l) Fyrirferðamikill; atorkusamur; handóður. „Nú hefur hann verið helsti tilþrifamikill“!

Tilætlaður (l) Sá sem til er ætlast; væntur. „Oftast bar þetta tilætlaðan árangur, og kom þá gamla konan með eitthvað gott í svuntuvasa sínum og gaf okkur“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Tilætlun (n, kvk) Fyrirætlun; áætlun; meining. „Tilætlunin var sú að komast þetta í einum áfanga“.

Tilætlunarsemi (n, kvk) Ofætlun; þegar ætlast er til of mikils. „Það er nokkuð mikil tilætlunaremi ef þú heldur að ég ætli að þrifa upp eftir þig skítinn“!

Timbraður (l) A. Smíðaður úr timbri/viði. B. Líkingamál; með hausverk eftir vındrykkju.

Timbur (n, hk) Unninn/niðursniðinn viður sem notaður er til smíða.

Timburbotn (n, kk) Botn úr timbri. „Inni (í búðinni) var slegið upp rúmum með timburbotnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Timburplanki (n, kk) „Timburplankar voru lagðir í braut upp á kambinn, og eftir þeirri braut var kassinn síðan dreginn með venjulegu bátaspili og látinn rúlla á sverum rörbútum sem lagðir voru þvert á plankabrautina“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Timburrétt (n, kvk) Fjárrétt byggð úr timbri. „Guðbjartur á Láganúpi hlóð, með aðstoð sona sinna, allmikla fjárrétt á Brunnsbrekku; neðanvið Strýtustein. Neðantil við hana byggði Össur sonur hans timburrétt sem notuð var meðan fjárbúskapur var á Láganúpi. Sama fyrirkomulag var í réttinni við Tröð í Kollsvík; steinrétt með timburrétt framanvið. Í báðum réttum voru gerðir dilkar til að draga í sláturlömb, og rennur til að setja þau á fjárflutningabíl“.

Timburverk (n, hk) Smíði úr timbri.

Tina (s) A. Smíða/lóða með tini. B. Snúa/riða höfði í sífellu til og frá og ósjálfrátt. Þjóðtrúin útskýrir þetta þannig að ef ólétt kona horfir á bragandi norðurljós muni barninu hætta til að tina.

Tinda hrifu (orðtak) Setja tinda í hrifuhaus.

Tindabykkja / Tindaskata (n, kvk) Raja radiata; *lóska*; *lótaska*; lítil skötutegund, sem algeng er kringum allt land. Verður oft um 40-70 cm að lengd með stirtlunni/halanum. Tígullaga eins og stórskata; með augu á efra borði en munn að neðanverðu. Nafnið hefur hún af göddum/tindum á efri hliðinni. Lifir á 20-1000 m dýpi; á grunnmiðum á sumrin, einkum vestanlands, en heldur á djúpmið undir vetur. Kemur iðulega á færi og línu og er ágætur matfiskur. Helsta fæða hennar er ormar, krabbadýr, skelfiskur og smákrabbar. „Alltaf fékkst eitthvað af þeirri skötu sem tindabykkja heitir.. Fyrir á tímum var hún hert og eingöngu hirt sem skepnfóður“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Nú er tindaskata talinn góður matfiskur og seld á mörkuðum.

Tindafátæk / Tindalaus / Tindasnauð (l) Um hrifu; farin að tapa tindum. „Ansi er þessi hrífa orðin tindafátæk“! „Ætlar þú að bata þessari tindasnauðu hrifu eitthvað til“?

Tindasmíði (n, kvk) Smíði *hrifutinda* (sjá þar).

Tindáti (n, kk) Lítil líkneskja hermanns, gerð úr tini og notuð sem leikfang. Fyrrum var leikur að tindátum vinsæll, einkum meðal drengja eftir stríð og í þéttbýli; allt þar til plastleikföng leystu þá af hólmi.

Tindilfótur (n, kk) Gæluheiti á manni sem er fljótur að hlaupa, eða barni.

Tindilfættur (l) A. Skrefstuttur; hraðgengur. B. Oftar notað í líkingum; viljugur; fljótur til. „Þeir eru ekki alltaf tildilfættir að efna kosningaloforðin þegar þeir eru komnir á þing, blessaðir“.

Tindós (n, kvk) Blikkdós.

Tindra (s) Sindra; glitra; glampa á. „Fátt er meira töfrandi en það að sjá tungsljósíð tindra á svelli þaktri Kollsvíkinni í froststillum og fullu tungli“.

Tindur (n, kk) A. Efsti toppur á fjalli. B. Gaddur, t.d. *hrifutindur*; *tætlutindur*; *greiðutindur*.

Tinna (n, kvk) Hörd steintegund/steind, öðru nafni hvítt kvarz eða kísill SiO₂. Mikið notuð á steinöld til áhaldagerðar, og síðar til að slá neista til að tendra eld eða hleypa skoti úr byssu. Tinna finnst ekki í jörð í Kollsvík en berst á fjörur sem flökkusteinn frá Grænlandi. Hraftinna finnst þar ekki heldur en hún er allt annars eðlis; dulkornótt svart og gljáandi afbrigði líparíts.

Tinnusvartur (l) Svartur eins og hraftinna.

Tipla (s) Ganga tíðum og smáum léttum skrefum, gjarnan á tánum.

Tipla á tánum (orðtak) Ganga á tám og framhluta iljar; læðast. „Mér fannst kalt að vera berfættur í snjónum og tiplaði því á tánum þegar ég hljóp heim í hús“. „Hann tiplaði á tánum til að hún vaknaði síður“.

Tippi (n, hk) Sjá *typpi*.

Tippilsinna (l) Smámunasamur; fyrirtektarsamur. „Maður er kannski óþarflega tippilsinna í þessum efnunum“.

Tipp topp (l) Síðari tíma lýsingarorð; í fullkomnu lagi; fullkominn.

Tirja (n, kvk) Drusla; ræfill. Oftast notað um föt/ *fatatirjur/fatatilur*. „Það þyrfti að þvo þessar tirjur“.

Tirjulegur (l) Rytjulegur; illa til fara; tætingslegur. „Ég get ómögulega sest að borðum svona tirjulegur“.

Tissi (n, kk) Tippi; tittur; nabbi. „Það er tissi þarna utan á vélinni til að drepa á henni“. Orðið finnst ekki í orðabókum.

Titilblað (n, hk) Fremsta ritað blað í riti, sem titill og fleiri upplýsingar eru prentaðar/skrifaðar á.

Titill (n, kk) A. Meginheiti, t.d. ritverks. B. Gráða/virðingarheiti manneskju.

Titla (s) Nefna að titli/virðingarheiti. „Hann er titlaður hreppstjóri þar í sveit“.

Titlatíningur (n, kk) Niðrandi heiti á titlum/virðingarheitum. „Ég nenni ekki að vera með einhvern titlatíning í svona bréfi. Það kemur bara illa heim og saman við innihaldið“.

Titra (s) Skjálfa; nötra.

Titrandi (l) Skjálfandi; nötrandi. „Tíkin virtist ómeidd, en var titrandi af hræðslu eftir þetta“.

Titringur (n, kk) Skjálfti; ið. „Einhver titringur fannst mér koma á færið; kannski eitthver *oddsnerta*“.

Titta (s) Negla með litlum nöglum/saum/tittum. „Það þarf að titta pappann á, áður en þakjárníð kemur“.

Tittaslítingur (n, kk) Um veiðiskap; sarg; dræm veiði, þar sem mestmegnis fæst smáfiskur. „Ég nenni ekki að hanga lengur í svona tittaslítingi; við skulum *hafa uppi* og keyra aðeins dýpra“.

Tittlingaskítur (n, kk) A. Óvera; það sem er mjög smátt/óverulegt; þarþyrsklingur. „Ég nenni ekki að eiga við svona tittlingaskít; við skulum kippa aðeins dýpra“. B. Óvirðulegt tal; skætingur. „Svona tittlingaskítur er nú ekki svaraverður“!

Tittlingur (n, kk) A. Lítil fugl, t.d. snjótittlingur; þúfuttlingur. B. Lítil fiskur/þorskur; þyrsklingur. Í gömlum heimildum er Þyrsklingahryggur norðaní Blakk nefndur Tittlingahryggur. C. Getnaðarlimur; reður.

Tittur (n, kk) A. Lítil spýta; pinni. „Til að festa selskinnin niður í völlinn voru tálgaðir tittir úr völdum viði...“ (Magnús á Skógi; Árb.Barð; 1959-67). B. Lítil fiskur; fisktittur. „Blessaður hentu þessum titti í sjóinn“. C. Lítil nagli/saumur. D. Gæluheiti á smávöxnum manni/dreng.

Tíbrá (n, kvk) Hitabrot ljósgeisla við jörðu, sem veldur sjónbjögum; af svipuðum toga og *hillingar*. Líklega hefur orðið upprunalega verið „tíðbrá“, enda var tíbrá talin merki um batnandi tíð.

Tíð (n, kk) Í einstaka tilvikum er orðið í karlkyni, einkum í orðtakinu „í þann tíð“. Líklega dönsk áhrif.

Tíð (n, kvk) A. Tíðarfar; veðurlag yfir tímabil. „Tíðin hefur verið allgóð það sem af er sumri“. B. Tímabil sem einkennist af einhverju tilgreindu. „Í Kollsvík stóð hálfkirkja í kaþólskri tíð“.

Tíð til sjóarins (orðtak) Gæftir til róðra; veðurlag varðandi sjósókn. Oftast með lýsingarorði fyrir framan. „Sumarið var þokkalegt framanaf, og góð tíð til sjóarins“. „Hvernig hefur tíðin verið til sjóarins“?

Tíðarandi (n, kk) Síðir og mannlíf hvers tíma; bragur samfélags.

Tíðarfar (n, hk) Meðaltal veðurs yfir langt tímabil. „Tíðarfar var mjög erfitt í janúar.“ (ÖG í Mbl, maí 1983) „Tíðarfar ókyrrðist venjulega þegar leið að hausti og lentu menn því oft í misjöfnum veðrum“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Mér finnst hann vera að ókyrrast dálítið í tíðinni“.

Tíðindalaust (l) Engar fréttir; ekkert að fréttu. „Héðan er allt tíðindalaust“.

Tíðindalítið (l) Fréttalétt; fréttalítið; lítið að fréttu. „Héðan er nú bara allt fremur tíðindalítið“.

Tíðindasnautt (l) Lítið að gerast/frétt næmt. „Það er alveg tíðindasnautt hér á bæ; þú ert með allar fréttitnar“.

Tíðindavænt (l) Tíðinda að vænta; viðburðaríkt. „Það er óþarfi að spyrja um aflu; það er nú ekki tíðindavænt í þessari ördeyðu“!

Tíðindi (n, hk, fto) Fréttir; nýjungar.

Tíðir (n, kvk, fto) A. Bænasöngur/guðþjónusta. B. Reglulegar blæðingar kvenna. C. Beygingarmáti sagnorða.

Tíðka (s) Iðka; stunda. „Þá var líka tíðkað að fara í heimsóknir á aðra bæi; einnig að koma saman og fara í boltaleik og útilegumannaleik þegar fór að dimma“ (IG; Æskuminningar).

Tíðkast (s) Vera til síðs/vanalegt. „Þótt ekki tíðkuðust jólagjafir í mínu ungdæmi, var það svo margt sem gladdi á jólnunum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Svo tíðkaðist það á þessu vori að ýmsir unglingar fóru í laugardagsróður“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „...en læs var ég þegar ég fór að

heiman. Það var frekar snemma eftir því sem þá tíðkaðist því kennt var á Rana og því stutt að fara“ (IG; Æskuminningar).

Tíðkast (þau) nú breiðu spjótin (orðatiltæki) Viðhaft af þeim sem þykir annar fara fram með offorsi. Kemur fyrst fyrir í Grettis sögu.

Tíðni (s) Hraði endurtekninga. Þegar um sveiflur er að ræða er miðað við endurtekningu hveftrar sveiflu, t.d. í rafsegulbylgjum, riðstraumi, haföldu eða sjávarföllum.

Tíðrætt (l) Oft rætt/talað um. „Ýmsum hefur orðið tíðrætt um uppruna örnefna“. Sjá *verða tíðrætt um*.

Tíðum (ao) Oft; margsinnis. „Þetta bar oft og tíðum á góma í okkar spjalli“.

Tíður (l) A. Sem oft gerist; endurtekinn; algengur; ör. „Hann var tíður gestur á heimilinu“. „Hann pataði ótt og títt og var alveg óðamála“. „Einhverjar kindur eru tíðast þarna frammi á eyrunum“. B. Dæll; vinsæll; kær. Sbr *gera sér títt við einhvern*. C. Frétt næmur. „Er nokkuð títt“?

Tíeyringur (n, kk) Tíu aura peningur, sem í gildi er þegar króna er nægilega verðmikil.

Tígulega (ao) Glæsilega; tignarlega. „Hann tók tilhlaup og sveif tígulega... ofaní miðjan skurðinn“.

Tígulegur (l) Glæsilegur; tignarlegur. „Hún var þokkafull og tíguleg í útliti“.

Tík (n, kvk) A. Kvenkyns hundur. B. Líkingamál; niðrandi heiti á kvenmanni, vél eða öðru kvenkyns.

Tíkarafmán / Tíkarforsmán / Tíkargrey / Tíkarskarn (n, hk) Gæluorð um hundtík. „Hvert er nú tíkarafmánin að fara“? „Taktu nú skóinn af tíkarforsmáninni“! „Farðu með þetta út í Skurðenda, í kjaftinn á tíkarskarninu“.

Tíkall (n, kk) Tíu króna peningur. Á tíu króna seðli var mannsmynd, og af því er líkingin dregin.

Tíkargjóla / Tíkargola (n, kvk) Dálítill vindur. „Þetta voru nú engin aftök; bara rétt tíkargjóla“.

Tíkarglæta (n, kvk) Lítil birta; ljósskíma. „Ég ætla að gá hvort ég sé þessar kindur meðan enn er einhver tíkarglæta“.

Tíarkvikindi (n, hk) Gæluorð um tík. „Jæja, tíarkvikindið var nú með mér, og þegar við komum út á miðja Skápadalshlíð þá fer hún að þvælast fyrir fótunum á mér...“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Tíkarlega lítið (orðtak) Skammarlega lítið. „Það hafðist tíkarlega lítið upp úr þessum róðri“

Tíkarlegur (l) Óþverralegur; lítilmótlegur; skammarlegur. „Mér finnst hún ansi tíkarleg við frænku sína“!

Tíkarleki / Tíkarögn (n, kk/kvk) Skammarlega lítið magn af einhverju. „Ég náði einhverjum tíkarleka úr tvævetlunni, en það er augljóst að hún mjólkar lambinu ekki nægilega“. „Þú mættir nú gefa mér meira af harðfiskinum en þessa tíkarögn“!

Tíma (s) Fá sig til; leggja í. „Ég tími varla að kaupa þetta á svona háu verði“. „Hann átti kvígu sem var mikið kýrefni, sem hann tímdi helst ekki að lóga...“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar). Merkti upphaflega að „fórna tíma fyrir“; „eyða tíma í“.

Tímabil (n, hk) Afmarkaður tími. „Á þessu tímabili var ekkert róið úr Kollsvík, nema af heimamönnum“.

Tímabundinn (l) Hefur lítinn tíma/ nauma tímaáætlun. „Ég er mjög tímabundinn. Ég þarf að komast á marga bæi í dag“. Notað vestra í allt annarri merkingu en algengt er annarsstaðar, sem er „til ákveðins tíma“.

Tímabært (l) Mátulegt/rétt í tíma. „Það er orðið tímabært að þú lærir að hnýta skóna á þig sjálfur drengur“.

Tímafrekur (l) Sem tekur mikinn tíma; seinlegur. „Það voru tímafreakar og óskaplega erfiðar ferðir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Tímafrestur (n, kk) Nú almennt „frestur“, en notað í fullri lengd í Kollsvík til skamms tíma.

Tímahrak (n, hk) *Tímaþröng*, sjá þar. „Ég lenti í tímahraki og náði ekki að klára þetta“.

Tímalaus (l) *Tímatæpur*, sjá þar. „Flýttu þér, við erum að verða ansi tímalausir“! Í Kollsvík var orðið ekki notað um kýr sem ekki er með fangi; a.m.k. ekki í seinni tíð.

Tímaleysi (n, hk) Skortur á nægum tíma; hafa ekki *ráðrúm* til. „Þessu olli mestmegnis tímaleysi“.

Tímamót (n, hk, fto) Straumhvörf; það sem markar skil milli tímabila, oft vegna mikils viðburðar eða framfara. „Tilkoma véla í báta markaði tímamót í Kollsvíkurveiri. Ekki einungis létti það alla sjósókn, þrátt fyrir að bátar yrðu þyngri í setningu; heldur varð fljótt ljóst að við þetta myndu bátar stækka svo að þeim yrði ekki haldið út frá stöðum sem byggju við hafnleysi“.

Tímanlega (l) A. Snemma; með fyrri fallinu. „Það var beitt í bjóð í landi um kvöldið og vaknað tímanlega, venjulega klukkan fjögur til fimm“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri). B. Með nægum fyrirvara. „Þú

þarft að láta þá vita tímanlega af þessu, svo þeir verði tilbúnir“. „Að loknum málsverði er lagst til svefns en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).

Tímanna tákn (orðtak) Vitnisburður um tíðaranda/menningu samtímans.

Tímans tönn (orðtak) Hrörnun sem verður með tímanum. „Tímans tönn hefur unnið verulega á öllum fyrri tíðar mannvirkjum í Kollsvík sem annarsstaðar.

Tímarit (n, hk) Blað/rit sem kemur út reglulega, en þó ekki notað um dagblað.

Tímarnir breytast og mennirnir með (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess hve allt er breytingum háð, og hvernig fólk lagar sig að breyttum lífsháttum og siðum.

Tímarúm (n, hk) A. Ráðrúm; svigrúm; tímabil. „Ég þarf nokkuð tímarúm til að vinna að þessu“. B. Í seinni tíð notað um þá samfellu tíma og rýmis sem Albert Einstein tengdi með kenningum sínum.

Tímaröð (n, kvk) Röðun viðburða eftir tímasetningu þeirra. „Frásögnin er ekki í rétttri tímaröð“.

Tímasetja (s) Setja á réttan tíma. „Ekki hefur tekist að tímasetja strand Kolls uppá ár“.

Tímaskekkja (n, kvk) Það sem ekki er talið viðeigandi á þeim tíma sem það gerist. „Þessi fornaldarvinnubrögð taldi hann vera algera tímaskekkju“.

Tímaskortur (n, hk) Ekki nægur tími; *útideyfa*. „Tímaskortur olli því að verkið kláraðist ekki þann daginn“.

Tímaskyn (n, hk) Tilfinning fyrir réttum tíma. „Það er staðreynd að tímaskyn manns sem er vanur að geta litið á klukku eða úr er mun lakara en hins sem ekki hefur þau töl nærindis“.

Tímasóun / Tímaeyðsla (n, kvk) Það að fara illa með tímann/ nýta tímann ekki/illa. „Þetta *snurfus* er bara tímaeyðsla; þessi þarablöð skerast úr netinu af sjálfu sér“.

Tímasparnaður (n, kk) Það sem sparar manni tíma. „Það er mikill tímasparnaður að þessum vinnubrögðum“.

Tímaspurning / Tímaspursmál (n, kvk) Spurning um tímasetningu. „Það er bara tímaspurning hvenær þetta gerist“.

Tímatal hefur ávallt verið mönnum afar mikilvægt, ekki síður fyrir á öldum en nú. Bæði þurfti að mæla tíma árs til að unnt væri að undirbúa og hefja hin ýmsu búverk og útveg og halda réttum föstum og messudögum, en ekki var síður áriðandi að halda réttum takti í daglegum verkum og málum og vita hvenær heilagt væri orðið á helgum þannig að ekki mætti vinna. Fyrir daga úra og klukkna var tími hvers dags einkum mældur af stöðu sólar og þá gjarnan miðað við föst einkenni í landslagsbrúninni, svokölluð *eyktamörk*. Mýmörg örnefni bera vitni um þessar fornu tímamælingar þó bærinn sem við þau miðaði sé e.t.v. löngu fallinn úr byggð. Í Kollsvík er t.d. Dagmálholt; Hádegisvarða og Nónvarða, og á Hvallátrum Miðmundahæð. Hver eykt var 3 klst, en þær voru; miðnætti, ótta, miðmorgunn, dagmál, hádegi, nón, miðaftann og náttmál. Eyktarmark tákna ekki upphaf eyktarinnar, heldur hvenær hún er hálfuð, eins og séra Björn Halldórsson benti á: “Hefur hver þessi eykt í sér þrjár stundir, og eins merkir eyktarmark í sér heilar þrjár stundir en ekki punkt tímans eður afmarkað sinn“ (BH; Atli). Í grófari dráttum var sólarhringnum skipt upp í tvö dægur; dag og nótt, sem varði 12 tíma hvort.

Þeir sem hafa verið klukkulausir um tíma kannast við að hin innbyggða klukka líkamans er furðu nákvæm. Menn voru því nokkuð *naskir* á tímann þó ekki sæi til sólar. Taka mátti einnig nokkuð mið af tungli og stjörnum ef til þeirra sást, svo og af sjóarföllum: „Aðfall sjóar eru tvær eyktir frekar (rúmar); útfall eins langt. Nú eru 8 eyktir í degi og nóttu; eru þá 2 flóð og 2 fjörur í einum sólarhring. Þá er alltið fjara við sjó nær tungl er í suðri eða norðri, og líka er flóð nær tungl er í austri eða vestri“ (BH; Atli). Þá eru dýr stundum ágætt klukkuígildi; t.d. mæta sumar kýr á stöðul á sínum tíma til mjalta, og fé að húsi til gjafa. Á sama hátt dóu menn ekki ráðalausir meðan dagatöl voru óþekkt. Þá notuðu sumir fingrarím, sem var forn aðferð við að telja tímamót og merkisdaga á hnúum, liðum og kjúkum handanna.

Margir voru fróðir um sögu tímatalins. Júlíanska tímatalið er kennt við Júlíus Sesar sem tók það upp í Rómaveldi árið 46 f. Kr. Árið hófst samkvæmt því í mars og stóð í 365 daga, með hlaupári 4. hvert ár. Hlaupársdagur nægði þó ekki til að jafna skekkjuna. Árið 1582 skipaði Gregoríus páfi að felldir skyldu niður 10 dagar úr tímatalinu. Þá urðu jafndægur og páskar aftur á réttum dögum. Þetta nýja tímatal; Gregoríanska tímatalið, var tekið upp hérlandis árið 1700, en hefur enn ekki verið innleitt í sumum löndum s.s. Rússlandi. Árinu skiptu menn í mánuði, en einnig í misseri; sumar og vetur. Venja var að mæla aldur fremur í vetrum en árum, og hefur sá síður haldist til þessa dags varðandi sauðfé. Þar sem misseratímatalið miðaðist við fjórar sjödagavikur í sex þrítugnættum mánuðum varð skekkja miðað við raunverulegar árstíðir. Hún var löguð með því að bæta við einni viku; sumarauka/lagningarviku, á nokkurra ára fresti, ásamt aukanoðtum. Frumkvæði að því átti fræðimaðurinn Þorsteinn surtur, um miðja 10. öld. Misserunum skiptu menn í vikur. Lengi vel var almennara að tala um þessa eða hina vikuna í vetri eða sumri, heldur en mánaðardag. Var svo í munni gamals fólks langt framefir 20. öld. Þannig skyldi aðalgangnadagur allajafna vera mánudagurinn í 22. viku sumars í V-Barðastr.sýslu. Fardagar nefndust fjórir fyrstu dagarnir í 7. viku sumars, en við þá var miðaður ráðningartími hjúa o.fl. Miðsumarsdagur/heyannabyrjun er sunnudagurinn í 14. viku sumars, en

miðsvevtrardagur/bóndadagur er föstudagurinn í 13. viku vetrar.

Gömlu íslensku mánaðarheiti voru: Þorri (frá föstudegi í 13. viku vetrar, kringum 20. janúar); Góa/Gói (frá sunnudegi í 18.v.vevtrar; kringum 20. febr); Einmánuður (frá þriðjd í 22.v.v; um 23 mars); Harpa (frá fimmtud eftir 18.apr); Egg tíð/Stekktíð/Skerpla (frá laugard í d.v. sumars, um 22. maí); Sólmánuður (frá mánud. í 9. v.s.; um 22. júní); Heyannir (frá sunnud eftir aukanætur, um 26. júlí); Tvímánuður (frá þriðjud í 18.v.s.; um 25. ágúst); Haustmánuður; (frá fimmtud. í 23.v.s.; um 23. sept); Gormánuður (frá laugard. um 24. okt); Frermánuður/Ýlir (frá mánud. í 5.v.vevtrar; um 24. nóv); Mörsugur (frá miðvd. í 9. v.v.; um 24. des). Sum þessara heita hafa ílenst lengur í málinu en önnur, t.d. verður Þorra minnst meðan þorrablot eru við líði. Sama er um hin fornu vikudagaheiti. Þau voru; Sunnudagur, Mánudagur, Týsdagur, Óðinsdagur, Þórsdagur, Frjádagur og Þvottadagur/Laugardagur. Forn goðaheiti þeirra urðu illa úti hérlendis í viðskiptum við hreinkristna málhreinsunarmenn; líklega fyrir aldamótin 1200, en sluppu betur í grannlöndunum.

Tímatæpur (l) Hefur knappan tíma; er tæpur með tíma. „Nú er ég að verða ansi tímatæpur“!

Tímaþjófur (n, kk) Það sem tekur tíma frá öðrum verkum. „Sjónvarpið er hinn mesti tímaþjófur“.

Tímaþröng (n, kvk) Þegar stuttur tími er til reiðu/eftir. „Við erum að lenda í tímaþröng með að komast fram“.

Tímgast (s) Dafna; blömgast; fjölga sér. „Minkurinn tímgast vel meðan veiðum er ekki sinn“.

Tími (n, kk) A. Grundvallareiginleiki tilverunnar, sem veldur því að atburðir verða í samfellu. Hluti af rúminu og afstæður, eftir nýjustu kenningum. Tími er í huga manna reglulega afmarkaður og mældur með klukkum, dagatölum og öðru sem sameiginlegur skilningur ríkir um. B. Tímabil sem gjarnan er kennt við eitthvað einkennandi, t.d. forsögulegur tími. C. Stytting á orðinu kennslustund.

Tími til kominn (orðtak) Orðið *tímabaert*; þarf að fara að framkvæma. „Nú finnst mér tími til kominn að maður fari að koma sér í bælið“.

Tíminn græðir/læknar flest sár (orðatiltæki) Gagnsæ speki; einnig notuð í líkingum um andleg áföll.

Tímunum saman (orðtak) Langa stund; í langan tíma; í marga klukkutíma. „Í svona góðu veðri getur maður setið tímunum saman og horft á náttúruna og fuglalíf“.

Tína (n, kvk) A. Berjatína; sérstakt áhald með löngum samsíða pinnum; handfangi og safnpoka, til að tína krækiber og bláber. B. Þrjónatína; sérstakur stokkur undir þrjónadót. „Tínur voru til og notaðar undir hnykla og annað smádót. Þær voru gerðar úr þunnum fjöllum sem voru sveigðar í aflangar öskjur, milli oka sem voru á endum tinnanna. Lok voru smellt“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Tína (s) Taka upp; safna saman T.d. tína ber; hagalagaða; krækling, fjallagrös, egg, flær o.fl.

Tína uppí sig (orðtak) Tína ber og éta þau samstundis. „Hann var búinn að fylla og farinn að tína uppí sig“.

Tína utanaf sér fötin/spjarirnar / Tína utanaf sér (orðtök) Háta sig; fara úr fötunum; fækka fötum. „Ég fann hvað ég var orðinn þreyttur þegar ég fór að tína utanaf mér spjarirnar“. „Farðu nú að tínu utanaf þér og koma þér í rúmið stubbur minn“.

Tína utaná sig spjarirnar (orðtak) Klæða sig; fara í föt; klæðast. „Þú þarft að fara að vakna og tína utaná þig spjarirnar ef þú ætlar að koma með í róður“!

Tínast til (orðtak) Fást; fást í viðbót; finnast; *reitast til*. „Það leit ekki glæsilega út með þetta orðasafn í byrjun, en það er mesta furða hvað tínist til þegar lagt er af stað“.

Tíningur (n, kk) Hrafl; samtíningur; samsafn. „Þetta orðasafn er tíningur úr ýmsum áttum“.

Tínupoki (n, kk) Poki sem tínt er í. Elsta notkun orðsins átti líklega við poka sem *fjallagrös* voru tínd í, en síðar var heitið notað um poka á *berjatínu*.

Tíra (s) Loga með litlu/daufu ljósi. „Það tírir enn á lugtinni“.

Tíra (n, kvk) A. Dauft/lítið ljós. „Þú getur nú varla lesið við þessa tíru“. B. Algengt hundsnafn, einkum ef hann hefur „ljós í rófu“, þ.e. ljósan enda á dökku skotti.

Tíróinn (l) Um bát; með ræðum/tollum fyrir tíu ræðara.

Tíræður (l) Um aldur; hundrað ára.

Tíska (n, kvk) Tíðarandi; síður. Einkum í því er lýtur að fatnaði eða útliti. „Er þessi ófögnuður virkilega í tísku núna“?! Orðstofninn er „tíð“, og orðið því „tíðska“; það sem viðgengst á hverri tíð. Sjá *tolla í tískunni*.

Tískutildur (n, hk) Tilhneyging/löngun sumra til að falla í hópinn/tíðarandann, hvað sem það kostar.

Títtnefndur (l) *Margumræddur*; sem oft heyrast nefndur. „Hann er títtnefndur í þessari umræðu“.

Tíund (n, kvk) Skattur sem lögleiddur var hérlendis 1096-7að forgöngu Gissurar Ísleifssonar Skálholtsbiskups og fyrir atbeina Sæmundar fróða og fleiri. Með tíundinni var fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar eflt, en hún gerði öllum skylt að telja fram og virða eignir sínar á hreppssamkourm að hausti. Má til þess rekja virðingu

jarða í hundruðum. Túndin var þannig eignaskattur hérlendis, en erlendis kom hún síðar, og þá sem tekjuskattur. Allir yfir 16 ára aldri voru túndarskyldir, ættu þeir yfir hálfu hundraði, þ.e. hálfu kúgildi, í eignum. Túnd af eign allt að fimm hundruðum rann óskipt til fátækra; svonefnd þurfamannatúnd. Af meiri eignum var reiknuð túnd, þ.e. 10%, sem skiptist í fjóra hluta; biskupstúnd; preststúnd; kirkjutúnd og fátækraþurfamannatúnd. Kirkju- og preststúnd runnu til kirkjubænda, sem áttu kirkjurnar og stóðu undir kostnaði við helgihaldið. Túnd mátti greiða í öllum löglegum gjaldmiðli, þar með talið vaðmáliull, gærum, kvikfé, mat eða góðmálmum, og eftir að sjávarútvegur efl-dist á 14.öld varð fiskur einnig löglegur gjaldmiðill. Greiðslur í peningum þekktust vart fyrr en eftir siðaskipti. Túndarskattur var felldur niður í áföngum frá 1877 til 1914, þegar önnur skattheimta kom í stað hans.

Túnda (s) Um málefni/atridi; taka fram/nefna. „Ég var ekkert að túnda það að við hefðum farið á höfðann“.

Tjald (n, hk) A. Dúkur sem hengdur er upp til skrauts eða fegrunar t.d. á vegg. Þannig var t.d. gjarnan siður fyrrum að tjalda vegg þúða, s.s. verbúða til að gera þær vistlegri. B. Skýli úr dúk, sem haldið er uppi t.d. af súlum og hælð/stagað niður.

Tjalda (s) A. Um búnað íbúðar/verbúðar; þekja vegg með dúk/tjaldi. „*Moldargólf* var í öllum búðunum, en ætíð þakið sandi; oftast ljósum. Eftir 1900 var farið að þilja veggina eða látið nægja að *tjalda* þá innan með striga“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÓETH og KJK). B. Reisa tjald til útilegu/íveru.

Tjalda til einnar nætur (orðtak) Vanda ekki til verka; gera til bráðabirgða. „Það þýðir lítið að tjalda til einnar nætur ef maður byrjar á þessu á annað borð“.

Tjalda því sem til er (orðtak) A. Um siglingu skips; *sigla fullum seglum*. B. Líkingamál; nota allt sem er fyrir hendi/til staðar. „Við leggjum hverja einustu netadrúslu sem finnsr; það verður að tjalda því sem til er á meðan við hreinsum óþverran úr hinum“.

Tjaldbúðir (n, kvk, fto) Þyrping tjalda. „Vegavinnumenn lágu við í tjaldbúðum“.

Tjaldbúi (n, kk) Sá sem býr í tjaldi.

Tjaldur (n, kk) Haematopus ostralegus. Vaðfugl af tjaldaætt og ættbálki vaðfugla. Algengur hérlendis, einkum við sjóinn, og víða við strendur norðvestanverðrar Evrópu; þjóðarfugl Færeyja. Tjaldur verður 40-45 cm að lengd og rúmlega hálf kiló að þyngd. Svartur að ofan og niður á bringu en hvítur undir; fætur rauðbleikir og gildir; goggur rauðgulur og langur; gumpur hvítur og augu rauð. Fæðan er mest kræklingur, kuðungar og önnur skeldýr sem þeir opna með sterkum goggunum; einnig skordýr og ormar. Á utanverðum Bökkunum í Kollsvík má iðulega finna mikið af nákuðung sem tjaldurinn hefur borið upp og kroppað innanúr. Hann verpur helst á þurru stað t.d. í malarfjöru eða sandi; 3-4 eggjum. Tjaldurinn er farfugl að hluta, en margir fuglar halda þó kyrru fyrir við sjávarsíðuna yfir veturinn.

Tjalli (n, kk) Gæluheiti á breskum manni. Líklega afbökun á nafninu Charlie. Heitið var allmikið notað sem skammryði á tímum þorskastríðanna, en hefur síðan lítt heyrst.

Tjara (n, kvk) A. Svartbrúnn þykkur og slímkenndur vökví; seigfljótandi við herbergishita. Var fyrrum unnin með þurreimingu á við, einkum furu og greni. Koltjara er unnin með þurreingu úr kolum. Tjara var mikið notuð áður fyrr til tjörgunar báta, húsa og annars tréverks til að verja gegn fúa. Þannig voru líkleg flestir bátar tjargaðir í Kollsvíkumverri fyrr á tíð, þó nokkrir væru málaðir að hluta eða öllu leyti. Síðast var bátur tjargaður í Kollsvík kringum 1962, þegar Guðbjartur Guðbjartsson tjargaði Rutina í skemmumni á Grundum, rétt áður en hún var tekin ofan. B. Líkingamál; vitleysa; þvæla. „Þetta er bara tóm tjara“!

Tjarfura (n, kvk) Tegund furu sem stundum rekur á fjöru hérlendis. Mun vera trjátegundin Pinus rigida, eða pitch pine á ensku, sem vex á Atlantshafsströnd N-Ameríku. Notuð hér m.a. til bátasíða.

Tjarga / Tjörubera (s) *Bráða; bika*. Bátar voru yfirleitt tjargaðir/bráðaðir fyrrum. „Á einmánuði, eða nokkru fyrir sumarmál, voru bátarnir búnir undir vertíðina; vor- og sumarróðra. Þeir voru vandlega hreinsaðir og búnir undir bikun eða málningu. allir voru þeir bikaðir/tjörubornir innan og sumir að mestu utan. Hástokkar, borðstokkar og slettulisti voru oftast málaðir, og stundum einnig eitt umfar. Aðrir voru málaðir að sjólinu og bikaðir eða málaðir í öðrum lit þar fyrir neðan. Enn aðrir voru málaðir í einum lit. Þar fyrir utan var útlit bátanna mjög sundurleitt“ (KJK; Kollsvíkumver). „Enn man ég eftir því þegar skemman við gamla Grundabæinn var enn uppistandandi, þó gaflaus væri orðin; að Guðbjartur afi var þar að bræða tjöru og tjarga Rutina. Tjöruna bræddi hann í hálfri netakúlu. Þetta hefur sennilega verið stuttu eftir 1960“ (VÖ).

Tjarnslétt (l) Um sjólag: Algerlega sjólaust. „Hann er tjarnsléttur í dag; skömm að því að fara ekki fram“.

Tjasl (n, hk) Óvönduð smíði/viðgerð; hrákasmíð. „Mér líkar illa svona bölvuð tjasl“.

Tjasla (s) *Lappa uppá*; lagfæra til bráðabirgða. „Ég var þá með eftirlit með símanum og tjaslaði þessu upp til bráðabirgða“ (I.G. Sagt til vegar II).

Tjasla saman / Tjasla við (orðtak) Setja saman/ gera við til bráðabirgða; *lappa uppá*. „Ég reyni að tjasla við þetta svo það dugi“.

- Tjá** (s) A. Gera skiljanlegt; skýra frá; segja. „Ég ætla ekkert að tjá mig um þetta núna“. „Ég tjáði honum mína afstöðu í málinu“. Einnig þekktist þátíðin „tédi“. B. Gagnast; tjónka; tjóa; stoða. „Það tjáir lítið að fást um það, *úr því sem komið er*“. „Ekki tjáir þetta slór! Við þurfum að drífa okkur af stað“.
- Tjá og tundur** (orðtak) Óreiða; drasl. „Neðan þilja var allt á tjá og tundri eftir ólagið“. Erfiðlega hefur gengið að finna rökréttu skýringu eða uppruna á orðtakinu. Séra Björn í Sauðlauksdal taldi að upprunalega hefði það átt við það að gera klárt fyrir gestamóttöku. Hafa uppi tjá (gestrisni) og kveikja í tundri (kertakveik). En Björn var e.t.v. ekki óskekull um það fremur en Ranglát. Sjá á *tjá og tundri*.
- Tjáir ekki að fást um það / Tjáir/þýðir ekki um það að rjá** (orðtak) Tilgangslaust að ræða það. „Túnin verða líklega lítið notuð þetta árið fyrir kali, en það tjáir nú víst lítið að fást um það“. „Fötufjandinn skoppaði í fjöru! Það tjáir víst ekkert um það að rjá“!
- Tjáning** (n, kvk) Það sem sagt/tjáð er/ gefið er í skyn. Það að tjá sig.
- Tjása** (n, kvk) Lagður; lufsa; visk. „Það er nú lítið til að taka af þessari kind; bara lítilsháttar tjásur um hálsinn“. „Einhverjar tjásur er hann nú að draga upp á austurloftið“.
- Tjása** (s) Tægja; tæta. „Vertu nú ekki að tjása svona í flækjuna! Það verður að reyna að greiða þetta dálítið skipulega ef það á að hafast“.
- Tjásulegur** (l) *Ótótlegur* í háralagi; ræfilslegu; rifinn og tættur; illa til fara. „Hún Surtla gamla er orðin óttalega tjásuleg“. „Ansi ertu orðinn tjásulegur um hausinn; á ég ekki að klippa aðeins neðanaf þessu“?
- Tjásur** (n, kvk, fto) A. Ullarlagðar; *hagalagðar*. Ullarslitur af fé á fjárhúsgrindum, í haga eða á girðingum eftir *túnrollur*. B. Skýjaslitur. „Það eru einhverjar tjásur í austrinu, annars er *skafheiðríkt*“.
- Tjóa** (s) Þýða; gagna; stoða; tjónka. „*Ekki tjóir um það að rjá úr þessu*; lúðan heilsar varla aftur uppá okkur“.
- Tjóar ekki/lítið að æðrast um orðinn hlut** (orðatiltæki) Mikið notuð speki; taka verður því sem að höndum hefur borið, og gera það besta úr ástandinu.
- Tjóar ekki um það að rjá** (orðtak) Þýðir ekki að æðrast/fjargviðrast vegna þess; þýðingarlaust að andmæla. „Miklu heldur vildi ég nú vera að draga kakkfull net af grásleppu en reyta þennan andskotans þara. En það tjóar víst ekki um það að rjá; þetta fylgir svona útgerð“.
- Tjóðra** (s) Binda rækilega; reyra/súrta fast. „Ég tjóðraði kýrnar og batt upp halana“.
- Tjóður** (n, hk) Helsi; festi. Það þyrfti að skipta um *tjóðurbönd* hjá kúnum“.
- Tjóðurband / Tjóðurhæll** (n, hk/kk) Band sem notað er í tjóður, og hæll sem tjóðrað er við.
- Tjónka** (s) Stoða; gagnast; tjóa; tjá. „Þetta tjónkar ekki, við þurfum að reyna eitthvað annað“. „Það tjónkar ekki að hangsa endalaust í kaffi; þetta gerir sig ekki sjálf“!
- Tjónka við** (orðtak) Koma vitinu fyrir; ræða við. „Það bara var ekkert hægt að tjónka við karlinn“.
- Tjúllaður** (l) Brjálaður; genginn af göflunum. „Ertu alveg tjúllaður, maður“?
- Tjúllast** (s) Verða brjálaður; *ganga af göflunum*. „Hann tjúllaðist alveg þegar hann komst að þessu“.
- Tjónkur** (n, kvk, fto) *Pjónkur*; farangur; *hafurtask*. „Um morguninn tóku tjaldbúarnir saman tjónkur sínar og fóru“. „Farðu nú að taka saman tjónkur þínar og gera þig kláran í skólann“! Kollvíkingar notuðu hitið bæði með þ eins og víðar þekktist, en einnig oft með t.
- Tjörn** (n, kvk) Stór pollur; lítið stöðuvatn. „Tjarnir mynduðust oft í leysingum eftir snjóavetur. Á síðustu áratugum 20.aldar og það sem af er þeirri næstu hefur mun minna verið um þetta. T.d. eru nokkrir áratugir síðan tjörn myndaðist milli húss og hlöðu á Láganúpi, sem var árviss áður“.
- Tjörubelgur** (n, kk) Tjargaður lóðabelgur úr striga með tréhlemmi, en slíkir belgir voru algengir fyrir daga plastbelgja, fram á miðja 20.öld, og ráku iðulega á fjöru.
- Tjöruhampur** (n, kk) Tjöruborinn hampur sem notaður er til þéttinga, t.d. á skipum og í pípulögnum.
- Tjörukaðall/ Tjörutóg** (n, kvk) Tóg/vaður sem fúavarinn er með tjöru. „Eru þá reknir heim hestar til að reiða á þeim eggjakassana og vaðina. Það eru gildir strengir úr tjörukaðli“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).
- Tjörukaggi** (n, kk) Kassi sem tjara er geymd/flutt í.
- Tjörukústur** (n, kk) Stór pensill sem notaður er til að tjörubera, t.d. báta.
- Tjörupappi** (n, kk) Tjöruborinn og vatnsheldur pappi sem notaður er til vatnspéttinga t.d. húsbaka.
- Tjörupottur / Tjöruskál** (n, kk/kvk) Pottur/skál sem tjara er hituð í áður en hún er borin á t.d. bát, til að gera hana þjálí og svo hún renni betur inn í viðinn. GG hitaði tjöruna í skál sem var hálf *alúminíumkúla*.
- Tjörutóg** (n, kvk) Tóg/taug sem er tjöruborin til fúavarnar. Allmikið notuð áðurfyrr, einkum til sjós en einnig til bjargferða.

- Tog** (n, hk) A. Ytra lag ullar/reyfis af sauðkind. Ullin er samsett af tvennskona hárum; togi og þeli. „Toghárin eru löng, með litlar bylgjur; fremur gróf og oft vel gljáandi. Þelhárin eru fremur stutt; mjög fin og létt; óreglulega liðuð, fjaðurmögnuð og mjúk viðkomu. Auk þessa eru svokallaðar illhætur stundum í uppinni. Þær eru mjög gróf hár; oftast rauðgular á litinn“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin landið og þjóðin). B. Það að toga/draga.
- Toga** (s) Draga; halda í eitthvað og reyna að taka til sín. „Við toguðum af öllu afli og náðum að þoka trénu upp fyrir flæðarmál“.
- Togari / Togbátur / Togskip** (n, kk) Skip sem veiðir í vörpu sem það dregur á eftir sér.
- Togast á** (orðtak) Toga sinn í hvora áttina; deila/þræta um málefni. „Hann horfði á hundana togast á um bandspottann“. „Þarna togast á tveir ólíkir hagsmunir“.
- Toginleitur** (l) Langleitur; opinmyntur; hissa. „Hann varð víst ansi toginleitur þegar hann sá afköstin“.
- Togklampi** (n, kk) Tréklampi/kubbur með gati, sem festur er innaná borðstokka eða annarsstaðar á bát, en gegnum gatið var dregið stag eða höfuðbenda fyrir siglu; ellegar undirgjörð til festingar á þeim.
- Togleður** (n, hk) Gamalt heiti á teygjanlegu gúmmí. Var síðar notað sem gæluheiti á tyggigúmmí.
- Togna** (s) A. Teygjast; verða lengra. „Það þarf að herða stögin eftir því sem tognar á þeim“. „Eitthvað er farið að toгна úr deginum, eftir því sem líður nær vori“. „Heldur hefur toгна úr stráknum; þú ert bara að ná mér“! B. Snúa sig á liðamótum, þannig að meiðsli/eymsli verði af. „Hann toгнаði á ökkla“.
- Tognun** (n, kvk) Það að snúa sig/ toгна á liðamótum.
- Togveiðar** (n, kvk) Veiðar togara. „Á fyrstu árum togveiða voru togveiðar leyfðar *uppi í fjörusteinum*“.
- Togþráður** (n, kk) Þráður úr togi ullar. Sjá *tóvinna*. „Saumgarnið var alltaf heimaspuninn togþráður, en nálar dragið annaðhvort hampgarn eða hvalseymi, ef það var til“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæði*. „Þá þurfti að athuga um hrognkelsanetinn; gera við þau eða riða ný net. Í þau var notað seglgarn eða netagarn þegar ég man eftir, en áður var notaður togþráður“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Tolla** (n, kvk, linur frb) Ræði; þollur á borðstokk báts sem árin leikur á í lykkju. „Best er að kippa árinni af tollunni með því að lyfta snöggt undir hlumminn“. Borið fram lint. „Svo missti ég nú aðra árina upp af kengnum; eitthvað afslepp tollan. Þá sló flötu, ég lenti í broti og það skvettist duglega í Korkanesið“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). Oftast var notað „tolla“ í Kollsvík, en annarsstaðar var líklega oftast talað um „ræði“. Einstaka sinnum höfðu Kollsvíkingar orðið í karlkyni „*tolli*“ eða „ræði“.
- Tolla** (s, harður frb) Loða; sitja/vera á sínum stað. „Sérlega var erfitt að láta reiðing tolla sæmilega á hesti niður brekkur“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Féð tollir ekkert á beit í þessu veðri“.
- Tolla í tiskunni** (orðtak) Viðhafa þá *tísku* sem viðgengst þá stundina; vera í tiskufatnaði. „Ég hef nú aldrei *lagt* mikið *uppúr* því að tolla í tiskunni“!
- Tollera** (s, linur frb) Kasta manni upp í loftið og grípa hann aftur.
- Tollfiskur** (n, kk) Fiskur sem notaður er til greiðslu, t.d. á uppsátursgjöldum eða öðrum sköttum/gjöldum.
- Tolli** (n, kk) *Tolla; þollur; ræði*. „Nokkru ofanvið brúnina var tolli sem hann brá lásbandinu á“.
- Tollur** (n, kk) A. Afgjald af notkun/innflutningi verðmæta til eiganda/yfirvalds. T.d. *bolatollur, vertollur*. B. Fórni af einhverju tagi. „Sjósókn hefur alltaf tekið sinn toll af mannlífum; einkum fyrr á tíð“.
- Tolluræði** (n, hk) Það afbrigði *ræðis* á báti að nota *tollur* en ekki t.d. *kefa*. Tolluræði tíðkaðist í Kollsvík a.m.k. í seinni tíð.
- Tollver** (n, hk) Ver/útgerðarstaður þar sem tollar eru greiddir fyrir uppsátur skipa og aðra aðstöðu. „Að sögn Gísla Konráðssonar átti Einar Kollsvík með tollverum öllum; hafi þar að jafnaði gengið 11-12 skip, en 15 steinbítar goldnir fyrir hvern mann. Hefur Einar því líklega verið vel efnum búinn. Samkvæmt gamalli venju, að reikna 3 steinbíta í alin, hefur vertollur verið 5 álnir, eða ¼ vættar. til samanburðar má geta þess að um 1700 komst vertollur á þessum slóðum upp í ½ vætt, en lækkaði svo verulega vegna aflaleysis, og hefur sennilega haldist lægri tollur úr því. Vertollur Einars í Kollsvík hefur því getað verið 6-7 hundruð af steinbít, eða 200-240 álnir“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Tollvernd** (n, kvk) Vernd innlendrar vöru með tollum á erlenda samkeppnisvöru.
- Tombóla** (n, kvk) Hlutavelta. Happdrætti sem felst í því að menn kaupa miða eða pakka án þess að tryggt sé að hlutur fáiast í staðinn sem stendur fyrir verðgildinu, en geta e.t.v. hlotið hlut sem er langt umfram verðgildið.
- Tombóluverð** (n, hk) Lágtré á hlut. „Ég fékk þetta á tombóluverði“.
- Tomma** (n, kvk) A. Pumlungur; mælieining lengdar; 2,54 cm. „Borðið var tveimur tommum of stutt“. B. Tommusaumur; nagli sem er tomma að lengd. „Ég fékk einn hálfpakka af tommu með haus“.

- Tommar ekki/ varla** (orðtak) Ferð sækist mjög hægt vegna ófærðar og/eða óveðurs. „...rokið var svo mikið í fangið að maður tommaði varla í hviðunum.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Tommuborð / Tommuviður** (n, hk/kk) Borðviður/fjöl sem er ein tomma á þykkt. „Fremri réttin var úr tommuborðum“. „Þetta er fjári fallegur tommuviður, og stendur vel mál“.
- Tommunagli / Tommusaumur / Tommutittur** (n, kk) Nagli/saumur sem er ein tomma að lengd. „Listarnir eru festir með tommusaum“. „Það er haldlaust að nota tommutitti í þetta; hér þarf lengri saum“.
- Tommustokkur** (n, kk) Samanbrjótanleg mælistika, vanalega með tommu- og millimetrakvarða.
- Toppstykki** (n, hk) Gæluorð um höfuð; efsti hluti einhvers. „Reyndu nú að nota á þér toppstykkið maður“!
- Tommusver** (l) Ein tomma í þvermál. „Sigvaðurinn var tommusver, og með *hjartaþræði*“.
- Tommutóg** (n, kvk) Vaður/tóg sem er ein tomma í þvermál. *Bjargvaðir* eru oft af þeim sverleika.
- Tommuþykkur** (l) Ein tomma á þykkt. „Við þurftum að brjóta tommuþykkann klaka af vatnsbólínu“.
- Tonn** (n, hk) Þyngdareining; smálest; 1000 kg.
- Toppljós** (n, hk) Ljós í siglutoppi skips.
- Toppótt** (l) Með toppum. Oft notað um illa slegið tún. „Ansi finnst mér þetta illa slegið og toppótt“!
- Toppreist** (l) Um hús; þakið tekið upp í topp/burst/mæni. Þannig voru mörg torfhús sem voru með skambbitasperrum og langböndum, en e.t.v. síður þau sem voru með ásapökum.
- Toppsegl** (n, hk) Segl efst í siglu á stórum bát eða skipi.
- Toppskarfur** (n, kk) Phalacrocorax aristotelis. Sjófugl af ætt skarfa; um og yfir 70 cm að lengd og með um eins meters vænghaf; nokkru minni en dílaskarfur. Á varptíma er hann alsvartur með grænleitri sliktju. Fullorðnir fuglar hafa uppsveigðar fjaðrir á höfði frá áramótum framá vor. Algengur varpfugl neðst í sjávarklettum í V-Evrópu og N-Afríku. Mesta skarfabýggð hérlendis er í Breiðafirði, m.a. undir Látrabjargi, og hefur hann orpið undir Breið og Hnífum. Hreiðrið er hraukur úr þangi, fõðrað með fjöðrum og grasi; oft atað umhverfis af ljósum skít fuglsins. Hann lætur ófriðlega ef að hreiðri er komið; teygir fram álkuna og gargar. Góður sundfugl og kafari. Fæðan er fiskmeti, einkum sandsíli. Fiðrið blotnar við köfunina, og sest þá fuglinn upp á sker til að þurrka það. Má oft sjá skarfa fremst á hleinum í góðviðri; baðandi út vængjum líkt og prestur sé að blessa sinn söfnuð. Klaufskur til gangs og lágfleygur. Var nokkuð skotinn til matar í Kollsvík, enda matarmikill og ketið herramannsmatur, en hætt er honum við hringormasýkingu.
- Toppstand** (n, hk) Nýyrði um gott ástand hlutar. „Bíllinn er í toppstandi“.
- Toppur** (n, kk) A. Efsti hluti einhvers. T.d. fjallstoppur. B. Lokkur; skúfur. T.d. hártoppur; sinutoppur; grastoppur.
- Toppurinn á ísjakanum** (orðtak) Aðeins sýnilegur minnihluti af heildinni. „Þetta eru vissulega vandræðamál, en hræddur er ég um að þetta sé bara toppurinn af ísjakanum“.
- Torf** (n, hk) A. Gróðursvörður; ýmist fastur á jörð eða skorinn í torfur til notkunar. Gott torf til ristlu var talið til hlunninda jarða áður fyrr. B. Líkingamál um það sem illa skilst. „Honum fannst stærðfræðin mesta torf“.
- Torfa** (n, kvk) A. Flaga af grasrót í meðfærilegri stærð og þykkt; torf. Torfur voru skornar, oft með sérstökum torfljá eða undirristuspaða, og notaðar til að þekja hús/hey; fela eld; leggja undir reiðing og í bása o.fl. B. Þéttur hópur fiska. „Þar sem gerið stóð uppi var sílistorfa undir, sem fugl og fiskur sótti ákaf í“. C. Þyrping húsa á litlu svæði.
- Torfaljár** (n, kk) Bakkaljár; skoskur ljár (sjá þar). Ljár þessir voru fyrst kynntir hérlendis af Torfa Bjarnasyni búnaðarfrömuði í Ólafsdal (1838-1915) sem kynnst hafði þeim erlendis.
- Torfalög** (n, hk, fto) Sjá *gjalda torfalögin*.
- Torfarið** (l) Slæm færð. „Sneru menn síðan heim á leið og var torfarið lausum mönnum“ (um strand togarans Croupiers undir Blakk, líkl. haft eftir GG).
- Torfbær** (n, kk) Íbúðarhús með torfþaki. Oftast er átt við fyrri tíðar torfbæi, með hlöðnum veggjum.
- Torfenginn** (l) Erfitt að fá/ ná í. „Svona hnifar eru torfengin“.
- Torfgarður** (n, kk) Garður sem hlaðinn er úr torfi. Túnvörslugarðar í Kollsvík voru ýmist hlaðnir úr torfi eða grjóti, eftir því hvort efnið var nærtækara. Enn má sjá leifar torfgarða, t.d. undir Brunnsbrekkunni.
- Torfhlaðinn** (l) Hlaðinn úr torfi. „Neðanvið Garðsendadýið má sjá leifar af torfhlöðnum garði“.
- Torfhleðsla** (n, kvk) Hleðsla úr torfi, t.d. torfgarður.
- Torfhnaus** (n, kk) Hnaus/kubbur sem stunginn er úr torfi/jarðvegi.

- Torfhús / Torfkofi** (n, hk) Oftast er vestra átt við steinhlaðið hús með torfþaki. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá slátruhúsinu“ (PG; Veðmálið). „Við hlið Mókofans stóð annar torfkofi; hænsnakofinn“.
- Torffinnanlegt** (l) Erfitt að finna. „Hætt er við að féð verði torffinnanlegt eftir að skyggja tekur“.
- Torfkirkja** (n, kvk) Kirkja með torfþaki. Oftast átt við kirkjur byggðar með gömlu lagi.
- Torfljár** (n, kk) Ljár til að rista torf/þökur. Torfljár getur verið *einristuljár*, þ.e. með tveimur höldum og torfan rist í einu lagi, eða *tvíristuljár*, og þá með haldi á öðrum enda, en þá er torfan rist í tveimur ristum; sitthvorumegin frá. Einristuljár er enn til á Láganúpi.
- Torfrista / Torfstunga / Torftak** (n, kvk) Torfvöllur; staður þar sem rista má gott torf. „Viða er góð torfrista í Kollsvík“.
- Torfristuútak** (n, hk) Réttur einnar jarðar til torfristu í landi annarrar jarðar.
- Torfusnepill** (n, kk) Hluti af torfu; jarðvegsbútur; *ljámús*. „Hentu torfusneplinum úr heyinu“.
- Torfþak** (n, hk) Hús í Kollsvík, eins og annarsstaðar á landinu, voru með torfþaki; allt þar til járn varð fánlegt í byrjun 20. aldar. Torfkofar stóðu þó lengi uppi áfram; sumir með helluþökum og upprunalegri þakgerð. Hesthúsið á Hólum er líklega elsta hús á Vestfjörðum, og jafnvel á landinu öllu, en það hefur staðið undir sínu torfþaki allt til þessa dags. Það hefur líklega byggst upp á sama tíma og Hólabærinn, eða um miðja 17. öld, og er því um 360 ára gamalt. Önnur gömul hús sem stóðu með torfþaki framyfir 1960 voru t.d. Mókofinn og hænsnakofinn á Láganúpi; kartöflugryfja í Gilbarminum; Brunnhús ofan við Flötina; Tófuhús á Strengbergi; Skemma við Grundabæinn; Sjávarhúsið (afakofi) við Láganúpsfjöru; Jónshlaðan í Kollsvík og hrútakofi ofan við hana; Kartöflugryfja í Kollsvík; brunnhús í Kollsvík og Fönixnaustið í Kollsvíkurveri. Þessi torfhús týndu tölunni eitt af öðru; voru flest tekin niður áður en þau hrundu. Flest þeirra voru með helluþaki og mörg hafði byggt hleðslumeistarinn Guðbjartur Guðbjartsson, bóndi á Láganúpi; a.m.k. Mókofann; hænsnakofann; kartöflugryfju í Gilinu; brunnhúsið ofan við Flötina og Sjávarhúsið.
- Torfær** (l) Um leið; illfær; erfitt að komast um. Fjaran undir Breiðnum er mjög stórgrýtt og torfær yfirferðar“ (HÖ; Fjaran).
- Torfæra** (n, kvk) Slæm leið; hindrun á leið. „En hvað var það þá sem aftraði þeim svo mjög frá þessum fengsælu miðum? Jú, það var þessi slæma torfæra á sjóleið smábáta frá Patreksfirði og út á Víkur; Blakknesröstin“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Torfæruskriða** (n, kvk) Illfær skriða í fjallshlíð.
- Torfæruurð** (n, kvk) Illfær/stórgrýtt/gróf urð. „Neðst í Grenjalánni er torfæruurð, en þægilegra er að ganga um aurrhygg, fremst í henni.“
- Torfæruvegur** (n, kk) Illfær vegur; erfið leið.
- Torga** (s) Ljúka mat; geta klárað matarskammt. „Fáðu þér nú eitthvað af þessu; ég torga því ekki einn“.
- Torkennilega** (ao) Einkennilega; ógreinilega. „Þetta kemur mér torkennilega fyrir sjónir“.
- Torkennilegur** (l) Einkennilegur; ógreinilegur; *illþekktanlegur*. „Mér finnst eitthvað torkennilegt við það“.
- Tormerki** (n, hk, fto) Fyrirséðir erfiðleikar. „Hann taldi öll tormerki á að hann gæti tekið verkið að sér“.
- Torga** (s) Borða. „Þetta er svo *vel útilátinn* skammtur að ég næ varla að torga honum“. Giskað hefur verið á að orðið hafi upphaflega merkt það að bjóða eitthvað falt á sölutorgi. Sá sem ekki getur torgað einhverju treystir sér þá ekki til að selja það á torgi. Á því líklega rætur í verslunarmáli víkinga, fyrir daga Íslandsbyggðar.
- Torgsala** (n, kvk) Sala einhvers á sölutorgi.
- Torkennilega** (ao) Undarlega; furðulega. „Þetta mál kemur mér torkennilega fyrir sjónir“.
- Torkennilegt** (l) Undarlegt; illþekktanlegt. „Mér finnst þeir sumir torkennilegir þessir nýju ávextir“.
- Torlega** (ao) Treglega; erfiðlega. „Okkur gekk fremur torlega að fá féð úti ána“.
- Torlært** (l) Sem erfitt er að læra. „Sigurvin lét mig hafa rússneskar kennslubækur; lingafón og orðabækur, en skrambi fannst mér þetta torlært þegar til átti að taka“.
- Torlæs** (l) Illa læs; *rekur í vörðurnar*. „Undarlegt er að svo torlæs maður skuli vera á þingi“.
- Tormelt** (l) Illa meltanlegt; þungt í maga. „Það er hætt við að plastið reynist kálfinum tormelt“.
- Torráðinn** (l) Sem erfitt er að ráða/leysa. „Þetta ætlar að reynast okkur torráðin gáta“!
- Tormerki** (n, hk, fto) Merki um erfiðleika/vandamál. „Ég sé nú ýmis tormerki á að framkvæma þetta“.
- Tornæmur** (l) Treggáfaður; skilningslaus. „Óttalega geturðu verið tornæmur að skilja þetta ekki“!
- Torræður** (l) Sem erfitt er að ráða í. „Hann var svo torræður á svip að útilokað var að sjá hvað honum fannst“.

Torskilið (l) Sem ekki er auðvelt að skilja. „Mér fannst þessi skilaboð afskaplega torskilin“.

Torskillegt (l) Torskilið; ekki auðskilið; illskiljanlegt. „Það er dálítið torskillegt að þetta má skuli enn vera óleyst“. „Mér er þetta svolítið torskillegt, allt saman“. Nokkuð notað, t.d. af SG, enn í dag.

Torsótt / Torvelt (l) Erfitt að ná/komast/fá fram. „Það gæti orðið torsótt að koma þessu máli í höfn“. „Tvær aðrar kirkjusóknir voru í Rauðasandshreppi, en það voru kirkjur í Breiðvík og að Saurbæ á Rauðasandi. Til þeirra var torvelt að komast úr Hænuvík, enda yfir veglaus og erfið fjöll að fara“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Tort (l) Illt við að búa; ranglátt. „Mér finnst það fjári tort, ef þeir komast upp með svona níðingshátt“.

Torta (n, kvk) A. Afturendi; rass. „Til að sýna álit sitt á frambjóðandanum sneri hún í hann tortunni“. „Reyndu nú að sitja kyrr á tortunni drengur, svona rétt yfir messutímann“. „Komdu innfyrr og tylltu þér á tortuna meðan ég laga kaffi“. B. Nef. „Komdu hérna kúturinn minn og leyfðu mér að snyta á þér tortuna“. Stundum notað heitið *neftorta* (sjá þar). Orðið virðist ekki þekkt víðar í þessari síðarnefndri merkingu, en hvortveggi er í góðu samræmi við hinn germanska orðstofn.

Tortíma (s) Eyðileggja; leggja í auðn/rúst; *fordjarfa*. „Mér finnst óþarfi að tortíma þessu algjörlega“.

Tortíming (n, kvk) Eyðilegging; gjöreyðing. „Veður geysa af hafí. Brimið er stórkostlegt; tröllaukin grunnbrot sem hóta tortímingu því nær öllu lífi; jafnvel sjávargróðri“ (KJK; Kollsvíkurver).

Tortrygginn (l) Efnis; sem tekur einhverju með varúð/fyrirvara. „Mikið er ég tortrygginn gagnvart þessu“.

Tortryggja (s) Gjalda varhug við; efast um; hafa vantraust á. „Er einhver ástæða til að tortryggja þetta“?

Tortryggni (n, kvk) Vantraust; viðsjá. „Þetta er alveg ástæðulaus tortryggni, finnst mér“.

Tortrygnissvipur (n, kk) Svipur efasemda/tortryggni/vantrúar.

Tortubein (n, hk) Rófubein.

Tortuljótur (l) Skítugur um afturendann. „Skelfing eru gemlingarnir tortuljótir! Það er *ekki vanþörf* á að stinga út undan þeim“.

Tortúr (n, kk) Kvalræði; píning. „Þetta ullarhaft hlýtur að hafa verið alger totúr fyrir kindarræfilinn“.

Torvelda (s) Gera erfitt; valda erfiðleikum/vandræðum; há. „Ófærðin torveldaði þessa björgun nokkuð“.

Torvelt (l) Erfitt; torsótt. „Torvelt er að komast í Tröllkarlshelli, og nær útilokað fyrir aðra en staðkunnuga að finna hann“ (HÖ; Fjaran). „Undir Hreggnesa er sumsstaðar sámileg festifjara fyrir reka ef gefst, en torvelt um björgun“ (HÖ; Fjaran).

Tosa (s) Draga með erfismunum; drösla. „Ég rétti honum höndina og tosaði hann upp á brúnina“.

Tosast (orðtak) Mjakast áfram; ganga hægt. „Heldur tosast þetta hjá okkur þó hægt fari“.

Tota (n, kvk) Tá/trjóna sem gengur framúr meira efni og er mjórri en það, t.d. líkt þumli á vettling eða spena á jógri. „Hann hafði þann kæk að setja totu á munninn þegar hann var djúpt hugsí“.

Tott (n) Eftirhreytur; mjólk sem hreytt/tottuð er úr kú eftir helstu mjaltir. „Gefðu bara kálfinum tottið“.

Totta (s) A. Sjúga, t.d. spena, sígarettu eða reykjarpípu. „Pabbi sat í djúpum þönkum á jötubandinu og tottaði pípustertinn“. B. Mjólka kú í lok mjalta; *tutla; hreyta*. „Það þarf að passa að totta vel afturspenana á Sokku; hún *selur* fremur illa úr þeim“. Yfirleitt voru notuð orðin að totta eða tutla yfir það sem annarsstaðar merkir að hreyta, þó vissulega væri það einnig notað yfir það þegar ungabörn tottuðu pela og putta. Orðið virðist bundið við Kollsvík og e.t.v. nágrenni; annarsstaðar virðist orðið eingöngu hafa verið notað yfir slíkar munnathafnir. Sjá *handmjólka*.

Tottast/Togast/Tosast í áttina Mjakast áfram; ganga hægt. „Ætli sé ekki rétt að fara að togast í áttina“.

Totti (n, kk) Toppur; visk. „Það er nokkuð bratt þarna í ganginum og fátt til að halda sér í nema tottar af sinu“. Sjá einnig *grastotti* og *sinutotti*.

Tó (n, kvk) Gróinn jarðvegur á litlu svæði. Í Útvíkum hafði heitið mjög sértæka merkingu, en það var haft yfir grænar lænur sem mynduðust í gróðursnaudari holtum, þar sem lækur rann í eða stutt neðan yfirborðs. Þannig hagar til um Kollsvíkurtó og Hænuvíkurtó í Vatnadal og Stóru- og Litlutó í Breiðvík.

Tóbak (n, hk) A. Tóbaksplanta. B. Sjá *tóbaksnotkun*.

Tóbaksbaukur (n, kk) Neftóbaksdós; tóbaksponta. „Þeir anda léttar, en þó sveittir og blautir. Tóbaksbaukar ganga á milli manna. Sumir leggja hendina aftur á bakið og stynja við, en það er sigurglampi í augunum; orrustan er liðin hjá“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Tóbaksbindindisflokkur (n, kk) Hópur fólks sem ætlar ekki að stunda reykingar. „Sama ár og fjelagið var stofnað var stofnaður tóbaksbindindisflokkur í Vestra og gengu allir fjelagar í hann, sem ekki neyttu tóbaks“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Tóbaksbindindisfélag (n, hk) Félag fólks sem ætlar ekki að brúka tóbak. „Nú hefur Tóbaksbindindisfélag Rauðasandshrepps“, sem einn af fjelögum í Vestra stofnaði, leyst hann af hólmi...“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Tóbaksbindindisstarfsemi (n, kvk) Starfsemi tóbaksbindindismananna. „Tóbaksnautn meðal yngri manna... , er engin á fjelagssvæðinu, og má þakka það fjarstöðu hjeradsins við kaupstað, tóbaksbindindisstarfsemi og áhrifum barnakennara í tuttugu ár“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Tóbaksbréf (n, hk) Pakki/poki af tóbaki. „Ekki veit ég hvar ég hef lagt frá mér tóbaksbréfið og eldspýturnar“.

Tóbaksdós (n, kvk) Dós með tóbaki/ undan tóbaki. Ýmist átt við dós sem fellur í vasa eða stærra ílát.

Tóbakskorn (n, hk) A. Eitt korn af tóbaki. „Það er bölvæð að fá tóbakskorni augað“! B. Lítið eitt af tóbaki. „Áttu nokkuð tóbakskorn í nös“? Oft stytta í „korn“.

Tóbakslús (n, kvk) Lítið magn af tóbaki. „Mér áskotnaðist örlítill tóbakslús. En ein dós dugir nú skammt“.

Tóbaksmökkur / Tóbaksreykur (n, kk) Þykkur reykur af reykingu tóbaks. „Tóbaksmökkurinn lá í þykku lagi í haushæð í stofunni, en undir honum mátti grilla í karlana í hrókasamræðum“.

Tóbaksnautn / Tóbaksnotkun / Tóbaksneysla (n, kvk) Notkun á tóbaki. „Einnig var tóbaksneysla bönnuð á fundum fjelagsins og samkomum. ... „Tóbaksnautn meðal yngri manna, upp undir þrítugt, er engin á fjelagssvæðinu...“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi). „Tilgangur fjelagsins er að útrýma tóbaksnautn úr hreppnum“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).

Tóbaksnotkun var nokkuð útbreidd og veruleg um vestustu sveitir, sem og annarsstaðar, um og eftir miðja 20. öld, enda höfðu reykingar aukist að stórum mun eftir hernám landsins. Almennt má segja að húsbændur á heimilum hafi reykt pípu en kvenfólk, sem reykti mun minna og sjaldnar, tók í sígarettur. Á þessu voru vitanlega fjölmargar undantekningar, en tíðarandinn er öflugur í þessu sem öðru. Vindlanotkun var óveruleg, en þó gripu sumir í vindla til tilbreytingar. Neftóbaksnotkun var, eftir 1960, nær eingöngu bundin við eldri karlmenn. Á réttum mátti sjá þverskurð af tóbakshefðunum, þegar menn röðuðu sér við réttarvegginn og köstuðu mæðinni: Húsbændurnir drógu upp pípustertinn, tóbaksbréfið og eldspýtustokkinn; helltu tóbakssósunni úr munnstykkinu; fylgdu því hreinlæti kannski eftir með pípuhreinsara; tróðu sér í pípukóng; kveiktu sér í pípu og píuðu síðan; hver eftir sínum smekk; Prince-Albert; Raleigh eða Half-and-Half. Sumir, einkum yngri karlmenn, drógu sígarettupakka úr brjóstvasa; Camel; Marlboro eða annað; báru eld að og síðan lagði reyk úr öllum vitum. Einn og einn bar á sér sígarettuvefjara; handhægt tæki til að vefja eigin sígarettur úr pípútóbaki og bréfi. Eldri karlarnir héldu sig flestir við neftóbakið; drógu með hægd úr vasa sínum nefntóbaksdós með finskornu tóbaki; bönnuðu létt á lokið áður en opnað var; byrjuðu á að bjóða nærstöddum í nefið; tóku síðan klípu milli tveggja fingra og komu henni fimlega fyrir á sínum stað; annaðhvort í slónni (nösunum) eða fremst í neðri vörinni. A undan og eftir var neyslustaður oftast þurrkaður með tóbaksklútum, en þó eyddu sumir litlum tíma í slíkt óþarfa hreinlæti. Sumir voru höfðinglegri í háttum á viðhafnarstundum sem réttardögum; drógu tappa úr skínandi pontu og sturtuðu snyrtilegum tóbaksgarði á handarbakið sem síðan var dreginn upp aðra nös eða báðar. Neftóbaksmenn þekktust tíðum úr fjarlægð á sínu dimmrauða nefi; dökkum taum sem oft lá niður efri vörina og þrumandi hreppstjórásnyttum. Munntóbaksmenn sömuleiðis auðkenndust iðulega á dökkum tann- og munnsvip. Þeir þurftu iðulega að spýta og, þrátt fyrir mikla þjálfun og lagni, var ekki alltaf unnt að henda reiður á áfangastað slummunnar, og nærstaddir höfðu því varann á. Heimafyrir héldu sumir þeim gamla sið úr torfbænum að spýta slummunni fimlega í eitthvað húshornið; þrífalegum húsmæðrum til armæðu. Á réttarveggnum má þó sjá marga fullorðna sem ekki stunda tóbaksneyslu af nokkru tagi; unglíngum undir lögaldri, einkum stúlkum, var ákveðið haldið frá allri tóbaksneyslu; sem reyndar varð ýmsum hvatning til að prófa þessa forboðnu ávexti. Þó ekki verði efast um skaðleg áhrif tóbaks þá virðist fljótt á lítið að tóbak hafi ekki verið mikill skaðvaldur í þessu reykjandi samfélagi Útvíkna á fyrri tíð; nema ef vera kynni á fjárhag og tannheilsu einhverra. Fyrrum fluttist munntóbak til landsins í þéttpressuðum upprúlluðum lengjum sem skera eða klípa mátti af. Nefndist það *rjól*, *rulla* eða *skro*.

Séra Hallgrímur Pétursson skáld sá bæði kost og löst á tóbaki: „Tóbakið hreint/ fæ ég gjörla greint;/ gjörir höfðinu létt;/ skerpir vel sýn./ svefnbót er fin./ sorg hugans dvín./ Sannprófað hefi ég þetta“. Og um ókostina: „Tóbak nef neyðir;/ náttúru eyðir;/ upp augun breiðir;/ út hrákann leiðir;/ minnisafli meidir;/ máttleysi greiðir/ og yfirlit eyðir“ (HP; Tóbaksvísur).

Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal; upphafsmaður kartöfluræktunar á Íslandi, segir: „Alslags jarðeplablöð mega brúkast sem reyktóbak. Blöðin plokkast á haustin þegar þau eru orðin gul. En sú nokkur af þeim græn pressa menn þau saman svo þau hitni og gulni. Menn saxa blöðin og tóbak saman við svo þau fái tóbakslykt. Verður þetta samsax sæmilega gott í tóbaks stað“ (BH; Grasnytjar).

„Ekki voru margir sem reyktu í mínum uppveftri Rauðsandi, en þó einstaka maður. Þegar messað var í Saurbæjarkirkju þá var söfnuðurinn alltaf boðinn í kirkjukaffi; kannski orsök svo fráberrar kirkjusóknar sem þar var. Þarna voru mjög stór og rúmgóð húsakynni, rúmgóð borðstofa og setustofa inn af henni. Þar hélt

presturinn sig eftir kaffið, en hann var oddviti sveitarinnar. Menn áttu margir við hann erindi og vindlailminn lagði þar út. Mér þótti hann mjög hátíðlegur. Þó held ég að prestur hafi ekki reykt, en man það þó ekki. Höfðingjanum og valmenninu Gísla Thorlacíus í Bæ þótti víðeigandi að láta vindla liggja frammi, fyrir þá sem vildu.... Annars held ég að sumir hafi farið að reykja sigarettur sem afleiðingar kynna af bandaríska hernum... Afí minn tuggði rullu. Hann átti hrút einn stóran og mikinn. Þegar hann kom í fjárhúsin og gekk um jötuna (hér er talað um jötu ekki garða, en garði er það sem víða kallast kró) þá mjakaði hrússi sér að jötunni með opið ginið. Gamli maðurinn hafði vanið hann á að spýta upp í hann. Hrúturinn smjattaði á þessu með mikilli velþóknun, enda orðinn tóbakshrútur hinn mesti. Neftóbaksmönnum þótti gott að setja koníakslögg í tóbakið, einkum ef það hafði þornað“ (SG; Tóbakshættir; Þjhd.Þjms).

Tóbaksponta / Neftóbaksponta (n, kvk) Baukur með sérstöku lagi, til að geyma í neftóbak og hafa í vasa. Upphaflega stórgripahorn með trélöki í sverari enda en töppuðu gati í hinum. Síðar úr silfri eða öðrum efnun, en svipuðu lagi. Oft skreytt. Stunum settu menn pontuendann upp í nösina og helltu, en stundum var tóbakinu dreift í lön á handarbakið og sogið uppí nefið.

Tóbakspungur (n, kk) A. Pungur af hrút, sem verkaður hefur verið til að nota sem geymslu undir tóbak. B. Gæluorð um bréf af reyktóbaki.

Tóbaksslumma (n, kvk) Hráki manns sem tekur í vörina. „Tóbaksslumman lenti beint á gleraugum víðmældans. Ekki vildi Þórður víðurkenna að það hefði verið ætlunin, heldur kenndi vindinum um“.

Tóbakstala (n, kvk) Biti af munntóbaki. „Svo settist hann á skutþóftuna og hafði sveifina undir hendinni, meðan hann náði í tóbakstölu úr vasa sínum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Tóbakstaumur (n, kk) Litur af tóbaki í andliti, þar sem leikið hefur tóbakslitaður hor eða litað munnvatn niður yfir tóbaksnotanda. „Tóbakstaumurinn náði frá nefi niðurfir hökuna“.

Tóbakstugga (n, kvk) Munnfylli af munntóbaki. „Svo skyrpti hann útúr sér tóbakstuggunni, sem var víst orðin bragðlaus, og fékk sér aðra nýja í staðinn, svo ekki þyrfti hann tóbakslaus að taka land“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Tóbakugur (l) Litaður í framan af tóbaki; með tóbakslit/tóbakskorn í fötum. „Ég held nú að þú ættir að þurrka framan úr þér áður en við förum inn í kaffið. Þú ert tóbakugur langt útundir eyru“.

Tófa (n, kvk) *Refur* (sjá þar). Orðið tófa er líklega stofnskyllt sögninni að „tefja“, og vísar e.t.v. til þess að refurinn snuðrar eftir æti.

Tóft (n, kvk) Tótt; hús/vegghleðsla án þaks. Bæði orðin eru notuð; tóft og tótt, og eru jafngild. Málfræðingar telja „tóft“ réttari og upprunalegri rithátt. Orðstofninn er þó eitthvað á reiki; orðið er talið sama og í færeysku; „toft“ og í nokkrum norðurlandamálum merkir „toft“ eða „tomt“ húsgrunn eða grasblett við hús. Þá er aftur komið að tengingu við íslenska orðið „totti“ (sbr grastotti), sem réttlætir ritháttinn „tótt“.

Tóftarbrot (n, hk) Hluti af tóft; leifar af vegghleðslu húss.

Tóftarveggur (n, kk) Veggur tóftar; hlaðinn húsveggur.

Tófubitin (l) Um sauðkind; dýrbitin; særð af ref/tófu. Refir eiga það til að ráðast á lifandi sauðkind og reyna að bana henni. Oftast er það sami refur sem tekur uppá þessu og nefnist þá dýrbítur. Leggja bændur mikið á sig til að eyða honum. Refurinn ræðst helst á veikburða skepnur; gjarnan pasturslítill lömb eða gamalær, og þá jafnan með því að naga snoppu eða afturhluta. Er slíkt fé oft hörmulega útleikið ef það næst lifandi, og þarf yfirleitt að lóga því.

Tófufjandi / Tófuskrauti (n, kk) Köpurýði um tófu/ref. „Það má mikið vera ef tófufjandinn hefur ekki nartað eitthvað í snoppuna á þessu lambi“!

Tófugagg (n, kvk) Gagg í tófu/ref.

Tófuganga (n, kvk) Leit að tófu; tófuveiðar. Meðan tófuskinn voru í háu verði á fyrrihluta 20.aldar lögðu menn mikið á sig í löngum fjallferðum og vöku og margir urðu snillingar að rekja för og veiða. „...Ásgeir Erlendsson rakst af tilviljun á byrgi sakamannsins þegar hann var á tófugöngu...“ (MG; Látrabjarg). „Tófugöngur að vetri voru iðkaðar hér um sveitir frá því byssur náðu útbreiðslu hér á landi...“ (MG; Árb.Barð 1959-67).

Tófugildra (n, kvk) *Refagildra* (sjá þar).

Tófugreni (n, hk) *Refagreni; greni* (sjá þar).

Tófugras (n, hk) *Cystopteris fragilis*. *Burkni* af fjöllaufungsætt. Algengasti burkninn á Íslandi og finnst t.d. víða í grennd við Kollsvík; einkum í klettasprungum og urðum, þar sem skugga ber á. Líklega er heitið dregið af þessum vaxtarstöðum plöntunum. Miðlungsstór burkni; 10-30 cm á hæð en getur orðið mun stærri þar sem hann teygir sig í skjólsælli glufu. Stilkurinn langur og brotgjarn; blöðkurnar eru á um helmingi

blaðsins; grænar, margskiptar; tví- til þrífjaðraðar; breiðastar neðantil en mjókka í odd. Hliðarsmáblöð gisin neðst, en þéttari og mjórrí nær oddi. 5-12 kringlóttir gröblettir í tveimur röðum á neðra borði smáblaða.

Tófuhús (n, hk) *Refaskotbyrgi*; hús þar sem legið var fyrir tófu með niðurburði. Orðið tofuhús var oftast notað um þessi litlu hús, en áður mun einnig hafa tíðkast refaskotbyrgi, sem er líklega bundið við svæðið. „Þá er eftir að geta um refaskotbyrgi sem vitað er um a. m. k. sjö í Kollsvíkinni. Þar sem ég veit ekki til að þau séu annarsstaðar skráð þá held ég að ég megi til að bæta því hér við. Eitt byrgið er hér úti á Strengbergsbrúninni, alveg fram á blábrún svo tófan komst ekki framhjá nema fyrir ofan byrgið. Byrgin voru ekki meira en tæpur metri á lengd að innan máli, smá bálkur í endanum til að sitja á og rétt rými fyrir einn mann. Hlaðnir smá veggir og tyrft yfir. Dyr voru rétt hæfilegar til að skotmaður gæti skriðið um. Gjarnan var reynt að gera holu niður í brúnina, svo þetta yrði sem lægst og bæri minna á því. Svo var niðurburðurinn; dauð kind eða slíkt, hafður í hæfilegu skotfæri og grjót sett yfir svo rebbi rífi þetta ekki allt í sig þegar enginn var í byrginu. Þetta byrgi átti Ólafur Ásbjörnsson afafróðir minn, sem bjó á Láganúpi um síðustu aldamót og sagt var að hann hefði verið vanur að leggja sig í rökkrinu og sofna og ef hann dreymdi tófu fór hann út í byrgið og náði þá venjulega tófunni. Annað byrgi var niðri við sjó, á svokölluðum Hreggnesa. Það munu Grundamenn hafa notað. Útbúnaður var sá sami á þessum byrgjum var eins og byggt fram á blábrún.

Svo var eitt byrgi á Kollsvíkurnúpnum og eitt á Sanddalsbrúnum rétt við Vallagjána. Eitt ævafornt er á brúninni við Katrínarstekk og annað frammi á brún við Þúfustekk. Enn eitt er á Melsendaklettunum fyrir norðan Kollsvíkurverið“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). Þessi byrgi eru nokkru fleiri en að framan greinir. Eitt er t.d. undir Grenjalág og annað í Sandslágarkjafnum (VÖ).

Tófukvikindi (n, hk) Gæluheiti á tófu. Stundum einungis „kvikindi“.

Tófuleit (n, kvk) Leit að tófu; *tófuganga*. „Tófuleit var nokkuð stunduð á árunum milli stríða, þegar skinnaverð var mjög hátt. Fóru menn í langar göngur; oftast að kvöld og næturlagi, þegar tunglsljóss naut við; veður var stillt og vel sporrækt á jörðu, en tófan er helst í ætisleit að nóttu til. Bæði Sigurvin Össurason og Hafliði Halldórsson sögðu mér sögur af ótrúlega löngum göngum og miklum ævintýrum sem þeir lentu í, en menn lögðu á sig gríðarlegar þrekaunir til að ná hinum verðmætu aukatekjum sem skinnin gáfu“ (VÖ).

Tófuskinn (n, hk) Skinn af tófu/ref. „Sá var að hreinsa tofuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hvelli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Tófuskott (n, hk) Refaskott; skott af tófu. Greidd eru verðlaun fyrir unnin ref, bæði hlaupadýr, grendýr og yrðlinga; en til sannindamerkis þurfa menn að skila inn skottunum til viðkomandi sveitarsjóðs.

Tófuspor (n, hk, fto) Tófuslóð; för eftir tófu í snjó/sandi/aur. „Það voru tofuspor norður alla fjöru“.

Tófuyrðlingur (n, kk) *Refayrðlingur*; *yrðlingur* (sjá þar).

Tóg / Tó (n, oftast kvk/stundum hk) Reipi; vaður. Tóg var fyrrum unnið úr togi kindarullar, og fær þaðan nafn sitt. Síðar var farið að nota í það erlendan *hamp*, vanalega manillahamp. Nú á dögum er tóg yfirleitt úr gerviefnum. Tóg nýttist til margvíslegra hluta, t.d. dráttartóg til dráttar og bjargtóg til siga og annarra bjargferða. „Það er best að bera tógina á báðum öxlum; að skipta hönkinni og binda saman á brjósti“.

Tól (n, hk) A. Verkfæri; áhald; vél. B. Símtól; tal- og heyrnateki síma. C. Gæluheiti á kynfærum manns.

Tólffötungur (n, kk) Lirfa fiðrildis.

Tólfrætt hundrað (orðtak) Magneining fyrrum; 120; *stórt hundrað*. „*Fiskaferðaskipin* báru flest 16-24 hundruð tólfræð, auk hausa þorsks og ríklings. Voru þau því tíðum miðuð við burðarmagnið og talin sextán-, átján- og tuttugu-hundraðaskip o.s.frv. Allur fiskur og fugl var þá talinn í tólfræðum hundruðum, þ.e. 120 í hundraði hverju. “ (PJ; Barðstrendingabók).

Tólg (n, kvk) Feiti; mör sem hefur verið bræddur og látinn storkna. Tólg hefur frá fornu fari verið nýtt á ýmsan hátt, enda var feitmeti fyrrum eftirsótt til matar. Hún er notuð sem útálát á fisk og viðbit með ýmsum mat; til steikingar; til kertagerðar og til geymslu matvæla. T.d. var tólg oft hellt yfir kæfu og annað kjötmeti til að ekki kæmist loft að. Vafalítið stofnskylt sagnorðinu að „tálga“, enda er auðvelt að sníða tólg með hníf.

Tólgarkerti (n, hk) Kerti sem búið er til úr tólg fyrir tíma stearinkerta/vaxkerta. Kertagerðin hófst á því annarsvegar að feiti var brædd og hellt í djúpt ílát; gjarnan strokk. Kveikur/rak var búinn til úr ull, fifu, hrosshári eða léreftsræmum og fest á prik; gjarnan 6-8 saman. Rakinu var dýft ítrekað í bráðna tólgina, þannig að lag eftir lag hlóðst utan á það af storknaðri tólg; allt þar til kertið var hæfilega svert. Stundum voru steipt kóngakerti; þriggja arma kerti sem notuð voru á jólum og áttu að tákna vitringana þrjá frá Austurlöndum.

Tóm (n, hk) A. Ráðrúm; tómarúm; stund; tækifæri. „Mér gafst ekkert tóm til umhugsunar“. B. Það sem er tómt; það sem ekkert er í. „Hann sat um stund og starði út í tómið“.

- Tóm della / Tóms endaleyra / Tómt bull / Tómt kjaftæði / Tómt vitleysa / Tómt tjara / Tómt þvæla** (orðtök) Algert bull; einber þvættingur; innihaldslaust kjaftæði. Iðulega notað til áherslu þegar eitthvað gengur framaf mönnum sem sagt er.
- Tómarúm** (n, hk) A. Ráðrúm. B. Tómt; það sem ekkert er í.
- Tómahljóð** (n, hk) A. Hljóð í nær tómu íláti þegar það er hrist eða barið í það. B. Afleidd merking; merki um að eitthvað sé orðið lítið/að tæmast. „Það er eitthvað tómahljóð í sjóðnum, þessa stundina“.
- Tómhentur** (l) Án nokkurs í höndum; án veiði. „Við tökum þessi egg; við komum þá ekki tómhentir heim“.
- Tómlega** (ao) Af fálæti. „Hann tók þessu heldur tómlega, fannst mér“.
- Tómlegur** (l) Sem virðist tómur; ekki með miklu innihaldi. „Ósköp var fjósið tómlegt þegar kýrnar voru úti“.
- Tómleiki** (n, kk) A. Það sem virðist tóm/autt/innihaldslaust. B. Tilfinning eftirsjár/sorgar.
- Tómleiti** (n, hk) Hugsunarleysi; afskiptaleysi; sinnuleysi. „Hann sýndi þessu bara tómleiti“.
- Tómstund** (n, kvk) Tími manns utan skyldustarfa/vinnu; tími til að sinna áhugamálum/ til hvíldar.
- Tómstundabúskapur** (n, kk) Búskapur með fáar skepnur, sem menn stunda sér fremur til gamans en aðalatvinnu/viðurværis.
- Tómstundagaman / Tóms undaiðja** (n, hk/kvk) Það sem gert er sér til gamans í tómstundum.
- Tómt mál um að tala** (orðtak) Skiptir ekki máli; tilgangslaust að ræða það. „Kindurnar hefðu náðst ef ég hefði komið með þér; en það er tóm mál um að tala, fyrst ég hugsaði ekki úti það strax“.
- Tómt kjaftæði / Tómt þvæla** (orðtak) Algert bull; innihaldslaust tal. „Þetta er tóm kjaftæði hjá honum“!
- Tómthús** (n, hk) Hús/bústaður sem ekkert jarðnæði fylgir. Einkum notað um hús í þéttbýli á fyrstu tímum þéttbýlismyndunar Vestra var fremur rætt um *þurrabúð*.
- Tómur** (l) A. Auður; án innihalds. B. Eintómur; einber. „Ég held að þetta sé nú tóm skreytni hjá honum“ „Helluhnjúkur er eins og hann sé hlaðinn úr tómu hellum“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Hér eru tómir klettur í sjó“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).
- Tómur tilbúningur / Tóms þvættingur** (orðtök) Alger skáldskapur; *haugalygi*; *lygi frá rótum*.
- Tóna** (s) Syngja messu á sérstakan hátt, með sönglandi hátónum. Viðhaft af prestum við messugerð.
- Tónelskur** (l) Sem nýtur þess að hlusta á tónlist, og jafnvel er fær á sviði tónlistar.
- Tónlist** (n, kvk) List sem lýtur að notkun tóna, framleiddum með hljóðfæri eða mannsrödd.
- Tónlistarfólk** (n, hk) Manneskjur sem eru færar á sviði tónlistar. Í Kollsvík hafa verið tónlistarmenn svo lengi sem vitað er; bæði söngfólk og hljóðfæraleikarar. Sem dæmi um þá síðarnefndu má t.d. nefna Karl Kristjánsson á Stekkjarmel, sem spilaði á fiðlu, og Ásbjörn Helga Árnason í Tröð sem var löngum organisti í Breiðavíkirkirkju. Gott dæmi um söngfólk er Grundarfjölskyldan; Kristján Ásbjörnsson og afkomendur hans. Einkum voru Kristján Júlíus og Halldóra Kristjánbörn einstaklega tónelsk. Sú síðarnefnda var nánast sisynjandi og hafði mikla hæfileika á því sviði; sömuleiðis dóttir hennar Sigríður á Láganúpi.
- Tónn** (n, kk) A. Blær á hljóði; tóntegund. B. Rödd; skammir. Sbr *senda einhv. tóninn*.
- Tór** (n, kk) Torfusneplar/ reiðingsbútar í steinhlöðnum veggjum; haft til þéttingar í steinhleðslu til að veggfyllingin rynni ekki úr. *Stutla* var nafn á litlu priki sem notað var til að þjappa tórin og fyllinguna vel að hleðslunni og nefndist það verk einnig að *stutla*. „Þunnt torf sem haft var til þéttingar á veggjum var þarna kallað tór“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frásögn KJK). Oðið mun ekki hafa verið notað annarsstaðar í þessari merkingu, a.m.k. ekki í seinni tíð, en það er þekkt sem „bjarmi í skýjum“ og sem færiband í síldarþró (Ásgeir Blöndal; Ísl. orðsifjabók).
- Tóra** (n, kvk) A. Styttling úr *líftóra*; líf; lífsandi. „Mér er of annt um tórana í mér til að ég leggi ekki í svona glannaskap“! B. Um veður; glampi í auðan himin milli/neðan skýja. „Einhver tóra er enn í norðrinu“.
- Tóra** (s) Skrimta; lifa; *komast lífs af*. „Mér sýnist að lambið tóri; það þyrfti að koma einhverri velgju og mjólk í það“ „Ég ætla að halda í mína sérvisku meðan ég tóri“ „Nú þykir mér *tóra á tíkarskottinu*“!
- Tóra á tíkarskottinu** (orðtak) Um það sem er ótrúlegt/lygilegt/stórundarlegt; stórmerkilegt. „Nú þykir mér heldur en ekki tóra á tíkarskottinu; ef hann þykist vera orðinn forstjóri“!
- Tótt** (n, kvk) *Tóft*; leifar af húsi; veggjabrot/tóttarbrott. „Hér á Láganúpi var í tóninu hjáleiga sem hét Hólar. Þeir voru í byggð þegar Jarðamatsbók Árna og Páls var skrifuð þar er sagt að þar hafi byggst fyrir um 50 árum og síðast sem ég veit til er getið um Hólabónða í málsskjölum frá Sjöundármálum um aldam. 1800. Þessar bæjartóttir eru vel sýnilegar enn, þó sjálfsagt hafi verið rífið úr þeim grjótt. ... Svo er hér upp með Gilinu gömul tótt að mestu horfin í sandfok en mótar aðeins fyrir. Engin deili vita menn á henni. ... Bærinn Grundir var hér niðri við sjóinn. Hann fór í eyði um 1945. Þar standa allar tóttir að vísu nokkuð hrundar en

þó furðu lítið. Bæjartóttir eru þar allgamlar; hafa verið byggðar upp í sama form gegn um tíðina Svo er í Grundatúninu fjóstótt og undirstæður undan hlöðu. Einnig smíðjutótt og yngri hlöðutótt. Niðri á bökkunum var byggt grasbýli framan af þessari öld og sér fyrir þeim tóttum. Þarna á sjávarkambinum er annars tótt við tótt. Þar voru fjárhús frá Grundum og Láganúpi ásamt lambhúsum, hrútakofum og fjárrétt. Þarna voru fyrir löngu verbúðir, en upp úr þeim tóttum munu fjárhúsin hafa verið byggð. Í Tröð er mikið af tóttum, reyndar ekki mjög gamlar; byggt um 1910 af tengdaföður mínum, en þær standa mjög vel. Hann hlóð líka garð um túnblettinn. Hann hóf þar búskap um 1909. Á gamla bæjarhólum í Kollsvík eru margar tóttir. Þar var jafnan tví og þrjú og væri kannske þess virði að þessar rústir væru rannsakaðar betur. T. d. sést vel fyrir tótt af baðstofu sem hrundi eða fauk árið 1857 og varð af mannskaði“ (SG; Þjóðhættir í Kollsvík). Um rithátt; sjá *tóft*.

Tóttahróf (n, hk) Samanfallnar/ógreinilegar tóttir. „Veiðistöð var við Torftóttir, eins og básar grafnir við bakkana og tóttahróf þar við. Vermenn þar áttu að hafa séð til útilegumanna“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Tóttaleifar (n, kvk, fto) Leifar af tóttum; tóttabrot. „Á Seljagilseyrum voru tóttaleifar gamlar...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Tóverk (n, hk) Öll bönd sem þarf til báts; þar með talinn reiðabúnaður, legufæri og annað.

Tóvinna (n, kvk) „Það var kölluð tóvinna að vinna band úr ullinni og flíkur úr bandinu... Fyrst var ullin *táin*. Þá var hún greidd í sundur milli fingra sér og jafnað úr henni. *Tásan* var síðan kembd í gömlu grófu *kömbunum*. Eftir því sem greiddist úr ullinni í kömbunum var kembda ullin dregin úr þeim í lengju sem kölluð var *lopi* og lögð í rimlakassa sem hér *lár*. Þetta hét að *lyppa*. Áður en *rokkar* komu til landsins á 18. öld var allur lopi spunninn í band á *snældur*. Hér á landi voru *snældusnúðar* gjarnan úr beini eða tré á síðari öldum. Lengi vel var allt band unnið í *voðir*. Það var ekki fyrr en á síðari hluta 16. aldar sem menn lærðu að *prjóna* hér á landi. Vefstóllinn sem lengi var notaður hér var kljástainavefstóllinn, sem erfitt og seinlegt var að vefa á. Ný vefstólagerð barst til landsins árið 1724. Það var danski vefstóllinn, sem kallaður var, en miklu léttara var að vefa á hann. Prjónarnir ollu hreinni byltingu í tóvinnu, því þeir voru léttir í meðförum og hver sem var gat lært að prjóna. Oft var prjónað í myrkrinu á vetrarkvöldum þegar ljósmeti var af skornum skammti. Tóvinnan var mjög mikilvægur þáttur í störfum þjóðarinnar. *Vaðmál* til fatnaðar á heimilisfólki voru framleidd í íslenskum sveitum frá landnámi og fram um 1940.

Þegar búið var að vefa eða prjóna voð eða flík þurfti að *þæfa* hana. Við *þófið* varð flíkin þétt í sér, þykk, skjólgóð og entist betur. Það sem átti að þæfa var þvegið úr *keytu* og síðan undin úr því mesta bleytan áður en þófið hófst. Sokkar og vettlingar voru þæfðir í höndum sér, en peysur, pils og brækur voru þæfð í trogum. Vaðmálsvoð var oft þæfð undir fótum sér, en til var það að tveir menn þæfðu vaðmál á milli sín í tunnu sem lá á hliðinni og var opin í báða enda. Þá spyrntu þeir voðinni á milli sín innan í tunnunni.

Ef eitthvað finna átti að vinna, var *tekið ofan af* ullinni og hún stundum *hærð* líka. Í flestum reyfum af íslenskri ull eru þrjár tegundir hára. Yst eru löng og fremur gróf toghár, en niðri í reyfinu eru fin og mjúk þelhár. Einnig koma fyrir í sumum reyfum mjög gróf háir, misjöfn að lend, sem kallast *illhærunur*. Þegar vinna átti finan og fallegan dúk úr ull, t.d. kjólefni, þá var fyrst valin fin og þelmikil ull til að vinna úr. Síðan var tekið ofan af með því að draga togið uppúr reyfinu, en þelfóturinn sat eftir. Síðan þurfti að ná stuttu, grófu hárunum; illhærunum, úr þelinu. Það var gert með því að halda þellögðum upp að birtunni og tína úr grófustu hárin sem sáust. Stundum var þelinu troðið fast í lítinn poka og látið biða dálítinn tíma. Þegar þelið var tekið aftur úr pokanum, réttu stinnustu og grófustu hárin fyrst úr sér og voru tínd úr. Þetta hét að hæra þelið. Þelið var síðan kembt og spunnið úr því. Á 18. öld var farið að nota nýja gerð kamba, sem kallaðir voru ullarkambar. Þeir voru með virtennur festar í skinn, sem neglt var á fjöl með áföstu skafti. Fínasta gerðin af þessum kömbum var kölluð þelkambar. *Kembur* voru ekki lyppaðar heldur spunnið beint úr þeim. Hægt var að spinna mjög finan þráð úr þelinu. sumar tóvinnukonur báru *fótafeiti* af soðnum sviðalöppum sann við þelið til að það kembdist betur og hægt væri að teygja það í finni þráð við spunann.

Kjólefni úr finum einföldum þelþræði sem ofin voru með einskeftuvefnaði urðu áferðarfallæg, þunn og létt eins og finasta léreft. Tvinnuður þelþræður var líka notaður til að prjóna úr sérstaklega vandaða sokka, hyrnur sjöl og fina dúka. Togið var kembt í gömlu togkömbunum. Það var dregið þannig úr kömbunum að toghárin lægju því sem næst öll langs eftir þræðinum. Dregna togið var vafið upp í hönk sem síðan var spunnið úr. Togþræðurinn varð að vera með jafnan og harðan snúð. Togþræðurinn var notaður til að sauma með honum. Hann var sterkur, háll og gljáandi. Hann var líka notaður í vefnað og útsaum og til að flosa með. Þá voru net líka riðin með togþræði“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

„Það var mikið *ofið* á veturna. *Uppistaðan* var *tvistur*, *fyrirvaf* var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver, sem einnig voru notuð í verbúðunum. Oft var búið að vefa einn vef og *fella niður* fyrir jól. Við krakkarnir *rétum í haföldin* og *skeiðina*. Það var mestmegnis ofið í öll fót; lítið sem ekkert keypt af útlendu fataefni. Nærföt, buxur og skyrtu voru úr hvítum vaðmálsdúk. Já ég varð svo fræg að spinna þráð í vef“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

„Ef nota átti bandið í vinnupeysur karla eða grófari sokkaplög var kembt saman tog og þel, eða notað

- eingöngu tog; en tekið var ofan af sem kallað var þegar tog og þel var aðskilið“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Traðir** (n, kvk, fto) Laut eða opin göng sem farið er um; oftast manngerð. „Hestavegurinn liggur víða í tröðum sem myndast hafa af aldalangri notkun og úrkasti *lausagrjóts*“. „Snjómoksturstækin skilja eftir sig traðir“.
- Traðjark** (n, hk) Ið; spark; læti. „Verið ekki með þetta traðjark í sófanum strákar; hann gæti liðast í sundur“!
- Traðjarkast** (s) Brauðhófast; fara um með látum. „Getið þið ekki traðjarkast annarsstaðar strákar“?
- Traðjóra** (s) Spora út; óhreinka með umferð. „Vertu ekki að traðjóra um allt á stígvélunum inni í húsi“.
- Traðk / Tramp** (n, hk) Spark; troðningur; fótspor. „Í hellisskúttanum var mikið traðk eftir sauðfé“.
- Traðka / Trampa** (s) Stíga; spora, bæla með átroðningi/göngu. „Nú hefur kattarfjandinn traðkað á blautri steypunni“! „Gætið þess að traðka ekki mikið yfir óslægjuuna þegar þið rekið féð útaf“.
- Traf** (n, hk) Klútur; klæðisbútur. T.d. höfuðklútur eða sárabindi.
- Trafaaskja** (n, kvk) Lítil askja til geymslu á trafi o.fl.
- Trafakefli / Trafastokkur** (n, hk/kk) Sívalningur úr tré, notaður til að slétta/strauja lín og annan vefnað, og fjöl til að velta honum. Klæðinu var þá vafið utanum sívalninginn, og honum svo velt með fjölinni, sem oft var með handfangi og iðulega skreytt á einhvern hátt.
- Trafali** (n, kk) Hindrun. Sjá *til trafala*. Orðið trafali er stofnskyld orðunum „truflun“, „traf“ og „trefill“; þ.e. vísar til þess að eitthvað druslist; flækist fyrir. Hugsanlegt er að trafali hafi einhverntíma verið heiti á hafti sem fætur dýra eru bundnir með, til að geta hæglega náð þeim. Enska sagnorðið „travel“ (ferðast) merkti líklega í byrjun að komast yfir hindranir/trafala.
- Traktera** (s) Bjóða; bera fram. „Jónsi trakteraði mig á hangiketi með ananaskurli og æðareggjum“.
- Trakteringar** (n, kvk, fto) Meðferð; veitingar. „Það voru víst kjarnyrta trakteringar sem þingmaðurinn fékk á fundinum“. „Ég fékk þessar finu trakteringar á bænum og var að auki nestaður þegar ég fór“.
- Traktor** (n, kk) Dráttarvél. Sletta, t.d. í ensku „tractor“.
- Traktorskvísl** (n, kvk) Stór heykvísl sem sett er á ámoksturstæki traktors og notuð t.d. til að moka heyi uppá heyvagn. „Ég rétti tindinn sem bognaði í traktorskvíslinni“.
- Trala** (s) Syngja án þess að leggja áherslu á texta; raula. „Karlinn var í góðu skapi; söng og trallaði“.
- Trampa** (s) Stíga fast til jarðar; hlunkast. „Passið að trampa ekki niður plönturnar í beðunum strákar“.
- Trampari** (n, kk) Gönguskór; *spássersskór*. „Þessir nýju tramparar eru alveg *öndvegisping*“.
- Trana** (n, kvk) A. Vansköpun/líkamseinkenni í andliti, þannig að efri kjálki gengur áberandi langt framyfir þann neðri. „Lambið er með svakalega trönu; ég er ekki viss um að það lifi lengi“. B. Rá/hjallur til þurrkunar á fiski. „Hausar og fiskur eru hengdir á trönu; hryggirnir þurrkaðir á reitunum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveiri; Niðjatal HM/GG). C. Fótur/statív undir málverki.
- Trana sér fram** (orðtak) Ota sér fram; hampa sjálfum sér; ryðjast fram. „Ég vil ekki trana mér fram fyrir aðra“.
- Transporta** (s) Flytja; fara; ferja. „Við þurftum sjálf að transporta mjólkinni inn í Hænuvík“. Oft í merkingunni fara: Hvert ætlar þú núna að transporta“?
- Trantaralýður** (n, kk) Ruslalaralýður; rumpulýður; þrjótar. „Ég vil ekki sjá svona trantaralýð hér úti vikur“!
- Tranthali** (n, kk) Örnefni í Kollsvíkurlandi, brött brekka við heimari enda Bekksins. „Ekki er vitað um nafnskýringu, en hugsanlega hefur Bekkurinni í Núpnm einhverntíma heitið „Trantur“ og Tranthali hefur þá merkt endann á honum, líkt og orðið Túnshali, handnmeigin í Vikinni“.
- Trantur** (n, kk) Kjaftur; munnur. „Ekki vantar á hann trantinn, þennan bölvaðan strigakjaft“!
- Trappa** (n, kvk) Stigi; þrep í stiga. „Hann var orðinn fremur stírður í stiganum og steig báðum fótum í hverri tröppu“.
- Trappa** (s) A. Trampa; stíga á. B. Gera í þrepum. „Lyfjagjöfin er tröppuð niður þegar einkenni minnka“.
- Trassa** (s) Um verk; draga; *slóðast* með. „Þú mátt ekki trassa námið“.
- Trassa von úr viti** (orðtak) Trassa lengi. Sjá *draga von úr viti*.
- Trassafenginn / Trassalegur** (l) Slóðalegur; seinn til framkvæmda. „Hann er nú stundum óttalega trassafenginn“. „Skelfing geturðu verið trassalegur með þetta“!
- Trassaháttur / Trassaskapur** (n, kk) *Sleðaháttur*; leti; dráttur á verki/máli. „Þetta er óafskanlegur trassaskapur“!
- Trassalegur** (l) Latur; slóðalegur.

- Trassi** (n, kk) Slóði; framkvæmdalítil. „Skelfilegur trassi ertu með fráganginn á þessu drengur“!
- Trauðfundinn** (l) Vandfundinn; sjaldgæfur. „Sá maður er líklega trauðfundinn sem leikur þetta eftir“.
- Trauðfær** (l) Ekki greiðfær. „Ég er hræddur um að sú leið geti verið trauðfær“.
- Trauðla / Trauðlega** (ao) Erfiðlega. „Betri maður er trauðla fundinn í þetta verk“. „Trauðlega trúi ég því“.
- Trauður** (l) Erfiðlegur; erfiður; vandasamur. „Mér finnst trautt að treysta þessu veðurútliti“.
- Traust** (n, hk) Trúnaður; öryggi. „Ég set allt mitt traust á að þetta takist“. Ekki ber ég mikið traust til þessarar blessuðu ríkisstjórnar“!
- Traustabrestur** (n, kk) Brak/brothljóð/marr í hlut, án þess að skaða verði vart. „Í miklum stormi heyrðust allskonar hljóð í gamla húsinu. Afi sagði að þetta væru bara traustabrestir“.
- Traustur** (l) Öruggur; sterkur; haldgóður. „Heldurðu að gamli vaðurinn sé fyllilega traustur“?
- Traustabrestur** (n, kk) Brak/hljóð sem ekki er merki um skemmd eða veikleika. „Í hvassviðri gnauðaði margbreytilega í gamla Láganúpshúsinu og söng hátóna í símalínunum. Undir það spil *dunkuðu* traustabrestir í máttarviðum, svo úr varð áheyrilegasta simfónía“.
- Traustatak** (n, hk) Öruggt/traust tak. Sjá *taka traustataki*.
- Traustbyggður** (l) Rammgerður; vel byggður/gerður; sterkur.
- Traustlega** (ao) *Rammlega*; vel; örugglega. „Sperrur voru traustlega negndar með hnykktri firtommu“.
- Traustur ís** (orðtak) Ís sem unnt er að treysta; *mannheldur* ís. Hið gagnstæða er *ótraustur* ís.
- Traustverður** (l) Sem unnt er að treysta; sem er trausts verður; trúverðugur.
- Trautt er að þjóna tveimur herrum** (orðatiltæki) Erfitt er að hafa tvo yfirmenn/ að fá misvísandi fyrirskipanir úr ólíkum áttum.
- Tregast / Tregðast** (s) Dregur úr veiði. „... tregaðist fiskur svo mjög að menn slitu aðeins upp drátt og drátt með allöngu millibili“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Tregða** (n, kvk) Mótþrói; viðnám; hindrun; *treggjaldi*. „Einhver tregða er í þeim að samþykkja þetta“.
- Tregðast** (s) Verða tregur. „Eitthvað er rennslið farið að tregðast í vatnslögninni“.
- Tregðast við** (orðtak) Streitast á mótí; halda aftur af sér; *standa fastur á sínu*; *móast/þverskallast við*. „Hann tregðast enn við að greiða að fullu“.
- Tregðulaust** (l) Án tregðu/vandkvæða; liðugt; lipurt. „Það gekk tregðulaust að koma fénu upp á brún“.
- Tregðulögmál** (n, hk) Grundvallarlögmál um hreyfingu massa, sem segir að massi muni halda þeirri ferð og stefnu sem hann hefur meðan ekki verka á hann neindir kraftar. Ein birtingarmynd tregðulögmálsins er miðflóttaaflíð. Tregðulögmálið er gjarnan kennt við Isaac Newton.
- Tregfiski** (n, hk) Treg veiði; aflaleyfi. „Í tregfiski var smærri fiskurinn alltaf viljugri en sá stóri“. „Í tregfiski kom fyrst í ljós munurinn á *aflaklóm* og *fiskifælum*. Þá voru góðir *dráttarmenn* alltaf að draga öðru hvoru þó aðrir fengu *ekki nokkurn ugg*“ (GG; Skútuöldin).
- Treggáfaður** (l) Illa gefinn; heimskur; *skilningslaus*. „Ég hélt að hann væri ekki svona treggáfaður“.
- Treggjaldi** (n, kk) Hindrun; tálmi; tregða. Fremsti hlutinn í ruddri vör; oft stórgrýtisþröskuldur sem ekki tókst að ryðja, en var viðsjárverður á stærstu fjörum. Þessi forna vísa drepur á ýms heiti á varasömum grynningum, þó eitthvað hafi hún ruglast í ríminu: „Ég get djarft úr flokki talið;/ flögur, flesjur, flösur, hnúfur/ treggjaldi, töskur, naggur/ klöpp, hleinar, boðar“. (LK; Ísl.sjávarhættir). Í Kollvík var orðið notað um hindrun af ýmsu tagi. „Einhver bölváður treggjaldi er nú kominn í niðurfallið“.
- Tregi** (n, kk) A. Sorg; söknuður. B. Tregða; treggjaldi. „Það er enn einhver tregi í vatnsrennslinu“.
- Treglega** (ao) Erfiðlega; varla. „Mér hefur gengið fremur treglega að fá þetta greitt“.
- Treglæs** (l) Illa læs; seinlæs; rekur í vörðurnar. „Hann komst í gegnum þetta, en ósköp er maðurinn treglæs“.
- Tregur** (l) A. Ekki viljugur; seinn; þverskur. „Við vorum berlappaðir og rollurnar voru tregar til að hreyfa sig“ (IG; Æskuminningar). B. Tornæmur; skilur illa; ekki vel gefinn. „Mikið andskoti geturðu verið tregur ef þú skilur þetta ekki“! C. Um afla; lítill afli; lítið fiskirí. „Það var mjög tregt og *illt í sjóinn*; það lagði á norðan *spænu* með *hálfgerðum brimhroða*“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „100 fiskar í róðri þótti tregur afli, en 200 og meira þótti góður afli“... „Áður en vertíð lauk var fiskur oft orðinn tregur á línu“ (KJK; Kollsvíkurvei). „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).
- Tregur í taumi** (orðtak) Ekki *leiðitámur*; lætur illa að stjórni; þrjóskur. „Þeim þótti hann fremur tregur í taumi í þessu máli“.

Treikantur (n, kk) Það sem er þríhyrningslagað. „Efsti hlutinn á Flötinni er treikantur“.

Teikantþjöl (n, kvk) Þrístrend þjöl. „Réttu mér teikantþjölina“.

Treikvart / Treikvarttomma / Treikvartmetri / Treikvartlítri (n, kvk/kk) Þrír fjórðu mælieiningar.

Treikvartborð (n, hk) Borðviður/fjöl sem er um þrjá fjórðu úr tommu að þykkt.

Treikvartsaumur / Treikvartskrúfa (n, kk/kvk) Saumur/skrúfa sem er þrír fjórðu tommu að lengd. „Það er líklega máttulegt að hafa treikvartskrúfur í lömunum“.

Treikvarttomma (n, kvk) A. Lengdin tveir fjórðu tommu. B. *Treikvartsaumur*.

Treikvarttunna (n, kvk) Tunna sem tekur þrjá fjórðu úr rúmmáli heiltunnu, eða 90 lítra.

Treitomma (n, kvk) Þriggja tommu saumur/nagli. „Ég fékk pakka af galvaníseraðri treitommu“.

Treina (orðtak) Spara; geyma sér. „Það verður að treina sér tóbakið fram að næstu Eyrarferð“.

Trekk í trekk (orðtak) Aftur og aftur. „Hann reyndi þetta trekk í trekk, án nokkurs árangurs“. Dönskuselтта; træk = lota. Af sama stofni eru orðin *trekkja* og *trekkur*.

Trekkja (s) A. Draga upp, t.d. gangverk í klukku; strekkja á. B. Vera/myndast súgur. „Ansi trekkir mikið innmeð hurðinni þegar veðrið stendur uppá hana!“ C. Æsa upp. „Vertu nú ekki að trekkja strákin svona fyrir svefninn“!

Trekklaus (l) Án gegnumtrekks/dragsúgs. „Þetta var allra þokkalegasta verbúð grafinn að mestu inn í hól, og var hún því að mestu trekklaus“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Trekkur (n, kk) Einkum notað um óæskilegan vind í húsum; *gegnumtrekkur*. Hinsvegar þurfti að trekkja hæfilega mikið upp um reykháfinn þegar kynt var með kolum eða olíu. Var þá *trekkspjald* í skorsteininum sem takmarkaði trekkinn og kom í veg fyrir að reyknun *slægi niður* og inn í hús.

Trekkur (l) Æstur; taugaspenntur.

Trekt (n, kvk) Keilulaga hólkur, oft notaður til að hella vökva í ílát. „Mundu eftir að setja bensínbrúsann og trektina í bátinn“.

Trektlaga / Trektlagaður (l) Eins og trekt í laginu; *uppviður*.

Treyja (n, kvk) Yfirhöfn að ofanverðu. Orðið var almennt notað fram um miðja 20.öld en hefur nú nánast alveg vikið fyrir öðrum, s.s. jakki, blússa, hettupeysa, flíspeysa, úlpa o.fl.

Treysta (s) A. Bera traust til; reiða sig á. „Ég treysti honum fullkomlega fyrir þessu“. B. Gera öruggara/traustara; styrkja. „Ég nglði klampa utaná sperruna til að treysta hana“. C. Kanna styrk með því að reyna á. „Áður en haldið var á bjargið var vaðurinn alltaf treystur með því að binda hann um jarðfastan stein eða annað og síðan lögðust bjargmenn allir í hann af fullum þunga“.

Treysta á (orðtak) Reiða sig á. „Þó kom það fyrir að *þurrabúðarfólk* hafðist þar við með fáeinar kindur, en treysti að öðru leyti á *sjávargagn* sér til framfærslu“ (HÖ; Fjaran). „Þórarinn átti styttri leið í Verið og treysti á það“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Treysta sér til (orðtak) Telja sig færan um. „Hann treysti sér ekki til að klifa upp á Völlinn“.

Treystast (s) Treysta sér. Endingin hefur fyrrum verið –sk, sem er stytting úr „sik“ eða „sig“. Þannig endingu fengu fleiri sagnorð, s.s. „kastast“; farast“; „heimtast“ o.fl. „Þrír þeirra treystust ekki til að leggja strax af stað aftur ...“ (SbG; Björgun undir Látrabjargi; Árb.Barð; 1948).

Treystist (ekki) til (orðtak) Treysti mér/sér (ekki) í. „Ég treystist varla til að fara einn með nautið“. „Hann treystist ekki til að kaupa bílinn þegar á reyndi“.

Tré (n, hk) A. Stórvaxin fjölær planta, iðulega með sveran bol með eiginleikum sem gera hann eftirsóttan til smíða. B. Viður; timbur; efni í/úr bol trjáplöntu. C. Mastur/siglutré á skipi.

Tré skal frá tagli rífa en rót telgja/saga (orðatiltæki) Speki sem segir til um skynsamlega vinnslu trábols/rekaviðs. Æðar trésins liggja inn að miðju uppfrá rótinni. Því skyldi jafnan tálga (telgja) frá rótinni til að hnifurinn leiti ekki inn í efnið. Sama gildir þegar tré er sagað: Ef byrjað er frá krónu (tagli) mun sagsársárið lokast og sögin festist, en sé byrjað frá rót mun það opna sig. Ef skipta skal tré með því að rífa það með fleygum er hinsvegar rétt að byrja frá krónu (tagli); þá klofnar jafn planki (bak) utanaf bolnum. Ef byrjað er frá rótinni er líklegt að einungis rifni inn í bolinn en ekki alla leið.

Tréhestur (n, kk) A. Hestlíkneski úr tré. B. Niðrandi heiti á manni sem þykir skilningssljór eða stirður í samskiptum.

Tréklumpur (n, kk) Vænn/þykkur en stuttur bútur af tré/trjabol; viðarbútur. „Ég stillti tréklump undir tjakkinn til að hann næði upp í hásinguna“.

Trémaðkur (n, kk) *Trjámaðkur* (sjá þar).

Tréna (s) A. Um jurtir; verða trékenndur og með seigar trefjar. B. Um fólk; gleyma; hætta að muna. „Ég er líklega farinn að tréna dálítið í algebrunni“. C. Trénast Um fólk; verða langþreyttur á einhverju; gefast upp. „Ég fer nú að trénast á þessum félagsstörfunum ef áhuginn er almennt að hverfa hjá öðrum“.

Trénaður (l) A. Um jurt; farin að tréna. B. Um fólk; orðinn gleyminn/stirður/ leiður á.

Trénast upp á (einhverju) (orðtak) Verða þreyttur/leiður á einhverju; gefast upp á einhverju. „Ég fer alveg að trénast upp á þessum félagsstörfum ef enginn áhugi er hjá öðrum“.

Trénagli / Trépollur (n, kk) Lítill pinni/nagli úr tré/viði. „Heima (á Lambavatni) var svo slátrað þeim skepnum sem voru ætlaðar sem *kjötförði* fyrir heimilin. Fyrir sláturdaginn var afi minn búinn að útbúa litla trénagla sem hann notaði til að verka hangikjötið í salt. Það var saltað *nýslátrað*; stráð í það volgt og staflað upp í stæðu. Tekið var í reykhelst geldfé; gjarnan valið vænt fê. Tekin voru *krof* af því; þ.e. skrokkurinn tekinn í sundur þvert aftanvið bógana, og læri, hryggur og síða saltað í heilu lagi. Svo var framparturinn klofinn eftir hrygg, og þá fór afi að nota trépollana sína. Skorið var inn með herðablaðinu í einskonar vasa og þar var sett salt í vasann. Svo var nælt fyrir með trénöglunum svo saltið rynni ekki úr þessum vasa. Þetta var gert til þess að öruggt væri að saltaðist jafnt um þetta stykki. Þetta var kallað *skammrifsbrók*. Dilkakjötið var svo saltað í tunnu“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Tréni (n, hk) A. Trefjar í trénaðri jurt; trénuðum ávexti. B. Sellulósi; beðmi; fjölsykra sem gefur flöntufumum styrk og er eitt af næringarefnum í plöntum. Aðeins þau dýr geta nýtt sér tréni til fæðu sem hafa viðeigandi ensím í örverum í þörmum sínum.

Tréreisa (s) Reisa siglutré á báti. „Þegar *segblúid* var fylgdu því ýmiss konar fyrirskipanir formanns til háseta: Setjið upp og greiðið úr seglum! Tréreisið! Takið til!..“ (LK; Ísl. sjávarhættir III, sjá *sigling*). „Það var ekkert annað en fara að ausa uppá karft; leggja upp árar og tréreisa sem kallað var, en það var að reisa mastrið og draga upp þversegl sem var í þá daga í flestum bátum í Kollsvík“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Tréskeri / Tréskurðarmaður (n, kk) Myndskeri; útskurðarmaður; sá sem sker út í tré.

Tréskurður (n, kk) Útskurður; myndskurður.

Trésmiður (n, kk) Sá sem smíðar út tré.

Trilla (n, kvk) A. Tiltölulega lítill vélbátur, oftast ódekkður; *trillubátur*. Upphaflega átti heitið einungis við vélina. B. Litill vagn með hjólum, *hjólattrilla*. C. Lagstúfur. „Hann tók háværar trillur meðan hann saltaði í óðakappi“.

Trilla (einhverju) (s) Flytja eitthvað á farartæki/trillu. „Ég trillaði einum hjólbörum af skít upp í garðinn“.

Trillubátur (n, kk) Trilla; lítill vélbátur. „Eftir að Einar bróðir byggði á Gjögnum kom þar fljótlega bryggja, þannig að aðstaða til útgerðar trillubáta þaðan batnaði til muna“ (ÖG; Glefsur og minningabrot/fiskiróður).

Trimma (s) Nýleg enskusletta; hlaupa. Upphaflega um líkamsrækt, en notað um ýmiskonar gönguferðir.

Trippa (n, kvk) A. Mertryppi. B. Niðrandi heiti um konu sem þykir léttúðug eða líking um ódæla stelpu.

Trippi (n, hk) Ungur hestur, fárra vetra.

Trissa (n, kvk) A. Skoruhjól, t.d. í blökk/talíu. B. Það sem farið er, sbr orðasambandið *út um allar trissur*. Uppruni orðsins hefur vafist fyrir málfræðingum. Líklega er stofninn sami og orðsins træde í dönsku, sem merkir að fara eða ganga.

Trínitatis Þrenningarhátíð; fyrsti sunnudagur eftir hvítasunnu. Aðrir sunnudagar voru við hann miðaðir í fyrria tímatali; fyrsti, annar, þriðji o.s.frv sunnudagur eftir trínitatis. Trínitatis var fyrst skipaður helgidagur af Jóhannesi 22. páfa, á 14.öld, til heiðurs heilagri þrenningu.

Trítill (n, kk) Sá sem er lítill; gæluorð um lítinn strákr; rindill.

Trítílóður / Trítílvitlaus (l) Snarvitlaus; mjög æstur; *frá sér* af reiði/æsingi. „Karlinn varð alveg trítílóður þegar hann frétti af þessu“. „Ég tala ekki við hann meðan hann er enn svona trítílvitlaus“!

Trítill (n, hk) A. Tif; létt og títt fótatak. „Þeir sem sváfu í bragganum sögust hafa heyrt títlíð í músunum innanþilja“. B. Gæluorð um stutta gönguferð. „Ég læt mig ekki muna um svona stutt trítill“.

Trítla (s) Ganga stuttum skrefum; keifa. „Ég ætla að trítla norður á Mel og gá að lambénu“.

Trjábólur / Trjáviður / Trjástofn (n, kk) Rekaviður; rekatré. „Þetta er ári jafn og myndarlegur trjábólur, líklega lítið maðksmoginn“.

Trjábútur / Trjádrumbur / Trjástubbur (n, kk) Stutt tré. „Ég henti þessum trjádrumb upp fyrir flæðarmál“.

Trjáhnyðja / Trjárót (n, kvk) Rót trés, einkum eftir að hún er sjórekin. „Þarna var rekin stór trjáhnyðja“.

Trjávistur (n, kk) Kvistur í viði. „Þetta er hart eins og trjávistur“.

Trjávöðla (n, kvk) Kvoða úr viði; harpix.

Trjámaður (n, kk) *Trémaður*; Teredo norvegica. Samloka af timburmaðkaætt sem lifir í N-Atlantshafi; eins og ormur í lögun. Fremst á líkamanum eru örsmáar hvassar skeljar og með þeim borar maðurinn göng í viðinn, sem hann síðan húðar með kalki. Hann verður allt að 30 cm langur og veldur oft miklum skaða á t.d. bryggjustólpum, skipum og öðru. Rekaviður er oft mjög *maðksmoginn*, einkum í ytra byrði, og stundum ónýtur til smíða vegna þess. Þá sljóvgar kalkið mjög bit í sögum og öðrum eggjárnnum.

Trjáreki / Trjáviðarreki (n, kk) Reki trjáviðar. „Fyrir kemur að trjáreki er undir Breið eða í Vatnadalsbót...“ (HÖ; Fjaran). „Í lítilli sandvík sem er milli Gvendarhleinar og Melsendakletta er stundum nokkur trjáreki. Líklega er rekasæld þar hin mesta í Kollsvík- og Láganúpslandi“ (HÖ; Fjaran).

Trjárækt (n, kvk) Ræktun trjáa. Trjárækt hefur ekki verið stunduð í Kollsvík. Páll Guðbjartsson gerði tilraun um miðja 20.öld til að planta í reit heiman Litlavatns. Plönturnar döfnuðu margar vel, en eyddust um leið og fé komst yfir girðinguna kringum reitinn. Á 8.áratugnum voru runnaplöntur settar niður í reiti í Urðunum í Kollsvík og Láganúpi, en drápust þegar það *lenti í útideyfu* að planta þeim út. Síðar kom Sigríður Guðbjartsdóttir sér upp runnum í garði sínum, og stuttu síðar komu runnar einnig við Kollsvíkurhúsið.

Trjátegund (n, kvk) Tegund af tré. „Enn hafa trjátegundir ekki verið greindar í holunum í Bótinni“.

Trjáviður (n, kk) Viður; tré sem efni. „Þetta var allt smíðað úr trjáviði“.

Trjóna (n, kvk) A. Það sem skagar fram. B. Framendi/nef á skelfiskplóg.

Trjónukrabbí (n, kk) *Hya araneus*. Stór tífættur krabbí sem algengur er í grunnsjó við landið. Í Útvíkum er hann algengari en bogakrabbí. Bakskjöldurinn mjókkar fram í trjónu og verður allt að 8 cm á karldýrum en um 6 hjá kvendýrum. Augun standa á stuttum stilkum sitthvorumegin á trjónunni. Stuttir fálmarar eru við augun. Undan skelinni að aftan kemur flatur hali sem liggur þétt framundir kviðinn. Halinn er bogadreginn á kvendýrum, en hliðar inndregnar hjá körlum. Trjónukrabbinn hefur fjögur pör af gangfótum, sem eru lengri en skelin. Fremst hefur hann tvær griptengur sem enda í sterklegri kló. Litur er brúnn eða rauðbrúnn, en nærri hvítur að neðan. Skelin roðnar mjög í sólarljósi. Trjónukrabbinn er rándýr sem ét bæði hræ og þær lífverur sem þeir ráða við. Í fjörunni má oft sjá mikið af krabbaskeljum sem fugl og önnur kvikindi hafa étið úr.

Troða (s) A. Þjappa/þvinga hey/ull eða annað í poka/körfu/hlöðu eða annað ílát. „Það þarf að troða svo vel í ullarballann að ekki lauti undan fingri“. „Það er mikið atriði að jafna vel í vothesgryfjunni og troða vandlega, ekki síst með veggjunum svo ekki nái að mygla“. B. Stíga á; þjappa snjó í ófærð. „Það er dálítill *kreppja* í snjónum svo það er ágætt að troða núna; betra er að leggja förin meðan snjórinn treðst vel“.

Troða af giftingu (orðtak) Viðhaft um það þegar fiskur dettur af færi áður en næst að innbyrða hann. Upprunalega merkir það að annar aðilinn hlaupi frá áætlaðri giftingu. Orðtakið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Troða illsakir við (orðtak) *Standa í illindum við*; eiga í illdeilum við; vera andstæðingur. „Ekki er ég sammála þessu, en ég nenni kannski ekki að troða illsakir við þá útaf því“.

Troða í kóng (orðtak) Setja í pípu og fá sér að reykja. „Nú held ég að ég setjist niður og troði í kónginn“.

Troða marvaðann (orðtak) Svamla í sjó/vatni í þeim tilgangi að halda sér á floti án þess að um sund sé að ræða. Mar merkir sjó og vaði er nafnorðsmynd sagnarinnar að vaða.

Troða niður skóinn (orðtak) *Níða/rakka/tala niður* málefni/persónu; tala illa um. „Mér finnst illa gert að troða niður skóinn af þessu ágæta framtaki, og gera það tortryggilegt“. Sjá *níða skóinn niður af (einhverjum)*.

Troða sig út (orðtak) Borða í óhófi; *steyta/þenja vömbina*.

Troða (einhverjum) um tær (orðtak) Valda ónæði/ágangi; þvælast fyrir. „Það væri vel þegið fá gistingu, en síst vildi ég þó troða ykkur um tær“.

Troða (einhverju) upp á (einhvern) (orðtak) Þvinga einhvern til að taka við einhverju/ meðtaka eitthvað. „Gegnum aldirnar hefur guðsorðinu verið troðið uppá mannskapinn frá vöggu til grafar“.

Troðast undir (orðtak) Verða undir í miklum troðningi/ mililli þröng. „Gættu þess að engin troðist undir þegar þú gfur föðurbætinn á garðann“.

Troðfylla (s) Yfirfylla; fylla svo þvingað sé í. „Ég er búinn að troðfylla þennan ullarballa“.

Troðfylltur (l) Yfirfylltur; fylltur svo þvingað sé í. „Eftir að kerran hafði verið troðfyllt var lagt af stað“.

Troðinn / Troðfullur (l) *Smekkfullur; sneisafullur; pinsfullur*. „Þá held ég að þessi gryfja megi heita troðin“.

Troðin í rjáfur Um hlöðu; troðin af heyi upp í rjáfur. „Efri hlaðan er troðin í rjáfur en eitthvað pláss er í hinni“.

Troðjúgra (l) Um kýr; með júgur þrútin af mjólk. „Það þarf að létta aðeins á kúnni strax og hún er borin; hún er orðinn svo troðjúgra“.

Troðningur (n, kk) A. Þröng; þyrping; þrengsli. „Vertu við réttardyrnar svo þar verði síður troðningur þegar við hleypum fénu út“. B. Troðinn stígur; gata.

Troðsnjór / Troðslusnjór (n, kk) *Hnoðsnjór*. Snjór sem klessist auðveldlega saman, en þó ekki mjög *krapkennur*. Samgöngur í Rauðasandshreppi að vetri eru oft slæmar í miklum snjóum, enda ekki daglegur mokstur að hálfu þess opinbera. Því var mikilvægt, þegar hæfilegur troðslusnjór myndaðist vegna hlýjukafla, að grípa tækifærið og leggja góða slóð þar sem miklar fannir voru. Voru sumir bílstjórar einkar lagnir við slíkt, og oft var ekið heilan vetur á slíkri slóð; iðulega nokkuð utan eða ofan vegar. Bæði orðin heyrðust notuð; troðslusnjór þó oftar.

Trog (n, hk) Ílát úr tré, sem mikið var notað við allskyns matargerð; geymslu og framreiðslu matar fyrrum. Trog er vanalega flatt með lágum hliðum, sem oft eru hallandi. *Mörtrog* er til á Láganúpi og var til skamms tíma notað til að hnoða mör. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason, afi minn, smíðaði flest ílát í sveitinni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Troll (n, hk, linur frb) Botnvarpa. Úr ensku; „trawl“; sem að stofni er sama orðið og „trefill“.

Trolla (s) Veiða í troll/botnvörpu. „Sú var tíðin að togarar máttu trolla hérumbil uppi í kálgörðum“!

Trollfiskur (n, kk) Fiskur sem veiddur er í troll/botnvörpu. Hefur einatt verið talin verri vara en fiskur veiddur á krók.

Trollgarn (n, hk) Sterkt band, ca 5mm lína, sem notað er til ýmissa hluta, bæði á sjó og landi. Nú framleitt úr gerviefnum. „Einnig þurfti að útbúa lóðir, meðan þær voru enn notaðar í Kollsvíkurverri. Trollgarn var notað í lóðarþinn“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).

Trollkúla (n, kvk) Kúla sem notuð er til að fleyta höfuðlínu á trolli og halda því þannig opnu í drætti. Trollkúlur hafa ætíð rekið mjög á fjörur í Kollsvík og víðar; fyrst úr járn, síðar áli og síðast úr plasti.

Trollpoki (n, kk) Aftasti hluti trolls/botnvörpu, sem fiskurinn safnast í þegar veitt er.

Trollspil / Trollvinda (n, hk/kvk) Vélknúíð/vökvaknúíð spil á togara til að draga inn trollið.

Trollstakkur (n, kk) Oliustakkur; sjóstakkur; vatnsheldur hlífaðarfatnaður sem menn steypa yfir sig sem einskonar hempu. Oftast eru menn þá í klofstígvélum og með sjóhatt.

Tromla (n, kvk) Sívalningur; tunna. Gjarnan átt við stóran sívalning til að vinda vír eða tóg uppá, eða tunnu í þvottavél.

Tromma (n, kvk) Trumba; ásláttarhljóðfæri.

Tromma (s) Slá taktfast á eitthvað. „Hann trommaði fingrum á borðið meðan hann hugsaði“.

Tromp (n, hk) Litaröð í spilum sem hefur meira gildi en aðrar. Stofnskylt enska orðinu „triumph = sigur“.

Trompa (s) A. Í spilum; taka slag með *trompi*. B. Í líkingamáli um að hafa betur með snjallri aðferð; máta.

Trompa út (orðtak) Setja tromp út í forhönd þegar spilaður er litur (tromp) t.d. í vist eða bridds.

Trompast (s) Brjálást; fara á toppinn. „Hann myndi trompast ef hann vissi af þessu“.

Tros (n, hk) Fiskur, annar en fletjandi þorskur, svo og innmatur úr fiski. „Saltaður steinbítur var oflega nefndur tros. Einnig náði þetta heiti yfir annan saltaðan soðmat, t.d. lúðu, skötu og kola“ (KJK; Kollsvíkurver). „Steinbítur sem veiddist seinnipart sumars var saltaður í tunnur og síðan tekinn upp og stráð í hann salti; þá var hann kallaður tros“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Trosna (s) Um band/við; rakna upp í enda; *strúast*. Benslaðu endann á vaðnum svo hann trosni ekki“. „Tréð er *stráheilt*, en dálítið trosnað í endana“.

Trosnað (l) Um band; strúað/raknað/núíð/*dregið* svo ystu þættir losna og veikjast.

Trossa (n, kvk) A. Haugur/flækja af bandi/línu/vað/netum. B. Strengur; nokkur fiskinet sem bundin eru enda í enda. „Það má hafa nokkrar trossur af grásleppunetum á Bótinni undan Sandagilinu, en ekki má hafa mörg net í hverri til að lenda ekki á sandi“.

Tróð (n, hk) Það sem troðið er í. A. Fylling sem höfð var stundum í þaki torfhúsa, s.s. lyng, hrís o.fl. Einnig í rúmflæti. B. *Kjalföttun* á skipi.

Tróna (s) A. Hreykja sér hátt; vera á veldisstóli/tróni. B. Skaga hátt til lofts. „Efst á Stórafellinu trónir tvöföld sambyggð varða, meistaralega hlaðin af Guðbjarti Guðbjartssyni“.

Trufla (s) Ónáða; raska. „Hann sat í þungum þönkum og ég forðaðist að trufla hann“.

Truflaður á geði (orðtak) Geðveikur; ruglaður. „Ég heyrði að hann væri orðinn eitthvað truflaður á geði“.

Truflun (n, kvk) A. Ónæði; rask. B. Geðveiki; rugl.

Trumba (n, kvk) A. Ásláttarhljóðfæri. B. Haus/trjónubrjósk á hákarli. C. Fremsti hluti á annesi. Trumba er örnefni í Blakknesi; þrír stórir, grónir klettaranar í Blakkneshlíðum: Norðasta-Mið- og Syðstatrumba.

Trumba (s) Gera gat á trumbu/haus hákarls ofanvið augu, til að drepa hann endanlega og til að unnt sé að koma í hann festi. Sjá *trumbuhnífur*.

Trumbuhnífur (n, kk) Áhald til að *trumba* hákarl, svo unnt sé að *setja* hann á *tamp*. „Það var gert með sérstökum hníf sem kallaður var trumbuhnífur. Blaðið á honum var eins og rör; sagað eftir endilöngu. Þessum hnífi var stungið í gegnum trjónu hákarlsins og snúið. Stóð þá eftir gat sem kaðall var þræddur í“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Trumbusláttur (n, kk) Það að slá trumbu eða annað og gera með því hávaða. „Það þýðir ekkert að reka féð með svona hávaða og trumbuslátti; þið gerið það bara konvitlaust af styggð“!

Trunta (n, kvk) A. Bikkja; niðrandi heiti á merhrossi. B. Líkingamál; niðrandi heiti á kvenmanni.

Truntulegur (l) Óþverralegur; hryssingslegur; skömmóttur. „Skelfing er hún stundum truntuleg við karlinn“!

Trú (n, kvk) A. Dýrkun/tignun/tilbeiðsla æðra máttarvalds, s.s. Guðs. B. Sannfæring. „Ég hef litla trú á því að þetta takist“.

Trúa (n, kvk) Trú. Einungis núna í orðtakinu; *það veit trúa mín / trúa mín veit*.

Trúa mín veit (orðtak) Viðhaft til sannfæringar. „Trúa mín veit að ég stal engum vasahníf“!

Trúa (s) Vera trúaður; láta sannfærast. „Ég trúi nú ekki öllu sem mér er sagt“!

Trúa á stokka og steina (orðtak) Trúa á fyrirbæri í náttúrunni en ekki óhlutbundna veru (*stokkur* = tré).

Fyrrum, á tímum strangrúar, var litið á slíka trú sem hjátrú sem tíðkaðist eingöngu hjá frumstæðum heiðnum þjóðflokkum. Við nánari skoðun kemur í ljós að málið er ekki svo einfalt. Segja má t.d. að Ásatrú sumra landnámsmanna hafi að hluta verið trú á náttúruvætti. Um það finnast dæmi í fornsögum og örnefnum. Má þar t.d. benda á aragrúa af Helguþúfum; sem m.a. eru margar í Rauðasandshreppi. Innan kristninnar er mikið um trú á náttúruvætti, og má þar t.d. benda á helga krossa og skrín í kaþólskri tíð og alla Gvendarbrunnana sem enn í dag er trúað á. Ekki er liðinn mannsaldur síðan vatn var sent úr Gvendarbrunni í Kollsvík til sjúkrar konu í Bandaríkjunum, sem trúði staðfastlega á lækningamátt þess.

Trúa (einhverju) eins og nýju neti (orðtak) *Gleypa við (einhverju)*; trúa einhverju efasemdarlaust. „Þeir halda alltaf að maður trú þessum kosningaloforðum eins og nýju neti. Ætli maður sé nú ekki orðinn eldri en tvævetur“! Líkingin vísar líklega til þess að nýtt net sést verr í vatni/sjó en gamalt, og því ugga fiskarnir ekki að sér fyrr en þeir ánetjast.

Trúa ekki sínum eigin augum (orðtak) Trúa ekki/varla því sem maður sér. „Ég trúði varla mínum eigin augum þegar ég sá veiðina hjá þeim“.

Trúa ekki svo glatt (orðtak) Vera ekki trúaður á; vera tortrygginn gagnvart. „Ég trúi því nú ekki svo glatt að honum hafi sjálfum dottið þessir hrekkir í hug“!

Trúa mátulega (vel) (orðtak) Leggja ekki mikinn trúnað á. „Ég trúi því mátulega að þetta standist“.

Trúa mín veit (orðtak) Ég er sannfærður um; ég trúi því; *það veit trúa mín*. Áherslusetning til sannfæringar.

Trúa statt og stöðugt (orðtak) Trúa örugglega; vera algerlega viss um. „Ég trúði því statt og stöðugt að þetta loforð stæði; mér kom aldrei til hugar að hann myndi svíkja það“!

Trúa uppá (orðtak) Trúa að einhver gæti gert. Vanalega er átt við slæman verknað. „Ég hefði aldrei trúað svona *óþverrahætti* uppá hann að óreyndu“!

Trúaður (l) Sem trúir einlæglega; sem er heitur/sannur í trúnni.

Trúaður á (orðtak) Haldandi; finnast líklegt. „Ekki er ég nú trúaður á að þetta takist“.

Trúandi til (orðtak) Líklegur til; *tiltrúandi*. „Þessum bjánum er trúandi til allskonar asnastríka“.

Trúarathöfn (n, kvk) A. Messa eða önnur athöfn í nafni trúar. B. Hátíðlegur verknaður. „Hann viðhafði ýmsar serimóníur þegar hann tók í nefið. Var það nánast eins og trúarathöfn“.

Trúaratriði (n, hk) Mikilvægt atriði; *frágangssök*; *ásteytingarsteinn*. „Það er nú kannski ekkert trúaratriði að hvíla sig á þessum stað á leiðinni, en ég hef alltaf haft það fyrir venju“.

Trúarlíf Kollsvíkinga og nærsveitunga hefur eflaust verið í aðalatriðum eins og annarra landsmanna á hverjum tíma; enda voru yfirvöld ekki mjög umburðarlynd í þeim efnum fyrr á tíð. Kollsvíkingar hafa þurft að leggja á sig einhverjar lengstu kirkjuferðir sem um getur á landinu; um sjö roðskóa heiðar, hvernig sem viðraði og hvað sem við lá. Auk þess byggðu þeir um tíma sína eigin kirkju, og hafa því síst staðið sig verr í trúnni en aðrir. Þó má leiða líkum að því annarsvegar að hið miðlæga kirkjulega vald hafi ekki verið jafn öflugt þarna

á ystu nesjum eins og annarsstaðar, og hinsvegar að hin nána snerting við náttúruöflin við öflun lífsviðurværis kunnir að hafa haldið lífi í ýmiskonar sérvisku og nærguðum en annarsstaðar. Víst er um það að „trú“ á náttúruvætti hefur alltaf lifað góðu lífi í Kollsvík; haldið verndarhendi yfir náttúrufrýrbærum s.s. álagablettum og Biskupsþúfu, og haldið á lífi sögnum um sæskrýmsli og bústaði huldufólks og trölla. Margir gamlir Kollsvíkingar á 19.öld töldu sig hafa orðið vara við eitthvað af öðrum heimi; sem þeir röktu oftast til huldufólks. Fram á þennan dag er það trú eina Kollsvíkingsins sem enn á þar lögheimili, að huldufólkið þurfi stundum að fá lánaða muni, sem þá eru ekki finnanlegir á meðan. Það sé hinsvegar skilvíst með afbrigðum og sé þá erfitt að útskýra hvarfið með öðrum hætti. Sjóferðabænar hafa verið beðnar í Kollsvík frá örófi alda og enn fer enginn þar á sjó nema fara með bænina húfulaus áður en haldið er úr Lægi. Vatn Gvendarbrunnis í Kollsvík er enn talið öflugasta lækningameðal allra meina sem hugsast getur, og hjá Gvendarbrunni á Látraheiði skal hlaða þrjár vörður í fyrstu ferðum manns þar um; vilji hann komast hólpinn þar um. Þá er íhugunarvert að í máli Kollsvíkings hafa haldist orðin *verndarengill* og *sagnarandi*. Í þeim má finna minni um ævaforna vætti sem taldir eru fylgja mönnum. Annar verndar fyrir hættum en hinn segir fyrir um óorðna hluti og tengist mjög forlagatrú. Trúin á Helvíti var mikilvægur hluti miðaldakristinnar. Ekki verður þess vart að Kollsvíkingar hafi haft af henni annað gagn en það að finna þar ógrýnni blótsyrða sem þeir notuðu óspart til áhersluauka í harðri lífsbaráttu útnesjamannsins. Eins og sjá má í þessari orðaskrá er þar um mikið litróf að ræða; allt frá vægustu andvörpum til kröftugra; samantvinnaðra og baneitraðra særingaþulna, í þeim tilfellum sem mjög mikið lá við. (VÖ)

Í sóknarlýsingu sinni frá 1840 lýsir séra Gísli Ólafsson í Sauðlauksdal m.a. áhugamálum og trúarlífi sóknarbarna sinna í Sauðlauksdalsprestakalli svo: „Á vetrum eru til skemmtunar lesnar fornaldarsögur og vísindabækur... Síðferði í þessum hrepp er sómasamlegt, því hér er ráðvant fólk og trúrækni vex, en gömul hjátrú fellur óðum með upplýsingunni.“ (GÍÓI; Sóknarlýsingar Vestfjarða). Svo virðist því að menn hafi gripið eitthvað annað en guðsorðabækur þegar tími gafst til lestrar, án þess þó að fyrirgera trúrækninni.

Trúarmið (n, hk) Mið sem menn hafa mikla trú á til fiskjar. „Árið 1936 var mikill þorskaflí fyrir sunnan Bjarg, eftir Neffjunum... Þá stóð fiskurinn mjög glögg eftir þessu trúarmiði,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Trúboð (n, hk) Boðun trúar. Oftast er þá átt við að trúarsamfélag sendi fulltrúa sinn gagnert til að boða trú meðal þeirra sem ekki hafa aðhyllt það trúarsamfélag. Fyrsta trúboð sem sögur fara af á Íslandi er leiðangur fóstbræðranna Kolls og Örlygs á lannámsöld. Í Landnámabók segir að þeir hafi verið að fóstri hjá Patreki biskupi á Suðureyjum, en vafalítið er þar átt við Kólumbusarklaustrið á eyinni Iona, sem var trúarmiðstöð kristinna manna í vestanverðri Evrópu. Hann hafi gert þá út í leiðangur til Íslands með kirkjuvið og messuáhöld í þeim tilgangi að kristna samfélagið sem þá var að festast í sessi á Kjalarnesi. Hrakningar leiddu þá vestur fyrir Bjarg. Örlygur náði landi í Örlygshöfn og nefndi fjörðinn eftir sínum biskupi, en Kollur sneri frá Blakknesröstinni; leitaði lands í Kollsvík og braut skip sitt á Arnarboða. Landnáma, sem rituð var um 300 árum síðar, skýrir skipbrotið með því að hann hafi veiklast í trúnni og heitið á Þór í nauðum sínum. Vel má það heit satt vera, en þá þarf að hafa í huga að þeirrar tíðar fólk hélt lengi í heiðna siði þó kristið væri; líkt og t.d. við blótum Þorlák nú á dögum þó ekki trúum við á kaþólska dýrðlinga. Örlygur hélt suður að vetri; reisti kirkju að Esjubergi og hefur vafalítið stundað það trúboð sem fyrirhugað var. Kollur lét hinsvegar fyrirberast þar sem forlögin höfðu ráðið honum stað. Hann nam land í Kollsvík og Vatnadal upp að vatnaskilum og lét sér þannig nægja langminnsta landnám á Íslandi. Skipsfélagar hans voru hinsvegar stórtækari, en þeir námu allan Tálknafjörð og Rauðasandshrepp að frátöldum Rauðasandi og Kollsvík. Þó ekki sé þess getið í hinum fornu heimildum er alls ekki ólíklegt að Kollur hafi, líkt og fóstbróðir hans Örlygur, reist kirkju í landnámi sínu og stundað það trúboð sem Patrekur upplagði. Bæ sinn hefur hann vafalítið reist á skjólsælasta stað Kollsvíkur; uppi undir Núpnum norðanmegin, þar sem Kollsvíkurbær stóð síðan um lengsta tíð. Kirkjuna hefur hann þá líklega reist á lágum hól 30 metrum suður af bænum, þar sem síðar stóð kaþólsk hálfkirkja um aldir ásamt kirkjugarði. Leiða má líkum að því að þetta hafi verið hin fyrsta kirkja á Íslandi, þar sem Örlygur tafðist um veturinn í Örlygshöfn og reisti ekki kirkju að Esjubergi fyrr en þangað kom. Líklegt er, sé tekið mið af venjum samtímans, að Kollur hafi einnig reist keltneskan steinkross vestur af kirkjudyrum í sjávarátt. Hann hefur þá líklega staðið á stærstu þúfunni sem þar er 60 metrum frá kirkju. Þúfan nefnist Biskupsþúfa og munnmæli herma að undir henni hafi Kollur fólgið verðmæti sín. Krossinn hefur Kollur væntanlega helgað Patreki biskupi, en eftir fall hans kann þúfan að hafa haldið helginni og fengið örnefni sitt. Önnur saga er það að mörgum öldum síðar áði á þúfunni Guðmundur biskup góði á leið sinni til vígslu Gvendarbrunnis sem þarna er, og vilja munnmæli kenna nafnið við hann. Nú má spyrja hverjir voru sóknarmenn Kollskirkju, og hverjum boðaði Kollur trú? Á þessum tíma var allt Ísland að byggjast, en talið er að það hafi verið fullnumið á 60 árum. Fyrstu landnámsmennirnir voru fésýslumenn sem seldu frá sér hin stóru landnám og mynduðu þannig það byggðamynstur sem varð um aldir. Þannig var um Rauðasandshrepp. Kollur hafði því nægan starfa, utan sjósóknar á sín gjöfulu fiskimið, við að kristna nýbúa í sínu nágrenni og uppfylla þannig trúboðsskyldur sínar. Því er ekki ólíklegt að þarna á vestasta hjara landsins hafi myndast fyrsta kristna samfélagið á Íslandi. Það var hinsvegar í nokkurri fjarlægð frá þeim sem 300 árum seinna rituðu þau slitur úr sögu landsins sem nú eru þekkt. Þögn Landnámu og annarra handrita sgrir því lítið um lífsins gang þar vesturfrá, en ýmislegt má lesa útúr því fáa sem þó er frá sagt.

Íslensk skólabörn jafnt sem guðspekinemar hafa löngum lært það af bókum að Þorvaldur víðförli hafi verið fyrsti íslenski kristniðboðinn, ásamt hinum þýska Friðrik sem auknefndur var biskup. Þeir ferðuðust um landið kringum árið 981; boðuðu trú og enduðu með manndrápi. Þegar þeir komu var landnám um garð gengið og því hafa þeir örugglega verið síðar á ferð en föstbræðurnir og trúboðarnir Örlygur og Kollur. Fræðimönnum og kennurum væri því nær að breyta að ráði Ara fróða og „hafa það sem sannara reynist“.

Trúboði (n, kk) Sá sem sendur er af kirkjuyfirvöldum til að boða trú meðal vantrúaðra. Fyrsti trúboði Íslands var líklega Kollur landnámsmaður, ásamt Örlygi bróður sínum; sjá *trúboð*.

Trúðsháttur (n, kk) Fíflangangur; bjánangangur; sýndarmennska. „Skelfing leiðist mér svona trúðsháttur hjá fullorðnu fólki“!

Trúgirni (n, kvk) Það að trúá nánast hverju sem sagt er. „Trúgirnin hefur stundum háð kjósendum“.

Trúgjarn (l) *Auðtrúa*; trúir gjarnan því sem sagt er. „Þósturinn var frændi minn, og hann var trúgjarn“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Trúin flytur fjöll (orðatiltæki) Því eru lítil takmörk sett sem sá getur framkvæmt sem hefur óbilandi trú á sinni getu.

Trúkka (s) Þrefa; deila; rökræða. „Það þýddi ekkert að trúkka við hann umverðið“.

Trúlaus (l) Trúir ekki á neitt yfirnáttúrulegt/guðlegt; ástundar engin trúarbrögð. Til eru þeir, jafnt í hópi Kollsvíkinga og aðrir, sem telja sig vera trúlausa. Draga verður í efa að svo sé þó að öllu leyti, þar sem mannhugurinn virðist hafa óslökkvanlega þörf fyrir einhverskonar óhlutlæga lausn sem kalla má trú. Hinsvegar geta menn að sjálfsgöðu fjarlægt sig hinum formlegu trúarbrögðum og trúarsíðum.

Trúlega (ao) Líklega; sennilega. „Hann kemur trúlega á morgun“. „Það er trúlega eftir að smala Stíginn“. Orðið var mikið notað vestra á seinni hluta 20 aldar í þessari merkingu, en meðan það var hvað almennast á landinu var það oftast í merkingunni „trú“ eða „af sannfæringu“.

Trúlegt (l) Sennilegt; líklegt. „Mér þykir trúlegt að af þessu verði“. „Sleptirðu kindinni viljandi segirðu? Það er trúlegt! Ætli þú hafir ekki bara misst hana“! Þannig notað í Rauðasandshreppi; sjá *trúlega*.

Trúmaður (n, kk) Sá sem er trúaður/trúir á Guð. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill. Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt. En Gísi Konráðsson segir enn fremur að lítill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Trúmanna (ao) Af trúmennsku; dyggilega. „Þessi félagsmálastörf vann hann trúmannlega og af alúð“.

Trúmálakarp / Trúmálaumræða (n, hk/kvk) Rökræður/dielur um trúmál. „Rökræðulist hefur mikið verið stunduð meðal Kollsvíkinga, og þá til fundin ýmis málefni. Ýmist eru þau úr nærumhverfinu s.s. það sem tengdist atvinnuháttum, umhverfi, verklagi, tíðarfari, landsköpun, örnefnum, leiðum, fólki, ættfræði eða slíku; eða af almennara tagi; um vísindi í öllum greinum, heimspeki, pólitík og trúmál. Í röðum Kollsvíkinga hafa margir í gegnum tíðina verið víðlesnir og vel heima í sinni rökvisi, og hafa umræður stundum orðið fræðilegri en í nokkurri akademíu. Hinsvegar er mörgum gjarnt að sitja fast á sinni skoðun og ekki hefur verið óalgengt að lítillhátar ágreiningur kallaði fram *Kollsvíkurhávaðann*. Slíkt hendir ekki sist í trúmálakarpi og pólitík, enda um margt náskyldar greinar“ (VÖ).

Trúmennska (n, kvk) Dyggð; hollusta; einlægni. „Hún stjarnaði við gömlu hjónin af stakri trúmennsku“.

Trúnaðarmaður (n, kk) A. Fyrri tíðar merking; sá sem rúað er fyrir ábyrgð eða því sem aðrir vita ekki; erindreki. B. Síðari tíma merking; Einn starfsmanna á vinnustað sem kemur fram fyrir hönd hinna. „Um tíma var ég trúnaðarmaður skipverja á Núpnunum, og eitt sinn bundum við bátinn í höfn til að knýja fram hækkun á heimalöndunarálagi“.

Trúnaðarstarf (n, hk) Ábyrgðarmikið starf sem manni er trúað fyrir; starf sem krefst nærgætni í samskiptum. „Júlli naut mikillar virðingar meðal sveitunga sinna, enda var hann hinn ágætasti maður og var valinn til ýmissa trúnaðarstarfa fyrir sveitunga sína“ (PG; Veðmálið).

Trúnaðartraust (n, hk) A. Fyrri tíðar merking; trúarsannfæring. B. Síðari tíma merking; mikið traust; mikill trúnaður; einlægni. „Með þessu sýndu þeir honum mikið trúnaðartraust“.

Trúnaður (n, kk) Tryggð; traust. „Ég sagði honum þetta í trúnaði“. „Honum gekk illa að halda trúnað um þessi viðskipti“. „Ég legg nú lítinn trúnað á svona slúður“!

Trúr (l) Dyggur; tryggur; öruggur; áreiðanlegur.

Trúrækinn (l) Sem rkir vel trúna; trúaður; sækir vel kirkjulegar athafnir.

- Trúrækni** (n, kvk) Tryggð við trú; skyldurækni við trú og kirkjusókn; ástundun trúar. „Mér er kannski ýmislegt betur gefið en trúræknin“.
- Trúskiptingur** (n, kk) Sá sem skiptir um átrúnað/grundvallarskoðun. „Þeir treysta illa á þannig trúskiptinga í pólitík“.
- Trúss** (n, hk) Baggi; klyfjar; farangur; *hafurtask*. Oftast í orðtakinu *binda (sitt) trúss við*.
- Trússhestur** (n, kk) Hestur með klyfjar/farangur.
- Trútt um talað** (orðtak) Ættir að vita þetta. „Þú getur trútt um talað; varst sjálfur á staðnum“.
- Trúverðugur / Trúverður** (l) Traustur; áreiðanlegur; sem unnt er að trúa fyrir.
- Trúverðuglega** (ao) Á trúverðugan/sennilegan hátt „Hann gat ekki trúverðuglega gert grein fyrir þessu“.
- Trúvilla** (n, kvk) Trú á það sem aðrir álíta hégóma/fánýti/illsku; hjátrú. „Hann ku hafa lent í þeirri slæmu trúvillu að kjósa Sjálfstæðisflokkinn“!
- Tryggð / Trygglyndi** (n, kvk) Trúnaður; trúfesti; það að vera tryggur. „Hann hefur sýnt þeim einstaka tryggð“.
- Tryggðarpantur** (n, kk) Hlutur sem ein manneskja gefur annarri til merkis um tryggð sína; veð.
- Tryggðarskepna** (n, kvk) Trygglynt dýr. „Tikarkvikindið var mér alltaf hin mesta tryggðarskepna“.
- Tryggðartröll** (n, hk) Gæluheiti þess sem þykir mjög tryggur. „Hann hefur reynst gömlu hjónunum hið mesta tryggðartröll“.
- Tryggilega** (ao) Örugglega; rammlega. „Ertu búinn að ganga tryggilega frá hlöðunni fyrir veðrið“?
- Tryggilegur** (l) Traustur; rammlegur; öruggur. „Ég gekk úr skugga um að festan væri tryggileg“.
- Trygging** (n, kvk) A. Öryggi; örugg festa. „Gættu að því að tryggingar séu klárar á brúninni áður en þú ferð í vaðinn“! B. Fjárhagslegur samningur við aðila sem tryggir skaðleysi tjóns gegn reglulegri greiðslu.
- Tryggja** (s) A. Gera öruggt/tryggt. „Ég fór í að tryggja vaðinn meðan hinir tóku til eggjailátin“. B. Um bát; ganga frá festingum báts. C. Taka *tryggingu* hjá tryggingafélagi.
- Tryggja sér/ein hverjum** (orðtak) Sjá til þess að maður/ein hver hljóti það sem tiltekið er. „Ég er búinn að tryggja mér hlut í saltsendingunni“.
- Tryggt útlit** (orðtak) Öruggt veður til þess sem gera skal „Mér ekki nógu tryggt útlit til að við förum að breiða þessa galta“.
- Tryggur** (l) Öruggur. „Er þetta örugglega trygg festa“? „Við ættum að vera tryggir með að ná til lands á þessum bensíndropum“.
- Trylla** (s) Æsa mikið upp; gera trylltan/brjálaðan/snarvitlausan/frávita. „Það gengur ekki að hundurinn æði í fjárhópin og trylli skepnurnar“! Orðstofninn er „tröll“, en þau voru sögð geta gert menn vitskerta/frávita.
- Tryllingslega** (ao) Eins og trylltur sé. „Þurfiði að láta svona tryllingslega strákar“?!
- Tryllingur** (n, kk) Brjálaði; vitfirring. „Skárrí er það nú andskotans tryllingurinn í þessum *aðkomubikkjum*“!
- Trylltur** (l) Brjálaður; ær; sleppir sér. „Það þýðir ekkert að eiga við tvævetluna meðan hún er svona tryllt“.
- Trýnaveður** (n, hk) Svo nefna Vestfirðingar þau veður sem standa fyrir annes og magnast af þeim. Einkum er þá um norðlæg ofsaveður að ræða. Lýst er einu slíku mannskaðaveðri í frásögn Jochum M. Eggertssonar „Trýnaveður“ sem birtist í Eimreiðinni 1949 og síðan í safnbókinni „Því gleymi ég aldrei“. Þó sagan sé í skáldsögustíl er hún þó allgóð heimild, m.a. um útræði frá Láturdal í byrjun 20.aldar.
- Trýni** (n, hk) A. Fremsti hluti snoppu á dýri. B. Gæluorð um fremsta hluta á einhverju s.s. nesi/bát o.fl. C. Örnefni varðandi fiskimið: „Þegar fremstu tána á Breið...ber í Hnífaflögu og Tálkni kemur framundan Blakk, er það kallað að vera á Tálkna og Trýnum. Trýni var kölluð fremsta nibba á Breið“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur).
- Tröð** (n, kvk) A. Vegur/stígur heim að bæ og næst bænum. B. Náthagi eða afgirt svæði. C. Örnefni/býli í Kollsvík, norður undir Traðarhæð. Gæti verið nefnt eftir merkingu orðsins í A eða B; hvorttveggja á við.
- Tröll** eiga búsetu í Kollvík og nágrenni, eftir því sem sagnir og örnefni herma. Þessi trú á náttúruvætti hefur sennilega lifað lítið breytt á þeim slóðum allt frá landnámi, þó sviptingar hafi orðið í ríkistrúnni. Tröllin og lífshættir þeirra eru samofin hinu stórskorna landslagi. Víða eru risahellar fyrir bústaði; drangar á sjó og landi sem vitna um örlög þeirra sem ekki þola dagsljósið og jafnvel þarf ekki lengi að rýna í klettaveggi og björg til að greina stórskorin andlit sem þar hafa verið greypt um árþúsundir. Margar sagnir eru enn til á svæðinu af tröllum og samskiptum manna við þau, t.d. hin alkunna sögn af vígslu Látrabjargs og góðum vættum og slæmum sem þar búa. Þar hefur e.t.v. verið gerður fyrsti sáttmáli Íslandssögunnar um nýtingu náttúruauðlinda, verndun umhverfis og fyrirbyggjandi slysavarnir. Enn lifir sagan um tröllskessuna í

Rauðaskegginu utan Lambavatns sem elti Saurbæjarprest og skemmdi kirkjugarðsvegginn varanlega. Í Kollsvíkurlandi búa fjölmörg tröll og sum þeirra hefur SG á Láganúpi fest á sín hellumálverk. Í Hnífum er gímaldið Tröllkarlshelli skammt neðan við brún og gengt í hann. Hann á að vera tengdur Tröllkonuhelli, við Sölmundargjá norðantil í Blakknum með undirgöngum.

Tröllahlátur (n, kk) Stórkarlalegur og hávær hlátur. „Þú vekur barnið með þessum tröllahlátri“!

Tröllaukinn (l) Tröllvaxinn; eins stór og tröll. „Veður geysa af hafi. Brimið er stórkostlegt; tröllaukin grunnbrot sem hóta tortímingu því nær öllu lífi; jafnvel sjávargróðri“ (KJK; Kollsvíkurver).

Tröllaglott (n, hk) Mjög glaðlegt/ögrandi bros; ýkt bros. „Hverskonar tröllaglott er eiginlega á þér“?

Tröllahlátur (n, kk) Grófur og hávær hlátur, eins og gjarnan *drynur* úr kverkum sumra Kollsvíkinga.

Tröllasaga (n, kvk) Ýkjusaga. „Það ganga tröllasögur af þessum manni. Ég læt það allt liggja milli hluta“.

Tröllasúra (n, kvk) A. Annað nafn á rabarbara. B. Njóli sem stundum kemur á rabarbara, einkum ef hann vex óáreittur, en á njólann koma fræ. Einnig notað um plöntutegundina njóla.

Tröllatrú (n, kvk) Sannfæring; óbilandi trú. „Ég hef tröllatrú á að þessi mixtúra nái úr þér kvefinu“.

Tröllaukinn (l) Hrikalegur; gríðarstór. Þjóðtrúin segir að þeir sem hafa mikil samskipti við tröll geti tekið upp ýmsa þeirra hætti, vaxtarlag og útlit.

Tröllavegur (n, kk) Mjög erfiður vegur; *illfæra*. „Hægt er að fara gangandi frá Skor á Barðaströnd en það er tröllavegur...“ (KG; Frá Rauðasandi til Rússía).

Trölldómur (n, kk) Tröllsháttur; galdrar trölla. Steinarnir voru friðhelgir og skyldu látnir hlutlausir, því þeim fylgdu álög álfa- og trölldóms langt aftan úr forneskju“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Tröllheimskur (l) Mjög heimskur. „Þú ert bara tröllheimskur að segja ekki hærra á svona spil“! Þær sögur fara af tröllum að þau *stigi ekki í vitið*.

Tröllin hafi það (orðtak) Áherslusetning; væg blótsyrði. „Ég var beðinn að vera á framboðslista fyrir þennan flokk, en tröllin hafi að ég eigi nokkuð við það“! Einnig var sagt í sömu merkingu: „Ég gef það tröllunum“!

Tröllkarlshelli / Tröllkonuhelli (n, kk) Aðsetur/lögheimili trölla. Tröllakyn er líklega orðið fleira í Rauðasandshreppi en mannfólkið, eftir byggðabreytingar síðustu áratuga; a.m.k. ef byggðir eru allir staðir sem við tröll eru kenndir. Tröllkarl ræður ríkjum í Hnífaklettum og býr í Tröllkarlshelli. Hann ku vera þar einbúi en í fjarbúð með tröllskessu þeirri sem byggir Tröllkonuhelli innanvert í Blakknum. Liggja jarðgöng milli hellanna, þeim til hægðarauka. Tröllkarlinn nýtur nábylis við huldufólk í Stórhól og má því ætla að hlunnindi séu vel nýtt á þeim slóðum; fiskimiðin í Vatnadalbót; múkkavarp í Hnífum og *skjólagott* beitarland í Grófum og á Hústóftarbökkum.

Tröllríða (s) Ganga á með látum; óskapast; yfirganga. „Það er eins í þessu máli og öðrum hjá þessari ríkisstjórn; heimskan og skammsýnin tröllríður öllum þeirra ákvörðunum“.

Tröllslegur (l) Grófgerður; hrikalegur; mikill. „Þú verður að vera nettari við þetta; svona tröllslegar aðfarir duga ekki“!

Tröllsterkur (l) Afburða sterkur; firnasterkur.

Tröllslæti (n, hk, fto) Grófur atgangur; ólæti; djöfulgangur. „Bölvuð tröllslæti eru nú í þér strákur“!

Trölltryggur (l) Mjög trúr sínum vinum/ættingjum. „Ég hef sjaldan vitað jafn trölltryggan hund“.

Tröllvaxinn (l) Gríðarstór; stærri en *gengur* og *gerist*. „Ekki finnst mér hann verulega sterkur; af svona tröllvöxnum manni að vera“.

Trönur (n, kvk, fto) A. Grindverk sem sett er upp í ákveðnum tilgangi. T.d. eru stundum settar upp trönur til að saga stórvið. Fiskþurrkjallar eru stundum nefndir trönur. B. Grind sem sett er upp til hægðarauka við listmálun málverks.

Trönusíli (n, hk) *Hyperoplus lanceolatus*. Smáfiskur af sandsílaætt; getur orðið 35 cm langt, en er þó oft mun minna. Lifa á grunnsævi, allt niður á 60 m dýpi. Nafngiftin kemur af því að neðri skolturinn stendur mun framar en sá efri. Fæðan er ýmsir botnlægir hryggleysingjar; bustaormar, krabbadýr, fiskeyði og hrogn. Líkt og sandsíli og marsíli eru trönusílin mikilvæg fæða margra fuglategunda, t.d. bjargfugla og kríu, og fer stofnstærð fuglanna mjög eftir afkomu sílanna.

Tröppugangur (n, kk) Misjafnt gengi; gengur ýmist vel eða illa. „Það hefur verið dálítill tröppugangur á þessu“.

Tröppuhleðsla (n, kvk) Steinhlaðnar tröppur; hleðsla steina, þannig að úr verði steinhlaðnar tröppur. „Tröppuhleðslan neðan Breiðavíkurkirkju hefur nokkuð gengið til með tímanum“.

Tuddaháttur / Tuddaskapur (n, kk) Ruddaháttur; ótugtarskapur. „Þetta fannst mér nú hálfgerður tuddaskapur í honum“!

- Tuddalegur** (l) Óþverralegur; ruddalegur. „Hann getur stundum verið óttalega tiddalegur við hana finnst mér“.
- Tuddi** (n, kk) A. Naut, oftast notað sem gælunafn. B. Ruddi; fantur; *frunti*. „Vertu ekki svona mikill tuddi“.
- Tuða** (s) Suða; *sífra*; nöldra. „... sendi hann gömlu konunni tóninn; „Komdu þér í rúmið amma“, en hún lét sem hún heyrði ekki. Hann hélt áfram að tuða þar til henni varð að orði: „O láttu nú ekki svona Bjarni minn.“
- Tuðra** (n, kvk) A. Skjóða; poki; taska. Sbr *nestistuðra*. B. Niðrandi heiti á kvenmanni. C. Gæluheiti á gúmbát eða bolta; *gúmmituðra*.
- Tuðra í sundur** (orðtak) Rífa niður í litla búta. „Holpurinn var búinn að tuðra blaðið allt í sundur og dreifa ruslinu um öll gólf“. E.t.v. hljóðbreyting á orðtakinu *purpa í sundur* eða sögninni að *tægja*.
- Tugakerfi** (n, hk) Mæli- og reiknikerfi sem grundvallast á því að einingar flokkist í tíu/tug og margfeldi af þeim. Til hægðarauka er nafn fyrir hvert safn, s.s. tuttugu, þrjátíu...; hundrað, þúsund... o.s.frv. Annað slíkt kerfi er t.d. tvenndarkerfið. Tugakerfið var líklega fyrst notað í Indlandi, en Arabar tileinkuðu sér það og kynntu fyrir umhveiminum.
- Tugga** (n, kvk) A. Það sem tuggið hefur verið, t.d. biti af mat eða tala af munntóbaki. B. Dálítið af heyi. „Ætli maður verði ekki að fara að kasta einhverri tuggu í féð“. „Það var ekki þurr tugga í görðunum eftir úrhellið“. „Hann var búinn að gefa hverja tuggu úr fjóshlóðunni og þurfti að búa uppá snikjur framá vorið“.
- Tugga** (s) A. Um hey; mjatla/flytja í litlum einingum. „Heyskapurinn tók stakkaskiptum þegar farið var að setja hey á vagn með stórrí *traktorskvísl*. Það var nú eitthvað annað en tugga það á vagninn með *handkvíslum*“. B. Orðalag sem er margsinnis endurtekið. „Þessa tuggu hef ég nú heyrt áður“!
- Tugginn** (l) A. Búið að tyggja. „Maturinn þarf að vera almennilega tugginn þegar honum er rennt niður“. B. Um band/vað/spotta; trosnaður vegna núnings. „Ég stytta vaðinn aðeins; hann var orðinn tugginn í endann“.
- Tugur** (n, kk) Tíu. „Mér sýndist að þarna gæti verið um tugur fjár niðri í hlíðinni“.
- Tukta til / Tuska til** (orðtak) Veita ráðningu; *taka í lurginn á; taka til*. „Þeir tuktuðu hann víst dálítið til fyrir þetta“. „Mig hefði langað að ná á þessa andskota og tuska þá til“! „Tukta“ er önnur mynd orðsins „taka“.
- Tukthús** (n, hk) Fangelsi. Heitið mun fyrst hafa verið notað um fangelsið sem byggt var við Arnarhól 1765-70, en meðal almennings gekk það einnig undir heitinu Múrin. Meðal fanga þar var Steinunn frá Sjóundaá. Hún sætti harðræði af hálfu fangavardar og eignaðist barn áður en hún lést í fangavistinni. Árið 1819 var húsið nýtt fyrir bústað stiftamtmanns og nefndist kóngsgarður eftir að Kristján 9. stóð þar við. Frá 1904 hefur það verið stjórnarráðshús og þar var um tíma skrifstofa forsetaembættisins.
- Tukthúslimur** (n, kk) Fangi í fangelsi. Styttningin *limur* var oft nýtt sem niðrandi heiti á manni.
- Tuldra** (l) Muldra; buldra; taut; tala í lágum róm. „Ég heyri ekkert hvað hann er að tuldra“!
- Tuldra/tauta fyrir munn** (orðtök) Segja eitthvað svo lágt að aðrir greina ekki/illa.
- Tuldur** (n, hk) *Muldur; buldur*; það að tuldra; lágt tal/eintal. „Ég heyri ekki þetta tuldur; hvað varstu að segja“?
- Tundur** (n, hk) Eldra heiti á púðri/sprengefni. Nú einkum í orðtakinu á *tjá á tundri*.
- Tundurdufl** (n, hk) Stórar sprengjur í sjó. „Tundurdufl rak á fjörur í Kollsvík eftir stríðsárin. Andrés Karlsson á Stekkjarmel er sagður hafa gert eitt slíkt óvirkt upp á sitt einsdæmi. Það var svo löngum við Stekkjarmel, en Ingvar Guðbjartsson lét gera úr því olíutank sem lengi var við heimreiðina að Kollsvík“.
- Tunga** (n, kvk) A. Líffæri í munni; vöðvafþykkildi sem t.d. hjá mönnum gegnir mikilvægu hlutverki við það að matast og við tal. B. Hlutur sem að lögum minnir á tungu. T.d. tunga innanvið reimar í skó; tunga í landslagi t.d. á mótum tveggja vatnsfalla. C. Styttning á tungumál, t.d. þjóðtunga.
- Tungl** (n, hk) A. Tunglið er fylgihnöttur jarðarinnar og nálægasti himinhnöttur okkar. Það er nánast hnöttótt og þvermálið er um 3.474 km. Tunglið gengur eftir sporbraut um jörðu og er meðalfjarlægðin 384.400 km. Það er 27 daga, 12 klst og 43 mín að ljúka hverri umferð, sé miðað við fastastjörnur; og meðalhraðinn er 1, 022 km/sek miðað við jörðu. Eðlismassi tunglsins er 3.346 kg/m³. Lausnarhraði hlutar frá yfirborði tungls er 2,38 km/sek. Tunglið snýr alltaf sömu hlið að Jörðu. Hitastigið á yfirborði er frá -247°C til +120°C. Menn telja núna að Tunglið hafi myndast í árdaga sólkerfisins, við það að hnöttur á stærð við Mars rakst á jörðina og sundraði úr henni miklu efnisský sem þéttist og myndaði tunglið. Aðráttarafi tungls er höfuðorsök sjávarfalla á jörðinni. Tunglmyrkvi verður þegar tunglið gengur inn í skugga jarðar. Kvartilaskipti tungl orsakast af mismunandi sjónarhorni jarðarbúa á þann helming tungls sem er upplýstur af sólu. Yfirborð tungls er alsett gígum eftir árekstur loftsteina, en þar er engin veðrun eða annað sem eyðir þeim eins og á jörðu. Á yfirborðinu sjást einn stór dökk svæði sem nefnast höf, en eru í raun miklar bergsléttur sem urðu til fyrir ævalöngu, þegar hraun vall upp á yfirborðið. Fyrsta landing manna á tunglinu varð með leiðangri Apollo 11 árið 1969. Í norræni goðafærði var Máni persónugervingur tunglsins, en hann var sonur Mundilfara og bróðir Sólar. Úlfurinn Hati elti Mána og þegar hann beit í tunglið varð tunglmyrkvi. Við Mána er kenndur mánudagur. B. Tímatal sem miðast við gang og kvartilaskipti tunglsins. Tunglmánuðir

voru mikilvægur hluti tímatala fyrir á tíð og jafnvel í huga eldra fólks langt fram eftir 20. öld. Tunglmánuður er tíminn sem líður frá því að tungl er nýtt, til þess að það hefur lokið síðasta kvartili og í þann veginn að verða aftur nýtt. Raunverulegur tunglmánuður er því að meðaltali 29,53 dagar, en er ýmist hafður með 29 eða 30 dögum. Hver tunglmánuður hafði sitt heiti, sem miðaðist við þann tíma/mánuð sem hann endaði í; s.s. janúartungl, febrúartungl. Eða samkvæmt fyrri tímatali; þorrartungl, góutungl o.s.frv.

Tunglbjart / Tunglskin / Tunglskinsbjart / Tunglsljós (l/n, hk) Birta Tunglsins; bjart af tungli. „Það var tunglskinsbjart og gott að rata“

Tunglfulling (n, kvk) Það að tungl verður fullt, þ.e. albjart á himni. „Ég gæti best trúað að hann héldi þessum stillum, fyrst hann breytti ekki með þessari tunglfullingu“.

Tunglið (n, hk) Máninn. Eini stóri fylgihnöttur jarðarinnar. Tunglið er nær hnöttótt; 3.476 km í þvermál og fjarlægð þess frá jörðu er milli 363.400 og 405.500 km vegna sporöskjulaga brautar. Umferðartími um jörð er 27,32 dagar, sé miðað við fastastjörnur, en 29,53 dagar sé miðað við sólina; þ.e. milli tunglfullinga. Heitið mánuður vísar til ganga tunglsins. Brautarhraðinn er því 1,2 km/sek. Það snýr alltaf sömu hlið að jörðinni. Talið er að tunglið hafi myndast stuttu eftir að jörðin myndaðist; meðan hún var enn rauðglóandi. Þá hafi hnöttur á stærð við Mars rekist á jörðina, þannig að mikið efni þeyttist út í geim. Hluti þess myndaði tunglið. Yfirborð tuglsins skiptist í stórum dráttum í mikla fjallgarða og dökkar hraunsléttur, sem nefndar eru höf. Yfirborðið er alsett gígum af ýmsum stærðum og mismunandi gömlum; enda nánast ekkert andrúmsloft til varnar, líkt og á jörðu. Innri gerð tunglsins er að sumu leyti lík jörðinni; járnkjarni með seigfljótandi möttli, sem þó nær ekki að mynda landrek eða fleka. Ekkert rennandi vatn finnst á tunglnu, þó finna megi vott af ís. Sólskin getur verið á tungli þó næturmyrkur sé á jörð, og getur fullt tungl varpað tunglbirtu á jörðina, þannig að vel ratljóst verði. Frá jörðu séð verða kvartilaskipti á tungli; þ.e. mismunandi stór hluti þess er upplýstur. Þegar tungl er aldimm er talað um „nýtt tungl“; eftir um vikutíma verður helmingur þess upplýstur af sól og er það þá sagt vera „á fyrsta kvartili“; þegar það er alveg upplýst er talað um „fullt tungl“, en þegar það verður aðeins ljóst á hinum helmingnum er sagt að tungl sé „á seinna/fjórða kvartili“; eftir tunglmánuðinn er það aftur nýtt og sveiflan hefst að nýju. Sólmyrkvi verður þegar tungl skyggir á sól, séð frá jörðu, en tunglmyrkvi þegar jörð skyggir á tungl.

Tunglið veldur ýmsum áhrifum á jörðu. Greinilegurstu eru *sjávarföllin*, en með aðdráttarafli sínu veldur tunglið tveimur sjávarfallabylgjum sem jörðin snýst í gegnum. Auk þess má greina ýmsar breytingar í *stórstreymi*. Það hefur m.a. þau áhrif að súr flýtur upp í sýrutunnum; skepnur verða fremur blæsma; skepnur fæða fremur sín afkvæmi o.fl.

Í flestum trúarbrögðum heims kemur tunglið verulega við sögu. Í norrænni trú var Máni persónugervingur tunglsins; sonur Mundilfara og bróðir Sólar. Hann ferðaðist um himininn í hestvagni, en þurfti að vara sig á úlfinum Hata, sem stundum náði að gleypa Mána; þá varð tunglmyrkvi. Persónugervingur tunglsins nefndist Selena hjá Grikkjum; Luna hjá Rómverjum; Chandra hjá Hindúum; Tecciztecatl hjá Aztekum; Maka Quilla hjá Inkum og Chang'e hjá Kínverjum.

Fyrsta landing manna á tunglinu varð 20.júlí 1969. Þá steig Bandaríkjamadurinn Neil Armstrong fyrstur þar fæti, og á hæla hans Buzz Aldrin. Bandaríkjamenn sendu nokkra slíka Appollo-leiðangra til tunglsins, en auk þess hafa þar lent fjölmargir ómannaðir kannar.

Tungljurt / Tunglurt (n, kvk) *Botrychium lunaria*. *Lásagras*; þjófajurt. Burkni af naðurtunguætt sem vex víða um heim og þar á meðal í Kollsvík. Ber eitt blað sem skiptist í geldan og gróberandi hluta. Neðri hlutinn er geldur og á honum eru hálfmálalaga smáblöð, mjög þéttstæð. Efri hlutinn er gróberandi og ber 2-6 cm langan klasa af gróhirslum. Vex í mó- og valllendi. Samkvæmt þjóðtrúnni nefndist tungljurtin einnig *lásagras* og með hanni átti að vera unnt að opna lása.

Tunglkoma / Tunglkviknun (n, kvk) Byrjun á nýju tungli. „Trúað gæti ég að hann færi að frysta með næstu tunglkviknun“.

Tunglmyrkvi (n, kk) Myrkvun tungls við að það gengur inn í skuggakeilu jarðarinnar.

Tunglsbirta / Tunglskin / Tunglsljós (n, kvk/hk) Sólarljós það sem tunglið endurkastar og lýsir upp yfirborð og hluti á jörðinni. „Fjöllin vörpuðu sérkennilegum skuggum í tunglsbirtunni“. „Vel var ratljóst í tunglskininu, enda tungl fullt og heiðskirt veður“. „Ég þarf ekkert vasaljós í þessu tunglsljósi“.

Tungu er oft tamast það sem hjarta er kærast (orðatiltæki) Oft notað þegar manni verður á mismæli, eða segir eitthvað vanhugsað.

Tunguband / Tunguhaft (n, hk) Húðfelling í munni, milli neðri hluta tungu og gómsins.

Tungubleðill (n, kk) Þynnsti hluti tungunnar, fremst og til hliða.

Tungubroddur (n, kk) Fremsti hluti tungunnar. „Hann náði að sleikja *sultardropa* af nefi sínu með tungubroddinum“.

Tungulipur (l) A. Málsnjall; kann að koma fyrir sig orði. „Heldur þykir mér þú tungulipur“. B. Ýkinn; lyginn; mjúkmæltur um of. „Sumum þykir hann dálítið tungulipur“.

Tungumálamaður (n, kk) Sá sem er fær um að nota mörg önnur tungumál en sitt eigið. „Báðir voru þeir bræður miklir tungumálamenn, Gunnar og Sigurvin“.

Tungumjúkur (l) *Mjúkmáll*; talar blíðlega/biðjandi. „Þú getur reynt að vera dálítið tungumjúkur við hann þabba þinn og sjá hvort hann leyfir þér að fara með“.

Tungurót (n, kvk) Neðri hluti tungunnar, þar sem hún er föst við góminn. Þjóðtrúin segir að menn geti óskað sér hvers sem er ef þeir láta lifandi og *afvelta óskabjörn* bíta sig fastan við tunguræturnar.

Tungutak (n, hk) Málfar; talað mál. „Hann er skýr í hugsun, þó stirt sé um tungutak“.

Tunnubátur (n, kk) Að Láganúpi í Kollsvík þróaðist, á sjöunda áratug 20. aldar, einstök bátagerð, sem voru tunnubátar. Sú útgerð hófst með notkun stórs kringlóttis blikkbala sem notaður hafði verið fyrir ullarþvott og hundahreinsun, en hann reyndist hin versta veltikolla. Var því hafin smíði úr olíutunnum úr blikki sem stundum rak á fjörur. Fyrst í stað voru þær klipptar í tvennt að endilöngu, en þeir bátar reyndust varasamir og enduðu oft á lækjar- eða tjarnarbotni. Þá datt höfundi þessarar samantektar það í hug að klippa aðeins *lummu* úr hlið tunnunnar, falda brúnirnar og setjast niður um gatið. Þetta reyndist ósökkvandi farkostur ef þess var gætt að sitja vel í hliðinni hinumegin, enda var þá þyngdar punkturinn mjög neðarlega og mikið *borð fyrir báru*. Til að koma bátnum áfram var spaði í hvorri hendi; gerður úr prikstubba með plötubút á enda. Einnig var gerð tilraun með seglabúnað; þversegl á mastri sem sett var innan á frambotn tunnunnar. Það gafst vel, en svigrúm vantaði til siglinga á Torfalæknum, þar sem stíflað hafði verið til siglinganna. Stundum myndast uppistöðulón neðst í Ánni eða Búalæknum af fyrirhleðslu sandrifsins, og þar voru siglingar stundaðar af kappi. Fyrir kom að laumast var með tunnubát í sjó, en hann reyndist ekki vel í báru, þar sem stefnið vantaði. Orðið fyrirfinnst ekki í orðabókum og ekki hefur spurst af slíkri bátasmíði annarsstaðar.

Tunnubotn (n, kk) Botn í/úr tunnu.

Tunnufleki (n, kk) Fleki sem flýtur á tómunum tunnunar. „Bill var tekinn í land heima á Látrum á tunnufleka...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Tunnugjörð (n, kvk) Fat; gjörð/band utanum tunnu til að halda stöfum hennar saman. „Í seinni tíð hafa tunnugjarðir verið úr járn, en áður voru þæt úr girði, sem er sveigjanleg og sterk viðartegund“.

Tunnujárn (n, hk) Flatt járn, oft með áföstu handfangi, sem slegið er á með hamri til að slá til tunnugjarðir.

Tunnulok (n, hk) Lok á tunnu. Meðan trétunnur voru við lýði var oftast einungis talað um tunnubotn, enda sama lok í báðum endum. Tunnulok varð einkum altalað eftir að plasttunnur fóru að notast.

Tunnupoki / Tunnusekkur (n, kk) Poki/sekkur sem tekur eina tunnu. „Uppi á loftinu eru nokkrir tunnusekkir“. „Það þótti gott ef maðurinn gróf upp 2-3 tunnupoka (af kúfiskskel) yfir fjöruna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Hvíta ullin fyllti þrjá tunnusekki og einn *hálfsekk*“.

Tunnuprammi / Tunnufleki (n, kk) Farkostur í leikjum barna í Kollsvík. Fjórar olíutunnur voru undir tréþalli og öllu fest saman með trégrind. Flekanum var stjakað með löngum *bambusstöngum* á lönunum í Ánni og Búðalæknum. Eitt sinn var farið með hann á sjó í góðu veðri, en við lá að illa færi þegar straumurinn bar flekann á meira dýpi og *stjakarnir* náðu varla til botns. Til að fyrirbyggja slys var flekinn rifinn.

Tunnustafur (n, kk) Stafur úr tré, en margir slíkir mynda eina tunnu. „Fyrstu skíðin voru gerð úr tunnustöfum og létu illa að stjórna“.

Turn (n, kk) Há og mjög bygging eða byggingarhluti, sbr kirkjuturn. Á fyrri tíð tíðkaðist ekki að hafa turn á kirkjum, og því hefur hálfkirkjan í Kollsvík eflaust verið turnlaus. Svo hefur einnig verið um kirkju þá sem Kollur landnámsmaður gæti hafa byggt; fyrstu kirkju landsins, en ásamt föstbróður sínum Örlygi kom hann í trúboðserindum til landsins.

Turna (s) A. Snúa; venda. „Þegar þú ert búinn að snafsa ljósavélina tvisvar; þá er ágætt að turna henni nokkrum sinnum áður en sett er í gang“. „Eggin eru sett þétt í lokaðan kassa sem síðan er turnað reglulega“. B. Láta einhvern skipta um skoðun. „Mér tókst að turna karlinum og fá hann ofan af þessari vitleysu“.

Turnast (s) Skipta um skoðun/trú. „Mér þykir hann aldeilis hafa turnast í þessu máli“.

Tusk (n, hk) Lítilsháttar slagsmál. „Verið nú ekki að þessu tuski strákar; þið hljótið að geta rætt þetta mál“.

Tuska (n, kvk) A. Rýja; klæðisbútur.; dula. „Það má nota þennan skyrturnæfil í tuskur. Oftast um það sem lélegt er. B. Líking um máttfarna manneskju. „Ég er óttaleg tuska eftir þessa árans pest“.

Tuska / Tuska til (s) Lúskra á; lemja; slást við. „Hann er sjóðandi illur við karlinn og vill helst fara og tuska hann dálítið til fyrir þetta slúður“.

Tuskast (s) *Fljúgast á*; slást. „Hættiði nú að tuskast strákar áður en þið meidið hvorn annan“!

Tuskudúkk (n, kvk) Saumuð brúða. „Ýmist var talað um leikföng eða dót; leikföng kannski spariorð en dót svona hvunn dags. Oftar var takal um brúður en dúkkur. en þekktist þó hvot tveggja; dúkka frekar sletta. Eldri börn gerðu oft ýmis leikföng fyrir yngri systkini sín og líka foreldrar. T.d. saumuðu mæður gjarnan tuskudúkkur fyrir dæturnar...“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Tuskulegur (l) Ræfilslegur; lasinn; máttlaus. „Ég hef verið ári tuskulegur síðustu daga“.

Tutl (n, hk) Mjatl; hreytur; það að hreyta kú í lok mjalta.

Tutla (n, kvk) Ögn; snifsi. „Það var ekki tutla af keti eftir á beinunum þegar hann hafði unnið að þeim“.

Tutla (s) Hreyta; mjólka; mjatla. „Ég er búinn að tutla niður úr kúnum“.

Túða (n, kvk) Stútur; strompur.

Túkall (n, kk) A. Gæluheiti á tveggja krónu mynt/ tveggjakrónapeningi sem algeng var á fyrri hluta 19. Aldar, en orðið er líklega komið úr dönsku. B. Nafn á góföttri kind á Láganúpi (líkl. 1960-70); alræmdri og slyngri túnrollu.

Túli (n, kk) Niðrandi heiti á munn. „Ég held að hann ætti sem minnst að opna sinn túla um þessi mál; hann hefur ekki hundsvit á þessu“.

Tún (n, hk) Ræktað svæði, oftast heima við bæ og oftast afgirt. Tún voru fyrrum við hvern bæ og af þeim fékkst vetrarfóður fyrir bústofninn, einkum kýrnar. Á sjávarjörðum í Rauðasandshreppi var sauðfé ekki ætlað mikið vetrarfóður; því var beitt í fjöru og á haga. Tún voru ekki mikið sléttuð umfram það að steinar voru ýmist fjarlægðir eða þaktir torfi. Ekki þótti verra að tún væru þýfð; aukið yfirborð drýgði slægjuna. Áburðurinn var annarsvegjar skítur úr kúm; klíningur sem klíndur var á þúfnakollana og síðan rakaður af, en hinsvegjar rask/slóg úr fiski. Hið síðarnefnda á eflaust mikinn þátt í hinum gróskumiklu gömlu túnnum í Kollsvík, sem enn verða skrúðgræn eftir margra alda slógburð. Eftir miðja 20.öld hófst vélvæðing sem gerði kleyft að brjóta þurrkuð svæði til ræktunar og sá í þau gróskumiklu sáðgresi með mun meiri afrakstri heyja.

Túnasláttur (n, kk) Sláttur túna, til aðgreiningar frá *engjalslætti* og *útslægjum*.

Túnáburður (n, kk) Áburður á tún. „Var önnur ferðin farin snemma vors og þá var aðflutningurinn tilbúinn túnáburður“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Túnblettur / Túnskák / Túnskækill (n, kk) Lítið tún.

Túnbrekka (n, kvk) Hallandi tún. Túnbrekka er neðan Kollsvíkurbæjar.

Túnbykkja (n, kvk) *Túnrolla*; skammaryrði um *túnsækna* kind. „Það mætti reyna að vísa þessum túnbykkjum út í Breið. Hugsanlega staðnæmast einhverjar þar um tíma“.

Túnffill (n, kk) *Fifill*, sjá þar.

Túnfótur (n, kk) Jaðar túns, einkum neðantil; neðri hluti túns.

Túngarður (n, kk) Vörslugarður kringum tún. „Þegar kemur heim úr Sandslágarskarði komum við niður á Fremrihjállana. Þar var gott berjaland og stutt að fara, því þeir eru rétt við túngarðinn sem pabbi hlóð um túnið á Láganúpi; fyrsta og annan veturinn sem hann bjó þar (1927-1929), að mestum parti á kvöldin þegar tunglskin var. Garðurinn er um 500 – 600 metra langur; tvíhlaðinn neðst en einhlaðinn að ofan, og ein gaddavírssnúra ofan á honum“ (IG; Sagt til vegar II).

Túngirðing (n, kvk) Girðing kringum tún og sléttur. „Túngirðingin nær norður að Ánni“.

Túnrolla (n, kvk) Ær sem sækir ítrekað í tún; er túnsækin Slíkt var illa séð af bændum, en sumar túnrollur urðu nafntogaðar í þessum starfa; útsmognari en færustu innbrotsþjófar og skæðari en illvígustu hryðjuverkamenn. Settu sig óhikað í gegnum góðar gaddavírsgirðingar; skriðu undir eins og moldvörpur eða stukku yfir girðingar í meira en tvöfaldri hæð sinni. Þær leystu jafnvel hnúta á hliðum og kunnu á flestar gerðir af hliðklinkum. Verstu tilföll voru stundum fjarlægð af brotavettvangi og flutt um langa vegu, jafnvel út á Bjarg. En allt kom fyrir ekki; þær voru mættar á grænasta blettinn í túninu daginn eftir. List túnrolla virtist stundum ganga í erfðir.

Túnrollufans / Túnrollufargan / Túnrolluhópur / Túnrollustóð (n, kk/hk) Hópur/flokkur af túnrollum; undantekningarlaust illa séður í túnnum á sprettutíma. „Er ekki nokkur lifandis leið að stöðva þetta túnrollufargan“?! „Farið nú strákar og víkið túnrollustóðinu útfyrir“!

Túnrækt (n, kvk) Ræktun túna.

Túnshali (n, kk) Endinn á ilöngu túni. Örnefni í Láganúpstúni, milli Urða, Svuntumýrar og Garðsenda. Þar var löngum náthagi fyrir kýr og voru þær mjólkaðar þar. Orðið virðist ekki þekkt annarsstaðar.

Túnsnidda (n, kvk) Ljámús; lítil torfa í heyi. „Endilega hendið þið túnsniddunum úr heyinu“.

Túnsúra (n, kvk) Rumex acetosa. Lambasúra; lambablaðka. Fjölær jurt sem algeng er á láglendi og upp eftir fjöllum. Henni er iðulega ruglað saman við *hundasúru*, en er frábrugðin henni að því leyti að hornin neðantil á blöðunum vísa niður en eru ekki útstæð eins og á hundasúru. Góð til átu, líkt og hundasúran, og með súru bragði vegna oxalsýru. Var talin góð við bjúg, lystarleysi, hægðatregðu og gyllinæð.

Túnsækin (l) Um kind sem sækir í að komast inn á tún; túnrolla. „Hún Svört er að verða fjandi túnsækin“.

Túnvingull Festuca rubra. Grastegund sem finnst villt á Íslandi og erlendis. Puntgras sem nær 40-80 cm hæð. Punturinn hefur yfirleitt

Túnþaka (n, kvk) Torfþaka skorin úr túni.

Túpa (n, kvk) Aflangt hylki með stút sem unnt er að sprauta innihaldinu um t.d. með kreistingu, sbr tannkremstúpa. B. Málmblásturshljóðfæri sem gefur djúpa tóna.

Túr (n, kk) A. Ferðalag, t.d. bíltúr. B. Sjóferð á stóru skipi, t.d. togara. Stundum er átt við útilegu yfirleitt, en stundum eingöngu um sölusiglingu á erlenda markaði. „Ég reri um vorið með Einari og fór síðan einn túr á togaranum Gylfa frá Patreksfirði“ (IG; Æskuminningar). C. Síðari tíma merking; blæðingatími konu.

Túrbína (n, kvk) A. Hverfill; úr dönsku/ensku (turbine). „Eina íslenska túrbínan er fundin upp af Kollsvíkingsi“. Hverflar geta verið af margvíslegum toga, en er það sameiginlegt að vera safn spaða sem raðað er kringum einn eða fleiri ása og ganga kringum þá. Hverflar geta verið ætlaðir til að vinna orku úr straumi lofts eða vökva eða til að valda straumi í þeim efnum, þó fyrrnefndi skilningurinn sé algengari. Því eru hverfilblöð með ákveðnu áfallshorni gagnvart straumstefnunni. Dæmi um túrbínur/hverfla er t.d. skipsskrúfan; vatnshjólið; vindmyllur; aflstöðvar í virkjunum og sjávarfallahverfill Valorku, eini hverfillinn af íslenskum uppruna sem hlotið hefur einkaleyfi, enda fundinn upp af Kollsvíkingsi. B. Tæki í bílvél þar sem afl útblásturs er notað til að þjappa lofti inn á brunahólf til að auka afl vélarinnar.

Túristakvikindi (n, hk) Heiti sem viðhaft var um ferðamenn, meðan þeir voru tiltölulega sjaldséðir í sveitum og bændur töldu þá fremur til ama en tekna. Eftir að sömu menn fóru að hafa tekjur af „túristakvikindunum“ breyttist mjög í þeim hljóðið, og tala þeir nú af virðingu um ferðafólk og ferðaþjónustu.

Túristi (n, kk) Erlent heiti yfir ferðamann, sem allmikið er notað.

Túrna (s, n framborið með dn-hljóði) Skæla; vola; súldra; fárast. „Yfir hverju ert þú nú að túrna, lambið mitt“?

Túskildingsvirði (n, hk) Verðgildi túskildings var ekki mikið, og því er orðtakið „*ekki túskildingsvirði*“, vottur um verðleysi hlutar.

Túskildingur (n, kk) Mynt sem er tveir skildingar að verðgildi. Var um tíma gjaldgeng mynt hérlendis. Heitið lifir í málinu íorðtökum; *ekki túskildingsvirði*; *eiga ekki túskilding*; *eiga ekki grænan túskilding með gati*.

Tútal (l) Vitlaus; geggjáður; frá sér; ekki með öllum mjalla. „Ertu alveg tútal, maður“! Enskusletta sem vísar til „totally mad“ = algerlega geggjáður/brjáláður.

Tútinn (l) Þrúttinn; að springa; útþaninn. „Hann var tútinn af reiði og skipaði þeim að hypja sig burt“.

Tútna út (orðtak) Verða tútinn; þenjast út. „Ansi eru þessir hvítölskútar að tútna mikið út“!

Tútomma / Treitomma / Fírtomma (n, kvk) Tveggja-, þriggja- og fjöggaratömmu naglar/saumur. Algengt heiti til skamms tíma vestra, en virðist lítið hafa verið notað annarsstaðar.

Tútommunagli / Tútommusaumur (n, kk) Tveggja tömmu nagli/saumur.

Tútta (n, kvk) Gúmmíhetta með gati sem sett er á stút t.d. flösku, etil að ungiði geti sogið hana líkt og spena. „Heimalningurinn geit gat á túttuna“.

Túttuskór (n, kk, fto) *Dúdduskór*; svartir gúmmískór sem um tíma voru framleiddir hérlendis og mikið notaðir, ekki síst til sveita. Einungis var notað gúmmí í allan skóinn, sóla sem annað, en ekki strigi til styrktar. Gerð þeirra minnti um margt á roðskó. Endingin var ekki mikil og skórnir voru hvorki þéttir né grýttu landslagi né votu.

Tveggjamannatal (n, hk) Það sem sagt er milli tveggja manna en fer ekki lengra; leyndarmál tveggja. „Ég er ekkert að gaspra um það sem ég segi í tveggjamannatali“.

Tveggja manna tak (orðtak) Byrði sem þarf tvo til að hreyfa/lyfta/ ráða við. „Steinninn er tveggja manna tak“.

Tveggjablaða (l) Með tveimur blöðum. Oftast notað um vasahníf með tveimur misstórum blöðum; festu sínu í hvorn enda skaftsins. „Hann gaf mér tveggjablaða vasahníf sem ég átti í mörg ár“.

Tveggjahanda járn (orðtak) A. Hnífur með tveimur handföngum B. *Viðsjálgripur*; viðsjárverður maður. „Það er vissara að hafa eftirlit með honum; hann getur stundum verið tveggjahanda járn“. Sjá *beggjahandajárn*.

Tveggjahanda trog (n, hk) Austurstrog í bát sem gert er til að halda því með tveimur höndum meðan ausið er. „Olafur Arnfjörð jós með tveggja handa trogi“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).

Tveggjamannafar (n, hk) Smábátur sem ber tvo menn; kæna. „Menn róa nú ekki djúpt á tveggjamannafari“.

Tveggjamannamaki (n, kk) Sá sem hefur í fullu tré við tvo; á við tvo í vinnu/bardaga. „Hann var nauðsterkur og tveggjamannamaki í hvaða verki sem hann tók sér fyrir hendur“.

Tveggjamannatak (n, hk) Það sem þarf tvo menn til að lyfta/ ráða við. „Í miðri hleiðslunni er gríðarstór steinn; minnst tveggjamannatak að þyngd“ „Vertu ekki að bisa við þetta einn; þetta er tveggjamannatak“!

Tveggjamannatal (n, hk) Það sem sagt er milli tveggja manna en fer ekki lengra; leyndarmál tveggja. „Ég er ekkert að gaspra um það sem ég segi í tveggjamannatali“.

Tveggjanátta (l) Hefur verið um tvær nætur/ tvo sólarhringa. Oftast notað um legutíma neta í sjó. „Við drögum þetta tveggjanátta meðan veiðin helst svona góð“.

Tveimmegin (ao) Frá/að/á tveimur hliðum. „Við kouv því tveimmegin að hópnum og hann hrökk heimleiðis“.

Tveir / Tvennir (to) Talan tveir er sögð „tvennir“ þegar um samstæður/pör er að ræða. „Ég keypti mér tvenna sokka“ „Það veitir ekkert af tvennum vettlingum í þessum kulda“.

Tveir jafnfljótir (orðtak) Fæturnir; *postulahestarnir*. „Framundir það að akfærir vegir komu í Rauðasandshrepp á árunum 1950-60 var þar mest ferðast á tveimur jafnfljótum, því reiðhestar flýttu lítið för í því fjallendi sem þar er. Helst var farið með hesta milli bæja ef um verulegan flutning var að ræða.“

Tvennar eru tíðir(nar) (orðtak) Viðhaft þegar lýst er mismunandi aðbúnaði/viðhorfum/veðurfari o.fl. á mismunandi tímum. „Tvennar eru tíðirnar. Ég man þá tíma að svona iðjuleysingjar voru lítills metnir“.

Tvennslags (l) Af tveimur gerðurm; með tvennu móti. „Tvennslags verkun var á heyi; vothey og þurrhey“.

Tvinnað band / Tvistur (orðtak) Band sem spunnið er úr tveimur þráðum. „Annars var „*föðurlandið*“ úr smáu tvinnuðu bandi. *Prjónaklukkur* á stelpur voru úr hárfinu tvinnuðu bandi eða *einspinnu*, þær voru prjónaðar með *klukkuprjóni*.“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms). „Það var mikið ofið á veturna. Uppistaðan var tvistur; fyrirvaf var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver sem notuð voru í verbúðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Tvistur (n, kk) A. Tvinnað band eða klæði úr tvinnuðu bandi. B. Spil sem er tveir að gildi. C. Flóki úr bómullarafgöngum notaður til þurrkunar olíuleifa o.fl.

Tvisvar/lengi verður gamall maður barn (orðatiltæki) Vísar til þess að á gamals aldri verða menn oft sem börn; ósjálfbjarga; gleðjast yfir litlu og jafnvel bilaðir í hugsun og rökvísi þannig að líkist barns getu.

Tvisvar verður sá feginn sem á steininn sest (orðatiltæki) Gott þykir að setjast á stein til hvíldar á langri göngu yfir heiðar, en hinsvegar er einnig gott þegar upp er staðið af hörðum steininum.

Tvíálma kvísl (n, kvk) Heykvísl með tveimur *álmum*/tindum.

Tvíátta / Tviáttaður (l) Um það þegar vindur virðist standa úr tveimur áttum samtímis; blæs sitt á hvað. „Það er eins og hann sé tviáttaður“. Einnig er þá talað að „hann komi ekki áttinni fyrir sig“.

Tvíbanda prjón (orðtak) „Tvíbanda prjón var það kallað þegar prjónað var með tveim eða fleiri litum“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Tvíbeita (s) Beita sömu *línuna* tvisvar. „Tvíbeitt var í hverjum róðri, og voru þannig beittar 40 lóðir á dag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Tvíbent (l) Verkar tvímælis; tvíeggjað. „Það er nú dálítið tvíbent að láta hann hafa svo mikil völd“.

Tvíblóma (l) Um egg; tvær auður í sama egginu. „Tvíblóma egg eru frekar sjaldgæf“.

Tvíborga / Tvígreiða (s) Greiða sömu skuld/vöru/vinnu tvisvar. „Ekki ætla ég að láta þig tvíborga þetta“!

Tvíbregða (s) Bregða bandi tvo vafninga utanum festu/hald. „Snærinu var tvíbrugðið um þininn og undir þátt í öðrum vafningnum“. „Ég tvíbrá um mig vaðarendanum í aðsetunni“.

Tvíbrjóta (s) Brjóta tvisvar/ á tveimur stöðum. „Hann varð fyrir því að detta og tvíbrjóta á sér handlegginn“. „Nauðsynlegt var að tvíbrjóta málbeinið til að tryggja að ungbarn á heimilinu yrði ekki holgóma“.

Tvíbrugðið (l) Bum festu vaðs/línu; bugðið tvo hringi um festu/hald. „Vaðnum var tvíbrugðið um nefið“.

Tvíbýli (n, hk) Tveir bæir á sömu jörð. Sem dæmi má nefna Kollsvík, þar sem oft var tvíbýli. Þjuggu þá tvær fjölskyldur annaðhvort í sama húsi eða húsasamstæðu; gjarnan hvor með sinn bústofn, en úthagi var sameiginlegur og ýmis samvinna um búreksturinn. Annað dæmi um tvíbýli er Efri- og Neðri-Tunga í Örlygshöfn. Þar eru húsatorfurnar aðskildar, sem og allur búrekstur, en úthagi er í sameign bændanna.

- Tvídraga** (s) Um net/fiskilínu; draga tvisvar yfir stuttan tíma. „Heyrðu! Er þetta ekki strengurinn sem við vorum að draga áðan? Það er nú varla svo mikil veiði að við förum að tvídraga sama daginn“!
- Tvíefldur** (l) Öflugri en áður; af auknum krafti. „Eftir að hann fékk önnur lyf er hann allur annar maður og tvíefldur í vinnu“.
- Tvíeggjað** (l) Vafasamt; tvíbent. „Það geturverið tvíeggjað að byrja á þessu; þú veist ekki hvernig það fer“.
- Tvíeggjað sverð** (orðtak) Notað um það sem getur gert manni gagn en um leið getur reynst manni hættulegt. „Honum fannst að vera tvíeggjað sverð að fara með svo þunga vinnuvél út á túnið“.
- Tvíforn** (l) Búinn að geymast í tvö ár. „Tvíforn saltfiskur er ágætur, hafi hann fengið góða söltun og geymslu“.
- Tvífornt hey** (orðtak) Hey frá því í hittíðfyrra; tveggja ára hey. „Það má gefa geldfénu þetta tvífornt hey“.
- Tvífylla** (s) Fylla tvisvar. „Þarna var svo mikið af berjum að ég tvífyllti fötuna“.
- Tvígiftur / Tvíkvæntur** (l) Giftur tvisvar; búinn að vera í tveimur hjónaböndum.
- Tvíheilagt** (l) Um hátíð; stendur tvöfalt lengur en venja er; stendur í tvo daga.
- Tvíhenda** (s) Taka hlut með báðum höndum. „Ég tvíhenti stöngina og var tilbúinn að slá tudda hraustlega í hausinn ef hann gerði atlögu“.
- Tvíhendisár** (n, kvk) Ár sem róíð er með báðum höndum.
- Tvíhendistrog** (n, hk) Austurstrog sem gert er til að *tvíhenda* það/ ausa með báðum höndum.
- Tvíhita** (s) Hita tvisvar upp. Oftast notað um *ketsúpu*. „Það er bara til bóta að tvíhita ketsúpuna“.
- Tvíhitaður** (l) Hitaður tvisvar upp. Oftast notað um *ketsúpu*. „Alltaf er hún nú betri ketsúpan ef hún er að minnsta kosti tvíhituð; jafnvel þríhituð“.
- Tvíhlaða** (s) A. Um vegghleðslu; hlaða með tvöföldu byrði. B. Um veiðiskap; róa tvisvar sama daginn og fé fullfermi/góðan afla í bæði skiptin.
- Tvíhlaðinn** (l) Um grjóthlaðinn vegg; hlaðinn með innra og ytra byrði. Hryggjugarðar voru tvíhlaðnir og sterkari en steinbítsgarðar. Tvíhlaðnir húsveggir eru vanalega með þjappaðri veggfyllinguá milli.
- Tvíhljóði** (n, kk) Tveir sérhljóðar með eigin framburði, s.s. au, ei og ey.
- Tvíhleypa** (n, kvk) Haglabýssa með tveimur hlaupum; annaðhvort hlið við hlið eða efra og neðra.
- Tvíhleypt** (l) Um haglabýssu; með tveimur hlaupum. „Ég á líka ágæta Brúnó; tvíhleypta“.
- Tvíhnepptur** (l) Um fatnað, einkum yfirfatnað; með tvöfaldri röð af hnöppum.
- Tvíhvolf** (s) Um bát; hvolf tvisvar; fara tvisvar á hvolf. „Bátum tvíhvolfði eftir þetta áfall, en í bæði skiptin komst hann á kjöl“.
- Tvíkjálka prjónavél** (l) Prjónavél með tveimur kjálkum. „Farið var að prjóna lopapeysur eftir að farið var að vinna ullina í lopa en oftast voru vinnupeysur úr bandi (Gefjunarband) og þá prjónaðar í tvíkjálka prjónavélum ef fólk átti aðgang að slíkum... Svo var ein kona á Rauðasandi sem átti tvíkjálka prjónavél og prjónaði talsvert fyrir sveitungana. Hún hét Kristín Pétursdóttir og hún og bræður hennar voru í mörgu á undan sinni samtíð.“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms). Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Tvíkúpla** (s) Aðferð sem nota þurfti við stjórn fyrri bílategunda, til að skipta þeim úr hærri gir í lægri. Hún fólst í því að stíga á kúplingu; taka úr gir og gefa kúplingu upp aftur; gefa vélinni inn til að auka snúning hennar til jafns við lægri gíra; stíga aftur á kúplingu; skipta í lægri gir og kúpla aftur að. Mjög voru menn misjafnlega lagnir við þetta, og vildi oft skrölta óhugnarlega í girum hjá sumum; var það stundum nefnt „tannburstun“. Síðar urðu gírkassar fullkomnari í þessum efnum.
- Tvíkynja** (l) Bæði karlkyns og kvenkyns í senn. Algengt er að plöntur séu tvíkynja og einnig er slíkt algengt meðal lindýra. Kemur fyrir sem vansköpun hjá hryggdýrum. Sjá *tvítóla*.
- Tvíl** (n, hk) Efi; efasemdir; vafi. „Ég held að ekki sé nokkurt tvíl um þetta“.
- Tvíla** (s) Efast; vera í vafa. „Ég tvíla það ekki að hann sé svekktur með úrslitin“. „Ekki er að tvíla það“.
- Orðstofninn er „tveir“, og merkingin líklega upprunalega „milli tveggja að velja“
- Tvílinn** (l) Í vafa; á báðum áttum. „Ég er enn dálítið tvílinn um þetta“. Sjá *ótvílinn*.
- Tvílemba** (n, kvk) Kind sem ber tveimur lömbum í sama burði. „Það þarf að gefa tvílembunum fóðurbæti“.
- „Tvílembum fjölgar og kjötpungi lambanna hefur aukist“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Tvílembd** (l) Um kind; með tveimur lömbum. „Ekki bregst það nú fremur en áður að Eygla er tvílembd“.
- Tvílembingsgimbur / Tvílembingshrútur** (n, kvk/kk) Lamb fætt sem tvílembingur. „Hún er ansi væn af tvílembingsgimbur að vera; og miðað við stærð móðurinnar“.

- Tvilembingur** (n, kk) Annað lamb frá tveimur í sama burði. „Við setjum þennan tvilembing á í vetur“.
- Tvílesa** (s) Lesa tvisvar. „Ég þurfti að tvílesa þetta áður en ég trúði mínum eigin augum“.
- Tvílitur** (l) Í tveimur litum. „Ég held ég hafi einu sinni séð tvílita tófu“.
- Tvíllaust / Án tvíls** (l/orðtak) Vafalaust; án vafa; efalaust. „Ég held að það sé alveg tvíllaust að þarna geta kindurnar ekki verið“. „Ég get fullyrt þetta án nokkurs tvíls“!
- Tvílráður** (l) Í vafa; fullur efasemda; efins. „Mér finnst hann helsti tvílráður í þessu efni ennþá“.
- Tvílyftur** (l) Um hús; með tveimur hæðum. Orðstofninn er „loft“.
- Tvílæsa** (s) Læsa betur en vanalega er gert. Sumar skrár eru þannig að unnt er að snúa lykli lengra en vanalega er gert með einfaldri læsingu, og þannig tryggt betur að ekki sé unnt að *dýrka upp* lásinn.
- Tvímala** (s) Mala tvisvar, t.d. korn.
- Tvímarka** (l) Um eyrnamerkingu sauðfjár; marka í annað sinn, vegna t.d. eigendaskipta. „Það er ósköp erfitt að átta sig á þessu þegar búið er að tvímarka“.
- Tvímastra / Tvímastraður** (l) Um bát/skip; með tveimur möstrum/siglutrjám.
- Tvímánuður** (n, kk) Mánuður í fornu tímatali. Fimmti mánuður sumars og hefst næsta þriðjudag eftir 20.ágúst, á eftir Heyönnum. Nefndur kornskurðarmánuður í Snorra-Eddu. Þá lauk selstöðu og oftast einnig engjaslætti. Nafnið gæti verið dregið af því að þá eru tveir mánuðir eftir af sumri.
- Tvímenna** (s) Vera tveir/tvær/tvö saman t.d. á hestbaki.
- Tvímjólka** (s) Mjólka tvisvar í sama mál.
- Tvímælalaust** (l) Vafalaust; efalaust; án nokkurs vafa. „Þetta er tvímælalaust besta leiðin“.
- Tvímæli** (n, hk, fto) Vafi; efi; það sem er *vafa undirorpið*.
- Tvímælt** (ao) Með tveimur málum. Oftast er átt við tvær máltíðir á dag en stundum þó notað um mjaltir eða fódurgjafir. Sjá *einmælt*.
- Tvímöstrungur** (n, kk) *Tvímastra* skip.
- Tvínefni** (n, hk) Tvö nöfn á sama manni/ sömu skepnu. Fyrrum voru tvínefni á fólki fátíð og reynt að sneiða hjá þeim. Talin var dyggð að halda sig við algeng nöfn og helst af biblíulegum uppruna. Nú er öldin önnur; foreldrar virðast reyna að finna börnum sínum sem flest nöfn og fáránlegust.
- Tvínóna við** (orðtak) Hika; draga á langinn. „Hann var ekkert að tvínóna við þetta, heldur kláraði verkið í einni lotu“. Líklega komið af því að vera við verk í meira en sólarhring; þ.e. yfir tvö nón.
- Tvípeð** (n, hk) Í skák/tafli; tvö peð sama litar í sömu línu frá skákmanni.
- Tvípunktur** (n, kk) Í ritmáli/reikningi; tveir punktar, annar yfir hinum. Greinarmerki eða deiling.
- Tvíraddað** (l) Í söng; þegar tveir syngja saman, gjarnan sinn í hvorri rödd/tóntegund.
- Tvírifað** (l) A. Um siglingu; segl rifað tvöfalt meira en vanalega. B. Fjármark; tvöföld rifa í eyra.
- Tvíristuljár** (n, kk) Torfljár með handfangi á öðrum enda, og ristir einn maður torfuna í teimur ristum, sitthvorumegin frá. Einristuljár er með handföngum á báðum endum og rista tveir menn torfuna í einni ristu á milli sín. Einristuljár gamall er til á Láganúpi og var notaður til ca 1970.
- Tvírit** (n, hk) Skjal í tveimur eins eintökum.
- Tvíróið** (l) Róið tvisvar á dag. „Alltaf var tvíróið á sólarhring, enda oftast gott veður“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). „Róið var með lóðir, átta lóðir, og yfirleitt tvíróið“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurver). „Þegar tví- eða þríróið var, fengu menn sér bita á milli þess að farið var á sjóinn“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH).
- Tvíróinn** (l) Um bát; unnt að róa með tveimur árum; með tvö ræi/ tvær tollur.
- Tvíræðni** (n, kvk) Það sem skilja má á tvo vegur.
- Tvírætt** (l) Unnt að skilja á tvo vegu. „Þetta hljómaði nú dálítið tvírætt hjá honum“.
- Tvísaga** (l) Segir ekki eins frá sama atviki. „Hann er orðinn tvísaga í þessum efnunum“.
- Tvísalta** (s) Salta tvisvar; *umsalta*. „Það er ekki lag í öðru en tvísalta fiskinn“.
- Tvísauma** (s) Sauma tvisvar sama saum. „Allt var þetta tvísaumað, og þurfti síðari saumurinn að fylla vel út í hvert nálfar og herða vandlega hvert nálspor“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæði*.
- Tvísjóa** (l) Um sjólag; alda úr tveimur áttum; ruglingur. „Tvísjóa var; aðallega vestanalda, en ofan á hana var kominn norðansjór. Ferðin til Kollsvíkur gekk vel...“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Tvískallaður (l) Um hamar; með skalla beggja megin. „Tvískölluð sleggja er notuð til að berja harðfisk“

Tvískeraplógur (n, kk) Plógur sem ristir tvö plógför samtímis.

Tvískeri (n, kk) *Tvíristuljár* (sjá þar).

Tvískinnungsháttur (n, kk) Ósamkvæmni; hafa tvennar mismunandi skoðanir samtímis.

Tvískinnungur (n, kk) A. Tvöfalt húðlag á sári. B. Oftast notað sem líkingamál um tvíráðni í afstöðu til máls eða ákvörðunum.

Tvískær (l) Sem unnt er að skera með þveimur skurðum í þrjá hluta; t.d. fiskur.

Tvíslá (s) Slá sömu slægju tvisvar yfir sumarið. „Ég tvísló allar sléttur þetta árið“.

Tvísmala / Tvíleita (s) Smala/leita sama svæði tvisvar. „Ég efast um að kindurnar geti verið uppi í Stæðum; þar er búið að tvísmala fyrir stuttu“.

Tvísoðinn (l) Soðinn tvisvar. „Sagt var um hrafnsegg að þau mætti einungis éta tvísoðin“.

Tvístirni (n, hk) Tvær sólstjörnur í slíkri nálægð hvor við aðra að þær ganga um sameiginlega miðju.

Tvístíga (l) Íða; aka sér; ókyrrast. „Þessi læknisskoðun tók æði langan tíma. Ekki furða þó þú sért farinn að tvístíga að bíða eftir mér“.

Tvístígandi (l) Hikandi; á báðum áttum. „Hann er enn dálítið tvístígandi í þessu máli“.

Tvístra (s) Sundra; dreifa; sprengja sundur. „Tíkinn æddi inn í fjárhópin og tvístraði honum“.

Tvístýft (l) Eyrnamark búfjár; stýfður eyrabroddurinn af og síðan tekinn annar stallur niður, frá miðjur eyra.

Tvístæðufjós (n, hk) Fjós með tveimur básaröðum; þannig að kýr snúi hölum saman.

Tvískýna (n, kk) Tvískýnt veður; færð; bjargferð eða önnur athöfn. „Sýndist sumum þá teflt í mikla tvískýnu“.
„Þeir vissu því vel hvað þeir voru að gera þegar þeir streittust við að láta þann gula ekki lokka sig í tvískýnu út á Kollsvík“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Tvískýnt veður (orðtak) Veður getur farið á báða vegu. „Þegar veður var tvískýnt gat borið til beggja vona að dagurinn yrði til enda tryggur, en oftast þó sá róðurinn sem róinn var“ (KJK; Kollsvíkurver).

Tvíöngur (n, kk) Söngur tveggja; sungið *tvíradnað*. Tvíöngur er talinn hafa verið sunginn til forna, í heiðni, en vék fyrir kristnum kirkjusöng. Sungið var í samstígam fimmundum. Efri rödd syngur laglínu en fylgirödd skýst stundum upp fyrir hana og fylgir henni fimmundum ofar.

Tvívátaka (s) Endurtaka það sem sagt er.

Tvívátelja (s) Telja tvisvar. „Eg tvívátaldi í karminum til öryggis“.

Tvívátakin (l) Um mál/söng; endurtekin einusinni. „Síðasta laglínan er tvívátakin“. „Hann heyrði svo illa að ég þurfti að tvívátaka nánast allt sem ég sagði“.

Tvívátóla (l) Um vansköpun; með æxlunarfæri beggja kynja. „Þú setur þennan hrút ekki á; hann er tvívátóla“.

Tvívegis (ao) Tvisvar sinnum; í tvö skipti. „Tvívegis á báturinn eftir að velta ennþá, en ávallt ná þeir fjórir sem eftir voru til bátsins, og náðu að síðustu að hjálpa hver öðrum upp í hann“ (KJK; Kollsvíkurver).

Tvívugt dýpi (orðtak) Um sjávardýpi; tuttugu faðmar. Töluorðið oftast notað án endingar. „Við rerum nokkuð undan; ætli það hafi ekki verið niður á tvívugt, og þar fengum við ágætis kennslí“.

Tvívýtungdur (l) Talar tvö tungumál.

Tvívegis (ao) Tvisvar.

Tvíverknaður (n, kk) Það sem gert er tvisvar; óþörf endurtekning. „Það er best að klára þetta fyrir kvöldið; það yrði bara tvíverknaður að þurfa að fara aftur til þess á morgun“.

Tvíþekja (n, kvk) Flugvél með tvo aðalvængi.

Tvíþættur (l) Gerður af tveimur þáttum. Notað annarsvegar um band/taug; hinsvegar um málefni.

Tvíær (l) Um jurt; hefur tveggja ára lífsferil.

Tvíæringur (n, kk) Bátur sem róið er tveimur árum; kæna.

Tvævetla (n, kvk) Tveggja vetra ær. „Tvævetlulömb eru oft mjög væn, enda móðirin ung og hraust“.

Tvævetur (l) Tveggja vetra. „Ég er nú *eldri en tvævetur*; það þýðir ekki að reyna að ljúga þessu að mér“!

Tvöfaldur í roðinu (orðtak) Leikur tveimur skjöldum; ekki allur þar sem hann er séður; ótraustur; beggja handa járn. „Þeim þótti karlinn vera helst til tvöfaldur í roðinu og óvarlegt að treysta á hans atkvæði“.

Tvöfeldni (n, kvk) Fláttskapur; ekki einlæggi; undirferli. „Hann sýndi tvöfeldni og ósannsögli í málinu“.

- Tyfta** (s) Refsa; hirta. Fremur lítið notað orð á seinni tímum.
- Tyggja** (s) Tanna; japla á. „Einmitt þegar Júlfi hafði stungið upp í sig fyrsta bitanum og tuggði með velþóknun“ (PG; Veðmálið).
- Tyggja (ofan) í (einhvern)** (orðtak) Endurtaka þrásinnis/oft. „Ég nenni ekki að tyggja það ofaní hann einusinni enn hvernig best er að standa að þessu“.
- Tyggja (eitthvað) upp aftur og aftur** (orðtak) Endurtaka oft það sama.
- Tygja sig (til/ af stað/ til ferðar)** (orðtak) Búast til brottferðar; koma sér af stað. „Það er best að fara að tygja sig“.
- Tylft** (n, kvk) Tólf stykki; dúsin.
- Tylftareiður** (n, kk) Eiður svarinn af 12 mönnum. Slíkur eiður var réttarúrræði fyrrum. Sá sem borinn var sökum um galdra sem hann vildi ekki játa, gat hreinsað sig af ákæru fengi hann tólf menn til að votta samkleysi sitt. Tækist það ekki gat hann átt á hættu að vera borinn á bál.
- Tylla** (s) A. Setja; leggja á; tildra. „Tylltu bókinni upp á hilluna“. B. Tylla sér; setjast; hvíla sig. „Ég held að við tyllum okkur aðeins hérna og borðum nestið“.
- Tylla niður fæti** (orðtak) Stíga niður. „Það var svo þétt af eggjum á syllunni að varla var unnt að tylla niður fæti“. „Kindin er aðeins farin að tylla niður fæti, svo brotið hlýtur að vera farið að gróa“.
- Tylla sér (niður)** (orðtak) Setjast niður; hvíla sig. „Mikið er nú gott að tylla sér eftir öll þessi hlaup!“ „Trantalinn hann tyllir sér/ tæplega undir Bekknum./ Gíslahillan ennþá er/ upp af gamla Stekknum“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Tylla sér á skák** (orðtak) Setjast á stól eða annað setgagn. „Tylltu þér nú á *skák* og segðu mér fréttir“.
- Tylla sér á tá** (orðtak) Fara upp á tærnar til að ná hærra upp. „Með því að tylla mér á tá náði ég með fingurgómunum upp á sylluna, en þó ekki nóg til að veга mig upp á hana“.
- Tylliástæða** (n, kvk) *Fyrirsláttur*; léleg röksemd; *falsrök*; *rökleysa*. „Hann kom með allskonar tylliástæður fyrir þessu, en auðvitað var það bara *hreinræktaður* trassaaskapur“!
- Tyllidagur** (n, kk) Hátíðisdagur; viðhafnardagur. „Svona mat fær maður aðeins á hátíðum og tyllidögum“.
- Typpi** (n, hk) A. Toppur; tissi; tittur; nabbi. Oft óvissa um ritun með i eða y. „...og skaut vekjaraklukkunni undir sæng mína; því tippi það er þagga skyldi niður í henni var brotið“ (PJ; Brimlending í Kollsvík). B. Gæluorð um getnaðarlim. C. Siglutoppur. Sjá *uppi á e-m tippið*.
- Typingur** (n, kk) Brött en smá alda; *báruutypingur*. „Hann er eitthvað að auka þennan typing“.
- Tyrðill** (n, ll) Væskill; rýringur. „Mér sýnist karlinn vera óttalegur tyrðill og ekki til mikillar erfðisvinnu“.
- Tyrðilslegur** (l) Ræfilslegur; væskilslegur; aumingjalegur; rýr. „Skelfing er *hrútkægillinn* tyrðilslegur“!
- Tyrfið** (l) Um verkefni/nám; erfitt; flókið; torskilið. „Mér fannst stærðfræðin dálítið tyrfin á þessu stigi“.
- Tyrki** (n, kk) A. Maður frá Tyrklandi. B. Notað um þá ribbalda sem rændu fólki í Vestmannaeyjum og víðar, einkum í Tyrkjaráninu 1927, sigldu með það út og seldu í þrældóm. Uppruni ræningjanna var þó margvíslegur. Foringi þeirra, Jan Janszoon var hollenskur reifari sem sest hafði að í Marokkó og gerði út leiðangur skipa frá Algeirsborg í Tyrkjaránið. C. Notað sem skammaryrði um rusta/ribbalda.
- Tyrkjahúfa** (n, kvk) A. Vefjarhöttur; túrban. B. Notað um skuplu sem vafin er um höfuð og minnir á vefjarhött. Stundum einnig um prjónhúfu sem brett er áberandi mikið upp á jöðrunum.
- Tyrrinn** (l) Öngur; viðskotailur. „Hann var syfjaður og frekar tyrrinn“.
- Tyrtulegur** (l) Hvefsinn; hryssingslegur. „Hann gat stundum virst fráhrindandi og jafnvel tyrtulegur í augum ókunnugra“. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).
- Týhraustur** (l) Mjög hraustur; við hestaheilsu. Líklega fremur dregið af dönsku heiti nauts en goðinu Tý.
- Týna/tapa áttum** (orðtak) Villast. „Gættu að því að týna ekki áttum í þokunni þarna uppi“.
- Týna niður** (orðtak) Gleyma; förlast. „Eitt sinn kunni ég þetta ljóð, en ég er alveg búinn að týna því niður“.
- Týna tölunni** (orðtak) Fækka. „Ansi finnst mér hrífurnar vera að týna tölunni“!
- Týnast** (s) A. Hverfa. B. Um skip; farast.
- Týnt og tröllum gefið** (orðtak) Um það sem er alveg týnt og glatað. „Einu sinni var til þessi forláta *dembúll* sem gagnaðist í öllum veðrum, en hann er nú týndur og tröllum gefinn eins og margt annað“.

Týra (n, kvk) A. Dauft ljós, ljóstýra. B. Lítið ljósfæri, gert þannig að pípu með kveik er stungið niður í byðu með eldsneyti, t.d. lýsi eða grút.

Tæfa (n, kvk) Gæluorð yfir tófu.

Tægja (n, kvk) Tætla; nurta; drúg. „Hann stangaði tægjur úr tönnum sínum“. „Bennvaðar tægjur eru í þessum appelsínunum núna“! Stofnskylt „tág“.

Tæja (s) Þáttur í ullarvinnslu. Tekin er ullarvisk í aðra hönd og dregnir út úr henni ullarþræðir með hinni, og þannig rétt úr þráðunum og þeir lagðir samhliða. „Þegar lokið var við að borða og drekka var sest að ullarvinnu. Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu eða fléttuðu reipi og brugðu gjarðir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). Sjá *tóvinna*. „... heimilisfólíkið sat við sína handavinnu; tækja ull, kemba, spinna, þrjóna, sauma, flétta reipi og fleira sem til féll“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Tækifærisljóð / Tækifærisvísa (n, hk/kvk) Ljóð/vísa sem ort er í vissu tilefni, t.d. vegna afmælis o.fl.

Tækniframfarir (n, kvk, fto) Kollsvíkingar og sveitungar þeirra voru fljótir að nýta sér tækniframfarir þær sem urðu á 20.öld. Vélar komu í báta; traktorar komu á búin; mýrlendi var þurrkað og ræktað; rafmagn, hitunar- og eldunartæki komu í hús o.s.frv.

Tækt (l) Unnt; gerlegt; líðandi. „Það er hreint ekki tækt að karlinn sé að skrölta í bjargferðum á þessum aldri“!

Tæla (s) Svíkja; draga á talar; blekkja; lokka; ginna; gabba.

Tæmandi (l) Fullnaðar-; til fullnustu; algjört. „Þessi orðaskrá getur aldrei orðið tæmandi yrirlit“.

Tæpa á (orðtak) Minnst á; brúa á; nefna lítillega. „Hann tæpti aðeins á þessu við mig, en við ræddum það ekkert nánar“.

Tæpitunga (n, kvk) A. Smámæli; það að vera smámæltur; segja ógreinilega. B. Í líkingamáli; það sem gefið er í skyn en ekki sagt fullum fetum.

Tæpitungulaust (l) Án hálfvelgju; umbúðalaust. „Kollsvíkingum er tamt að tala tæpitungulaust“.

Tæplega (ao) Varla; *hæpið*; ekki miklar líkur til; ekki alveg „Ég trúi því tæplega að af þessu verði“. Þeir koma varla í dag úr þessu“. „Klukkan er tæplega þrjú“. „Ívar Ívarsson taldi að bókafulltrúi hefði tæplega þann íhlutunarrétt sem fram kemur í bréfi hans“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Tæpur (l) A. Knappur; lítill; naumur. Mennt geta verið *tæpir með hey* og þá var oftast óþarfi að klára setninguna: „Heldurðu að þú sért að verða tæpur“? „Reynt var að hreinsa og hrista sandinn burt eftir föngum, en það tókst ekki nándar nærri til neinnar hlítar, enda aðstaða þarna ómöguleg og tími tæpur“ (KJK; Kollsvíkurveg). „Það er tæpt á að þetta nægi“. „... því flestir þeir sem tæpastir eru eiga dálítinn fóðurbætur...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925). B. Gangur í bjargi getur verið tæpur. C. Svo getur maður verið *heilsutæpur* eða jafnvel *tæpur á geði*.

Tæpur með (orðtak) Á lítið af; er að verða búinn með. „Við erum að verða tæpir með saltið“.

Tæpur með fóður/hey (orðtak) *Heytæpur*; á lítið af fóðri/heyjum fyrir sínar skepnur. „Ertu að verða tæpur með hey“? „Forðagæslumenn töldu hann tæpan með fóður í haust, en þetta virðist ætla að duga honum *framúr*“.

Tær (l) Hreinn; glær; gegnsær.

Tæri (n, hk) Eingöngu notað núna í orðtakinu að „komast í tæri við (inhvern/eitthvað)“. Tæri merkir þarna skýra sýn, þ.e. að maður sé kominn nógu nærri til að greina vel.

Tæring (n, kvk) A. Eyðing. Einkum notað nú til dags um oxun málma. B. Annað heiti á berklum/berklaveiki. Uppruna orðsins er líklega einfaldlega að leita í því að vatn verður tært við það að grugg fellur til botns.

Tæta / Tætla (n, kvk) Snifsi; þjatta; ræfrildi. „Af bókinni voru einungis eftir ólæsilegar tætur“. „Netið var rífið í tætlur eftir hámerina“.

Tæta (s) Rífa í sundur; purpa; dreifa; *tæja*. „Veriði nú ekki að tæta heyið svona niður“!

Tæta sig upp (orðtak) A. Um veður; hvessa skyndilega. „Ári er hann að tæta sig upp allt í einu; hann verður fljótur að auka báru með þessu áframhaldi“! B. Um manneskju; vakna snemma. „Mér sýnist að það verði lítið sjóveður á morgun, svo það er óþarfi að tæta sig upp“.

Tætungslegur (l) A. Illa til *höfð/úfin* manneskja. Greiddu nú á þér lubbann drengur; þú ert óttalega tætungslegur um hausinn. B. Ógreinilegt/úfið skýjafar. „Hann er fjári tætungslegur, svo það er erfitt að spá um hvað hann gerir í þetta“.

Tættingur (n, kk) A. Óreiða; óskipulag; drasl. „Skelfilegt er nú að sjá þennan tætting“! B. Sneplar; það sem tætt hefur verið. „Hvaða tættingur er þetta, hér á gólfinu“? C. Hryssingslegt veður; hvasst og jafnvel misvinda. „Það er bölvæður tættingur í honum núna“. Kann að hafa átt við ull sem búíð var að tæja/tæta.

Tætingur í veðrinu (orðtak) Óveður; hvassviðri; rok. „Búðu þig nú vel; það er óttalegur tætingur í veðrinu“.

Tætla (n, kvk) A. Ögn; *snífsi*; lítil afrifa. „Mér sýnist að þetta séu tætlur úr sólskríkju sem kötturinn hefur unnið að“. „Það sést hvorki tangur né tætla eftir af þara í fjörunni eftir þetta brim“. B. Styting á *heyætla*.

Tætla (s) Vinna með *heyætlu/tætlu* við að þeyta heyi til þurrkunar.

Tætlutindur / Heytætlutindur (n, kk) Tindur í heytætlum, sem festur er á stjörnu sem snýst og grípur í heyið til að tæta það og lyfta því svo þorni hraðar. Brotna iðulega, t.d. ef rekst í stein eða jörð.

Tættur (n, kvk, fto) Tóttir. „Á Stekkjarhjalla eru stekkjartættur, nefndar Stekkur“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Töðugat (n, hk) Sátugat; op á hlöðu sem heyið var látið inn um; op úr hlöðu í jötu. Framan af vélaöld voru töðugöt fremur lítil. Látið var inn með heykvíslum og inni var fólk við að jafna og troða. Síðar var heyi blásið inn, en enn síðar var það bundið í bagga og rúllur. Orðið töðugat var oft notað í Kollsvík en orðið sátugat, en virðist óþekkt annarsstaðar.

Töðugjöld (n, hk, fto) Samkoma, þar sem bændur og vinnufólk þeirra fagnar lokum heyskapar. „Almenn töðugjöld eru oftast um mánaðarmótin ágúst-september...“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Töðuheyskapur (n, kk) Heyöflun á tünnum (ekki engjaheyskapur). „Þegar töðuheyskapur var búinn var farið að slá Sláttumýrarnar, en þar var heyskapur seintekinn“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Töðuilmur (n, kk) Töðulykt; heyilmur; ilmur/lykt af þurrkuðu heyi. Reyndar er lyktin nokkuð mismunandi, og fer það eftir því hvers eðlis taðan er; hve vel og fljótt hún hefur þornað og hvort um er að ræða hey sem verið er að hirða úr flekk; hey sem verið er að breiða úr göltum; hey sem byrjað er að orna í hlöðu eða hey sem verið er að leysa í hlöðu; verkað og staðið. Önnur „flóra“ af heyilmi er svo votheysilmur/votheyslykt.

Töðuteigur (n, kk) Grasteigur með kjarnmiklu grasi sem gjarnan er slegið. „Var þá slegið út við Litlavatn og brok við Startjarnir og Langasjó. Einnig töðuteigar í Kollsvíkurtó í Vatnadal“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Töf (n, kvk) Dvöl; seinkun; óstundvísir.

Töfra (s) A. Galdra; leggja í álög. B. Heilla; hrífa.

Töfrabrögð (n, hk, fto) Brellur; sjónhverfingar. „Séra Þórarinn Þór hafði búningaskipti eftir jólaboðskapinn, og sýndi töfrabrögð við mikinn fögnuð barna og annarra á jólatrésskemmtun í Fagrahvammi“.

Töggur (n, kk) Seigla; styrkur; úthald. „Sýndu nú hvaða töggur er í þér!“ „Það er töluverður töggur í honum“.

Tök (n, hk, fto) Færi; tækifæri; möguleikar. „Heldurðu að þú hafir tök á að hjálpa mér við þetta núna?“ „Hann reyndi að synda fyrir Forvaðann, en þess voru engin tök“. Hugsanlegt er að Takaklettur í Blakk dragi nafn af því að um mjóan gang hans er eini staðurinn þar sem tök eru á að komast um hlíðina norður á Trumbur. Einnig kann nafnið að stafa af því að heiman klettsins eru stór björg í hlíðinni, eða *tök*.

Tök til (orðtak) Möguleiki á; tilsjón. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tök til þess...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Tökubarn (n, hk) Barn sem alið er upp af vandalausum, og telst þeirra barn.

Tökuorð (n, hk) Orð sem tekið er upp í íslenskt mál úr öðru máli; sletta sem festist í sessi.

Tölt (n, hk) A. Sérstök gangtegund hests, milli skeiðs og brokks. B. Ganga; rölt. „Strákurinn var lúinn eftir töltið“.

Tölta (s) Rölta; ganga; labba; trítla. „Hann tölta niður í fjöru“.

Töluð orð verða ekki aftur tekin (orðtak) Augljós speki sem oft er viðhöfð; menn skyldu gæta orða sinna.

Töluvert / Tölvert (l) Allmikið; verulegt; umtalsvert. „Það er töluvert kaldara en í gær“. „Þeir fengu víst töluverðan afla á Vatnadalsbótinni“. „Þetta er töluvert bratt“. „Hann var töluvert lengi á leiðinni“. Algengt í máli Kollsvíkinga en heyrir lítið notað almennt. Í mæltu máli er „u“ í miðju oft sleppt. „Þeir voru komnir á undan okkur og lentir þegar við komum upp á Lægið; þá var kominn brimhrotti töluverður“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „Þessi vetur er einhver sá besti er menn muna, en þó hafa hér á Sandinum gefist töluverð hey“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).

Töng (n, kvk) Áhald/verkfæri með tveimur örmum á þolinmæði framarlega, þannig að vogarafl myndast þegar gripið er um handföngin. Líklega elsta verkfærið sem ekki er ætlað til skurðar eða sláttar, en töng varð mönnum fljótt nauðsynleg t.d. við málmvinnslu.

Tönn (n, kvk) A. Bein með glerjungshúð í munni hryggdýra. B. Hluti verkfæra og véla sem á einhvern hátt hefur líkingu við tönn í munni. T.d. hefiltönn, sagartönn, ýtutönn o.fl. Í Kollsvík tíðkaðist fleirtölumyndin „tönnur“ framundir lok 20.aldar, og hefur líklega verið ráðandi þar fyrrum, líkt og t.d. „höndur“.

Tönnla (s) Tyggja; naga. „Réttu mér nú harðfisk til að tönnlast á“.

- Tönnlast á** (orðtak) A. Tyggja; naga; tönnla; *starta á*. B. Stagas/klifa á; bera fram bjagað. „Hættu nú að tönnlast á þessu; oft má satt kyrrt liggja“!
- Tönnur** (n, kvk, fto) Tennur. Í fleirtölu notuðu Kollsvíkingar fyrri tíðar einatt þennan beygingarmáta á orðinu „tönn“. T.d. orðaði GG á Láganúpi þetta aldrei öðruvísi. „Settu nú tönnurnar fyrir mig í glasið á bordinu“. Sama var um hljómskyld orð, s.s. *hjórrur*, *börrur* og *körrur*.
- Törn** (n, kvk) Lota; atrenna. T.d. vinnulota. „Við hvílum okkur nú aðeins fyrir næstu törn“. Nýlegt tökuorð.
- Törna** (s) Snúa; láta snúast. „Törnaðu vélinni dálítið á svinghjólínu“. „Það þarf að törna sviðahausunum nægilega hratt yfir eldinum svo þeir brenni ekki“.
- Töskuboli** (n, kk) Sæðingamaður. Notað þegar sæðingar hófust og varð útbreitt í Rauðasandshreppi en e.t.v. ekki mikið víðar.
- Tötrabaggi** (n, kk) Sá sem er tötrum búinn/ mjög tötralega klæddur. „Þú ert nú dálítið eins og tötrabaggi, skinnið mitt; með svona gauðrifna úlpuna“.
- Tötralega búinn/klæddur/tilhafður** (orðtök) Druslulega/fátæklega klæddur.
- Tötralúði** (n, kk) Tötralegur/druslulegur búningur/fatnaður. „Það er kannski best að taka af sér tötralúðann áður en maður fer að hitta fólk“.
- Tötulseigur** (n, kk) Gæluorð um mann sem er duglegri en útlit hans ber með sér. „Sjáið nú bara tötulseigan; bara kominn með stórlúðu uppundir borðið“! Líklega hefur fyrrum verið r í stað l í miðju orði, og vísað til fátæklega búins manns; vesalings.
- Tötur** (n, hk) A. Um fatnað (alltaf í fleirtölu); druslur; larfar. „Farðu nú úr tötrunum og skólpaðu af þér mesta skítinn áður en gestirnir koma“! B. Um manneskju (jafnan í eintölu); grey; aumingi; skarn. Notað einkum í vorkunnartón; gjarnan með öðru orði. „Komdu nú ræfilstötrið“. „Ertu eitthvað stúrin, töttrið mitt“.
- Töturslega búinn/klæddur** (orðtak) Illa/fátæklega búinn; ekki hlýlega til fara. „Skelfing ertu nú töturslega búinn! Fardu nú í eitthvað hlýlegra í nepjunni drengur“.
- Ufs / Ups** (n, kvk) Á húspaki; þakbrún; þakkantur. „Bjarni sagði að það hefði opnast með upsinni, og komst hann þar út“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Ufsaafli / Ufsagengd / Ufsaveiði** (n, kvk) Mikið af ufsa á miðum/ í afla; ganga af ufsa. „Það er gríðarleg ufsagengd núna“.
- Ufsatittur** (n, kk) Smáufsi; niðrandi heiti á ufsa. „Hér er ekkert að hafa nema snarvislausa ufsatitti! Færið kemst varla fyrir borð; hvað þá að maður verði var við almennilegan fisk“!
- Ufsi** (n, kk) Pollachius virens. Skyldur honum er *lýr* (Pollachius pollachius) sem einkum heldur sig austar. Ufsinn er allt í kringum landið, en misjafnlega á hverjum stað og algengari í hlýsjónum sunnan- og suðvestanlands. Uppsjár- og botnfiskur. Fæðan er ljósáta, smáfiskur o.fl. Gengur iðulega í miklum torfum vestur á Víkur þegar hlýna tekur í sjó síðsumars. Fiskurinn er mun fjörlegri í drætti en þorskur, og iðulega rætt um „snarvitlausan ufsa“ þegar hann var undir bát. Þó ufsinn sé vel ætur var hann ekki eftirsóttur, enda bragð og geymsluþol hans annað en þorsks. Til var skammarheitið „mannaskítsufsi“, sem segir sitt um álit einhverra á honum sem matfiski. Til var orðtakið „*sjaldan er ýsa í asafiski eða ufsi í ördeyðu*“ sem vísar til þess að von er um annan fisk ef ufsi gengur.
- Ugga** (s) Óttast; kvíða. „Ég er farinn að ugga dálítið um þá; þeir ættu að vera komnir núna“. „Mig uggir að þetta muni ekki enda vel“.
- Ugga ekki að sér** (orðtak) Vera ekki á verði; *hafa ekki vara á sér*; vera niðursokkinn/úti á þekju. „Ég var eitthvað annað að hugsa og uggði ekki að mér fyrr en féð var komið á rás í kolvitlausan átt“. „Ugga“ er sagnorðsmyndin af „uggur“; ótti; árvekni.
- Uggablandinn** (l) Um hugarástand; vottur af hræðslu/kvíða. „Menn biðu eftir bátnum með uggablandinni eftirvæntingu“.
- Uggandi** (ao) Smeykur; kvíðinn. „Sigurbjörn (í Hænuvík) var mjög uggandi allan þennan tíma“ (Dagbjörg Ólafsdóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Uggandi um sinn hag** (orðtak) Þykir sín staða ekki trygg/góð; óttast um öryggi sitt.
- Uggi** (n, kk) Sundfæri fiska. Uggar fiska eru misjafnir að stærð, lögun og fyrirkomulagi. Oftast er þó bakuggi á baki; eyruggar aftanvið tálkn; kviðuggar fremst á kvið; raufaruggi/gotraufaruggi við gotrauf.
- Ugglaus** (l) Grunlaus; *uggir ekki að sér*. „Ég var alveg ugglaus í þessu efni“.
- Ugglaust** (l) Eflaust; vafalaust; án hræðslu. „Þetta verður ugglaust í góðu lagi“.

Uggunarlaus (l) Grandalaus; sem uggir ekki að sér; sem varar sig ekki. „Ég var alveg uggunarlaus fyrir því að svonalagað gæti skeð“.

Uggur (n, kk) Beygur; kvíði; hræðsla. „Nú var kominn uggur í mannskapinn, og töldu allir að koma þyrfti til kraftaverk, ef nokkur þessara manna sem á bátnum voru kæmu lifandi í land“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveiri). Stofnskylt heitinu egg, sbr egghvass, og ögur.

Uggvænlega (l) Ískyggilega; illa. „Mér líst uggvænlega á að þið farið á sjóinn á þessu hripi“. „Honum finnst uggvænlega horfa um netin í þessum *nordanrosa*“. „Sagði ræðumaður það uggvænlega háa tölu fjár er hrapaði úr klettum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Uggvænlegt veðurútlit (orðtak) Ískyggilegar veðurhorfur; hætta á miklu óveðri.

Ulla (s) Reka útúr sér tunguna. Oftast gert í óvirðingarskyni við einhvern.

Ullaður (l) Um sauðkind; með mikla ull. „Féð var orðið vel ullað á þessum tíma sumars“.

Ullarátt (n, hk) Hneigið sem kemur upp í sauðfé sem haft er á húsi; einkum ef innistöður eru langar. Þá fer ein kind að sleikja og éta lagða á baki annarrar kindar. Séu mikil brögd að þessu getur það valdið sári. Einnig völast hárin upp í vömb þeirrar sem étur og valdið hættu ef það berst í garnir. Síður ber á ullarátti ef fé hefur næga útivist og nægt og næringarríkt fóður.

Ullarballi (n, kk) Poki úttroðinn af ull. „Það er kúnst að troða vel í ullarballa. Hann á helst að vera svo troðinn að hvergi *lauti* undan fingri þegar þrýst er á“.

Ullarband (n, hk) Band úr ull. Stundum notað um lopa.

Ullarbingur / Ullarhrúga (n, kk/kvk) Hrúga af ull. „Meðan aftekt stóð yfir mynduðust stórir ullarbingir á réttarveggjum. Mislit ull var haldið aðskilinni frá hvítri. Eftir aftket var ullinni dreift til þerris, væri í henni raki; ýmist á réttarvegginn eða farið með hana í fjárhús og þurrkuð á jötuböndum. Síðar var hún sett í ullarballa“.

Ullarbolur / Ullarbrók / Ullarbuxur / Ullardúkur / Ullarefni / Ullarfatnaður / Ullarflík / Ulltarfrakki / Ullarföt / Ullarhyrna / Ullarhúfa / Ullarkápa / Ullarkjóll / Ullarklútur / Ullarnærbuxur / Ullarnærföt / Ullarpeysa / Ullarpils / Ullarsjal / Ullarskyrta / Ullarsokkar / Ullarspjarir / Ullartau / Ullarteppi / Ullartreyja / Ullarvaðmál / Ullarvefnaður Ullarvoð Klæði og vefnaður úr ull.

Ullarhaft (n, hk) Ullarflækja sem vafist getur um afturfætur kinda og sært fæturna og/eða hindrað gang og jafnvel orðið til þess að kind fer *afvelta*. Einkum er hætt við þessu ef ekki er *tekið af* tímanlega.

Ullarhnoðri / Ullarlagður / Ullarlyppa / Ullarlýja / Ullarsnepill / Ullartjása / Ullarvísk (n, kvk) Tjása/lagður af ull. „Hvað er þarna hvítt frammi á sléttunni; eru þetta bara einhverjar ullarlýjur eða afvelta kind?“ „Það er rétt að hreinsa ullartjásurnar af ánni, þó það sé ekki mikið“.

Ullarklippur (n, vkk, fto) Fjárklippur; sérstök skæri sem notuð eru við aftekt fjár.

Ullarlaus (l) Um kind; með litla eða enga ull; snoðin.

Ullarlitun (n, kvk) Litun ullar hefur lengi verið kunnáttuverk, þó efnanotkun hafi mikið breyst. Fyrrum nýttu menn keitu og ýmiskonar jurtir, en síðar komu til ýmsar efnablöndur.

Ullarmat (n, kvk) Ull er metin þegar hún er seld frá bændum, enda geta gæði verið mjög mismunandi.

Ullarmikill (l) Um sauðkind; með mikla ull.

Ullarreyfi (n, hk) Samhangandi ull sem tekin hefur verið af kind.

Ullarvinna (n, kvk) Vinna við að gera vöru/fatnað úr ull. „Þegar lokið var við að borða og drekka kaffi var sest að ullarvinnu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Ullarþvottur (n, kk) Þvottur ullar fyrir tóvinnu og til sölu. „Ingveldur Ívarsdóttir frá Hænuvík, sem bjó á Stekkum á Patreksfirði, kom alltaf úteftir og sá um ullarþvottinn fyrir mömmu. Mörg sumur var hún einnig við heyskapinn; aðra utanaðkomandi hjálp man ég ekki eftir að hún fengi. Ullarþvotturinn fór fram við Torfalækinn. Vatn var hitað upp að suðu á hlóðum í stórum potti; í það var blandað keitu, en hún var notuð í stað sápu. Þá var ullin sett í pottinn og þvæld í nokkurn tíma; síðan tekin upp í körfu og skoluð vel í læknum. Að því loknu var hún borin upp á Torfamel og breidd þar til þerris. Þegar ullin var orðin þurr var valið úr henni til heimilisnota og hin hreinsuð og látin í poka til sölu. Ullarþvottinn þyrfti að vinna af mikilli vandvirkni. Oftast vorum við krakkarnir að reyna að aðstoða Ingveldi; aðallega við að bera ullina upp á þurrkvöll“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *tóvinna*.

Ullarþvæla (n, kvk) Staður þar sem ull er þvegin/þvæld. „Ég lagðist í lækinn neðan við ullarþvæluna og veltist þarna í læknum“ (IG; Æskuminningar).

Ullinseyru (n, hk, fto) Tveir separ ofaná hjarta búfjár, sem vanalega eru skornir frá og þeim hent þegar hjartað er matbúið. Var það ekki talinn mannamat. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að „aldrei skal borða

ullinseyru af kind, því hver sem það gerir verður skrafinn(lausmáll)“. Uppruni orðsins er óljós, en sumir kenna það við hinn forna guð Ull í heiðinni trú. Í sumum landshlutum nefnist þetta „ólánseyru“.

-um (ending áttalýsinga) Í Kollsvík tíðkast ýmsar staðbundnar áttalýsingar. Smalað er frá Kollsvík framum Vík, Mýrar, Nautholt og víðar. Fé getur verið rekið úr Kollsvíkurrétt yfirum/yfir Umvarp eða Rif. Einstaka kind getur þurft að elta útum Strympur eða norðurum Dagmálholt.

Um að gera (orðtak) Endilega; nauðsynlegt. Mikið notað. „En það var ekkert að gera fyrir okkur úti á Bjargi núna; um að gera að hvíla sig í nokkra klukkutíma...“ Frásögn ÁH (ÓS; Útkall við Látrabjarg). „Olía var sett í byttuna og svo var um að gera að hafa kveikinn mátulega mikið upp úr pípunni svo ekki ósaði“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Um að ræða (orðtak) Tala um; fjalla um. „Ekki er víst að allir átti sig á því hvað hér er um að ræða“. „Helvíti var að missa gemlingana út; en það er víst ekki um annað að ræða en reyna að ná þeim aftur inn“! „... væri því fremur ástæða til þess að leggja á þetta sérstaka áherslu þar sem von væri um aukna aðstoð hins opinbera að ræða“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG). „Þegar við komum upp að Blakknesi var um það að ræða hvort fara ætti í Sund eða fyrir framan Nesboðann“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Um að vera (orðtak) Ske; gerast. „Hvað er eiginlega um að vera“?

Um aldir (orðtak) Öldum saman; svo öldum skiptir. „Útræði var stundað um aldir frá Útvíkum í Rauðasandshreppi“ (GG; Kollsvíkurver).

Um aldur og ævi / Um ár og síð (orðtök) Alltaf; sífellt. „Ég get ekki lofað að þetta standi um aldur og ævi, en vonandi næstu árin“. „Alltaf skulum við; um ár og síð, fá einhverja gagnslausa aula sem landbúnaðarráðherra“!

Um/fyrir aldur fram (orðtak) Um dauðdaga; áður en háum aldri er náð. „En svo lést Halldóra um aldur fram, frá sínum þrem smábörnum...“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Um allan helming (orðtak) Mjög mikið til viðbótar. „Eins og hann hafði spáð, jókst rigningin um allan helming í aðfallinu“.

Um allar trissur/koppagrundir/jarðir Út um allt; hvert sem er. „Féð er komið út um allar trissur“. „Þetta slúður fór um allar jarðir á stuttum tíma“.

Um árabíll (orðtak) Um nokkurra/margra ára skeið. „Hann afhenti Einari bróður, sem þá var formaður Vestra, og var það raunar um árabíll; fimmtíu krónur“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Um borð (orðtak) Í báti; innanborðs. „Ýtið úr vör ef allt *hafurtaskið* er komið um borð“. „Farðu bara um borð; ég skal ýta frá“.

Um daginn (orðtak) A. Yfir daginn; að degi til. B. Fyrir nokkrum/mörgum dögum síðan. „Hann sagði mér um daginn að hann myndi koma í dag“. Algengara í þessari merkingu.

Um fyrir (einhverjum) (orðtak) Um fyrirgang/læti/*tilstand*: „Hvað er núna um fyrir honum“? (Hvað skyldi hann vilja/vanta?) „Nú er eitthvað mikið um fyrir honum“.

Um garð genginn (orðtak) Um illviðri/stríð og þessháttar ótíðindi. „Þrumuveðrið er líklega um garð gengið“. Garður merkir þarna bæ: Það sem gengur um garð fer yfir/framhjá bænum; með eða án viðkomu, s.s. gestur.

Um hábjartan dag (orðtak) Meðan dagur er; að degi til. „Þú ætlar þó ekki að fara að sofa um hábjartan dag; þegar nóg er að starfa“?!

Um hálfallið / Um hálfvallinn sjó (orðtök) Þegar fallið er út/að til hálf. „Ekki er hægt að komast fyrir Forvaða nema um hálfvallinn sjó“ (HÖ; Fjaran).

Um hríð (orðtak) Í langan tíma. „Er nú allt kyrrt um hríð“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Um hvippinn og hvappinn / Um allar trissur (orðtak) Út um allt; víða. „Féð sem slapp úr réttinni er búíð að dreifa sér um hvippinn og hvappinn“. „Þetta er komið út um allat trissur“.

Um hægjast (orðtak) Róast; kemur meiri kyrrð/næði; *hægjast um*. „Ég fer í aðgerðina þegar um hægist; ég má ekkert vera að því núna“.

Um kyrrt (orðtak) Án þess að fara/ferðast. „Ég ákvað að vera um kyrrt einn vetur í viðbót“.

Um langan aldur (orðtak) Lengi; um langan tíma. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru...“ (PG; Veðmálið).

Um leið (orðtak) A. Samtímis. „Hann sagði fundi slitið og sló í borðið um leið“. B. Strax á eftir. „Ég fer og rek útaf um leið og ég er búinn að borða“.

Um lífið að tefla (orðtak) Lífið í húfi; líf liggur við. „Gangið nú vel frá öllum hnútum áður en þið bindið á sigarann; það er um lífið að tefla“!

Um megn (orðtak) Ofviða; meira en ráðið verður við. „Mér er það alveg um megn að lyfta þessu einn“.

Um morguntíma / Um kvöldtíma (orðtök) Að morgni; að kvöldlagi. „Það er betra að byrja á þessu um morguntíma“. „Við verðum ekki komnir fyrir en um kvöldtíma“.

Um nætursakir (orðtak) Yfir nótt. „Hann gisti þarna um nætursakir, en lagði af stað *í bitíð*“.

Um of (orðtak) Heldur mikið; of mikið. „Ég vil nú ekki hæla sjálfum mér um of, en ég er vel sáttur við þetta“.

Um og ó (orðtak) Hræddur; kvíðinn. „Mér er um og ó að fara út á ísinn. Mér sýnist hann ekki traustur“.

Um ókomna tíð (orðtak) Í framtíðinni; yfir þann tíma sem enn er ókominn.

Um seinann (orðtak) Of seint. „Ég reyndi að gogga fiskinn um leið og hann datt af, en það var um seinann“.

Um sinn (orðtak) *Að sinni*; um nokkurn tíma; í dálítinn tíma héðan í frá. „Þetta verður að nægja um sinn“.

Um skör fram (orðtak) Heldur mikið; of mikið; úr hófi. Vísar til þess að ganga fram af brún (skör).

Um slóðir (orðtak) Í grennd; á slóðum/svæði. „En sögulegasta happið þar um slóðir mun vafalaust hafa verið er Kollsvíkingar fundu hval á reki og tókst eftir langa mæðu að bjarga honum á land í Kollsvík“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Það hefur verið ágæt tíð hér um slóðir upp á síðkastið“.

Um stund / Um stundarsakir (orðtak) Í smástund; yfir stuttan tíma. „Við skulum láta þetta bíða um stund, meðan við kárum hitt“. „Gætirðu *séð af saltlíku* um stundarsakir“? „Ætli ég verði ekki að hafa hægt um mig um stundarsakir; meðan þetta er að gróa“. „Færum er rennt. Fiskur tregur. Keipað um stund; síðan kippt fram á Stekka“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).

Um sömu mundir / Í sama mund (orðtök) Um sama leyti; á sama tíma. „Þeir komu í land um sömu mundir“.

Um tíma (orðtak) Yfir nokkuð tímabil. „Um tíma leit þetta ísbyggilega út“.

Um tvennt að tefla / Um tvennt að ræða / Um tvo kosti að tefla (orðtök) Tveir valmöguleikar í boði.

Um það bil / Hér um bil (orðtök) Nokkurnveginn; í námunda við. „Við fluttum að Laganúpi vorið 1927, þá var ég um það bil tveggja ára“ (IG; Æskuminningar).

Um það gefið (orðtak) Sækist ekki eftir; smeykur. „Mér er ekkert um það gefið að túristar séu að flækjast um allar trissur í leyfisleysi“. Oft stytt í „*um það*“: „Mér er ekki um það að fara í kletta á svona skóm“.

Um það leyti / Um svipað leyti (orðtök) Á þeim tíma; á því tímabili. „Um það leyti sem við áttum að mæta á skólanum féll engin skipsferð frá Patreksfirði til Þingeyrar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Um þessar/þær mundir (orðtak) Um þetta leyti; á þessum tímum. „Þó dauft sé yfir mannlífi í byggðinni um þessar mundir eru verulegar líkur á að það muni blómstra aftur; til þess eru öll skilyrði“.

Um þjóðbraut þvera (orðtak) Þvert yfir þjóðveg/alfaraleið. Notað um stað sem er *í alfaraleið*. Uppruni orðtaksins er í Eyrbyggjasögu, en Geirriður, móðir Þorólfs bægifótar, bjó í Borgardal og byggði sér skála um þjóðbraut þvera. Þar veitti hún frian beina öllum sem áttu leið um.

Um þvergafl (orðtak) Meðfram gafl í húsi. „Voru þau í rúmi um þveragafl yfir búrinu, en þar var skaflinn kominn upp á gaflhlað“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Um þær mundir (orðtak) Um það leyti. „Það fór að hellirigna um þær mundir sem ég kom á fætur“.

Umbeðið (l) Sem beðið hefur verið um.

Umbera (s) Þola; þreyja; líða. „Það er efit að umbera svona hálfvitagang“!

Umboð (n, hk) Heimild; leyfi. „Hún gaf mér umboð til að vinna í þessum málum fyrir sína hönd“.

Umboðsmaður (n, kk) Sá sem hefur á hendi umboð.

Umboðssala (n, kvk) Sala vöru fyrir aðra, þannig að greiðslur eru háðar því að varan seljist áfram. „Þorskur var saltaður; stundum verkaður heima, og venjulega fluttur til Patreksfjarðar. Sigurður Bachmann kaupmaður tók fisk í umboðssölu“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Umbótastarf (n, hk) Starf sem miðar að umbótum/framförum. „Ungmennafélagin unnu mikið umbótastarf“.

Umbreyta (s) Breyta um; skipta um.

Umbreytanlegt (l) Möguleiki að breyta/laga. „Þessi ákvörðun var jú tekin á sínum tíma, en það merkir nú ekki að hún sá alls ekki umbreytanleg um aldur og ævi“.

Umbreyting (n, kvk) Breyting; umskipti.

Umbrot (n, hk, fto) A. Ákøf hreyfing; átök. B. Uppröðun og frágangur ritmáls fyrir prentun og útgáfu.

Um brotaskeið / Umbrotatími (n, kk) Tími mikilla breytinga; byltingatími.

Umbult (l) Illt í maga; *bumbult*. Orðin bumbult og umbult voru notuð jöfnum höndum; það síðara jafnvel oftar. „Er þér nokkuð að verða umbult í veltingnum?“

Umbun (n, kvk) Laun; þóknun; greiðsla; arður. „Einhverja umbun vill hann trúlega fyrir sitt viðvik“.

Umbuna (s) Launa; endurgjalda; veita umbun.

Umburðarbréf / Umburðarseiðill / Umburðarskjal (n, hk/kk) Bréf með boðsakap sem hver viðtakandi áframsendir frá sér á einhvern annan, þannig að boðin nái að berast milli hóps manna. Ein tegund umburðarbréfa voru *gangnaseðlarnir*.

Umburðarlyndi (n, hk) Þolinmæði gegn ágangi/pirringi/fjandskap sem sýndur er; rósemi; jafnaðargeð. „Mér fannst hann sýna mikið umburðarlyndi gagnvart þessum uppivöðsluseggjum“.

Umburðarlyndur (l) Sem sýnir umburðarlyndi; þolinmóður.

Umburðarpest (n, kvk) Umferðarpest; smitsjúkdómur; flensa o.fl. „Það hefur verið að stinga sé niður einhver umburðarpest“. Heyrðist sjaldnar notað en *umferðarpest*.

Umbúðalaust (l) Í hreinskilni; án málalenginga. „Hann sagði þeim umbúðalaust til syndanna“.

Umbúðapappír (n, kk) Fyrir daga plastvæðingar var vörum gjarnan pakkað í bréfpappírumbúðir, einkum frá smásala/sölubúðum. Í Gjörubúð var t.d. sérstakur standur með pappírurllu til þeirra nota.

Umbúðatimbur (n, hk) Timbur úr trékössum var til margra hluta nytsamlegt. Dæmi um það er kassinn sem fyrsta Farmal-dráttarvél Kollsvíkinga kom ósamsett í; en hann var fluttur þversum á bát frá Patró eftir síðari heimsstyrjöld. Kassinn var lengi í efri hlöðunni á Láganúpi; notaður þar undir fóðurbæti. Síðar var honum komið fyrir við Kaldabrunslækinn og reykur í honum rauðmági; en reykurinn var leiddur með röri úr nálægu eldstæði. Íbúðarhúsið á Láganúpi steypiti Gunnar Össurason árið 1974, og notaði í uppsláttinn umbúðatimbur sem hann hafði fengið hjá tékkneska sendiráðinu, eftir mikla sýningu á þess vegum, en sendiherrann var góðvinur hans.

Umbúðir (n, kvk, fto) Það sem notað er til að búa um vöru/sendingu o.fl, t.d. pappír, poki, kassi eða annað.

Umbúnaður (n, kk) Frágangur; umbúðir. „Það þarf að vanda umbúnaðinn á eggjunum fyrir flutninginn“.

Umbylta (s) Gera róttækar breytingar. „Með tækninni var umbylt mörgum heyöflunaraðferðum“.

Umbylting (n, kvk) Mikil/róttæk breyting; umskipti.

Umbætur (n, kvk, fto) *Betrumbætur*; framfarir. „Ýmsar umbætur þyrfti að gera á byggðastefnunni“.

Umdeildur (l) Sem ekki er einhugur um; sem deilt er um.

Umdeilanlegt (l) Álitamál; má deila um; vafaatriði. „Eignarhaldið á þessu svæði getur verið umdeilanlegt“.

Umdæmi (n, hk) Yfirráðasvæði; hérað/svæði sem umboð/starf nær til. Merkti upphaflega svæði þar sem höfðingi hafði öll forráð og dæmði í málum manna. „Undanskil ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er verka betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu umdæmi“ (OHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Umfaðma (s) Faðma; taka utanum.

Umfang (n, hk) Ummál; það sem eitthvað tekur til/ nær yfir.

Umfangsmikið (l) Með mikið umfang; viðamikil.

Umfar (n, hk) Borðaröð á báti. Umför á báti eru jafn mörg og borðabreiddir í síðu hans. Hvert borð/umfar hefur sitt nafn. Neðst, við kjölinn, er kjalsíða. Hún er nánast þríhyrnd í þversnið og fellur ein hliðin að kilinum; önnur veit upp í botn bátsins og þriðja myndar sæti fyrir næsta borð, sem nefnist farborð. Utar því kemur fráskotsborð; næst undirfúfur og þá yfirfúfur. Hrefna nefnist það næsta, en þá er botninn farinn að sveigja verulega uppávið; næst sjóborð sem er í sjólökunum á tómunum báti; þá sólborð og efst rimaborð, en innan á það kemur borðstokkur/hástokkur. (byggt á því sem Ó.E.Th. Vatnsdal skráði eftir Sigurði Sigurðssyni bátasmið í Breiðuvík; LK; Ísl. sjávarhættir II). „...því komið höfðu tvær samhliða sprungur á annað umfar að neðan, og borðið gengið inn á milli þeirra“ (ÖG; Þokuróður).

Umfeðmingsgras / Umfeðmingur (n, hk/kk) *Vicia cracca*. Jurt af ertublómaætt. Blá blóm, einsamhverf og mörg saman á stilköngum klösnum. Blöð eru fjöðruð og hafa 8-10 pör af broddyfum og hærðum smáblöðum. Á endum blaðanna eru langir vafningsþræðir sem vindast um það sem nærindis er, og halda blóminu upprétu þrátt fyrir veikan stilk. Verður 20-50 cm hár og vex í graslendi, engjum og annarsstaðar á láglandi. Umfeðmingsgras vex ekki í Útvíkum, en mun finnast á Rauðasandi.

Umferð (n, hk) Ferð um svæði, t.d. umferð á vegum. B. Atrenna; lota. „Hún þrjónaði nokkrar umferðir í svörtu“.

- Umferðarpest** (n, kvk) Smitandi veiki, sjaldnast alvarleg. „Sumir tóku það ráð að setja sinn bæ í sóttkví ef umferðarpest var að ganga; einkum ef þar voru gamalmenni eða aðrir sem veikir voru fyrir“. Orðið var algengt vestra en finnst ekki í orðabókum.
- Umferðarsýki** (n, kvk) Annað heiti á *umferðarpest*. „Pest var kölluð allskonar umferðarsýki, t.d. kvef, flensa, uppköst eða önnur smitandi magaveiki“ (SG; Læknisráð; Þjhd.Þjms).
- Umferðartími** (n, kk) Tími sem umferð tekur. „Umferðartími jarðar um sólu er eitt ár“.
- Umferma** (s) Færa farm/farangur milli farartækja/farskjóta. „Á fyrstu árum mjólkursölu fluttu Láganúps- og Kollsvíkurbændur sína mjólk í brúsum inn í Hænuvík, þar sem hún var umfermd í mjólkurbílinn“.
- Umfjöllun** (n, kvk) Umtal. „Mér fannst þetta ágæt umfjöllun um efnið í útvarpsþættinum“.
- Umflotinn** (l) Með vatn/sjó allt í kring. „... en Kríustapinn er umflotinn sjó um flóð“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Umflýjanlegt** (l) Sem unnt er að komast hjá. „Ég held að þetta slys hafi vel verið umflýjanlegt“.
- Umfram** (ao/fs) A. Framyfir. T.d. *umfram allt*. B. Afgangs. „Settu þau egg í hinn kútinn sem umfram verða“.
- Umfram allt** (orðtak) Framyfir allt annað. „Umfram allt þarf að hafa nægt og gott vetrarfóður“.
- Umgangast** (s) Vera samvistum við. „Ég sæki lítið í að umgangast slíka pótintáta“!
- Umgangspes** (n, kvk) Smitsjúkdómur; flensa o.fl. „Hér hafa herjað óvenju margar umgangspesir í haust“.
- Umgangur** (n, kk) Umferð/erill um tiltekinn stað. „Það kólnar fljótt við þennan eilífa umgang um útidyrnar“.
- Umgenginn** (l) Með farinn; notaður; haldið í lagi. „Báturinn var vel umgenginn þegar honum var skilað“.
- Umgengni** (n, kvk) A. Samvistir við einhvern. „Þau reyndu að forðast umgengni við aðra meðan pestin grasseraði“. B. Hirða; bragur; það hvernig gengið er um. „Ekki fannst mér umgengnin til fyrirmyndar“!
- Umgerð / Umgjörð** (n, kvk) Umbúnaður; frágangur; rammi/stoðgrind um.
- Umgetinn** (l) Nefndur; téður.
- Umgirtur** (l) Inni í; inniluktur af. „Kollsvíkin er líkt og gróðursæl vin á þessu vesturhorni landsins; umgirt fjöllum til austurs og suðurs, en fyrir opnu hafi til norðurs og vesturs“.
- Umhendis** (ao) Erfitt; rangsnúið. „Geturðu náð flísinni úr fætunum á mér; það er dálítið umhendis fyrir mig á þessum stað“. „Það er dálítið umhendis fyrir mig að opna hliðið og passa ærnar samtímis“.
- Umhirða** (n, kvk) Umsjón; umönnun; varsla; gæsla.
- Umhirðulaus** (l) Án umhirðu/eftirlits/umönnunar. „Umhirðulaus hús eru fljót að hrörna“.
- Umhleypingar** (n, kvk, fto) Síbreytileg veðráttá; tíð veðrabrigði. „Ári leiðast mér þessir eilífu umhleypingar“.
- Umhleypingasamt** (l) Með umhleypingum. „Veðráttan í vor hefur vægast sagt verið umhleypingasöm“.
- Umhleypingatíð** (n, kvk) Tímabil mikilla umhleypinga. „Það er dálítill hættu á kalskemmdum í þessari umhleypingatíð“.
- Umhorfs** (n, hk) Á að líta; útlit. „Það er ekki fallett umhorfs í garðinum eftir að kálfarnir komust í hann“.
- Umhugað** (l) Með umhyggju/áhyggjur/áhuga. „Mér er dálítið umhugað um þetta málefni“.
- Umhugsunarefni** (n, hk) Það sem er hugsað um/ætti að hugsa um. „Það er umhugsunarefni hvers vegna byggðirnar hrundu um leið og samgöngur og önnur lífsskilyrði bötunðu“.
- Umhugsunarfrestur** (n, kk) Tími sem gefst til umhugsunar/vangaveltna.
- Umhverfast** (s) Verða mjög reiður; sleppa sér; fyllast *djöfulmód*. „Karlinn umhverfast alveg við þetta“
- Umhverfi** (n, hk) Svæðið sem næst liggur; grennd; nágrenni.
- Umhverfis** (ao) Kringum; í nágrenninu/grenndinni.
- Umhyggja / Umhyggjusemi** (n, kvk) Umönnun; kæring; alúð.
- Umkominn** (l) Fær; bær; hefur getu/vald til. „Þykist hann vera þess umkominn að skipa mér fyrir verkum“?!
- Umkomulaus / Umkomulítill** (l) Hjálparlaus; einstæðingslegur; vantar úrræði/umönnun. „Þau tóku hann uppá sína arma, enda var hann hálf umkomulaus eftir að hann missti foreldra sína“.
- Umkomuleysi** (n, hk) Reiduleysi; án umsjónar. „Hann dró letilega upp færið sitt; lét lóðið detta á plittinn; sló af sér vettlingum niður á þóftuna, þar sem þeir myndu liggja í umkomuleysi þar til formanni þóknaðist aftur að rétta þeim hendur sínar“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Umkringdur** (l) Innikróaður; umlukinn.

Umkvörtun (n, kvk) Kvörtun; nöldur; refjar; eftirtölur. „Það virðist vera gagnslaust að senda þeim einhverjar umkvartanir; maður þarf líklega að kæra þetta til að eitthvað réttlæti komist á“.

Umkvörtunarefni (n, hk) Það sem kvörtun snýr að.

Uml (n, hk) Ógreinilegt hljóð með lokaðan munn. „Hver heldurðu að skilji þetta uml“?!

Umla (s) Segja lagt og ógreinilega; stynja upp; tauta. „Hann svaraði engu, en umlaði eitthvað óskiljanlegt“.

Umleikis (ao) Umsvif; með höndum. „Hann er með *glettilega* mikið umleikis; gerir úr tvo báta“.

Umleitan / Umleitun (n, kvk) Það að inna/leita eftir/ spyrja um; umsókn; árálgun.

Umlíðinn (l) Líðinn. „Tekjur jukust heldur á umlíðnu ári“.

Umlíða (s) Þola; bíða/*hinkra* með. „Ertu til í að umlíða mér víxilinn í nokkurn tíma enn“?

Umlíðan (n, kvk) Þolinmæði; þol. „Umlíðan kjósenda hlýtur að vera á þrotum“.

Ummerki (n, hk, fto) Spor eða annað sem sýnir veru einhvers á tilteknum stað eða þátttöku í tilteknum verknaði.

Ummyndast (s) Breytast úr einu í annað. „Rauðu millilögin í basaltstaflanum eru að mestu aska og gjóska sem hefur ummyndast í basaltgler“.

Ummyndun (n, kvk) Breyting. „Ummyndun basaltsins hefur orðið á löngum tíma og undir miklum þrýstingi“.

Ummæli (n, hk) Það sem sagt er um eitthvað tiltekið. „Mér þykir þessi ummæli hans hálf sköndin“.

Umráð (n, hk, fto) Vald; það að ráða yfir/ geta ráðskast með. „Hann hefur full umráð yfir eignunum núna“.

Umrenningur (n, kk) Flakkari; förumaður. Áður notað í fremur niðrandi merkingu um flökku- og förufólk. Einnig um þá sem eru illa til fara: „Þú ættir nú að hafa fataskipti; þú ert eins og umrenningur í þessum lörfum“! Heitið færðist yfir á ferðamenn þegar þeir fóru að flæða um dreifbýlið; mörgum til ama fyrst í stað.

Umrita / Umskrifa (s) Skrifna að nýju. „Hann e varla sendibréwfsfær blessaður karlinn; ég þurfti að umskrifna bréfið alveg uppá nýtt“.

Umrót (n, hk) Rask; óreiða; ruglingur. „Kýrnar eru fljótar að missa nyt í miklu umróti“.

Umræða (n, kvk) Umtal; það að tala um eitthvað. „Heitar umræður urðu um málið á fundinum“.

Umræðuefni (n, hk) Málefni sem talað er um. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru...“ (PG; Veðmálið).

Umsalta (s) Taka matvæli úr salti og salta þau öðru sinni, til að jafnara verði. „Hvað var þá hafst að í landlegum? Fyrsta daginn var ýmsu að sinna; t.d. umsalta fisk og hlynna að öðru fiskifangi; bera á skinnklæði o.fl.“ (KJK; Kollsvíkurver).

Umsaminn (l) Sem samið hefur verið um. „Ég er búinn að greiða umsamið verð fyrir bátinn“.

Umsemjanlegt (l) Unnt að semja um; hægt að hliðra til. „Verðið getur verið umsemjanlegt“.

Umsetinn (l) Efirsóttur; vinsæll. „Hvert starf er umsetið í svona atvinnuleysi“

Umsjá / Umsjón / Umsorgun / Umsýsla (n, kvk) Það að sjá um/ annast. „Þetta er ekki lengur í minni umsjá“.
„Hann hafði umsjón með búinu í fjarveru eigandans“. Dönskuletta umsorgun er að mestu fallin úr málinu.

Umskipa (s) Flytja/færa úr einu skipi í annað. „Fiskur úr Kollsvíkurveri var oftast fluttur á Eyrar með vélbátum Fönix, þar sem honum var umskipað í flutningaskip til útflutnings“.

Umskipti (n, hk, fto) Mikil breyting. „Það er *aldeilis* að það hafa orðið umskipti í veðrinu allt í einu“.

Umskiptingur (n, kk) A. Þjóðsagnavættur; barn trölla/álfa sem sett er í stað manns barns. B. Óþekktanleg manneskja; sá sem er öðruvísi í útliti/hegðun en vant er. „Hann er eins og umskiptingur“.

Umslag (n, hk) Núverandi merking er umbúðir bréfs. Fyrrum hafði það ýmsa merkingu, s.s. bókaárka; sláttur á einhverju; plástur; fósturlát og binding um hlut.

Umsnúinn (l) A. Snúinn; snúinnvið/upploft; flæktur. „Netið veiðir lítið ef það fer umsnúnið í sjóinn“. B. Um mann; öngur; viðskotailur. „Hann var ansi úldinn og umsnúinn þegar ég nefndi þetta fyrst“. C. Erfitt; illmögulegt; *snúid*. „Það gæti orðið dálítið umsnúnið fyrir mig að klára þetta í dag“.

Umsnúningur (n, kk) Það að *skipta um skoðun*; *viðsnúningur*. „Heldur þótti mér hafa orðið umsnúningur hjá honum í pólitík eftir að þingmaðurinn fór“.

Umstafla (s) Stafla að nýju. „Ég umstaflaði föðurbætispokunum til að athuga hvort músin hefði komist í þá neðstu“.

- Umstang** (n, hk) Fyrirhöfn; vesen. „Enn hef ég ekki minnst á það hver bar hitann og þungann af öllu umstanginu og vinnunni sem þessum jólaundirbúningi fylgdi“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Umsvif** (n, hk, fto) Athafnasemi; starfsemi. „Pétur hafði veruleg umsvif á Eyrum á þessum tíma“.
- Umsögn** (n, kvk) Það sem sagt er um; ummæli; einkunn.
- Umsöltun** (n, kvk) Það að *umsalta*.
- Umtal** (n, hk) Það sem talað er um; slúður; kvittur. „Þau vildu ekki að þeta vektí neitt umtal í veitinni“.
- Umtalað** (l) Það sem talað er um; umræðuefni. „Skekta Jóns Sauðeyings var mjög umtöluð, vegna þess hve vel hún þoldi siglingu“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Var umtalað að sækja aflann ákveðinn dag, ef veður leyfði“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „...og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall og til slátrunar á Gjögurum“ (PG; Veðmálið).
- Umtalsefni** (n, hk) Umræðuefni. „Þetta mál varð nokkuð umtalsefni á fundinum“.
- Umtalsgóður** (l) Sem talar vel um aðra; ekki dómharður/rættinn í tali.
- Umtalsillur** (l) Sem talar illa um aðra; dómharður/rættinn í tali.
- Umtalsvert** (l) Verulegt; allmikið; *dágóður* slatti. „Við fengum ekkert umtalsvert af eggjum í þessari ferð“.
- Umturna** (s) Breyta verulega; setja úr skorðum; umblyta. „Þið megið ekki umturna öllu í herberginu“!
- Umturnaður** (l) A. Fallinn um koll; hruninn. „Árósinn er allur umturnaður eftir brimið“. B. Frávita af reiði; ofsareiður; sjóðbandvitlaus. „Karlinn er alveg umturnaður úti stjórnina núna“.
- Umvarp** (n, hk) Svæði þar sem skiptir frá einu landslagi/gróðurbelti í annað. Umvarp er örnefni yfir það svæði ofan við Láganúpsmýrar þar sem þurr og malarborin holtarönd tekur við ofan votlendisins.
- Umvending** (n, kvk) Umskipti; fráhrarf. „Mér þykir heldur hafa orðið umvending í þínum skoðunum“!
- Umvent** (l) Á hinn veginn; til baka; öfugt. „Samhjálp var mikil í Víkunum. Kollsvíkingar þáðu t.d. aðstoð Hænvíkinga í smalamenskum og umvent“.
- Umvitjun** (n, kvk) Það að vitja um/ aðgæta/sinna. Stundum var talað um umvitjun þegar róið var til að draga net, hirða afla og leggja aftur, en oftast var það stutt í *vitjun*.
- Umvöndun** (n, kvk) Aðfinnsla; skammir; áminning. „Eftir þessa umvöndun var hann nokkuð lengi ófullur“.
- Umyrðalaust** (l) Án þess að orðlengja; möglunarlaust. „Hann svipti lúðunni umyrðalaust inn í bátinn“.
- Umþenkingartími / Umþóttunartími** (n, kk) Umhugsunarfrestur; tími sem manni gefst til að taka ákvörðun. „Hann fékk viku umþóttunartíma, en eftir það þarf hann að ákveða hvort hann tekur tilboðinu“.
- Umþófta sig** (orðtak) Um *róðrarlag*: „Stundum sneru menn sér við á *þóftunni*, t.d. til þess að *hamla* (*hafa afturá*; bakka) eða þeir höfðu *þóftuskipti*, og var hvoru tveggja kallað að umþófta sig“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Menn umþóftuðu sig gjarnan til hvíldar í löngum róðrum, þannig að átakið væri ekki alltaf á sömu vöðvana. E.t.v. má ætla að af þessu sé leitt orðið „umþóftunartími“ (tilgáta VÖ).
- Umönnun** (n, kvk) Það að annast um/ amstra með/ ala önn fyrir/ sjá um.
- Una** (s) A. Dveljast; vera. B. Sætta sig við. „Ég ákvað að una þessum kostum“.
- Una glaður/sáttur/sæll við sitt / Una orðnum/sínum hag** (orðtak) Vera sáttur við sinn hlut; vera ánægður með það sem maður hefur.
- Una sér** (orðtak) Vera ánægður með vist/staðsetningu. „Féð undi sér illa í þessum nýju högum“.
- Una sínum hlut / Una við sinn hlut** (orðtak) Vera sáttur við sinn skerf; *una sáttur við sitt*. Bókstafleg merking vísar til *skipta* á afla.
- Una við / Una við orðinn hag** (orðtak) Sætta sig við orðinn hlut/ við stöðuna eins og hún er. „Bragi taldi að ekki væri hægt að una við annað en það að fá mokaða mjólkurleiðina“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Unaður** (n, kk) *Unun*; yndi; sæla.
- Und** (n, kvk) Gamalt heiti yfir sár. Nú nær horfið úr íslensku máli en mikið notað í t.d. ensku; „wound“.
- Undafifill** (n, kk) Hieracium sp. Flokkur fjölærra kórfulboma með ýmist blaðlausum eða blöðuðum stöngli. Af undafiflum eru tegundirnar fellafifill (H.alpinum); hliðafifill (H.thaectolepium); arinfifill (H.aquiliforme); runnafifill (H.holopleurum); glæsififill (H.elegantiforme) og íslandsfifill (Pilosella islandica). Allar þessar tegundir hafa útbreiðslu sem náð getur til Kollsvíkur, en enn hefur hún ekki verið rannsökuð þar.

- Undan** (ao/fs) Ofan; niðurímóti; undan halla/fæti; frá því að vera undir. „Það hallar undan þegar komið er útá Strympur“. Við erum komnir uppá háhæðina; hédanaf er allt undan“. „Arnarboðinn er undan Grjóttunum“. „Féð kemur furðu vel undan vetri“. „Okkur tókst að bjarga trénu undan sjó“. „Farðu ekki langt á undan straáknun“. Um lamb/kálf er jafnan sagt að það/hann sé undan þessari eða hinni ánni/kúnni. „Ég setti á gimbrina undan Skrautu“.
- Undan brekkunni** (orðtak) Niður/ofan brekkuna. „Alltaf er maður fljótur undan brekkunni en upp hana“!
- Undan fæti/brekku** (orðtak) Niður í móti; undan hallanum. „Það er fljótengið niður Geldingsskorardalinn, þegar allt er undan fæti og tóm öll ílát. En það getur tekið af gamanið á uppleiðinni, lengst neðanaf stíg; þegar allt er á fótinn og maður þarf að bera á annaðhundrað egg og vað að auki; sökkvandi í mosa upp á mjóalegg og jafnvel í logni og steikjandi sólskini“.
- Undan og ofanaf** (orðtak) Sjá *segja undan og ofanaf*.
- Undan veðri/vindi** (orðtak) Í sömu átt og vindáttin/veðrið er. „Láttu bíldyrnar vísa undan veðrinu“.
- Undan vetri** (orðtak) Sjá *koma undan vetri*.
- Undanbrögð** (n, hk, fto) Vífilvengjur; undanfærslur. „Hér duga engin undanbrögð; það þarf að hreinsa þetta“.
- Undaneldi** (n, hk) Sagt er að skepna sé góð til undaneldis ef hún er t.d. vel ættuð og heilbrigð. „Lukka þótti góð til undaneldis. Hún skilaði alltaf mjög vænum lömbum og mikil frjósemi var í ættinni“.
- Undanfarandi** / **Undanfarinn** (l) Á nýliðnum tíma; á undan. „Mér finnst tíðin stíðari nú en undanfarandi ár“.
- Undanfarið** (l) *Að undanförmu*; í seinni tíð; nýlega. „Heyskapartíð hefur verið ágæt undanfarið“.
- Undanfarinn** (l) Sem var á undan; næstliðinn. „Heilbrigði í búfé er betra nú en undanfarin vor...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).
- Undanflátta** (n, kvk) Það lag hvalkjöts sem næst er spikinu og því fituríkast.
- Undanfæri** (n, hk) Undankomuleið; hjáleið. „Við verðum að slá böndum á kúna og reyna að ná henni uppúr dýinu; það er ekkert undanfæri með það“.
- Undanfærslur** (n, kvk, fto) Það að reyna að koma sér undan einhverju/ hliðra sér hjá einhverju. „Hann var ákvæðinn í að gera þetta þegar ég ræddi það í gær, en nú fékk ég ekkert nema undanfærslur hjá honum“!
- Undanhald** (n, hk) A. Sigling undan vindi. „Frá Keflavík að Bjargtöngum var undanhald, en úr því var aflandsvindur“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). B. Ferð/ganga niður brekku. „Það tekur á að komast uppúr Láturdalnum, en maður getur huggað sig við að það verður undanhald niður Sanddalinn“. C. Eftirgjöf deilumáls; ósigur í orrustu. „Ríkisstjórnin er á hröðu undanhaldi í málinu“. C. Flótti í bardaga/viðureign.
- Undankoma** (n, kvk) Undankomuleið; björgun. „Hér er fjári þykkur skafli á veg sem við verðum að *kasta úr*; það er engin undankoma með það sýnist mér“.
- Undankomuleið** / **Undankoma** (n, kvk) Leið sem unnt er að sleppa um; flóttaleið. „Nú er engin undankoma frá þessu lengur; nú verður þú að taka upp bókina og fara að læra“!
- Undanlát** (n, hk) Lát; hlé; linun. „Það virðist enn ekkert undanlát á þessari eilífu rigningu“.
- Undanlátsemi** (n, kvk) Löngun/líkindi til að gefa eftir/láta undan. „Það þýðir ekkert að vera með einhverja undanlátsemi við þessa ráðamenn; þeir eru þá fljótir að ganga á lagið“.
- Undanlátssamur** (l) Lætur undan beiðni/þrýstingi. „Þú varst alltof undanlátssamur við hann í þessu efni“!
- Undanrenna** (n, kvk) Léttari og fituminni hluti mjólkurinnar. Á síðari tímum er hún skilinn frá rjómanum í skilvindu, en fyrrum var það gert með því að láta mjólkina standa um tíma í trogi. Síðan var undanrenninni hellt út um eitt hornið á troginu en haldið við rjómann á meðan. Af þessu undanrennsli er nafnið dregið. „Skilja mjólkina, strokka rjómann og hleypa skyr úr undanrenninni“ (FG; Bernskumningar; Niðjatal HM/GG). Sjá *skyr*.
- Undansátur** (n, hk) „Á stöku stað mátti lenda báti þar sem þó var ógerlegt að koma honum undan sjó. Var það kallað undansátur, sem var andstætt uppsátri“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Undanskilinn** (l) Sem ekki er talinn með; undanþeginn. „Skepnuhöld hafa verið góð, að undanskildu því að í haust og fyrri hluta vetrar gjörði bráðapest vart við sig með mesta móti“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1926).
- Undanskilja** (s) Hafa/taka ekki með; hafa ekki í upptalningu. „Undanskil ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er verka betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu umdæmi“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).
- Undanskot** (n, hk) Það að skjóta undan/ hafa ekki með. Helst notað núna varðandi skattsvik.

- Undansláttur** (n, kk) Eftirgjöf; undanhald. „Ríkisstjórnin var sökuð um undanslátt í málinu“.
- Undantekning** (n, kvk) Það sem er ekki reglulegt/almennt; afbrigði frá meginreglu.
- Undantekningarlaust / Undantekningarlítið** (l) Það sem án (mikilla) undantekninga. „...en því miður eru heyringdir mjög litlar; hérumbil undantekningarlítið“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).
- Undanvillingur** (n, kk) Lamb sem villst hefur frá móðurinni, eða hún drepist frá því.
- Undanvillt** (l) Um lamb sem villst hefur frá móður sinni. „Það hefur undanvillt lamb verið emjandi hér uppi á Hjöllunum í alla nótt“.
- Undanþága** (n, kvk) Heimild til fráviks frá reglu.
- Undanþeginn** (l) Með heimild til undanþágu.
- Undarlega** (ao) Furðulega; með sérstökum hætti. „Mer finnst þessi kind hegða sér eitthvað undarlega“.
- Undarlegheit** (n, hk) Furða; íhugunarefni; skrýtið. „Einhver undarlegheit eru í ljósavélinni. Ljósín eru að dofna“.
- Undarlegur** (l) Furðulegur; skrýtinn; kynlegur. „Þetta þykir mér í meira lagi undarlegt“!
- Undinn** (l) Sem búið er að *vinda* (sjá þar).
- Undir** (ao/fs) A. Almennt um staðsetningu; undir öðrum hlut, á leiðinni þangað eða nærri undir. Sjá t.d. *venja undir*. B. Um veiðar; fiskur undir bát. „Nú getur maður fengið sér í nefið; fyrst að kippti undan. Ég vildi ekki vera að því meðan hann var undir“. C. Í húfi. „Nú þurfum við að vanda okkur; hér er mikið undir“.
- Undir áhrifum** (orðtak) A. Í hrifningu af einhverju. Notað t.d. um listamann sem er hrifinn af list annars manns og vinnur sín verk með hliðsjón af henni. B. Kenndur; fullur; frá sér af áfengisdrykkju.
- Undir árum** (orðtak) Um róður á árabáti. „Af áliðnum degi var svo komin innlagn í fjörðinn. Öll ferðin var því farin undir árum og róðurinn all erfiður á köflum (KJK; Kollsvíkurver, sjá *kúskel*). „Allir tóku ofan sín höfuðföt og báðu sjóferðabænina þegar komið var á flot, og menn höfðu sest undir árar“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Undir beru lofti / Undir berum himni** (orðtök) Úti; utandyra. „Ég held að þú ættir að kveikja í þessu úti undir beru lofti en ekki innandyra“. „Þannig hagaði til að Júlli var með þeim fyrstu til að ljúka dagsverki sínu og var þá fljótur til að komast út úr húsi og undir bert loft“ (PG; Veðmálið).
- Undir borðum** (orðtak) Meðan/þegar setið er við borð; þegar matast er. „Það er óþarfi að hafa uppi svona munnsöfnuð undir borðum; þið getið bara *gert út um* þetta eftir matinn“!
- Undir brot og slit** (orðtak) Um meðferð hlutar; að þolmörkum; líking við skip í stórsjó og reiðabúnað þess. „Það var siglt eins og báturinn framast þoldi í þessum sjógangi; allt undir brot og slit“.
- Undir drep** (orðtak) Af fremsta megni; *af lífs og sálar kröftum*. „Nú er bara að taka á og toga; alveg undir drep; við hljótum að geta þokað spýtuþjandanum upp fyrir flæðarmál“!
- Undir fjögur augu** (orðtak) Í trúnaði; milli tveggja sagt. „Ég ræddi þetta við hann undir fjögur augu“.
- Undir færum** (orðtak) Um það þegar menn eru að veiðum á skakfiskiríi. „Þá var það, er menn voru undir færum, að þeir urðu varir við snöggan kipp á bátum“. (ÖG; Þokuróður fyrir).
- Undir grænni torfu** (orðtak) Búið að jarða/jarðsetja. „Hann hefur hvílt undir grænni torfu í nokkurn tíma og er því ekki til frásagnar um þetta“.
- Undir handarjaðri** (orðtak) Undir umsjón/stjórn/handleiðslu. „Undir handarjaðri hans óx félagið og dafnaði“.
- Undir hælinn lagt / Undir kasti komið** (orðtak) Tilviljunum háð; vafasamt. „Ég bað hann að kaupa þetta, en það er alveg undir hælinn lagt hvort hann man eftir því“. „Það er alveg undir kasti komið hvort okkur muni takast þetta“.
- Undir (einhverju) komið** (orðtak) Háð einhverju. „Það er alveg undir veðrinu komið hvort við getum gert þetta á morgun“.
- Undir niðri** (orðtak) Innra með; í undirmeðvitundinni; í raun og veru. „Ég hrósaði honum fyrir verkið, en undir niðri fannst mér að þetta hefði mátt vinna betur og fljótar“.
- Undir seglum** (orðtak) Um skip; með segl uppi; á siglingu.
- Undir sól að sjá** (orðtak) Að sjá í sólarátt. „Síðan sneri hann við og stefndi í áttina til okkar á mikilli ferð, tók hann þá að senda út mors-merki, en þau voru undir sól að sjá frá okkur og gátum við ekki greint annað af merkjunum, en fyrirskipun um stöðvun, og var henni tafarlaust hlýtt“ (SÖ; Stöðvaðir af kafbát; Þjv 1941).
- Undir sömu sök seldur** (orðtak) Háður því sama; í sömu aðstöðu; verða fyrir því sama. „Hann taldi sig ekki verða aflögufæran með hey; hann væri undir sömu sök seldur og aðrir í þessari ótíð“.

- Undir tönn** (orðtak) Að tryggja. „Fiskurinn er fjári harður undir tönn, svona óbarinn“. „Árans ketbitinn var svo seigur undir tönn að ég gafst upp á honum að lokum“.
- Undir það síðasta** (orðtak) Í lokin; þegar líður að lokum. „Honum dapraðist sjón á eldri árum, og undir það síðasta var hann orðinn alveg blindur“.
- Undir því (einhverju) komið** (orðtak) *Háð því; veltur á því*; skilyrt. „Þessi fyrirætlun er undir því komin að veðrið haldist“.
- Undir því yfirskini** (orðtak) Með þeim fyrirslætti; með því yfirbragði. „Yfirskini“ er ásýnd/yfirbragð; það sem virðist við fyrstu sýn.
- Undiralda** (n, kvk) Sver bára sem getur verið komin langt að. Stundum er undiraldan í aðra átt en ríkjandi vindbára og skapar *ruglanda* og jafnvel hættu. „Þung undiralda úr norðri fór að gera vart við sig..“ (BJ; Brimlending í Kollsvík). „Logn var, en nokkur undiralda“ . . . „Jón Torfason telur að brotið muni hafa á Djúpboða sem er sunnarlega á Kollsvíkinni, fram af Hnífum, en það var jafnan talið merki um mikla undiröldu“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Undirben** (n, kvk) Fjármark neðantil á eyra. Benjar í fjármörkum eru af tvennum toga: Yfirmark er það sem er á toppi eyrans, s.s. sneyðing, stýfing og blaðstýfing, en undirbenjar eru á hlið eyrans, s.s. biti og fjöður.
- Undirbjargsferð** (n, kvk) Ferð undir Látrabjarg eða Bæjarbjarg, vanalega til eggja í seinni tíð en áður í fugl. „Þegar komið var heim og hvílst eftir förina var lagt af stað á nýjan leik; annaðhvort á bjarg eða í undirbjargsferð“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók). Í seinni tíð hefur sést orðið „undirbjörg“, um neðri hluta bjargs. Það var ekki notað vestra, heldur er líklega leitt af „undirbjargsferð“ sem er af annarri rót.
- Undirbjóða** (s) Bjóða lægra söluverð á vöru/vinnuframlagi en einhver annar.
- Undirboð** (n, hk) Það að undirbjóða.
- Undirburður** (n, kk) Hey, sina, torf, lyng eða annað sem sett er í bás, rúmbálk eða annað legustæði dýrs eða manneskju. „Það fer að vanta nýjan undirburð hjá þeim í gamla fjósinu“.
- Undirbúa** (s) Gera ráðstafanir í aðdraganda einhvers; búa undir.
- Undirbúningur** (n, kk) Viðbúningur; ráðstafanir til viðbragða við einhverju eða aðlögunar að því. Leiddar hafa verið líkur að því að orðið hafi upphaflega verið notað um það að gera sér bæli/náttstað/rúm.
- Undirdjúp** (n, hk, fto) Mikið hafdýpi; sjávardjúp. Oft notað um það sjávardýpi sem erfitt er að rannsaka.
- Undirdúnn** (n, kk) Finasti dúnninn við líkama fugls.
- Undirdýna** (n, kvk) Rúmdýna sem höfð er undir yfirdýnu.
- Undireins** (ao) Strax; þegar í stað. „Ég hljóp undireins af stað þegar ég sá hvað var að ske“. „Þetta er ljótt sár. Það verður að búa um það undireins“.
- Undirferli** (n, hk, fto) Slægð; prettir; lævisi; svik. „Skelfing *kann* ég illa við öll svona undirferli“!
- Undirflog / Undirflug** (n, hk) Heiti sem fyrrum var notað á júgurbólgu. Komið af þeirri trú að júgurbólga væri tilkomin vegna þess að músarrindill hefði flogið undir gripinn, en hann var talinn skaðræðisfugl.
- Undirfurðulegheit** (n, hk, fto) Furðulegheit; undarleg/grunsamleg hegðun. „Einhver undirfurðulegheit eru í kúnum núna; þær eru ekki vanar að koma heim á miðjum degi“.
- Undirfurðulegur** (l) Íbygginn/*búralegur* á svip. „Hann varð dálítið undirfurðulegur þegar hann heyrði þetta“.
- Undirföruull** (l) Lævis; slóttugur; prettvís. „Gættu þín dálítið á honum; hann getur verið undirföruull“!
- Undirföt** (n, kvk, fto) Fatnaður sem gengið er í undir daglegum fatnaði; nærföt.
- Undirgangast** (s) Takast á hendur; skuldbinda sig til. „Hann undirgekkst þessa skilmála“.
- Undirgangur** (n, kk) A. Göng sem liggja undir eitthvað; jarðgöng. „Undirgangur er sagður vera frá Sandhelli upp í Stórhól, en ekki er hann sýnilegur mennsku fólki“. B. Fyrirgangur; dynur. „Svífur beimur svefnis í fang/ sæll í ranni gríðar./ Hrekkur upp við undirgang/ andartaki síðar“ (JR; Rósarímur).
- Undirgefinn** (l) Hlýðinn; háður; auðmjúkur. „Sú tíð er löngu liðin að konan skuli vera manningur undirgefinn“.
- Undirgefni** (n, kvk) Hlýðni; auðmýkt.
- Undirgift** (n, kvk) *Uppsátursgjald*; *vertollar* (sjá þar).
- Undirgöng** (n, hk, fto) Jarðgöng. „Undirgöng eru sögð vera milli Tröllkarlshellis og Tröllkonuhellis“.
- Undihaka** (n, kvk) Áberandi húð- og fitufelling undir hokunni.
- Undirhalda** (s) Sjá um; framfæra. Dönskuletta sem nú er að mestu horfin úr málinu.

- Undirheimar** (n, hk) A. Staður hins illa í mörgum trúarbrögðum. B. Líkingamál um glæpastarfsemi eða annað sem farið er leynt með.
- Undirhleðsla** (n, kvk) Hleðsla sem myndar undirstöðu/stuðning. „Ungmennafélagið Vestri gerði hestfæran veg um Flosagilið, og enn má sjá firnamiklar undirstöður hans hjá verstu farartálmunum“.
- Undirhlíð** (n, kvk) Hlíð/brekka í bjargi/klettum. „Undirhlíðar eru margar í björgum kringum Útvíkur. Má þar nefna Undirhlíð heimanvið Strengberg og Undirhlíð ofanvið Bæjarvöll í Bjarbjagi“.
- Undirhyggja** (n, kvk) Fláttskapur; flærð; undirferli. „Þarna hefur einhver undirhyggja ráðið gerðum“.
- Undirkasta (einhvern)** (orðtak) Vara einhvern við; leggja einhverjum heilræði/ráð. „Ég undirkastaði hann því að hann þyrfti ekki endilega að búast við greiðslu á tilsettum degi“.
- Undirkasta sig** (orðtak) Skuldbinda sig; takast á hendur; lofa. „Með þessum samningi undirkastaði hann sig því að föðra ærnar næsta vetur“. Enn notað af Kollsvíkingum þó minna heyrir annarsstaðar.
- Undirkvika** (n, kvk) *Undiralda*, sjá þar.
- Undirlag** (n, hk) A. Undirburður; efni sem sett er undir. T.d. burðarlag í vegi eða torf í bási. B. Áeggjan; tilstuðlan; ráðlegging. „Að undirlagi hans lögðum við fram skriflega beiðni“.
- Undirlagður** (l) Yfirfallinn; altekinn. „Meðan á konfektgerðinni stóð fyrir jólin, var eldhúsið allt undirlagt“.
„Strákurinn var undirlagður af hlaupabólu“.
- Undirleikur / Undirspil** (n, kk/hk) Tónlist sem leikin er undir söng.
- Undirlendi** (n, hk) Hallalítil brekka/undirhlíð í klettum „Undirlendi heitir gróinn slakki sem skerst niður undan Grófarstekk. Neðan þess eru lágir sjávarklettur. „Þar er grasi vaxið og skjólógott, enda er skjólótt og mishæðótt á Hnífunum og safnast þar oft mikil fönn í austanbyljum“ “ (GG; Örnefnaskrá Láganúps)..
- Undirliggjandi** (l) Sem liggur undir/ liggur til. „Saurbær á Rauðasandi, með öllum undirliggjandi jarðeignum og ítökum, var ein ríkasta jörð landsins fyrr á öldum“.
- Undirlot** (n, hk, fto) Um bátalag; þegar stefnið neðanvert hallar mikið undir bátinn (sjá *breiðfirskt bátalag*).
- Undirlægja** (n, kvk) Þræll; sá sem er kúgaður eða lætur kúga sig. „Ég ætla bara ekkert að vera þeirra undirlægja í þessum efnunum“!
- Undirlægjuháttur** (n, kk) Þjónkun; þjónustulund; uppgjöf. „Vestfirðingum er víst margt betur gefið en undirlægjuháttur. Kannski hafa þeir leitað á útkjálkana gegnum tíðina sem síður þoldu yfirráð annarra. Auk þess er augljóst að áræði og stjórnssemi er nauðsynleg þeim sem ætla að lifa af við vestfirskar aðstæður“. Sjá *menntasnob* og *sérfræðingur*.
- Undirmark** (n, hk) Sjá *undirben*.
- Undirmál** (n, hk, fto) A. Leynimakk; baktal. „Ég vil ekki hafa nein undirmál um þetta“. B. Í seinni tíð notað yfir fisk sem er undir vissri lengd og fellur í annan verð-/gæðaflokk en stærri fiskur; *bútungur*.
- Undirmálsfiskur** (n, kk) Fiskur sem nær ekki því stærðarviðmiði sem sett er, t.d. af kaupanda.
- Undirmálsmaður** (n, kk) Niðrandi heiti á manni sem ekki þykir standast einhverja viðmiðun annarra, t.d. varðandi stærð, afl, gáfur eða siðferði. Sannara mun þó að allir *hafa (einhverja) kosti til (brunn) að bera*.
- Undirmálsstímur** (n, hk) Tímur sem stendur ekki mál; nær ekki tilsettum málum að t.d. lengd og/eða breidd.
- Undirmið** (n, hk) Hinn lægri af tveimur stöðum sem mynda mið/viðmiðunarstefnu þegar þeir bera saman. „Undirmiðið er varðan á Norðaríklettunum, en hún á að bera í Stekkjarhjallann, sem er yfirmið“.
- Undirmiga** (n, kvk) Það að miga/pissa undir sig í rúmi.
- Undirniðri** (ao) Í eðli sínu/ sannfæringu sinni, þó ekki sé látið í ljósi. „Ég lét *tilleiðast* að fermast, til að valda ekki leiðindum, en undirniðri hef ég aldrei skilið þann fíflagang við óharðnaða unglina“.
- Undiroka** (s) Kúga; ráðskast með; sýna yfirgang. „Öldum saman voru kotbændur í Rauðasandshreppi undirokaðir; ekki af fjarlægju kóngsvaldi, heldur af kúgurum Saurbæjarveldisins og ofstæki kirkjuvaldsins“.
- Undirorpinn** (l) A. Undirgefinn; háður. B. Haldinn einhverju; í hættu vegna einhvers. Varpa merkir að kasta/snara og því er að stofni um sama orð að ræða og undirkastaður (sjá *undirkasta sig*).
- Undirpils** (n, hk) Pils sem kvenfólk, einkum fyrr á tíð, bar undir ytri kjól eða pils.
- Undirrétt** (s) Fyrri tíðar dönskuletta; fræða; kenna; upplýsa um.
- Undirréttur** (n, kk) Lægra dómstig, en dómum þess má áfrýja til æðra dómstigs.
- Undirristuspaði** (n, kk) *Ristuspaði*; amboð með skeftu blaði sem notað er til að rista upp torfþökur og slétta undir þær.

- Undirritun / Undirskrift** (n, kvk) Nafn manneskju sem hún hefur ritað undir skjal, oftast til staðfestu.
- Undirróður** (n, kk) A. Það að róa bát ásamt því að hafa segl uppi, t.d. ef byr er lítill. B. Líkingamál um áróður sem ekki er sýnilegur.
- Undirrót** (n, kvk) A. Rót plöntu, trés. B. Líkingamál; orsök; tildrög máls.
- Undirræðari** (n, kk) Ræðari á selveiðibát/vöðubát. Vöðubátar voru um tíma gerðir út frá Patreksfirði, og urðu sumir þeirra róðrabatar frá Kollsvíkurveri. Þrír menn voru á hverjum vöðubáti; skutlari og tveir undirræðarar. „Þann vetur var ég annar undirræðari Björns, en Pétur hinn“. (Guðm. Sigurðsson Breiðuvík).
- Undirsáti** (n, kk) Þegn; sá sem er undir annan settur t.d. að valdi/tign/mannaforráðum.
- Undirseldur** (l) Háður; ofurseldur. „Ég er undirseldur hans ákvörðunum í þessu efni“.
- Undirseta** (n, kvk) Um það að sitja á bjargbrún og halda við vað; gefa niður sigmann eða draga hann upp. „Misjafnlega marga þarf til undirsetu eftir aðstæðum og eftir því hvað gert er í bjarginu. Einn maður getur haldið við annan í léttum og stuttum lás. Hinsvegar þarf fleiri ef lásin er erfiður og enn fleiri til siga. Í löngum loftsigum, t.d. í Látrabjargi, þarf að lágmarki 12 hrausta *undirsetumenn*“.
- Undirsetumaður** (n, kk) Sá sem situr undir vað á bjargbrún; sá sem er í *undirsetu*.
- Undirsinkuð** (l) Um skrófu; með haus sem er flatur að ofan en kóniskur að neðan, og fellur því sléttur að yfirborðinu, t.d. ef snarað er úr borgati hennar með *úrsnara*. „Sinka“ er þarna í merkingunni „sökva“.
- Undirsjór** (n, kk) *Undiralda*; þung bára, stundum undir vindbáru. „Reyndist það og svo, því að þeim mun lengra sem úteftir kom jókst vindur, og var nú kominn talsverður undirsjór“ (ÖG; Þokuróður). „Oft kom undirsjór og var þá brim við lendingu“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum). „Ekki er fært sunðið milli Nesboðans og lands nema lítill sé undirsjór“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).
- Undirskál** (n, kvk) Lítil diskur sem hafður er undir bolla til að taka við því sem kann að leka af börmum hans.
- Undirsláttur** (n, kvk) Stoð sem slegin er undir eitthvað, því til stuðnings og uppihalds. T.t. stoðir undir mót þegar loftplata er steipt í hús.
- Undirstaða** (n, kvk) Grundvöllur; grunnur; það sem eitthvað hvílir/stendur á.
- Undirstefni** (n, kk) Neðri hluti stefnis á bát þegar það er smíðað í tveimur hlutum.
- Undirstinga** (s) Gera viðvart; leggja á ráðin; biðja um á laun. „Ég ætti nú kannski að undirstinga hann með að færa mér fáeinar grásleppur ef þeir fara í *vitjun* á morgun“.
- Undirstokkur / Undirsylla** (n, kk/kvk) Aurstokkur; láréttur neðsti biti í grind timburhúss.
- Undirstraumur** (n, kk) Straumur á nokkru dýpi í sjó eða vatni. Straumur getur verið í aðra átt á nokkru dýpi heldur en hann er í yfirborðinu, og geta verið fyrir því ýmsar ástæður; t.d. vindáhrif.
- Undirsæng** (n, kvk) Sæng/dýna sem höfð er undir manni í rúmi. „Í síðustu viku vetrar eða fyrstu viku sumars var flutt í Verið; helst alltaf á laugardegi. Áhöldin voru ekki margbrotin; góð yfirsæng, en oft var notast við heydýnur í stað undirsængur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Flestir höfðu einhverjar undirsængur og rúmföt (í búðum í Verinu)“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Undirtektir** (n, kvk) Viðbrögð við ummælum eða verknaði. „Tillagan fékk jákvæðar undirtektir“.
- Undirtún** (n, hk) Neðra tún; neðri hluti túns.
- Undirtylla** (n, kvk) Undirmaður; lágt settur einstaklingur. Oft viðhaft í niðrandi merkingu.
- Undirtök** (n, hk, fto) A. Tak sem gefur manni yfirborði í slagsmálum. Líklega kennt við að maður nái utanum andstæðinginn undir höndum hans. B. Líkingamál um betri stöðu t.d. varðandi málefni; *hafa undirtökin*.
- Undirúfur** (n, kk) Eitt umfara í byrðingi báts, en þau voru stundum nefnd þannig: Kjölur; fráskotsborð/kjalsíða/farborði; undirúfur; yfirúfur; hrefna/hrefni; sjóborð; sólbörð; rimaborð; borðstokkur.
- Undirvaningur** (n, kk) Lamb sem *vanið* hefur verið *undir* nýja móður. „Mér sýnist að kindin sé alveg búin að taka undirvaningnum“. „Undirvaningurinn er töluvert vænni en bróðir hans, sem gekk undir móðurinni“.
- Undirverð** (n, hk) Verð sem er undir *gangverði*/ eðlilegu verði.
- Undirvísa** (s) Fyrritiðar dönskusetta; kenna; segja til; leiðbeina.
- Undra** (s) Furða; *kynja*; þykja undarlegt/einkennilegt. „Það er ekki að undra þó sjór sé í bátnum; neglan hefur farið úr“. „Það skyldi engan undra þó verkið sækist seint, með svona vinnulagi“!
- Undra-** Forskeyti ýmissa orða til áherslu; s.s. undrafagur; undragáfaður; undragóður; undrahlýr; undralangur; undraskjótt; undrasterkur; undratæki; undravalld
- Undra sig á** (orðtak) Furða sig á; finnast einkennilegt. „Ég undra mig á því að þetta skuli ekki hafa verið fundið upp fyrr, eins einfalt og þarft og það nú er“. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda

undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fódra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (OHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Undrandi (l) Forviða; hissa. „Ég undrandi og hissa á viðtökunum varð/ og vildi í flýti þaðan burtu ganga./ En rétt í þeirri andrá ég gekk útfyrir garð/ og ganaði þá beina leið á Manga“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Undrasnöttur (l) Mjög fljótur/snar/snöttur. „Hann var undrasnöttur að grípa gogginn og keyra í lúðuna“.

Undrast um (orðtak) Verða áhyggjufullur; velta fyrir sér afdrifum. „Ég fer nú að undrast um þá; þeir ættu að vera komnir fyrir löngu“.

Undravel (ao) Svo vel að furðu sætir. „Konráðsvarða er undravel hlaðin“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Undraverður (l) Merkilegur; eftirtektarverður; mikil býsn. „Það er undravert hvað sárið hefur gróið vel“.

Undrun (n, kvk) Furða.

Undrunarefni (n, hk) Tilefni undrunar; það sem vekur furðu. „Mér var það nokkuð undrunarefni hvernig þetta hefði getað gerst“.

Undrunarmerki (n, hk, fto) Hann sýndi engin undrunarmerki þegar við sögðum honum frá þessu; heldur sagðist hafa haft nokkurn grun um það“.

Undur (n, hk) A. Furða; býsn; það sem vekur undrun. „Þetta þótti undrum sæta“. B. Yfirmáttúrulegur viðburður, sbr Fróðárundrin. C. Það sem er yfirdrifið; ofgnótt. „Þarna voru undrin öll af músum“.

Undur (ao) Mjög; afar. „Honum þótti undur vænt um afastrákinn“.

Undur og býsn / Undur og ódæmi (orðtak) Mikið magn. „Þarna fann ég undur og ódæmi af berjum“.

Undur og stórmerki (orðtak) Mikil býsn; undravert. „Það má kalla það undur og *stórmerki* að hann sé loksins búinn að koma þessu í verk“! Fyrrum notað um það sem þótti yfirskilvitlegt eða kraftaverk/jarteikn.

Undur- Forliður margra orða. T.d. undurfallegur; undurgóður; undurvarlega o.fl.

Unga (s) Um egg; farinn að þroskast ungi; orðið *eygt*. „Það var dálítið farið að unga á þessum stað“.

Unga út (orðtak) Fá unga úr egg. „Hænan er búin að unga út“.

Ungaaldur (n, kk) Bernska; barnsaldur. „Börnin búa lengi að því sem þau venjast á ungaaldri“.

Ungabarn / Ungbarn (n, hk) Smábarn.

Ungað (l) Um egg; byrjaður að þroskast ungi. Þegar egg ungar byrjar það fyrst á að *stropa*. Síðan myndast ungin; fyrst augun, en þá er eggjð sagt vera *eygt*. Síðan kemur vísir að goggi og þá hver líkamsparturinn af öðrum. „Þetta egg er ekkert ungað; það er bara rétt orðið *setið*“!

Ungahæna (n, kvk) Hæna með unga; hæna sem liggur á eggjum. „Gefðu unгахænunni í sér ílát“.

Ungahljóð (n, hk) Sérstakt gagg sem hænur gefa frá sér þegar þær eru með unga. „Ungahljóð er nokkuð fjölbreytt eftir því hvað þær þurfa við þá að ræða“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Ungakvikindi / Ungakríli / Ungapísl (n, hk/kvk) Gæluorð um fuglsunga. „Það þyrfti að ganga um og tína ungakvikinin úr óslægjunni áður en slegið er“. „Ég held að þessi ungapísl sé eitthvað að hjarna við í hlýjunni“.

Ungastía (n, kvk) Stía/hólf sem útbúið er fyrir unga, svo unnt sé að gefa þeim fóður sér í lagi. „Ungastía var útbúin undir hefilbekknum í verkfærahúsinu“.

Ungdómsbrek (n, hk, fto) *Barnabrek; barndómsbrek*; óknyttir/skammir sem menn gera af sér sem börn, og lítið er mildum augum vegna ungs aldurs.

Ungdómur (n, kk) A. Æska; unglingsár; tími barnæsku. B. Æskulýður; ungt fólk; börn. „Hún sagðist bara ekki skilja tónlistarsmekk ungdómsins í dag“.

Ungdæmi / Ungdómsár / Unglingsár (n, hk) Uppeldisár; barnsár. „Þótt ekki tíðkuðust jólagjafir í mínu ungdæmi, var það svo margt sem gladdi á jólnunum“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Í mínu ungdæmi þekktist fæst af þeim lúxus sem menn telja ómissandi í dag“. „Það eru mínar leiðustu minningar frá unglingsárunum“ (IG; Æskuminningar).

Ungfugl (n, kk) Fugl sem nýlega er kominn á flug og e.t.v. fyrstu árin eftir það. „Meðan máfur var skotinn á fluginu var helst reynt að ná ungfuglinum, enda er hann bestur *til átu*“.

Ungi (n, kk) A. Ungur fugl. B. Gæluheiti um lítið barn.

Unglamb (n, hk) A. Lamb. B. Líkingamál um manneskju: „Það tók mig tíma að klórast niður klettinn; maður er nú ekkert unglamb lengur“!

Unglegur (l) Lítur út fyrir að vera yngri en hann/hún er.

Unglingur / Ungmenni (n, kk) Ung manneskja; táningur.

Ungmennafélag (n, hk) Fjölmennt var í Kollsvík á fyrstu áratugum 20. aldar. Þar var árið 1916 stofnað Ungmennafélagið Vestri, og rak það öfluga starfsemi um langan tíma. T.d. voru félagsmenn 35 árið 1918. M.a. gaf það út blaðið Geisla; hélt tvo fundi í mánuði yfir vetrartímann; hélt uppi öflugum forvarnarstarfi; stóð fyrir söngkennslu og söng í Breiðavíkirkirkju; stóð fyrir ýmsum samfélagsverkefnum; byggði upp lendingarvörður; lagði hestfæran veg um Flosagil; hélt úti kartöflurækt í Breiðavík og gerði veg uppúr Kollsvíkinni. Innan félagsins starfaði sérstök íþróttadeild, í greinum s.s. skíða- og skautaiþróttum, sundi og glímu. Starfsemin hafði að mestu fjarð út 1927. Enduróm af starfsemi félagsins mátti glöggst heyra út alla 20. öldina, t.d. í söngáhuga og félagsstarfi þeirra sem lifðu þessa tíma. „Margur mun búa ævilangt að þeim áhrifum, sem hann hefur orðið fyrir í ungmennafélagi í æsku sinni“ (ummæli Valdimars Össurarsonar (eldri) um Umf. Vestra í riti U.M.F.Í.).

Fleiri ungmennafélög störfuðu í Rauðasandshreppi, sem gefur hugmynd um mannlíf og grósku fyrr á tíð: Umf. Baldur var stofnað í Örlygshöfn 1909 og náði yfir allan hreppinn nema Rauðasand. Það starfaði mikið á sviði íþróttá en einnig framkvæmda; lagði t.d. veg um Fjörurnar, milli Gjöggra og Sellátraness. Baldur hefur sennilega starfað framyfir 1920.

Umf. Von var stofnað 1910 og starfaði á Rauðasandi. Á því var alla tíð mikill menningarbragur. Það gaf út blaðið Dverg; starfrækti mállýtanefnd; sá um bréfburð; stóð fyrir jólatrésskemmtunum; álfadansi og dansleikjum, söfnunum í þágu fátækra, kartöflurækt, eflingu handavinnu, trjárækt o.fl. Von byggði sér steinsteyppt samkomuhús, það sem enn stendur.

Umf. Smári var stofnað 1935 og starfaði í Sauðlauksdalssókn. Líkt og fyrri félög stóð það fyrir ýmiskonar menningarstarfi og framkvæmdum. Átti það sinn þátt í byggingu félagsheimilisins Fagrahvamms í Tungulandi. Það mun hafa lokið starfsemi fyrir 1950.

Ungnautaket (n, hk) Ket af stálpuðum kálfum. Hefur orðið vinsæl söluvara á síðari tímum, t.d. í skyndimat.

Ungt og leikur sér (orðtak) Hinum eldri verður oft að orði þegar gáski hinna yngri er áberandi: „Þetta er ungt og leikur sér“.

Ungur að árum (orðtak) Ekki gamall. „Ég var ungur að árum þegar þetta gerðist“.

Ungur má en gamall skal (orðatiltæki) Speki sem lýtur að dauðanum; nokkuð sem hent getur hina ungu, en er að lokum óumflýjanlegt fyrir hina öldnu.

Ungur nemur það gamall temur (orðatiltæki) Spakmæli um gagnsemi þess fyrir börn og ungmenni að læra af hinum eldri og reynslumeiri.

Ungviði (n, hk) Það sem er ungt, t.d. börn, lömb, kálfar, ungar o.fl. Merkir í raun trjáplanta eða sproti.

Ungæði / Ungæðisháttur (n, hk) Barnaskapur; barnabrek; óvítaleg hegðun barns. „Þetta var nú gert í einhverjum ungæðishætti; við skulum ekki vera að dæma krakkagreyin of hart“.

Unna (s) Elska.

Unna (einhverjum einhvers) (s) Líta það velvildaraugum/jákvætt að einhver njóti einhvers. „Ég get vel unnt honum þess að hafa verið kosinn formaður í minn stað. Hann er vel að því kominn“. „Hverfa mun nú hvorn sinn veg/ heim til garða sinna. Engri konu ann þó ég/ ástarhóta þinna“ (JR; Rósarímur).

Unna (einhverjum) sannmælis (orðtak) Leyfa einhverjum að njóta síns réttlætis; dæma ekki án þess að taka tillit til málsatvika/málsbóta.

Unna sér engrar hvíldar / Unna sér hvorki svefnis né matar (orðtak) Vera svo upptekinn að maður víki frá sér hvíld og fæði. „Hann unni sér hvorki svefnis né matar fyrr en hann var búinn að finna hrútana“.

Unnur (n, kvk) Alda; bylgja. Einkum notað í skáldskap. T.d. unnar jór = bátur; unnar vangur = fjara. „Eigi sjaldan öðrum fjær hjá unnar vangi/ er hann séður einn á gangi“ (JR; Rósarímur).

Uppalinn (l) Uppvaxinn; um æsku-/upprunastað. „Ég er uppalinn á Láganúpi í Kollsvík“.

Unna sér hvíldar (orðtak) Hvilast; stoppa við. „Þrír menn urðu að vera við dæluna og máttu vart unna sér augnabliks hvíldar“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Unnið fyrir gýg (orðtak) Gert/unnið til einskis/ í tilgangsleysi. „Þetta var kannski ekki alveg unnið fyrir gýg“. Gýgur merkir þarna tröllskessa, og vísar orðtakið til þjóðsagna.

Unnið spil (orðtak) Um viðureign sem er sigruð/ vandamál sem er fyrirsjáanlega yfirstigið. „Ég hélt að þetta væri unnið spil þegar ég hafði króað kindina af í girðingarhorninu, en hún smokraði sér þá bara undir“!

Unnt (l) Gerlegt; framkvæmanlegt. „Ég vil helst ljúka þessu í dag, ef það er unnt“.

Unnusta (n, kvk) Kærasta; heitkona.

Unnusti (n, kk) Kærasti; eiginmannsefni.

Unnvörp (n, kvk) Upphafleg merking er líklega öldugangur/bárur á sjó. Einhverntíma hefur orðið einnig fengið merkinguna hrannir í fjöru/ þarabruk í fjöruborði. Nú einungis notað í líkingamáli: „Bær í Rauðasandshreppi hafa unnvörpum farið í eyði á síðustu áratugum“. Örnefnið Umvarp í Kollsvík er af öðrum toga, en þar eru skil milli þúrlendis og mýrlendis.

Uns (st) Þar til; þangaðtil. „Við hinkruðum uns skúrin var gengin yfir“. Lítið notað í talmáli nú á dögum.

Unun (orðtak) Mikil ánægja/velliðan; yndi. „Það var haft eftir Gumma að... sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfellt sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).

Unun á að horfa (orðtak) Gaman að fylgjast með; sem maður nýtur þess að sjá. „Hann beitti hnífnum svo fimlega að unun var á að horfa“.

Upp (ao) Neðan; neðanfrá.

Upp að unna (orðtak) Gjalda; vera skuldbundinn/skuldugur við. „Hann hefur verið mér andsnúinn í þessu máli, og ég á honum því ekkert gott upp að unna“.

Upp á (orðtak) A. Vegna; í tilefni af. „Ég pantaði *hálfkassa* af eplum og appelsínunum upp á jólin“. B. Um nákvæmni: „Hann sagðist vita það upp á mínútu hvenær tófan myndi birtast við niðurburðinn“.

Upp á (eitthvað) að gera (orðtak) Viðvíkjandi; vegna. „Það skiptir litlu máli, upp á aflann að gera, hvernig gúmmíð á krókunum er á litinn“. Stundum sleppt „að gera“ til hægðarauka. „Þetta gæti alveg staðist hjá honum; upp á tímann“.

Upp á aðra kominn (orðtak) Háður öðrum; háður aðstoð/velvild annarra. „Ég vil ekki vera upp á aðra kominn í þessum efnum“.

Upp á arminn (orðtak) Í félagsskap við. Oftast notað um fylgd konu með karlmanni á almannafæri. „Mér sýndist að hann væri kominn með einhverja nýja upp á arminn“.

Upp á árið (orðtak) Til alls ársins. „Þegar ég var barn var róið á hverju sumri og fiskað upp á árið í salt; enda var lífið saltfiskur; við átum hann í flest mál“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Upp á eigin spýtur / Upp á sitt eindæmi (ortak) Einsamall; fyrir eigin rammleik; án aðstoðar; hjálparlaust. „Hann lærði rússnesku alveg upp á eigin spýtur; með því að þæla í gegnum texta með orðabókum og hlusta á framburð af plötum“. „Þetta tókst honum upp á sitt eindæmi“. „Ári varstu nú seigur; að ná fjárhópnum í réttina upp á eigin spýtur“! Mun vísa í það þegar spilað var upp á litlar spýtur/eldspýtur.

Upp á eindæmi (orðtak) Einsamall; án aðstoðar. „Þessa skrá hef ég unnið upp á mitt eindæmi, og því er hún alfarið á mína ábyrgð“. „Hann gerði þetta alveg upp á sitt eindæmi“.

Upp á einhvern kominn (orðtak) Háður einhverjum. „Það er vont að vera upp á aðra komin með ferðir“.

Upp á einhvers hrygg (orðtak) Á ábyrgð einhvers. „Þú ræður hvort þú ferð einn með reksturinn, en það er þá upp á þinn hrygg ef hann tvístrast á leiðinni“. „Það er algerlega upp á hans hrygg að gleyma þessu“.

Upp á gamla mátann/móðinn (orðtak) Eins og áður/fyrir var gert. „Nú eru þeir farnir að stunda sæðingar á kúm. Hvað skyldi mannfólkið lengi geta gert þetta upp á gamla mátann“?

Upp á gátt (orðtak) Um dyr/glugga o.fl; alveg opið. „Dyrnar stóðu upp á gátt“.

Upp á hár (orðtak) Nákvæmlega; svo engu skeikar. „Þetta veit ég uppá hár“! Vísar líklega til þjóðsögunnar um viðureign Sæmundar fróða við Kölska; eða öllu heldur viðureign hjúa þeirra. Vinnustúlka Sæmundar stalst til að blása í töfraflautu hans, en við það spratt upp þúki sem heimtaði verkefni. Hún skipaði honum að telja hárin á öllum gærum Sæmundar, sem lágu úti á Oddatúni að lokinni slátrun; næði hann því áður en hún væri búin að *búa um* rúmið mætti hann eiga sig. Til mikils var að vinna og kepptist þúkinn við að telja. Hann átti þó einn skækil eftir þegar stúlkan var búin, og varð því af vinningnum.

Upp á hvað spyrðu? (orðtak) Hversvegna ertu að spyrja að því? Í hvaða tilgangi spyrðu að þessu?

Upp á kant (orðtak) Í illdeilum við; ósammála; á *öndverðum meidi*. „Enn eru þeir upp á kant; skyldu þeir aldrei vera sammála um nokkurn skapaðan hlut“?

Upp á kost og lóss hjá (einhverjum) (orðtak) Á kostnað (einhvers); í fæði og húsnæði hjá (einhverjum). „Ég verð upp á kost og lóss hjá honum meðan á verkinu stendur“. Merkir eiginlega að einhver sé í fæði annars og á hans ábyrgð. Kostur = fæði; lóss = leiðsögn.

Upp á kraft (orðtak) Af krafti; í *djöfulmód*. „Það var ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri; E.Ó. skrá; Árb.Barð 2004).

Upp/út á krít (orðtak) Í skuld; í reikning. „Ég fékk dálítið salt upp á krít hjá útgerðinni“. Sjá *krít*.

- Upp á kvenhöndina** (orðtak) Kvenhollur; kvensamur; veikur fyrir kvenfólki. „Kerlu þótti nóg um hvað karlinn var mikið upp á kvenhöndina“.
- Upp á líf og dauða** (orðtak) Eins og lífið ætti að leysa; til að bjarga lífinu. „Nú var valið gott lag og þeim bent að taka brimróðurinn upp á líf og dauða“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Upp á mitt/sitt besta** (orðtak) Í besta formi; vel hress; vel virkur. „Ég var ekki upp á mitt besta í þessu hlaupi“. „Af mér er allt gott að fréttu, annað en það að heilsan hefur ekki verið upp á sitt besta að undanfögnu“.
- Upp á nýtt** (orðtak) Að nýju; aftur; frá byrjun. „Ég ruglaðist í talningunni og þurfti að byrja upp á nýtt“.
- Upp á punkt og prik** (orðtak) Nákvæmlega; til fulls/hlítar; algerlega. „Hann greiddi þetta upp á punkt og prik“. „Ég lærði þetta allt utanbókar; upp á punkt og prik“.
- Upp á punt** (orðtak) Til skrauts/skreytinga. „Reyndu nú að hjálpa aðeins til; heldurðu að þú sért þarna bara uppá punt“?!
- Upp á seinni tímann** (orðtak) Með tilliti til framhaldsins; til síðari tíma. „Ég held að það væri nú gott hjá þér að kunna skil á þessu, svona uppá seinni tímann; það er aldrei að vita hvenær það kemur að notum“.
- Upp á sitt/mitt besta** (orðtak) Í besta formi; best upplagður. „Þegar ég var uppá mitt besta gat ég hlaupið uppi hverja kind, og engan vissi ég betri í spretthlaupi“.
- Upp á sitt eindæmi** (orðtak) *Einn og sjálfur; aleinn; hjálparlaust*. „Ég get gengið frá aflanum upp á mitt eindæmi, en ég þyrfti aðstoð til að setja bátinn“.
- Upp á síðkastið** (orðtak) Í seinni tíð; nýlega; að undanfögnu. „Ég hef verið frekar slappur upp á síðkastið“.
- Upp á við / Upp í móti** (orðtak) Upp; neðan. „Heldur sýnist mér kindin vera að þokast uppávið í flesinu“. „Ansi er þetta orðið bratt uppímóti eftir að maður fór að eldast“!
- Upp á von og óvon** (orðtak) Í óvissu; án vissu um niðurstöðu/árangur. „Ég hafði ekki hugmynd um hvar hrútarnir gætu verið, en ákvað uppá von og óvon að kíkjia fram í dalbotninn“.
- Upp á það að gera** (orðtak) Til þess; í þeim tilgangi/ því augnmiði; þannig séð. „Ég ætla að hringja og láta vita að hann sé kominn alla leið, uppá það að gera að þeir fari ekki að leita að honum“. „Það þyrfti að laga hliðgrindina; uppá það að gera að hver sem er geti lokað hliðinu“.
- Upp á von og óvon** (orðtak) Í tvísýnu; án þess að vita árangur fyrirfram. „Ég var orðinn beittalaus, en skar úr þorski og beitti ljósabeitu; svona upp á von og óvon. Á hana fékk ég nokkra fiska í viðbót“. „Ég fór þarna frameftir í von og óvon; það gat hugsast að rolluskjáturnar hefðu rólað aftur á sinn stað“.
- Upp á æru og trú / Upp á tíu fingur** (orðtök) Loforð/heitingar. „Ég lofaði upp á æru og trú að hrekkja hana aldrei aftur“. „Hann lofaði upp á sína tíu fingur að muna eftir þessu“. Sjá *lofa upp á æru og trú*.
- Upp frá því** (orðtak) Þaðan í frá; frá þeim tíma. „Hann sagðist bara vera hættur þessum fjandans reykingum og snerti ekki reykjarpípu upp frá því“.
- Upp í klof/kluftir/klyftir** (orðtök) Upp í klof. „Strákurinn varð forblautur upp í klof af að vaða í blautu grasinu“. „Kýrin sökk upp í kluftir í seilinni; en yfir komst hún“. Einatt notað „kluftir“ en ekki „klyftir“.
- Upp á konungsnef / Upp á bóga / Upp í jógur / Upp í kvið** (orðtök) Mælieiningar um hvað t.d. vatn, skítur eða mýri nær hátt á skrokk nautgrips. „Því skyldi Búbót vera svona *forug* upp á konungsnef“? „Halabandið hafði losnað og hún var búin að mála sig upp á bóga með forinni úr flórnum“! „Kýrin sökk í kvið í seilinni, en náði að rífa sig upp og snúa við“.
- Upp í loft** (orðtak) Viðsnúinn; það upp sem vanalega snýr niður. „Láttu nú ekki hrífutindana snúa upp í loft; þá fáum við ofaní heyið“!
- Upp í miðjar hliðar** (orðtak) Um sjólag eða þoku. „Hann gerði þvílíkt stólpabrim af vestri að gekk upp í miðjar hliðar“. „Hann liggur með sjólæðu í miðjum hliðum hér norður um“.
- Upp í opið geðið á** (orðtak) Um framkomu; sagt blákalt við. „Hann fullyrti það uppí opið geðið á honum að hann hefði stolið þessu“.
- Upp í skít** (orðtak) Um lyst búfjár á fôðri; *upp til agna*. „Féð hefur étið fiskslógið alveg upp í skít“.
- Upp í veðrið/vindinn** (orðtak) Móti vindáttinni. „Gangan verður öll upp í veðrið hjá okkur á *bakaleiðinni*“.
- Upp koma(st) svik um síðir** (orðatiltæki) Svik uppgötvast jafnan, þó unnt sé að leyna þeim í fyrstu.
- Upp með sér** (orðtak) Hreykinn; montinn; drjúgur. „Strákurinn er *heldur betur* upp með sér af lambinu“.
- Upp og niður/ofan** (orðtak) *Svona og svona*; með ýmsu móti; allavega; vel og illa. „Honum gekk upp og niður með námið“. „Mér hefur gengið upp og ofan að skilja hvað fyrir þeim vakir“. „Fyrir hverja kú hefur verið lagt 100 til 120 álnir og hér á Sandinum 25-35 ánur fyrir hest, og 4 til 6 álnir fyrir kind; upp og ofan“ (Þórður Ó Thorl; Forðagæslubók Rauðasands 1923).

- Upp til agna** (orðtak) Alveg; gersamlega. „Fóðurbætirinn klárast upp til agna á morgun“.
- Upp til hópa** (orðtak) Í heildina; flestallir. „Upp til hópa eru þetta *dugnaðarforkar*, þó finna meg *einn og einn drösul* innanum“.
- Upp úr eins manns hljóði** (orðtak) Um það þegar maður byrjar að tala en aðrir viðstaddir þega. „Allt í einu segir hann upp úr eins manns hljóði; Nú þarf ég að reka við“.
- Upp úr og niðurígegn** (orðtak) Alveg ofanfrá og niðurúr. „Vatnið er botnfrosið og krosssprungið; alveg uppúr og niðurígegn“.
- Upp úr sér** (orðtak) Um tilbúning/lygi/skáldskap. „Sögurnar voru sumar sannar; aðrar hálf sannar, en sumar bjó hann til upp úr sér um leið og hann sagði frá“.
- Upp úr þurru** (orðtak) Þegar talað er skyndilega/óvænt. „Allt í einu sagði hann, uppúr þurru, að hann þyrfti að fara að *drifa sig* af stað“. Vísar til óvæntrar rigningar.
- Upp úr öllu valdi** (orðtak) Skefjalaust. Oftast notað um verðlag. „Enn hækka þeir áburðinn upp úr öllu valdi“!
- Uppalandi** (n, kk) Sá sem elur upp; sá sem sér um uppeldi. „Síðar þótti því bregða fyrir, þegar báðir komust á fullorðinsár, að Júlli hefði ekki vaxið uppúr hlutverki uppalandans gagnvart Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Uppalinn** (l) Alinn upp; siðaður. „Hvernig er ungdómurinn eiginlega uppalinn nú til dags“?!
- Uppalningur** (n, kk) A. Sá sem alinn/fóstraður er upp/ siðaður er til. B. Nðirandi heiti um þann sem þykir illa uppalinn. „Þetta er nú meiri uppalningurinn“!
- Upparta / Uppvarta** (s) Þjóna; gera vel við. Dönskuletta; „opvarte“. Oftast var notuð v-lausa útgáfan í máli Kollsvíkinga. „Þú skalt ekki að vera að upparta okkur með kaffi; við stoppum ekkert núna“.
- Uppaustur** (n, kk) Það að ausa upp; það sem ausið er upp; mok; austur. „Við Gamla fjósið var hlandfor og á henni hlemmur. Ausið var úr henni með fötu í bandi. Fyrrum var uppaustrinum mjatlað á tún en á síðari notkunarárnum hlandþróarinnar var honum sturtað nðurfyrir kantinn“.
- Uppá** (ao) A. Upp á. B. Vegna; til að. „Þá var farið á flot, eftir því hvernig stóð á straum; það varð að fara eftir straum, uppá lagninguna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). C. Nærri landi. „Svo missir Björgvin út aðra árina þegar við vorum komnir nokkuð grunnt uppá“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Uppá kost og lóss hjá (inhverjum)** (orðtak) Á framfæri einhvers. „Hann bauð mér að vera hjá þeim uppá kost og lóss meðan ég kláraði verkefnið“. Kostur er fæði; lóss er leiðsögn/umönnun.
- Uppá vantar** (orðtak) *Vanhagar um; á skortir*. „Ég kem á morgun með það sem uppá vantar“.
- Uppá vatn og brauð** (orðtak) Vísar í refsingar fyrrum, að maður sé dæmdur til fangavistar og þurfi að láta sér nægja vatn og brauð til viðurværis. „Ef þú étur ekki það sem að þér er rétt þá verðurðu bara uppá vatn og brauð það sem eftir er dagsins“! Í Búalögum forðum var reyndar rætt um að dæma menn uppá vatn og fisk.
- Uppábrot** (n, hk) Brot sem gert er fremst á t.d. húfu, skálm eða ermi til styttingar; þannig að ysti hluti tvöfaldast. „Ég var með máfinni í sigti, en þá fauk uppábrotið á húfunni niður í augun á mér“.
- Uppábúinn** (l) Spariklæddur; vel til hafður. „Hann er uppábúinn og tilbúinn í ferðalagið“.
- Uppáfallandi** (s) Tilviljun; ófyrirséð. „Þessi ferð í dag var alveg uppáfallandi; ég ætlaði ekki að fara fyrr en á morgun“. „Það er nauðsynlegt að eiga eitthvað í sjóði fyrir uppáfallandi útgjöldum“. Ekki verður séð að orðið hafi þekkt annarsstaðar í þessari merkingu.
- Uppáferð** (n, kvk) Samfarir. „Alveg er ég hneyksluð á þessu sjónvarpsefni sem ungdómnum er boðið upp á; þetta er lítið annað en manndráp og uppáferðir“!
- Uppáfinning** (n, kvk) Uppátæki; uppátekt. „Hvaða uppáfinningar skyldu þeir koma með næst“?!
- Uppáfinningasamur** (l) Tekur upp á óþörfum/óþekktum athöfnum/hrekkjum. „Gengu margar sögur um það hvað karlinn gat verið hrekkjóttur og uppáfinningasamur“.
- Uppáhald** (n, hk) Sérstök væntumþykja; kær manneskja/gripur/staður. „Það er nú ekki mitt uppáhald að sitja í svona samkvæmum“. „Þessi staður er í sérstöku uppáhaldi hjá mér“.
- Uppáhalds-** Forliður margra heita og vísar til væntumþykju/hrifningar á þeim. T.d. *uppáhaldsgrútur* o.fl.
- Uppáhaldsdýr / Uppáhaldsgimbur / Uppáhaldsgripur / Uppáhaldshestur / Uppáhaldshrútur / Uppáhaldskind / Uppáhaldskýr / Uppáhaldsmjólkurkúr / Uppáhaldsreiðhestur / Uppáhaldsær** (n, hk/kvk/kk) Dýr sem eru í uppáhaldi; dýr sem manni þykir vænst um. „Karlinn var gráti næst þegar hann sagði frá því að þegar hann stökk ofan í skurðinn til að draga kindina uppúr, lenti hann beint ofaná uppáhaldsgimbrinni sinni og steindrap hana *með það sama*“!
- Uppáhelling / Uppáhellingur** (n, kvk/kk) Lögun, t.d. á kaffi. „Vertu ekki að *sötra* gamla kaffið; það er ný uppáhelling á könnunni“. Oftar þó í kk: „Ætla þú að sjá um uppáhellinginn núna“?

- Uppákoma** (n, kvk) Ófyrirséð atvik/slys/staða, og oftast óvelkomin. „Þetta er ljóta uppákomu; hrúturinn hefur sloppið í ærnar“!
- Uppáleggja** (s) Skipa fyrir; mælast til. „Ég uppálagði honum að koma við í Kaupfélaginu og fá kaffi“. „Ég geri bara akkúrat það sem mér var uppálagt, og ekkert þar fram yfir“!
- Uppáskrifað / Uppáteiknað** (l) Áritað; undirritað. „Hann var með bréf uppá þetta; uppáskrifað af sýslumanni sjálfum“. Fyrri orðmynd; „uppáteiknað“ brá stundum fyrir á seinni árum.
- Uppáslást** (s) A. Um net; þínur slæst uppá/yfir netastein/netakúlu/flot eða annað, þannig að netið verður ekki eins fiskið og endranær. B. Yfirfærð merking; koma uppá; slyst; ske; falla til. „Vertu ekki að gera ferð á Eyra bara til að sækja þetta; við skulum sjá hvort eitthvað uppáslæst; kannski fellur til einhver ferð“.
- Uppáslegið** (l) Um net; þínur kræktur utanum endastein/niðristöðustein, netakúlu eða annað. „Hér er eitthvað uppáslegið síðan í lagningunni“.
- Uppásnúið** (l) Snúði uppá. „Það er ekki von að veiðist í netið, svona uppásnúið“!
- Uppásnúningur** (n, kk) Vindingur; snúður. „Ég tók í sundur á netamætum og náði uppásnúningnum af“.
- Uppástand** (n, hk) Skilningur; meining; fullyrðing. „Mitt uppástand er það að með þessum lögum eigi að leggja sveitirnar í eyði“.
- Uppástanda** (s) Skilja; meina; halda fram; fullyrða; *standa uppá*. „Hann uppástendur að hann hafi fengið þetta að gjöf, og neitar að borga“. „Ég vil uppástanda að þetta sé með öllu ólöglegt“.
- Uppástunga** (n, kvk) Tillaga; hugmynd. „Einn kom með þá uppástungu að „skreppa“ út á Stíg“.
- Uppástöndugheit** (n, hk, fto) Hroki; andstaða; uppreisn. „Það þýðir ekki fyrir neinn að vera með uppástöndugheit; hér er það ég sem ræð“! „Hann þótti sýna uppástöndugheit á fundinum“.
- Uppástöndugur** (l) Kjafftor; hrokafullur. „Mér þykir þú heldur uppástöndugur drengur; að svara verkstjóranum svona uppi“!
- Uppátæki** (n, hk) Hugdetta; fikt; fráleitir verknaður. „Þetta er svosem eins og önnur furðuleg uppátæki hans“!
- Uppátækjasamur** (l) Dettur margt skrýtið í hug; hrekkvís. „Alltaf er hann jafn uppátækjasamur sá skúnkur“!
- Uppáþrengjandi** (l) Ágengur. „Skelfing geta þessir sölumenn verið uppáþrengjandi þegar mest er að gera“!
- Uppbelgður** (l) Kviðfullur; saddur; uppþólginn. „Mikið er maður uppbelgður eftir allt þetta át“!
- Uppbinding / Upphnýting** (n, kvk) Það að binda upp, t.d. net á flottein. „Það þarf að nota almennilegt netagarn í upphnýtinguna; þessi tvinni bilar strax“!
- Uppbirta** (n, kvk) Hlé í úrkomu; *uppstytta*; *upprof*. „Er bara engin uppbirta enn“?
- Uppblásinn** (l) Um jarðveg; rofinn af sandfoki/uppblæstri. „Þessi melur er ansi illa uppblásinn“.
- Uppblástur** (n, kk) Jarðvegseyðing vegna vindrofs. „Töluverður uppblástur er í Láganúpslandi, niðri við sjóinn, en mismikill milli ára. Ekki er ólíklegt að þar viðgangist hringrás sem er í jafnvægi á löngum tíma“.
- Uppboð** (n, hk) Sala hlutar til þess sem best verð býður. Oft opinber nauðungaraðgerð, t.d. við gjaldþrot.
- Uppbógur** (n, kk) Annar leggurinn í krusi (beitivindi), þ.e. þegar siglt var nær landinu. Hinn leggurinn, í átt frá landi, nefndis *frábógur*. „Nú tek ég eftir að á þessum uppbóg munum við verða nokkuð nærri boðanum“ (KÓ um róðra úr Kollsvík).
- Uppbólga** (n, kvk) Árennsli; þykkt staðbundið svell við vatnssuppsprettu. „Uppbólga á hliðinni er hættuleg“. Í miklum frostum geta uppbólgur orðið áberandi í mýrlendi, þar sem uppsprettuvatnið brýtur sér leið uppúr ísnum; frýs og getur myndað verulega háa íshóla. Þannig uppbólgur voru t.d. áberandi í Láganúpsmýrum frosta- og ísaveturinn 1968.
- Uppbót** (n, kvk) Viðbót; ábót; viðauki; bónus; sárabætur; skaðabætur. „Ég lét hann hafa ný net sem uppbót fyrir það sem eyðilagðist af hans netum í norðangarðinum“.
- Uppbótarmaður / Uppbótarþingmaður** (orðtak) Þingmaður sem nær kjöri vegna reiknireglna um atkvæðavægi stjórnmalaflokka í kosningum.
- Uppbrunnið** (l) Um kerti eða annað; brunnið að fullu.
- Uppburðarlaus** (l) Kjarklítill; óframfærinn. „Þú ert alltof uppburðarlaus; þú verður að *segja þína meiningu fullum fetum og standa fast á þínum rétti*“!
- Uppburðarleysi** (n, hk) Óframfærni; kjarkleysi. „Það þýðir ekkert að vera með eitthvað uppburðarleysi þegar eiga þarf við þessi stjórnvöld. Best er að einbeita sér að æðstu stjórnendum“.
- Uppburðarlítill** (l) Kjarklaus; óframfærinn. „Hann var uppburðarlítill þegar hann viðurkenndi mistök sín“.

Uppburður (n, kk) Framtak; döngun; kjarkur. „Hann hafði þó enga uppburði til að koma þessu í verk“.

Uppbúið rúm (orðtak) Rúm með sængum, tilbúið til að maður sofi í því.

Uppbyggður (l) Byggður upp; gerður. „Grundir eru uppbyggðar úr stekk fyrir 50 árum (ca 1650) eða þar um, og voru þá reiknaðar fyrir 3 hundruð“ (ÁM/PV Jarðabók).

Uppbygging (n, kvk) Bygging; smíði; endurbygging; endurreisn.

Uppdaga / Uppgötva (orðtak) Sjá; verða áskynja um; finna út. Oftast var notað orðið „uppgötva“ en sumir tömdu sér að segja „uppdaga“, t.d. „faktor“ sá sem hér er sagður mæla: „Um morguninn ég uppdagaði óttalega þraut;/ ég alsettur var heljarmiklum bólum./ Með þessar rosaskellur til Þóris læknis þaut;/ ég þreyttur var og linnnti ekki gólum“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Uppdikta (s) Skálda; búa til; ljúga. „Þessa vitleysu hefur hann uppdiktað til að láta aðra slúðra með“.

Uppdiktaður (l) Uppspunninn; loginn. „Ég held að þessi saga sé nú dálítið uppdiktuð hjá honum“.

Uppdráttur (n, kk) A. Teikning. B. Kröm; veikindi; svelt. „Það er einhver uppdráttur í henni Gránu gömlu“.

Uppdreginn (l) Dreginn upp. „Farðu nú og skiptu um buxur drengur; þú ert eins og uppdreginn úr drullufor“! „Hann var náfölnur, eins og uppdreginn draugur af haug“.

Uppdrift (n, kvk) Flotkraftur. „Það er of mikil uppdrift í þessum stóru kubbum; netið verður alltof viðað“.

Uppdubbaður (l) Fínn; snyrtilega til fara; *uppstrílaður*; uppperður.

Uppeftir (ao) Neðanfrá; að neðan; upp; í áttina upp. „Ég gleymdi eldspýtunum uppi í reykkofa; ég ætla að hlaupa uppeftir og sækja þær“.

Uppeldi (n, hk) Það að ala upp/ koma til manns. „...og á þeim tíma tók Júlli að sjálfsgöðu þátt í uppeldi litla bróður síns“ (PG; Veðmálið).

Uppeldisatriði (n, hk) Þáttur í uppeldi; aðferð við uppeldi. „Mér finnst það nú bara uppeldisatriði þegar börn eru með svona *heimtufrekju*“.

Uppeldisdóttir / Uppeldissonur (n, kvk/kk) Fósturbörn.

Uppeldisfaðir / Uppeldisforeldrar / Uppeldismóðir (n, kk, kvk) Fósturforeldrar.

Uppferð (n, kvk) Ferð/klifur upp kletta/bjarg; *uppganga*. „Ég hafði fötu á hendi í uppferðinni og tíndi egginn sem voru næst vaðnum“. „Gættu að þér í uppferðinni; það er lausamöl undir vaðnum þarna ofar“!

Uppétinn (l) Étinn upp til agna; borðaður. „Lágu þeir þar á hól einum, og var allur mosi og gras þar um kring uppétinn“. „Taldi hann að ekki myndi verða fé til stórra framkvæmda í þessum málum á yfirstandandi ári, þar sem mikið af fjárveitingu þessa árs er áður uppétíð“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Uppfinning (n, kvk) A. Patent; tækninýjung sem er einkaleyfishæf; hagnýt nýjung við tæknilausn sem enginn hefur áður komið fram með. „Sjávarfallahverfillinn sem fundinn var upp í Kollsvík er eina uppfinningin úr Rauðasandshreppi sem fengið hefur einkaleyfi, og eini hverfillinn sem fundinn hefur verið upp hérlandis“. B. Líkingamál; uppátæki. „Hvaða uppfinning er þetta nú hjá fénu“?!

Uppfinningamaður (n, kk) Hugvitsmaður; sá sem fyrstur kemur fram með hagnýta tæknilausn/uppfinningu. Nokkrir uppfinningamenn hafa komið fram í Rauðasandshreppi á seinni árum. Má þar nefna Ólaf Sveinsson á Sellátranesi sem þróaði fjölda tæknilausna sem hefðu margar hverjar átt möguleika á einkaleyfum; sama var efalaust um Guðbjart Egilsson á Lambavatni. Ásgeir Erlendsson á Hvallátrum fann upp rúlluhlunninn; Ólafur Egilsson frá Hnóti fann upp melsláttuvélina og Valdimar Össurason frá Láganúpi fann upp hægstraumshverfil“.

Uppfletting (n, kvk) Það að leita að tilteknum fróðleik í riti. „Þú verður á réttarveggnum og sérð um uppflettingar í markaskránni ef á þarf að halda“.

Uppflettirit (n, hk) Bók með fróðleik, sem handhæg er til *uppflettinga*.

Uppflosnaður (l) Sem hrakist hefur af búi/heimili sínu. „Uppflosnað bændafólk leitaði oft í verin í harðindum fyrri alda, í von um einhverja *matbjörg*“.

Uppfóstra (s) Ala upp; fóstra.

Uppfrá (ao) U“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).ppi; þarna uppi. „Ég ætla að skjótast upp í hornabúið; hinir strákarnir eru uppfra“.+

Uppfræða (s) Fræða; kenna; upplýsa. „Fyrrum þótti það sjálfsgöð skylda foreldra að uppfæða sín börn þannig að þau kæmu þokkalega læs í skólann og hefðu einhverja undirstöðu í flestum námsgreinum“.

Uppfræðsla (n, kvk) Fyrri tíma heiti á kennslu.

Uppfylling (n, kvk) Það sem fyllir uppi. „Ég skrifaði skýringar neðanmáls til uppfyllingar á efninu“.

Uppfyrir (ao) Upp og yfir; neðanfyrir. „Drífuðu þig og reyndu að komast uppfyrir kindurnar“!

Uppfæra (s) A. Taka upp/uppúr. „Ætlar þú að uppfæra fiskinn úr pottinum“? B. Endurnýja, t.d. hugbúnað í tölvu.

Uppganga (n, kvk) A. Staður þar sem farið er upp; vanalegast er þá átt við staði í bjargi. „Uppganga á Bæjarvöllinn er einungis fær góðum bjargmönnum án *vaðstuðnings*. „Yst er uppganga á hillurnar af Stóruð“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs). B. Það að fara upp/klífa bjarg; uppfærð.

Uppgangsár / Uppgangstími (n, hk/kk) Tími velgengni/velmegunar.

Uppgangsbrim / Uppgangssjór / Uppgangsveltingur (n, hk/kk) Sjólag sem er mjög að versna. „Láttu féð ekki rása langt framá hleinar; það er uppgangsbrim og stutt í flæðina“. „Mér fannst kominn uppgangsveltingur og ákvað að pilla mig í land“.

Uppgangshósti (n, kk) Hósti með slímuppgangi. „Ég held að pestin sé að lagast; þetta er bara uppgangshósti“.

Uppgangspest (n, kvk) *Gubbupest; ælupest; spýjupest*. „Það er víst að ganga einhver árans uppgangspest“.

Uppgangsveður (n, hk) Þegar herðir vind og útlit er iskyggilegt. Oftast notað um vaxandi norðanátt og *hryssing*.

Uppgangur (n, kk) A. Staður þar sem gengið er upp; stigi; gjá. B. Velgengni; aukning. „Það er uppgangur í þessari atvinnugrein núna“. C. Aukning veðurhæðar/sjógangs/veltings. „Heldur finnst mér uppgangur í veðrinu heldur en hitt“. D. Hráki; slím sem berst upp öndunarveg; æla. E. Uppkoma t.d. sólar/tungls.

Uppgefinn (l) Mjög þreyttur; *örmagna; alveg búinn; sprunginn*. „Ég var orðin uppgefin og afskaplega fegin að komast heim“ (Ólöf Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg). „Það er nokkuð erfitt að ætla að ná í mann;/ ég var uppgefin á líkama og sálu./ Á ferð minni um sveitina ég engan vinning vann./ Þeir vilja heldur unga stelpugálu“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Uppgenginn (l) Eyddur; uppurinn. „Saltið er að verða uppgengið“.

Uppgerð (n, kvk) A. Látalæti; leikaraskapur. „Eymslin í fætinum eru kannski engin uppperð í honum“. B. Það að gera upp/ endurnýja.

Uppgerðar- Um látalæti/leikaraskap; það sem menn gera sér upp/ leika. T.d. uppperðaralvara; uppperðarbros; uppperðarlátur; uppperðarkurteisi; uppperðarundrun o.fl.

Uppgerður (l) A. Viðgerður; endurnýjaður. B. Um vað; hankaður/lykkjaður upp.

Uppgjafa- Forliður um það sem lokið hefur störfum/ er orðið aflóga. T.d. uppgjafaprestur; uppgjafaflik o.fl.

Uppgjafarhljóð / Uppgjafarhugur / Uppgjafarmerki / Uppgjafarsvipur / Uppgjafartónn / Uppgjafarvæl (n, hk/kk) Merki um uppgjöf/hugþrot/kjarkleysi. „Mér fannst komið hálfgerft uppgjafarhljóð í hann eftir aflaleysið að undanförunu“. „Nú þýðir ekki neitt uppgjafarvæl; við þurfum bara að finna leið útúr þessu“!

Uppgjöf (n, kvk) A. Það að gefast upp; þreyta. „Það var komin dálítill uppgjöf í þær seinfærustu þegar við komum með reksturinn að réttinni“. B. Eftirgjöf, t.d. skulda. „Hann fékk uppgjöf á eftirstöðvunum“.

Uppgjör (n, hk) Reikningsskil; það að fá fram niðurstöðu úr t.d. bókhaldi eða deilu.

Uppgreiddur (l) Greiddur að fullu.

Uppgrip / Uppgripaafli / Uppgripaveiði (n, hk, fto) Þægileg og mikil veiði; allsnægtir. „Við lentum í uppgripum af fiski yfir snúninginn“. „Það er alkunnugt að styrjaldarárin 1914-1918 og næstu ár á eftir gekk meiri fiskur en áður inn í firði hér við land, svo víða var uppgripaafli þar sem venjulega hafði ekki fengist bein úr sjó“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). „Þegar dragnótaveiðar voru leyfðar á ný var uppgripaafli fyrsta sumarið, en annað og þriðja sumarið hefur dregið úr aflanum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Uppgróinn (l) Gróinn upp. „Gilið er að mestu uppgróið, þar sem á mínum uppvaxtarárum var ægisandur“.

Uppgræðsla (n, kvk) Það að græða upp land; ræktun.

Uppgöngustaður (n, kk) Staður þar sem gengið er upp; uppganga. „Við bárum ílátin að uppgöngustaðnum“.

Uppgötva (s) Komast að raun um; fá vitneskju um; átta sig á. „Ég uppgötvaði að ég hafði týnt hnífnum“.

Uppgötvun (n, kvk) Það að uppgötva; ný vitneskja; uppfinning.

Upphaf (n, hk) Byrjun; tildrög. „Enginn man lengur upphaf þessara deilna“. „Í upphafi skyldi endirinn skoðað“.

Upphafinn (l) A. Um Jesús; stiginn upp til himna. B. Hafinn til virðingar; gerður mikilfenglegur. C. Upphleypur, t.d. um letur á bók eða útsaum. D. Lokinn; endaður (fyrri tíðar merking).

Upphaflega (ao) Í byrjun/upphafi.

Upphaflegur (l) Upprunalegur.

Upphafning (n, kvk) Það að upphafja einhvern/eitthvað/ gera mikilfenglegt. „Heldur fer hún í taugarnar á mér, þessi upphafning á morðæði Sturlungaaldar“!

Upphafs- Það sem er í byrjun. Forliður margra heita.

Upphafserindi (n, hk) Fyrsta erindi/vísa í ljóði/sálmi. „Ég kann bara upphafserindið af ljóðinu“.

Upphaldast (s) Leyfast; vera umliðið. „Honum hefur upphaldist það alltof lengi að skila ekki af sér ársreikningum í tíma“! „Skyldi honum upphaldast það lengi að leggja uppi í nethelgi“?

Upphátt (ao) Svo heyrir. „Hann las þennan kafla úr bókinni upphátt fyrir okkur“.

Upphefð (n, kvk) Forfrömun; virðing. „Það var heldur upphaf hjá honum að fá hreppstjórahúfuna“!

Upphefðin kemur að utan (orðatiltæki) Þessi gamla speki vísar til þess að *enginn er spámaður í sínu föðurlandi*. Samfélaginu hættir til að meta hið aðkomna meira en það sem heima fæst.

Upphefja (s) A. Gera meira úr mannkostum/virðingu/gæðum einhvers en efni standa til. „Mörgum *hættir* dálítið *til* að upphafja þá sem veifa um sig prófgráðum, sama hve vel þær gagnast eða hvað liggur að baki þeim“. B. Fella úr gildi; ógilda; afnema; leggja af. „Með því að mjólkurflutningar voru aflagðir var sjálfgeft að mjólkurframleiðsla yrði upphafin á ystu bæjum í sveitinni“. C. Byrja; fara af stað með; segja. „Upphófst þá hávæ umræða“. „Sá var að hreinsa tófuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hveli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Upphefjast (s) Hefjast; byrja; myndast; verða. „Upphófst nú mikið skvaldur og voru uppi deildar meiningar um ágreiningsefnið“... „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófst nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið).

Upphenging (n, kvk) A. Reyking og geymsla hangikets, uppihangandi. „Ætli ég slátri ekki þessari til upphengingar. Hún hefur verið geld tvö ár í röð“. „Ég saga þá þessa skrokka til upphengingar“. B. Hersla fisks, sjá m.a. *grásleppuspyrða*.

Uppherða (s) Telja kjark í; herða sig upp. „Ég er hræddur um að hann gæti verið að uppherða sig í að kjósa íhaldið“! „Hann þurfti góðan tíma í að uppherða sig áður en hann lagði af stað í lásinn“.

Uppherðing (n, kvk) Söfnun kjarks; undirbúningur reiðilesturs. „Nú er hann hjá sínum sálufélaga í uppherðingu áður en hann fer á fund sýslumannsins“.

Uppherðingur (n, kk) Ef norðanátt gekk skyndilega niður, en *rauk* aftur *upp* sama sólarhringinn; *uppherðingur*, boðaði það vaxandi norðanátt næstu dægur“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og OM).

Upphirðing (n, kvk) Það að koma síðasta heyi sumarsins í hlöðu eða hey. „Ef þurrkurinn helst þá sé ég framá upphirðingu í næstu viku“. Sjá *hirða upp*.

Upphita (n, kvk) Hita mat fyrir neyslu. „Það jafnast fátt á við góða ketsúpu sem búið er að upphita tvisvar“.

Upphlaðinn (l) Hlaðinn upp; viðgerður (um vegghleðslu). „Garðurinn var upphlaðinn á nokkrum dögum“.

Upphlaup (n, hk) Skyndilegur æsingur. „Ekki skil ég þetta upphlaup yfir svona ómerkilegu máli“.

Upphleypur (l) Gerður þannig að ber yfir næsta nágrenni. T.d. um staf á bók eða útsaum.

Upphlutur (n, kk) A. Efri hluti kyrtils; líkist skyrtu. B. Sérstakur íslenskur kvenbúningur (reimuð ermalaus treyja; skyrta pils og svunta). „Hún (huldumærin) var vel klædd; þó ekki í upphlut né með skotthúfu“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).

Upphringaður (l) Um vað/slöngu; búið að gera upp; *uppperður*. „Slangan er upphringuð þarna á þilinu“.

Upphringing (n, kvk) Hringing/símtal frá einhverjum. „Ég fékk upphringingu frá happdrættinu“.

Upphrópanastill (n, kk) Yfirbragð upphrópana/ofboðs/æsinga. „Það tekur enginn mark á bréfi sem skrifað er í svona upphrópanastill. Þú verður að setja þetta fram af einhverri rökvísi“!

Upphrópun (n, kvk) Æsingarorð; kall/óp; frammikall. „Ræðum nú málin í ró en ekki með upphrópunum“.

Upphugsa (s) Hugsa; finna upp á; undirbúa í huganum. „Nú er rollurassgatið að upphugsa nýja leið til að *snúa* á okkur“. „Ekki *lukkaðist* þessi aðferð; þá er að upphugsa einhverja aðra“.

Upphyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með horn sem vaxa áberandi uppávið; *skrifshyrnd*; *stanghyrnd*.

Upphæð (n, kvk) Magn/verðgildi peninga/verðmæta; fjárhæð. „Hann greiddi verulega upphæð fyrir þetta“.

Upphækka /s) Hækka upp; bæta við á hæðina. „Ég þurfti að upphækka girðinguna þarna á barðinu“.

Upphækkun (n, kvk) Það sem hækkar; viðbygging/viðbót uppávið. „Það væri til bóta að smíða upphækkun á *skjólborðin* á heyvagninum“.

- Uppi** (ao) A. Um staðsetningu; efri; í áttina upp. „Hann er uppi á lofti“. „Þá var siglt með öll segl uppi“. B. Við lýði; á lífi. „Kollur var uppi á landnámsöld“. C. Um boða; vera uppúr sjó. „Klakkurinn var uppi, og braut greinilega á honum“. Sjá *standa uppi*.
- Uppi á (einhverjum) kjafturinn** (orðtak) Einhver hefur uppi stóryrði/munnstöfnuð; einhver rífst/svarar fullum hálsi. „Það er heldur uppi á honum kjafturinn núna“! Sjá *hafa uppi kjaft*.
- Uppi á teningnum** (orðtak) Í reynd; niðurstaða. „Það lítur ekki vel út með þurrkinn. Við skulum sjá hvað verður uppi á teningnum í fyrramálið“. „Það var sama uppi á teningnum hjá honum og nágrannanum“.
- Uppi á (einhverjum) typpið** (orðtak) Einhver er hress, reifur; einhver fer mikinn; einhver er ágengur/áræðinn. „Ja, nú þykir mér uppi honum typpið“! „Heldur er uppi á honum typpið“! Hefur stundum verið talið leitt af reistum getnaðarlim, en líklega er líkingin fremur sótt í sjómannamál eins og margar aðrar. Sigluhúnn var fyrrum nefndur *typpi*, og þegar siglt var með toppsegl uppi var uppi á skipinu typpið.
- Uppi í fjörusteinum / Uppi í harðalandi / Uppi í landsteinum** (orðtök) Mjög grunnt; uppi við land. „Það er ekki von að alltaf aflist ef menn hanga alltaf uppi í landsteinum; þó stundum fáist góður fiskur uppi í harðalandi“. Í niðrandi tón var talað um að togarar væru að veiða „uppi í kálgörðum“.
- Uppi í sjó / Ofarlega í sjó / Við borðið / Við botninn** (orðtök) Um hegðun fisks þegar verið er að skakveiðum. „Hafðu grunnmálið nokkuð rösklegt; hann er farinn að taka langt uppi í sjó“. „Það var spriklandi fiskur alveg við borðið yfir *háliggjandann*“.
- Uppidráp** (n, hk) Dráp sela/selkópa uppi í fjörum með því að rota þá. Var ekki stundað í Kollsvík, svo vitað sé, en orðið var þekkt.
- Uppihald** (n, hk) A. Flot/bauja/byða/belgur/kúla til að halda veiðarfæri eða öðru á floti. „...á *yfirvarpið* var fest 5-6 uppihöldum með jöfnu millibili“ (GG; Skútuöldin; um *lagvað* til *hákarlaveiða*). „Með hverju upphaldi hleyptum við niður þremur til fjörum pokum; *fyrirbundnum*, fullum af hausum, slori og hryggjum“ (HO; Ævisaga; róið úr Láturdal). B. Fæði og húsnæði. „...svo var um talað að ég ynni að bátasmíðinni fyrir uppihaldi“. Frásögn Jóns Guðjónssonar (ÓG; Úr verbúðum í víking). C. Uppiöld var annað og fornt heiti á landlegu/ógæftum. Reyndar fyrrum notað um hverskonar hlé eða tafir.
- Uppihaldskostnaður** (n, kk) Kostnaður við fæði og húsnæði; kostnaður við veru manns.
- Uppihang** (n, hk) Uppstytta; hlé á skúrum eða éljum. „Það er eitthvað uppihang núna; við náum kannski að komast norður í fjárhús fyrir næstu skúr“.
- Uppisetur** (n, kvk, fto) Vökur; það að sitja mjög lengi, t.d. við verk. „Það kostaði okkur uppisetur fram á nótt að bíða eftir burði hjá kýrinni“.
- Uppisetumáttur** (n, kk) Geta/úthald til að sitja uppi. „Það var svo af honum dregið að hann hafði varla uppisetumátt“.
- Uppisitjandi / Uppistandandi** (l) Sitjandi/standandi. „Það er betra að drekka uppsitjandi en útafliggjandi í rúminu“. „Maður er nú ennþá sémilega uppistandandi þó maður hafi stundum rífið kjaft við kerfið“.
- Uppiskroppa** (l) Búinn með allt; lens; tómhentur. „Farðu nú, strákur, ofan í lest og sæktu fyrir mig síld; ég er orðinn uppiskroppa“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Ég man vel eftir Siggu gömlu á Hnjóti þegar hún kom labbandi út í Hænuvík að heimsækja Lóu dóttur sína; þrjónandi í blíðskaparveðri og hafði bandhespu um sig miðja til að verða ekki uppiskroppa með band á leiðinni“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Uppistaða** (n, kvk) A. Lón/vatnssöfnun vegna stíflu í vatnsfarvegi. „Það er feikna uppistaða í Ánni af krapastíflu“. B. Þræðir sem liggja langsum í vefnaði þegar ofið er. „Það var mikið ofið á veturna. Uppistaðan var tvistur; fyrirvaf var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver sem notuð voru í verbúðunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Uppistand** (n, kvk) Uppnám; æsingur; deila; ósætti. „Það varð heilmikið uppistand þegar þetta komst upp“.
- Uppistandandi** (l) Standandi á fótunum; við líði; lifandi. „Ég kalla hann seigan; að vera enn uppistandandi eftir svona áfall“! „Það verður ekkert af þessu meðan ég er enn uppistandandi“. Sjá *standa uppi*.
- Uppistöðulón / Uppistöðuvatn** (n, hk) Stíflulón; vatn sem safnast ofanvið stíflu í á/læk. „Uppistöðulónið í Ánni náði uppundir girðingu“.
- Uppistöðumáttur** (n, kk) Geta /afl/heilsa til að standa á fótunum. „Lambið er aðeins að hressast en það er samt ekki enn komið með uppistöðumátt“. „Honum hrakaði yfir nóttina og nú hefur hann ekki uppistöðumátt“.
- Uppitaka** (n, kvk) Það þegar fiskur *tekur uppi*/ grípur fæði í yfirborði, þannig að vart verður við með gárumyndun eða öðrum hætti. „Einhver fiskur er í vatninu; ég sá örugglega uppitökur þarna áðan“.
- Uppivöðslusamur** (l) Frekur; baldinn; með uppsteit. „Karlinn var fjári uppvöðslusamur og var búinn að *koma sér út úr húsi* við hvern einasta mann í sínu nágrenni“.

- Uppivöðsluseggur** (n, kk) Sá sem er fyrirferðarmikill og ágengur; frekja; ribbaldi.
- Uppí** (ao/fs) Fara uppi í / vera uppi í einhverju, t.d. rúmi, eða setja eitthvað uppi sig / hafa eitthvað í munni. „Farðu nú að koma þér uppi krakki“! „Hvað ertu með uppi þér“?
- Uppíloft** (ao) Vísarupp; liggja á baki; sprunginn. „Þú mátt aldrei skilja við hrífu með tindana uppíloft; það er örugg ávísun á rigningu“! „Það er víst allt uppíloft milli þeirra hjónanna núna“. „Það þýðir ekkert að liggja uppíloft og lesa í svona brakandi þurrki“.
- Uppímóti** (ao) Um stefnu, upp á móti halla. „Það er fljótgengið niður Geldingsskorardalinn, en það kemur oftast út svitadropunum að paufast hann uppímóti í sterkjusólskinum með fullan eggjakút á baki; vað á öxlum og jafnvel kút og fötu, sitt í hvorri hendi“!
- Uppítaka** (n, kvk) Það að taka hlut upp í hluta af greiðslu; t.d. taka gamlan bíl sem hluta af geiðslu nýs bíls.
- Uppkoma** (n, kvk) Það að koma upp. „Það er farið að hlýna töluvert með uppkomu sólar, þegar kemur svona framá vorið“.
- Uppkominn** (l) Fullorðinn; kominn af barnsaldri. „Þau eiga tvö uppkomin börn“.
- Uppkrullað** (l) Flækt; í flóka. „Netið var slitið af teinum á kafla og allt uppkrullað eftir selinn“.
- Uppkræktur** (l) Kræktur upp/opinn. „Gættu þess að glugginn sé uppkræktur; ekki veitir af að *lofta út*“.
- Uppkveða** (s) Kveða upp; úrskurða. „Hún var ekki lengi að uppkveða sinn dóm“.
- Uppkveiking / Uppkveikja** (n, kvk) Sú athöfn að kveikja eld í reykkofa og hylja hann til að framkalla reyk; það að kveikja eld í elstæði t.d. í hlóðum eða öðru.
- Uppkveikjufátt** (l) Lítið um uppkveikju. „Plankinn var eftir það við skemmudyr framyfir 1890, en hvarf þá, án þess menn viti hver olli hvarfinu. En böndin bárust að eldamenskukonum staðarins, en þeim var um það bil uppkveikjufátt, eins og gengur“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Uppköst** (n, hk, fto) Æla; *uppsölur*. „Það var lítið gagn að hásetanum; hann lá með uppköstum á lunningunni“.
- Upplag** (n, hk) A. Um mann; eðlisfar; persónueinkenni. „Hann er þannig að upplagi að hann lætur ekki spila með sig“. B. Eintakafjöldi, t.d. prentaðrar bókar.
- Upplagður** (l) Í formi; fallinn til. „Ég er ekki vel upplagður til að syngja núna; svona syfjaður“.
- Upplagt** (l) *Kjöríð; tilvalið; vel til fundið*. „Þetta tré er upplagt í tvo hornstaura“.
- Upplausn** (n, kvk) A. Ringulreið; óreiða. B. Vökvi sem fast efni hefur verið leyst upp í.
- Uppleið** (n, kvk) Ferð/leið upp. „Hinkraðu aðeins á brúninni; hann er á uppleið með eggjafötu“.
- Uppleitur** (l) Sem horfir fram; sem ber höfuðið hátt. „Hann var víst ekki sérlega uppleitur þegar hann játaði á sig lygina“.
- Upplestur** (n, kk) Lestur upphátt; lestur fyrir aðra. „Hann tók sér málhvöld eftir þennan upplestur“.
- Uppleystur** (l) Leystur upp. „Sápan hafði legið í vatninu og var orðin mjög uppleyst“.
- Upplifa** (s) Reyna; ganga í gegnum. „Maður hefur upplifað ýmislegt í þessu starfi“.
- Upplifelsi / Upplifun** (n, hk/kvk) Reynsla; viðburður. „Það var mikið upplifelsi að verða vitni að þessu“.
- Upplit** (n, hk) A. Útlit „Það er allt annað upplit á húsinu núna“. B. Kjarkur; glaðlyndi. „Ekki var nú beysið upplitið á drengjunum þegar þeir komu forblautir heim“. Oft í ef: Hann var nokkuð aumlegur upplits“.
- Upplitaður** (l) Aflitaður í sól/birtu. „Svuntan var af *rúðóttu* tauí, sem var kallað *skoskt tau*; óhreinn eða upplituð, því að framaná svuntunni var bót af sama efni er sýndi hinn upprunalega lit tausins“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Upplitsdjarfur** (l) Áráðinn í fasi/svip; framfærinn. „Þeir voru ekki upplitsdjarfir þegar þetta komst upp“.
- Upplifgandi** (l) Sem kætir/ lífgar upp; hressandi. „Slökktu nú á útvarpsfjandanum; það er ekki sérlega upplifgandi þetta eilífa sínfónúsarg“!
- Uppljómast** (s) Verða geislandi/glitrandi. „Augu hans uppljómuðust þegar hann minntist þessara tíma“.
- Uppljóstra** (s) Upplýsa um það sem leynt hefur farið; kjafta/segja frá. Var fyrrum „uppljóstra“; án r, og leitt af því að „ljósta upp“; þ.e. „slá upp“/ skella óvænt fram því sem enginn átti von á.
- Upploginn** (l) Skáldaður; uppdiktaður. „Þetta reyndist allt upplagið“.
- Upplyftugur** (l) Hýr; kátur; æstur; áhugasamur. „Hann var heldur betur upplyftugur yfir einkunnunum sínum“. „Ég nefndi þessa hugmynd við hann, en hann var ekkert mjög uppyftugur yfir henni“. Heyrðist einungis notað þannig, og það nokkuð algengt, þar vestra. Annarsstaðar þekkt „upplyftur“.
- Upplyfting** (n, kvk) Tilbreyting; nýbreytni. „Hann *gerði* það *sér til upplyftingar* að fara í heimsóknir“.

- Upplýsa** (s) Varpa ljósi á mál; skýra frá leyndarmáli; koma upp um t.d. glæp. „Jón Hákonarson upplýsti að bóúð væri að *gera ráðstafanir til að síminn komi aftur inn í húsið*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Upplýsingar** (n, kvk, fto) Vitneskja; fróðleikur; fræðsla. „Tvær ær; önnur á Lambavatni en hin í Gröf, eru ekki góðar og ef til vill að þær lifi ekki; því líkur eru til, að fengnum upplýsingum, að þær séu veikar“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1945).
- Uppmarka** (s) Marka nýtt eyrnamark á sauðkind sem áður hefur verið mörkuð.
- Uppmálaður** (l) Oftast notað til áherslu; myndskreyttur; skýr. „Þetta var bara *eymdin uppmáluð*“.
- Uppmjór** (l) Mjókkar eftir því sem ofar dregur; keilulaga. „Ári er þetta leiðinlega uppmjór galti“.
- Uppmokstur** (n, kk) Það sem mokað hefur verið upp. „Ég hreinsaði uppmoksturinn af grafarbakkanum“.
- Uppmæling** (n, kvk) A. Mæling einhvers. B. Ákvæðisvinna; akkorð. Það að vinna sé metin til greiðslu eftir afköstum sem mæld eru eftirá, en ekki eftir tíma.
- Uppnám** (n, hk) Glundroði; ringulreið; æsingur; geðshræring. „Hann er í uppnámi eftir þetta, sem vonlegt er“.
- Uppnefna** (s) Nota gæluheiti/stuttheiti/niðrandi heiti í stað skírnarnafns. „Það þótti ekki fallett að uppnefna fólk að öllu jöfnu. Oftast var látið óátalið að stytta nöfn eftir því sem tíðkast hafði, þó sumir vildu það ekki heldur. Starfsheiti nýttust oft ein sem nöfn í daglegu tali, t.d. „pósturinn“, „hreppstjórinn“, faktorinn“ o.þ.h. og þótti yfíreitt í lagi. Það voru einkum *viðurnefnin* sem gátu orðið rætin og máttu þá helst ekki heyrast almennt. Í þeim efnum tíðkaðist þó ákveðin hefð einnig, einkum í sjávarplássum til aðgreiningar“.
- Uppnefni** (n, hk) Nafn sem manneskju er gefið af öðrum; stundum til styttingar/hagræðingar; stundum vegna venju í uppeldi, en stundum til gamans/háðungar.
- Uppnuminn** (l) Uppveðraður; hrifinn. „Hann var *heldur betur* uppnuminn yfir ferðalaginu“.
- Uppnæmur** (l) Viðkvæmur; uppstökkur. „Ég er nú ekki uppnæmur fyrir því að blotna örlítið“.
- Uppraðað** (l) Sem raðað hefur verið upp. „Öllu var þessu uppraðað *eftir kúnstarinnar reglum*“.
- Upprakað** (l) Sem bóúð er að raka saman/upp. „Heyið af blettinum var allt upprakað og sumt *galtað*“.
- Upprakin** (l) Sem rakin hefur verið upp. „Peysan var orðin slitin, og upprakin að neðanverðu“.
- Upprakningur** (n, kk) Garn sem rakið hefur verið upp úr flík. „*Ekki spyr ég að nýtninni hjá henni*. Þetta þrjónaði hún úr afgangum og upprakningum“.
- Upprakstur** (n, kk) Það að raka saman heyi; raka upp hey; samantekt; múgun.
- Uppreiða** (s) Um rúm; búa um; uppbúa. „Hún hafði uppreitt sængur fyrir okkur í gestaherberginu“.
- Uppreiddur** (l) A. Hafinn á loft. „Hann var orðinn svo reiður að hann hljóp á eftir strákunum með uppreidda skófluna“. B. Um rúm; uppbúíð. „Þegar við komum loks, sent um kvöldið, beið okkar uppreitt rúm“. Einnig orðtakið; að *sjá sína sæng uppreidda*.
- Uppreikna** (l) Reikna upp á nýtt; færa til verðlags samtímans.
- Uppreisn / Uppreist** (n, kvk) A. Bylting. B. Endurreisn; leiðrétting. Sbr uppreisn æru.
- Uppreisnargjarn** (l) Hneigður til að fylgja sínum skoðunum eftir, þó ekki séu almennt viðurkenndar.
- Upprekstrarland** (n, hk) Land sem sauðfé er rekið á til beitar. Gjarnan notað um land í eigu landeiganda sem heimilar öðrum upprekstur. „Oddviti ræddi um notkun utanhreppsmanna á upprekstrarlandi í Sauðlauksdal“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Upprekstrarleyfi** (n, hk) *Upprekstur*; leyfi til að reka fé sitt í haga annars manns og *halda* því þar til beitar. „Frá ómunatíð hafa Láganúpsbændur haft upprekstrarleyfi í Breiðavík norðantil. Þar gekk nær einvörðungu Láganúpsfé, enda sáu Kollsvíkingar að mestu um smalanir á því svæði“. „Eftir að búskap lauk í Kollsvík fékk Guðjón í Hænuvík upprekstrarleyfi þar, fyrir nokkrum fjólða fjár“.
- Upprekstur** (n, kk) Rekstur fjár á fjall/úthaga; heimild til að beita í annars manns land. „Þó hvergi sé skráð að Láganúpur eigi upprekstur í Breiðavíkurland, þá hefur fyrir löngu skapast hefðarréttur fyrir þeirri nýtingu“.
- Upprenna** (s) Renna upp; koma. „Hvenær skyldi uppreнна sá dagur að sjávarjarðir eins og Láganúpur og Kollsvík fái aftur nytjarétt á sínum fiskimiðum“?
- Upprennandi** (l) Sem er að verða; tilvonandi. „Og þetta á að heita efnilegur og upprennandi stjórnmalamaður“!
- Uppréttingur** (n, kk) Nagli/saumur sem réttur var upp/tekin var af sveigja; lagfærður saumur/nagli. „Það má spara sér dálítið með því að nýta uppréttinga úr mótauppslættinum“.
- Uppréttur** (l) Lóðréttur; á fótum; beinn í baki. „Ætli maður hokri ekki við þennan búskap meðan maður getur staðið uppréttur“.

- Upprifinn** (l) A. Um hræ sem vargar hafa komist í og rífið gat á kviðarhol. B. Um flattan fiskhaus / pakka sem opnaður hefur verið. C. Kjaftagleiður; hrifinn „Hann er upprifinn af þessum hugmyndum“. „Eftir hálfu staup var karlinn orðinn hýr og upprifinn“.
- Upprifjun** (n, kvk) Það að glöggva sig aftur á því sem áður var lært, t.d. með lestri námsbóka.
- Uppríska** (n, kvk) A. Það að rísa upp/ fara á fætur. B. Uppstigning frá dauðum. „Í kristni fyrri tíma var því almennt trúað að líkami manna risi upp frá dauðum á dómsdegi. Sú bókstafstrú hefur farið mjög halloka á síðari tímum, þó enn sé mjög trúað á framhaldslíf sálarinnar í einhverri mynd“.
- Upprof** (n, hk) A. Hlé. „Er bara ekkert upproff hjá þér í fláningunni“? B. Uppstytta. „Við þurfum að bæta á votheysgryfjuna ef það skyldi verða eitthvað upproff í þessari rigningu“.
- Upprunalega** (ao) Upphaflega; í byrjun. „Upprunalega var þessi bill grænn að lit“.
- Upprunalegur** (l) Upphaflegur; sá sem var í byrjun. „Svuntan var af *rúðóttu* tauí, sem var kallað skoskt tau; óhrein eða upplituð, því að framaná svuntunni var bót af sama efni er sýndi hinn upprunalega lit tausins“ (Ívar Ívarsson; Hvatt bæði; Lesb.Tímans 1964).
- Uppruni** (n, kk) Byrjun; orsök; tilurð.
- Uppruninn** (l) Byrjaður; orðinn til; orsakaður. „Ég fer nærri um það hvaðan þessi saga er upprunnin“!
- Upprúllaður / Uppvafinn** (l) Sem búið er að rúlla/vefja upp.
- Uppræta** (s) Eyða með öllu; taka/rífa með rótum; útrýma. „Þennan ósið hefur reynt erfitt að uppræta“.
- Uppsátur** (n, hk) A. Staður/pláss þar sem bátur er settur upp /stendur. „Þarna var uppsátur fyrir fáeina báta“. B. Réttur til að geyma bát. „Barðstrendingar áttu uppsátur fyrir báta sína á Skeiðseyri í landi Vesturbotns“. „Föenix var teinæringur og átti uppsátur í Kollsvíkurveri og Láganúpsveri“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Uppsátursgjald** (n, hk) *Undirgift; vertollar* (sjá þar).
- Uppsetning / Uppsetningur** (n, kvk/kk) A. Það að *setja upp* bát/ draga bát upp á land. „Okkur vantar fleiri í uppsetningu“. Oftar í karlkyni, einkum hjá eldri Kollsvíkum. B. Uppröðun; fyrirkomulag; það að setja eitthvað upp/ stilla upp. „Eitthvað hefur uppsetningin á þessum *galta* ekki verið nógu vönduð“.
- Uppsettur** (l) A. Uppstilltur; frágenginn á sínum stað. B. Um galta/sátu; upphlaðinn. „Skelfing er þessi galti illa uppsettur“. C. Í vandræðum; verkfæralaus. „Ég er alveg uppsettur ef ég finn ekki hamarinn“. Algengasta notkun orðsins í Kollsvík.
- Uppsigað við** (orðtak) Illa við; í nöp við; tilbúinn að rífast við. „Honum var frekar í nöp við opinberar persónur, en einkanlega var honum þó uppsigað við sýslumanninn. Þann andskota það hann aldrei að þrífast“. Vísar til hunds sem hefur verið sigað/att á kindur. Hundum sem ítrekað er att á sömu t.d. túnrolluna, verður oft svo uppsigað við hana að ekki þarf að hvetja þá ef hún nálgast.
- Uppsigling** (n, kvk) Sigling til lands; landstím. „Á uppsiglingunni hvarf bátur Dagbjartar í élinu og sást ekki frammar“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þeir hófu uppsiglingu skömmu á eftir Guðmundi“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Láttramanna).
- Uppsjávarfiskur** (n, kk) Fisktegund sem heldur sig jafnan ofarlega í sjó eða/og er veidd þar. Td. loðna og síld. Fiskur sem heldur sig nærri botni er *botnfiskur*.
- Uppsjóða** (s) A. Sjóða í potti. B. Líkingamál; skálda; ljúga upp; búa til sögu. „Hver skyldi hafa uppsjóðið þessa lygasögu“?
- Uppskafinn** (l) A. Sem búið er að skafa/skrapa. „Þarna er eitthvað uppskafið orð undir hinu í handritinu“. B. Aulalegur; spjátrungslegur. „Heldur fannst mér hann uppskafinn þessi frambjóðandadrengur“! Vísar líklega til þess að blöð handrita urðu þunn og *skænisleg* þegar búið var að skafa upp fyrra letur.
- Uppskafningsháttur** (n, kk) Mont; aulaháttur. „Svonalagað kalla ég nú bara uppskafninghátt“!
- Uppskafningur** (n, kk) Auli; verkasmár maður; monthani. „Við höfum lítið að gera með svona uppskafninga“!
- Uppskár** (l) Eingöngu í orðtakinu *láta uppskárt* (sjá þar).
- Uppskera** (n, kvk) Afurð; afrakstur ræktunar. Vísar til korns sem skorið er.
- Uppskera** (s) A. Skera/hirða korn af akri. B. Líkingamál; njóta afraksturs/ávinning sem undirbúinn hefur verið eða unnið hefur verið að. *Svo uppsker hver sem hann sáir til*.
- Uppsker hver sem hann sáir** (orðtak) Hver maður verður að taka afleiðingum sinna gerða; Hver maður fær það sem hann á skilið/ sem hann hefur stofnað til.
- Uppskerubrestur** (n, kk) Ræktun verður ekki gróskumikil; korn þroskast ekki, t.d. vegna tíðarfars.

- Uppskipa** (s) Landa; setja í land afla/farm úr skipi. „Fyrir kom að strandferðaskip komu við í Kollsvík á fyrrihluta 20.aldar til að taka afla úr Kollsvíkurveri. Má þá gera ráð fyrir að uppskipað hafi verið annarri vöru, s.s. salti og fleiri nauðsynjum“.
- Uppskipun** (n, kvk) Það að skipa upp t.d. vörum úr skipi.
- Uppskipunarbátur / Uppskipunarskip** (n, kk/hk) Bátur til að ferja farm milli skips og lands. „Pétur notaði Egil sem uppskipunarskip; breytti um nafn og kallaði Hringhorna“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Uppskrift** (n, kvk) A. Það að skrifa/lista upp. B. Forskrift; leiðbeiningar. T.d. mataruppskrift.
- Uppskrúfaður** (l) Ýktur; gerður meiri/mikilfenglegri en efni standa til. „Ég er aldrei hrifinn af svona uppskrúfuðu orðalagi eins og þarna er viðhaft“. „Hann selur þetta á uppskrúfuðu verði“.
- Uppskurður** (n, kvk) Skurðaðgerð; það að skera upp í lækningaskyni.
- Uppsláttarrit** (n, hk) Rit sem þægilegt er að leita í, eftir upplýsingum/fróðleik.
- Uppsláttur** (n, kk) A. Það að slá upp/ leita upplýsinga í riti. B. Það að slá upp steypumótum. C. Uppslegin steypumót. T.d. mótauppsláttur.
- Uppsóp** (n, hk) Það sem sópað er upp; t.d. rusl/ryk á gólfi.
- Uppspenntur** (l) A. Um mann; spenntur; taugatrekktur. B. Um byssu; með spennan bóg.
- Uppsprengt verð** (orðtak) Of hátt verð; okurverð. „Ég kaup þetta ekki á svona uppsprengdu verði“!
- Uppspretta / Uppsprettulind** (n, kvk) Lind; uppkoma vatns um greinilegt auga í jörðinni. „Þegar við vorum komin yfir Ána þurftum við oftast að stansa til að fá okkur að drekka úr Mikkupytlunni, sem var lítil uppspretta norðan við Ána“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Uppsprettuvatn** (n, hk) Vatn sem kemur úr *uppsprettu*. „Þetta er hreint og tært uppsprettuvatn“.
- Uppsprottinn** (l) Sprottinn upp; kominn skyndilega. „Hvaðan eru þessar kindur uppspottnar“?
- Uppspuni / Uppdiktun** (n, kk) *Hugarburður*; ímyndun; *tilbúningur*. „Þetta var bara uppspuni í drengnum“.
- Uppspuni frá rótum** (orðtak) *Rakalaus þvættingur*; haugalygi; lygasaga. „Þessi saga er uppspuni frá rótum“.
- Uppspyrtur** (l) Spyrstur upp; hengdur upp í spyrðum. „Smáfiskurinn var ýmist uppspyrtur eða saltaður í bítung, en sá stærri var flattur og saltaður“.
- Uppspændur** (l) Spændur/tálgaður/eyddur upp. „Ansi er slóðinn að verða uppspændur eftir traktorinn“.
- Uppstaðinn** (l) Staðinn upp/ á fætur. „Við vorum rétt uppstaðnir frá borðinu þegar hann fór að rigna“.
- Uppstandari** (n, kk) Lóðrétt stoð í húsi; frá gólfi uppundir sperru. „Rúmin voru þannig /í verbúðum í Kollsvíkurveri)að rúmstokkur, fjöl, var fyrir framan, en við báða enda hennar *rúmstuðull* er nefndur var *uppstandari* ef hann náði upp í sperru“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÓETH og KJK).
- Uppsteypa** (n, kvk) Það að steypa húsvegg eða annað mannvirki. „Við kláruðum uppsteypuna í dag“.
- Uppsteyt** (n, hk, fto) Mótþróu; uppreisn. „Hann ætlaði að fara að vera með einhver uppsteyt, en frúin greip þá í taumana og bað hann að halda sig nú einusinni á mottunni“.
- Uppstig** (n, hk) A. Stallur sem stigið er á til að komast upp. „Þetta klettaneft notaði ég sem uppstig“. B. Það að stíga skref til að komast upp.
- Uppstigning** (n, kvk) Það að stíga upp; himnaför Jesú Krists.
- Uppstigningardagur** (n, kk) Sjötti fimmtudagur eftir páska; fertugasti dagur frá og með páskadegi; helgidagur til minningar um himnaför Krists. Hét áður „helgi þórsdagur“
- Uppstigningardagsmessa / Uppstigningardagsruna** (n, kvk) Stíf sjósóknarlota kringum uppstigningardag. „Stundum var þríróið; sérstaklega undir hvíldardag. „Uppstigningardagsmessa“ byrjaði á uppstigningardag (fimmtudag) og var róið látlaust fram á laugardag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Uppstigningardagur var haldinn helgur og róið að kvöldi uppstigningardags; og síðan í lotu fram að helgi. Þetta var kallað „uppstigningardagsruna“. Það kom oft fyrir, einkum ef landlegur höfðu verið og helgi fór í hönd, að tekin var svona lota“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Uppstilling** (n, kvk) A. Það að stilla einhverju upp, t.d. fyrir sýningu eða til skrauts. B. Það að raða frambjóðendum upp á lista fyrir kosningar.
- Uppstillingarnefnd** (n, kvk) Nefnd sem raðar frambjóðendum á lista fyrir kosningar.
- Uppstokkun** (n, kvk) A. Það að stokka upp, t.d. setja króka fiskilínu á önglastokk. B. Endurröðun/ enduruppstilling af einhverju tagi.

Uppstoppaður (l) A. Um dýr; búið að stoppa upp. B. Um mann; með stíflur í nefi/nefholum vegna t.d. kvefs. „Ég er enn uppstoppaður af þessu árans kvefi“.

Uppstraumur (n, kk) Hafstraumur sem liggur í átt til lands.

Uppstreymi (n, hk) Loft sem streymir upp, t.d. vindur við klettabrún. „Fýllinn *kyllrar sig* á flugi í uppstreyminu“.

Uppstrílaður (l) *Glerfínn*; uppduddaður; mjög fínn til fara. „Mikið svakalega ertu uppstrílaður maður“!

Uppstrokinn (l) Í vel pressuðum fötum; í sparifötum; *uppstrílaður*.

Uppstúfur (n, kk) Jafningur; hveitisósa sem oft er höfð með kartöflum og hangiketi. Kollsvíkingar notuðu þó fremur heitið jafningur. Bæði eru orðin komin úr dönsku, og líklega sósan sömuleiðis.

Uppstytta (n, kvk) *Stytt upp*; hlé milli skúra; élið hætt. „Við klárum gröftinn í næstu uppstytta“.

Uppstyttulaust / Uppstyttulítið (l) Án þess að stytta upp. „Hann hefur rignt uppstyttulaust í allan dag“.

Uppstökkur (l) Fyrting; *fljóttillur*. „Farðu rólega að honum; hann er dálítið uppstökkur í þessum efnunum“.

Uppsúða (n, kvk) Samsetningur; bræðingur. „Þessi bók er að mestu uppsúða úr annarra manna skrifum“.

Uppsveifla (n, kvk) Sveifla/hreyfing uppávið. „Ég náði festarauganu í einni uppsveiflunni“.

Uppsveigður (l) Boginn/sveigður uppávið.

Uppsölupest (n, kvk) *Gubbapest*; *ælupest*; veikindi með uppsölum.

Uppsölur (n, kvk, fto) *Æla*; gubb. „Ekki veit ég hver fjandinn var í þessu en ég fékk af því bölvadað uppsölur“.

Upptak (n, hk) Byrjun/upptaka á sjávarfalli. Ýmist í hk eða kvk.

Upptaka (n, kvk) A. Um sjávarfall; fall hefst eftir fallaskipti. Fiskur sem kemur undir á fallaskiptum getur haldist í upptökunni. „Var þá meðstraumur út með hlíðunum, liggjandi á Sandflóa og út með Bjarginu og norðurfallsupptaka er kom út að Töngum“ (PJ; Barðstrendingabók). „Við upptökuna (nýtt sjávarfall að byrja) var byrjað að draga“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurvei). „Þar erum við um niðursláttinn á norðurfalli; liggjandann og upptöku á suðurfalli“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG). B. Upptaka á kartöflum eða öðrum garðávöxtum; *kartöfluupptaka*. „Við þurfum að klára upptökuna, ef hann skyldi frysta í nótt“. C. Það að gera eign upptæka; eignaupptaka.

Upptalinn (l) Nefndur; talinn upp.

Upptalning (n, kvk) Það að telja upp/ nefna.

Upptáinn / Upptálgaður / Upptrosnaður / Upptættur / Uppurinn (l) Eyddur/trosnaður/tættur upp að miklu leyti.

Upptekinn (l) Önnur kafinn; bundinn við verk.

Upptekt (n, kvk) A. Það að taka upp, t.d. mál eða málefni. B. Það að taka upp kartöflur. C. Það að taka net í land sem legið hafa um tíma.

Upptendraður / Upptrekktur ((l) Uppveðraður; spenntur; ákafur; mjög áhugasamur.

Upptendrast (s) Verða *upptendraður*/spenntur/ákafur. „Hann upptendraðist alveg af þessari hugmynd og vildi strax drífa í þessu“.

Upptíningur (n, kk) Það sem tínt er upp; það sem safnað er saman. „Þetta orðasafn er að mestu upptíningur, bæði úr tiltækum heimildum og úr mínu minni“.

Upptínt (l) Búið að tína upp. Oft notað í *eggjatökufurðum*: „Það er allt upptínt í þessu flesi“.

Upptök (n, hk, fto) A. Byrjun; uppruni. „Ég veit ekki hver átti upptökin að slagsmálunum“. B. Upphaf/uppspretta fallvatns. Upptök Árinnar eru frammi í Vík, þó oft sjáist ekki vatn á yfirborði fyrr en neðanvið Fossa“.

Upptökuheimili (n, hk) Heiti sem fundið var á staði þar sem svonefndum „vandráðabörnum“ var hrúgað saman undir eftirliti; foreldralausum og stundum við slæman kost og misþyrmingar. Uppúr 1952 var í Breiðavík stofnað slíkt upptökuheimili á vegum ríkisins. Margir íbúar Rauðasandshrepps glöddust yfir því að loksins væri kominn ríkisrekstur í sveitina, með tilheyrandi uppbyggingu og umsvifum. Var því almennt trúað að þarna væri unnið að velferð barnanna, enda vissu nágarnar ekki betur. Þegar heimilið var lagt niður eftir um 40 ára rekstur varð ljóst að svo hafði ekki alltaf verið, og hafa sumir starfsmenn stofnunarinnar hlotið hörð eftirmæli af þeim sökum, þó það eigi alls ekki við um þá alla. Upptökuheimilið að Breiðavík gekk undir fleiri nöfnum, s.s. vistheimili barna. Eftir að starfsemi lauk var húsakostur nýttur fyrir gistiheimum.

Upptökumaður (n, kk) Sá sem tekur upp kartöflur. „Mig vantar eiginlega upptökumann með mér“.

Uppum (fs) Upp um; upp í gegnum. „Við rákum lambféð uppum hliðið á Hjöllunum, og út í Breið“.

Uppum (ao) Um stefnu; grynna; að landi. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: *Framum* þýðir dýpra/fjár landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *utum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innnyfir heiði/ inn í fjörð“. „Hann er að leggja upp einhvern *ölduslátt*; við siglum hér aðeins uppum og rennum þar“.

Uppundir / Upp undir (fs/ orðtak) A. Uppvið; undir. „Hrífan er þarna uppundir veggnum“. Kýrnar eru komnar uppundir Hjalla“. B. *Allt að; fast að; hátt í*. „Þarna var marg fé; ég gæti trúað uppundir hundrað“. „Gufunef gæti verið upp undir 100 metra hátt“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). C. Uppi við land. „Við vorum búnir að vitja uppundir og ætluðum að fara að vitja úti í Flóa þegar vélin bilaði“. „Mjög dró úr veltingnum þegar við komum uppundir“. Ýmist í einu eða tveimur orðum.

Uppurinn (l) Búið; lokið. „Saltfiskur er allur að verða uppurinn. Við þurfum að fara í róður bráðlega“.

Uppúr (fs) A. Upp af/frá/úr. „Ég var nýstaðinn uppúr flensu og ekki vel hress“. „Honum tókst að reka kindina uppúr flesinu og heim ganginn“. B. Um tíma; eftir. „Þetta gerðist uppúr síðustu áramótum“. „Uppúr klukkan tólf fór hann að rigna“.

Uppúr (ao) Upp úr. „Það var farið að *sjóða uppúr*, svo ég færði pottinn“. „Ekki ætla ég að *skera uppúr* með þetta; það verða aðrir að gera“.

Uppúr suðunni (orðtak) Um mat sem er sjóðheitur, fyrst eftir að hann er færður upp úr potti. „Við hinkrum aðeins; við borðum þetta hvort sem er ekki alveg uppúr suðunni“.

Uppvakinn (l) Vakinn upp. „Ég var uppvakinn með þær fréttir að hliðið væri opið og féð lægi í túninu“.

Uppvaknaður (l) Vaknaður. „Ég er ekki almennilega uppvaknaður ennþá; ég var nærri búinn að gleyma nestisskjóðunni“!

Uppvaxningur (n, kk) Sá sem, samkvæmt þjóðtrúnni, hefur verið vakinn upp frá dauðum; draugur; afturganga. Kunnastur uppvaxninga í Kollsvík er líklega sá sem Benedikt Gabriel sendi á Einar í Kollsvík þegar sá síðarnefndi *móaðist við* að gera skil á *skotmannshlut* Benedikts í hval sem Einar lét skera.

Uppvask (n, hk) *Uppþvottur*.

Uppvaxandi (l) Sem er að vaxa úr grasi/ stækka/fullorðnast/aukast.

Uppvaxtarár (n, hk, fto) Æskuár; yngri ár. „Margt er ósagt um vinnubrögð og búskaparhætti á uppvaxtarárum mínum, sem gaman væri að segja frá. En það verður ekki gert að þessu sinni“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Uppveðraður (l) Áhugasamur; spenntur. „Hann er mjög uppvæðraður yfir þessum bílakaupum“.

Uppveðrast (s) Verða spenntur; lífgast upp. „Hann uppvæðraðist allur þegar ég sagði honum frá rekatrénu“.

Uppvið (ao) Uppi við; hjá; við. „Hrífurnar eru þarna uppvíð húsvegginn“. „Það er lítið að hafa uppvíð land“.

Uppviður (l) Víðari að ofan en neðan; *trektlaga*. „Vínið supu þeir úr uppvíðum glösum á fæti“.

Uppvís að (orðtak) Afhjúpapur; þekktur fyrir. Eingöngu notað um það þegar glæpur/ávirðing kemst upp. „Hann varð uppvís að ýmiskonar hnupli frá nágrönnum sínum“.

Uppvísandi (l) Sem veit/vísar upp. „Á slánni voru tveir uppvísandi gildir naglar sem bandið rann á milli“.

Uppvægur (l) Æstur; í uppnámi; spenntur. „Hann vildi *óður og uppvægur* fá að fara með þeim“.

Uppvöxtur (n, kk) Það að vaxa/fullorðnast. „Í mínum uppvexti *leifði* enn ýmislegt *eftir* af gömlum búskaparháttum og margt það óþekkt sem nú teljast sjálfsögð nútímaþægindi“.

Uppýfir (ao) Uppfyrir; upp og yfir. „Hann klóraðist uppyfir brúnina með fulla eggjafötu á hvorum handlegg“.

Uppýngja (s) Yngja upp; endurnýja. „Kúna uppyngir landsdrottinn (Saurbæjareigandi). Ærnar hefur leiguliði (á Grundum) uppyngt; þó er það ei á skilið“ (AM/PV Jarðabók).

Uppþemba (n, kvk) Ólga/belgingur í maga; það að bóligna/tútna út. „Einhver árans uppþemba er í mér núna; ég hefði átt að fara varlegar í þetta dýrindis rúgbrauð“!

Uppþembdur (l) Um magafylli; með uppbólginna maga; of saddur; með loft í maga. „Nú er maður svo uppþembdur eftir matinn að lítið verður úr verki fyrst um sinn“.

Uppþiðna (s) Þiðna upp; slakna; bráðna. „Snjór er að mestu uppþiðnaður í byggð“.

Uppþornaður (l) Sem þornað hefur upp. „Í þurrkatíð eru Smávötnin oftast uppþornuð“.

Uppþot (n, hk) Æsingur; ódagot; uppreisn; óeirðir.

Uppþurrkaður (l) Um landsvæði sem búið er að ræsa fram/ þurrka upp. „Svuntumýrin hefur nú verið uppþurrkuð og er komin undir sléttur“.

Uppþurrkun (n, kvk) Framræsla lands til þurrkunar/ræktunar.

Uppþvottabursti / uppþvottakústur (n, kk) Bursti til að vaska/þvo upp borðbúnað.

Uppþvottur (n, kk) A. Uppvask; það að þvo upp t.d. eldhúsáhöld/borðbúnað. B. Borðbúnaður/leirtau eða annað sem bíður eftir þvotti eða verið er að þvo.

Uppörvandi (l) Sem veitir þor/bjartsýni/viljastyrk/hvatningu. „Bjartsýni hans var mjög uppörvandi fyrir okkur hina“.

Urð (n, kvk) Stórgrýti; stórgrýtt landsvæði. Grófar urðir er helst að finna neðst í skriðurrunnum hliðum; þar sem hrun úr hlið eða klettum hefur sorterast við að velta niður. Gott dæmi um grófa urð má sjá í skriðufætinum meðfram Breiðnum norðantil. Þar er víða *ófæruurð*, *stórgrýtisurð* eða *helurð* sem fátt kemst yfir.

Urða (s) Greftra/farga með því að hylja grjóti. „Ég urðaði hræið af kindinni sem þarna fór afvelta“.

Urðahjalli (n, kk) Hjalli innanum urðir í hallandi landslagi. Urðarhjalli er örnefni efst í Látradal; uppi undir Geldingskorardalsskarði, en um hann liggur Keflavíkurvegur.

Urðarfell (n, hk) Stórgrýtt fell, *mikistil* gróðurvana. „...átti þá Stekkjarvörðu að bera milli Hauganna, sem eru tvö áberandi urðarfell á fjallendinu milli Kollsvíkur og Vatnadals“ (HÖ; Fjaran).

Urðarfótur (n, kk) Neðri jaðar á stórgrýtisurð. „Ennin náðu frá Bæjargilinu niður undir Hvarfið og voru ofan við túnið; upp að urðarfótunum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Urðarklungur (n, hk) Stórgrýtisurð; illfær urð. „Farðu varlega í urðarklungurinu“.

Urðarköttur (n, kk) Þjóðsagnakvikindi sem sagt var að gæti drepíð með augnaráðinu einu saman. Tilurð hans var sú að venjulegur köttur hafði lifað á mannlíkum í þrjá vetur samfleytt. Má e.t.v. ætla að sögnin hafi verið mönnum áminning um að grafa hina látnu tryggilega.

Urðarmáni (n, kk) Eldhnöttur; kúluelding; ljóshnöttur sem sagður er geta svifið í lausu lofti og skotist inn í hús og gjótur. Flestum sjónarvottum ber saman um að hann hverfi með miklum hvelli eða sprengingu; stundum finnst sérstakur þefur á eftir. Stærð urðarmána er oft um 20-30 cmTíðum sést hann í tengslum við þrumuveður. Hann er sagður hafa sést innandyra án þess að sæi á veggjum, hurðum eða gleri; sést inni í flugvélum og í kafbátum. Nýlega hefur tilvist fyrirbærisins verið vísindalega staðfest og tekist hefur að framkalla slíka ljóshnoðra með hárrí spennu við sérstakar aðstæður, en óvíst er að allt þetta fyrirbæri sé af sama uppruna.

Urðarnúpur (n, kk) Grýttur núpur; stórgrýtt og gróðurlaus hæð. „Milli Kálfadals og Lambadals eru Hreppar. Það er flatneskjuleg grjóthæð, grjóturðir eða graslitið urðarnúpur; breiður um sig“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Urðarskriða (n, kvk) *Skriðuurð*; skriða af stórgerðu grjóti, oftast neðst í skriðuhliðinni þar sem bergmunlningurinn flokkast nokkuð þegar hann skriður fram og sá skriðþyngsti fer lengst.

Urðarsláttur (n, kk) Sláttur á grasi í urðum. Urðarsláttur var stundaður fyrrum í Kollsvík; bæði í Urðunum á Láganúpi og Kollsvíkurmegin. Urðirnar á Láganúpi voru líklega síðast slegnar rétt fyrir 1970, af Guðbjarti Guðbjartssyni á Láganúpi. Þó þá væri kominn á efri ár varð honum aldrei á að reka ljá í stein, og má það teljast allmikil snilld. Þarna er kjarnmikið gras innanum stórgrýtið, en mikið er fyrir hejunum haft.

Urðir (n, kvk, fto) Stórgrýtt landslag. „Urðir eru örnefni á tveimur stöðum í Kollsvík; ofan Láganúpstúns og ofan Kollsvíkurtúns“.

Urðun (n, kvk) Það að hylja úrgang, hræ eða annað með grjóti; rústun.

Urg (n, hk) Sarg; marr. „Stórgrýtinu var svo hnikað aftur úr kerrunni með járnkörlum og ferlegu urgi“. Nafnorðið *urga* var stundum notað í afleiddri merkingu: „Honum tókst að urga vélinni í gang“.

Urga (s) A. Sarga; núast við með óhljóðum. „Þú mátt ekki láta urga svona í gírunum þegar þú skiptir“. B. Þoka; *jaga*; ýta af stað. „Hann var tregur til; en mér tókst að urga honum í þetta verk“. „Eftir margar tilraunir tókst honum að urga vélinni í gang“.

Urgur (n, kk) Fýla; geðvonska; þungt hljóð. „Það er einhver urgur í honum enn útaf þessum viðskiptum“.

Urinn upp / Upp urinn (orðtök) Gjörsamlega eyddur/horfinn. „En meðan firðirnir voru ekki urnir upp, var fiskur í Flóanum, einkum ýsa, fram undir jól; bæði í Arnarfjarðarflóa og Patreksfjarðarflóa; sérstaklega Molduxadópi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Urmull (n, kk) *Aragrúi*; mikill fjöldi; *dobía*. „Við sáum urmull af fê þarna á hliðunum“.

Urr (n, hk) Murrandi og djúpt reiðihljóð dýrs.

Urri (s) A. Framleiða urr. B. Siga hundi. „Ég urraði tíkinni á hópinn sem ætlaði að skilja sig frá rekstrinum“. Þessi síðari merking virðist ekki þekkt af orðabókum, en var notuð í Kollsvík. Sjá *urradan*.

Urradan / Urrdan (uh) Merkingarlaus upphrópun; hvatningarorð við hund til að siga honum á fé eða annað. Í Kollsvík heyrist hvatningin oftar með greinilegu „a“ í miðju. „Urradan; sæktu hana“!

Urrandi rok / Urrandi hávaðarok (orðtök) *Bálhvass; öskrandi rok*; mikill vindur. „Þvílíkt urrandi hávaðarok; það er varla *mannstæt*“!

Urrandi vondur (orðtak) Verulega reiður; *saltvondur; foxillur; saltvondur; hoppandi reiður*. „Hann ku vera urrandi vondur vegna þessara skrifá“.

Urriði (n, kk) *Salmo trutta*. Ferskvatnsfiskur sem finnst í mörgum ám og vötnum hérlendis. Silfurlitaður með áberandi brúnum doppum um skrokkinn. Dökkar um hrygningartíma og þá mynda hængar krók á neðri skolt. Oft hálf til heilt kíló að þyngd, en getur orðið stærri. Getur verið staðbundinn en einnig gengið í sjó og nefnist þá sjóbirtingur. Góður matfiskur.

Urt (n, kvk) Jurt; planta.

Urta (n, kvk) Kvenkyns selur; selamóðir.

Uslagjald (n, hk) Umsýslugjald; skaðabætur; gjald til að mæta (óæskilegu) umstangi með eignir annarra; t.d. vegna ágangs búfjár. „Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. ... Sé um endurtekinn ágang að ræða getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda viðvart... Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings... og greiði uslagjald samkvæmt mati... má hreppstjóri selja féð á opinberu uppboði eða leiða til slátrunar...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).

Usli (n, kk) Tjón skaði; óskundi; ágengni; átroðningur. *Gera usla* = vera með átroðning.

Uss (uh) Upphrópun sem notuð er sem ábending til annarra um að hafa hljótt eða minnka hávaða sinn. Gjarnan horft á viðmælanda um leið og lagður vísingur lóðréttur á varir sem sýnilegt merki.

Utan (fs) A. Fyrir utan; utan við. „Mér sýnist féð vera utan girðingar“. B. Vestan.

Utan (st) Að frátöldu/undanteknu. „Úlpu átti hann enga, utan þennan gauðslitna ræfil sem hann var í“.

Utan í (orðtak) A. Að utanverðu. „Gangurinn utan í nefinu er tæpur“. B. Um nafngift; í höfuðið á. „Kallamelur var skírður utan í Karl Kristjánsson sem þar bjó, en er í dag nefndur Stekkjarmelur“.

Utan við sig (orðtak) *Annarshugar; viðutan*. „Hann er svo utan við sig að hann fylgist ekkert með tímanum“.

Utanaðkomandi (l) Sem kemur að; sem stendur fyrir utan; ókunnugur. „Ég komst frá verkinu án allrar utanaðkomandi aðstoðar“.

Utana (ao) Á utanverðu; að utanverðu. „Kámið er bara utana bókinni; lesmálið er í lagi“.

Utána skrift (n, kvk) Adressa; merking bréfs/bögguls til viðtakanda. „Þessa utána skrift þekki ég vel“!

Utanborðs (ao) Utan við borðstokk á bát. „Hann lá hálfur utanborðs meðan hann teygði sig í baujuna“.

Utanborðsmótor / Utanborðsvél (n, kk/kvk) Vél með áfastri skrúfu sem fest er aftantil á bát; *rassmótor*.

Utanbókar (ao) Án þess að lesa af/á bók. „Hann kundi þetta alltsaman utanbókar“.

Utanbókarlærdómur (n, kk) Kunnátta sem festist í minni, svo ekki þarf að lesa af bók.

Utanbæjamenn (n, kk, fto) Fólk af bæjunum Sellátranesi og Hænuvík. „Neðsta vaðið á Hafnarvaðlinum var undan Hnjótsfitaroddanum og nefnt Utanbæjavað. Dró það nafn af því að þar fóru þeir sem komu utan úr Víkum. En þeir sem komu úr Hænuvík eða Sellátranesi voru alltaf nefndir utanbæjamenn og sagt að *fara út á bæi* ef fara átti þangað“ (frá bæjum innar í firðinum eða Örlygshöfn) (KJK; Örnefnaskrá Tungu).

Utanbæjarfé (n, hk) Aðkomufé; fé sem ekki er af viðkomandi bæ. Oftar var talað um *aðkomufé/aðkomukindur*.

Utanbæjarfólk / Utanbæjarmaður (n, hk/kk) Fólk/maður sem ekki er af viðkomandi bæ/svæði.

Utaneftir (ao) Að utan og innmeð. „Þá hljóp fjárhópurinn utaneftir Smáhryggjunum og upp Vallargjá“.

Utansferð / Utanför (n, kvk) Ferð til útlanda. Sjá *fara utan*.

Utánfélagsmaður (n, kk) Sá sem er ekki í tilteknu félagi. „Félagsgjald er hærra fyrir utánfélagsmenn“.

Utánfótar (ao) Utaná fæti; það á fæti sem snýr frá klofi.

Utánfrá (ao) Að utan; inn. „Kemur þessi hávaði utánfrá, eða er þetta hér inni“?

Utangarðs (ao) A. Fyrir utan túngarð/garðhleðslu. B. Utan kirkjugarðs. „Fyrrum var venja að þeir væru jarðaðir utangarðs sem framið höfðu alvarlega glæpi; töldust villutrúarfólk eða höfðu framið sjálfsvíg“. C. Utan samfélags; ekki þátttakandi í félagsskap. „*Hann um það*, ef hann vill vera utangarðs í þessu samstarfi“!

Utangarna (l) Annarshugar; utan hóps/samfélags; áhugalaus. „Eftir konumissinn varð hann einrænn og utangarna“. Ekki skal fullyrt um upprunann, en e.t.v. er vísunin sú sama og *utangátta*.

- Utangátta** (l) Annarshugar; *utan við sig*; hugsunarlaus. „Þú verður að einbeita þér betur að náminu. Það dugir ekki að vera svona utangátta við þetta“. Vísar til þess að hugsunin sé ekki heimavið/ utan bæjar.
- Utanhallt** (ao) Að utanverðu. „...steinninn hafði ekki lent beint ofan í höfuðið heldur snert utanhallt“ (MG; Látrabjarg). „utanhallt á miðju Hrauni eru Fremriblettir“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).
- Utanhjá** (ao) Framhjá; útfyrir. „Þarna hefur eitthvað farið utanhjá þegar ég hellti í könnuna“.
- Utanhreppsmaður** (n, kk) Maður sem ekki býr í viðkomandi hreppi; aðkomumaður. „...en samkvæmt fjallskilasamþykkt er óheimilt að leyfa utanhreppsmönnum upprekstur nema að *innansveitarmönnum fráengnum*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Utanhúss** (ao) Úti; utandyra.
- Utani** (ao) Utan í; ,i. „Rektu þig ekki utaní vegginn; hann er nýmálaður“. „Ég rakaði mestu lýjurnar sem hengu utaní heyvagninum áður en hann ók af stað“. „Hann var skírður utaní frænda sinn“.
- Utanlands** (ao) Í útlöndum. „Hann hefur dvalið utanlands frá unga aldri“.
- Utanskerja** (ao) Á sjó; utanvið sker og boða.
- Utanskóla** (ao) Um nám; lært á eigin vegum, án þess að vera í skóla en með tengslum við skóla. „Ég tók menntaskólanámið utanskóla, en lauk þó ekki síðasta vetri“.
- Utansveitar** (ao) Sem ekki er búsettur í sveitinni.
- Utansveitarfé / Utansveitarkind / Utansveitarskepna / Utansveitarær** (n, hk/kvk) Kind/fé frá unnansveitareigendum. „Barðastrandarhreppur verður að sjá um flutning á þessum utansveitarkindum“.
- Utansveitarmaður / Utansveitarfólk** (n, hk) Maður/fólk sem ekki er búsett í sveitinni.
- Utantil** (ao) A. Utanvert; utarlega. „Það eru nokkrar kindur utantil á Stígnum“. „Fólk í Hænuvík vissi lítt um slysið fyrr en það sá til ferða Árna utantil við á, skammt frá bænum“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). „Skömmu seinna rak hnýðinginn í Láturdal, sem er gömul verstöð og liggur skammt fyrir innan Blakknes í vestanverðum Patreksfirði. Er í Hænuvíkurlandi, sem er ysti bær þeim megin fjarðarins, en utantil við Blakknesið, hinumegin, er Kollsvík næsti bær við Láturdal“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík). B. Vestantil eða suðvestantil í átt frá Kollsvík. „Þá tók sig upp brot utantil við boðann“.
- Utantilvið** (ao) *Handanvið*; fyrir utan; *utanvert við*. „Reynið að passa að féð fari ekki niður utantilvið Litlavatnið, svo þær leiti ekki í Breiðinn“.
- Utánúr** (ao) Utan úr; utanfrá. „Þarna koma þeir með reksturinn utánúr Breiðavík; ég ætla að hlaupa úta Brunnabrekku og standa fyrir“. „Ég rakaði utánúr heyvagninum áður en hann fór af stað“.
- Utanundir** (ao) Undir fyrir utan. „Mér lá við að *gefa* honum *utanundir* þegar hann upphófst með þetta kjaftæði!“ „Hrífan liggur hérna utanundir veggnum“.
- Utanveltu** (ao) Fyrir utan; utanvið. „Hann lenti utanveltu í bekknum og varð jafnvel fyrir aðkasti“.
- Utanverður** (l) Sá sem er utantil/ í ytri/vestari hluta. „Breiðavíkurrétt var skilarétt fyrir utanverðan Rauðasandshrepp...“ (PG; Veðmálið).
- Utanvert við** (orðtak) Utanvið; fyrir utan. „Breiðsholtið er utanvert við Árdalinn“.
- Utanvið** (ao) A. Um staðsetningu; fyrir utan; handan við. „Strympur eru utanvið Flatirnar“. B. Um hugarástand; *annarshugar*; tekur ekki eftir; í þungumpönkum. „Ég var eitthvað utanvið og heyrði ekki“.
- Utanvið sig** (orðtak) Annars hugar; ráðvilltur; ruglaður. „Ég hef eitthvað verið utanvið mig þegar ég fór í sokkana; annar þeirra er *úthverfur*“.
- Utanyfir** (ao) A. Um klæðnað; utar en önnur flík; yfir annan klæðnað. „Farðu í aðrar buxur utanyfir ef þú ert að fara í skítmoksturinn“. B. Um stefnu/átt; aðutan og yfir. „Hann kom gangandi utanyfir Breið“.
- Utanyfirbuxur** (n, kvk) Buxur sem hafðar eru utanyfir öðrum buxum og þeim til hlífðar.
- Utanyfirblússa / Utanyfirjakki / Utanyfirmussa / Utanyfirstakkur** (n, kvk) Yfirhöfn sem notuð er til hlífðar í skítverkum; vinnujakki; vinnustakkur. „Það má nota þetta fyrir utanyfirmussu í fjósverkin“.
- Utanyfirfatnaður / Utanyfirföt / Utanyfirgalli / Utanyfirþjónkur** (n, kvk, fto) Utanyfirföt; skjólföt. „Áttu ekki einhverjar hlýrri utanyfirþjónkur; hann er orðinn *illkaldur* núna“.
- Utanþings** (ao) Sem ekki situr á alþingi.
- Utar** (ao) A. Sem er lengra frá. B. Sem er vestar.
- Utari / Ytri** (l, mst) Beyging staðarlýsingarorða er almennt sterk í dag, og því er almennt sagt; ytri – innri – nyrðri – eystri, en ekki eins og almennt var áður; utari- *innari* – *norðari* – austari. Kollsvíkingar hafa þó

haldið nokkuð í eldri beygingarmyndir. Þar er undantekningarlaust sagt „norðari“ og oft heyrast einnig beygingarmyndirnar innari – utari – og austari. „Besta veiðin var í utari strenginn á Láturdalnum“.

Utarlega (ao) Að utanverðu; utanvert á. „Utarlega á Breiðnum er Dula, þar sem komast má niður klettana“.

Utastur (l, est) Utar en aðrir eða mest í vestur. Málvenja var að beygja þannig í Kollsvík, í stað „ystur“.
„Grófarstekkur er utasti stekkurinn af fjórum á Hnífum“ Miðstig var *utari* (ekki „ytri“) ef orðið stóð sérstætt;
„Tveir boðar eru sunnantil á Víkinni og heitir Djúpboði sá utari“. „Utan við Arnarboða er Hreggnesi. Hann er utastur á þeim klettum er liggja að sjó undir Hnífunum“ (Örnefnaskrá Láganúps). Þó var ytri notað í samsetningum og hliðstæðri stöðu eins og algengast er, t.d. Ytra-Gil og ytri dyrnar. Þessi sérstaða hefur máðst í seinni tíð.

Uxi (n, kk) A. Naut; tarfur. B. Gelt naut. Eingöngu notað í síðari merkingunni á seinni tímum.

Úa (s) A. Mora; vera margt af. „Þarna úar allt af mús undir grindunum“. B. Hljóð æðarfugls. „Kolluhópur úaði skammt undan landi“.

Úa og grúa (orðtak) Mora; vera kvikt; urmull. „Nú úir hér allt og grúir af músum“. „Hvernig á landstjórnin að geta gengið eðlilega meðan úir og grúir af svona vitleysingum í kerfinu“?! Grúa (áður krúa) merkir að iða.

Úar í sílinu (orðtak) (líkl.) Fuglager í síli; mikið af síli. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). Sagnorðið „úa“ getur merkt að mora; vera í miklum fjölda. Sbr. *úa og grúa*.

Úða (s) A. Um úrkomu; súlda; rigna mjög fingerðri rigningu. „Aðeins er hann byrjaður að úða“. B. Sprauta með þéttu droparegni, t.d. úr úðabrúsa. B. Háma; moka. Sbr. *úða í sig*.

Úða í sig (orðtak) Gófla/ryðja í sig; borða af græðgi/matarlyst. „Situr þú bara hér heima og úðar í þig bakkelsi meðan við stritum við að koma þessum styggðarkvikindum í hús“?!

Úðadæla (n, kvk) Dæla sem gefur þéttan úða. T.d. notuð við dreifingu efna í jurtaræktun.

Úðalegur (l) Villimannslegur/ófrýnilegur í útli/klæðnaði. „Hann var asskoti úðalegur þegar hann sat þarna í skrifstofukompunni í tvennum peysum, kuldaúlu, með húfu og vettlinga“. Mikið notað vestra.

Úðapoka / Úðapykkni (n, kvk) Poka/þykkni sem nokkuð úðar úr og t.d. bleytir hey.

Úði (n, kk) Fingerð súld; samt örlítið þéttari en ýringur. „Það er talsverður úði og orðið rennblautt á“.

Úðra (s) Starfa; fást við. „Hún (Gunn) dvaldi í skjóli tengdadóttur sinnar í Gröf mörg síðustu ár sín, og var alltaf úðrandi, við að safna eldiviði sem barst upp í Fitina með sjó eða bera heim mó, en ég man ekki eftir henni við tóvinnu, sem hún hefur samt trúlega unnið“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Úðrari (n, kk) Sá sem er sístarfandi; vinnusamur maður. „Hann er mesti úðrari; *fellur aldrei verk úr hendi*“.

Úir og grúir (orðtak) Morar í; er í miklum fjölda. „Það sprettur lítið á sléttunum meðan þar úir og grúir af *túnbykkjum*“! Sjá einnig *úa í sílinu*.

Úfinn (l) A. Um sjólag. Sagt var að röst væri úfin þegar í henni var mjög mikil ókyrrð. Hún gat þá orðið hættuleg yfirferðar og jafnvel ófær. „Fram af Blakknesi gengur úfin röst sem nefnist Blakknesröst“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Röstin var farin þétt við Tangaoddan þegar hún var úfin“ (PJ; Barðstrendingabók). „...hröðuðum okkur sem mest við máttum til að hafa suðurfall fyrir Blakknesið; þar er oft harður straumur og úfinn sjór í norðanátt...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). B. Um veðráttu; rysjótt. „Hann er búinn að vera skolli úfinn í tíðinni frá því tungl kviknaði“. C. Um háralag; í óreiðu; ógreitt. D. Um geðslag/skap; reiður; argur. „Ég nenni ekki að rökræða við hann, eins úfinn og hann var“.

Úfinn og ótótlegur / Úfinn og rytjulegur / Úfinn og tættur (orðtök) Ekki snyrtilegur í klæðaburði, háralagi og/eða hárgreiðslu. „Greiddu þér nú um hausinn strákur; þú ert úfinn og ótótlegur eins og reytt hæna“!
„Ottalega er hún Ponta gamla orðin úfin og rytjuleg. Ætli þetta verði nú ekki síðasta haustið hennar“.

Úfinn og umsnúinn (orðtak) Bregst illa við; argur og þver. „Hann var bara úfinn og umsnúinn þegar þetta barst í tal, svo ég var ekkert að orðlengja það neitt frekar“.

Úfinn til sjóarins/hafsins (orðtak) Töluverður/allmikill sjór; *hvítnar víða í báru*. „Það er hætt við að verði landlega hjá okkur meðan hann er svona úfinn til sjóarins“.

Úfna (s) Ýfast; verða úfinn/óslettur; auka sjó/báru. „Það verður lítið úr róðri í dag ef hann er eitthvað að úfna“.

Úfur (n, kk) A. Ósætti; misklið. Orðið mun upphaflega tákna odd/brodd, t.d. sverðs- eða spjótsodd. Af því er leitt orðtakið þegar *rísa úfar* milli manna. Líklega stofnaskýlt „húfur“ og „húfa“. B. Umför í súð/byrðingi báts; *undirúfur* og *yfirúfur*. C. Húðsepi aftast í munnholi.

Úi (n, kk) A. Óslétt egg/yfirborð. „Gættu þess að ofbrýna ekki; þá er hætt við að komi úi í eggina“! B. Mor; einkum notað um hröngl af þara á fjöru. „Féð fór eitthvað að nasla í úanum í Langatangavíkinu“.

Úldinn (l) A. Um mat; skemmdur; farinn að lykta illa. „Kúfiskskelin var svo geymd í pokum þar sem sjór féll á hana, en þegar þetta fór að eldast drapst skelin og þetta varð úldið og blátt“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). B. Um mann; Þegjandalegur/skættingslegur í viðmóti. C. Um veðurlag; þokufýla; grámulla; súld. „Skelfing er hann úldinn í veðráttunni þessa dagana“.

Úldna (s) Verða úldinn. „Fiskurinn frá því í gær er farinn að úldna í hitanum“.

Úlfabæli (n, hk) Staður varga/ þeirra sem eru óvinveittir; ófriðarsvæði.

Úlfakreppa (n, kvk) Sól er í úlfakreppu þegar *blæs út sólir*; *gill* á undan og *úlfur* á eftir. Sjá *gill*.

Úlfjótsslög (n, hk, fto) Elstu lög Íslendinga; sett 930 og kennd við Úlfjót, sem var fyrsti lögsögumaðurinn. Ekkert er varðveitt af þeim og verður því ekki mikið fullyrt um efni þeirra, að því frátöldu sem hægt er að ráða í útfrá öðrum lögum, síðum og þjóðfélagsgerð á þeim tíma. Lögin byggðu t.d. á Gulapingslögum sem þá giltu í Noregi, sem þá voru eingöngu í munnlegri geymd. Úlfjótur var sænskur að uppruna. Talið er að hann hafi verið búsettur hérlendis en sendur utan til að kynna sér lög þegar menn vildu setja sér skýrar réttarreglur í hinu unga þjóðveldi. Hann dvaldi þrjá vetur í noregi og nam m.a. lög af Þorleifi spaka Hörða-Kárasyni., að sögn Ara fróða í Íslendingabók. Asamt Grími skeitskó, fóstbróður sínum, kannaði Úslfjótur aðstæður hérlendis áður en Alþingi var valinn staður á Þingvöllum. Upphaf Úlfjótsslaga fjallaði um það, að sögn Ara, að menn skyldu ekki hafa höfuðskip í haf (þ.e. ekki leggja í siglingar með útskorið höfuð á stafni skips), en væri það gert skyldi taka höfuðið ofan áður en komið væri að landi, svo landvættir skelfdust ekki. Líklega er þessi varúðarregla sett vegna þess að á landnámsstímanum voru gríðarmikil eldgos á Íslandi, og hafa menn ætlað að þau stöfuðu af reiði landvætta.

Úlfsteinbítur (n, kk) Mjög stór steinbítur. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild GG)

Úlfur (n, kk) Vargur. Heyrðist í seinni tíð oftast nefndur í veðurspádómnum „*sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur á eftir renni*“. Sjá *blæs út sólir*.

Úlfur í sauðagæru (orðtak) Líkingamál um þann sem reynir að sýnast meinlausari en hann er. „Það má passa sig á þessum sölumönnum; þetta er eins og úlfurinni í sauðagærunni“!

Úlfúð (n, kvk) Viðsjár; tortryggni; ósætti. „Það er alltaf einhver bölvuð úlfuúð milli þessarar bæja“.

Úlniður (n, kk) Liðamótin milli handleggs og handar.

Úlpulaus (l) Ekki í úlpu eða annarri góðri yfirhöfn.

Úr (n, hk) A. Lítil klukka sem höfð er fremst um handlegg eða í vasa. B. Ýringur; úði, t.d. úr báruvaldi; súld.

Úr alfaraleið (orðtak) Um stað; ekki nærri þeirri leið sem almennt er farin; afskekkt. „Staðurinn er nokkuð úr alfaraleið og því fannst hann ekki fyrir en þetta“.

Úr ábyrgð (orðtak) Sjá *kominn úr ábyrgð*.

Úr einu verkinu í annað / Úr einum staðnum í annan (orðtak) Lýsandi orðtök.

Úr einum vasanum í annan (orðtak) Um millifærslu fjár sem virðist tilgangslaus eða innan sama efnahags.

Úr garði gerður (orðtak) Frágenginn; útbúinn; smíðaður. „Það er alls ekki sama hvernig þessi smíðisgripur er úr garði gerður“.

Úr helju heimtur (orðtak) Fenginn aftur úr háska. Líking við að endurheimta einhvern frá helvíti. „Héldum við svo áfram yfir Lambeyrarháls og komum á Eyrar um kvöldið og gistum þar hjá heimilisfólkinu, sem taldi okkur úr helju heimt“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Úr (öllu) hófi (orðtak) Hömlulaust; án hófs; taumlaust. „Svona græðgi er langt fram úr öllu hófi“!

Úr hverri spjör (orðtak) Úr öllum fötunum. „Ég var *blautur inn að skinni* og þurfti að háta mig úr hverri spjör þegar heim kom“.

Úr lagi genginn (orðtak) Illa farinn; orðinn aflagaður/lasinn/slasaður. „Mér finnst ég vera allur úr lagi genginn eftir byltuna“.

Úr lausu lofti gripið (orðtak) Um staðhæfingu/orðróm; ekki sannleikanum samkvæmt; *staðlausir stafir*; slúður. „Fréttin er fjandi góð, en því miður er hún algerlega úr lausu lofti gripin“.

Úr leið (orðtak) Frá fyrirhugaðri/almenntri leið; úrleiðis; ekki í leiðinni. „Hann sótti pakkann til þeirra, þó það væri nokkuð úr leið hjá honum“. Sjá *úr alfaraleið*.

Úr leik (orðtak) Ekki með lengur, t.d. í leik, vinnu, verki. „Okkur vantar mann í staðinn, fyrst hann liggur úr flensu og er úr leik“.

Úr litlu að moða/spila (orðtak) A. Um fátækt; hafa lítið fé/fæði. „Kotbændur höfðu *oftastnær* úr litlu að moða“. B. Afleidd merking t.d. um tiltækar heimildir. „Ég hafði úr litlu að moða við þessi skrif“.

Úr mér stolið (orðtak) Ég hef gleymt; ég man ekki. „Því er alveg úr mér stolið hvenær þetta gerðist“.

- Úr sér genginn** (orðtak) Aflóga; afdankaður; lélegur. „Asskoti er þessi skyrta orðin úr sér gengin“.
- Úr sér sprottið** (orðtak) Um gras/tún; þegar gras er farið að tréna í rót. „Fremra túnið er allt farið að spretta úr sér“. „Það er mikið minna gagn í að slá grasið svona úr sér sprottið“.
- Úr sporunum** (orðtak) Sjá *komast úr sporunum*.
- Úr sögunni** (orðtak) Búið að vera; liðið; farið frá. „Við komumst í skjól í skúta í fjörunni, svo hættan af grjóthruninu virtist úr sögunni í bili“.
- Úr tíma með (eitthvað)** (orðtak) Of seinn til einhvers. „Við erum orðnir úr tíma með að komast uppáð bryggjunni; það er of mikið fallið út til þess“.
- Úr vöndu að ráða** (orðtak) Erfitt/vandi að finna ráð/lausn. „Það var úr vöndu að ráða þegar vélin bilaði“. Sjá *vant er úr vöndu að ráða*.
- Úr þessu** (orðtak) Eftir þetta; *héðan af*. „Úr þessu ætti nú að fara að vora fyrir alvöru“.
- Úr því** (orðtak) A. Vegna þess; fyrst. „Ég þurfti ekki að kaupa þetta strax, en úr því að ég er í kaupstaðnum þá er best að klára það“. B. Eftir það; síðan. „Tíðin var votviðrasöm út júlí, en úr því var sæmilegur þurrkur“. „Frá Keflavík að Bjargtöngum var undanhald, en úr því var aflandsvindur“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).
- Úr því sem komið er** (orðtak) Eins og málum er núna komið; eins og nú er komið. „Ætli það sé ekki best að láta þetta bíða til morguns úr því sem komið er“.
- Úr öskunni í eldinn** (orðtak) Um versnandi ástand/stöðu. „Það væri að fara úr öskunni í eldinn að hreyfa við heyinu hálfblautu úr göltunum. Við skulum láta þá vera og sjá hvort þornar af á morgun“.
- Úrbeina** (s) Skera ket af beinum.
- Úrbót** (n, kvk) Uppbót; ábót; lagfæring. „Þeir þurfa að gera einhverjar úrbætur í vegamálum á svæðinu“.
- Úrbrædd** (l) Um vél; búin að bræða legur í sér, t.d. vegna ónógs smurnings.
- Úrbætur** (n, kvk, fto) Umbætur; lagfæring. „Einhverjar úrbætur þarf að gera; svona getur þetta ekki gengið!“
- Úrdráttur** (n, kk) Ávæningur; meginþættir lengra efnis, t.d. ritgerðar.
- Úrfelli** (n, hk) Úrkoma; regn/slydda/snjór. „Hann er að ljókka mjög í suðrinu. Eitthvað úrfelli er þar á ferð“. „... en með 17. júní brá til úrfella og meiri hlýinda...“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).
- Úreltur** (l) Sem ekki hefur haldið fullu gildi sínu þegar breytingar verða með tímanum. „Þessar vinnuaðferðir þykja núna úreltar“.
- Úrfelli** (n, hk) A. *Úrhelli*; mjög mikil rigning. B. Nú einkum notað í tengslum við fall geislavirkra agna eftir kjarnorkusprengringu; sbr „geislavíkt úrfelli“.
- Úrfelling** (n, kvk) Það að fella eitthvað úr/niður. T.d. fækka lykkjum þegar þrjónað er eða stytta texta.
- Úrgler** (n, hk) Gler fyrir skífu úrs. „Nú hefur komist móða innaná úrglerið“.
- Úrgangur** (n, kk) Afgangur; eftirhreytur; það sem eftir verður; matarleyfar; hrat; ónýti; sorp.
- Úrgreiðsla** (n, kvk) Það að greiða fisk/hnútt úr neti. „Ekki sá ég neinn handfljótari við úrgreiðslu en Ingvar frænda minn. Netahnúttum brá hann stundum á milli tanna, sem oftast dugði“.
- Úrgreiðslugoggur / Netagoggur** (n, kk) Áhald til að greiða fisk/hrognkelsi úr netum; lítill goggur, lítið meira en þverhandarlangt tréskaft með jarngaddi þvert í annan endann. Mikið hagræði er að góðum netagoggi við úrgreiðslu veiði úr netum og stundum til að leysa *netahnúta*.
- Úrhelli / Úrhellisrigning / Úrhellisdemba / Úrhellisandskotansrigning / Úrhellislagveður / Úrhellislagviðri** (n, kvk) Mjög mikil rigning, eins og hellt sé úr fötu; ausandi rigning. „Skyldi hann ekkert ætla að léttu í þetta úrhelli“? „Það er ennþá úrhellisrigning“. „Við fengum á okkur úrhellisdemba“. „Það er enn sama úrhellisandskotansrigningin“!
- Úrhendis** (ao) *Umhendis*; örðugt. „Yfirleitt er mjög úthendis að nota brotna heykvisl, en hún getur komið að góðum notum til að jafna í hlöðum sem eru fullar í rjáfur“.
- Úrhendissskel** (n, kvk) Sá helmingur *öðuskeljar/krákuskeljar* sem sveigður er frá munnri þegar skelin er notuð sem skeið/spónn með hægri höndinni. Hinn helmingurinn nefnist *ihendissskel*.
- Úrhrak** (hk) Sá sem er fyrirlitlegur; afstyrmi. Fyrrum sömu merkingar og *úrgangur/úrkast*.
- Úrhættis** (ao) Vonlaust; *afskorið*; ómögulegt. „Mér sýnist alveg úrhættis með að við náum öllu heyinu inn áður en hann fer að rigna“.
- Úrillur** (l) Geðvondur; *viðskotailur*. „Maður getur nú ekki verið úrillur þó ekki sé mokveiði hvern dag“.

Úrkast (n, hk) Það sem kastað er frá vegna þess að það er lélegra/verra en annað.

Úrkoma (n, kvk) Hverslags rigning eða snjócoma.

Úrkomuátt (n, kvk) Sú átt sem helst rignir/snjóar úr.

Úrkomulaust (l) Þurrt; *uppihang*. „Hann er orðinn fjandi ljótur í suðrinu en það er úrkomulaust ennþá“.

Úrkomusamt (l) Með mikilli úrkomu. „Þó svæðið teljist allt mjög úrkomusamt virðist öll sú úrkoma hverfa jafnharðan niður í jökulurðina sem er nánast allsráðandi í landslagi ofan við ca 100 m“ (HÖ; Fjaran).

Úrkomuvottur (n, kk) Lítilsháttar úrkoma. „Enn finnst mér eins og það sé einhver úrkomuvottur“.

Úrkula vonar (orðtak) Vonlaus; vonlítill. „Ég var alveg orðinn úrkula vonar með að þetta hefðist“.

Úrkynjaður (l) Hrörnaður/lélegur miðað við aðra (t.t. fyrri kynslóðir) vegna t.d. skyldleikaræktunar eða annarra ræktunarskilyrða; *úrættaður*.

Úrlaus (l) Ekki með úr/klukku; *klukkulaus*. „Ég var úrlaus og vissi ekki alveg hvað tímanum leið“.

Úrlausn (n, kvk) Lausn; það að leysa úr málum/viðfangsefnum; svar. „Ég fékk nokkra úrlausn minna mála“.

Úrlausnarefni (n, hk) Viðfangsefni; vandamál; það sem leysa þarf úr.

Úrleiðis (ao) Ekki í leiðinni; afskekkt. „Bærinn var dálítið úrleiðis en ég tók samt á mig krókinn“.

Úrmaðari (n, kk) Úrsmiður; sá sem lagfærir úr/klukkur.

Úrrek (n, hk) Áhald/stautur til að reka eitthvað úr, t.d. öxul úr legu.

Úrrennsli (n, hk) Staður þar sem vatn hefur rofið skarð í jarðveg, veg, tún o.fl. „Varaðu þig á úrrenslinu í Hæðinni“.

Úrræðagóður (l) Fundvís á leiðir til úrlausna; laginn við að bjarga málum.

Úrræðalaus / Úrræðalítill (l) Hefur engin/fá úrræði; hefur engar/fáar lausnir.

Úrræðaleysi (n, hk) Skortur á ráðum/lausnum; ráðþrot.

Úrræði (n, n) Ráð sem dugir til lausna; lausn á vandamáli/viðfangsefni. „Þá datt mér snjallt úttæði í hug“.

Úrskaiðis (ao) Aflaga; ekki eins og ætlað er. „Eitthvað hefur netalagningin farið úrskaiðis hjá þeim“.

Úrskelja (s) Ná fiski úr skel. „Kúfiskurinn var tekinn úr sjó og úrskeljaður stuttu áður en beitt var“.

Úrskífa (n, kvk) Skífa á úri, bakvið glerið og vísana. „Betur sést á úrið ef úrskífan er hvít en sé hún dökk“.

Úrskurða (s) Skera úr um t.d. ágreining/deilumál; dæma.

Úrskurður (n, kk) Dómur/ákvörðun í ágreiningi/deilumáli. „Hans úrskurður er endanlegur í þessu efni“.

Úrslit (n, hk, fto) Niðurstaða. „Þessi úrslit komu Gumma gjörsamlega á óvart og upphófust nú háværar samræður“ (PG; Veðmálið).

Úrslutatilraun (n, kvk) Lokaatrenna; atrenna/tilraun sem ræður niðurstöðu.

Úrsnari (n, kk) Áhald sem notað er til að víkka gat í opið, til þess t.d. að geta notað *undirsinkaða* skrífu.

Úrsögn (n, kvk) Það að hætta í t.d. félagsskap.

Úrt járn (orðtak) Sorajárn; járn sem ekki er búið að vinna allan sora úr, og er því deigt og illa nothæft.

Úrt járn kvað kerling og átti hníf deigan (orðartilteki) Hnífur minn er úr sorajárni og ónothæfur. Fornt mál; notað t.d. þegar ekki þykir góð ástæða til verknaðar og því fallið frá honum.

Úrteina (s) Skera ónýtt net af teinum/þinum. „Þessi netgarmur er nú ekki til annars en að úrteina hann“.
„Hámerarfjandinn var búin að úrteina netið á löngum kafla“!

Úrtök (n, hk, fto) A. Um landslag, róðra, heyskap o.fl; hlé; bil. „Við komumst ekki yfir á höfðann eftir þessum gangi; það eru úrtök í honum á minnst einum stað“. „Nokkur úrtök urðu á róðrum yfir há heyannirnar“. B. Úrtak er einnig notað um hóp sem valinn er með hlutkesti til t.d. skoðanakannana eða annars.

Úrtökur (n, kvk, fto) Um veður; hlé á góðu/slæmu tíðarfari; góðviðriskafar/illviðriskafar. „Það er búið að vera samfelldur þurrkur þennan mánuðinn; aldrei neinar úrtökur“.

Úrtakalítið / Úrtakalaust (l) Um tíðarfar; litlar/engar breytingar á tíðarfari. „Í byrjun Góu breytti aftur til hagstæðrar veðráttu og hélst úrtakalítið til vetrarloka“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Úrtölumaður (n, kk) Sá sem dregur úr/er tregur til aðgerða. „Við drifum bara í þessu; sama hvað þessir úrtölumenn eru að jarma“!

Úrtölur (n, kvk, fto) Það að letja til einhvers; það að finna einhverju verkefni margt til foráttu; vonleysi; bölmóður. „Ég sagðist ekki nenna að hlusta á neinar úrtölur; ég færi þá einn ef enginn annar treysti sér“.

- Úrurð** (n, kvk) Framkvæmd; það sem verður úr; það sem gert er. „Það er mikið um þetta *bollalagt*, en ég gæti best trúað að úrurðin verði minni“.
- Úrval** (n, hk) A. Margt sem unnt er að velja úr. „Þarna var mikið úrval af stígvélum“. B. Það sem valið hefur verið úr stærra úrtaki. Oft forliður: „Þetta er úrvalsfóður“.
- Úrvalsfé /-fiskur /-fóður /-vara** o.fl. Fyrirtaks-; það besta. „Mér sýnist að þetta sé úrvalsfiskur að öllu leiti“.
- Úrættaður** (l) Úr ætt skotið; ólíkur sínum skyldmönnum. „Ég er nú ekki svo úrættaður að ég kjósi íhaldið“!
- Úrverk** (n, hk) Gangverk í úri.
- Úrvinda** (l) Örmagna; útkeyrður; örþreyttur. „Maður er alveg úrvinda af þreytu eftir þessi átök“.
- Úrþvætti** (n, hk) Mjög niðrandi heiti á manni; afstyrmi; úrhrak; óræsti. Sjaldan notað.
- Úrættaður** (l) Með einhverja verri eiginleika en fyrri skyldmenni; úrkynjaður. „Hann er þá eitthvað úrættaður ef hann kann ekki að svara fyrir sig“!
- Út** (ao/fs) A. Um stefnu; utar í t.d. húsi, dal o.fl. „Ég ætla að hleypa fénu út“. B. Um stefnu; vesturátt. Þessi merking orðsins hefur líklega komið með Norðmönnum til landsins, enda er vestur átt í Noregi áttin út á haf. C. Frá Noregi til Íslands. Þessi merking kom einnig með landnámsmönnum til Íslands. Hún hefur að mörgu leyti haldið sér í málinu. T.d. er sagt að „fara utan“ þegar við förum til útlanda, en landnámsmenn fóru iðulega utan frá Íslandi heim til Noregs. D. Til fullnustu; alveg. T.d. drekka út; halda út. E. Með forsetningum, t.d. „af“, „á“ og „í“. „Ég ætla að leggjast aðeins út af“. „Mig vantar kanelssykur út á grautinn“. „Hann er að snúast út á“. „Heldur hefur hann gengið út í“. „Gefðu mér ögn af mjólk út í kaffið“. F. Dýpra út á haf. „Við færðum netin aðeins utar“. Yfirleitt var þó fremur talað um „dýpra“ og „grynna“ í Kollsvík, í merkingunni frá og að landi.
- Út af / Útaf** (orðtak/fs) A. Vegna; af ástæðu. „Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum og sá ástæðu til að veita honum tiltal út af því“ (PG; Veðmálið). B. Ættaður frá; á ættir að rekja til. „Kollsvíkingar eru komnir útaf Einari gamla Jónssyni, bændahöfðingja og útvegsmanni í Kollsvík“.
- Út/fram á milli Fella** (orðtak) Orðtak sem bundð er við Kollsvík, og merkir að fara áleiðis í Vatnadal, þannig að gengið sé um skraðið utan Sandslágur, framhjá Litlafelli. Merkilegt er að í raun er ekki gengið á milli fellanna Litlafells og Stórafells. „Í Vatnadal er gatan greið/ í göngu ef vilt þér skella./ En ennþá styttri er þó leið/ út á milli Fella“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Út í aðra sálma** (orðtak) Yfir í önnur/óskyld efni. „Það þýddi ekkert að inna hann eftir afla. Þá fór hann undantekningarlaust yfir í allt aðra sálma“.
- Út í bláinn** (orðtak) Um það sem er fráleitt/tilgangslaust. „Það væri alveg út í bláinn að láta þetta sjóveður ónotað“! „Hann sat þarna og tautaði eitthvað út í bláinn“. Blár merkir þarna himin.
- Út í buskann** (orðtak) Eitthvert í burtu; á óþekktan stað; í hvarf. „Hæran af galtnum hafði fokið einhvað úti buskann“. Buski merkir þarna runni, og hefur orðtakið í fyrndinni merkt að hverfa inn í skóginn.
- Út (og) í gegn** (orðtak) Í gegnum allt. „Þvílíkt andskotans úrhelli er þetta! Ég er forblautur út og í gegn“! „Ekkier furða þó Svört sé í sæmilegum holdum. Hun hefur legið í túninu allt sumarið; út í gegn“!
- Út í hörgul / Út í æsar** (orðtak) *Í paula*; ofaní smáatriði. „Þarna þekki ég öll örnefni út í hörgul“. „Ég var ekkert að fylgja þessu máli eftir út í æsar“. Hörgull merkir skortur. Æs er gat eða þuma til að draga eitthvað í gegnum. Líklega er í orðtakinu vísað til sauma á flik eða jaðars á segli.
- Út í loftið** (orðtak) Í tilgangslæysi/meiningarleysi. „Geiri var þvingmjór og liðugur, og lenti því oft í því óþrifaverki að hreinsa kyndihólfin á gufutogurum. Því var það ekki alveg út í loftið að hann hlaut viðurnefnið „Geiri mátulegi“ sem hann bar til dauðadags“.
- Út í veður og vind / út í buskann** (orðtök) Í burtu; í hvarf. „Hæran af galtnum f auk út í veður og vind“. „Það þýðir ekki að fleygja þessu bara eitthvað út 'buskann““.
- Út (og) í gegn** (orðtak) Alveg allur; að öllu leyti; algerlega. „Þetta er öndvegisnáungi; út og í gegn“.
- Út og suður** (orðtak) Út um allt; út í buskann. „Hann missti féð allt út og suður“. Ekki er ljóst hvers vegna þessar áttir eru nefndar umfram aðrar, en líklega er það vegna hljómfallsins.
- Út undir bert loft** (orðtak) Út úr húsi. „Kýrnar hefðu gott af að fara að komast út undir bert loft, þó ekki sé mikill gróður orðinn fyrir þær“.
- Út undir sig** (orðtak) Klókur; kænn; slægvitur. „Karlinn er nokkuð út undir sig í peningamálum“.
- Út um allt** (orðtak) Allsstaðar; mjög víða. „Það þarf að raka þessar *slæður* sem eru héra útum allt“.

Út um allar koppagrundir (orðtak) Út um allt/allar trissur. „Galtinn *splundraðist* í veðrinu og fauk út um allar koppagrundir“. „Hún sagði honum frá þessu í trúnaði, en nú er það komið út um allar koppagrundir“. Orðtakið er ekki að finna í orðabókum.

Út um allar jarðir/trissur / Út um víðan völl (orðtak) Út um allt; á tvíst og bast. „Fjárhópurinn hefur núna dreift sér um allat trissur“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). „Það er nægur fiskur útum allar trissur núna“. Sjá *trissa*.

Út um dittinn og dattinn (orðtak) Hingað og þangað; út um allt. „Það er ómögulegt að fylgjast með flandrinu á þessum strákum, þeir eru út um dittinn og dattinn“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). Orðtakið heyrst ekki mikið notað utan Rauðasandshrepps en var alganegt þar.

Út úr (orðtak) Afskekktur; ekki í alfaraleið. „Ferðafólki sem sækir Látrabjarg heim þykir Kollsvíkin vera helst til mikið útúr til að þeir leggi þangað sína leið“.

Út úr öllu (orðtak) Eins og séð verður út á haf. „Heldur hefur hann *dottið niður!* Það er bara komin *rennibliða* útúr öllu“. „Það er *vaðandi fiskur* útúr öllu. Hann *hleypur á* ef krókurinn kemst í sjóinn“.

Út vil ek (orðatiltæki) Orð sem höfð eru eftir Snorra Sturlusyni, þegar hann braut gegn farbanni Hákonar konungs. Viðhöfð þegar einhver er staðráðinn í að framkvæma eitthvað gegn ráðum/vilja annarra. Sjá *eigi skal höggva*.

Út yfir tekur (orðtak) Fram úr hófi gengur; yfirgengilegt er. „Honum liggur vanalega nokkuð hátt rómur, en útyfir tekur þó þegar hann fer að syngja“.

Útaf (ao) Útfyrir tún. „Við þurfum að fara aftur að reka útaf; þessar árans læpur eru komnar aftur inná“!

Útaf fyrir sig (orðtak) A. Aðskilinn frá öðrum; í friði frá öðrum. „Hann vildi helst vera útaf fyrir sig meðan hann væri að læra“. B. Aðskilið mál; *fyrir sig*. „Það er nú eitt útaf fyrir sig að þessir þingmenn sjáist ekki í kjördæminu fyrr en rétt fyrir kosningar; en hitt er alvarlegra, ef þeir nenna þá ekki að fara um það allt“. „Það er nú *útaf fyrir sig* að fá hnífinn léðan augnablik án þess að spyrja; en það er hámark ósvífinnar að taka hann traustataki og rífa svo kjaft“!

Útafdaður (l) Daður. „Rollan hafði legið lengi afvelta og var löngu útafdað þegar ég fann hana“.

Útafbreytni (n, kvk) *Tilbreytni; nýbreytni*. „Mamma gerði það til útafbreytni að hafa hreindýrasteik í matinn þessi jól, en ketið höfðu Hornfirðingar útvegað“.

Útafliggjandi (l) Liggjandi. „Það er þreytandi að skrifa, svona útafliggjandi“.

Útafsofnaður (l) Alveg sofnaður; *sofnaður útaf*. „Hann var útafsofnaður, með bangsann undir kinn“.

Útafslökknað (l) Slökknað alveg. „Um hádegi á nýársdag var brennan loksins útafslökknað“.

Útarfi (n, kk) Erfingi sem ekki er í nánustu fjölskyldu hins látna, t.d. maki, barn eða foreldri, heldur t.d. frændi.

Útata (orðtak) Ata út; setja kám/óhreinindi í; *útata; útskíta; útsvína*. „Ertu búinn að útata fötin þín aftur strákur“?!

Útataður (l) Ataður; klíndur; skítugur. „Hversvegna ertu allur útataur í kindaskít, drengur“?

Útá (ao) A. Um meðlæti með mat; út á; með; ofaná. „Aðalmáltíðin var hangikjöt, og ávaxtagrautur með rjóma útá á eftir“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans). B. Um vindstöðu; til vesturáttar. „Nú er hann eitthvað að ganga útá; hann kannski *þornar* þá eitthvað *til*“.

Útákast (orðtak) Mál sem notað er til *grautargerðar*. „Ég notaði bara rúgmjöl sem útákast í stað hveitis“.

Útálát (n, hk) Venjulega átt við feiti/sósu/saft/mjólk útá mat. „Þetta er nú hálf þurrætt nema að hafa eitthvað útálát“.

Útávið / Útum (ao) Um áttir; úteftir; í áttina út. „Þegar komið er niður Sniðin niður á Stíg er haldið útávið í áttina að Setnagjá“. „Hefillinn var að moka Fjörurnar og er á leið útum“ (í átt til Kollsvíkur).

Útbeitningarmaður (n, kk) Sá sem *beitir út* þegar lína er lögð. „Eftir að straumur harðnaði var erfitt að hafa áfram svo ekki yrði erfitt hjá dráttarmanninum. Útbeitningarmaðurinn varð að vera fljótur til að forðast áherðing“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004).

Útbeit (n, kvk) Vetrarbeit fyrir sauðfé, sem þó er tekið inn yfir nóttina. „Góð útbeit er jafnan í Kollsvík; bæði haga- og fjörubeit, og hefur það létt mjög á fôðurþörf“. „Janúar var stormasamur og kaldur, og því vart notandi útbeit“ (SJTh; Árb.Barð 1955-56).

Útbeitarjörð (n, kvk) Jörð þar sem hagabeit/fjörubeit nýtist vel til að létta á fôðrun sauðfjár. „Í Útvíkum eru góðar útbeitarjarðir“. „Kom þetta mjög hart niður á útbeitarjörðum“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).

Útbeitarskepna (n, kvk) Skepna sem beitt er úti að vetri. „Þangað til eftir hátíðar mátti heita að mjög lítið væri búið að gefa öllum útbeitarskepnum“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Útbeitning (n, kvk) Það að beita línu um leið og hún er lögð úr bátum. „Síðara kastið var þó oft tekið með útbeitningu“ (KJK; Kollsvíkurver).

Útbeitningarmaður (n, kk) Sá sem beitir út línu. „Útbeitningarmaðurinn varð að vera fljótur til að forðast áherðing“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Útbelgður (l) Þaninn. „Ekki meira fyrir mig takk; maður hreyfir sig lítið ef maður er útbelgður af mat“.

Útberja (n, kvk) *Útslægja*; slægjublettur utan heimatúna. „Milli bólsins og Tjarnarmýrarinnar og upp að heimreiðargötunni framan úr dalnum var túnspilda er áður tilheyrði Dalshúsum, sem útberjur úr Dalshúsatúni“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Útbía (s) Ata; sóða út; *útata*; *útskita*; *útsvína*. „Vertu nú ekki að útbía þetta með skítugum fingrunum“!

Útbíaður (l) Sóðalegur; ataður. „Farðu úr drullugallanum úti; þú ert útbíaður í slori“.

Útblásinn (l) Að springa af reiði/æsingi; hamstola. „Hann var útblásinn af illsku eftir þessa niðurstöðu“.

Útbrot (n, hk) A. Byggingarlag kirkna fyrr á tíð, þar sem kirkjan var breikkuð með útbroti útfyrir helstu stoðgrindina. B. Aberandi bólur, upphlaup eða kýli á húð.

Útbrotakirkja (n, kvk) Kirkja með *útbrotum*, sem var byggingarlag fyrr á öldum.

Útbrotakutti (n, kk) Skeljahnífur; hnífur sem notaður er til að ná skefiski úr skel til beitu. „Kræklingur og aða voru úrskeljuð á sama hátt; með sérstökum hníf, skeljahníf/útbrotakutta, sem var með þunnu, stuttu en beittu blaði. Fyrrum voru þessir hnífar heimasmiðaðir og var þá efnt í þá úr ljáblaði, en síðar notuðu margir erlenda sjálfskeiðunga“ (LK; Ísl. sjávarhættirIV; heimild; GG). Ekki er ólíklegt að útbrotakuttar hafi lengi verið notaðir til að ná beitu úr kræklingi og öðuskel sem oft rekur í Kollsvík, en þó einkum á síðari tímum til úrskeljunar á kúfiski, sem þá varð algengasta beitan (aths VÖ; sjá *kúfiskur*).

Útburðarvæl (n, hk) A. Hljóð sem þjóðsagan segir að draugar útburða gefi frá sér. B. Óhugnarlegt/hvímleitt og skerandi væl. „Slökktu nú á þessu andskotans útburðarvæli í útvarpinu“.

Útburður (n, kk) A. Upphaf sláttar að vori; þegar *borið* var út. B. Það þegar færi stendur frá borði báts sem rekur á skakveiðum. C. Það að bera út, t.d. póst. D. Það að reka mann úr húsi með dóms- og lögregluvaldi. E. Barnamorð sem að sögn tíðkuðust í heiðnum síð. F. Afturganga barns sem borið hefur verið út.

Útbúa (s) Gera úr garði; búa/hafa til; gera klárt; hanna. „Ég útbjó stíu fyrir kálfinn í hlöðunni“. „Hún útbjó okkur með nesti“.

Útbúinn (l) Tilhafður; klæddur; úr garði gerður. „Mér finnst þú ekki nógu vel útbúinn í svona gönguferð“.

Útbyrðis (l) Útfyrir borðstokk á báti. „Ferðin til Kollsvíkur gekk vel og var rætt um hvort lifrin skyldi bundin á streng og látin útbyrðis, en ekki varð úr framkvæmdum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi).

Útbýta (s) Útdeila; skipta á milli. Dregið af „bút“; að hluta eitthvað niður og deila því út.

Útbær (l) *Útbærilegur* (sem var algengara í Kollsvík). „Mér eru þessi skæri ekki vel útbær“.

Útbærilegur (l) Sem unnt er að lána; falur; *útbær*. „Mér er þessi hnífur bara alls ekki útbærilegur; þetta er besta eldhúsbreddan“. „Hann hafði lofað mönnum í smalamennsku en svo var honum enginn útbærilegur“.

Úteftir (ao) Um áttir: A. Talað er um að fara inneftir *úteftir* þegar farið er að Breiðuvík eða Hvallátrum. Hinsvegar er talað um að fara inneftir þegar farið er frá Kollsvík inn í Hænuvík; Örlygshafnarbæi; innfjarðarbæina; Rauðasand eða á Patró. „Ingveldur Ívarsdóttir frá Hænuvík, sem bjó á Stekkum á Patreksfirði, kom alltaf úteftir og sá um ullarþvottinn fyrir mömmu“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). B. Í vestur; vestureftir. Líkt og víða annarsstaðar á landinu merkir út sama og vestur; sbr *útsýningur* um suðvestanátt og orðtakið að *ganga úti*, þegar vindur fór að blása meira frá vestri.

Úteftirleið (n, kvk) Leiðin/ferðin úteftir. „Við skoðum þetta betur á úteftirleiðinni“.

Útfall (n, hk) A. Sjávarfall; fellur út. „Lognaldan létt sér leikur/ laðast að sandi með glettur./ Á útfalli alltaf keikur/ upp kemur Þórðarklettur“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík). B. Staður þar sem á/lækur fellur í sjó. C. Niðurstaða; málalok. „Það varð útfallið að láta þetta niður falla“.

Útfarinn (l) Slyngur; laginn; æfður. „Furðu gegnir hvað þessi klunnalegi maður er útfarinn í hljóðfæraleik“.

Útferð (n, kvk) Rennsli blöðs/graftar/slíms úr sári eða öðru á líkamanum.

Útfiri / Útfjar (n, hk) Fjara; svæði sem kemur uppúr á fjörunni. . „Var þá hæfileg hleðsla (af kúskel) skilin eftir í Bugnum, en farið með það sem umfram var út á Patreksfjörð (Eyrar); pokarnir látnir í sjó á útfiri og látnir geymast þar uns ferð var gerð eftir þeim“ (KJK; Kollsvíkurver). „Útfjarið, þar sem áin fellur í fjörðinn, er kallað Óaar“ (ÓLÓ; Örn.skrá Vesturbotns).

Útflugt (n, kvk) Langferð; ferðalag. „Ert þú að fara eitthvað í útflugt“?

Útflúr (n, hk) Skreyting; útskurður; upphleyptir stafir eða annað skraut á fleti.

Útflúra (s) Gera *útflúr*.

Útfyrir (ao) Að innan og út. „Hleyptu fenu útfyrir í snjóinn smástund, þó það viðri ekki til beitar“.

Útfæra (s) Útsetja; setja í endanlegan búning. T.d. verkáætlun.

Útför (n, kvk) Jarðarför; greftrun.

Útfærsla (n, kvk) A. Það að *útfæra*. B. Það að færa út. T.d. útfærsla landhelgismarka.

Útgangur (n, kk) Útlit, búnaður; klæðnaður. „Útgangurinn á þér er nú alveg kostulegur“.

Útgáfa (n, kvk) Það að gefa út, t.d. blað, bók o.fl. „Ungmennafélagið Vestri stóð fyrir útgáfu félagsblaðsins Geisla“.

Útgauða (s) Úthúða; baktala; hallmæla. „Hann segir mig ljúga þessu og útgauðar Íslendingnum...“ (ÓTG; Agrip af æviferli).

Útgerð (n, kvk) Það að róa til fiskjar, og allt sem því tilheyrir. „Eftir það mátti heita að útgerð úr Kollsvík legðist af“ (ÖG; Þokuróður). „Eftir að Einar bróðir byggði á Gjögurum kom þar fljótlega bryggja, þannig að aðstaða til útgerðar trillubáta þaðan batnaði til muna. Þá fluttum við bræður útgerð okkar á gömlu Rut þangað...“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Útgjaldaauki (n, kk) Kostnaðarauki; aukin útgjöld.

Útgjöld (n, kvk, fto) Greiðslur; borganir; kostnaður. „Þetta kostaði allnokkur útgjöld“.

Útgrátinn (l) Hefur grátið mikið; grátbólgin. „Hversvegna ertu svona útgrátinn stubburinn minn“?

Útgrafinn (l) Sem mikið hefur verið grafið í.

Útgröftur (n, kk) Efni sem grafið er út/upp. „Eftir útgreftrinum er þetta ansi djúp músarhola“.

Úthaf / Útsær (n, hk/kk) Hafid utan við veiðislóðir/landgrunn; rúmsjór; *ballarhaf*.

Úthafsalda / Úthafsbara / Úthafsylgja (n, kvk) Sver alda/sjór, með uppruna langt úti á hafi.

Úthagabeit (n, kvk) Fremur var talað um *hagabeit*, en þessu brá þó fyrir.

Úthagi (n, kk) Bithagi sauðfjár utan túns. „Úthagi er enn of rýr til að sleppa lambfé“.

Úthald (n, hk) A. Þrautseigja; seigla; þol. „Á þeim árum skorti mann ekki úthaldið þegar hlaupa þurfti fyrir fé“. B. Útbúnaður skips til fiskveiða; það sem þarf til að halda skipi til veiða. C. Veiðiferð skips.

Úthaldslaus / Úthaldslítill (l) Þreklaus / þreklítill; hefur ekkert/lítið þol. „Hann er fjandi sprettharður, en afskaplega úthaldslítill“.

Úthaldsgóður / Úthaldsmikill (l) Þrekmaður; þrautseigur; þolinn. „Misjafnt er hve menn eru úthaldsmiklir á göngum og hlaupum. Sumir þurfa að æja með stuttu millibili meðan aðrir fara langa fjallvegi og vegleysur á göngu og hlaupum án þess að stoppa. Með þjálfun má aðlaga líkamann því að hvílast á hraðri göngu. Meðan úthaldið var sem best gat ég hlaupið uppi hvaða kind sem var“ (VÖ).

Úthallandi (ao/l) A. Sem hallar útávið. B. Á síðari hluta; seinnipart. „Vegna ófærðar var ég ekki kominn fyrr en á úthallandi degi“.

Útheimta (s) Krefjast; þarfnast. „Þetta útheimti allmikla vinnu, en hann *setti* það ekki fyrir sig“.

Úthey (n, hk) Hey sem aflað er utan áborinna túna. Í Kollsvík var ekki mikið um engjaslátt eða áveitur, en þó var það til, t.d. í Grundamýri. Toppar og blettir voru slegnir þar sem vel grænkaði, t.d. í urðum og við læki og mýrar. Nokkuð var einnig um það að nýtt væri kjarngott hey sem fékkst annarsveggar í broki vöxnum tjörnum, s.s. í Startjörnum, Kjóavötnum og Langasjó, og hinsvegar í iðagrænum grasflesjum í klettum. Í Blakknum var t.d. slegið í Pokavöllum og í Breiðnum í Flánum. Mikið hefur verið haft fyrir þeim heybyggum sem slegnar voru í snarbratta; heypokanum slakað niður með bandspotta; hann borinn langar leiðir á bakinu og heyið að líkindum þurrkað heima við bæ. Menn sáu ekki eftir sér í erfiðisvinnu við öflun heyja fyrir skepnurnar í þá daga. Erfitt er að sjá samlíkinguna við bændur nútímans sem sitja í makindum í þægilegri dráttarvél og þurfa vart að fara úr inniskóm yfir allar heyannir.

Úthlið (n, kvk) Sú hlið sem snýr út.

Úthluta (s) *Útbýta*; skipta á milli; deila; afhenda.

Úthreinslun (n, kvk) A. Útmokstur; hreinsun út úr t.d. húsum. B. Líkingamál; það að segja sína skoðun/létta á huga sínum. „Mér leið mikið betur eftir þessa úthreinsun, þó sama yrði ekki sagt um viðmælandann“.

Úthreppur / Útsveit (n, kk/kvk) Ytri hluti hrepps.

Úthrópa (s) Rægja; bera út slúður um einhvern. „Hann sagðist ekki vera sáttur við það að vera úthrópaður um alla sveit sem þjófur og ræningi“.

- Úthráert** (l) Um skyr; hrært samanvið mjólk til þynningar. „Skyrið var hæfilega úthráert og sykrað“.
- Úthugsað** (l) Vandlega íhugað. „Aðferðin var úthugsuð hjá honum, enda lánaðist hún vel“.
- Úthúða** (s) Skamma *óbótaskömmum*; álasa mjög; bera út illgjarnan rög. „Svona kveðskapur er ekki hafandi eftir; þar sem mönnum er úthúðað fyrir sáralitlar sakir“. Visan í hýðingar fyrrum, þar sem mönnum var refsað með húðláti.
- Úthverfur** (l) Um fatnað; á röngunni; umsnúinn. „Ætlarðu að fara í peysuna úthverfa“? Samkvæmt þjóðtrúnni átti sá maður ekki að villast þann daginn sem af ógáti fór í úthverfa peysu sína að morgni.
- Úthvildur** (l) Búinn að hvílast; vel sofinn. „Við mætum í þetta úthvildir í fyrramálið“.
- Úthýsa** (s) Synja um húsaskjól; *reka á dyr*. „Hér er ekki vani að úthýsa gestum; sama hvað þeir eru margir eða á hvaða tíma þeir koma“.
- Úti á ballarhafi** (orðtak) Lengst úti á hafi; langt úti á sjó. „Ég held að það sé ekki eftir neitt meiru að slægjast úti á *ballarhafi*; það er eins gott að slíta þetta upp hér á grunninu“.
- Úti á galeiðunni** (orðtak) *Í sollinum*; að skemmta sér. „Mér skilst að hann sé úti á galeiðunni um hverja helgi“.
- Úti á þekju** (orðtak) Annarshugar; hugsandi; *í leiðslu*. „Það þýðir ekkert að vera bara úti á þekju þegar þú átt að standa fyrir fénu. Þú þarft að *hafa augun hjá þér*“.
- Útiborið hey** (orðtak) Útihey; hey sem sett er upp úti til vetrarins, en ekki hirt í hlöðu. „Í Kirkjuhvammi er nokkuð af heyjunum fyrir neðan meðaltestu og einnig hefir nokkuð af útibornum heyjum skemmst af regni“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).
- Útideyfa** (n, kvk) Það sem verður útundan; það sem trassast. Sjá *lenda í útideyfu*.
- Útigangur** (n, kk) A. Það að fé gangi úti um vetur; ekki hýst. Algengt var áður fyrr að halda fullorðnu fé til haga að vetri þar sem bithagi er góður og/eða fjörubeit; en ætla því ekki mikið fóður. „Fullorðið fé (á Láganúpi) er sett á útigang“ (ÁM/PV Jarðabók). B. Kind sem gengið hefur úti. „Mér sýnist að þarna sé einhver útigangur kominn í hópinn“.
- Útihlóðir** (n, kvk, fto) Hlóðir utan íbúðar/verbúðar; *eldunarkró*. „Nálægt búðunum voru krær sem voru eingöngu ætlaðar til að matreiða í. Ég man ekki eftir nema einum útihlóðum. Svo komu oliuvélar og síðar primusar, og þá var eldað inni í búðunum sjálfum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Úthrópaður** (l) Niðurlægður opinberlega; rægður. „Það er endir á hans ferli að vera úthrópaður á þennan hátt“.
- Úthugsað** (l) Hugsað til enda; þaulhugsað. „Hafðu ekki þessar áyggjur; þetta er alveg úthugsað hjá mér“.
- Úthúða** (s) Skamma mikið; bölsótast yfir. „Það er nú ekki réttlátt að úthúða honum fyrir svona óhapp“.
- Úthverfur** (l) *Á röngunni*; með innhliðina út. „Nú hefurðu farið í peysuna úthverfa“.
- Úthvildur** (l) Vel hvíldur; óþreyttur. „Við hættum núna; það er betra að byrja aftur úthvildir á morgun“.
- Úthyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; með hornvöxt áberandi þvert út frá höfði.
- Úti að aka** (orðtak) A. Bókstafleg merking. B. Líkingamál; viðutan; utan við sig; gerir tóma vitleysu. „Mér finnst hann vera alveg úti að aka í þessu máli“!
- Úti á galeyðunni** (orðtak) *Á köldum klaka*; með fátt til bjargar/ fá bjargráð. „Hann sagði að ef veiðin færi ekki að glæðast myndi hann fljótlega verða alveg úti á galeyðunni með sína útgerð“.
- Úti á þekju** (orðtak) Annarshugar; *utangarna*; viðutan. „Það þýðir ekkert að ver úti á þekju þegar þú átt að vera að taka eftir í tímum“!
- Úti er þraut þá unnin er** (orðatiltæki) Það er frá sem sigrast hefur verið á; *af er verk þá unnið er*.
- Úti friðurinn** (orðtak) Friðsemdartíma lokið; ófriður hafinn. „Þá er nú úti friðurinn, fyrst þessir ólátaseggir eru komnir“. „Rituðu margir riðuspá/ og reistu síðaboðin há./ /Engum gríðum ærnar ná;/ úti er friður bændum hjá“ (ÖG; glefsur og minningabrot; ort þegar riðufé í Tálkna var skotið).
- Úti um (einhvern)** (orðtak) Einhver er dauðans matur; einhverjum eru *allar bjargar bannaðar*.
- Útiborið** (l) Um hey; sett upp utan hlöðu. „Hann átti allar hlöður fullar að hausti, og auk þess stórt útiborið hey við fjóshlöðuna“.
- Útbygja** (s) Um stig húsbyggingar; búíð að loka húsinu með veggjum, þaki, gluggum og hurðum. Var áður notað um það að útiloka; hindra inngöngu einhvers.
- Útideyfa** (n, kvk) Verkleysi; vanræksla. „Það *lenti* alveg í *útideyfu* hjá mér að skila þessu tímanlega“.
- Útidyr** (n, kvk, fto) Þær dyr í húsi sem á útveggjum eru.

Útigangur (n, kk) A. Það þegar fé gengur að mestu úti og lifir einkum af haga- eða fjörubeit. Útigangur hefur alltaf verið stór þáttur fjárbúskapar í Kollsvík, þó alltaf hafi þar þurft fjárhús og þar hafi komið langir kaflar með *innistöðu*. „Útigangur í fjöru er þar góður; bannast oft af hafis til að koma“ (ÁM/PV; Jarðabók). Í seinni tíð er orðið stundum haft í kvenkyni; „útiganga“. B. Útigangsfé; fé sem ekki næst að hausti og gengur því sjálfala yfir veturinn eða fram á vetur. Áður var mikil áhersla lögð á að hindra slíkt og lögðu menn í miklar eftirleitir til að leita að og handsama fé. Nú á dögum er slóðaskapurinn meiri í þessum efnunum og algengt er að stórir hópar fjar gangi úti ár eftir ár þar sem menn nenna ekki að hafa fyrir smölun. Fávís borgarlýðurinn hvetur stundum til útigangs og kallar það „villifé“.

Útigangsfé / Útigöngufé (n, hk) Fé sem er eða hefur verið á *útigangi*.

Útigangskind / Útigangsskepna / Útigangsær (n, kvk) Ær sem ekki næst eða finnst að hausti og gengur úti fram á vetur eða allan veturinn. Þær harðgerðustu geta lifað af í meinlitlum vetrum við góðar aðstæður, en oft líður þetta fé mikið svelt og harðræði; fennir í snjó og er í hættu fyrir dýrbítum.

Útihey (n, hk) Hey sem borið er upp/ hlaðið er upp til geymslu úti, gjarnan nærri skepnuhúsum.

Útihlaða (n, kvk) Heyhlaða sem stendur fjarri öðrum húsum. Fyrir á tíð *töldu* menn það ekki eftir sér að bera heyið um nokkurn veg til gjafa. „Jón kom ekki aftur og fór þá vinur hans einn að leita hans og kom ekki aftur fyrr en um kvöldið með þær fréttir að hann hefði fundið Jón Thorberg hrapaðan undir Björgunum og hefði hann borið hann í útihlöðu“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Útihús (n, hk) Hús sem ekki er íbúðarhús.

Útijata (n, kvk) Jata sem sett er upp úti til fóðrunar á lambfé, kálfum o.fl. einkum á vorin. „Útijötu var slegið upp norðantil við Melshlöðuna“. „Pabbi smíðaði nýstárlega v-laga útijötu ofanvið Láganúpshlöðuna“.

Útilag / Útíli (n, hk) Steinn/akkeri með festi sem lagt var aftur af bát í lendingu og notað til að halda honum réttum í landtökunni ef eitthvað var í sjó. Útíli var sumsstaðar einnig haft um niðristöðuna djúpmegin á netum. Heitið utilag finnst hvergi annarsstaðar. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Útilátinn (l) Afhentur; látinn af hendi. „Að launum fékk hann *vel útilátinn* skammt af broddi“.

Útilega (n, kvk) A. Það að gista úti yfir eina eða fleiri nætur/ liggja við. B. Um skip; vera að veiðum dögum eða vikum saman án þess að koma í land. C. Það að leggjast á fjöll til að forðast refsingu/ gerast *útilegumaður*.

Útilegufé (n, hk) Hópur fjár sem ekki hefur náðst/sm alast á gangnatíma. „Um tíma gekk hópur útilegufjár í Tálknanum; flest leifar af Lambeyrarfénu, en þar var þá hætt búskap. Kostaði miklar og dýrar smalamennskur að ná þessu, en sumt var skotið niður og varð fréttæfni. Töluðu sumir um „villifé““.

Útilegumaður (n, kk) Sá sem leggst út til að forða sér frá refsingu. Fyrir á tíð, meðan refsingar voru harðar fyrir smávægilegustu brot og aðbúnaður sakamanna ömurlegur, mun ekki hafa verið óalgengt að menn hlupu til fjalla og gerðust útilegumenn, gæfist þeim færi á því. Þar reyndu menn að draga fram lífið á því sem landið gaf, auk sauðþjófnaðar og jafnvel ránsferða til byggða. Almennungi stóð ógn af þessum mönnum, enda ekki vitað hvað þeir væru margir eða hvers mætti vænta af þeim; auk þess sem sauðþjófnaður var alvarlegur glæpur. Þjóðsögur mynduðust um miklar byggðir útilegumanna í óbyggðum og samskipti manna við þá. Fullyrða má að t.d. margir jólasveinanna eigi uppruna í þessum sögnum. Sannar sagnir eru einungis til um síðustu útilegumennina, en þeirra frægastur varð Eyvindur Jónsson; Fjalla-Eyvindur (1714-1783) sem lá löngum úti ásamt konu sinni Höllu Jónsdóttur; m.a. á Hveravöllum og í Ódádahrauni.

Sagnir eru um útilegumenn í Rauðasandshreppi, og fylgsni hafa fundist sem benda til veru þeirra. Ásgeir Erlendsson á Hvallátrum segir frá Guðmundi nokkrum, sakamanni sem dæmdur var fyrir barneign með systur sinni en slapp frá sýslumanni suður í sveitum. Hann hljóp vestur um sveitir og baðst ásjár hjá Látrabónða, sem leyndi honum þar til um vorið að hann komst í hollenskt skip. Sá launaði greiðann síðar með góðum gjöfum til bjargvættanna. Byrgi fannst í Miðmundahæð á síðari tímum, sem hugsanlega hefur verið afdrep þessa sakamanns. (ÁE; Ljós við Látraröst).

Byrgi fannst fyrir nokkrum árum í stórgrýttri urð framarlega í Keflavík, sem menn hyggja að hafi hugsanlega verið skjól útilegumanns. Staðsetningin er heppileg, og hafa hugsanlega orðið vanhöld á fé af völdum þess sem þar bjó; bæði úr Keflavík og Sauðlauksdal.

Útilegukind / Útileguskjáta (n, kvk) Kind sem ekki hefur náðst á gangnatíma.

Útilegumannaleikur (n, kk) Leikur þar sem einn úr hópnum leikur útilegumann og hinir reyna að ná honum. Þegar það tekst reynir hann að ná einhverjum úr hópnum sem þá verður útilegumaður í hans stað. „Þá var líka tíðkað að fara í *heimsóknir* á aðra bæi; einnig að *koma saman* og fara í *boltaleik* og útilegumannaleik þegar fór að *dimma*“ (IG; Æskuminningar).

Útiloka (s) A. Loka eitthvað/einvern úti/utandyra. B. Aftaka; synja; neita. „Ég útiloka það ekki að koma með ykkur á morgun; það fer allt eftir veðri“.

Útilokað (l) Ekki mögulegt; afskorið; frá. „Nú var útilokað að sjá bát þótt nærri væri, nema svo hittist á að báðir æru uppi á öldufaldi samtímis“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Útistandandi (l) Það sem stendur úti. Einkum notað um skuldir manns hjá öðrum.

Útistöður (n, kvk, fto) A. Það að standa úti. Útistöður tengdust einkum *hjástöðu*; því að halda fé til beitar. B. Útistöður voru fyrrum eitt af refsíúrræðum kirkjunnar. Þeim sem brotið höfðu af sér var bannað að koma inn í kirkju, heldur urðu þeir að standa utandyra meðan messað var. Það átti einnig við um konur, sem taldar voru óhreinar í nokkurn tíma eftir barnsburð. Sjá *eiga í útistöðum við*.

Útitekinn (l) Um útlit manns; veðurbarinn; sólbrenndur; saltbrenndur. „Eftir vertíðina var maður all útitekinn“.

Útivera (n, kvk) *Útivist*; dvöl utandyra. „Fátt er börnum nauðsynlegra en mikil útivera“.

Útiverk / Útivinna (n, hk/kvk) Þau bústörf sem unnin eru úti og í skepnuhúsum. „Reynt var að gera útiverkin snemma dags, þannig að allt væri tilbúið fyrir klukkan sex og allir komnir í sparifötin“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Útivið (orðtak) Úti, en nærindis/nærri/viðlátinn. „Hann er bara hér útivið; viltu að ég kalli á hann í símann“?

Útivist (n, kvk) *Útivera*; róður. „Ekki var venja að hafa mat með sér á sjóinn; aðeins venjulega sýrublöndu til drykkjar, því stutt var útivistin vanalega“ (ÖG; Þokuróður).

Útí (ao) Út í; út að; út til. A. Um vindátt; til vesturs: „Ég held að hann sé eitthvað að ganga útí“. B. Um bremsur, egg o.fl.: „Mér heyrir að að sé farið að liggja útí“ (bremsuklossarnir í bremsuskálina). „Það er komið aðeins útí“ (rauðan í skurminna = setið egg). „Farðu ekki of langt útí“ (td. sjó).

Útífrá (ao) Fyrir utan; sem utan standa/eru. „Hann var mikilsmetinn í heimabyggð en nánast óþekktur útífrá“.

Útjaðar (n, kk) Ystu mörk.

Útjaskaður (s) Útbrunninn; útkeyrður; af sér genginn; ónýtur. „Traktorsgarmurinn er að verða all útjaskaður“.

Útkeyrður (l) Örpreyttur; farinn að kröftum. „Pilturinn féll saman. Hann var svo slæptur og þreyttur; útkeyrður“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Útkjálkabóndi (n, kk) Bóndi í afskekktri sjávarbyggð. „Þessum mönnum er *nokk* sama um útkjálkabændur“!

Útkjálkahyski (n, hk) Niðrandi heiti þéttbýlisfólks á því dagnaðar fólki sem byggir ystu og dreifðustu sjávarbyggðir landsins. „Þeir segja víst að þetta útkjálkahyski sé afætur á hagvextinum. Ég held að þessir uppskafningar ættu að hugsa örlítið úti það hverjir hafa haldið líftórunni í þeim og þeirra forfeðrum“!

Útkjálki (n, kk) Landsvæði sem einhverjum virðist vera afskekkt, en er miðsvæðis þeim sem þar búa.

Útkljá (s) A. Ljúka vefnaði að kljásteynum. B. Líkingamál; skera úr um; leysa úr; binda endi á. „Þá ætti þessi deila að vera útkljáð“.

Útkoma (n, kvk) A. Niðurstaða; úrslit; málalok. B. Það að blað/bók/rit komi út.

Útkrafsa (s) Krafsa út; skrifa/strika óskipulega á; spæna upp. „Ertu búinn að útkrafsa allt blaðið drengur“?!

Útkrafsaður (l) Sem búinn er að útkrafsa. „Ég var búinn að leggja ágæt för þarna í hlíðina, en nú er þetta allt útkrafsað eftir einhverja klaufa sem ekki kunna að aka í snjó“!

Útkrota (s) Krota/krafsa út; útkrafsa.

Útkýldur (l) Þaninn; kýldur; sprengsaddur. „Nú fæ ég mér ekki meir af eggjum; ég alveg útkýldur“!

Útlagður kostnaður (orðtak) Kostnaður sem búinn er að greiða/ *leggja út* fyrir.

Útlagi (n, kk) Sá sem gerður er útlægur/ rekinn er í *útleð*. Sá er munur á útlaga og *útilegumanni* að yfirleitt er útlaginn þvingaður í útleð en hinn kýs hana umfram verri kost. Þó eru mörkin stundum óljós.

Útlán (n, hk) Lán/leiga á einhverju. „Stjórnin skal annast bókakaup og útlán bóka, og allan hag fjelagsins“ (Reglur Lestrarfjelagsins Bernskan í Rauðasandshreppi).

Útlát (n, hk, fto) Útgjöld; kostnaður; greiðsla sem innt er af hendi. „Þetta kostaði hann allmikil útlát“.

Útlátalaust (l) Án eftirsjár/skaða; að meinalausu. „Mér er það alveg útlátalaust þó ég aðstoði dálítið við þetta verk“.

Útlátalítið (l) Ekki mikið tjón/mein. „Það hefði nú verið útlátalítið fyrir hann að láta mig vita tímanlega“!

Útlátamikið (l) Dýrt; *kostnaðarsamt*. „Honum fannst þetta heldur útlátamikið fyrir sig“.

Útleð (n, kvk) Það að leggjast út/ verða útlagi/*útilegumaður*. Vist fjarri mannabyggð. Samkvæmt Grágásarlögum fól útleð í sér þriggja marka sekt eða 48 álnir, sem hinn seki greiddi mótaðila. Oft nefnt féviti. Lögbot sem vörðuðu útleð nefndust útleðarverk. Með Jónsbæokarlögum varð útleð að sviptingu frelsis til dvalar á tilteknu svæði. Hinn útlægi gat orðið land-, fjórðungs, eða héraðsrækur tímabundið eða

ævilangt eftir þyngd dómsins. Var útleigðardómur því sambland *skóggangs* og *fjörbaugsgarðs*. Útlagar voru rétttræpir og enginn mátti veita þeim neinar bjargar. Ákvæði Jónsbókar í þessu efni munu hafa haldist til 1734, þegar teknar voru upp líkamlegar refsingar eða hegningarvinna í stað útleigðar.

Útlegging (n, kvk) Túlkun; þýðing. „Ég er ekki alveg sammála hans útleggingu á þessari lagagrein“.

Útleggja (s) Túlka; þýða. „Hann útlagði seðilinn svo að hann þyrfti engan mann að leggja til í göngur“.

Útleggjari (n, kk) A. Sá sem þýðir/útskýrir. B. Bugspjót/spruð á skipi.

Útleið (n, kvk) A. Leiðin út úr húsi. „Taktu með þér ruslið ef þú ert á útleið“. B. Leið báts út lendingu til hafs. Gagnstæð leið er landleið. C. Leiðin til útlanda. D. Undankomuleið. „Ég sá enga aðra útleið úr þessari klípu“.

Útleikinn (l) Meðfarinn; meðhöndlaður; útlítandi. „Billinn var fremur illa útleikinn eftir veltuna“.

Útlendur / Útlenskur (l) Sem kemur frá öðru landi. Nútildags eru fáir slíkir, en þeim mun fleiri „erlendir“.

Útlimagildur / Útlimagrannur / Útlimalangur / Útlimastuttur Útlimasver (l) Lýsing á útlimum manns.

Útlista (s) Útskýra; *leggja niður fyrir*. „Ég reyndi að útlista fyrir þeim að Blakkurinn væri ekki Látrabjarg“.

Útlistanir (n, kvk, fto) Skýringar; langlokur. „Ég þyrfti svo að hlusta á langar útlistanir hans á guddómnum“

Útlit (n, hk) A. Yfirbragð; það hvernig eitthvað/ein hver lítur út. B. *Horfur* með veður. „Það er nú ekki útlit fyrir *gæftir* á næstunni“.

Útlítandi (l) Lítandi út; með yfirbragð. „Mér fannst hann heldur illa útlítandi; horaður og ræfilslegur“.

Útlægur (l) Í *útleigð*.

Útlönd (n, hk, fto) Lönd utan Íslands.

Útmála (s) Lýsa á áhrifaríkan hátt; draga upp sterka mynd. „Hann útmálaði fyrir okkur hættunar“.

Útmánuðir (n, kk, fto) Síðustu mánuðir vetrar. „Eins var það algengt á útmánuðum að farið var að ganga á þá mjölvöru sem keypt hafði verið til vetrarins“ (PG; Niðjatal HM/GG). „Eins var þá algengt á útmánuðum, að farið var að ganga á þá mjölvöru sem keypt hafði verið til vetrarins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Farið var í hákarlalegur á útmánuðum“ (ÆE; Ljós við Látraröst).

Útmeð (ao) Út með; úteftir og meðfram. „Hefillinn er víst á leið útmeð firði, á leið hingað úteftir“.

Útmetinn (l) Kjörinn; tilvalinn. Harðir og nettir plastbrúsar þóttu útmetin eggjaílát. Bestir voru 20 lítra *dunkar* undan maurasýru. Skorið var á þá gat þannig að koma mætti niður hendi með 2 eggjum.

Útmokstur (n, kk) Mokstur úr fjárhúsum/fjósi. „Við setjum útmoksturinn í haug til vorsins“.

Útmældur (l) Mældur út. „Hann fékk sér útmældan skika kringum bústaðinn“.

Útnári (n, kk) Útskækill; fjarlæg byggð. „Ekki skil ég í því fólki sækir á þessa útnára þarna fyrir sunnan“.

Útnefna (s) Tilnefna; setja. „Sá sem tapaði glímunni var útnefndur sýslumaður í Kollsvíkurverri“.

Útnegldur (l) Um við/efni; mikið neglt í; með mörgum nöglum; *saumrekinn*. „Plankinn var úr öðru og útnegldur en ég notaði hann samt“.

Útnes (n, hk, fto) Samheiti yfir þau nes sem mest skaga út í sjó, en segja má að þau séu einkenni Vestfjarða.

Útnorðan (ao) Norðvestanátt. Útnorðan var þó minna notað, a.m.k. í seinni tíð. „Ívar gamli fór heim til sín í Hænuvík í talsverðum útnorðan vindi og sjó...“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Útnorðanhroði / Útnorðanrosi (n, kk) Mikið og langvarandi brim af norðvestri. „Enn heldur hann þessum útnorðanrosa. Það verður þokkalegur fjandi sem við fáum í netin núna“!

Útnyrðingur (n, kk) Norðvestan vindátt. „... Þó reri hann hið þriðja sinn, því lygnði, en þegar hljóp á útnyrðingur með ylgju mikili og ókyrrðist mjög sjór við það, svo illa lendandi var“ (TÓ, frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Raudasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Útnyrðingur sefast oft um sólarlag þegar hún kemur í þá átt. En hægi ekki, merkir hörku og líka þráviðri“ “ (BH; Grasnytjar).

Útpíndur / Útpískaður (l) Gengið nærri í vinnu; undir miklu vinnuálagi. „Börn voru ekki útpískuð í vinnu“.

Útrás (n, kvk) A. Rás/farvegur lækjar/ár/vatns t.d. til sjávar. B. Losun huglægrar spennu/löngunar. „Með skáldskapnum fékk hann útrás fyrir sköpunargleðina“.

Útreið (n, kvk) Meðferð. „Tillagan fékk fremur slæma útreið í atkvæðagreiðslunni“.

Útreiknað (l) Reiknað út. „Hann var með þetta allt útreiknað á blaðinu“.

Útrétta (s) Kaupa; gera. „Ég þarf að útrétta aðeins í kaupfélaginu“. Hvað ert þú að útrétta þessa stundina“?

Útréttur (l) Réttur/teygður út. „Ég beið með útrétta hendina eftir að hann næði mola úr pokanum“.

Útréttingar (n, kvk, fto) Innkaup; verslun; frágangur mála/erinda.. „Ég þyrfti að komast á Patró í vikunni til að klára ýmiskonar útréttingar“.

Útróðrar (n, kk, fto) Fiskiróðrar frá verstöð. Strax við landnám hófst útræði á góðum sjávarjörðum: „Skallagrímur var skipasmiður mikill, en rekavið skorti eigi vestur fyrir Mýrar. hann lét gera bæ á Álftanesi og átti þar bú annað; lét þaðan sækja útróðra, og selveiðar og eggver, er þá voru gnóg föng þau öll...“ (Egils saga Skallagrímssonar). Útróðrar hafa að öllum líkindum verið stundaðir í Kollsvík frá landnámi, enda fáar sjávarjarðir kostameiri til árabátaútgerðar. Landnám Kolls var hið smæsta sem skráð er, og bendir það til þess að þá þegar hafi hann ekki síður teyst á sjávarfang og verstöðu en hina áreiðanlegu úthaga.

Útróður (n, kk) Róður frá landi í fiskiróður. „Hitt kom fyrir að báta fyllti og flatti við landtöku; jafnvel fyllti við útróður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Útrunninn (l) Búinn; lokið; runninn út; farinn. „Fresturinn er enn ekki útrunninn“.

Útrýma (s) Uppræta; eyða; drepa út. „Líklega tekst seint að útrýma minknum aftur úr íslenski náttúru“.

Útræði (n, hk) Útróður; *verstaða*. Mikið útræði hefur verið í Kollsvík, allt frá landnámi fram á vélbátaöld. Um tíma var Kollsvík mikilvægasta og fjölmennasta verstöðin á sunnanverðum Vestfjörðum. Sjá *ver*.

Útræðisjörð (n, kvk) Jörð þar sem útræði er stundað. „Jarðir í Útvíkunum voru allar fyrst og fremst sauðfjár- og útræðisjarðir, og sama má segja um Hænuvík“.

Útrækur (l) Sem rekinn er burt/út. „Réttast væri að karlinn væri *gerður útrækur* af þessum miðum, ef hann kann ekki að leggja net eftir miðum heldur leggur einatt yfir aðra“!

Útræna (n, kvk) *Hafgola*; léttur vindur af hafi. Sjaldan notað í Kollsvík í seinni tíð; fremur talað um *hafgolu*.

Útsagaður (l) Sem *sagaður* hefur verið út með *laufsög*; *útsögunarboga*. „Á stofuhillunni trónuðu jólasveinarnir í halarófu, listilega teiknaðir af mömmu og útsagaðir af okkur bræðrum og henni“.

Útsandur (n, kk) Ytri hluti Rauðasands. Oft er þá átt við bæina utanvið Saurbæ, en stundum þó að meðtöldum Saurbæ og Kirkjuhvammi, og þá miðað við Bjarngötudal.

Útsaumaður (l) Sem saumaður hefur verið út. „Dúkurinn var listilega útsaumaður af henni“.

Útsaumur „Stelpur voru látnar æfa sig í að sauma út, strax og þær gátu haldið á nál (ca 7-9 ára), og þá byrja að sauma *kontorsting* og gjarnan í *svæfilver*. *Stafaklúta* heyrði ég um en kannast ekki við sjálf eða hjá mínum vinkonum á sama reki. Hinsvegar er til smáklútur sem amma mín saumaði í stafi og kynjadýr með *krosssaum* en hún var orðin fullorðin þegar hún var að æfa sig í þessu. Þegar hún var barn átti hún þess ekki kost að læra svona *dútl*. Kannske var móðir mín og hennar kynslóð mesta áhugafólkið sem ég vissi um í svona *hannyrðum*. Hún sagði mér að þær systur (4) hafi fengið sunnudögum úthlutað til slíkrar iðju og á sumrin sátu þær gjarnan úti við handavinnuna þegar gott var veður. Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka bæði *kaffidúka* og *ljósadúka* þ.e. minni dúka til að hafa á borðum, *löbera*, púða, *kommóðudúka* sem voru með sérstöku lagi... Hliðin sem sneri að vegg var ekki með mynstri eða blúndu en blúnda var með hliðum og framan. Svo var mikið saumað í *punthandklæði* oftast með kontorsting en ég á enn slitur af þannig handklæði sem mamma saumaði með *fenexjarsaum* og poka undir óhrein barnaföt í sama lit. Svo var líka saumað í vasaklúta. Um garn og annað efni sem notað var eftir að ég man til, er nú svipað að segja og nú er; *auroragarn*, *perlugarn*, *silkgarn* og eitthvað sem kallaðist *flokkasilki*. Svo allskonar ullargarn og þá saumað í stramma, *java* eða *ullarefni*. Með finna garninu var saumað í hör, léreft, silki og fleira. Mynstur gengu gjarnan á milli kvenna. Einnig fengust mynstur úr kvennablöðum og svo úr dönsku blöðunum, t.d. Familie Journalen sem var keypt á bæjunum heima frá því stuttu eftir síðustu aldamót. Allar konur og stúlkur áttu *nálapúða*, *broderskæri*, *fingerbjörg* og margar *saumakassa*. Þeir voru heimasníðaðir á báðum Lambavatnsbæjum enda voru þar listasmiðir. Svo var áhald sem margar konur áttu sem hét *perm*. Það var rennt úr beini; a.m.k. það sem ég á, og notað til að gera göt þegar saumaður var svokallaður *enskur saumur*. Mér finnst bera meira á *krosssaumsmyndum* en áður var, og ég held að þar spili nokkuð inn í að húsmæðraskólar hafa verið lagðir niður. Þar var kennd fjölbreytt handavinna t.d. *harðangurssaumur* ofl.

Útselur (n, kk) Halichoerus grypus. Stórvaxin selategund sem útbreidd er báðumegin Atlantshafs. Sést oft í Kollsvík, þó ekki sé hann þar heimaskepna eins og *landselurinn*. Þessar tvær selategundir eru hinar einu sem kæpa við Ísland, og er útselurinn nær tvöfalt stærri en hinn. Fullorðinn brimill getur orðið yfir 3ja m. langur og 300 kg að þyngd. Útselir hafa stórt og langt höfuð, með beinni snoppu ofanaf enni framá trýni, og þekkjast vel frá landsel á svipnum. Selurinn lifir á fiski og getur kafað niður á 70 m dýpi. Hann kæpir helst á illa aðgengilegum stöðum, s.s. í eyjum eða útskerjum. Óværa fylgir selnum, svonefndur selormur eða hringormur, sem verður kynþroska í sel en kemst í fisk í gegnum fæðukeðjuna og veldur töluverðum kostnaði í fiskvinnslu.

Útsendari (l) Sá sem sendur er af tilteknum aðila; erindreki; umboðsmaður. „Hann sagði þessum útsendara að sýslumaður gæti bara komið í eigin persónu ef hann *ætti* eitthvað *vantalað* við sig“.

- Útsetinn með** (orðtak) Gjarn á; leggur í vana; hefur þann ósið. „Hann er útsetinn með að láta sig hverfa þegar mest er að gera, bévítans beinið“.
- Útsetja** (s) A. Færa lag í búning til flutnings. B. *Færa sögu í stílinn*. „Líklega er flugufótur fyrir flestum sögunum hjá honum en hann bætir við og útsetur eftir sínu höfði“.
- Útséð** (l) Komið í ljós; fyrirséð. „Það er ekki alveg útséð með það hvort ég fæ skólavist“.
- Útsigling** (n, kvk) Sigling frá landi.
- Útsirkla** (s) Hnitmiða; finna/reikna út; *sirkla* út. „Hann var búinn að útsirkla það hvenær kindin birtist uppyfir holtið og var þá kominn þangað til að standa fyrir henni“.
- Útsjá** (s) Sjá út; greina; finna út. „Þarna var orðið þéttraðað af netum, en mér tókst að útsjá sæmilegan stað“.
- Útsjón** (n, kvk) Útsjónarsemi; glöggskyggni. „...útsjón urðu þeir að hafa á veður, sjó og strauma, en umfram allt urðu þeir að vera lagnir við stjórn“ (ÖG; minningargrein um AK).
- Útsjónarsamur** (l) Úrræðagóður; naskur á að leysa viðfangsefni. „Nú varstu heldur en ekki útsjónarsamur“!
- Útsjónarsemi** (n, kvk) Glöggskyggni; næmi; hæfileiki til að sjá tækifæri. „Hin fáu slys í Kollsvíkurveri má eflaust þakka gætni og útsjónarsemi þeirra formanna sem þaðan reru“ (HÖ; Fjaran).
- Útskeifur** (l) Með þannig fótastöðu að tær vísa fremur útávið en fram eða innávið. Sjá *innskeifur*.
- Útsker** (n, hk) Sker/ lítil eyja sem er nokkuð frá landi.
- Útskiki** (n, kk) Svæði sem liggur fjarri. „Það tekur því nú varla að slá þennan litla útskika“.
- Útskipun** (n, kvk) Flutningur varnings af landi út í skip. „Eftir að fyrsta pöntunarfélagið í Rauðasandshreppi tók til starfa var saltfiskurinn verkaður heima; pakkaður þar og látinn í útlend flutningaskip sem tóku hann hér á Víkunum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Útskitinn** (l) Kámaður/saurgaður af úrgangi/rusli. „Borðið er allt útskitið eftir langvíuna“.
- Útskíta** (s) A. Gera skítugt/óhreint. „Ertu búinn að útskíta sparibuxurnar drengur“! B. Afleidd merking; tala illa um/til manneskju/málefni. „Hann meinti þetta nú allt vel; það er óþarfi að útskíta það þó illa hafi farið“.
- Útskorinn** (l) Sem búið er að *skera* út.
- Útskrifa** (s) A. Skrifa blað/bók að fullu. „Þessi fjárbók er útskrifuð“. B. Afgreiða vörur í verslun út í reikning. „Aðkomumenn fengu útskrifaðar vörur ættu þeir inneign eða nytu sérstaks trausts“. C. Brautskrá nemanda frá skóla. „Ég útskrifaðist úr landsprófi í Borgarnesi“.
- Útskrift** (n, kvk) A. Endurrit. „Ég fékk útskrift af mánaðarviðskiptunum“. B. Brottskráning frá skóla.
- Útskurðarhnífur / Útskurðarjárn** (n, hk) Áhald með oddhvössu járn, ætlað til *útskurðar*.
- Útskurðarmeistari** (n, kk) Sá sem sker út/ tálgar myndir/listaverk í við; *myndskeri*. „Sigriður á Láganúpi tók við merki föður síns; Guðbjartar á Láganúpi, sem færasti útskurðarmeistari hreppsins á sinni tíð“.
- Útskurður** (n, kk) Listin að skera myndir/skúlpútra í tré. „Sumir fönnduðu með vasahnífnum við útskurð(á kvöldvökum), sem mikið var gert af á báðum bæjunum (á Lambavatni)“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Útskúfa** (s) Gera brottrækan; reka úr samfélagi.
- Útskýra** (s) Lýsa; gera grein fyrir; túlka; skýra út.
- Útskýringar** (n, kvk, fto) Útlistanir; túlkun; lýsing. „Þetta fundust mér furðulegar útskýringar“.
- Útskækill** (n, kk) A. Sepi á skinni/húð sem flegin hefur verið af dýri; skækill. B. Líkingamál; ystu hlutar einhvers, t.d. túns eða landsvæðis.
- Útslag** (n, hk) Rothögg; högg sem dugir; endanlegt högg. Sjá *gera útslagið á*.
- Útslefaður** (l) Með mikla slefu á sér; ataður slefu. „Hann sagðist ekki hafa lyst á að drekka úr bollanum útslefuðum eftir karlinn“.
- Útslitinn** (l) Slitinn að fullu. „Ekki gerir maður þetta eftir að maður er orðinn *afgamall* og útslitinn“.
- Útslíta** (s) Slíta/eyða til fulls. „Ég er að verða búinn að útslíta þessum skóm“.
- Útslægjur** (n, kvk, fto) Heyskapur utan túna/ á útengjum o.fl. Grasgefin svæði fjarri bæjum sem slegin voru til nytja fyrir daga framræslu og véla. Í kringum Kollsvík voru þessar útslægjur m.a. nytjaðar um lengri eða skemmri tíma: Kollsvíkurtó, Hænuvíkurtó, Startjarnir, Kjóavötn og Gormtjörn í Láganúpslandi. Auk þess eru sögur um að slegið hafi verið í flesjum í Breiðnum og í Hnífunum, t.d. í Lambhaga og Undirhlíðarflesi. Í Kollsvíkurlandi hafa útslægjur eflaust verið nýttar í flesjum í efri klettum og sjávarklettum Blakksins. Þá er

vitað að Sighvatsstóðin um miðja efri kletta, framarlega í Blakknum, voru nýttu til fitubeitar áður. Sighvatur hét bóndi sá sem lét sauði síga þar niður að vori og dró upp aftur að hausti. Er það allnokkur fyrirhöfn, en góð beit. „Ef heyskapur heima gekk vel var farið í útslægjur, sem kallað var. Var þá slegið út við Litlavatn og brok við Startjarnir og Langasjó; einnig töðuteigar í Kollsvíkurtó í Vatnadal. Seinast var farið í útslægju um 1940. Fyrir kom að slegið var úti í Breið eða inni á Hlíðum. Það hey þurfti að bera á bakinu um snarbratta hryggi með hengiflug fyrir ofan og neðan. Þetta var harðsótt og hættuleg heyöflun, en menn lögðu ýmislegt á sig til að eiga nóg fóður fyrir skepnur sínar“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Útsmoginn (l) Kænn; innundir sig; slóttugur; bragðvís. „Maður getur illa varað sig á svona útsmognum solumönnum“.

Útsniðinn (l) Um fatnað; víðari að neðanverðu. „Um 1970 voru útsniðin föt mjög í tísku“.

Útsofinn (l) Búinn að sofa nægilega mikið; vel hvíldur í svefni.

Útsog (n, hk) Þegar alda fellur aftur frá landinu áður en ný skellur upp.

Útspekúlerað (l) Paulhugsað; skipulagt. „Þessi kaup eru útspekúleruð og verða fljót að borga sig“.

Útsperrtur (l) Glenntur. „Skatturinn bíður með útsperrtar klærnar eftir að fá sinn skerf af þessu“.

Útspil (n, hk) Það að láta út spil í spilamennsku; aðgerð.

Útspilunarsemi (n, kvk) Eyðslusemi; óhóf. „Mér finnst þetta nú vera óþarfa útspilunarsemi“.

Útsporað (l) Þakið/atað sporum/förum. „Farðu úr skítastígvélunum frammi drengur! Gólfið er allt útsporað eftir þig“! „Þarna á fjallinu var allt útsporað af hjólförum“.

Útspýtt hundskinn (orðtak) Niðrandi líking um þann sem leggur mikið á sig, oft án þess að uppskera umbun/þakklæti. „Ekki veit ég til hvers maður er eins og útspýtt hundskinn að leggja sig fram um þessi samfélagsverk. Það er ekki eins og þakklætið skíni úr hverju andliti“!

Útstáelsi (n, hk) Skemmtanalíf; ólífnaður. „Hann er hverja helgi á einhverju útstáelsi“.

Útsteypur (l) Alsettur; þakinn. „Hlaupabólan var bölváður óþverri. Maður var útsteypur af vessafylltum kláðabólum um allan skrokkinn og gat helst hvorki setið né legið“.

Útstím (n, hk) Útleið í róður á vélbáti. „Við gerum strenginn kláran á útstíminu“. „Ég hafði setið þarna hjá honum á þóftunni flest útstímin síðast liðin tvö vor og sumur...“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Útstraumur / Útstreymi (n, kk) Straumur sem liggur út með landinu. „Er komið var að Látrabjargi segir formaður að nú sé kominn útstraumur og best að leggja upp árar og láta reka út með Bjarginu“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Útströnd (n, kvk) A. Strönd sem liggur utarlega. B. Ytri hluti Barðastrandar og bæir sem þar eru.

Útstunginn (l) A. Úm hlut; útskorinn; grafinn með myndum eða letri. B. Um fjárhús, búið að stinga/moka skán/skít/taði út. „Miðhúsið er útstungið, en ég á norðasta karminn eftir“.

Útstæður (l) Sem stendur út. „Hann var með áberandi útstæð eyru“.

Útsuður (n, hk) Suðvestur. „Alltaf er hann með sama skítinn þegar hann liggur svona í útsuðri“.

Útsunnan (ao) Vindur af suðvestri; útsynningur. „...útsunnan er suðvestan og norðangarður er vitanlega hvöss norðanátt“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Útsvar (n, hk) Gjald hvers íbúa til sveitarsjóðs, ætlað til að standa undir sameiginlegum útgjöldum hreppsins. Útsvari var áður *jafnað niður á niðurjöfnunarfundum*, en er nú hluti af staðgreiðslu skatta.

Útsvara (s) Greiða út; standa undir greiðslum. „Það verður erfitt fyrir hann að útsvara lokagreiðslunni“.

Útsveit (n, kvk) Sveit/hreppur utantil; ytri hluti sveitar. „Til þess að gera tillögur um vegamál í útsveitinni voru þessir menn kjörnir; Þórður Jónsson og Össur Guðbjartsson“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG).

Útsvína (s) *Útskíta; útbía; útata*. „Halinn á kýrinni hafði losnað og hún var búin að útsvína allt kiringum sig“.

Útsynningshraglandi / Útsynningsskítur (n, kk) Suðvestanátt er vanalega úrkomusöm og frekar leiðinleg vestanlands og sunnan.

Útsynningur (n, kk) Suðvestan vindátt. „*Landnyrðingur* (sunnanátt); *útsynningur* (suðvestanátt); *hafnyrðingur* (norðanátt); *austnorðan* (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og *norðaustan* (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÖETH; DE og ÖM).

Útsynningssperringur (n, kk) Hvass vindur af suðvestri; stífur en jafn útsynningur. „Hann heldur enn þessum útsynningssperringi, en er þó úrkomulaus“.

Útsýni (n, hk) Það sem fyrir augu ber, einkum þar sem víðsýnt er; víðsýni. „Útsýni er víða óviðjafnanlegt yfir Kollsvík; t.d. af Blakknesnibbu; Núp; Helluhnjúk; Haugum; Stórafelli; Litlafelli og Hjallabrun“.

Útsæði / Útsæðiskartafla (n, hk) Kartafla sem sett er niður til að fá af henni fleiri kartöflur. „Merktu svo pokann með útsæðiskartöflunum, svo hann ruglist ekki við *matarkartöflurnar*“.

Útsögunarbogi (n, kk) *Útsögunarsög; laufsög; bogasög* með djúpum boga og mjóu fintenntu blaði; til að saga út krossvið og annað þunnt efni. „Gakktu frá útsögunarboganum og klemmuni þegar þú hættir“.

Útsögunarklemma (n, kvk) Plata, lík krústéli í laginu, sem klemmd er með þvingu á borð til að auðvelda útsögun með útsögunarboga; laufsög; útsögunarsög.

Útsögunartæki (n, hk) Áhöld til útsögunar; útsögunarbogi, klemma o.fl. „Fjelagið sá um að drengir innan 14 ára, sem í því voru, hafa komið sér upp garðholuoð ræktað þar jarðepli og selt þau, en fengið sér útsögunartæki og efni fyrir andvirðið“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Útsöluverð (n, hk) A. Söluverð vöru eða annars. B. Lækkað söluverð; tilboðsverð.

Úttala sig um (orðtak) Tjá sig um; segja sinn hug um; ákveða. „Ég úttala mig ekki frekar um þetta að sinni“.

Úttaugaður (l) Örpreyttur; alveg af manni genginn. „En mennirnir voru úttaugaðir orðnir ..“ (MG; Látrabjarg)

Úttekt (n, kvk) A. Það að taka eitthvað út, t.d. hluti úr húsi. B. Það að *taka* vörur frá verslun *út í reikning*, þ.e. gegn lántöku eða skuldajöfnun. Sbr *innlegg*. „Það verður að stöðva úttektir hjá þeim ef hann semur ekki um skuldina“! C. Vörur sem teknar hafa verið út í reikning. „Viltu koma við á Gjögnum og taka úttektina fyrir mig“? D. Mat á t.d. jörð og húseignum.

Úttektargjörð (n, kvk) Úttekt/mat á eignum.

Úttektarnóta (n, kvk) Blað með upplýsingum um það sem tekið hefur verið út, t.d. þegar vörur eru teknar út í reikning.

Úttröðinn (l) Þaninn; alveg fullur; pakksaddur. „Þorskurinn var úttröðinn af síli“.

Úttútnaður (l) Útþaninn; troðinn; *úttorðinn*. „Hann var úttútnaður af reiði og óárennilegur á svipinn“.

Útum (ao) Um stefnu; út fjörð/vík. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjár landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *útum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innnyfir heiði/ inn í fjörð“ . „Það er þéttraðað strengjum hér útum“.

Útum allt / Útum allar jarðir / útum allar trissur / útum allar koppagrundir / útum dittinn og dattinn (ortðök) *Um allar jarðir*; víðsvegar; allsstaðar. „Féð var komið útum allar trissur“. Útum allt voru högl á stærð við fingunögl“. „Þarna var *strjálíngur* af fé útum dittinn og dattinn“. „Þessi saga er komin útum allar jarðir“.

Útundan (ao/fs) A. Út undan. „Ég grillti í skottið á músinni útundan kassanum“. B. Undanskilinn; afskiptur. „Honum fannst, strákgreyinu, að hann væri *hafður útundan* í hópnum“. D. Í *útideyful*/gleymsku. „Það varð útundan hjá mér að kveikja upp í reykkofanum í dag“.

Útundir (fs) Út/úti undir; úti við. „Það er allmikið tré rekið útundir Hreggnesa“ . „Við komumst á bíl útundir Grenjalág“. „Hrífurnar eru þarna útundir veggnum“.

Útundir sig (otðtak) Um mann; íbygginn; séður í viðskiptum; *lætur* ekki allt *uppi*; slægur; brögðóttur. „Þú skalt hafa allt á hreinu í viðskiptum við karlinn; hann er dálítið útundir sig“.

Útungun (n, kvk) Það að klekja/unga úr eggjum.

Útungunartími (n, kk) Tíminn sem það tekur að klekja/unga út unga úr eggjum.

Útúr (ao/fs) A. Út úr/frá/af. Ég er langt kominn með að moka útúr norðasta karminum“. „Hann *narraði útúr* mér bókina“. „Ég get ekkert lesið útúr þessari skrift“! B. Um mann sem er utanvið sig; ruglaður; ofurólvi. „Hann er orðinn dálítuð útúr upp á síðkastið“.

Útúr öllu (orðtak) Eins langt út á sjó og augað eygir; út að sjóndeildarhring. „Ekki vantar sjóveðrið; það er bara rjómabliða útúr öllu“!

Útúrbora (n, kvk) Ófélagslynd/mannfælin manneskja. „Ætlarðu að vera sú útúrbora að mæta ekki í veisluna“?

Útúrboruháttur (n, kk) Mannfælni; hlédrægni; sérvíska. „Óttalegur útúrboruháttur er nú í þér“!

Útúrborulegur (l) Hlédrægur; *mannafæla*; sérlundaður. „Ætlarðu að vera svo útúrborulegur að sitja heima á jólatrésskemmtuninni“?

Útúrdrukinn (l) Pöddufullur; augafullur; á eyrunum/skallanum; dauður áfengisdauða eða því sem næst.

Útúrdúr (n, kk) Aukaferð; krókur; viðbót ferðalags eða annars, sem ekki var upphaflega áætluð. „Við ættum að gá þarna framí lautirnar, þó það sé dálítill útúrdúr“. Kann upphaflega að hafa merkt blund eða viðbótarsvefn.

Útúrkrókur (n, kk) Lykkja/krókur/útúrdúr sem lögð er á ferðalag/ meginstefnu. „Við tefjum okkur ekki við neina útúrkróka“.

Útúrsdagandi / Útúrstandandi (l) Sem skagar/trónir/stendur útúr. „Undirhlíðarnefið, með sínum útúrsdagandi klettaneftum, minnir dálítið á mannsandlit“. „Varaðu þig á þessum útúrstandandi *naglagöddum*“.

Útúrsnúningur (n, kk) Afbökun; hálf sannleikur; rangtúlkun. „Þetta er bara útúrsnúningur á mínum orðum“.

Útvalinn (l) Valinn úr fjölda. Oftast í orðtakinu *marginu eru kallaðir en fáir útvaldir*.

Útvarp (n, hk) A. Tækni til að koma hljóði til skila um langar leiðir með nokun rafsegulbylgna. B. Tæki/viðtæki sem breytir rafsegulbylgjum í hljóðbylgjur. „Svolítill breyting varð á þessu við tilkomu útvarpsins, fyrir jóln 1930. Til að byrja með var aðeins eitt útvarp í Víkinni, og var það haft miðsvæðis í henni; eða á Stekkjarmel“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Útvarpa (s) A. Segja eitthvað í gegnum útvarp. B. Tilkynna mörgum; breiða út sögur/fréttir/slúður. „Það var nú kannski óþarfi að útvarpa því um allar jarðir sem okkur fór á milli!“ C. Kasta út/útbyrðis; kasta á dyr.

Útvarpsbatteri (n, hk) Batterí fyrir útvarp. Fyrstu útvarpsviðtækin voru þurftafrek á rafmagn sem þá var óvída fyrir hendi. „Tvenns konar rafhlöður voru notaðar við útvörp, kallaðar þurrbattery og votabattery. Þurrbatteryin entust nokkuð lengi og síðan voru keypt ný. Þau líktust ofvöxnum vasaljósabatteryum. Votabatteryin eða rafgeymarnir tæmdust og þá þurfti að hlaða þá aftur. Var þá lagt af stað oft yfir langa fjallvegi á næsta bæ sem rafveita var á til að fá hleðslu. Tveir geymar þurftu að vera til svo sá sem fór með tóma geyminn gæti tekið hlaðna geyminn með sér heim. Sumir fengu að hlaða batteryin í rennibekknun hans pabba. Við hann var dýnamór og var svo hægt að stíga rennibekkin (lengi!) og hlaða geyminn“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms).

Útvarpstæki (n, hk) Viðtæki; útvarp. Einkum notað um stór lampatæki sem algeng voru í byrjun útvarpsaldar. „Jól í bernsku minni voru hátíðleg haldin þannig að á aðfangadag kl sex var allt heimilisfólkið samankomið við útvarpstækið að hlýða á aftansöng“ (ÖG; Glefsur og minningabrot).

Útvatna (s) A. Um saltmeti; *leggja í* (bleyti). „Skammt frá var brunnhús; þar var útvatnað fiskur, fugl og kjöt frá öllum bæjum. Hét það Gvendarbrunnur...“ (ÞJ; Örn.lysing Hvallátra). B. Um tunnu eða annað tréilát, láta standa með vatni til að þéttast. „Við þurfum að *slá upp* nokkrar tunnur og útvatna þær“.

Útvatnaður (l) Um saltaðan mat; *afvatnaður* þannig að salthlutfall sé minna.

Útvega (s) Afla; ná í; sjá fyrir. „Hann útvegaði mér þennan fina hákarl“.

Útveggur (n, kk) Veggur í húsi sem snýr a.m.k. annarri hlið út.

Útvegsbóndi (n, kk) Útgerðarmaður sem stundar jafnframt búskap. „Með honum var stórt skarð höggvið í hóp framsækinnna útvegsbænda“ (KJK; Kollsvíkurver).

Útvegsjörð (n, kvk) Jarðeign þar sem sjávarútvegur er stundaður að verulegu marki. „Líklega hafa Láganúpur og Kollsvík báðar verið miklar útvegsjarðir gegnum tíðina, þó ýmist sé talað um Láganúpsver eða Kollsvíkurver“.

Útveggun n, kvk) Það að útvega/skaffa/ koma með. „Hann sá um útveggun á veisluföngunum“.

Útvegur (n, kk) A. Ráð; úrræði; útleið. „Ég sá engan útveg annan í þessu máli en fara algerlega að þeirra vilja“. B. Útgerð. Sbr sjávarútvegur. C. Vegur sem er fáfarnari/afskekkari en annar. „Þeir moka ekki útvegina í þessari viku“.

Útvelja (s) Velja úr. „Þú útvelur þér þá fiska sem þér list á“.

Útver (n, hk) *Ver/verstöð* þar sem aðkomumenn koma á vertíð til útróðra og búa í verbúðum. Útver er það nefnt til aðgreiningar frá *heimveri/heimræði* sem er útræði heimamanna og *viðleguveri*, sem er haft um að aðkomumenn búi á heimabæjum yfir vertíðina.

Útvið (ao) Úti við/hjá. „Kindurnar hanga enn þarna útvið Hólahlíðið“.

Útvigta (s) Skammta með vigtun. „Á lagernum í Gjöggrabúð var aðstaða til að útvigta sekkjavöru, s.s. sykur, hveiti og rúgmél“.

Útvigtað (l) Skammtað með vigtun; vigtað til sölu. „Milljónarfélagið lét reisa salthús í Kollvíkurveri, þar sem sjómenn fengu útvigtað salt gegn viðskiptum við félagið“ (HÖ; Fjaran).

Útvigtnun (n, kvk) Skömmtun með vigtun.

Útviður (l) Um fatnað; víðari að neðan en ofan.

Útvík (n, kvk) A. Vík sem liggur í vestri. „Útvíkur er sérnafn á vikunum milli Látrabjargs og Blakks; Kollsvík, Breiðavík og Látravík“. B. Vestari hluti vikur. „Það er búið að smala Breiðavíkina, en helst gæti þó verið eftir fé í útvíkinni“.

Útvíkka (s) Víkka/rýmka út. „Við þurfum að útvíkka leitarsvæðið“.

Útvíknabúi / Útvíknamaður (n, kk) Sá sem býr í/ kemur frá/ er ættaður frá Útvíkum í Rauðasandshreppi. Sjá *Rauðsendingur*. „Útvíknamenn þóttu stundum sérlundaðir og stífir á sínu, en einnig allra manna hjálpsamastir, dugmestir og útsjónasamastir“.

Útvísa (s) Vísa á; gefa fyrirmæli um. „Ég bjó um mig í í því bæli sem mér var útvísað“.

Útvortis (ao/l) Að utanverðu; á ytra borði líkamans. „Ég held að þetta séu bara útvortis meiðsli“. „Þennan áburð má bara nota útvortis“.

Útvörður (n, kk) Sá sem stendur vörð gegn utanaðkomandi hættu; ystu fyrirbæri. „Látrabjarg er útvörður landsins í vestri“.

Útyfir (ao) Út og yfir. „Tveir smöluðu útyfir Breið en ég fór hlíðina fyrir Breið og smalaði Fjarðarhornið“.

Útyfir allan þjófabálk (orðtak) Umfram allt velsæmi; alltof mikið. „Svona yfirgangur tekur auðvitað langt útyfir allan þjófabálk“! Vísar til viðurlaga fornra laga við þjófnaði; að glæpur sé meiri en svo að þjófabáلكur lögbókar taki til hans.

Útþaninn / Útþembdur (l) Belgdur/kýldur/þaninn út; *útkýldur*. „Nú er maður svo útþembdur af kræsingum að maður er varla fær um að draga fé í rétt“!

Útöndun (n, kvk) Það að anda frá sér; loftun úr rými.

Vað (n, hk) Staður þar sem helst er fært/gengt yfir vatnsfall; staður þar sem farið er yfir á/læk.

Vaða (n, kvk) Torfa af fiski, sel eða hval á sundi. Í seinni tíð er orðið einungis notað um hóp sela eða hvala, en „torfa“ eða „flekkur“ er notað um þéttan fiskahóp á sundi.

Vaða (s) A. Ösla í vatni eða sjó. „Maður í landi býr sig út með ár er hann festir við allöngu snæri. Hann veður fram í sjóinn eins langt og honum fært þykir...“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Verða blautur í fæturna. „Þú kemst ekki á svona lágum stígvélum yfir ána nema vaða í fæturna“. „Þú ert blautur í annan fótinn; óðstu“? Þessi merking orðsins var algeng í Kollsvík frameftir 20.öld, en heyrir vart nú. C. Um fisk; synda í torfu í yfirborðinu, þannig að þar sýnist krauma. D. Ana/æða áfram. „Ég veð ekki inni hús hjá öðrum án þess að vera boðinn inn“. E. Um skip/flúð o.fl; freyða; skvettast. „Nú veður á súðum“. „Það veður á boðanum í ólögum“.

Vaða á (einhverjum) (orðtak) *Vera óðamála; samkjafta ekki*. „Það óð svo á kerlingunni að hún kjaftaði mig alveg í kaf“.

Vaða á súðum (orðtak) Sjá *láta vaða á súðum*.

Vaða á söxum (orðtak) Um siglingu báts, þegar *bógaldan* hleðst upp við *söxin* og er nærri því aðgutla innifir. Notað í líkingamáli um gutmikla manneskju.

Vaða elginn (orðatiltæki) Tala án afláts; vera óðamála. „Það kemur fyrir lítið þó hann vaði elginn um þetta á þingi“. „Hún hélt áfram að vaða elginn, löngu eftir að karlinn var farinn út“. Elgur er krapasull eða vatn, sem menn vilja helst komast yfir sem fyrst; einkanlega í skóbúnaði fyrri tíðar. Líkt er farið þeim sem talar mikið og hratt, án þess að stoppa.

Vaða í fæturna (orðtak) Verða blautur í fæturna. Var í mæltu máli í Kollsvík til skamms tíma en heyrðist ekki annarsstaðar. „Óðstu enn í fæturna drengur! Farðu úr böslunum og finndu þér þurra sokka“.

Vaða í skýjum (orðtak) Um tunglið; vera hulið skýjum öðru hvoru; sýnast flækjast milli skýja.

Vaða í villu og svíma / Vaða í reyk og svíma (orðatiltæki) Upprunalega merkingin er líklega að vera áttavilltur þegar vaðið er í á; á grunnsævi eða í reyk. Algeng afleidd merking er að skjátlast algerlega eða hafa ranghugmyndir. „Þarna veður höfundurinn algerlega í villu og svíma, að mínu áliti“. Oft stytt í „vaða í villu“. „Svími“ er eldri mynd af orðinu „svími“, þ.e. rugl eða skortur á áttun.

Vaða í þoku og reyk (orðtak) Sjá *vaða reyk*.

Vaða ofaní/yfir (einhvern) (á skítugum skónum) (orðtak) Sýna einhverjum yfirgang.

Vaða reyk (orðtak) Skjátlast mjög; *standa í rangri meiningu; vaða í þoku og reyk*; tala án þekkingar; *fara villur vega*. „Nú held ég að þú sért að vaða reyk; þetta gerðist alls ekki með þessum hætti“!

Vaða uppi (orðtak) Um löst sem orðinn er um of almennur/algengur. „Nú vaða uppi allskonar *rassbögur* í íslensku máli sem enginn hefði látið útúr sér *kinnroðalaust* fyrir fáum áratugum“. Líking við fisk sem kemur uppundir yfirborð í torfum í fæðuleit. Sjá *gjör*.

Vaða úr einu í annað (orðtak) *Fara úr einu í annað*; skipta skyndilega um umræðuefni.

Vaða yfir (einhvern) / Vaða yfir (einhvern) á skítugum skónum (orðtak) Viðhafa mikinn ágang; sýna ágengni/yfirgang. „Ég læt ekki svona *skítseiði* vaða neitt yfir mig á skítugum skónum“!

Vaðall (n, kk) A. Vatn, lækur eða krapaelgur sem unnt er að vaða yfir. B. Mikil dögg í grasi; mikið áfall á jörð. „Farðu í stígvél ef þú ætlar fram á sléttur; það er töluverður vaðall“. C. *Kjaftavaðall*; málæði. „Skelfilegur vaðall er þetta í honum“! „Það stoppar ekki kjaftavaðallinn í honum“.

Vaðalsblautt (l) Forblautt; rennandi blautt; mjög rakt. „Það þýðir ekkert að setja heyið svona vaðalsblautt í gryfjuna; við skulum láta renna úr því smástund á vagninum“.

Vaðandi (n, kk) A. Mikil bleyta á jörðu; mikið náttfall. Sjá einnig *fossvaðandi*. „Ég byrja ekkert að slá fyrr en hann hefur tekið upp mesta vaðandann“. B. Svo mikill sjór að brotnar úr báru. „Það var orðinn hálfgerður vaðandi þarna frammi, svo við fórum bara í strengina uppundir“. C. *Kjaftavaðall*; málæði. „Það var slíkur vaðandi á frambjóðandanum að ég náði varla að stinga inn aukateknu orði“! „Mikið leiðist mér þessi vaðandi í fjölmíðlum um hollívúddmyndir og kóngapakk“.

Vaðandi (l) Blautt um; *öslandi* í yfirborðinu. „Það er vaðandi síld um allan sjó“. „Við verðum að bíða með að breiða; það er ennþá vaðandi náttfall“.

Vaðandi (n, kk) Mikil bleyta í grasi/ á jörð; *vaðall*. „Farðu nú í stígvél; þú verður annars *drullublautur* í fæturna í vaðandanum“!

Vaðandi blautur (orðtak) Vaðalsblautur; forblautur; rennandi blautur. „Hafðu nú tíkina frammi; hún er vaðandi blaut“!

Vaðandi brim (orðtak) Mikið brim; mikill sjógangur við strönd. „Það þarf að gæta vel að fé í fjörunni í þessu vaðandi brimi“.

Vaðandi fiskur (orðtak) Mikið um fisk í sjó; mikil veiði. „Hér er bara vaðandi grásleppa“!

Vaðarauga (n, hk) *Festarauga*; *siglykkja*; lykkja á enda sigfestar. „Vaðarauga kallast á enda kaðalsins. Hann er lagður tvöfaldur á svona þriggja metra ængd og endinn splæstur niður. Þarna er komin löng lykkja; vaðarauga. Sigarinn bregður knappfelli á vaðaraugað og rennir að mitti sér; og síðan bregður hann hálfu hnútsbragði (hestahnútsbragði) á vaðinn fyrir framan sig, og bregður síðan þessari lykkju yfir um sig, þannig að hún fer undir rassinn að aftan, en bragðið herðist að við knappfellykkjuna að framan, sem áður var komin og þannig að framhald vaðarins veit niður úr hnútnum. Seinna bragðið kemur í veg fyrir að herðist til óþæginda að fyrri bragðinu. Nú situr maðurinn í tvöföldum kaðlinum þegar hann hallar sér aftur. Hann verður stöðugt að halda annarri höndinni um vaðinn fyrir framan og ofan sig til að halda jafnvægi í siginu, og hann hefur ekki nema aðra höndina lausa meðan hann er á lofti. Bindingin tekur ekki nema eina eða tvær mínútur“ (MG; Látrabjarg).

Vaðarendi (n, kk) Endi á vað/festi; festarendi. „Undirsetumaður við enda vaðs hafði góðan spotta af vaðarendanum ofan við sig. Hann sparkaði sér góðar holur með hælum; settist svo hann sneri að brún; brá lykkju af vaðnum utanum sig og hélt báðum þáttum tryggilega saman framan við sig“.

Vaðarhald (n, hk) Veiðarfæri/handvaður fyrir hákarlaveiðar.

Vaðarhjól (n, hk) Hjól sem sett er á bjargbrún til að vaður renni lipurt um hana. „Það sem kallast í einu lagi vaðarhjól er ekki ósvipað mjórri hjólbörugrind með sinni þverslanni undir hvorum enda. Ánegldaar kinnar úr fjalarbútum hækka upp þann enda grindarinnar sem að brúninni snýr. Á járnás sem gengur í gegnum kinnarnar leikur skoruhjól úr harðviði. Þetta hjól er 7-8cm þykkt og 15-20cm í þvermál. Vaðurinn er svo látinn leika á skoruhjólinu þegar sigið er. Grindinni er svo valinn sléttur staður fram við brún, og þarf hjólið helst að vera það framarlega að vaðurinn nuggist ekki að ráði við klettinn. Í grindarendann sem frá brúninni veit, er bundin nokkurra metra taug, og er hún strengd í hæl sem rekin er niður í svörðinn spöl frá brúninni. Er þá tryggt að grindin getur ekki hrokkið framaf þó að hún raskist til“ (MH; Látrabjarg)

Vaðarhlutur / Vaðhlutur (n, kk) Aukahlutur (dauður hlutur) sem skipt var út af eggja-/fuglatekju eftir bjargferð fyrir afnot af bjargvað. „Á Látrabjargi fékk hver brúnamaður einn hlut, en sigamaður tvo; annar var áhættuhlutur. Bjarghlutur (berg tollur/landshlutur) var einn og sömuleiðis vaðarhlutur“ (LK; Ísl sjávarhættir V). „Í seinni tíð hafa vaðir ekki verið eins vandfengnir og því ekki verið tekinn fyrir þá hlutur. Hinsvegar hefur stundum verið skipt út dauðum hlutum fyrir bíl eða bát, leggi einn það til öðrum fremur“ (VÖ).

Vaðarhæll / Vaðarpollur (n, kk) Hæll/pollur sem notaður er við bjargferðir. Í björgum vestra tíðkaðist það stundum að einn maður fór í kletta til eggja með ílát, *vaðarspotta* og einn hæl/poll. Pollurinn var rekinn niður í jörð ofanvið *niðurgönguna*; spottanum fest tryggilega þar á, og síðan var farið í lás niður í egglandið, með fötu á handlegg. Til skamms tíma mátti sjá vaðarpoll ofan Gorgánshillu í Keflavíkurbjargi, sem þar var upphaflega settur af KJK á Grundum.

Vaðarlengd (n, kvk) Lengd á bjargvað. Hæð af brún og niður í stað í bjargi var oft mæld í tugum faðma af vað sem þurfti til síga þangað niður. „Áður en lauk vorum við komnir það langt niður í Bjargið að þraut sextugan vað sem við höfðum fest um stein eða bjargnibbu á grasganginum, þar sem við byrjuðum fuglatekjuna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Vaðarspotti / Vaðspotti (n, kk) Stuttur vaður; gildur bandspotti. „Ég skal bera vaðarspottann“.

Vaðast upp (orðtak) Um jarðveg/stíg/veg/undirlag/moldargólf; verða sundurdráfað vegna ágangs.

Vaðbein (n, hk) *Vaðbeygja* úr beini sem áður tíðkaðist að setja á borðstokka báta.

Vaðberg (n, hk) A. Bjarg sem farið er um í vað, til fyglinga eða eggja. Þessi merking orðsins er þó löngu aflögð. B. Staður á bjargbrún, þar sem vel sést til sigmanns í vað niðri í bjarginu. Oft nefnt *varðberg*, *sjá vera á vaðbergi/varðbergi*.

Vaðbergismaður (n, kk) Gægjumaður; varðbergismaður; maður sem hefur gætur á sigara í bjargsigi og er tengiliður hans við þá sem eru á brún. „*Vaðbergismaður/gægjumaður* er kominn á sinn stað; til hliðar frammi á snös þar sem best sést til mannsins í siginu“ (MG; Látrabjarg).

Vaðbeygja (n, kvk) Stykki, oftast úr viði eða beini áður fyrr, en nú úr málm/plastefnum, sem sett er á borðstokk báts til að færið renni liðugt um hann og valdi ekki skemmdum. „Almenn venja var það ... að láta færið leika í tiltelgdum trjábut er nefndist vaðbeygja. Var hún oftast úr hörðum viði, sívöl að neðan og rekin í gat sem var á borðstokknum“ (Tímaritið *Ægir* 1942). „Vaðbeygjurnar voru einatt úr góðum viði, eski eða eik“ (GG; Skútuöldin). „Á öllum handfærabátum var brák/vaðbeygja, oft með krossmarki. Hún var af mörgum gerðumog í henni var vaðskora“ (LK; Ísl sjávarhættir IV). Elsta vaðbeygja landsins er líklega sú sem fannst á báti í Vatnsdalskumlinu, en hún er talin vera frá landnámstíð og var líklega fyrir stjórafæri.

Vaðbundinn (l) *Bundinn á vað*; festur í taug. Einkum notað um mann sem veður út í sjó eða á t.d. til að aðstoða bát eða menn. Menn í landi halda þá í hinn enda taugarinnar og draga í land ef með þarf.

Vaðburður (n, kk) Um seglabúnað báts; band sem fest er á segrána; liggur niður seglið að utanverðu (hlémegin) og haldið við það kulmegin. Með því að toga í það mátti hleypa vindi úr seglum ef skipið þoldi illa mikla siglingu. „Seglið var *alrifað* og aukið við *kulbandi*; kallaður vaðburður“ (JE; Trýnaveður; Því gleymi ég aldrei).

Vaðbyrgi (n, hk) Sérstakt byrgi eða skýli sem hlaðið var á bjargbrún og einkum ætlað til geymslu á sigvað, en var einnig nýtt til geymslu á eggjum og öðrum bjargfeng; ílátum o.fl. meðan bjargtíð stóð yfir. Enn má t.d. sjá leifar vaðbyrgis ofan við Stíg á Geldingsskorardal. „Oft varð að gera hlé á fuglatekjunni vegna votviðra... Vaðirnir voru skildir eftir úti á bjargbrún til að þurfa ekki að flytja þá fram og til baka. Vaðbyrgi voru áður fyrr byggð á bjargbrún nær aðalsigstöðum. Þetta voru litlir kofar með helluþaki. Inni var ás uppi undir rjáfri að endilöngu, og voru vaðirnir gerðir uppá hann þegar þeir geymdust úti á Bjargi í hléum. Vaðir máttu ekki geymast rakir og allra síst á jörðinni. Fuglabyrgi voru af sömu gerð og vaðbyrgin, og voru höfð til að geyma í fugl þegar ekki hafðist undan að flytja heim. En fuglinn þurfti að verja fyrir vörgum. (MG; Látrabjarg; frás. Daniels Eggertssonar; Hafliða Halldórssonar o.fl.)

Vaðdráttur (n, kk) Hlutir, t.d. fiskseil eða eggjakútur, eru dregnir á vaðdrætti til lands eða upp kletta, þannig að haldið er við með *leynivað* aftur af því sem dregið er, svo unnt sé að draga *tíldrátartbandið* til baka.

Vaðfugl (n, kk) Flokkur fugla sem einkennist af háum fótum, yfirleitt án sundfítja. Vaðfuglar leita sér oftast fæðu í votlendi eða á fjörum.

Vaðglöggur (l) A. Um skakveiði; næmur að finna hvenær fiskur nartar við beitu og hvenær veiði er á krókum. Menn eru mjög misjafnlega vaðglöggir. Sumir virðast greina ef fiskur nartar við krók; jafnvel hvaða fisktegund það er, meðan aðrir geta skakað löngum með þverhúkkaðan titt á færinu. B. Um *brúnamann/hjólmann* í bjargsigi; næmur að finna merki frá sigara og hvernig honum gengur sigið. Mikilvægi þess er undirstrikað í þessari vísu sem kveðin var á brún Látrabjargs forðum: „*Festarhari* hugrakkur; / hraustur snar og fljótur; / vertu bara vaðglöggur, / *viðris skora* njótur“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá *festarhari* og *skorarviðri*.

Vaðhlutur (n, kk) *Vaðarhlutur*.

Vaðhorn (n, hk) A. Fremsti hluti fiskkviðar, frammi við lífoddann. B. Þunnildi og þunnildisbein af lúðu. Upprunalega líklega notað um festu sem fá mátti fyrir band á þunnildisbeininu til að innbyrða lúðuna eða seila hana. Í síðari tíð notað um bita, en mikilvægt var að skipta rétt því lostæti sem lúðan er. „Sá sem dró lúðu fékk alltaf af henni óskipt vaðhornið og sporðinn. Þegar búið var að rista fyrir uggum, *rafabeltunum*, var rist fyrir flökum, þannig að einn skurður var ristur eftir endilöngum hrygg; frá haus og aftur í þverskurð á sporði. Síðan var flakið rist um þvert aftan við kviðarhol. Þessi biti, beggja megin með þunnildisbeini, var nefndur vaðhorn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Kviðarstykkið var kallað vaðhorn en sporðestykkið blaka“ (PJ; Barðstrendingabók).

Vaðhornsbein (n, hk) *Angiljubein*; bein í fiski, sem marka framjaðar vaðhornsins, aftanvið tálknopið.

Vaðkeipa (n, kvk) Skurður sem skorinn er þvert yfir neðra borð þorskhauss, framanvið tungubeinið, til að unnt sé að stinga þar fingri í þegar hausað er.

Vaðkeipa (s) Varkjafta; skera neðan í haus á fiski til að ná betra haldi við hausun. „Að lokinni slægingu var vaðkeipað/vaðkeft/varkjaftað; haldið með vinstri hendinni utanum kjálkann og skorið með þeirri hægri yfir gelluna fyrir framan tungubeinið. Var það gert til að hægt væri að stinga þumalfingri í vaðkeipuna þegar hausað var, eða allri hendinni þegar hausinn var losaður frá bolnum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Vaðkeppa (n, kvk) Bragð/skurður sem skorið er í steinbítshaus til að betra tak náist á honum við slægingu. „Dráttarmaður tók síðan með vinstri hendi upp í kjaft steinbítsins; slengdi honum út á borðið, greip hnífinn í þá hægri; skar þverskurð/vaðkeppu fyrir framan tálknin; kom fingrunum þar í gegnum svo að fengist gott hald; stakk síðan hnífnum fram við háls og risti kviðinn í einu hnífbragði aftur að gotrauf. Að því búnu setti hann hnífinn á milli tanna sér meðan slógið var slitíð úr, sem allt fór fyrir borð nema gormurinn/steinbítsgormurinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Líklega sama orð og annarsstaðar var sögnin að *vaðkeipa/varkjafta*, án þess að um það verði hér fullyrt.

Vaðlaus (l) Án vaðs/sigtaugar; *bandlaus*; *spottalaus*. „Stundum stálumst við eftir eggjum norður í Núp... Við förum vaðlausir niður...“ (Halldór Ólafsson; Útkall við Látrabjarg).

Vaðmál (n, hk) Voð/efni sem ofið hefur verið í vefstól. Vaðmál er þykkofið í kljasteinavefstól, með skávend og var notað í ýmiskonar klæði, ábreiður, tjöld og segl. Á tímum vöruskipta frá landnámstíð framum 1300 var vaðmál oft sjálfmál sem við var miðað, og var verðeining þess alin. Á þjóðveldisöld jafngiltu 120 álnir einu kýrverði. Vaðmál var líklega helsta útflutningsvara Íslendinga frá 12.öld fram á 14., er skreið tók þann sess. „Vaðmál til fatnaðar á heimilisfólk voru framleidd í íslenskum sveitum frá landnámi og fram um 1940“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *tóvinna*.

Vaðsteinn (n, kk) Steinn sem notaður er sem sakka á færi eða hákarlasókn. Vaðsteinar í Kollsvík voru brimsorfir fjörusteinar, oftast nokkuð aflangir og sumir flatir og sporöskjulagaðir. Ýmist var gert á þá göt eða höggvin kringum þá rauf til að tryggja örugga festu á færið. „Skkurnan voru oftast úr blágrýti og nefndust vaðsteinar. Þóttu henta til slíks sæbarðir fjörusteinar, 4-5 pund að þyngd, og var höggvin í þá rauf þar sem færinu var fest“ (GG; Skútuöldin).

Vaðstígvél (n, hk, fto) Stígvél sem halda vatni, og því unnt að vaða í án þess að blotna í fæturna. Gúmmistígvél urðu fyrst almenningseign á 20.öld og er það líklega ein mesta bylting sem orðið hefur í klæðnaði og heilsubót landsmanna á síðari tímum. Nútímafólk á líklega erfitt með að ímynda sér þá vösbúð sem fylgir því að vera sífellt blautur í fætur þegar farið er útfyrir hússins dyr.

Vaðstuðningur (n, kk) Stuðningur af vað í bjargferð. „Er ekki betra að vera með vaðstuðning þarna niður“?

Vaður (n, kk) A. Tóg sem notuð er til bjargsiga; *bjargtóg*; *bjargvaður*; *mannavaður*; *sigvaður*; *sigtóg*. Orðið var ekki notað í annarri merkingu á svæðinu í seinni tíð. „Vaðurinn hefur nú verið rakinn frá brúninni og *hjólmaður* kallar *dráttarfólkið* á vaðinn. Fólkíð sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. Hann *situr undir*, sem kallað er; lætur vaðinn renna yfir læri sér... *Vaðbergsmáður/gægjumaður* er kominn á sinn stað...“ (MG; Látrabjarg). B. Hákarlavaður; lagvaður; veiðarfæri til hákarlaveiða. Sjá *hákarl*.

Vaf (n, hk) A. Það sem vafið er. B. Reifar/fetlar sem hlutir voru gjarna bornir í fyrr á tíð. Af því er komið orðtakið að eitthvað sé *þungt í vöfum*. C. Vafningar einangraðs vírs til myndunar rafsegulspólu.

Vafa undirorpið / Vafabundið / Vafaefni (orðtak) Vafasamt; vafamál; *orkar tvímælis*. „Það er vafa undirorpið hvort hann á nokkuð í jörðinni“. „Ég tel það vafabundið að hann nái kjöri“. „Þetta er varla neitt vafaefni“.

Vafaatriði / Vafaefni / Vafamál (n, hk) Mál sem vafi leikur á um; málefni sem véfengt er.

Vafagemlingur / Vafagemsi / Vafagepill (n, kk) Viðsjárverður maður; ólíkindatól. „Hann hefur löngum verið talinn vafagemlingur í pólitíkinni blessaður; sífellt hlaupandi á milli flokka“.

Vafakind / Vafalamb / Vafamark (n, kvk/hk) Kind/lamb með vafamarki/óljóst mark sem krefst sérstaks úrskurðar. „Vafakindur og vafalömb koma stundum á réttir og þarf þá markaglöggan mann til að skera úr um vafamörkin“. „Allmiklar umræður urðu vegna skila á vafalambi sem sent var af Breiðavíkurrétt á Rauðasandsrétt; slátrað og lagt inn á sérstakan reikning“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Vafalaust (l) Eflaust; án vafa; örugglega. „Hann hefur vafalaust farið að gefa fénu ef hann er farinn út“.

Vafalítið (l) Án mikils vafa; nær örugglega; efalítið. „Ég tel það vafalítið að svona liggi í málinu“.

Vafamál (n, hk) *Vafaatriði*; *vafaefni*; *efamál* mál sem ástæða er til að efast um. „Það er ekki nokkuð vafamál að tréð hefði tekið út aftur ef ég hefði ekki velt því upp“.

- Vafasamt** (l) Óvíst; hæpið; ekki miklar líkur á. „Hann taldi það vafasamt að unnt yrði að ná kindinu úr sveltinu“. „Svona aðferðir þykja mér nokkuð vafasamar“.
- Vaffla** (n, kvk) Flatt kaffibrauð sem bakað er í sérstöku vöfflujárni, þar sem það klemmist milli tveggja járnplatta, svo í því myndast sérkennileg tíglamynstur. Gjarnan borðað heitt með sultu og rjóma. Nafnið helgast af því að hringlaga kakan skiptist í nokkra v-laga geira með sporum. Innfluttur síður frá 19.öld.
- Vafi** (n, kk) Efi; óvissa; það sem ekki er öruggt.
- Vafinn** (l) Sem búið er að vefja.
- Vaflast fyrir** (orðtak) Flækjast/þvælast fyrir.
- Vafningalaust** (l) Án málalegninga/erfiðis/aukaverka. „Þetta ætti að geta gengið vafningalaust á þennan hátt“.
- Vafningaminnt** (l, est) Fyrirhafnarminnt; vafstursminnt. „Það er vafningaminnt að gera eina ferð að því“.
- Vafningar** (n, kk, fto) Vesen; vafstur. „Hann hafði enga vafninga á því heldur tók í miðsnesið á nautinu og sneri það niður á augabragði“.
- Vafningasamt** (l) Viðamikið; fyrirhafnarmikið; flókið. „Mér fannst æði vafningasamt að fara eftir þessum *serimoníum*, svo ég notaði bara mínar eigin aðferðir, sem flýtti mjög fyrir“.
- Vafningur** (n, kk) A. Vefja; bragð; vaf; flétta; umferð. „Ég tók nokkra vafninga af umbúðunum til að létta á sárinu“. B. Undanbrögð; málalengingar. „Hann skilaði mér hnífnum án nokkurra vafninga“.
- Vafra** (s) *Eigra*; ganga í rólegheitum; röltu. „Einhver túristi er að vafra niðri við sjó“.
- Vafs / Vafstur** (n, hk) Vesen; fyrirhöfn. Það er óttalegt vafstur að bera aflann af áður en báturinn er tekinn upp“.
- Vafsa / Vafsast / Vasast** (s) *Vesenast*; *amstra* með. „Hann hefur lengi verið af vafsast í þessum málum, en ekki náð árangri fyrr en núna“. „Einhver þarf að vasast í þessu; það gerir sig ekki sjálf!“
- Vafstra / vafstrast** (s) Vinna; basla; úðra. Hann er eitthvað að vafstra með bílinn inni á verkstæði“.
- Vafstur** (n, hk) Fyrirhöfn; vesen; umstang. „Ég fer nú að hætta þessu vafstri í stjórn félagsins“.
- Vafstursamt** (l) Mikil fyrirhöfn; mikið umstang; erfitt. „Það hefur verið ári vafstursamt að koma þessu í gegn“.
- Vafsturslítið** (l, est) Fyrirhafnarlítið. „Vafstursminnt er að setja bátinn með aflanum í“.
- Vafurlogi** (n, kk) Fyrirbæri úr þjóðsögum; logi sem á að leika uppaf þeim stað sem gull er fólgið undir. „Gömul munnmæli sögðu að í Álakeldu væri fólgið fé; líklega vegna þess að þar sáust vafurlogar“ (Jón Guðmundsson; Örn.skrá Stakka).
- Vag** (n, hk) Vaggandi göngulag; það að vaga; kjag. „Maður þreytist á þessu vagni í stórgrýtinu“.
- Vaga** (s) Kjaga; ganga rólega með vaggandi hreyfingum. „Hún sagðist ætla að reyna að vaga herna upp á bæjarhólinn, þó hún væri orðin frekar seinfær til gangs“.
- Vaga (róa) í spikinu** (orðtak) Vera mjög feitur/spikaður. „Á vissan hátt má líta á það sem forréttindi að þuða við sveitastörf og sjósókn í stað þess að sitja á skrifstofu, vagandi í spikinu“.
- Vagg** (n, hk) Rugg; vag. „Það er dálítið vagg í þýfinu; það þarf að aka varlega með hlaðinn heyvagninn“.
- Vagga** (n, kvk) Rúm ungbarns. Sjá *frá vöggju til grafar*.
- Vagga** (s) Róa einhverju til og frá; hreyfa fram og til baka. „Mér tókst að vagma steininum til hliðar“.
- Vagl** (n, kk) Dvergur; stutt lóðrétt stoð milli loftbita og mæniáss. Annarsstaðar á landinu var heitið notað um raft sem lagður var ofaná eða milli mæniása.
- Vagl** (n, hk) A. Ský á auga. B. Eyrnamark sauðfjár; stig; vaglskorið. Særing í jaðar eyrans sem líkist bita, en lárétt í neðri hluta bensins. Ekki mikið notað vegna hættu á að sé mistekið fyrir bita.
- Vagn** (n, kk) A. Barnavagn. B. Heykerra; heyvagn; mælieining á heyi. „Það komast í mesta lagi tveir vagnar enn í hlöðuna“. C. Gæluheiti á bíl. „Skrambi ertu kominn á glæsilegan vagn“!
- Vagnfarmur / Vagnhlass** (n, kk/kvk) Farmur á vagni, t.d. *heyvagni*.
- Vaka** (n, kvk) A. Það að vera vakandi. „Það hafa verið allmiklar vökur yfir sauðburðinn“. B. Sá tími sólarhringsins að vetrarlagi frá því að ljós voru kveikt og fram að háttatíma; kvöldvaka. C. Sá síður fyrrum að vaka/halda heilagt fyrir ákveðnar kirkjuhátíðir, s.s. Jónsvöku, Bótólfsvöku, Ólafsvöku og Lafransvöku. Vakan hófst að nóni dagin fyrir messudaginn og stóð fram að messunni.
- Vaka** (s) A. Vera ekki sofandi. B. Bera fyrir; bera yfir. „Þegar farið er fyrir Grímssonatangana um *lágsváða* þarf Háanesið að vaka ljóst fyrir, þar til komið er á móts við Gjörgrabyggju“.
- Vaka fyrir (einhverjum)** (orðtak) Vera ætlun/fyrirætlun einhvers. „Ég veit ekkert hvað fyrir honum vakir“.

- Vaka niður fyrir fiski/hákarli** (orðtak) Veiða fisk/hákarl niður um vök á ísi. Var ekki gert í Kollsvík svo vitað sé, en orðtakið var þekkt.
- Vakandi auga** (orðtak) Góð gát, *vökult auga; árvekni*. „Hafðu vakandi auga með barninu meðan ég bregð mér frá“. „Þið verðið að hafa vakandi auga með þessum árans túnrollum strákar; þær eru lúmskari en andskotinn“.
- Vakinn og sofinn yfir** (orðtak) Um samviskusemi; gætir/sinnir mjög vel; er samviskusamur með; ástundar vel. „Hann er vakinn og sofinn yfir þessu verkefni“.
- Vakk** (n, hk) Rölt; reik; stefnulaust ráp. „Hann er þarna á vakki niðri á Bökkum, sýnist mér“.
- Vakka** (s) Reika; eigra; vokka; ráfa. „Ég ætla að vakka herna niður í melaskörðin og gá að lambé“.
- Vakka (vokka) yfir** (orðtak) Gefa gætur; vera nálægur. „Mér sýnist að hrafnninn sé að vakka yfir hraei í Mýrunum“. Einnig orðtakið að vera á *vakki/vokki*. „Undir vakkar ógnin flá;/ aldan makka hringar./ Yfir hlakka heljarspá/ hríðarklakkar lofti á“ (JR; Rósarímur).
- Vakna** (s) Hætta að sofa; *losa svefn*. „Honum verður lítið úr verki ef hann vaknar ekki fyrr en um miðjan dag“!
- Vakna af værum blundi** (orðtak) Vakna eftir góðan svefn. „Þegar ég vaknaði af værum blundi voru þeir farnir“.
- Vakna fyrir allar aldir** (orðtak) Vakna mjög snemma. „Hann vaknaði fyrir allar aldir; gekk út að míga og fór svo að huga að nestinu“.
- Vakna með andfælum / Hrökkva upp með andfælum** (orðtak) Vakna harkalega/snögglega/óþægilega; rjúka upp úr djúpum svefni. „Ég vaknaði með andfælum þegar mér fannst allt *stefna í óefni* í draumnum“. Orðið andfætur tíðkast ekki í dag nema í þessu samhengi. Líklega er merking þess sú sama og að *gripa andann á lofti*; þ.e. hið ósjálfráða viðgragð að draga andann snöggt og halda honum í sér þegar manni verður *bilt við*.
- Vakna til lífsins** (orðtak) Vakna; lifna við; færast líf/fjör í; *rakna úr rotnu*. „Mér sýnist að lambkægillinn sé eitthvað að vakna til lífsins; hann kannski *hefur* þetta *af*“.
- Vakna til vitundar um** (orðtak) Gera sér ljóst; verða meðvitaður um. „Menn vöknuðu ekki til vitundar um skaðsemi þess að brenna kol og olíu fyrr en í algert óefni var komið“.
- Vakna tímanlega / Vakna fyrir allar aldir** (orðtök) Vakna snemma. „Að loknum málsverði er lagst til svefns en vaknað tímanlega að morgni og tekið til starfa“ (PG; Veðmálið).
- Vakna (upp) við vandan draum** (orðtak) Átta sig skyndilega á að í óefni er komið; sjá sitt óvænna. „Ég vaknaði upp við vandan draum þegar til átti að taka; saltið var á þrotum“!
- Vakt** (n, kvk) A. Það að vaka; vaka. B. Varsla; gæsla; varðstaða. C. Vinnulota. Einkum notað þar sem menn skiptast reglulega á um að vinna og hvílast, t.d. í vaktavinnu. T.d. næturvakt; hundavakt.
- Vakta** (s) Gefa gætur; hafa vakandi auga með; fylgjast með.
- Vakúmsalt** (n, hk) Mjög fingert salt, unnið úr hreinsaðri saltupplausn og laust við óhreinindi. Notað t.d. við söltun grásleppuhroga í kaviar og í saltketsverkun eftir að völ varð á því.
- Vala / Völubein** (n, kvk/hk) Bein/kjúka úr fæti sauðkindar. Hún var notuð fyrrum til að vinda garn uppá, og sem leikfang barna. „Völubeinið var spákona. Spákonan var tekin í lófa sér; henni velt nokkrum sinnum undir hendinni, uppi á höfðinu og hafður yfir eftirfarandi formáli: Vala, Vala spákona, segðu mér það sem ég spyr þig að. / Ef þú segir satt skal ég gullinu gleðja þig og silfrinu seðja þig./ Ef þú lýgur skal ég henda þér í koppinn eða brenna þig“. Síðan kom spurningin. Síðan var spákonan látin skoppa af kollinum, ofaná gólf og skoðan hvernig hún sneri. Ef grófin sneri upp var svarið já; ef bungan sneri upp var svarið nei. En ef spákonan lá á hlið þá var annaðhvort að hún vissi ekki svarið eða vildi ekki segja það“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).
- Valborgarmessa** (n, kvk) Messudagurinn 1.maí, sem í kaþólskri tíð var haldinn hátíðlegur til minningar um ensku nunnuna Valborgu. Hún var abbadís í Þýskalandi á 8.öld, en heitið var á hana til verndar gegn göldrum.
- Valbrá** (n, kvk) Meðfæddur rauður/rauðblár flekkur í andliti manneskju. Nafnið mun komið af þeirri þjóðtrú að kona eignaðist barn með valbrá ef hún borðaði fugl sem valur hafði grandað.
- Vald** (n, hk) Máttur; geta; yfirráð; veldi.
- Valda** (s) A. Vera orsök; orsaka. „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn,/ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því“? ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). B. Ráða við; vera fær um. C. Í skák; vernda tafmann.
- Valda hrífu** (orðtak) Mælikvarði á það að barn, sjúklingur eða gamalmenni væri vinnufært var það að hann/hún gæti valdið hrífu; þ.e. rakað heyi með hrífu. Sjálfsagt þótti áður fyrr að börn tækju fullan þátt í búverkum og öðru sem gera þurfti, um leið og þau voru fær um það; en þó gættu góðir foreldrar og húsbændur þess að

ofgera þeim ekki og gefa góðan tíma til leikja. „Við heyskap var stundum unnið langt fram á haust; allt eftir því hvernig veðurfarið var. Til þess þurfti mikinn mannskap og börnin voru líka látin vinna allt frá því þau gátu valdið hrífu“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Valdboð (n, hk) Fyrirskipun þess sem valdið hefur.

Valdsmannslegur (l) Sýnir vald/yfirráð. „Heldur þykir hann vera orðinn valdsmannslegur eftir að hann varð forstjóri. Þeir segja að það rigni niður í nasirnar á honum núorðið“!

Valdsmannsval (n, hk) Val á valdamiklum manni. „Embættið náði til þessara sýslna, en ekki var embættisfærslan erfið né vandasöm. Þá var valdsmannsvalið engum annmörkum háð. Aðeins þeir sem í fyrsta skipti í Verinu komu til greina“ (KJK; Kollsvíkurver).

Valdstjórn (n, kvk) Stjórnvald; opinbert framkvæmdavald. Orðið er oft nú á dögum einskorðað við lögregluvald, sem þó er þröngsýni og styðst ekki alfarið við fyrri tíðar notkun.

Valdsvið (n, hk) Það svið/svæði sem tiltekið vald nær til.

Valdur að (orðtak) Eiga sök á; orsaka. „Steinunn og Bjarni dæmdust vera völd að dauða Jóns og Guðrúnar“.

Valfrelsi (n, hk) Frelsi til að velja.

Valinn maður í hverju rúmi (orðtak) Um vel skipað lið; um hóp úrvals manna. „Björgunina við Látrabjarg má einkum þakka því að þar var valinn maður í hverju rúmi“. Hér er átt við rúm báts.

Vallgangur (n, kk) Kúkur; saur; hægðir. „Nú er orðið vallgangur lítið notað, svo og sú landbúnaðarhagfræði sem það vísar til. Sumsé að menn gengu út á völl og nýttu þennan ágætis áburð til að auka sprettu“. „Orðið vallgangur sýnir þér hvar til fornmennt hafi nýtt þau saurindi“ (BH; Atli).

Valgerðast í (einhverju) (orðtak) Róta í einhverju, þannig að óreiða myndist. Líkt og ýmis önnur seinni tíma orðtök í Rauðasandshreppi má rekja uppruna þessa til GJH á Hnjóti. Hann var lengi kaupfélagsstjóri Sláturfélagsins Örlygs og sá um afgreiðslu í sölubúð þess á Gjögurum. Viðskiptavinir vildu íðulega fá að skoða þann varning sem þar var fánlegur, jafnvel áður en þar var sett upp kjörbúð kringum 1970. GJH þótti viðskilnaður eftir slíkar rannsóknir ekki alltaf góður og mun hafa valið verknaðinum þetta heiti í höfuð eins viðskiptavinar, sem hér skal ekki greindur frekar. Var hún þó ekki lakari en aðrir í slíkri umgengni. Hreppsþúar voru fljótir að grípa orðaleppinn og hefur hann síðan verið notaður yfir hverskonar grúsk manna sem veldur óreiðu að mati annarra. „Hættu nú að valgerðast í pappírnum fyrir mér“!

Valhoppa (s) Hlaupa/hoppa með sérstökum fótaborði, þannig að fætur snerti jörð hvor eftir annan, með lengra hoppi á milli. Einnig notað um gangtegund hests. Uppruna orðsins vilja sumir rekja til fornensku (walop) sem merki að stökkva vel. Líklegra er þarna átt við orrustuvöll eða val; að hoppið líkist því að stökkva yfir þá sem *fallið* hafa í *valinn*.

Valhöll (n, kvk) Bústaður Óðins samkvæmt norrænni goðafræði. Æsir og vanir skemmtu sér við orrustur og hólmgöngur, en þeir sem þar féllu risu aftur upp og héldu til veislu í Valhöll, þar sem var skemmtan mikil og veisla. Í Valhöll fóru líka allir jarðneskir menn sem féllu í bardaga. Þar var snæddur grísinn Sæhrímnir sem endurnýjast fyrir hverja máltíð. Á þaki Valhallar er geitin Heiðrún, en úr spenum hennar streymir mjöður. Stærð Valhallar má marka af því að á henni eru 640 dyr, sem gætt er af 960 einherjum.

Valinkunnur (l) Af góðu þekktur; réttisýnn; úrvalsmaður. Merkir bókstaflega sá sem þekktur er fyrir að vera oft valinn úr hópi. „Valinkunnir menn voru fengnir til að skera úr í þessum málum“.

Valinn (l) A. Sem valinn hefur verið úr hópi/safni. B. Tilvalinn; sérvalinn; útmetinn; bestur. „Hann er alveg valinn í svona verkefni“.

Valkostur (n, kk) Kostur/möguleiki sem unnt er að velja.

Valkyrja (n, kvk) A. Dís sem, samkvæmt norrænni goðafræði, hefur það hlutverk að sækja þá sem falla á vígvelli og fylgja þeim til *Valhallar*. B. Líkingamál; kona sem þykir sköruleg í framgöngu.

Valköstur (n, kk) Hruga af líkum á vígvelli.

Vallarfoxgras (n, hk) *Phleum pratense*. Fjölært gras sem mikið er notað til ræktunar á sáðsléttum, enda gefur það mikla og orkuríka uppskeru og vex vel við íslenskar aðstæður. Til að ná góðri sprettu þarf jarðvegurinn þó allnokkurn áburð, auk þess sem plantan er viðkvæm fyrir ágangi. Oft notuð í bland við aðrar grastegundir, s.s. *vallarsveifgras*. Plantan verður 50-150m að hæð, þar af geta blöðin orðið um 40 á hæð og 1 cm á breidd. Þau eru lensulaga og blómskipanin er puntur sem nefnist kólfur.

Vallarsveifgras (n, hk) *Poa pratensis*. Ein margra tegunda sveifgrasa, en héraendis er hún mikið notuð til túnaræktunar. Fremur lágvaxin; verður oft 30-50 cm á hæð; punturinn er keilulaga og eru neðstu greinar hans lengstar. Blöðin eru 3-5 cm á breidd og enda í totu, líkt og bátsstefni. Fjölgar sér gjarnan með rötarskoti. Vallarsveifgrasi er gjarnan sáð í sléttur með *vallarfoxgrasi*, en er harðgerðara en það.

Vallgangur (n, kk) Hægðir; mannsaur. „Orðið vallgangur sýnir hvar til formenn hafi nýtt þaug saurindi“ (BH; Atli). Fyrr á tíð nýttu menn öll tilfallandi jarðargæði, þar með úrgang manna. Menngengu því út á sinn túnblett til að gera þarfir sínar. Það var áburður þess tíma ásamt úrgangi dýra og fiskræksnum. Meðferð á þessum landgæðum í dag er eitt sorglegasta dæmið um öfugþróun nútímasamfélagsins.

Vallgróinn (l) Grasi gróinn; uppgróinn. „Hústóftarbakkar draga nafn af tóft sem á þeim er; mjög vallgróin og ógreinileg“ (HÖ; Fjaran).

Vallhumall (n, kk) *Achillea millefolium*. Fjölær jurtt af körfublómaætt. Blómin eru smá og hvít; mörg saman í þyrpingu. Blöðin eru margfjöldruð; minna á hárgreiðu. Hæðin verður 10-50 cm. Jurtin er algeng á láglandi héraendis, einkum í grennd við mannabústaði og á valllendi. Í Kollsvík eru breiður af vallhumli norðantil á Torfamel (Júllamel). Vallhumall var talin góður til ýmiskonar lækninga. Með honum mátti stöðva blóðrás og græða þrálát sár, og er latínuheitið kennt við Akkilles sem sagður er hafa notað jurtina í þeim tilgangi í Trójustríðinu. Te af vallhumli er notað við kvefi, sárindum í hálsi, hita, gikt, tannþínu, svefnleysi, háum blóðþrýstingi og meltingartruflunum. Síðari tíma vísindarannsóknir hafa staðfest ýmsa jákvæða verkun efna í vallhumli.

Vallhumalste (n, hk) Te sem lagað er af *vallhumli*.

Valllendi (n, hk) Völlur; harðbali; þurrt og gróið landsvæði. Stundum heyjað áður fyrr, þó ekki væri áborið.

Vallendishey (n, hk) Hey af valllendi/velli.

Vallendur (l) Um landsvæði; þurrt og gróið.

Vallóni (n, kk) Belgi með frönsku að móðurmáli, en aðrir íbúar Belgíu eru flæmingjar sem tala flæmsku.

Vallþurrka hey (orðtak) Færa hey af blautu slægjulandi á þurran völl til þurrkunar.

Valmaþak (n, hk) Húspak sem er hallandi á alla vegu inn að miðjum mæni. Oft eru þá allir veggir hússins jafn háir, þó ekki sé það algilt. Misjafnt er þó hvort styttri eða lengri mænir er á húsinu; hvort allir þakfletir séu samhverfir þó hallandi séu.

Valmenni (n, hk) Valinkunnur maður; úrvalsmaður; sá sem velst úr hópi vegna mannkosta.

Valnastakkur (n, kk) Brynja sem gerð er úr beinvölum.

Vals (n, kk) Tegund af dansi sem mjög tíðkaðist á harmonikkudansleikjum 20.aldar.

Vals (n, hk) Ráp; endurteknar inn- og útgöngur úr húsi. „Hættið nú þessu valsi strákar; annaðhvort verðið þið inni eða úti“!

Valsa (s) A. Fara um; rápa; ana. „Nautkálfurinn er það fullorðinn að varla er forsvaranlegt að láta það valsa laust lengur“. B. Beygja plötu/ mýkja harðfisk milli valsa. „Það er ljótlegt að valsa steinbítinn í vél“. C. Dansa vals.

Valslögva (n, kvk) Stríðsvél fyrri tíma, gerð til að kasta þungum steini inn í raðir óvina eða til að brjóta niður virkismúra. Ígildi fallbyssu síðari tíma.

Valt á því völuþeini (orðtak) Hæpið; vafasamt; óvíst um endingu/árangur/að lánist. „Ég tjaslaði girðingunni upp til bráðabirgða, en það er nú valt á því völuþeini ef *rolluffandarnir* reyna á þetta“. Dregið af því að völu úr kindarlegg voru notaðar til spádóma. Gæfa gat því verið komin undir veltu völuþeinsins. Eitt form spádóma er að láta völuþein standa upp á endann; spyrja spurningar og meta svarið eftir því í hvora áttina valan veltur. Þá er valt á því (*spursmáli*) völuþeini.

Valt er að geyma sér sjóveður/þurrkinn (orðatiltæki) Auðskilin speki sem alloft var vitnað til. Sjá *geyma sér sjóveður*; *sitja af sér sjóveður*.

Valt er því að treysta (orðtak) Viðhaft um það sem ekki þykir tryggt. „Hann sagðist ætla að muna eftir þessu, en valt er því að treysta ef ég þekki hann rétt“.

Valt er veraldar gengið / Valt er veraldar lukkuhjól (orðatiltæki) Hamingjan er fallvölt; gæfan er hverful. Spekin var í þessu formi vestra; annarsstaðar þekktist útgáfan „valt er veraldar hjólið“.

Valta (s) Draga *valtara* yfir flag/tún til að slétta það.

Valtari (n, kk) Tunna sem þyngd er með vatni, steypu eða öðru og rúllað yfir flag/tún til að slétta það.

Valtur (l) Óstöðugur; í hættu með að velta um koll. „Ansi er þetta valtur kertastjaki“.

Valtur á fótunum (orðtak) Óstöðugur í göngulagi. „Ég var með sjóriðu og valtur á fótunum“.

Valtur í sessi (oprðtak) A. Bókstafleg merking; situr á völtum stól; situr þannig að hætt er við að detta. B. Líkingamál; situr ekki að tryggum völdum. „Formaðurinn gæti verið valtur í sessi á aðalfundinum“.

Valur (n, kk) A. Annað heiti á fálka. B. Orrustuvöllur; blóðvöllur. Sbr *falla í valinn*.

- Vambarfylli** (n, kvk) *Kviðfylli*; saðning hungurs. „Féð gæti fengið einhverja vambarfylli af þessum heyrudda, en það er ekki nokkur næring í þessu“.
- Vambarverkur** (n, kk) Magaverkur; kveisa. „Þessu fylgja bölvæðir vambarverkir“.
- Vambfullur** (l) Mettur; kominn með fullan maga. „Maður verður fljótt vambfullur af þessum rjómatertum, en samt er maður hálf svangur“.
- Vambmikill / Vamsíður** (l) Með stóra vömb/istru; kviðmikill. „Mikið sýnist mér þessi kind vera vambmikil öðrumegin. Skyldi hún vera kviðslitin“? „Fjandi ertu nú að verða vamsíður af þessum kyrrsetum“.
- Vambstór** (l) Með áberandi stóran maga; framsettur. „Skratti ertu orðinn vambstór í seinni tíð“!
- Vamm** (n, hk) Ljóður; skömm; háðung. Einungis notað nú í ortakinu; *má ekki vamm sitt vita*. Gamalt í germönskum málum; t.d. í fornensku; wamm, sem merkir slæmur eða skammarlegur. Skyldt *skömm*.
- Vammir og skammir** (ortak) Vanþakklæti. „Maður stritar alla daga og fær svo bara vammir og skammir“! sjá *vömm*.
- Vammlaus** (l) Án ávirðinga/synda/glæpa; heiðvirður. „Þau voru ákaflega vamlaus og góðgjörn hjón“.
- Van** (ao) Of lítið; skortur; vöntun. Nú einungis í orðtökunum *ýmist of eða van* og *hvorki of né van*.
- Van-** Algengt forskeyti orða til merkingar á skorti; t.d. *vanburða*; *vanáætlað*; *vanhugsað* o.fl.
- Vanaður** (l) Geltur; sem búið er að gelda/vana.
- Vanafastur** (l) Heldur mikilli reglu á sinni hegðun; fastheldinn á síði. „Maður orðinn vanafastur með þetta“.
- Vanagangur** (n, kk) Sá gangur/háttur sem venjulega er; venjulegt ferli. „Lífið gengur víst sinn vanagang, þrátt fyrir þessa uppákomu“.
- Vanalega** (ao) *Venjulega*; að venju. „Vanalega koma kýrnar sjálfar heim á stöðulinn“.
- Vanalegur** (l) Venjulegur; háttbundinn. „Ég fann ágæta leið niður í flesið, nokkru frá hinni vanalegu niðurgöngu“.
- Vanar í** (orðtak) Vantar í; *vankantur*; *slöður*. Notað um það þegar efni skortir sýnilega. „Þetta er heilleg spýta, en þó vanar í hana á einum stað“.
- Vanaverk** (n, hk) Verk sem venjulega er unnið. „Ég vann mín vanaverk í húsunum; leysti heyið meðan pabbi lét inn féð og vatnaði hrútunum; skrifaði niður meðan hann hleypti til og sópaði jöturnar áður en hann gaf á garðann“.
- Vanburða** (l) Veikburða; ósjálfbjarga. „...fyrst varð að færa það sem veikt var og vanburða í fjósið...“ (Eftir snjóflóðið í Kollsvík 1857) (OTG; Ágrip af æviferli).
- Vanbúinn** (l) Ekki undirbúinn; ekki vel klæddur/útbúinn. „Hann var afskaplega vanbúinn í svona leiðangur“.
- Vanda** (s) Gera vel; gaumgæfa; nostra. „Drengir vanda mest sem má/ marargandinn fríða./ Síðan landi ljúfur frá/ leiðisandi rennur á“ (JR; Rósarímur).
- Vanda (einhverjum) ekki kveðjurnar** (orðtak) Skammast; heitast; veitast að. „Farið var að óttast um drengina og þeim voru ekki vandaðar kveðjurnar þegar þeir loksins skiluðu sér heim“.
- Vanda sig / Vanda sitt verk** (orðtak) Leggja sig fram um að gera vel; sýna natni/nákvæmni/vandvirkni. „Nú er um að gera að vanda sig; þessi samsetning má alls ekki bila“!
- Vanda um við (einhvern)** (orðtak) Ávita; finna að; skamma. „Börnin læra lítið ef þeim er ekki leiðbeint og ef ekki má vanda um við þau þegar þau óhlýðnast“.
- Vandabundinn** (l) Náskyldur; tengdur fjölskylduböndum; hefur skyldur við. „Þeir (drykkjumenn) *vanrækja* skyldur sínar gagnvart þeim sem þeim eru vandabundnir með því að eyða öllu sem þeim *áskotmast* í vín“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Vandalaus** (l) A. Óskyldur; ekki ættbundinn. „Hann stóð mér næstur, í það minnsta af vandalausum“. „Þakka þér kærlega fyrir hjálpina; þetta var vel gert af vandalausum“! B. Án vandamála; auðveldur. „Það er alveg vandalaust að fletja fisk ef maður þekkir handtökin“.
- Vandali** (n, kk) A. Germanskur þjóðflokkur. Helst kunnur af lýsingum óvinanna; rómverja, sem ekki voru fagnar. Fóru víða í herleiðöngrum sínum; alla leið til Afríku. Við þá er kennt héraðið Andalúsía á Spáni. B. Ribbaldi; skemmdarvargur. „Þessir helvískir vandalar brutu glugga í skúrnum“!
- Vandalaháttur** (n, kk) *Eyðileggingarnáttúra*; *skemmdarstarfsemi*; *ribbaldaháttur*. „Fyrir má nú vera andskotans vandalahátturinn í þessum *gmsum*; að þurfa að brjóta allt sem fyrir þeim verður; bara að gamni sínu“!
- Vandalítið** (l) Litlum vandkvæðum bundið; fremur auðvelt. „Ég held að þetta muni verða vandalítið verk“.

- Vandamaður** (n, kk) Skyldmenni; tengdur maður. „Ég bið að heilsa öllum vinum og vandamönnum“.
- Vandamál** (n, hk) Það sem vandasamt er; vandræði; ófyrirséðir erfiðleikar; erfitt úrlausnarefni. „Þetta ætti ekki að verða neitt vandamál“. „*Til þess eru vandamálin að leysa þau!*“
- Vandarhögg** (n, hk) Högg með vendi. Refsingar fyrir á tíð voru oft í formi vandarhögga. Sjá *vöndur*.
- Vandasamt** (l) Vanda bundið; ekki auðvelt. „Það gæti orðið vandasamt að finna féð í þessu dimmviðri“.
- Vandast málið** (orðtak) Verður málefnið/viðfangsefnið vandasamara/erfiðara. „Nú vandast málið; heldurðu ekki að við höfum gleymt að taka með okkur netastein til vara“!
- Vandaverk** (n, hk) Vandasamt verk; ekki auðveld vinna. „Pabbi saumaði mikið af skinnklæðum fyrir sig og aðra, en það var mikið vandaverk því brækurnar máttu ekki leka“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvegi; Niðjatal HM/GG).
- Vandfarin leið** (orðtak) Leið sem erfitt er að fara/rata/komast. „Sveltisgangurinn er nokkuð vandfarinn“.
- Vandfarinn er meðalvegurinn / Vandratað er meðalhófið** (orðatiltæki) Erfitt er að gæta hófs/ vera hófsamur.
- Vandfundinn** (l) Erfitt að finna/ hafa uppá. „Meiri öndvegismaður er vandfundinn“.
- Vandfýsinn** (l) Vandlátur; fyrirtektarsamur. „Hann er svo vandfýsinn á kvenfólk að hann á eftir að pipra“!
- Vandgæfur** (l) Erfiður viðureignar; bilaður. Í nútímamáli oftast breytt í *vangæfur*, sjá þar.
- Vandhittinn / Vandhittur** (l) Sem erfitt er að hitta/ rekast á. Oft í veiðiskap: „Ansi er hann eitthvað vandhittinn í dag“!
- Vandi** (n, kk) A. Vandamál; erfiðleikar. B. Vani. „Mér fannst ég vera öðruvísi en ég átti vanda til“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Vandi á höndum** (orðtak) Vandamál sem blasir við. „Ef þú hafði aukið þegar að landi var komið, var mestur vandi á höndum þeim sem fyrstur lenti; að bjarga bát og afla úr sjó“ (KJK; Kollsvíkurvegi).
- Vandi er að eiga vini tvo (og vera báðum trú)** (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að illt er að þjóna tveimur herrum. Ólíklegt er að allir þrír séu svo samstíga í öllu að ekki komi upp ágreiningur eða öfund.
- Vandi er að sigla milli skers og báru** (orðatiltæki) Erfitt er að rata meðalveginn. Sjá *sigla milli skers og báru*.
- Vandi er tveimur herrum að þjóna** (orðatiltæki) Speki sem oft er notuð þegar sinna þarf tveimur aðkallandi verkefnum eða stjórnendum.
- Vandi/vant er vel boðnu að neita** (orðatiltæki) Þetta orðatiltæki nota menn vestra iðulega í kurteisisskyni þegar þeim er boðið eitthvað; matur eða annað, án þess að um sé beðið. „Nú er vandi vel boðnu að neita. Ég var búinn að borða heima, en ég held ég þiggi samt eina hangiketsflís hjá þér“.
- Vandi fylgir vegsemd hverri** (orðatiltæki) Vísar til þeirrar ábyrgðar og skyldu sem oftast fylgir virðingar- og stjórnunarstöðum.
- Vandkvæðalaust** (l) Án vanda/vandamála. „Eftir viðgerðina gekk heimsiglingin vandkvæðalaust“.
- Vandkvæði** (n, hk, fto) Erfiðleikar; hængur. „Það gætu orðið einhver vandkvæði á að útvega þetta“.
- Vandlátur** (l) *Vandfýsinn; sérvitur; sem erfitt er að gera til hæfis*.
- Vandlega** (ao) Rækilega; nákvæmlega; ítarlega. „Hann skolaði bátinn mjög vandlega“.
- Vandlifað** (l) Erfitt að búa við. „Það er nú orðið vandlifað ef hvorki má borða fitu né kornmat“.
- Vandlifað í veröldinni** (orðtak) Erfið tilveran. „Ef aldrei má leysa vind í húsum er vandlifað í veröldinni“!
- Vandlæti / Vandlætning** (n, hk/kvk) *Fyrirtekt; þótti; hofmóður; umvöndun*. „Það þýðir nú lítið hjá kerlingunni að vera með eitthvað vandlæti yfir tengdadótturinni; hún má þakka fyrir að strákurinn sýni þó það framtak að ná sér í kvenmann“! Sjá *heilög vandlætning*.
- Vandlætningarsamur** (l) Sá sem finnur oft að við aðra vegna hegðunar eða líferniss. „Hún taldi sig vera höfuð ættarinnar og var mjög vandlætningarsöm um hegðun ættingjanna; jafnt um makaval, nafngiftir sem líferni“.
- Vandlætisgoggur** (n, kk) *Sérviskupúki; servitringur*. „Ég var hinsvegar alltaf sami vandlætisgoggurinn og vildi ekki sjá að éta rauðuna úr eggjunum“ (DÓ; Að vaka og vinna).
- Vandlætissvipur** (n, kk) Svipur þykkju/vanþóknunar. „Hún sagði ekki neitt við þessum athugasemdum en vandlætissvipurinn varð ekki misskilinn“.
- Vandmeðfarið** (l) Vandasamt í meðförum; viðkvæmt; brothætt. „Svona mál eru afskaplega vandmeðfarin“.
- Vandratað** (l) Erfitt að finna rétta leið; villugjarnt. „Ég gæti líklega komist leiðar minnar um alla Kollsvíkina, og klettana með, þó bundið væri fyrir augu, en alltaf finnst mér jafn vandratað í Reykjavík“.
- Vandratað er meðalhófið** (orðatiltæki) Erfitt að finna milliveg. „Í svona málum er vandratað meðalhófið“.

Vandræða- Forskeyti sem notað er um margskonar heiti, og vísar til þess að viðkomandi sé til vandræða eða vandi sé með það að fara.

Vandræðagangur (n, kk) Vandræði. „Það var einhver vandræðagangur á honum þarna í snjóskaflinum“.

Vandræðagemlingur / Vandræðagepill / Vandræðamaður / Vandræðagripur / Vandræðaseggur (n, kk) Maður sem þykir erfiður í samskiptum. „Það fylgdu honum einhverjar sögur að sunnan; þetta hefur víst allstaðar verið mesti vandræðagripur“.

Vandræðalaust / Vandræðalítið (l) Án nokkurra/teljandi vandræða. „Þetta gekk vandræðalítið fyrir sig“.

Vandræðaskepna (n, kvk) Skepna sem erfið er í umgengni/erfiðt er að nýta. „Nú slátra ég þessari túnrollu í haust! Þetta er vandræðaskepna sem stekkur yfir allar girðingar“.

Vandræði (n, hk, fto) Erfiðleikar; vandkvæði; raunir. „Ég skal þiggja þennan hákarlsbita ef þú ert í einhverjum vandræðum með hann“. „Ég held að bensínið dugi land án þess að við lendum í vandræðum“.

Vandséð (l) Vandasamt að greina/sjá. „Það er vandséð hvernig unnt er að komast hjá þessu“.

Vandur (l) Erfiður; vandasamur. „Hér er *úr vöndu að ráða*“. B. Umhyggjusamur; vandlátur. „Svona talar enginn sem er *vandur að virðingu sinni*“!

Vandur að virðingu sinni (orðtak) Vandar sína framkomu/athöfn til að lækka ekki í álit/virðingu. „Hann var nokkuð alþýðlegur en samt vandur að virðingu sinni“.

Vandvirkni (n, kvk) Nostur; kostgæfni. „Ullarþvottinn þurfti að vinna af mikilli vandvirkni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Vandvirkur (l) Sem vandur sitt verk; nostursamur. „Hann var einstaklega vandvirkur við þetta“.

Vanefndir (n, kvk, fto) Svik; briggð; það að efna ekki það sem lofað var.

Vanefni (n, hk, fto) Fátækt; lítil efni/fjárráð. „Þau hokruðu þar við vanefni, oftastnær“. Sjá *af vanefnum*.

Vanfóðra (s) Fóðra fénað/búfé ekki nægilega; svelta. „Kýr eru einnig vanfóðraðar í Kirkjuhvammi, sem orsakast af átleysi, sem áður fyr eftir óþurrkasumur“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Vanfóðrun / Vaneldi (n, kvk/hk) Ónóg fóðrun búfjár/gripa; svelti. „Svona óþrif eru ekki af öðru en vanfóðrun“!

Vanfær (l) A. Um konu; þunguð; ólétt. B. Ófær um; getur ekki. „Hann var vanfær um þetta verkefni“.

Vangamynd (n, kvk) Mynd tekin af mannsandliti til hliðar; portrett.

Vangaull (n, kvk) Ull í vöngum kindar. Er mismikil eftir einstaklingum og aldrei eins loðin og á skrokknum. Haldið er í vangaull á kollóttum kindum þegar tekið er af o.fl; sjá *halda í*.

Vangaveltur (n, kvk) Hugleiðingar; *diskúsjónir*; *spekúleringar*. „Það þarf ekki lengur að vera með vangaveltur útaf hrútnum. Hann lá afvelta frammi við Fornmann“.

Vangá / Vangáningur (n, kvk/kk) Hugsunarleysi; yfirsjón. „Óttaleg vangá var það hjá mér að gleyma veskinu heima“! Sjaldnar í kk: „Af einhverjum vangáningi gleymdi ég að setja splittið í kenginn“.

Vangi (n, kk) A. Kinn á manni eða skepnu. B. Hálfur þurkaður þorskhaus. C. Fjallshlíð; brekka.

Vangefinn (l) Ekki með öllum mjalla; heimskur; illa gefinn/gáfaður. „Óttalega voruð þið nú vangefnir að gleyma þessu“!

Vangi (n, kk) A. Kinn. „Ætli maður þurfi ekki eitthvað að *skafa á sér vangana* áður en við förum í veisluna“. B. Kjammi; hálfur haus af t.d. sviðum eða fiski.

Vangur (n, kk) Völlur; grund. Nú einkum í endingum, s.s. vettvangur; víðavangur.

Vangæfur (l) Bilaður; ótryggur; erfiður viðureignar. „Stóllinn er orðinn dálítið vangæfur; varaðu þig þegar þú sest“. „Ég hef verið dálítið vangæfur með svefn uppá síðkastið“. „Hún er orðin vangæf í bakinu og þolir illa ferðalög“. Upprunalega er orðið *vandgæfur*, en d er algerlega fallið út í nútímamáli; a.m.k. í Kollsvík.

Vangæfur til heilsu (orðtak) *Heilsuveill*; slæmur til heilsu. „Hann hefur lengi verið vangæfur til heilsunnar“.

Vanhaga um (orðtak) Vanta; skorta; vanta uppá. „Láttu mig vita ef þig vanhagar um eitthvað“.

Vanhaldalítið (l) Með litlum afföllum/vanhöldum. „Þetta haust var óvenju vanhaldalítið“.

Vanhaldasamur (l) Um svæði; hættulegt fyrir sauðfé, þar sem mikið verður þar um vanhöld vegna sjálfheldu og hraps. „Vegna brattans var þetta svæði (Breiðurinn) óskaplega vanhaldasamt fyrir sauðfé“ (HÖ; Fjaran). „Þaðan (úr Bjarginu) skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“ (PG; Veðmálið).

- Vanaldinn** (l) Illa haldinn; fær ekki nóg; illa alinn/launaður. „Ekki verður sagt eð þessir kumpánar séu neitt vanaldnir í launum“.
- Vanheilindi** (n, hk, fto) Slæm heilsa; veikindi. „Hún hefur átt við vanheilindi að stríða“.
- Vanheill** (l) Fatlaður; veikur. „Hann hefur verið vanheill frá fæðingu, en staðið sig eins og hetja“.
- Vanheimta** (s) Heimta/fá ekki allt sitt fé að hausti. „Ég hef verið að vanheimta af Bjarginu árum saman“.
- Vanheimtur** (n, kvk, fto) Slæmar heimtur; ónóg skil fjár að hausti. „Það veoru töluverðar vanheimtur hjá honum af Hlíðunum“.
- Vanhelga** (s) Saurga; virða ekki það sem einhverjum er heilagt. „Allt frá ritun Landnámu hefur nafn Kolls verið vanhellað, að mínum dómi. Hann var talinn heiðinn fyrir það eitt að hafa heitið á Þór í sjávarháská. Nú er það á allra vitorði að jafnvel sannkristnustu menn virða gamlar venjur þó þær séu aftan úr grárrí heiðni; samanber helgihald á jólum. Kollur var auðvitað kristinn, eins og Örlygur fóstbróðir hans, og sendur í kristniboðserindum með honum til Íslands“.
- Vanhirða** (n, kvk) Hiruðleysi; draslaragangur; óreiða. „Þetta var allt komið í vanhirðu hjá honum“.
- Vanhugsað** (l) Ekki vel ígrundað; örökrétt. „Þetta finnst mér nú fremur vanhugsað af þeim“.
- Vanhæfi** (n, hk) Skortur á hæfi/hæfni/trúverðugleika til að gera/vera eitthvað.
- Vanhæfur** (l) Ekki hæfur; ekki fær um, t.d. vegna skorts á þekkingu/trúverðugleika.
- Vanhöld / Vanhöld á skepnum** (n, hk, fto/ orðtak) Afföll; ónóg. „Því fé er hættara en öðru við vanhöldum, sem gegnur í brattlendi“. „Það hafa orðið töluverð vanhöld á skepnum þetta árið“. „Það vilja verða vanhöld á skriffærum þegar krakkarnir þurfa að teikna“. „Sauðfé sækir mikið í Breiðinn, en mikil vanhöld voru þar“ (IG; Sagt til vegar I). „Ívar Ívarsson sagði frá ferðalagi sínu um sveitina á sl ári í þeim tilgangi að safna skýrslum um vanhöld á sauðfé og orsakir þeirra“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Vani** (n, kk) Venja; siður; háttur; tilhneyging. „Þetta er gamall vani hjá mér“. „Ég legg það ekki í vana minn að hlusta á íþróttir“.
- Vaninhyrndur** (l) Hornalag sauðkinda þar sem horn hafa verið bundin saman til að þvinga vöxtinn í víska átt.
- Vaninn** (l) Látinn venjast; gert að venju. „Hundur gerir bara það sem hann er vaninn á eða kemst upp með“.
- Vankantur** (n, kk) Vandamál; galli. „Hann vill byggja undir hlíðinni, en það gætu nú orðið vankantar á því vegna snjóflóðahættu“. „Mér sýnist nú vera ýmsir vankantar á þessari bíldruslu“.
- Vankaður** (l) *Utanvið sig*; hjárænuvegur; ruglaður; illa áttaður. „Hann var hálf vankaður eftir höggið“.
- Vankasauður** (n, kk) A. Sauður með höfuðsótt/riðu/votheysveiki eða annað sem veldur því að hann er utanvið sig. B. Líkingamál; ruglaður/vankaður maður; bjálfi; kjáni.
- Vankast** (s) Hálf-rotast; verða utan við sig eftir högg eða annað. „Steinninn kom hátt ofan úr bjargi og skall á hjálminum. Hann vankaðist dálítið um stund en hélt svo áfram eggjatíslunni eftir dálitla hvíld“.
- Vanki** (n, kk) Það að vera utanvið sig; rugl; hjárænuháttur; riða/höfðusótt í fé.
- Vankostur** (n, kk) Ókostur; galli. „Á þessu eru allmiklir vankostir“.
- Vankunnugur** (l) Þekkir ekki; ókunnugur; fákunnandi. „Ég er algerlega vankunnugur þessu“.
- Vanlíðan** (n, kvk) Verkir; kvalir; slæm líðan. „Finnurðu fyrir einhverri vanlíðan“?
- Vanmat** (n, hk) Það að virða ekki til fulls/ sjá ekki alla kosti eða umfang einhvers.
- Vanmáttur / Vanmætti** (n, kk/hk) Ónógur styrkur; veikleiki; skortur á afli. „Kollsvíkingar fundu vel fyrir vanmætti sínum gagnvart náttúruöflum og veðri, þegar þeir vissu af togaranum Croupier í vandræðum við Blakknes en komust ekki til bjargar vegna veðurs og ófærðar“.
- Vanmáttugur / Vanmegnugur** (l) Máttlaus; hefur ekki getu/afli. „Maður verður ósköp vanmáttugur þegar náttúruöflin sýna sig af fullu afli“.
- Vanmetagripur / Vanmetakind / Vanmetaskepna** (n, kvk) A. Ær/kýr sem þrífst illa og er léleg, jafnt til eldis sem frálags. B. Manneskja sem er lítil fyrir sér. „Ætli hún fari ekki bara á sláturhús núna; þetta hefur nú löngum verið hálfgerð vanmetaskepna“.
- Vanmetasteinbítur** (n, kk) Steinbítur sem ekki er hæfur til skipta (sjá skipti).
- Vanrækja** (s) Sinna ekki; *afrækja*. „Þeir (drykkjumenn) vanrækja skyldur sínar gagnvart þeim sem þeim eru *vandabundnir* með því að eyða öllu sem þeim áskotnast í vín“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Vansalaust** (l) Skammlaust; án skammar/óvirðingar. „Það er ekki með öllu vansalaust að lögin séu svo gölluð“.
- Vansi** (n, kk) Skömm; hneysa. „Þetta mál varð honum til nokkurs vansa“.

- Vanskapaður** (l) Ekki rétt skapaður við fæðingu; með fæðingargalla. „Lambið var þannig vanskapað að á það vantaði annan afturfótinn“.
- Vanskapningur** (n, kk) Vansköpuð skepna. „Seinna lambið var dauður vanskapningur, þrífættur“.
- Vanskil** (n, hk, fto) Dráttur á greiðslu/skilum skuldar.
- Vanskilamaður** (n, kk) Sá sem stendur illa í skilum með sínar skuldir. „Ekki vil ég vera vanskilamaður“.
- Vanskillegheit** (n, hk, fto) Erfiðleikar; hindranir. „Það geta ýmis vanskillegheit fylgt þessu fyrirkomulagi“.
- Vanskillegt** (l) Erfitt; vandasamt. „Það gæti orðið dálítið vanskillegt að gera þetta einsamall“.
- Vansköpun** (n, kvk) Ekki fullkomið sköpulag við fæðingu; fæðingargalli.
- Vansmiði** (kvk) Galli á smíði; ekki rétt smíðað. „Þetta finnst mér nokkur vansmiði á annars ágætum bát“.
- Vanstilling** (n, kvk) A. Um skapferli; *fljótillska*; skyndileg skapbrigði. B. Um vél; ekki rétt stilling/stýring.
- Vanstilltur** (l) Hættir til geðbrigða; fljótillur; *fljótur upp*.
- Vansvefta** (l) Skortir svefn; illa sofinn. „Nú förum við að hvíla okkur. Við gerum ekki meira svona vansvefta“.
- Vansæll** (l) Óhamingjusamur; áánægður; dapur. „Fyrstu dagana var ég fremur vansæll í vistinni“.
- Vansæmd** (n, kvk) Skömm; ósömi; niðrun. „Ég geri honum það ekki til vansæmdar að“.
- Vant að vita** (orðtak) Erfitt að vita/ geta til um. „Það er vant að vita hvar þessar skjátur gætu haldið sig“.
„Vant er að vita hverju trúa skal“.
- Vant er úr vöndu að ráða** (orðatiltæki) Erfitt er oft að ráða fram úr vandamáli; lausn er ekki alltaf auðfundin.
Oftar er notaður síðari hlutinn; *úr vöndu að ráða*.
- Vant um** (orðtak) Vandlátur með. „Mér er ekkert vant um það þó eggið sé svolítið farið að unga“! Sjá *ekki vant um*.
- Vant við látinn** (orðtak) Upptekinn; *hefur öðrum hnöppum að hneppa*. „Ég er dálítið vant við látinn núna; má ég tala við þig rétt á eftir“?
- Vant við því að gera** (orðtak) Erfitt að gera neitt í því; erfitt að bregðast við því. „Það er vant við því að gera að féð leiti í annarra lönd“.
- Vanta uppá** (orðtak) Vanta á; vera ekki nægjanlegt. „Enn vantar nokkuð uppá að *alheimt sé*“.
- Vantar það sem við á að éta** (orðatiltæki) Vantar það sem tilheyrir. Eiginleg merking er að útalát/feitmeti vanti með matnum, menn átu t.d. bræðing eða annað feitmeti við brauðinu og fiskinum.. „Það var ágætt að fá hamarinn, en nú vantar mig það sem við á að éta; hvar eru lykkjurnar“?
- Vantalið** (l) Ekki allt talið; of lág niðurstaða talningar. „Ég held að það sé vantalið í einum karminum“.
- Vantelja** (s) Telja og lítið; mistelja. „Mér hættir alltaf frekar til að *oftelja* en vantelja í svona hópi“.
- Vantreysta** (s) Bera ekki fullt traust til; treysta ekki á. „Það er óþarfi að vantreysta vaðnum; hann er þrælöruggur“. „Vertu ekki að fara þarna niður ef þú vantreystir þér til þess“.
- Vantrú** (n, kvk) Ótrú; skortur á trú/trausti. „Ég tók þessum tíðindum með vantrú í fyrstu“. „Hann *hefur vantrú á* að þetta takist“.
- Vantrúaður á** (orðtak) Hefur ekki trú á; trúir/treystir ekki. „Ég er afskaplega vantrúaður á að þetta dugi“.
- Vantrúarhundur** (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem ekki trúir. „Ég er kannski óttalegur vantrúarhundur, en ég á bágð með að skilja það að ekki hafi þurft meira efni í einn kvenmann en rifstubbann úr Adam“!
- Vantur** (n, kk) Höfuðbenda á skipi; reipi eða kaðalstigi sem liggur af borðstokk í festingu ofarlega á siglunni. „... þá var hægt að skjóta á vantinn, (ÁE; Ljós við Látraröst). „Skaut nú Ásgeir á framskipið, og kom línan á vantinn“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).
- Vanur** (l) A. Hefur fyrir venju; vanalegur. „Hann var vanur að ganga útfyrir hornið á morgnana til að *létta á sér og spá í veðrið*“. „Eins og vant er“. B. Þjálfaður; reyndur. „Þetta eru allt vanir menn“.
- Vanvirða / Vanvirðing** (n, kvk) Virðingarleysi; svivirða; lítilsvirðing. „Það er óþarfi að gera honum þessa vanvirðu“. „Ekki vil ég sýna réttarstjóranum vanvirðingu, en þessu er ég ekki sammála“!
- Vanvirða** (s) Sýna ekki tilhlýðilega virðingu; lítilsvirða; vanþakka. „Ég vil ekki vanvirða þitt góða boð, en ég held að ég klári þetta hjálparlaust núna“.
- Vanþakka** (s) Sýna vanþakklæti; virða ekki að verðleikum. „Ég veit ekki hvort mikið munar um þá, en ekki ætla ég að vanþakka þeirra boð um aðstoð“.
- Vanþakklátur** (l) Sem sýnir ekki nægt þakklæti; sem ekki þakkar fyrir velgerðir.

- Vanþakklæti / Vanþökk** (n, kvk) Skortur á þakklæti/lítillæti; það að vera vanþakklátur.
- Vanþekking** (n, kvk) Skortur á þekkingu; það að þekkjast ekki til þess sem um ræðir. „Ég verð að játa mína vanþekkingu í þessum efnum“.
- Vanþóknun** (n, kvk) Fyrirlitning; það að líka ekki/ hafa skömm á. „Hann reyndi lítið að dylja sína vanþóknun á þessu háttalagi“.
- Vanþóknunarsvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir vanþóknun; óánægjussvipur. „Hún sagði ekki orð, en hennar álit var auðséð af vanþóknunarsvipnum“.
- Vanþrif** (n, hk, fto) *Óþrif*; það að þrifast ekki eðlilega. „Mikilvægt er að gefa fénu ormalyf til að koma í veg fyrir vanþrif“.
- Vanþörf** (n, kvk) Ekki þörf; þarfleysa. „Mér sýnist að hér sé *ekki vanþörf* á að taka til hendinni“.
- Vapp** (n, hk) Vag; rölt; hægur gangur. Einnig um það að vera á ferli: „Hann var hér á *vappi* rétt áðan“.
- Vappa** (s) Rölt; tölta; ganga. „Ég nenni ekki að keyra þennan spotta, ég vappa þetta bara“.
- Var** (n, hk) A. Skjól á sjó; gott lægi í slæmum veðrum. „Innan þessara boða myndaðist allgott var eða lægi, einkum um lágsjávað“ (KJK; Kollsvíkurveg). B. Járnbrún fremst á blaði reku/varreku úr tré. C. Öryggi; varnarbúnaður í raflögn, gegn yfirálagi/skammhlaupi.
- Var um sig** (orðtak) Á verði; viðbúinn árást/óhappi. „Vertu var um þig þarna undir klettunum; það er alltaf hættu á grjóthruni svona snemma vors“.
- Vara** (n, kvk) Varningur; verslunarvara. „Þann tíma sem ég var innanbúðar á Gjögurum sótti ég vörurnar sjálfur á Patró, á mínum bíl“.
- Vara** (s) Endast; vera. „Fátt er það sem varir að eilífu“. „Ellin kemur fyrir en mann varir“.
- Vara við** (orðtak) Gera aðvart/viðvart; segja frá fyrirfram. „Ég varaði hann margsinnis við þessu“!
- Varaár** (n, kvk) Ár sem höfð er í bát til vara, ef önnur bilar eða týnist. Aldrei var farið á sjó án hennar meðan enn var treyst á árar og í byrjun vélaaldar. „Varaár var gripin og reynt að rétta bátinn fyrir ólaginu sem var að koma, og réttist hann svo mikið að ekki braut á honum...“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).
- Varadekkslaus** (l) Ekki með varadekk í ökutæki. „Þú ferð ekki af stað varadekkslaus í svona langferð“.
- Varamaður** (n, kk) Sá sem leysir aðalmann af í forföllum.
- Varaminna** (l) Varlegar farið; meiri varfærni. „Það er varaminna að hafa austurtrogið með, þó við þurfum kannski ekki að nota það“. „Það gæti rignt úr þessu; mér finnst varaminna að raka upp fyrir nóttina“. Enn töluvert notað meðal Kollsvíkinga en heyrist líklega sjaldan þar fyrir utan.
- Varanegla** (n, kvk) Negla sem höfð er um borð í bát þegar farið er í róður. Alltaf er möguleiki á að negla losni og berist útbyrðis með *austrinum*. Sjá *negla*.
- Varanlegheit** (n, hk, fto) Það sem er varanlegt/viðvarandi/endanlegt. „Skyldi hann bara ætla að rigna svona til varanlegheita“?!
- Varanlegur** (l) Sem varir/ verður til frambúðar; endanlegur; viðvarandi. „Þetta er ekki varanleg viðgerð, en það má bjargast við hana“.
- Vararruðningur** (n, kk) Það að ryðja vör/ lendungu fyrir bát. „Grjótgálginn var notaður við vararruðninginn“.
- Varasakka** (n, kvk) *Aukasakka*; sakka til vara, ef önnur slitnar af færi.
- Varasamur / Varaverður** (l) Sem rétt er að vara sig á; hættulegur. „Það eru sker fyrir utan, dálítið varasöm ef ekki er rétt farið, en lendingarleiðir voru farnar eftir því hvernig stóð á áttum“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Það er varavert að hreyfa mikið við þessu“.
- Varasegl** (n, hk) Segl sem haft er í bát til vara, ef aðalsegl bilar.
- Varasjóður** (n, kk) Fjárupphæð sem lögð er til hliðar til að nota þegar útgjöld verða óvenju mikil.
- Varaskeifa** (orðtak) A. Skeifa sem höfð er til vara. B. Líkingamál; Varamaður; maður sem er *til taks*. „Hann viðurkenndi ekki að vera nein varaskeifa fyrir hinn“.
- Varasláttur** (n, kk) Stundum notað um blaður í manneskju, sem þykir *keyra úr hófi*. „Mikill skelfingar varasláttur getur nú verið á einni manneskju; hún *samkjaftaði* ekki alla leiðina“!
- Varast** (s) Vara sig; gæta sín á/gagnvart. „Gunnar bað mig að sýna sér stykkið og ég varaðist ekkert en gerði það“ (IG; Æskuminningar).
- Varaþunnur / Varaþykkur** (l) Með þunnar/þykkar varir.
- Varð ekki langra lífdaga auðið** (orðtak) Lifði ekki lengi; varð skammlífur.

Varða (n, kvk) Hlaðið mannvirki, standur sem hefur gjarnan það hlutverk að vísa mönnum til vegar, annaðhvort eftir leið á landi eða miðun af sjó. Vörður eru gríðarmargar í Kollsvík og nágrenni. Flestar standa þær við hestavegina; þjóðleiðir milli byggða, s.s. Hænuvíkurháls, Tunguheiði, Víknafjall og Breiðavíkurveg. Sumar eru innsiglingavörður, s.s. Snorravörður, Grynnsstasundsvarða og varðan á Norðari klettunum. Sumar eru miðavörður, s.s. Stekkavarða á Hnífunum. Enn aðrar eru eyktamörk, s.s. Hádegisvarða og Nónvarða. Þá eru ónefndar vörður sem menn hlóðu að gamni sínu og til að halda á sér hita t.d. í hjástöðum. Þannig eru t.d. Strympuvörðurnar og líklega einnig Ólafsvörður í Sandslágarkjafninum. Tignarlegust er líklega hin mikla klofavarða á Stórafelli, sem Guðbjartur Guðbjartsson hlóð. Hún er hlaðin úr hellum; tveir ferhyrmdir stöplur hlið við hlið með sameiginlegri yfirbyggingu. Fyrrum þótti það sjálfsgöð skylda sérhvers manns sem um vegi fór að staldra við og lagfæra vörðu ef úr henni var hrúnið. Af þeirri töf er dregið orðtakið að *reka í vörðurnar*.

Varða (s) A. Hlaða vörður, t.d. við veg. Varða leið/veg. „Leiðin til Vítis er vörðuð góðum áformum (sem ekki var staðið við)“. B. Skipta máli; vera viðkomandi. „Þetta mál varðar mig litlu“. „Þetta er í góðu lagi, hvað mig sjálfan varðar“. „Svona háttalag ætti að varða við lög“!

Varða um (orðtak) *Koma við*; snerta; þurfa að vita. „Mig varðar ekkert um álit annarra í þessum efnum“.

Varðandi (l) Sem varðar; sem viðkemur.

Varðberg (n, hk) Staður á bjargbrún þar sem vel sést til bjargmanns niðri í bjarginu; *vaðberg*. Sjá vera á *vaðbergi/varðbergi*.

Varðeldur (n, kk) Eldur sem kveiktur er í varnaðarskyni; ýmist til að halda rándýrum frá eða til að láta vita af hættu. Nú á dögum er heitið notað yfir hverskonar bál sem menn kveikja utandyra til skemmtunar eða samveru. Skýrasta dæmið um raunverulega varðelda er líklega að finna í vopnadómi Magnúsar Prúða sem kveðinn var upp í Tungu í Örlygshöfn 12.okt 1581. Tilefni hans var annarsvegar rán sjóræningja á Eggerti Hannessyni í Saurbæ; tengdaföður Magnúsar, árið 1579, en hinsvegar það að valdsmenn höfðu nokkrum árum áður látið menn farga vopnum sínum og aflagt almennan vopnaburð. Með vopnadómi Magnúsar var vopnaeign aftur innleidd; hver maður var skyldugur til að eiga lágmarks varnarbúnað; þ.m.t. luntabyssu og arngeir, svo unnt væri að kveðja út lið gegn aðsteðjandi hættu. Einn liður dómsins kveður á um varðelda: „Hér með dæmum vér hreppstjóra í hvörri sveit menn til að kalla og eldkveikingar á hæðstu hæðum setja fyrir krossmessu, þar og alla vega má reyk sjá í byggðir; svo og skylduga til vita að kynda og vörð halda, sem hreppstjórnum þykir trúlyndastir og léttvígastir vera, og sýslumann sem fyrst við varan gjöra“. Fremst á Blakknesnibbu má greina leifar af fornri garðhleðslu. Umhugsunarvert er hvor þar gætu verið leifar skjólgarðs fyrir bálköst í samræmi við vopnadóminn; enda sér vel frá Nibbunni suðureftir Útvíkum til Bjargtanga; inneftir Patreksfirði og norður alla núpa.

Varðhald (n, hk) Gæsla brotamanns; fangelsi. „Bjarni á Söundá var dæmdur fyrir morð og hafður í varðhaldi að sýslumannssetrinu í Haga. Þaðan slapp hann en náðist aftur og var fluttur í Steininn í Reykjavík. Þaðan slapp hann einnig árið 1804, og náðist uppi í Borgarfirði.

Varðhundur (n, kk) Hundur sem ver eigandendur sína og eignir þeirra. Hundar á sveitabæjum taka hlutverk sitt oftast alvarlega, sem varðhundar. Það skýrir gelt þeirra og tortryggni gagnvart aðkomumönnum.

Varði (n, kk) Upprunalega sömu merkingar og *varða*, en hefur í seinni tíð fengið merkingu minningartákns, sbr minnisvarði.

Varðveisla (n, kvk) Það að geyma/gæta einhvers vel; vistun; gæsla. „Mér var falið þetta til varðveislu“.

Varðveita (s) Geyma; gæta; hafa auga með. „Sælir eru þeir sem heyra guðs orð og varðveita það“.

Vareygð (n, kvk) Varúð, eldri orðmynd. Merkir að líta eitthvað athugulum/varfænum augum.

Varfær / Varfærinn (l) Gættinn; fer varlega. „Hann er mjög varfær og athugull í brattlendi“.

Varfærni (n, kvk) Aðgæsla; gætni. „Það þarf að sýna mikla varfærni við að ná fé af þessum stað“.

Varfærnislega (l) Með aðgæslu/varúð; varlega. „Hann teygði sig varfærnislega eftir byssunni, án þess að hafa auga af rebba“.

Vargangur / Vargaháttur / Vargalæti / Vargaskapur (n, kk) Frekja; yfirgangur. „Honum varð lítið ágengt með þessum vargangi“. „Hverskonar vargaháttur er þetta eiginlega í mannskattanum“!

Vargaklær (n, kvk, fto) A. Klær villidýrs. B. Oftast í líkingamáli um óvinahendur; það sem er óvinveitt. „Það þarf að endurheimta veiðiréttindi sjávarjarða úr vargaklóm sægreifa og annars sjálfþökuliðs“!

Vargalega (ao) Eins og vargur/villidýr. „Láttu nú ekki svona vargalega drengur“!

Vargalegur (l) Frekur; ágengur; yfirgangssamur; sem sýnir vargalæti/vargahátt.

Vargast (s) Vinna að einhverju með vargalátum/yfirgangi; atast; jagast; heimta. „Ég nenni þá ekkert að vargast lengur í málinu fyrir þá, ef þeir sýna því sjálfir engan áhuga“.

- Vargbitin** (l) Um sauðkind; bitin eftir tófu/dýrbít; tófubitin; dýrbitin. „Þarna sýnist mér vera vargbitin kind“.
- Vargeyðing** (n, kvk) Skipulegt dráp á dýrum sem þykja meindýr gagnvart búskap, s.s. mink, ref og *vargfugli*. Nú oftast nefnt „eyðing refa og minka“, þar sem örn, máfur og hrafn er ekki talið til meindýra lengur.
- Vargétið** (l) Kroppað af tófu eða ránfugli. Oft um hræ. „Kindin var löngu dauð og hræið töluvert vargétíð“.
- Vargfugl** (n, kk) Fuglategundir sem fyrrum voru taldar ógnvaldur við veikburða skepnur og lögdust á t.d. kindur sem lágu afvelta eða höfðu *farið ofaní* (dý). T.d. hrafn, máfur, svartbakur og örn.
- Vargur** (n, kk) A. Almenn um villidýr. B. Villidýr sem ágeng eru við veikburða búfé og villtri náttúru, s.s. refur, minkur og *vargfugl*. C. Líkingamál um mjög ágengan/frekan mann eða konu, sbr *pilsvargur*.
- Vargur í véum** (orðtak) A. Upprunalega var hugtakið notað um þann sem varð uppvis að miklum helgispjöllum í véum; þ.e. helgum stað í heiðni. Blóðsúthelling í véum var einhver argasti glæpur sem unnt var að drýgja, og vargi í véum var grimmilega refsað. B. Sá sem veldur ófriði.
- Vargöld** (n, kvk) Stríðsástand; öld.
- Varhluta** (l) Sjá *fara varhluta af einhverju*.
- Varhugavert** (l) Óvarlegt; hættulegt; tortryggilegt. „Það er varhugavert að treysta þessari brú lengur“.
- Vari** (n, kk) Varúð; gætni; aðvörðun. Sbr *taka vara fyrir; hafa vara á sér*.
- Varið** (s) Lh þt af *verja*. „Því er nú þannig varið með mig að mér finnst ekkert varið í utanlandsreisur“.
- Varið í** (orðtak) Eftirsóknarvert; eftir að *slægjast*; gott; eigulegt. „Mér finnst ekkert varið í svona pitsubleðlil“.
„Það er heimikið varið í þennan hund; hann nýttist vel í smalamenskunni“. Stofninn er *verja*.
- Varkár** (l) Gættinn; athugull. „Hann var mjög varkár í orðalagi um þetta“.
- Varkárni** (n, kvk) Aðgætni; varúð. „Hann fikraði sig með varkárni eftir tæpu einstiginu“.
- Varkjafra** (s) Þræða seil í gegnum fiskhaus; gera þumu framan tungubeins til að þræða seil í fiskhaus.
- Varla** (ao) Naumlega; tæplega; ekki alveg. „Við erum svo seinir á flot að við náum varla snúningum“. Oftast framborið eins og um tvöflat l sé að ræða; án þess að r hljóðið heyrir. Fyrrum var orðið notað með neitun; t.d. „varla enginn“ eða „varla hvergi“.
- Varla nafn gefandi** (orðtak) Varla til að minnast á; varla til að hafa orð á. „Þessari veiði er varla nafn gefandi; örfáir tittir, og allir *kolmórauðir*“!
- Varla nema svipur hjá sjón** (orðtak) Ekki mikið miðað við fyrri glæsileik/mikilfengleik. „Vorleysingar nú á dögum eru varla nema svipur hjá sjón, miðað við það sem var fyrir fáum áratugum“.
- Varlega** (ao) Með varkárni/aðgæslu/tillitssemi; hóflega. „Aktu nú varlega með egginn á þessum óvegi“.
„Varlega áætlað sýnist mér að um hundrað kindur gætu verið í rekstrinum“.
- Varmenni** (n, hk) Fantur; illmenni; þrjótur. „Hitler hefur verið talinn einn versti skáلكur sem sögur fara af í seinni tíð, en spurning er hvort Stalín var ekki viðlíka varmenni“.
- Varmennska** (n, kvk) Fantaskapur; illvilji. „Ég hef sjaldan vitað álíka varmennsku og þetta“!
- Varmi** (n, kk) Hljýja; hiti. „Lambið hressist fljótt við varmann frá eldavelinni“.
- Varna** (s) Verja; hindra; afstýra. „Þeir girtu kringum dýið til að varna því að fé færi þar ofaní“. „*Engum er alls varnað*“. „Honum er ekki alls varnað; hann náði fénu heim einsamall þó enginn hefði trú á því“.
- Varnaðarorð** (n, hk, fto) Aðvaranir; viðvaranir. „Það var því miður ekki hlustað á þessi varnaðarorð“.
- Varnaður** (n, kk) Fordæmi til varúðar. Sjá *láta sér til varnaðar verða*.
- Varnagli** (n, kk) A. Heiti á nagla til að festa var (egg) á reku. Hugsanlegt er þó að það hafi einnig verið haft yfir saum sem settur var aukalega, t.d. í bát til frekara öryggis. B. Einkum notað núna í líkingamáli um fyrirvara; varúðargerð. „Ég sagðist myndu koma með þeim, þó með þeim varnagla að ég þyrfti ekki að sinna öðru brýnna“. „Hann taldi sig vera búinn að laga þetta, en *sló* þó *þann varnagla við* að ekki mætti reyna mikið á það“.
- Varnarlaus** (l) Án varna; án möguleika til að verja sig. „Maður er alveg varnarlaus gegn svonalöguðu“.
- Varnarleysi** (n, hk) Það að vera varnarlaus.
- Varnarlið** (n, hk) Herlið til varnar. Orðið var notað af stjórnmöllum og sumum öðrum um erlent herlið sem fékk aðsetur á Íslandi um áratugaskeið eftir síðari heimstyrjöld, undir því yfirskini að verja Ísland gegn ímyndaðri hættu. Í raun var þó um pólitíska klæki að ræða, ásamt braski þeirra sem á þessu högnuðust. Ísland var þannig notað sem peð í valdatafli stórveldanna, en hefði betur verið hlutlaust.
- Varnarræða** (n, kvk) Málflutningur þess sem þarf að verja sitt mál/ sína afstöðu.

- Varnarþing** (n, hk) A. Staður/svæði þar sem maður ver rétt sinn að lögum. Varnarþing er gjarnan það svæði sem maður er heimilisfastur á, en ekki endilega þar sem hann hefur aðsetur. B. Lögsaga héraðsdómstóls.
- Varningur** (n, kk) Vara. „...en jafnan var farið í kaupstað fyrir jólin og þá keyptur ýmis varningur til hátíðarhaldsins. Heim var svo fluttur ýmiss konar varningur til vetrarins. Matvara, svosem hveiti, sykur, haframjöl og rúgmjöl; allt í 50 kg pokum. Fóðurbætur, aðallega fiskimjöl og sildarmjöl, var venjulega í 100 kg pokum. Venjulega var tekið mað lítið eitt af kolum, sem þótti gott að geta gripið til ef sérlega þurfti að skerpa lítilliga á eldi“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Varorður** (l) Varfærinn í orðum/orðavali. „Hann var afskaplega varorður um þessi viðkvæmu mál“.
- Varp** (n, hk) A. Kast; það að kasta einhverju, sbr. yfirvarp. B. Eggjaframleiðsla fugla. „Það hefur verið lítið varp á hænsnunum núna“. C. Egglend. „Í Blakknum er töluvert varp af fýl“. D. Saumur á roðskó/skinnskó. „Síður rifnaði út úr varpinu á skóm skó úr hnakkaróði en dylluroði“.
- Varpa** (n, kvk) Veifarferi skipa; pokalaga net sem dregið er eftir öflugu vélskipi eða togara. Nafnið er dregið af því að veifarferinu er varpað/kastað fyrir borð í byrjun veiða, og líkist í því efni kastneti. Vörpur togara, eða ræfrildi úr þeim, rekur stundum á fjörur og hafa stundum verið til nytja.
- Varpa** (s) Kasta; fleygja; slengja. „Hann varpaði af sér byrðinni og settist niður“.
- Varpa ellibelgnum** (orðtak) *Kasta ellibelgnum*, sjá þar.
- Varpa fram spurningu** (orðtak) Spyrja; bera upp spurningu. „Oddviti varpaði fram þeirri spurningu hvort menn vildu fækka kjördeildum niður í eina“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Varpa fyrir borð** (orðtak) Kasta í sjóinn frá bát.
- Varpa hlutkesti** (orðtak) Kasta teningi, peningi eða öðru til að ákvarða t.d. hver/hvor ber hærri hlut í skiptum, spilum eða deilumáli. „Við skulum bara varpa hlutkesti um það hver verður á brún og hverjir fara niður“.
- Varpa öndinni** (orðtak) *Kasta mæðinni*; taka sér hvíld frá erfiði til að losna við mestu mæðina. „Í miðri Vörðubrekku settumst við niður til að varpa öndinni“.
- Varpa öndinni léttar** (orðtak) Losna við áhyggjur; geta andað eðlilega en vera ekki andstuttur af spenningsi. „Ég varpaði öndinni léttar þegar ég sá að hann náði að klórast upp í ganginn“.
- Varpaður** (l) Um fatnað, s.s. skó eða skinnklæði; *verptur*. Voru báðar beygingarmyndir þekktar. „Þessir skór voru þjállí og fóru betur á fæti. Þeir voru varpaðir með snæri, og með því sama snæri bundnir yfir mjóalegginn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Varpfóður** (n, hk) Fóður sem hænsnum er gefið til að auka varp. „Gefðu þeim hálfu kollu af varpfóðri“.
- Varpbúningur** (n, kk) Hamur sem fugl skryðist á farptíma og í tilhugalífi. Oft er fjaðrahamur, einkum karlfugls, litskrúðugri um varptíma en endranær. Á það t.d. við um æðarblíka.
- Varpfugl** (n, kk) Fugl sem verpur eða hefur orpið. „En þegar búið er að drepa varpfuglinn kemur bjargfuglinn, sem svo er kallaður; heimilislaus fugl utan af sjónum... og helgar sér munaðarleysingjann“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Varphæna** (n, kvk) Hæna í varpi. Varphænsni er haft um flokk af varphænum, gjarnan ásamt hana.
- Varpi** (n, kk) Tún, þar sem það liggur næst bæjarhlaði. Dregið af því að verpa; þ.e. skeyta saman. *Hlaðvarpi*.
- Varpjörð** (n, kvk) Jörð sem nýtur hlunninda af æðarvarpi. T.d. Hnjóts- og Tungujarðir í Rauðasandshreppi.
- Varpkassi** (n, kk) Kassi sem fugl/hæna verpir í. Í honum er hafður undirburður af heyi eða öðru til mýktar.
- Varpland** (n, hk) Svæði með miklu fuglavarpi. Gjarnan notað um æðarvarp eða kríuvarp.
- Varptími** (n, kk) Tíminn sem varp fuglategundar stendur yfir.
- Varreka** (n, kvk) Reka af eldri gerð, með tréblaði sem á er fest egg/var úr járn. Sjá *varnagli*.
- Varsla** (n, kvk) Geymsla; varðveisla. „Hann ber ábyrgð á fê sem er í hans vörslu“.
- Vart** (ao) Varla. „Hann var vart orðinn tvítugur þegar þetta skeði“.
- Varta** (n, kvk) Vörtur eru litlir hnúðar sem myndast geta á húð af völdum veirusýkingar. Algennt er að þær myndist hjá börnum og hverfi oft af sjálfsdáðum, en stundum þarf að fjarlægja vörtur og lækna sýkingu; einkum ef þær eru á slæmum stöðum, s.s. fótum eða kynfærum. Vörtusýkingar geta verið smitandi, einkum þegar úr þeim blæðir. Þjóðtrúin segir vörtur vera gæfumerki; þær dragi að auðlegð. Ennfremur að vörtur megi lækna með því að nudda þær með vígðri mold.
- Vartappi** (n, hk) Bræðivar. Notað í raflögnum fyrir daga útsláttarvara, og jafnan nefnt „öryggi“.
- Varúd / Varygð** (n, kvk) Gætni; fyrirhyggja; aðgát. „Þarna er gangurinn tæpur og þarf að fara um með varúd“. Í Kollsvík tíðkaðist, sem ekki heyrst annarsstaðar, að hafa orðið í fleirtölu: „Þetta þótti alveg

herramannsmatur; ungararnir. Engar varúðir á því. Fullorðnir svartbakar þóttu ekki mannamatúr“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). Sjaldan var notuð orðmyndin „varygð“, en heyrðist þó. „Þið gætið varyggðar þegar þið farið um þræðinginn í Takaklettinum“.

Varúðarráðstöfun (n, kvk) aðgerð til öryggis/vara. „Oftast var gerð varúðarráðstöfun ef það brygðist“ (IG; Sagt til vegar II).

Varúðlega (ao) Varlega; gætilega. „Hann tók glerið varúðlega úr falsinum“.

Vas (n, hk) Bras; bauk; bjástur; vafstur. „Ég nenni ekki að standa í þessu vasi lengur“!

Vasabók (n, kvk) Lítil bók; bók sem kemst í vasa.

Vasagreiða (n, kvk) Lítil hárgreiða sem kemst í vasa.

Vasahnífsblað / Vasahnífsoddu / Vasahnífskaft (n, hk/kk) Hlutar vasahnífs. „Ég náði skráfunni úr með vasahnífsblaðinu“. „Út í þetta setti hann salt á vasahnífsoddi“. „Tappinn smali þegar ég bankaði létt á hann með vasahnífskaftinu“.

Vasahnífsbrók / Vasahnífsræfill (n, kvk/kk) Lélegur vasahnífur; gæluheiti á vasahníf. „Skyldi ég hafa týnt vasahnífsbrókinni“? „Það má lengi dengja úr vasahnífsræflinum“.

Vasahnífur (n, kk) Sjálfskeiðungur; hnífur sem unnt er að leggja saman, þannig að fari vel í vasa. „Vasahnífur er hverjum manni ómissandi, líkt og *snýtuklúturinn*; *allavegana* var það svo áður fyrr; til að marka lömb; taka af; flá; hækla; skera snæri; blóðga fisk; spyrða og ótal annarra nota. Hann er líka mjög hentugt tæki til að skrúfa; skafa; raspa; tálga neglur; afeinangra vír; kroppa klaka; skafa skít og ekki síst til að tálga. Tálga þurfti sköft á hrifur og annað svo þau féllu í sitt gróp; enda á handfangi sem stungið var í strjúpa þegar sviðið var; neglu í bát o.fl. Laghentir menn tálguðu gjarnan ýmsa muni, af misjafnlega mikilli list. Guðbjartur afi á Láganúpi tálgaði oft leikföng fyrir okkur bræðurna; ýmist spýtukarla, háa og leggjalanga, eða trébáta. Stundum gerði hann fugl eða sel úr klumbubeini af ýsu. Ég hef sjálfur haldið þeim síð að skilja aldrei við mig vasahnífinn og hann kemur iðulega í góðar þarfir, þó lítið sé tálgað“ (VÖ). „Hníf komu vermenn með sér hreinan úr aðgerðinni og geymdu að loknum snæðingi í verskrínunni, ef þeir höfðu ekki eignast sjálfskeiðung, sem var orðið algengt á ofanverðri 19. öld“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH). „Í þetta skipti týndi ég fyrsta vasahnífnunum sem ég eignaðist, og þó ég leitaði í mörg ár fann ég hann aldrei“ (IG; Æskuminningar). „Við það að sjá þessa falletu kjötbíta sem í skrinunni voru féll hann marflatur fyrir freistingunni; greip einn bitann og skar sér með vasahnífnunum vænan munnbita“ (PG; Veðmálið).

Vasaklútur (n, kk) Léreftsbútur sem menn hafa gjarnan í vasa, til að snýta sér í og þurrka. Vasaklútar eru af ýmsum gerðum, allt eftir notum og manngerð. Neftóbakskarlar nota gjarna stóra klúta en *þjattrófur* minni.

Vasaljós (n, hk) Lítið ljós til að halda í hendi. Tilkoma vasaljósa og lítilla battería var allmikið framfaraskref í sveitum; ekki síst fyrir þá sem þurfa að fara um vegleysur til gegninga í myrkri.

Vasapeli (n, kk) Lítil flaska sem unnt er að hafa í vasa, gjarnan flöt. Yfirleitt er orðið notað um litlar flatar vínflöskur. Fyrir kom að góðbændur í Rauðasandshreppi höfðu með sér vasapela á réttir, og dreyptu menn hóflega á til að fagna heimtum og smölun. Hinsvegar fór því víðsfjarri að vinnesla og söngur væri áberandi hluti réttanna, líkt og nú virðist vera á Suður- og Norðurlandi. Réttir gengu einkum út á að smala og rétta fé, auk þess að skiptast á orðum við góða granna.

Vasast í (einhverju) (orðtak) Bjástra við; vesenast með; fást við. „Ég skil ekki hvernig hann nennir að vasast í þessum málum; ekki hefur hann svo mikið uppúr því“.

Vasaúr (n, hk) Úr sem haft er í vasa og fest við fót með keðju. Vasaúr eru gjarnan skrautleg og höfðu heldri menn þau í vestisvasa, með áberandi keðju þvert yfir ístruna.

Vasi (n, kk) A. Hólf eða poki sem saumaður er á fatnað til að geyma ýmislegt smálegt, eða stinga höndum í. Sbr buxnavasi, jakkavasi, *brjóstvasi*, *rassvasi*. B. Krukka sem t.d. blóm eru sett í.

Vaska (s) Þvo. „Þar er hann saltaður í stæður sem eru umstaflaðar eftir 3-4 daga. Í þeim stóð fiskurinn þar til hann var *vaskaður* og þurrkaður“ (IG; Niðjatal HM/GG).

Vaska upp (orðtak) Þvo upp; þvo leirtau og annan borðbúnað eftir notkun. „Ég skal vaska upp ef þú þurrkar“.

Vaskafat (n, hk) Þvottafat. Fat eða lítill bali sem þvegið er í.

Vasklega (ao) Rösklega; hraustlega; ákveðið. „Hann þótti sýna vasklega framgöngu í málinu“.

Vasklegur (l) Hraustlegur; rösklegur. „Mér sýndist þetta vera hinn vasklegasti náungi“.

Vaskur (n, kk) Handlaug; þvottalaug.

Vaskur (l) Röskur; duglegur; hraustur. „Tveir vaskir menn verða fljótir að klára þetta verk“.

Vasla (s) Vaða; ösla; sulla. „Á stórum fjörum mátti taka skel á þurru, en á smærri fjöru varð að vasla í sjó“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

- Vatn** (n, hk) A. Hefðbundin merking um efnasambandið vatn. B. Stór tjörn; t.d. Litlavatn. C. Um sjávardýpi. Sagt er að skip/veiði sé á svo og svo djúpu vatni. „... nú og ef maður er á djúpu vatni fer maður sér bara hægar til að byrja með“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Vatn á myllu (einhvers)** (orðtak) Einhverjum til stuðnings/hagsbóta. „Áróðurinn gegn hinum reyndist aðeins hafa verið vatn á hans myllu“.
- Vatna** (s) Bera vatn í það búfé sem er á *innistöðu* að vetrarlagi. Töluverð vinna var í því að vetrarlagi að bera vatn daglega í kýr, kálfa, gemlinga og hrúta. Annað fé var látið út, væri þess nokkur tilsjón; þó ekki væri til annars en að láta það *vatna sér*. Ekki einungis var það að bera vatnið, heldur gat einnig þurft að brjóta ís til að komast að vatnsbólum. Á 20. öld komu vatnslagnir, fyrst í íbúðarhús og síðan í útihús, sem auðveldaði þetta mikið. Síðar komu sjálfvirk brynningarker í fjós, sem tóku af mesta erfiðni við þennan þátt búskaparins.
- Vatna músum** (orðtak) Tárast; gráta. „Hversvegna ertu að vatna músum núna, ræfillinn minn“?
- Vatna sér** (orðtak) Fá sér að drekka. Einkum notað um fé sem látið er út til brynningar. „Mundu eftir að víkja fénu norður að Ánni svo það geti vatnað sér“.
- Vatna undir** (orðtak) Um það þegar hlutur er lyft nægilega til að greinanlegt sé að hann losni frá jörð eða gólfi. „Það er enginn maður með mönnum nema að hann lyfti Brynjólfstaki svo vatni undir“.
- Vatna út** (orðtak) A. Um skepnur; *hleypta í vatn*. „Hann fór norður á Mel að vatna út fénu“. B. Um saltaðan mat; útvatna. „Það hefði mátt vatna saltketið aðeins út fyrir suðuna“.
- Vatna yfir** (orðtak) Um það þegar hlutur fer á kaf. „Það þarf að vatna yfir hjólin á bátavagninum til að báturinn fljóti upp í hann“. „Þekill þarf að vera nægur til að örugglega vatni yfir saltketið“.
- Vatnagangur / Vatnsgangur** (n, kk) *Vatnavextir*; ágangur áa og lækja. „á þessu svæði var enginn gróður samfelldur; aðeins nokkrar melþúfur og ár og ár vísir að smágrasfitjum sem Vaðallinn og vatnagangur ofanfrá dalnum eyddi svo þegar verr áraði“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Vatnaskil** (n, hk; fto) Efsti hluti landsvæðis, þar sem vötnum hallar sitt í hvora/hverja áttina. Einkum er heitið notað í landamerkjalyfingum. T.d. liggja landamerki Kollsvíkur- og Láganúpsjarða víðast á vatnaskilum á móti aðliggjandi jörðum, s.s. Hænuvík og Breiðavík, eða *eins og vötnum hallar*.
- Vatnasvið** (n, hk) Svæði vatnsfall, sem vatn fellur af til vatnsfallsins, bæði ofanjarðar og neðan.
- Vatnavextir** (n, kk, fto) Vöxtur í ám og lækjum, einkum í leysingum og stórrigningum. Algengara orð í Kollsvík en hláka eða leysingar.
- Vatni ausinn** (orðtak) Skírður. Sjá *ausa vatni*. „Eftir tíðkan aldar þá,/ öls við þamb og teiti;/ kastað vígðu vatni á;/ valið mannlegt heiti“ (JR; Rósarímur).
- Vatnsafl** (n, hk) Stöðuorka vatns sem getur runnið; hreyfiorka rennandi vatns.
- Vatnsagi** (n, kk) Stöðugt vatnsstreymi. Gjarnan notað um óæskilegt streymi vatns, t.d. um vegi í leysingum. „Best er að fara (um sunnanverða Vatnadalsbót) snemma vors, áður en slý og þörungagróður þekur fjöruna, en slíkt gerist snemmsumars vegna mikils og nær samfellds vatnsaga úr sjávarklettunum“ (HÖ; Fjaran).
- Vatnsaustur** (n, kk) Gusugangur; vatnsagi; aftakarigning. „Ég hef sjaldan lent í viðlíka vatnsaustri“!
- Vatnsbakki** (n, kk) Skilrúm/haft sem skilið er eftir þegar grafið er í blautan/mýrlendan jarðveg, til að vatn liggi síður í holunni. „Verst var hve mikið vatn var í *mógröfunum*. Þó var alltaf hafður vatnsbakki, en hann vildi springa“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Vatnsberi** (n, kk) A. Manneskja sem ber vatn úr vatnsbóli í hús; sá sem sækir vatn til drykkjar/brynninga. B. Áhald til að léttva vatnsburð. Okki er lagður yfir axlir og niður úr hvorum enda hans ganga tré sem fótturnar eru festar í. Litlir skáokar styrkja hornin. Stundum hanga fótturnar þó í taumum úr endum okans. C. Eitt stjörnumerkjanna á norðurhveli himins; aquarius. Merkinu var lýst af grikkjanum Ptolemæosi á 2.öld f.Kr. Sést að hluta frá Íslandi. D. Manneskja sem fædd er í stjörnumerkinu vatnsberanum.
- Vatnsborð** (n, hk) Yfirborð vatns.
- Vatnsból** (n, hk) Uppspretta vatns úr jörðu. Oftast er átt við brun/stað þar sem neysluvatn er tekið.
- Vatnsbólstur** (n, kk) Bunga á yfirborði jarðvegs, þar sem vatn hefur þrengt sér undir grassvörð og lyft honum. Gerist þetta stundum í vorleysingum, þegar gróðurþekjan hefur þiðnað en vatn nær samt ekki að síga niður í jörð sökum frosts í jörðu. Í halla sígur vatnið undir þekjunni og lyftir henni þar sem fyrirstöður verða, í vatnsfyllta bólstra. Þegar á er stungið vellur vatnið út.
- Vatnsbretti** (n, hk) Frágangur á smíði húss; lárétt fráhallandi fjöl sem sett er ofan og/eða neðan glugga, til að veita vatni framaf og frá.
- Vatnsbuna** (n, kvk) Rennsli vatns t.d. úr krana.

Vatnsburður (n, kk) Burður á vatni til drykkjar/brynninga.

Vatnsdallur (n, kk) Vatnsílát. Oftast notað um vatnsílát hjá hænsnum. „Mundu eftir að gá hvort nóg er í vatnsdallinum“. „Netakúlur úr áli sem tekin var sneið úr, voru oft notaðar til að hafa í vatn“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Vatnsdalskumlið / Vatnsdalsbáturinn (n, hk/kk) Kumli sem fannst í Vatnsdal í Patreksfirði og bátur sem í því lá grafinn. Kumlið fann Magnús Ólafsson frá Vesturbotni, þegar hann var á jarðýtu að útbúa kartöflugarð árið 1964, þar sem heitir Reidholt; neðst innanvið Vatnsdalsá. Það var rannsakað af Þór Magnússyni fornleifafræðingi, og fann hann leifar af um 6m löngum og um 95 cm breiðum rósaumuðum bát, en í honum höfðu verið heygðir fjórir karlar og tvær konur. Þór taldi að báturinn hafi verið smíðaður úr barrviði, líklega lerki; borðin hafi verið 6 á hvora síðu, fremur mjó. Af haugfé fannst þarna þórshamar; perlur úr steinasörvi; hringur, armaugar og bjalla úr bronsi; kambar; blýmet; bronskinga; hnífur og brýni. Þá fundust tvö stykki úr hvalbeini, sem líklegt er að hafi verið vaðbeygjur á borðstokk, og þá fremur fyrir stjórafæri en veiðarfæri. Sé það rétt, gæti það bent til að með bátnum hafi verið fiskað fyrir föstu. Báturinn var borðlagur, og því líklega að honum hafi verið haldið til veiða innanfjarðar í Patreksfirði en út á Kollsvík, þó um það verði ekki fullyrt. Það að sjö manneskjur voru heygðar í bátnum gæti bent til þess að á honum hafi orðið sjóslýs; e.t.v. í lendingunni í Vatnsdal. En þó kann annað að hafa gerst, s.s. drepsótt á landi. Þór telur bátinn vera frá fyrstu árum byggðar, og veltir því upp að sé Landnámabók marktæk megi ætla að þarna gæti verið eitthvað af föki Örlýgs Hrappssonar eða afkomendur þess. Þar gæti því einnig verið fólk Kolls föstbróður hans; landnámsmanns í Kollsvík, og e.t.v. hefur báturinn verið meðal fyrstu báta sem gerðir voru út í Kollsvíkurveri. Um þetta verður fátt sagt nú; a.m.k. ekki nema með frekari rannsóknum. Minjar í kumlinu benda bæði til heiðins og kristins siðar. Kumlið þykir meðal merkustu fornleifafunda hérlendis.

Vatnsefni (n, hk) Vetni; H; léttasta frumefnið; það algengasta í alheimi og það sem einkum viðheldur bruna sólar. Nafnið vatnsefni var almennt notað framyfir 1960; dregið af því að það er uppistaðan í efnasamsetningu vatns. Í því eru tvær frumeindir vetnis á móti einni af súrefni.

Vatnselgur / Vatnsflaumur / Vatnsflóð (n, kk/hk) Óvanalega ákaft rennsli vatns, t.d. í leysingum. „Þarna rennur gríðarlegur vatnselgur yfir veginn“. „Vatnsflaumurinn rann niðuryfir Flötina“.

Vatnsfall (n, hk) Rennandi vatn, t.d. á lækur, fljót. „Áin stærsta vatnsfallið í Kollsvík“.

Vatnsfat (n, hk) A. Fat með vatni. B. Vaskafat; grunn, víð skál til t.d. þvotta. Vatnsfat var áður ríkjandi heiti en á síðari tímum hefur vaskafat *rutt sér til rúms*.

Vatnsfata (n, kvk) Fata undir vatn; fata með vatni. „Þær eru margar vatnsföturnar sem bornar hafa verið úr brunni til bæjar gegnum tíðina“.

Vatnsflaska (n, kvk) Flaska undir vatn; flaska með vatni. „Áður en *ytt* var frá hljóp ég upp í Búðarlæk og fyllti vatnsflöskuna“.

Vatnsgjúga (n, kvk) A. Kýli; bólguhnúður; vökvafyllt blaðra „Ósköp er lítið varið í þessar pulsar. Þetta er eins og vatnsgjúgur“! B. Líkingamál. „Skelfing eru þetta leiðinlegar appelsínur; þær eru eins og vatnsgjúgur“.

Vatnsgjúgulegur (l) Eins og *vatnsgjúga*. „Kartöflurnar eru orðnar hálf linar og vatnsgjúgulegar“.

Vatnsglundur (n, hk) Lap; það sem er mjög vatnsblandað. „Ekki kann ég vel að meta þetta vatnsglundur sem þeir kalla agúrku, og *tröllriður* öllu nútímafæði“!

Vatnsgrautur (n, kk) Þunnur grautur með miklu vatni og dálitlu af mjöli eða öðru; vatnslap.

Vatnsgutl (n, hk) Hvaðeina sem mjög er þynnt með vatni. „Svona vatnsgutl kalla ég ekki kaffi“!

Vatnshalli (n, kk) Nægur halli til að vatn renni. „Gættu þess að hafa vatnshalla á rörinu“.

Vatnshani (n, kk) Svo voru nefndir vatnskranar, fyrst þegar vatn var lagt í hús.

Vatnsheldur (l) Um efni; sem heldur vatni. „Vel lagt helluþak er ágætlega vatnshelt“.

Vatnshjól (n, hk) Spaðahjól; hjól sem snýst þegar straumvatn ýtir á spaða sem standa þversum í brún þess. Vatnshjól hafa lengi verið notuð til virkjunar straumvatns, eða frá því fyrir krists burð. T.d. til kornmölunar; dælingar vatns og sögunar á trjáviði. Höfundur þessarar samantektar fann aðferð til að láta vatnshjól snúast þó það væri á kafi í straumnum, sem ekki hafði áður verið gert. Uppfinningin nefnist straumhjól, og var fyrsti íslenski hverfillinn til að hljóta einkaleyfi.

Vatnshrútur (n, kk) Tæki til dælingar á vatni sem sett er í straumvatn, en straumurinn knýr þá dælu sem dælt getur vatni upp í allt að 20-falda fallhæð straumvatnsins. Virkinn er í megindráttum sú að með sérstökum búnaði stúts, þyngdarklossa og loka er komið reglulegum þrýstingsbreytingum í vatnsstreymið, sem nýtast til að þrýsta vatni upp í neyslulögnina. Fyrst notaður í Frakklandi 1796, en hérlendis frá 1935.

Vatnshræddur (l) Hræddur við vatn; forðast vatn; vatnsfælinn.

- Vatnshverfill** (n, kk) Hverfill sem knúinn er af vatni; hvorki gufuhverfill né sjávarfallahverfill; vatnstúrbína.
- Vatnshöfuð** (n, hk) Hydrocelaphus; alvarlegur sjúkdómur sem stafar af uppsöfnun mænuvökva í höfði. Þegar slíkt gerist hjá ungbörnum stækkar höfðuðið gjarnan, en hjá fullorðnum eru höfuðbeinin samgróin. Vatnshöfuð veldur miklum þjáningum; ógleði, höfuðverkjum og sjónsviðstruflunum, og leiddi oft til dauða áður fyrr. Nú er létt á þessum vökvaþrýstingi með hjáveitu; borað er í höfuðkúpuna; þar settur ventill og yfirfall leitt í slöngu undir húðinni niður í kviðarhol.
- Vatnsjata** (n, kvk) Langt og mjótt ílát sem notað er til að vatna fé sem er á innistöðu, og er þá fest lárétu á vegg. „Vatnsjötur voru ýmist gerðar úr þremur viðar borðum með göflum í enda eða úr jární“.
- Vatnslósett / Vatnssalerni** (n, hk) Innikamar; salerni inni í íbúðarhúsi, með vatnskassa tengdan neysluvatnslögn. „Vatnslósett kom í Láganúpsbæinn líklega kringum 1962“.
- Vatnsköttur** (n, kk) A. Lirfa brunnskluðkunnar; svartur mjór ormur sem iðar mjög og sést oft á sundi í stöðnuðu vatni. Þótti hættulegur og jafnvel banvænn, væri hann étinn. B. Uppnefni þess sem drekkur mikið vatn.
- Vatnslaus / Vatnslítill** (l) Með lítið/ekkert vatn. „Kýrnar voru að verða vatnslausar svo ég lét renna í stampinn“.
- Vatnsleysi** (n, hk) Skortur á vatni/drykkjarvatni/neysluvatni.
- Vatnsmylla** (n, kvk) Mylla sem knúin er vatnshjóli. Vatnsmyllur voru um tíma í Kollsvík; í Ánni og Myllulæk.
- Vatnsósa / Vatnssósa** (l) Um jarðveg o.fl. sem hefur *blotnað upp*. „Fóðurbætirinn er vatnssósa eftir lekann“.
- Vatnspóstur / Vatnspumpa** (n, kk) Handdæla til að dæla/pumpa vatni. „Bæði á Stekkjarmel og í Kollsvík var búið að setja upp vatnspumpur í íbúðarhúsum fyrir 1960; tvívirkar stimpildælur sem dælt var með því að hreyfa stöng til hliðanna“. Heitið „póstur“ merkir stólpi, einnig notað t.d. í „gluggapóstur“.
- Vatnstrás** (n, kvk) A. Hverskyns fárvegur vatns. B. Lægð meðfram vegi, sem vatn situr gjarnan í eða rennur um. „Vatnstrásin er að verða full af grjóthruni úr skriðunum“.
- Vatnstampur** (n, kk) Stampur með vatni. „Milli tveggja bása í gamla fjósinu var vatnssstampur; afsöguð trétunna. Hjá stampinum var krani, og slanga niður í hann“.
- Vatnssýki** (n, kvk) Sjúkdómsheiti fyrr á öldum, sem nú er oftast greint í fjölbreytilega sjúkdóma með öðrum nöfnum. Var notað t.d. yfir sullaveiki, skyrbjúg, liðabólgu, vatnshöfuð o.fl.
- Vatnsveður** (n, hk) Miklar rigningar og vatnsagi um alla jörð. „Það tók Látrabændur aðeins eitt lítið stundarkorn að ákveða að leggja til atlögu við sjálft Látrabjarg í svartasta skammdeginu í hláku og vatnsveðri, þegar búast mátti við frosti og flughálku þá og þegar“ (MG; Látrabjarg).
- Vatnsþamb** (n, hk) Mikil drykkja vatns. „Saltketið kallar á ansi mikið vatnsþamb“.
- Vatnsþunnur** (l) Lapþunnur; mjög þynntur með vatni. „Mér fannst lítið varið í svona vatnsþunnan graut“.
- Vatnsönd** (n, kvk) Annað heiti á *stökkönd/grænhöfðaönd/gráönd*, sem stundum var notað í Kollsvík og víðar.
- Vattbotn** (n, kk) *Sigtisbotn*; kringlótt þunn skífa úr vatti/bómullarkenndu efni, sem settur er í botn mjólkursigtis og síar óhreinindi úr mjólk sem hellt er í gegnum það. Vattbotnar voru ómissandi þarfapening á hverju sveitaheimili, og að sjálfsögðu föst söluvara hjá kaupfélögum til sveita.
- Vaturstagur** (n, kk) Eitt af mörgum stögum í reiða seglbáts. „Íslendingurinn rennir sér þá niður vaturstaginn, en hann liggur frá bugspjótsendanum og niður í stefnið um sjólinu“ (MG; Látrabjarg). „Flaut skipið á vog í fjörunni innan Sölmundargjár og var fast á vaturstagnum á svonefndum Kisukletti. sem er þar í fjörunni“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).
- Vax** (n, hk) Mjúkt þykkt lífrænt efni. Það er myndað af ýmsum lífverum í náttúrunni, t.d. nota jurtir það til að verja yfirborð sitt gegn uppgufun og býflugur framleiða það og gera úr því hólfuð bú sín. Til iðnaðar er það framleitt úr olíu og t.d. notað sem kertavax til framleiðslu vaxkerta. Það er tregbrennanlegt og því er hafður kveikur í kertum úr brennanlegra efni. Fyrrum var tólg notuð til kertagerðar. Vax var einnig notað undir skíði, til að þau rynnu betur.
- Vaxa ásmegin** (orðtak) Aukast kjarkur/þor; verða hugaður. „Stráknunum óx ásmegin þegar ég kom, og áræddi að nálgast lambána aftur“. Ásmegin er fornt heiti á afli (megin) guða (ása).
- Vaxa fiskur um hrygg** (orðtak) Styrkjast; aukast; vaxa. „Mér sýnist að þessum flokki sé núna að vaxa heldurbetur fiskur um hrygg“. Vísar til þess að fiskar og aðrar lífverur auka hold sín með aldrinum.
- Vaxa í augum** (orðtak) *Mikla fyrir sér*; sýnast ill-/óviðráðanlegt; kvíða fyrir. „Mér óx verkið nokkuð í augum í fyrstu, en sá fljótt að þetta yrði létt verk og löðurmannlegt“.
- Vaxa/spretta í stöng / Vaxa/spretta úr sér** (orðtak) Um tún/sléttu; spretta svo úr sér að óætir stönglar verði áberandi en blöð.

- Vaxa uppúr** (orðtak) Verða of stór fyrir. Oftast notað um það þegar föt verða of lítil fyrir barn/ungling í vexti, en stundum í öðru samhengi: „Síðar þótti því bregða fyrir, þegar báðir komust á fullorðinsár, að Júlí hefði ekki vaxið uppúr hlutverki uppalandans gagnvart Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Vaxa/spretta úr grasi** (orðtök) Verða fullorðinn. „Krakkarnir eru allir vaxnir úr grasi“.
- Vaxa yfir höfuð** (orðtak) Verða stærri en; verða óviðráðanlegur. „Ég byrjaði á þessu sem tómstundagamni, en það hefur nú algerlega vaxið mér yfir höfuð“.
- Vaxborinn** (l) Húðaður/mettaður með vaxi.
- Vaxdúkur** (n, kk) Ofinn dúkur sem mettaður er með vaxkenndu efni, og dregur því ekki í sig bleytu. Vaxdúkar voru fyrrum vinsælir t.d. sem borðdúkar.
- Vaxinn** (l) A. Um lífveru; sprottinn; fullorðinn; gróinn. B. Um málefni; háttáð. „Hann sagði mér hvernig málin eru vaxin“.
- Vaxtarlag** (n, hk) Það hvernig maður eða skepna er vaxin/sköpuð. „Hann sagðist lítið fara í kletta eftir að hann eltist og vaxtarlagið breyttist“.
- Vaxtaverkir** (n, kk, fto) Verkir/tilfinning sem börn fá við að bein stækka en skinn og annað stundum hægar.
- Vá** (n, kvk) Hætta; voði. „Við vissum að hér gat verið mikil vá á ferð ef bátnum slægi flötum“.
- Vá fyrir dyrum** (orðtak) Hætta yfirvofandi; ógnir steðja að; harðindi/hungur framundan. „Þykja hausti einu á/illar heimtur vera./ Fyrir dyrum virðist vá,/ varla nóg að skera“ (JR; Rósarímur).
- Váboði** (n, kk) Hættumerki; það sem boðar vá. „Fyrstu váboðarnir birtust um hádegisbil, þegar illúðlegir klakkar gægðust yfir Hjallabrúnina. Síðar um daginn fór hann að hellirigna“.
- Váfrétt** (n, kvk) Mjög slæm frétt; frétt af voðalegum atburðum. „Maður er hálf dasaður við svona váfréttir“.
- Válegur** (l) Geigvænlegur; hræðilegur. „Þú geigvænna atburða vitni hefur verið;/ válegra slysa við brimgnúði skerið“ (EG; Blakkurinn; Niðjatal HM/GG).
- Válynd veður** (orðtak) Ískyggilegt veðurútlit; skaðræðisveður. „Það geta verið válynd veður uppi á heiðum á þessum árstíma“.
- Veð** (n, hk) Það sem sett er sem trygging fyrir fullnustu skuldar. „Bankinn hefur veð í jörðinni“. „Ekki þori ég að leggja lífið að veði fyrir því að þessi saga sé sönn“.
- Veðband** (n, kvk) Hindrun eignarhalds vegna þess að eignin er að veði. „Engin veðbönd hvíla á jörðinni“.
- Veðbókarvottorð** (n, hk) Vottorð úr veðmálabók sýslumanns um veðsetningu eignar.
- Veðja** (s) Leggja veð undir í keppni eða deilumáli, sem sá fær sem sigrar eða hefur rétt fyrir sér. Veðið getur verið fjárhæð eða hlutur; stundum einungis heiðurinn af sigrinum. „Ég skal veðja við þig um þetta atriði“.
- Veðja á** (orðtak) Spá; treysta á; leggja undir. „Ég myndi nú ekki veðja miklu á að þetta sjóveður haldist lengi“.
- Veðja fyrir** (orðtak) Treysta á/leggja undir að ekki verði; Ég myndi nú ekki alveg veðja fyrir að hann gæti átt það til að rigna með kvöldinu; hann lítur einhvernvegin ekki nógu vel út í austrinu finnst mér“.
- Veðleyfi** (n, hk) Leyfi sem eigandi eignar gefur öðrum til að veðsetja eignina fyrir sínum skuldum.
- Veðmál** (n, hk) Samkomulag tveggja aðila um að sá sem tapar deilumáli gjaldi hinum eitthvað umsamið. „Hann (Liði) var annar aðilinn að veðmálinu, en hinn var réttarbóndinn (Gummi)“ (PG; Veðmálið).
- Veðmálabók** (n, kvk) Bók sýslumanns, sem þinglýst veð eru færð í; veðbók.
- Veðmáls lamb** (n, hk) Lamb sem veðjað hefur verið um; lamb sem lagt er undir í veðmáli. „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáls lambinu“ (PG; Veðmálið).
- Veðrabreyting / Veðrabrigði** (n, hk, fto) Breyting á veðri eða tíðarfari. „Þá skal þessari frásögn lokið, en mér finnst að af henni megi glöggt marka hversu oft urðu snögg veðrabrigði; jafnvel svo að litlu mátti muna að vel réðist eða á hinn veginn“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Veðraður** (l) Sem vindur, ásamt e.t.v. sandi, se.tu og frosti, hefur breytt útliti á. „Þarna niðri á Flögunni er sérkennilega veðrað grjót. Sumt er örþunnt og götött eins og víravirki, og allstkonar kynjamyndanir koma í ljós ef vel er skoðað“ (IG; Sagt til vegar I).
- Veðrahamur** (n, kk) Svipbrigði veðurs, oftast illileg; illviðri. „Það fer enginn inn yfir fjall í þessum veðraham“.
- Veðrahjálmur** (n, kk) Tvöfaldur *rosabaugur* um sólu. „Veðrahjálmur kallast þegar tveir hringar eru um sólina; hvor utanyfir öðrum, og víða úlfar í þeim hringum, hvítir; vita á kalt þráviðri um hríð og stundum til langframa“ (BH; Atli).

- Veðrahvolf** (n, hk) Troposphere; neðsta lagið í lofthjúp jarðar, þar sem veðrabrigða verður vart. Að jafnaði nær það upp í um 11 km hæð. Ofanvið það tekur við heiðhvolf, en milli þeirra eru *veðrahvörf*.
- Veðrahvörf** (n, hk, fto) Tropopause; skilin milli *veðrahvolfs* og heiðhvólfs í lofthjúp jarðar.
- Veðramerki** (n, hk, fto) Merki um veðurbreytingu. Oftast notað þó í myndlíkingu: „Nú sýnist mér öll veðramerki benda til þess að ríkisstjórnin muni falla í næstu kosningum“.
- Veðramót / Veðramæti / Veðraskil** (n, hk, fto) Þar sem skiptir um veðurlag. „Við Sandlæk eru veðramæti, svo að sandurinn fellur niður og berst burt með læknum“ (Ól.Sveinss; Örn.skrá Naustabrekku).
- Veðrasamt** (l) Þar sem getur gert slæm veður. „Heldur er veðrasamt á Rauðasandi í norðan- og austanátt, en byggðin liggur vel við sól...“ (FÓT; Smíður í fjórum löndum)
- Veðrast** (s) Mást; slitna vegna veðra. „Rústirnar hafa veðrast mjög í gegnum tíðina“.
- Veðravíti** (n, hk) Veðrasamur staður. „Þarna uppi á fjallinu getur orðið algjört veðravíti“.
- Veðráttá** (n, kvk) Tíðarfar. „Seinni hluta vetrar fer fuglinn að koma að bjarginu og fer það eftir veðráttunni“ (ES; Barðstrendingabók). „Ekki var það alltaf á sama tíma sem flutt var í Verið; réði því oft veðráttá og fiskgengd á grunnmið“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Veðréttur** (n, kk) Réttur til veðs sem sett hefur verið til tryggingar skuld; röð rétthafa/skuldaeigenda til fullnustu sinna inneigna þegar eign er seld til greiðslu skulda.
- Veðrun** (n, kvk) Það að *veðrast*; slit/eyðing vegna veðurálags og hitabreytinga.
- Veðsetja** (s) Um eign; setja að veði til tryggingar skuld.
- Veðskuldabréf** (n, hk) Bréf/vottorð sem skuldareigandi fær sem sönnun fyrir veði sínu í eign.
- Veður / Veðurlag** (n, hk, fto) Veður var oftast notað sem eintöluorð eins og nú er algengast, en algengt var einnig að nota það sem fleirtöluorð: „Veður geisa af hafi“ (KJK). „Válynd eru veður“.
Veður var afgerandi þáttur í lífsskilyrðum Kollsvíkinga og annarra Útvíknamanna, hvort heldur sem lítið var til *sjósóknar* þar sem lítið mátti útaf bera til að tæki fyrir *gæftir* eða *mannskaðar* yrðu í *lendingu*; til *landbúnaðar* þar sem *búskapur* byggðist að mestu leyti á *úbeiti* á vetrum og *heyöflun* byggðist á *tíðarfari*; eða til *ferðalaga* þar sem á alla vegu var um langa *fjalldægi* að fara. Veðrið var efst í tali manna þegar þeir hittust; öll samtöl hófust á umræðu um veðrið og fyrsta *morgunverk* bænda var að *gá til veðurs*. Það *skyldi því engan undra* að á þessum slóðum hafi verið notað fjölbreytt málfar um veður og tíðarfar.
- Veðurathugunarstöð** (n, kvk) Staður með mælitækjum, þar sem veður er reglulega athugað og niðurstöðurnar sendar Veðurstofu Íslands. Þrjár veðurathugunarstöðvar hafa verið í Rauðasandshreppi á seinni tímum. Á Lambavatni hefur Tryggvi Eyjólfsson séð um veðurathuganir. Í Kvígindisdal sá Snæbjörn J. Thoroddsen um athuganir, og síðan Valur sonur hans og Friða Guðbjartsdóttir, en stöðin lagðist af eftir að þau brugðu búi. Hvallátrar hafa verið mikilvægasta stöðin, og sú sem ávallt var nefnd í veðurfréttum útvarps. Þar sá Daniel Eggertsson lengi um athuganir; síðan Þórður Jónsson og eftir hann Ásgeir Erlendsson. Um tíma sá Jónas Jónsson í Breiðvík um þessar athuganir, en síðast hefur verið sjálfvirk athugunarstöð á Bjargtöngum.
- Veðurbarinn / Veðurbítinn** (l) Það/sá sem sjáanlega hefur orðið fyrir hörðum veðrum. „Ef einhver kynni að sjá hann/ þá er hann hæruskotinn;/ með andlit veðurbarið/ og skortir hugarþor./ Skórnir eru götóttir;/ skakkur herðalotinn./ Skuggann sinn hann hræðist/ og flýr sín eigin spor“ (EG; Vorhret).
- Veðurbliða** (n, kvk) Mjög gott veður; logn. „Þetta er nú meiri veðurbliðan, dag eftir dag“.
- Veðurboðar / Veðurspár** Áður en veðurspár fóru að berast með fjölmiðlum notuðu menn ýmis teikn til að spá fyrir um veður, enda var þörfin á því jafnvel brýnni en nú er. Mjög var þó misjafnt hve menn voru veðurglökkir; hve vel réttist það sem þeir lásu úr fyrirboðunum. Sumir voru berdreymnir og fengu sínar vísbendingar með draumum, jafnt um veður sem mannlát og önnur stórtíðindi. Ekki var þó víst að hinn berdreygni gæti sjálfur ráðið drauminn og því voru draumafrásagnir töluvert fyrirferðarmiklar í daglegu tali margra þó aðrir teldu þessi vísindi vera *kerlingabækur*. Sem dæmi um fyrirboða í draumum, þá táknaði gull sólskin og þurk; silfur, kulda og ísa; brim og skítur, mikinn afla; sauðfé og hey, snjókomu og fannfergi; eldur, illviðri; fjöll, stórsjó; og sól og stjórnur boða mannlát eða alvarleg veikindi. Frá fornu hafa menn reynt að ráða í veður út frá hegðun dýra: „Væru óðinshnar langt úti á sjó og syntu mikið í kringum bát boðaði það hvalavað og norðan storm (Frás. ÞJ, Látrum). Sprikláði þorskur mikið eftir að hann var dreginn spáði það vindi (Frás. SJTh, Kvígindisdal) Mikil marglytta í sjó þykir boða harðan vetur. Þegar mikið var af krossfisk á lóð... var það talið vita á ógæftir og ördeyðu þegar næst var róið. Væru krabbar á kreiki í þangi og á skerjum sem sjaldan fóru í kaf nema um stórstraumsflæði vissi það á sjóveður. Bannað var að kasta mús í sjóinn; þá gat hvesst. „Skörp veðraskil eru við Látrabjarg. Væri *veðurdynur* í því; jafnvel í logni, var von á sunnanátt þó að hún væri ekki komin fyrir Bjargtanga. Vestanalda boðaði alltaf hafátt og fór hennar að gæta við land löngu áður en veður var skolið á. Norðansjór var krappari og óðari, og þegar ofan á honum var *lifandi kvika* þá var norðanveður skammt undan. Í Breiðavík varð lítið vart við Látraröst, en þeim mun meira

á Brunnnum og Hvallátrum. Til þess að lenda ekki í henni var ætíð reynt að fara sem næst landi. Ef búist var við að veður spilltist var þess jafnan gætt að róa í þá áttina að menn hefðu strauminn með sér í land. Þá var einnig kannað hvort braut á vissum boðum. Reyndist svo, þótti ekki *rækur sjór*. Ef í norðanátt braut á Giljaboða og Djúpboða (eða Þembu) í Kollsvík var ekki róið, enda voru þá tæpast *færar leiðir*. Sólróði á kvöldi vissi á sunnanátt, og eins ef ekki sá ský til hafs í norðanátt. Ef þokuslitur voru í miðjum hlíðum Blakkness, Tálkna og Kóps var vestan- eða norðvestanátt í vændum. Ef skýjað var, og reif skyndilega úr suðurlofti svo að heiðbirti í hásuðri í stutta stund, var norðan hvassviðri í aðsigi. Væri ekki lát á *fyrirstöðu* boðaði hún *drygindi*; sama veðurlag í nokkra daga. *Íganga* var vaxandi skýjafar af ríkjandi átt, og merki um að hún héldist. *Íblástur* táknaði nánst það sama; átti þó öllu heldur við um sjálft veðrið. Ef norðanátt gekk skyndilega niður, en *rauk* aftur *upp* sama sólarhringinn; *uppherðingur*, boðaði það vaxandi norðanátt næstu dægur. Sól var *afbjarga* þegar hún hvarf af hæstu fjallatindum og var bjart í norðurátt. *Sól setur ofan*, sögðu menn þegar sólargeislinn *stafaði* gegnum regnský, og vissi það á vætu. Mikill *árniður* í kvöldkyrrð boðaði sunnanátt. Áttanöfnin voru þessi: *Landnyrðingur* (sunnanátt); *útsynningur* (suðvestanátt); *hafnyrðingur* (norðanátt); *austnordan* (þegar áttin gengur frá austri til norðurs); og *norðaustan* (þegar áttin gengur frá norði til austurs)“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). Mikið mark var tekið á hegðun dýra, sumra þó fremur en annarra. Til dæmis var hrafninn mikill spáfugl, einnig lómur, æðarfugl og fleiri. „Þá er úti vetrar þraut, þegar spóinn vellir graut“ var máltæki. Lóusöngurinn var einnig öruggt merki um vorkomu og batnandi tíð. Vert var að taka eftir því hvaðan heyrðist hnegg hrossagauksins, því í því fólust fyrirboðar: „Í austri auðsgaukur; suðri sælugaukur; vestri vesælgaukur og norðri nágaukur“. Vetrarkvíði köngulóa og holugróftur músa voru óyggjandi spár um tíðarfar og húsdýr, s.s. kettir, voru gangandi veðurspár í augum sumra. Einnig var eftir því tekið hvernig veður var árvissum dögum, því út frá því mátti spá fyrir um veður og tíðarfar. Sól og heiðrikja á Pálmessu (25.jan) boðar gott árferði en þungbúnara veður harðviðri. Hinsvegar boðaði það mikinn snjóþunga ef sól sást á Kyndilmessu (2.feb) Öskudagur er talinn eiga sér átján bræður í veðurfarslegu tilliti, en ekki voru allir á einu máli um vort það væru næstu samliggjandi dagar eftir honum. Góubyrjun gat orðið illviðrasöm, samanber máltækið; „grimmur skyldi góudagur hinn fyrsti, annar og hinn þriðji. Væri næturfröst nóttina fyrir sumardaginn fyrsta var sagt að „frysi saman sumar og vetur“ og það talið góðs viti. Átti rjómaskán í mjólkurtrogum að verða jafnþykkt ísskáninni þá nótt. Veðurfar var talið breytast í byrjun hundadaga (13. júlí-23. ágúst) frá góðu í slæmt eða öfugt, og voru líkur á að sú breyting héldist jafnvel fram á höfuðdag. Veður á sjösofendadag (27.júní) gat þó valdið öðrum veðrabrigðum. Höfuðdagur (29.ágúst) markaði þáttaskil í veðráttu, en talið var öruggt að þá yrðu umskipti í tíðarfari. Ef tungl var vaxandi á jólum boðaði það gott árferði, en harðindi ef það var á síðari kvartelum. Ein fræði fyrri tíðar var að spá í vetrarbrautina. Hana skyldi lesa frá austri til vesturs og svo skyldu verða snjóalög næsta vetur sem þéttukaflar voru í vetrarbrautinni, og hefur hún af þessum spádómum sitt nafn. Sumir kunnu þá list að lesa í garnir, en einungis var mark takandi á görnunum fyrstu kindar sem slátrað var að hausti. Byrjað var að skoða garnirnar frá vinstrinni og svo skyldu margir harðindakaflar að vetrinum sem tómir kaflar voru í görnunum. Enn var sú list að spá í milta úr stórgrip. Í það voru skornir þrír skurðir, blindandi, og síðan hengt til þerris. Áttu þeir hlutar sem fyrst hvítuðu að segja til um snóakafa að vetrinum. Ekki er ólíklegt að einhverjir hafi tekið eftir blíki stjarna og norðurljósa, vindgnauði og brimgný og reynt að ráða í veður út frá því, líkt og gert var í öðrum landshlutum (sjá t.d. Austantóru Jóns Pálssonar). Framansagt flokka vísindamenn nútímans sem hindurvitni og neita að sjá í því mikið gildi. Öðru máli gegnir um þá aðferðafræði að spá í skýjafar og önnur merki lofts og sjávar. Það var list sem Kollsvíkingar og aðrir útnesjamenn tileinkuðu sér mjög og fullkomnuðu út frá staðbundnum aðstæðum. Vafalaust má þakka það færni þessara veðurspámannanna að ekki urðu fleiri slys við sjósókn en raun ber vitni, þegar sóttur var sjór á smákænum við þær erfiðu aðstæður sem þarna eru. Nokkurra þessara veðurmerkja er getið í þessu registri. Það var tekið mark á skýjafari eftir áttum, hæð, útliti og öðrum aðstæðum, hugað að áttun og styrk vinds; spáð í ölduhegðun í smáatriðum; styrk og hegðun strauma og jafnvel lit vinds og sjávar. Loftþrýstingsbreytingar var unnt að sjá, t.d. með athugun á súr í tunnum eða gigtarköstum. Þau orsakasamhengi eru vísindin loks farin að viðurkenna, ásamt veðurnæmi dýra. Því miður hefur mestallt tapast af staðbundinni kunnáttu og aðferðum þessara miklu veðurspámannanna fyrri tíma. (unnið að hluta með hlíðsjón af „Austantórum“ Jóns Pálssonar og „Saga daganna“ eftir Árna Björnsson, en einnig minni af frásögum heimamanna).

Veðurbreyting (n, kvk) Breyting/umskipti í veðráttu, t.d. hita- eða vindafari. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess... Varast þó slagviðri mikil; frost og snögga veðurbreytingu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Veðurbylur (n, kk) Snörp og hörð vindhviða. „Báturinn fórst af því að veðurbylur þaut í seglið, svo hvolfði, því ei varð lækkað“ (TÓ, eftir frás. Gísla Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Veðurdynur (n, kk) Hávaði vegna veðurs/storms/brims. „Skörp veðraskil eru við Látrabjarg. Væri *veðurdynur* í því; jafnvel í logni, var von á sunnanátt þó að hún væri ekki komin fyrir Bjargtanga...“ (ÓETH o.fl. LK Ísl sjávarhættir 3).

Veðurfar (n, hk) Tíðarfar; veðurlag um tiltekinn tíma. „Veðurfar var gott um þetta leyti“.

Veðurfastur (l) Þurfa að fresta ferðalögum vegna veðurs. „Þar lágu þeir veðurfastir í nokkura daga“ (BS; Barðstrendingabók).

Veðurfregn / Veðurfrétt (n, kvk) Fréttir af veðri; upplýsingar um veðurlag. „Nokkur bylting varð í búskap bænda þegar veðurfréttir og veðurspár fóru að berast um útvarpið, þó enn um hríð væri treyst á veðurglögga menn til að meta staðbundnar aðstæður“.

Veðurfróður (l) Fróður um veður og tíðarfar á fyrri tímum. „En um lok sláturtíðar gekk hér í frost og snjókomu. Töldu margir veðurfróðir að nú væri að ganga í einn hörkuveturinn. slíkur sem 1918, en hann byrjaði svipað; enda sundurskurður á miltum úr kúm og fleiri tákna staðfestu það“ (ÞJ; Árb.Barð 1968).

Veðurglöggur (l) Sem er glöggur á að sjá veðrabrigði fyrirfram; sannspár um veður. Sjá *veðurboðar*. Mjög er misjafnt hve menn eru veðurglöggir, en mikið reyndi á slíka glöggskyggni fyrr á tímum, þegar á því valt ekki einungis heyöflun og önnur farsæld á landi heldur líf manna sem reru til fiskjar. Einkum voru það þeir söm höfðu langa reynslu og þekktu staðbundin veðurmerki sem voru hvað gleggstir á veður. Nú á dögum hefur mikið týnst af þeim fræðum sem þeim voru innbyggð, enda hægur vandi að afla veðurspár á tækniöld.

Veðurnýr (n, kk) Hávaði í stórviðrum.

Veðurguð (n, kk) Guð/vættur sem ræður fyrir veðri. Fullyrða má að trú á slíka vætti nær langt afturfyrir sögulega tíma. Veðrið hefur löngum reynst mönnum duttlungafullt og ófyrirsjáanlegt en um leið örlagavaldur. Því hlaut því að vera stýrt af ósýnilegri veru. Menn hafa því reynt að finna aðferðir til að hafa áhrif á hennar gerðir með ýmsu máti, s.s. fórnunum og tilbeiðslum. Þegar norræn goðafræði fer að mótast birtast þessir veðurguðir. Dvergarnir Norðri, Suðri, Austri og Vestri halda uppi himinhvelfingunni og hafa líklega fyrrum ráðið vindáttum. Dvergar smíðuðu einnig hamar þrumuguðsins Þórs, sem vísar til máttar þeirra gagnvart veðri. Einkum er það þó sjávarguðinn Njörður sem er örlagavaldur sjómanna. Hann er af ætt vana; giftur jötungyðjunni Skaða og býr í sjóbúðinni Nóatúni meginhluta ársins. Þau eiga soninn Frey, sem ræður gróðursprettu og farsæld landbúnaðar. Þór er þrumuguð og ræður því sem gerist í himinhvolfinu. Margt bendir til þess að hann hafi víða fyrrum verið æðstur goða, þó Snorra-Edda segi Óðinn hafa þann sess. Sést það m.a. á því hve mjög Þór var dýrkaður á landnámstíð og gætir víða í örnefnum, en ekkert sér eftir af dýrkun Óðins. Samkvæmt Landnámabók var Þór örlagavaldur við landnám Kollsvíkur. Segir að Kollur hafi tilbeiðið Þór í hafnaud sinni og síðan bjargast úr skipbroti í Kollsvík. Allar líkur benda til að Kollur hafi verið vel kristinn, líkt og Örlýgur fóstbróðir hans, þó sumir hafi eignað honum heiðni vegna blótsins. Menn grípa oft til gamalla siða á örlagastundu, auk þess sem þessi frásögn um blótið kann að vera hrein eftiráskýring á strandinu. Kirkjunnar menn hafa löngum *haft horn í síðu* þeirrar málvenju að tala um veðurguði; segja að Guð sé einn og stýri öllu. Hinsvegar hefur þessi ævafora málvenja verið lífseig og enn í dag er mönnum tamt að vísa til valds veðurguðanna þegar mikið er í húfi. Leifar af löngu horfnum trúarbrögðum.

Veðurharka (n, kvk) Ofsi veðurs; hvass stormur; hörkufrost. „Ansans veðurhörkur eru þetta; dag eftir dag“!

Veðurhorfur (n, kvk, fto) *Veðurútlit*.

Veðurhræddur (l) Óeðlilega smeykur við slæmt veður; ragur að treysta á veður.

Veðurhæð (n, kvk) Vindstyrkur. „Veður var heldur batnandi; kófbylur en veðurhæð mikil“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949). „Veðurhæð fór ört vaxandi er komið var út í Patreksfjarðarfloann, og var nú lensað suður fyrir Víkur...“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna magnússonar).

Veðurlag (n, hk) Tíðarfar; veðurfar. „Hér hefur verið ári hryssingslegt veðurlag undanfarna daga“.

Veðurnæmt (l) Um stað; hætt við slæmum/hörðum veðrum. „Skjólsælt er oftast í Kollsvík, en nokkru veðurnæmara á Láganúpi, einkum fyrir norðlægum áttum“.

Veðurofsi (n, kk) Aftakaveður; mjög slæmt veður; hávaðarok. „Gerði áhlaupsveður með snjókomu og veðurofsa“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Veðursæld (n, kvk) Skjólsælt; hægari vindur en umhverfis. „Mikil veðursæld er oft uppi í Urðunum“.

Veðurofsi (n, kk) Mjög slæmt veður. „Það var heldur farið að lægja mesta veðurofsann...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Gerði áhlaupsveður af norðri með snjókomu og veðurofsa, svo fólk í landi bjóst við stórslysi er svo margir bátar voru á sjó“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Veðurskeyti (n, hk) Upplýsingar um veður sem sendar eru frá athugunarstað. Eftir að sími var lagður um sveitir voru veðurathugunarmenn á völdum stöðum fengnir til að senda reglulega veðurskeyti til Veðurstofunnar. Þrjár athugunarstöðvar voru löngum í Rauðasandshreppi; á Hvallátrum, í Kvígindisdal og á Lambavatni. Veðurskeytin þurftu að komast til skila á réttum tíma, og var nokkur skilningur á því á tímum sveitasímans, þegar margir bæir voru á sömu línu.

Veðurspá (n, kvk) Fyrirsögn/spádómur um veður. Sjá *veðurglöggur* og *veðurboðar*.

Veðurstofa (n, kvk) Miðlæg rannsóknarstofa sem fæst við *veðurspár*.

Veðursæld (n, kvk) Skjól fyrir slæmum veðrum. „Veðursæld er að jafnaði meiri í Kollsvík en á Láganúpi“.

Veðurtepptur (l) Hindraður í ferðalagi vegna veðurs/ófærðar. „Fyrir kom að skólabörn voru veðurteppt yfir helgi, þó fremur væri það fátítt“.

Veðurútlit (n, hk) *Horfur* með veður á næstunni. Stöðugt var hugað að veðurútliti, en aldrei var það þó eins mikilvægt og þegar það var tvísýnt en fyrir lá að komast í róður; þurrka hey eða vinna önnur nauðsynjaverk. „Línan var svo látin liggja meðan farið var í land ef veðurútlit var gott..“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þá var veðurútlit orðið mjög ískyggilegt“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Veðuræsingur (n, kk) Veðurhamur; stórviðri; ofsaveður. „Sést hafði til Árna fyrir Straumnesið þegar veðuræsingurinn mestur þaut á, segir Gísli Konráðsson“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð.).

Vefa vaðmál A. Eiginleg merking; flétta klæði með sérstökum aðferðum í sérstökum vefstól. „Það var mikið ofið á veturna. Uppistaðan var tvistur; fyrirvaf var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver sem notuð voru í verbúðunum. Oft var búið að vefa einn vef og fella niður fyrir jól. Við krakkarnir réttum í haföldin og skeiðina. Það var mestmegnis ofið í öll föt; lítið sem ekkert keypt af útlendu fataefni. nærföt buxur og skyrtu voru úr hvítum vaðmálsdúk. ... Já, og svo varð ég svo fræg að spinna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

B. Sérstakur hópdans sem stundaður var í fyrri tíð, en mun lengst hafa verið við líði á samkomum á Rauðasandi. „Eftir matinn var svo dansað; oftast við grammofónsspil, en einnig söngleikir t.d. „Meyjanna mesta yndi“, „Í bónorðsvífum hann fer að stað“ o.fl. Að ógleymdu því að „vefa vaðmál“ (það var aldrei kallað Vefaradans á Rauðasandi). Það kunni hvert mannsbarn að heita má á Sandinum“ (SG; Þorraðlót; Þjhd.Þjms). Hugsanlega afbrigði af *vikivaka* (sjá þar).

Vefaradans (n, kk) *Vefa vaðmál*; sjá þar.

Vefengja (s) Efast um; draga í efa. „Þetta sagði hann og mér finnst ástæðurlaust að vefengja það“. „Það verður varla vefengt að hann náði þessum áfanga, fyrstur manna“.

Vefengjanlegt (l) Hægt að efast um. „Mér finnst svona slúðurfréttir alltaf mjög svo vefengjanlegar“.

Vefja (n, kvk) A. Vafningur; reifar; það sem vafið hefur verið upp. B. Skór úr sköturoði.

Vefja (s) Sveipa; setja vafninga á/kringum. „Ég vafði bandinu um hendina“.

Vefja (einhverjum) um fingur sér (orðtak) Láta einhvern fara/gera að vilja sínum; *hafa einhvern í vasanum*.

Vefjast fyrir (orðtak) Um vandamá/viðfangsefni; vera fyrirstaða/torleyst. „Það vafðist ekkert fyrir honum að leysa úr þessu“.

Vefjast tunga um tönn (orðtak) Verða erfitt um svör; koma illa fyrir sig orði. „Honum vafðist víst ekkert tunga um tönn þegar hann sagði þeim frá viðureigninni við drauginn“.

Vefnaður (n, kk) Vinna við að vefa klæði í fatnað o.fl. og afurðin sem úr varð. „Það var mikið *ofið* á veturna. *Uppistaðan var tvistur, fyrirvaf* var ull. Ennfremur var þráður í uppistöðu og tvistur í fyrirvaf þegar ofið var í milliskyrturn og sængurver, sem einnig voru notuð í verbúðunum. Oft var búið að vefa einn vef og *fella niður* fyrir jól. Við krakkarnir *réttum í haföldin og skeiðina*. Það var mestmegnis ofið í öll föt; lítið sem ekkert keypt af útlendu fataefni. Nærföt, buxur og skyrtu voru úr hvítum vaðmálsdúk. Já ég varð svo fræg að spinna þráð í vef“ (H.M; Í Kollsvíkurveri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964). Sjá *tóvinna*.

Vefstaður / Vefstóll (n, kk) Áhald til að vefa voð úr ull. Frá landnámstíð var hérlandis notaður kljástainavefstaður þar sem böndin voru hengd upp í þverslá og haldið strekktum með því að binda steina neðan í þau. Sjá *tóvinna*.

Vefur (n, kk) Það sem verið er að vefa; það sem ofið hefur verið; s.s. klæði; voð; vaðmál; segl.

Vega (s) A. Lyfta; hefja upp. „Eftir að ég náði handfestu var leikur einn að vega sig upp á brúnina“. B. Vigta; mæla með vog; vera að þyngd. „Skrokkarnir voru vegnir á reislun“. „Steinninn vóg níutíu kíló“. C. Drepa. Einkum notað í fornum sögnum.

Vega að (orðtak) *Sneiða að; höggva nærri; beina spjótum að*. „Bændum fannst að sér vegið með þessum fréttum“. Líking úr stríðsmáli; gera atögu/árás.

Vega í sama knérunn (orðtak) Gera atögu að sama málefni/ sömu fjölskyldunni. Sjá *knérunnur*.

Vega og meta (orðtak) Leggja mat á; athuga vel.

Vega salt (orðtak) Vigta salt. Oftast notað í líkingum: A. Um leik barna sem sitja sitt á horum enda planku, sem *rórellar/rær* um ás/upphækkun í miðju, þannig að börnin fara upp og niður á víxl. B. Vera í viðkvæmu jafnvægi. „Steinninn vóg salt á brúninni, og ég ýtti honum framaf svo ekki væri hætta af honum síðar“.

Vega saman (orðtak) Bera saman. Leggja á sitthvora vogaskálina.

Vega sig upp (orðtak) Lyfta sér upp á höndum á stalli/handfestu sem er hærra en í mittishæð.

Vega upp / Vega á móti (orðtak) Bæta upp; gera jafnt að metum. „Hann er *ekki mikill fyrir mann að sjá*, en vegur það upp með hyggindum og dugnaði“.

Vega út (orðtak) Vigta út; vigta skammt af matvöru eða öðru. „Hverjum vermanni var veginn út viss skammtur af smjöri, kæfu og öðru sem til mótunnar þurfti“.

Vega þungt á metaskálanum/metunum (orðtak) Hafa mikið gildi/vægi. „Hans orð vega þungt á metaskálanum“. „Ég held að þessi starfsreynsla hafi vegið þungt á metunum við ráðninguna“. Met eru lóð af skilgreindri þyngd sem fyrrum voru notuð sem mótvægi þegar vara var vegin, t.d. í verslun. Metaskálar voru skálarnar á voginni. Í síðara orðtakinu hefur orðið „móti“ fallið brott.

Vegabréf (n, hk) *Reisupassi*; skilríki gefið út af yfirvaldi til þess sem ferðast, svo hann geti fært sönnur á sig og sínar aðstæður. Nú til dags þurfa menn iðulega vegabréf til ferðalaga milli landa. Fyrrum, á tímum vistarbanda, voru vegabréf gefin út af sýslumönnum til þeirra sem höfðu leyfi til að fara á milli héraða. Var þetta gert til að *stemma stigu við flakki*.

Vegabætur / Vegagerð / Vegavinna (n, kvk, fto) Lagfæringar á vegum; lagning vega. Frá upphafi byggðar hefur mönnum verið þörf á að komast milli bæja og byggðarlaga. Til þess þurfti að sigrast á ýmsiskonar hindrunum. Ferjur komu fljótlega á helstu vatnsföll, en á Vestfjörðum voru fjöll, hlíðar, klettur og grjót helstu farartálmarnir. Þó litlum sögum fari af vegagerð framá síðustu aldir er augljóst að eitthvað hafa menn lagfært helstu tálmanir svo fært yrði. Í réttarbót sem Eiríkur kóngur Magnusson gerði við Jónsbók 1294 segir: skylst er böndum að gera vegi færa um þver héruð og endilöng, þar sem mestur er almannavegur, eftir ráði lögmanna og sýslumanna. Sekur er hver á eyri sem ekki vill gera, og leggst til vegabóta“.

„Kollsvíkingar stunduðu mest af sínum flutningum með bátum. Þeir hafa þó þegar á þjóðveldisöld þurft að lagfæra verstu urðir og hindranir á vegum yfir Hænuvíkurháls, Tunguheiði og Breiðavíkurháls, þó greiðfær hestavegur hafi ekki strax komið til í þeirri mynd sem síðar varð. Sama er að segja um vörður með vegum. Í fyrstu hafa þær líklega verið hlaðnar þar sem greiðfærast var yfir torfærun, en síðar komu þær meðfram öllum vegum. Árið 1861 var sett reglugerð um að hver vinnufær maður yrði að vinna eitt dagsverk á ári við vegagerð. Síðar komu til fjárveitingar úr opinberum sjóðum.

Upphaf að bílvegagerð um Rauðasandshrepp var það að vegur var lagður 1932-34 frá Hvalskeri yfir Skersfjall á Rauðasand, undir verkstjórn Lýðs Jónssonar. Rauðsendingar voru að því leyti verr settir en aðrir hreppsúar að þeir gátu illa nýtt siglingar til aðdráttu eða mjólkursendinga. Vegur var lagður um Raknadalshlíð stuttu síðar, undir verkstjórn Kristleifs Jónssonar. Áfram var unnið inn með Patreksfirði og árið 1944 var vegurinn kominn að Ósum. Á tímabilinu 1947-1954 var vegur lagður útmeð sunnanverðum Patreksfirði og að Breiðavík, undir stjórn Hildimundar Björnssonar. Í lok þess tíma komst sýsluvegur útyfir Hænuvíkurháls að Kollsvík. Vegur yfir víkina að Láganúpi kom um 1960.

„Í þessar vegabætur á hálsunum beggja megin Kollsvíkur var gjarnan varið tveim til fjórum dagsverkum á ári í hvorn háls, og verkfærin sem notuð voru til verksins voru oftast aðeins skófla og haki“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Vegalaus (l) Um þann sem vantar far eða farkost til að komast á áfangastað. „Þegar bíllinn bræddi úr sér í brekkunni *stöðu* þeir *uppi vegalausir* þarna í óbyggðum“.

Vegalengd (n, kvk) Fjarlægð; lengd milli staða; lengd leiðar. „Vegalengdir eru víða miklar milli bæja á Vestfjörðum, og iðulega yfir torsóttu fjallvegi að fara“.

Vegamót (n, hk, fto) Staður þar sem þrjár eða fleiri leiðir mætast. „Efst í Hafnarlautunum eru vegamót af Tunguheiði, þar sem á annan veg er farið niður Keldeyradal að Kollsvík og hinn niður Hvolf að Láganúpi. Þar eru vörður sem nefnast Bræður“.

Veganesti (n, hk) Nesti til ferðalags. „Ég fékk hjá honum góð ráð í veganesti, áður en ég fór á fundinn“.

Vegarendi (n, kk) Endi leiðar/vegar. „Láganúpur er á vegarenda þegar ekið er útyfir Hænuvíkurháls“.

Vegarolla (n, kvk) Kind sem heldur sig mikið á beit við vegi, þar sem gras er oft grænna vegna áburðar af rykinu. „Vegarollur geta verið sér og bilunum hættulegar, einkum þær sem eru óvanar umferð“.

Vegfarandi (n, kk) Sá sem fer um veg; ferðamaður; göngumaður.

Vegferð (n, kvk) Ferðalag. Stundum notað um tiltekið skeið, t.d. málarekstur.

Vegghamrar (n, kk, fto) Standberg; klettur sem líkjast húsvegg. „Vegghamrar heitir klettabeltið syðst í Núppum; það framhald meginklettanna sem gengur inn í Húsadalinn að norðanverðu“.

Vegghleðsla (n, kvk) A. Vinna við að hlaða vegg. „Hann er að vinna í vegghleðslunni“. B. Hlaðinn veggur eða hluti af honum. „Þarna grófum við niður á einhverja ævagamla vegghleðslu“.

Veggiarhola (n, kvk) Hola í vegg. Mikið er af veggjarholum í grjóthlöðnum veggjum. „Þarna átti maríuerlan hreiður í veggjarholu í mörg sumur“.

- Veggjarstoð** (n, kvk) Lóðrétt stoð í vegg; vanalega átt við meginstoð af aurholti upp undir veggglægi. (Orðasafn IG)
- Veggjaskóf** (n, kvk) Xanthoria parietina; veggjaglæða. Gulleit skóf sem gjarnan vex á klettum og steinveggjum. Sumsstaðar er svo mikið af henni að klettaveggur litast gulur. Oft 6-10 cm í þvermál með blaðkenndum jöðrum sem losna auðveldlega frá undirlaginu, en askhirslum í miðju. Algeng í Útvíkum.
- Veggjatorf** (n, hk) Torf sem notað er í vegghleðslu. Veggir í Kollsvík voru yfirleitt grjóthlaðnir en stundum með streng/torfi á milli til þéttingar.
- Vegglampi** (n, kk) Lampi sem hengdur er á vegg. „Á Láganúpi eru vegglampar smíðaðir af heimafólki. Guðbjartur á Lambavatni smíðaði tvo olíulampa en Sigríður dóttir hans skar út festingu annars þeirra. Hún skar einnig út tvo vegglampar fyrir rafmagnsljós í svefnherbergi sitt“.
- Veggglægja** (n, kvk) *Sylla*; *lausholt*; *brúnás*; láréttur burðarbiti sem sperrufætur standa á. Í grjóthlöðnu húsi er veggglægja á innbrún langveggjar en efsti hluti langveggjargrindar í timburhúsi.
- Veggruni** (n, kk) Vatn sem lekur niður vegg; slagvatn eða leki. (Orðasafn IG).
- Veggspýtingur** (n, kk) Mikill og bráður niðurgangur; *steinsmuga*; *renniskítur*. Hugsanleg skýring gæti tengst krafti niðurgangsins þegar menn gengu örna sinna nærri húsvegg. „Ekki fór þetta vel í maga; ég var með bölvadan veggspýting fram eftir nóttinni“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var almælt í Kollsvík.
- Vegkantur / Vegarkantur** (n, kk) Brún vegar. „Sést gerla fyrir hleðslu vegkantsins upp brekkuna í Kollsvík... Þessi kantur er að mestu hlaðinn af föður mínum með hjálp fleiri manna héðan úr Víkinni. Vann ég sem unglingur að þessari vegagerð“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Veglagning** (n, kvk) Lagning vegar; vegalagning. „Aðalþrekvirki fjelagsins (Baldurs) var að byrja á og vinna að veglagningu uppi í skriðunum milli Örlygshafnar og Sellátraness“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).
- Veglegur** (l) Rausnarlegur; vel útilátinn; glæsilegur; vandaður. „Þarna fengum við veglega máltíð“.
- Vegleysa** (n, kvk) Óvegur; lélegur/enginn vegur.
- Veglúinn / Vegmóður** (l) Þreyttur eftir ferðalag. „Mikið er gott að tylla sér þegar maður er svona veglúinn orðinn“. „Þegar þangað kom vorum við vegmóðir og sárfættir“.
- Veglyndi** (n, hk) Höfðingskapur; örlæti; góðmennska.
- Veglyndur** (l) Göfuglyndur; höfðinglegur; góðhjartaður.
- Vegna** (fs) A. Sökum. „Vegna leysinganna var vaðið ófært“. „Mín vegna má hefnda þessu drasli“. B. Megin. „Við lágum í nokkuð sléttum sjó á Sæluhöfninni, en beggja vegna brotnaði brim á hleinum“.
- Vegna** (s) Ganga; farnast; reiða af. „Megi þér vegna vel í þinni baráttu“.
- Vegnefna** (n, kvk) Gæluheiti á mjög lélegum vegi; vegslóði; slóði.
- Vegruðningur** (n, kk) Snjór/möl/grjót sem rutt er af vegi úti/uppá kantinn. „Sumstaðar við gömlu hestavegina eru mittisdjúpir vegruðningar sem safnast hafa á umliðnum öldum“.
- Vegsama** (s) Tigna; lofa; hrósa; dá. „Ég ætla ekkert að vegsama þessa ríkisstjórn fyrr en til er reynt“!
- Vegsauki / Vegsemd / Vegtylla** (n, kvk) Heiður; virðing; sæmd. „Honum þykir einhver vegsauki að þessu“.
- Vegslóði** (n, kk) Ógreiðfær vegur; ruðningur.
- Vegsummerki** (n, hk, fto) Ummerki; vottur um verknað. „... en þegar ég kom í bæjardyrnar sá ég vegsummerkin“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Vegur** (n, kk) A. Leið; gata. B. Möguleiki. „Er nokkur vegur til að þú getir aðstoðað mig“?
- Vegur til** (orðtak) Möguleiki á. „Heldurðu að það sé nokkur vegur til að þú getir aðstoðað mig á morgun“? „Það var enginn vegur til að ná lambinu úr þessu svelt“.
- Vegvilla** (n, kvk) Það að villast á leiðum. „Fyrir kemur að túristar lendi í vegvillum og spyrji eftir Látrabjargi þegar þeir koma í Kollsvík. Þá er *hægur vandinn* að benda þeim á Blakkinn, sem ekki er síðri“.
- Vegvilltur** (l) Hefur farið rangan veg. „Auðvelt er að verða vegvilltur í því bæjarhverfi“.
- Vegýta** (n, kvk) Svo voru jarðýtur nefndar þegar þær komu fyrst á svæðið, enda fyrst og fremst nýttar til vegavinnu.
- Vegýtusjóður** (n, kk) Sjóður til að standa undir kaupum/rekstri á vegýtu. „Samþykkt var að vegýtusjóðurinn verði lagður inn í skólabyggingarsjóð...“ (Gerðabók Rauðas.hr; hreppsn.fundur 14.01.1962)
- Veida** (s) A. Fanga dýr og farga til matar eða annars gagns. B. Fiska; afla fiskjar. „Enn er engum bannað að veiða sér í soðið“. C. Líkingamál; t.d. *veiða uppúr*; veiða atkvæði.

Veiða í soðið / Veiða sér til matar (orðtak) Veiða nægilega mikið til að dugi í máltíð; veiða til eigin neyslu en ekki til sölu.

Veiða niðurum ís (orðtak) Gera gat á íshellu á veiðivatni og veiða niðurum það með *dorgi*.

Veiða uppúr (orðtak) Fiska/höggva eftir; fá upplýsingar um frá manni. „Mér tókst að veiða það uppúr honum hvað hann kaus síðast“.

Veifarfæralaus (l) Án veifarfæta. „Mundu eftir að taka króka og sökkur til vara; það er tilgangslítið að fara veifarfæralaus á sjóinn“!

Veifarferi (n, hk, fto) Áhöld og tæki sem þarf til veiða/fiskveiða. „Taktu veifarferin og farviðina úr bátnum áður en þú ferð að þrifa hann“.

Veifi (n, kvk) A. Það að veiða. (Oft í fleirtölu). „Veiðarnar gengu þokkalega framanaf vertíðinni“. B. Það sem veitt er; veiðibráð. „Þá er að gera að veiðinni“!

Veifbjalla (n, kvk) Annað heiti á *svartbak*. E.t.v. komið af því að oft dregur hann veiði/fisk á land. Einnig gæti heitið vísað til þess að máfurinn vísi á fisk með gargi sínu úti á hafi.

Veifbráður (l) Fljótfærinn við veiðar svo veiði tapast. „Það má ekki vera svo veifbráður, þegar fiskur er undir, að maður dragi við fyrstu oddsnertu“. „Ég var með lúðukvikindið nartandi í krókinn en var alltof veifbráður“.

Veifieðli (n, hk) Eðlisávísun dýra/manna til að veiða sér til matar. „Veifieðlið í kettinum sagði til sín þegar hann sá snjótittlingana spígspora utanvið gluggann“.

Veiferð (n, kvk) Ferð til veiða; róður. „Við komum með öngulinn í rassinum úr þeirri veiferð“.

Veifgleði (n, kvk) Ákafi/nautn við veiðar;unun af veiðum. „Við megum ekki alveg láta veifgleðina taka af okkur ráðin; nú verðum við að fara að koma okkur í land í *gegningar*“.

Veifhugur (n, kk) Ákafi við veiðar; áhugi á að ná í veiði. „Veifhugurinn var svo mikill að við tókum ekkert eftir rekinu á bátnum fyrr en í röstina var komið“.

Veifkló / Aflakló (n, kvk) Lánsamur veiðimaður; sá sem er *aflasæll*. „Í tregfiski kom fyrst í ljós munurinn á *aflaklóm* og *fiskifælum*. Þá voru góðir *dráttarmenn* alltaf að draga öðru hvoru þó aðrir fengu *ekki nokkurn ugga*“ (GG; Skútuöldin).

Veifkúla (n, kvk) Sogskál á kviði hrognkelsa, sem er umbreytt úr kviðuggum. Hrognkelsin geta með veifkúlunni fest sig við slétta steina, enda eru hrygningarstöðvar þeirra í ólgandi strandsjó.

Veiflegt (l) *Fiskilegt*; líklegt til veiða. „Ekki er það nú veiflegt þegar færin standa á glæ í rekinu“.

Veifmaður (n, kk) A. Sá maður sem veiðir fisk. B. Húsakönguló; *fiskikarl*; *dordingull*. C. Spil, þar sem dregið er úr sameiginlegum bunka.

Veifmannslega (ao) Eins og veiðimanni ber/sæmir. „Mér fannst strákurinn *bera sig* veiðimannslega að“.

Veifmennska (n, kvk) Háttur veiðimanna. „Mér hefur nú aldrei þótt það nein veiðimennska að skjóta hrafn“!

Veifnáttúra (n, kvk) Hæfni/löngun til að veiða. „Veifnáttúran er honum í *blóð borin*“.

Veifinn (l) A. Um mann; mikil aflakló; heppinn í veiðiskap. B. Um veifarferi; *fiskið*; vel gert.

Veifiréttur (n, kk) Réttur til að stunda veiði. „Ég tel hæpið að það standist eignarréttarákvæði stjórnarskrár að ríkið svipti sjávarjarðir ævafornum veiðirétti sínum og færi hann í hendur fjárglæframanna og prangara“!

Veifisaga (n, kvk) Saga af veiðum/veiðiaðferðum. „Karlarnir gleymdu sér algerlega í hinum ótrúlegustu veiðisögum, enda var enginn annar til frásagnar um sannleiksgildi þeirra“.

Veifskapur (n, kk) Aðferð við veiði; veiðar. „Ólíkt finnst mér skakið skemmtilegri veifskapur en netin“.

Veifslóð (n, kvk) Fiskislóð; svæði þar sem er veiðivon. „Hér hefur alltaf verið talin veifslóð ef eitthvað er“.

Veifstöð (n, kvk) Verstöð; ver; útgerðarstaður. „Það kom fyrir að fiskurinn var seldur upp úr salti; óverkaður og ópakkaður. Eitt skip tók allan *voraflann* úr veifstöðinni“ (KJK; Kollsvíkurver). „Kollsvík var mjög vinsæl veifstöð, og alltaf þykir mér fallett þar“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Veifveður (n, hk) Veður til veiða. „Hann var fjandi hvass þarna frammi, og fjáran ekkert veifveður“.

Veifvon (n, kvk) Von á veiði; fiskilegt. „En hvar sem fari var ýtt á flot var lengi vel veifvon skammt undan landi“ (KJK; Kollsvíkurver).

Veif (n, hk) Veifa; sveifla. Þessi orðmynd er aflögð nema í orðtakinu *annað veifð*.

Veifa (n, kvk) A. Lítill fáni; flagg. „Þarna er veifan farin af stangarbaujunni“. B. Sveifla; atrenna. „Hann gerði þetta allt í einni veifu“.

- Veifa** (s) A. Vinka með hendi; kveðja með handarhreyfingu. B. Blaka vængjum á dauðum máfi til að lokka fljúgandi máfa nær skotbyrgi. „Ég leyfi strákunum að koma með niður að Görðum, til að veifa“.
- Veifa að / Veifa frá** (orðtak) Gefa einhverjum merki um að koma eða fara. T.d. notað um leiðsögn manns á ströndu til þess sem er að lenda báti, um það hvort lag sé til að lenda eða ólag.
- Veifiskati** (n, kk) *Væfla; vingull; armingi*; maður sem unnt er að nota sem veifu/druslu. „Hann hefur nú ekki verið talinn neinn veifiskati, hingað til“.
- Veig / Veigur** (n, kvk/kk) Kraftur; styrkur; dugur. Oftar var notuð karlkynsmyndin í Kollsvík, en hin heyrðist þó. „Heldurðu að það sé nokkur veig í þessu“? „Ég skal taka strákinn með á sjóinn; það sést þá hvaða veigur er í honum“! Orðstofninn er sá sami og „vog“; „vægi“; „vegur“; „veggur“ og „víg“.
- Veigalítill** (l) Lítillfjörlegur; veikur. Brúin er að verða fjári veigalítill og verður bráðum hættuleg“.
- Veigamikill** (l) Mikilvægur; sterkur. „Ekki finnst mér þetta nú veigamikill stafur“. „Þetta er veigamikið atriði“.
- Veigra sér við** (orðtak) Koma sér hjá; vilja helst ekki byrja á. „Ég veigra mér við að hreyfa jarðvegi þarna, til að ekki fari að blása upp“. „Hann veigraði sér ekki við að fleygja múkkanum af hreiðrinu“. „Í Bjargleitina þurfti að velja menn sem ekki veigruðu sér við að fara niður fyrir bjargbrún á þeim stöðum sem voru vel gengir bandlausum manni; svo sem á Stíginn, í Saxagjá og fleiri staði“ (PG; Veðmálið). Upphaflega mun sögnin vera „vigra“, sem merkir að svigna, og verður orðtakið þá auðskilið.
- Veigur í** (orðtak) Töggur/úthald/*slægur í*. „Það er nú óttalega lítill veigur orðinn í honum í seinni tíð“. Sjá *sem veigur er í*.
- Veikburða** (l) Veiklulegur; veikbyggður; væskilslegur. „Skelfing eru þessir tvílembingar veikburða“.
- Veikbyggður** (l) Ekki sterkur; *skjággrindalegur*. „Ekki var skipið beinlínis veikbyggt svo orð væri á gerandi, en sterkt var það heldur ekki“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Veikgeðja / Veiklundaður** (l) Sem skortir viljastyrk/sannfæringu/þrótt. „Það má ekki vera of harður við óharðnaða og veiklundaða unglina“.
- Veiki** (n, kvk) Sjúkdómur; veikindi. „Veikin lagðist misþungt á fólk“.
- Veikindabarátta / Veikindabarningur / Veikindabasl** (n, kvk/kk/hk) Það að eiga í veikindum/ vera lengi veikur. „Það er hverjum manni nóg að standa í þessum veikindabarningi þó hann þurfi ekki líka að hafa fjármálaáhyggjur“.
- Veikindafrí** (n, hk) Frí frá vinnu/námi vegna veikinda. „Ég fékk veikindafrí úr skólanum“.
- Veikindalegur / Veiklulegur** (l) Heilsutæpur; veikindalegur; óhress; veikbyggður. „Skelfing ertu nú veiklulegur enþá“.
- Veikindi** (n, hk, fto) Lasleiki; veiki; sjúkdómur. „Hann hefur undanfarið glímt við erfið veikindi“.
- Veikja / Veikla** (s) Gera veikari. „Taktu ekki meira inn í bitann; þú mátt ekki veikja hann of mikið“.
- Veikjast** (s) Verða veikari. „Ég hef engan tíma til að veikjast af einhverri pest núna“!
- Veiklast í voninni** (orðtak) Verða vonlítill; missa von um. „Ég fer nú að veiklast í voninni um að nokkurntíma verði af þessu hjá honum“.
- Veiklegur / Veiklulegur** (l) Sýnist veikur; ber merki um veikindi; þróttlaus; *lufsulegur*; lasinn; laslegur.
- Veikleikamerki / Veiklumerki** (n, hk, fto) Merki um lasleika/uppgjöf/ ónógan styrk. „Hann gætti þess að sýna engin veikleikamerki, en eftirá játaði hann að hafa í raun verið *hundveikur*“.
- Veikleiki** (n, kk) Vanmætti; þróttleysi; skortur á styrk. „Hér er dálítill veikleiki í trénu“.
- Veiklulega** (l) Með veikum hætti; af veikum mætti. „Ósköp er þetta veiklulega smíðað“!
- Veiklun** (n, kvk) Veikindi; máttleysi; þróttleysi. „Einhver veiklun hefur verið að hrjá hana“.
- Veikróma** (l) Með lága/mjóróma/veika rödd; með lítinn raddstyrk.
- Veikur á svellinu** (orðtak) Viðkvæmur; brotgjarn. „Ég vil ekki *halda* víni að þeim sem eru veikir á svellinu“.
- Veikur fyrir** (orðtak) A. Veikur á svellinu; viðkvæmur fyrir. „Hann hefur alltaf verið dálítið veikur fyrir kvenfólki, blessaður“. B. Viðkvæmur/lasinn áður. „Pestinn leggst þungt á þá sem eru veikir fyrir“.
- Veikur/veill fyrir brjóst** (orðtak) Með verki/sýkingu í brjóstholi; með hjarta- eða lungnasjúkdóm. Mikið notað orðtak fyrr á tíð, meðan enn skorti greiningu og lækningu á orsökum brjóstverkja.
- Veila** (n, kvk) Veikindi; bilun; haldleysi. „Hér er einhver veila í vaðnum“.
- Veilaður / Veill** (l) Veikur; bilaður; sjúkur. „Hann hafi lengi verið veill fyrir hjarta“. „Þessi vaður er orðinn gamall og gætu verið veilaðir þættir í honum“.

- Veilast** (s) Verða veikari; skaðast; skerast. „Leggðu spottann betur svo hann veilst ekki á brúninni“.
- Veill** (l) Veikur; heilsulíttill; *krankur*. „Þú skalt ekki reyna á þig ef þú ert eitthvað veill“.
- Veill á geði/geðsmunum** (orðtak) Geðveikur; haldinn geðveilu/ranghugmyndum.
- Veill fyrir hjarta** (orðtak) Hjartveikur; með hjartasjúkdóm. „Hún er orðin fremur veill fyrir hjarta, eins og margir á hennar aldri af þessari ætt“.
- Veilulaus** (l) Án veilu/veikleika; óskemmdur. „Ég grandskoðaði vaðinn og sýndist hann alveg veilulaus“.
- Veimiltíta** (n, kvk) A. Vaðfuglategund, *Calidris minuta*; sést stundum sem flækingur á Íslandi. B. Líkingamál; aumingi; *rýringur*. „Hann ræður ekkert við byrðina; þetta er svoddan *veimiltíta*“.
- Veimiltítulegur** (l) Vesæll; rýr; naumur. „Skelfing er þetta veimiltítulegur hamar“.
- Vein** (n, hk) Mjóróma óp; skrækur. „Hættu nú þessu veini krakki; þetta er ekkert annað en frekja“!
- Veina** (s) Reka upp vein; góla; skrækja; væla; æpa. „Það þýðir ekkert að veina; nú er bara að bjarga sér“!
- Veira** (n, kvk) Virus; sýkill. Frumuhluti sem ekki lifir sjálfstæðu lífi og er því á mörkum þess að kallast lífvera. Veira er erfðaefti í próteinhylki sem getur valdið veikindum/sjúkdómi þegar hún kemst inn í frumu hýsils. Þar tekur hún stjórn á starfsemi frumunnar og lætur m.a. fjölga sér, en veldur síðan oft dauða hýsilfrumunnar. Til eru fjölmargar veitutegundir sem hver veldur sínum sjúkdómi. Algeng stærð veiru er einn mikrómetri. Veirur geta „lífað“ víða og lengi, en þær þurfa að komast í frumu til að geta starfað.
- Veisla** (n, kvk) Hátíðabrigði/tilstand í mat; samkoma þar sem á borðum eru kræsingar. „Í tilefni afmælisins hafði mamma útbúið veglega veislu“.
- Veislubúinn** (l) Vel klæddur fyrir veislu/samkvæmi. „Ég er nú ekki beint veislubúinn“.
- Veislumatur** (n, kk) Kræsingar; ljúfmeti; góður matur. „Þessi saltfiskur er sannkallaður veislumatur“!
- Veisluþjöll** (n, hk, fto) Það að spilla veisluhöldum/matfriði. „Mér finnst það eiginlega veisluþjöll að bjóða uppá djúpstektan kjúkling á þorablóti“!
- Veistu (nú/bará) hvað** (orðtak) Ávarpssetning, til að vekja athygli á því sem sagt er á eftir. „Veistu bara hvað! Hún Grána gamla er borin, með tveimur gimbrum“!
- Veit enginn fyrr en til er reynt** (orðatiltæki) Enginn veit árangur/niðurstöðu fyrr en reynt hefur verið. Oft notað í máli Kollsvíkinga. Einnig; *enginn veit fyrr en til er reynt*.
- Veit ég (það) vel** (orðtak) Mér er það vel ljóst; ég er meðvitaður um það. Mikið notað andsvar.
- (Hann/hún) veit hvað (hann/hún) syngur** (orðtak) Hefur mikla innsýn; er fjölfróður. „Hann veit hvað hann syngur í þessum efnum, það má treysta því“. „Ég er kannski ekki *vel heima* í öllu; en ég veit hvað ég syng í þessu efni“!
- Veit hvar skórinn kreppir (að)** (orðtak) Veit í hverju vandamálin liggja; þekkir vandann. „Ég vil heyra hvað hann *hefur til málanna að leggja*. Hann veit best hvar skórinn kreppir í þessum efnum“. Líking við skóbúnað sem fellur ekki vel að fæti og þarfnast lagfæringar.
- Veit lengra en nef nær** (orðtak) Er mjög fróður; veit fleira en menn grunar. „Hann lítur kannski ekki gáfulega út, en hann veit lengra í þessum efnum en nef hans nær“.
- Veit sá er reynt hefur** (orðatiltæki) Sá em hefur reynslu hefur allajafna mesta þekkingu á því sem um ræðir.
- Veita** (s) A. Gefa; afhenda; *láta í té*. „Hann veitti okkur góða aðstoð“. „Hún *lumaði* á þessum dýrindis hákarl, og veitti vel“. B. Greiða fyrir vatnsrennsli, þannig að það valdi ekki skaða. „Hann þurfti að veita vatninu úti skurð þegar það hljóp út úr Gilinu“.Ve
- Veita aðstoð/liðsinni** (orðtak) *Leggja lið; liggja ekki á liði sínu; hjálpa til*. „Ég reyndi að veita þá aðstoð sem ég gat“. „EKKI *stóð* á honum að veita okkur liðsinni *eftir bestu getu*“.
- Veita athygli** (orðtak) *Taka eftir; huga að; sinna*. „Ég veitti því athygli að nokkur sjór var kominn í bátinn“.
- Veita á** (orðtak) Láta vatn renna yfir graslendi til að auka sprettu. Fyrum gerðu menn gjarnan áveitur í þessum tilgangi; var kallað engi og slegið til heyja. Áveitur voru m.a. á samnefndu svæði í Miðmýrunum og í Grundamýri.
- Veita betur/verr** (orðtök) Ganga betur/verr. „Okkur veitti ýmist betur eða verr í þessari viðureign“.
- Veita brautargengi** (orðtak) Veita aðstoð/fyrirgreiðslu við framgang einhvers; *beita sér fyrir*. „Málefnið fékk góðan framgang eftir að hann ákvað að veita því brautargengi“.
- Veita eftirför** (orðtak) Fara á eftir. „Var þeim veitt eftirför, en menn komust ekki fyrir þá“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

- Veita ekki af** (orðtak) Vera ekki vanþörf á; vera þarft. „Ég ætla að hjálpa þeim að setja upp; ekki veitir af ef það á að hafast áður en fer að rigna“. „Ég fékk poka af salti; ekki veitir af eins og veiðin er“. „Honum veitir ekki af að halda sig við námið“.
- Veita formennsku/forstöðu** (orðtök) Vera formaður/forstöðumaður fyrir. „Hann veitti nefndinni formennsku“.
- Veita lið** (orðtak) Aðstoða; hjálpa. „Hann veitti okkur lið við smalamennskurnar“.
- Veita nábjargir** (orðtak) Hagræða líki, t.d. loka augum og hagræða líkama og klæðum. Sjálfsgöð skylda þess sem nærri er/kemur eftir andlát mannsekjju.
- Veita ráðningu** (orðtak) Lumbra/lúskra á; *hefna sín*; berja; *taka til*; *tukta til*. „Það þyrfti að veita þessum *dryslum* ráðningu“.
- Veita tiltal** (orðtak) Skamma; ávita; finna að. „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum og sá ástæðu til að veita honum tiltal út af því“ (PG; Veðmálið).
- Veita vatni** (orðtak) Greiða fyrir afrennsli vatns, t.d. af engi, mýrum eða framhjá vegum.
- Veita viðnám** (orðtak) Berjast gegn; andæfa.
- Veita viðtöku** (orðtak) Taka á móti; meðtaka.
- Veitast auðvelt/létt/erfitt/torvelt** (orðtak) Vera auðvelt/erfitt. „Það gæti reynst torvelt að ná fénu eftir að snjóa leggur“.
- Veitingar** (n, kvk, fto) Matur og drykkur sem borið er fram til neyslu. „Við þáðum þarna góðar veitingar“.
- Veitir ekki af** (orðtak) Er full þörf á; er ekki ofaukið. „Okkur veitir ekki af allri aðstoð sem við getum fengið ef þessi steypuvinna á að hafast á einum degi“. Vísar til þess að veita vatni af mýrlendi eða flæða uppúr.
- Veitull** (l) Veitir vel/rausnarlega; gjafmildur; gestrisinn. „Þau eru veitull á allt nema vín“.
- Vekja** (s) A. Ræsa af svefni; láta vakna. „Hann hafði vakað yfir fénu um nóttina, svo ég fór í gegningarnar án þess að vekja hann“. B. Magna. „Ég vildi ekki vekja of miklar vonir um þetta“.
- Vekja athygli/eftirtekt** (orðtök) Láta taka eftir. „Þessi orðaskipti höfðu nú vakið athygli þeirra sem næst stóðu...“ (PG; Veðmálið). „Ég vildi bara vekja athygli þína á þessu“.
- Vekja lukku** (orðtak) Vekja/veita ánægju; vera vel heppnað. „Tertan vakti mikla lukku á samkomunni“.
- Vekja/hefja máls á** (orðtak) Hefja umræðu um; nefna. „Hann vakti máls á þessu á fundinum“.
- Vekja straum** (orðtak) Byrja stórstreymi. „Hann er að byrja að vekja straum, ég gæti trúað að það yrði nóg að gera í sauðburðinum um helgina“.
- Vekja upp** (orðtak) A. Vekja úr svefni. Einkum notað þegar vakið er á óvanalegum tíma eða við óvanleg tækifæri. „Ég var svo seint á ferð og kunni ekki við að vekja ykkur upp“. B. Úr draugatrú; vekja mann sem dauður er, þannig að úr verði draugur/sending. Að sögn oftast gert til að senda drauginn þeim sem maður vill gera skráveifu. Þannig sendingu fékk Einar Jónsson í Kollsvík, en hannkunni nóg fyrir sér til að verjast. C. Varðandi tilfinningar; búa til. „Þetta atvik vakti upp gamlar minningar í mínum huga“.
- Vekja til lífsins** (orðtak) Vekja upp; virkja. „Honum tókst að vekja félagið aftur til lífsins“.
- Vekja (einhverjum) þorsta** (orðtak) Auka þorsta einhvers; valda einhverjum þorsta. „Saltketið er afbragðsgott, en það vekur manni dálítinn þorsta“.
- Vel** (l) A. Áhersluorð; ágætlega; fyrirtaks. „Hann gerði þetta fyrirtaks vel“. B. Rösklega; rúmlega; dálítið meira en. „Það var orðið vel hálfallið“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978). „Settu vel af taði í rófubeðið“. „En nú verð ég að hætta þessu bæjaflakki og labba heim að Lambavatni. Þetta er nú vel klukkustundar gangur frá Saurbæ þó enginn setti slíkan smáspotta fyrir sig“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). C. Mikið. „Gefðu þeim vel af föðurbæti með þessu heyi; það er ekki mjög kraftgott“. „Ég fékk mér vel af skyrinu“.
- Vel að kominn** (orðtak) Á skilið; hefur til unnið. „Mér finnst þetta mjög góður botn hjá henni, og hún er vel að verðlaununum komin“ (MH um Sunnu Hlín dótturdóttur sína sem hlaut verðlaun í ljóðasamkeppni 10 ára; Mbl 04.01.2017)
- Vel að manni** (orðtak) Sterkur; hraustur. „Egill Skallagrímsson var vel að manni og svo hefur títt verið um suma afkomendur hans; s.s. Kollsvíkinga“. „Það sem hefur bjargað því að mennirnir sem voru að draga hrukku ekki framaf við slinkinn... hefur verið fyrst og fremst það að þeir voru báðir vel að manni; sérstaklega Davíð, sem var talinn sterkasti maður í hreppnum á þeim tíma...“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Vel að merkja** (orðtak) Samt; reyndar; þó þarf að athuga; *nú einusinni*. „Hann kemur í kvöld; vel að merkja, ef hann fær far“. Merkja er þarna í merkingunni að taka eftir.

- Vel að sér** (orðtak) Fróður; vel kunnandi; hefur vit á; *vel heima*. „Hann er vel að sér í þessum fræðum“. Sjá *illa að sér*.
- Vel að (verki) verið / Vel af sér vikið** (orðtak) Vel gert; vel unnið. „Það var talið vel af sér vikið að skila brókinni fullsaumaðri á dag“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Vel af guði gerður** (orðtak) Oftast notað um mann; vandaður; sómamaður; fyrirmyndarmaður. Sjá *illa/þannig af guði gerður*.
- Vel af sér vikið** (orðtak) Vel gert; nokkuð afrek. „Óskar kvikmyndagerðarmaður var kominn á vettvang. Mér fannst það vel af sér vikið hjá honum við þessar hrikalegu aðstæður“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).
- Vel á minnst** (orðtak) Got/vertt að muna; gott að ég var minntur á/ mundi eftir.
- Vel/ágætlega/aumlega/illa á sig kominn** (orðtök) „Féð er nokkuð vel á sig komið eftir útinganginn“.
- Vel efnum búinn** (orðtak) Efnaður; ríkur. „Hefur Einar því verið allvel efnum búinn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Vel flestir** (orðtak) *Langflestir*; nær allir. „Ég held að vel flestir séu hættrir að borða“.
- Vel/illa fyrir kallaður** (orðtök) Í góðu/slæmu ástandi/skapi; vel/illa ástatt um. „Hann var nývaknaður og illa fyrirkallaður“.
- Vel gert af vandalausum** (orðtak) Um greiða sem sá gerir sem ekki hefur til þess skyldur. „Þakka þér mikkillega fyrir þetta viðvik; það var vel gert af vandalausum“.
- Vel haldinn** (orðtak) Í góðu atlæti/yfirlæti; fær gott fóður/góðan mat; í góðum holdum. „Mér sýnist nú að þetta fé sé sæmilega vel haldið; en það er alveg í sjálfheldu“.
- Vel heima** (orðtak) Fróður; vel lesinn/kunnandi. „Hann er vel heima á flestum sviðum náttúrufræðinnar“.
- Vel í látið/lagt** (orðtak) Rausnarlegt; yfirdrifið. „Það var helst til vel í látið af brenni í þessari *uppkveikju*“.
- Vel í skinn komið** (orðtak) Feitur; feitlaginn; *holdsæll*. „Prestinum var svo vel í skinn komið að honum varð að sérsníða hempu, eins og öll fót önnur“.
- Vel í sveit settur** (orðtak) Um þann sem er í góðri aðstöðu varðandi eitthvað sem tiltekið er í setningunni. „Þið eruð vel í sveit sett með nýmetið hér við sjávarsíðuna“.
- Vel/illa látinn** (orðtök) Um það álit sem einstaklingur nýtur í sínu samfélagi. „Hann hefur alltaf verið vel látinn í sinni sveit“. „Mér þótti hann þolanlegur prestur, en hann var fremur illa látinn af ýmsum öðrum“.
- Vel liðinn** (orðtak) Nýtur vinsælda í hópi/samfélagi; í góðu álitu. „Hann var vel liðinn af þeim sem þekktu“.
- Vel má vera** (orðtak) Hugsanlegt/mögulegt er; vel getur verið. „Við skulum hinkra ögn; vel má vera að úr þessu rætist“. Iðulega stytt í „má vera“.
- Vel máli farinn** (orðtak) Talar gott og rétt mál; kann að tala gagnort, rétt og skýrt. „Ég er ákaflega stoltur af því að börnin mín og barnabörnin eru vel máli farin...“ (MH; Mbl 04.01.2017).
- Vel megandi** (orðtak) Í góðum efnum; ríkur; stöndugur. „Það er munandi að vera vel megandi stórbóndi“!
- Vel meint** (orðtak) Sagt í góðu/góðum tilgangi. „Þetta átti að vera vel meint, þó það hljómaði dálítið öðruvísi“. „Líklega hefur það upphaflega verið vel meint að láta hinn meingetna son ekki alast upp á heimilinu“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Vel og vendilega/vandlega** (orðtak) Mjög vandlega; rækilega. „Burstaðu nú vel og vendilega af þér rykið“.
- Vel séð** (orðtak) *Vel liðið; litið jákvæðum augum; vel þegið*. „Ekki var það vel séð ef menn stálust í bjarg án leyfis landeigenda“.
- Vel skal vanda það sem lengi skal standa** (orðatiltæki) Lýsandi og mikið notuð speki. T.d. viðhöfð þegar hús voru byggð eða hleðslur reistar, eins og sjá má í Kollsvík.
- Vel stæður** (orðtak) Bjargálma; sæmilega/vel efnaður. „Í Barðastrandasýslu lentu jafnvel börn á húsgangsfлакki, en þeir sem best voru stæðir björguðu öðrum eftir föngum, og flosnuðu svo sumir þeirra einnig upp að lokum“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Vel sæmilega** (orðtak) Allþokkalega; ágætlega. „Okkur miðaði vel sæmilega út með Bjarginu, en hægar gekk fyrir núpana, enda suðurfall og norðangola“.
- Vel/illa/misjafnlega til fara** (orðtak) Snyrtilega/vel/illa klæddur; hreinlegur; snyrtur; ótótlegur; skítugur. „Þeir voru nýkomnir af fjalli og misjafnlega til fara“.
- Vel til fanga** (orðtak) Veiðilegt; líkur á miklum afla/feng. „Ég gæti trúað að niðri á þessum höfða sé vel til fanga af eggjum“.

- Vel til fara / Vel tilhafður** (orðtak) Vel útlítandi; í góðum búningi; snyrtilegur. „Sem skýrslan sýnir er búpeningur vel til fara og fíðurvöntun hvergi tilfinnanleg...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935).
- Vel til fiskjar (komið)** (orðtak) Mikið fiskirí; mikill afli; mikil veiði. „Heimræði (í Kollsvík) ár um kring, og vel til fiskjar komið“ (ÁM/PV Jarðabók). „Hann sagði að nú væri vel til fiskjar um allar vikur“.
- Vel til fundið** (orðtak) *Kjörið; tilvalið; gráupplagt*. „Það var vel til fundið að taka nesti meðferðis“.
- Vel til þess fallið** (orðtak) Hentar vel. „Ég er kannski ekki best til þess fallinn að rita fundargerð“.
- Vel/illa úr garði gerður** (orðtök) Vel/illa búinn til/ útbúinn. „Kassafjandinn var svo illa úr garði gerður að botninn varð eftir þegar ég tók hann upp“! Líkingin vísar til útbúnaðar manns sem fer að heiman.
- Vel/illa útlátinn** (orðtök) Ríflega/naumt skammtað/gefið/greitt. „... nema svo hafi verið að Benedikt þætti hluturinn illa útlátinn“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Vel við efni** (orðtak) Efnaður; ríkur; með rúm fjárráð.
- Vel við vöxt** (orðtak) Um fatnað o.fl.; heldur stór.
- Vel það** (orðtak) Umfram það; meira en það. „Ég er búinn að fiska nóg í soðið, og vel það“.
- Vel þegið** (orðtak) Þegið með þökkum; kærkomið. „Nú væri ósköp vel þegið að fá kaffisopa“!
- Velbærilegt** (l) Þokkalegt; ágætt. „Héðan er allt velbærilegt að fréttá“. „Það er nú ekki velbærilegt ef allir á bænum eru að leggjast í þessa *ekkisens* pest“.
- Veldi** (n, hk) A. Það sem vald manns/ríkis nær til; t.d. landsvæði og fólk/þegnar; ríki. B. Umsvif; *halasláttur*. „Það er aldeilis veldi á bóndanum núna; bara kominn með nýja dráttarvél“! C. Í stærðfræði; margfeldi tölu af sjálfri sér.
- Veldur hver/ sá er á heldur** (orðatiltæki) Sá stjórnar sem heldur um stjórnvölinn; sá ræður niðurstöðunni sem stjórnar.
- Veldur sá er varir** (orðatiltæki) Orðtakið heyrir stundum í þessari mynd, og er þá skýrt þannig að sá nái völdum sem hefur mest úthaldið. Hinsvegar er það upprunalega þannig; „veldurat sá er varar“ (Brennu-Njáls saga), sem nú á dögum er útlagt þannig; *eigi veldur sá er varar*. Vísar það til þess að sá er ekki sekur sem varar aðra við.
- Velfarnaður** (n, kk) Gæfa; lukka. „Svona hegðun leiðir sjaldan til velfarnaðar“.
- Velferð** (n, kvk) Hamingja; gott líf; velfarnaður. „Henni var alltaf meira hugað um velferð annarra en sína eigin“.
- Velflestir** (l) Langflestir; meirihlutinn. „Kindurnar eru velflestar komnar heim að húsum, en einhverjar eru þó enn í fjörinni“. „Undir þetta tóku velflestir fundarmenn“.
- Velforstandugur** (l) Heiðvirtur; háttvirtur. Dönskuletta sem sjaldan heyrðist í lok 20.aldar, en brá þó fyrir, ekki síst í háðungartóni. „Þetta er víst einhver velforstandugur pótintáti þarna fyrir sunnan“.
- Velforþéntur** (l) Verðskuldaður. „Mikið var nú gott að fá þennan velforþénta dúr“!
- Velfóðrað** (l) Um búfe; vel fóðrað/alið. „Velfóðrað fé er einnig á Melanesi, enda hefur þar verið gefið síldarmjöl og nokkuð af því sem aukafóður, borið saman við vanalega gjöf undanfarna vetur...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).
- Velgengni** (n, kvk) Gott gengi; velmegun. „Velgengni í spilum þarf ekki að þýða það sama í öðru“.
- Velgja** (n, kvk) A. Ylur. „Lambið hressist þegar það kom inn í velgjuna“. B. Ógleði; flökurleiki; ælutilfinning. „Mér er eitthvað *bumbult*; held ég *leggist fyrir* þangað til velgjan líður hjá“.
- Velgja** (s) Hita lítillaga; verma. „Það þarf að velgja pelann dálítið fyrir barnið“.
- Velgja (einhverjum) undir uggum** (orðtak) Gera erfitt fyrir; valda erfíðleikum; lúskra á. „Ég skal sko velgja þeim undir uggum ef þeir fara að leika það daglega að leggja vísvitandi ofaní“! Upprunaskýring er óljós, en hugsanlegt er að merkingin hafi verið að *ganga í skrokk /lumbrá á* einhverjum, og uggar sé þá líking við hendur.
- Velgja við (einhverju)** (orðtak) Hafa óbeitt á einhverju; *klígja við* einhverju. „Mig velgir við tilhugsuninni einni saman“.
- Velgjugarnt** (l) Hættir til að klígja/velgja við; verður gjarnan flökurt. „Mér er nú vanalega ekki velgjugarnt, en það lá við að ég kastaði upp í þessari fylu“.
- Velgjutilfinning** (n, kvk) *Klígja; flökurleiki*; sjóveiki. „Ertu kominn með velgjutilfinningu strax“?
- Velgjörðir** (n, kvk, fto) A. Það sem vel er gert; góð breytni. B. Veitingar; beini; *góðgerðir*. „Gerðu svo vel að koma inn og þiggja einhverjar velgjörðir“. „Ég kom við og þáði velgjörðir á bænum“.

Velgott (l) Verulega gott; allgott. „Það er ekki velgott ef mikið af fé hefur sloppið inn á Hlíðar“. „Færið á Hálsinum er ekki velgott, en það má þvælast þetta“. *Allmjög* notað í Kollsvík en finnst ekki í orðabókum.

Velja (s) Kjósa; hallast fremur að. „Nú er vandi að velja“!

Velja til lífs / Velja líflömb (orðtak) Velja líflömb til ásetnings að hausti; taka til lífs. „Komdu nú og hjálpaðu mér að velja til lífs. Við *kritum* líflömbin í enni með rauðu“.

Velkingur (n, kk) *Þvælingur*; vos; sjóferð í slæmum sjó. „Þessi velkingur skilaði ekki miklum afla“. „Þú hlýtur að vera ansi þreyttur eftir allan þennan velking“.

Velkjast (s) *Þvælast*; vera í volki; vera við slæman aðbúnað. „Báturinn sem er nr 1 eða 4 gæti hafa verið út Kollsvík. Hann var flutningaskip þeirra og stærri en gerðist, og bar nafnið Fönix. Hann var með Ford bílvél, sem síðast var að velkjast í fjörunni á Hvalskeri“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Velkjast ekki í vafa um (orðtak) Vera ekki í vafa um; efast ekki um. Velkjast er sama orð og veltast.

Velkominn (l) A. Sem fagnað er við komu. B. Ávarpsorð t.d. þegar gesti er fagnað.

Vella (n, kvk) A. Kjafaþæði; þvæla. „Hver heldurðu að trúi svona vellu“? B. Hár líkamshiti; *hitavella*. „Ég held ég gæti verið með einhverja vellu. Ég er óttalega *sloj* í dag“.

Vella (s) A. Um graut; sjóða; krauma. B. Gusast; mora. „Gröfturinn vall út þegar stungið var á kýlinu“. „Fiskurinn var ekkert annað en vellandi maðkaveita“. C. Um hljóð spóans. „Þá er úti vetrar þraut, þegar spóinn vellir graut“.

Velliðinn (l) Vinsæll; sem fólki líkar vel við; *kemur sér vel*. „Þau eru mjög velliðin í sveitinni“.

Vellingur (n, kk) Grautur. Oftast notað um hrísgrjónagraut. „Hún bar fram hnausþykkann velling með rúsinum og kanilsykri“.

Velliðan (n, kvk) Góð líðan; ánægja; yndi.

Vellríkur (l) Mjög ríkur/efnaður; forríkur.

Vellubókmenntir (n, kvk) Skáldsaga sem þykir mjög leiðinleg aflestrar; leiðinleg bók. „Ég held ég hafi bara engan áhuga á að lesa svona vellubókmenntir“!

Vellulegur (l) A. Veikur; veiklulegur; með hita/*vellu*. „Ég er eitthvað ári vellulegur í dag“. B. Væminn; smeðjulegur; tilgerðarlegur. „Skelfing finnst mér þetta vellulegar bókmenntir“!

Velluspói (n, kk) A. Spói. Lýsandi forskeytum er iðulega skeytt framanvið nöfn fugla, s.s. vælukjóí. Þjóðtrúin segir að þá séu vetrarharðindi örugglega að baki þegar heyrast til spóans: „Þá er úti vetrarþraut þegar spóinn vellir graut“. Það er talinn fyrirboði um vætutið ef spói langvellir; þ.e. vellir óvanalega lengi óslitið. B. Í líkingamáli um þann sem talar mikið en af litlu viti.

Vellyktandi (n, kk) Ilmvatn; *stinkvatn*. „Ég setti glas af vellyktanda á klósettið til að fá öðruvísi ilm“.

Vellystingar (n, kvk, fto) Hóglífi; munaður; óhóf. „Hann lifir víst bara í vellystingum eftir að kvótasöluna“.

Velmegandi (l) Aflögufær; sæmilega efnaður. „Honum hefur lánast svo vel búskapurinn að nú þykir hann vera í hópi velmegandi bænda“.

Velmegun (n, kvk) Hagsæld; góð kjör fólks. Síðari tíma orð um síðari tíma hagkerfi. Fyrrum þótti það gott ef menn voru bjargálma; ef framleiðsla búans stóð vel undir neyslu.

Velsinnaður (l) Hugulsamur; velviljaður; góðhjartaður.

Velskikkanlega (ao) Um hegðun/framkomu; sæmilega; prýðisvel. „Reyndu nú að haga þér velskikkanlega drengur; rétt á meðan messan fer fram“!

Velskikkanlegur (l) Sæmilegur; skaplegur; viðunandi. „Aflinn var svona rétt velskikkanlegur“.

Velstand (n, hk) Góð staða; gott ástand; *velsæld*. „Er ekki allt í velstandi hjá ykkur“?

Velsvo (ao) Rösklega; ríflega; rúmlega; framyfir. „Hún mjólkaði 20 merku og velsvo það“.

Velsæld (n, kvk) Gott líf; sælulíf; *velmegun*; *velstand*. „Þó Kollsvíkurbændur hafi sjaldnast talist til helstu auðmanna landsins, þá fer ekki sögum af öðru en að þar að jafnaði ríkt farsæld og velsæld“.

Velta (n, kvk) Það að velta; rugga/sveiflast til hliðanna. „Snúðu bátnum betur uppí til að taka af honum veltuna“. B. Það að rúlla. „Billinn valt heila veltu og kom aftur niður á hjólin niðri í lautinni“. C. Hæfni/seigja lands til torfskurðar. „Þarna í mýrinni reyndist ágæt velta“. D. Umsetning í rekstri fyrirtækis/aðila. „Veltan jókst nokkuð frá fyrra ári“.

Velta (s) A. Hreyfing bát sem; ruggar til beggja hliða í báru. „Bátarnir, með háfermi, taka að velta um of, einkum Fönix“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Einnig haft um það þegar bát hvolfir og fer heila veltu: „Aftur veltur báturinn og er nú borðstokkafullur...“ (KJK; Kollsvíkurver).

- Velta á** (orðtak) Undir komið;háð. „Það veltur á niðurstöðum prófanna hvort ég verð í skóla næsta vetur“.
- Velta fyrir sér** (orðtak) Íhuga; hugsa mál. „Ég velti því fyrir mér hvert ekki væri rétt að breyta þessu“.
- Velta um** (orðtak) Velta um koll. „Í Kollsvík og nágrenni tíðkaðist orðalagið „að velta um“ yfir það þegar eitthvað valt um koll eða var velt um kol, og var það nánast alltaf orðað þannig. Ég hef ekki veitt þessu eftirtekt af öðrum svæðum, en það kann þó vel að vera yfirsjón“ (VÖ). „Glasið valt um hjá drengnum“.
- Velta um hrygg** (orðtak) Velta af einni hliðinni á aðra með því að liggja á bakinu á milli. „Hann velti sér um hrygg í fletinu þegar ég kallaði á hann“.
- Velta úr sessi** (orðtak) Koma frá völdum. „Hann náði að velta stjórnarformanninum úr sessi“.
- Velta vöngum** (orðtak) Hugleiða; *spekúlera í*; geta sér til um; *bræð'ann*. „Það þýðir ekkert að velta lengur vöngum yfir þessu; það rær enginn í þessu veðurútliti“.
- Veltast um** (orðtak) Vagga til hliðanna; rótast mikið; fara um koll. „Gamla konan varð svo hissa að hún sagði ekkert, en settist síðan á bakkann og veltist um af hlátri“ (IG; Æskuminningar).
- Veltiár** (n, hk) Góðæri; velsæld; góð ár. „Þegar grásleppuveiðar gáfu sem best af sér voru veltiár hjá þeim bændum sem þær gátu stundað“.
- Veltibrim** (n, hk) Brim svo mikið að hætta er á að bát hvolfi í því. „Veltibrim s gætti aldrei þarna uppi í Lóninu innan við Sandoddann, þó ólendandi væri með öllu vestan megin Patreksfjarðar, inn með öllum firði“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Veltikolla / Veltikefli** (n, kvk) Mjög valtur bátur. „Þetta horn þótti hin mesta veltikolla“. „Andskotans veltikefli er nú þessi bátkolla ef einhver hreyfing er“!
- Veltikjölur / Veltitankur / Veltiuggar** Búnaður á stærri skipum til að draga úr veltingi þeirra.
- Veltihafður** (l) Vel til fara; snyrtilegur; *framþærilegur*. „Á jólunum þótti við hæfi að fara í sparifötin og vera sæmilega veltihafður, enda öllu tjaldað til svo kvöldið yrði sem hátíðilegast“.
- Veltingur** (n, kk) A. Hreyfing báts í öldugangi. „Þú þarft að kunna að *stíga ölduna til standa af þér veltingin*“. B. Um sjólag; öldugangur; sjógangur. „Hann er að rífa upp einhvern fjárans vestan velting“.
- Veltiþing** (n, hk) Afbragðs hlutur; þarfaiþing. „Honum fannst rafklippurnar hið mesta veltiþing“.
- Veltiþurrt** (l) Um jarðveg/grund; svo þurr að unnt er að velta sér án þess að blotna. „Nú er hér allt veltiþurrt og flugvöllur innst á Rifinu“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Veltufé** (n, hk) Rekstrarfé; peningar sem notaðir eru til rekstrar hjá fyrirtæki/félagi/aðila.
- Veltur á (einhverju)** (orðtak) *Undir einhverju komið; háð einhverju*. „Þetta veltur auðvitað á veðri“.
- Veltur á ýmsu** (orðtak) Er háð mörgum þáttum; veltist/fer á ýmsa vegu. „Eftir að hann missti vinnuna valt á ýmsu fyrir honum með efnahaginn“.
- Velunnari** (n, kk) Vinur; sá sem vill öðrum vel; velgjörðarmaður.
- Velvild / Velvilji** (n, kvk/kk) Góður hugur; góðar meiningar. „Fram kom eindæma velvild allra til málsins“.
- Velviljaður** (l) Vel stemmdur fyrir; með góðan hug til. „Hann reyndist okkur mjög velviljaður í þessu efni“.
- Velvirðugur / Velvirtur / Velæruverðugur** (l) Háttvirtur. Oftast sem kurteisishjal í ávörpum.
- Velþentur** (l) Verðskuldaður. „Þegar heim kom fékk hann velþentan málsverð“.
- Velþóknanlegur** (l) Fellur /líkar vel. „Það er ekki víst að þeim sé þetta velþóknanlegt“.
- Velþóknun** (n, kvk) Velliðan yfir einhverju; ánægja. „Einmitt þegar Júlí hafði stungið upp í sig fyrsta bitanum og tuggði með velþóknun“ (PG; Veðmálið).
- Velættaður** (l) Af góðum ættum. „Ekki vantaði að hrúturinn væri velættaður“.
- Vembdur** (l) Með stóra vömb; feitlaginn. „Asskoti ertu að verða vel vembdur í seinni tíð“!
- Vemmilegheit** (n, hk, fto) Viðbjóður; það sem er fráhrindandi. „Hún sagðist ekki koma nálægt slíkum vemmilegheitum“.
- Vemmilegur** (l) Væminn; fráhrindandi; viðbjóðslegur. „Hvaða vemmilega hræ var tíkin nú að draga heim“?
- Vend** (n, kvk) Snúningur; vefnaður. Í seinni tíð eingöngu notað í orðtökunum; *ekki sér fyrir vend og þar kom vendin á það*.
- Venda** (s) A. Hagræða seglum þegar sigldur er *beitivindur*. „Tvær voru aðferðir við að venda skipi. Mátti bæði *stagvenda* og hálsa, þ.e. *kúvenda*. Stagvending var miklu hentugri í alla staði og einatt viðhöfð þegar hægt var. En gangtreg skip *neituðu* stundum *vendingu*; fengust ekki til að falla yfir til annarrar hliðar þótt þeim væri beitt upp í vindinn. Þá neyddust menn til að beita hinni aðferðinni, að slá skipinu undan vindinum

og sigla nær því í hring. Tafði það siglinguna og þótti verra í alla staði“ (GilsG; Skútuöldin) . Af vendingu skipa eru dregin orðtök sem mikið eru notuð í máli Kollsvíkinga og annarra, t.d. að *komast fyrir vindinn* og að *lata slag standa*. B. Snúa; fara. *Sjá eiga ekki í önnur hús að venda*. C. Skipta snúningi á snarventri vél. „Sumar bátavélar áður fyrr voru mjög hæggengar og var skipt úr áfram í bakk með því að breyta snúningi sveifaráss“.

Venda við (orðtak) Snúa við. „Þú ættir nú að venda við peysunni; mér sýnist hún vera á röngunni“. „Það má oft finna ánamaðk í beitu með því að venda við steinum eða *kúaskitshlössum*“.

Vendilega (l) Vandlega; nákvæmlega. „Hann sagði vendilega fyrir um hvað gefa skyldi hverri kú“.

Vending (n, kvk) A. Snúningur. „Miklar vendingar hafa orðið í þessum málum í seinni tíð“. B. Það að *venda* seglum á skipi.

Vendir (n, kk) A. Vending; það að seglum skips sé vent/snúið þegar sigldur er beitivindur, til að taka nýjan legg/ nýja stefnu. Þessi karlkynsmynd orðsins var löngu aflögð, en lifir enn í máli Kollsvíkinga í afleiddri merkingu: B. Afleidd merking; endir; viðsnúningur; lok. „Það ætlar enginn vendir að verða á þessari bévitans rigningartíð“! „*Þar kom vendirinn á það*“! „Ég sé ekki að þarna sé nokkur vendir á; þetta virðist vera endalaust“!

Venja (n, kvk) Vani; siður; háttur. „Við gerum þetta eins og venja er til“.

Venja (s) A. Gera vanan. „Þú átt ekki að venja þig á svona ósiði“! B. Temja; aga. S.s. *venja undir*.

Venja komur sínar (orðtak) Hefja reglulega viðkomu; byrja að koma oft í heimsókn. „Sveitarómur segir að hann sé farinn að venja komur sínar alloft þangað, þegar bóndinn er í gegningunum“.

Venja sig af (orðtak) Hætta því sem venja er til; breyta háttum/venju. „Vendu þig nú af þessum ósið“!

Venja sig á (orðtak) Gera sér að vana; hafa fyrir sið. „Ég vandi mig á að setja alltaf fyrst inn í syðsta garðann“.

Venja undan (orðtak) Um kind; reka/taka lamb endanlega frá kind. Stundum reynist nauðsynlegt að taka lamb frá kind; t.d. þeagr um gamla eða veiklaða kind er að ræða sem eignast hefur tvílembinga en getur ekki mjólkað þeim báðum. Þá er a.m.k. annað lambið tekið og annaðhvort haft sem heimaalningur eða *vanið undir* aðra kind. Þá þarf iðulega að hafa móðurina í aðhaldi meðan hún er að setta sig við missinn; meðan verið er að venja undan. Þá er það *til í dæminu* að kindur berji frá sér lömbin; vilji ekkert með þau hafa, og venji þannig sjálfar undan sér. Þau lömb getur sömuleiðis þurft að venja undir eða hafa heima, ef ekki tekst að setta móðurina við sitt hlutverk.

Venja undir (orðtak) Koma lambi undir fósturmóður og fá hana til að taka því. Margar ástæður geta verið fyrir því að venja þarf undir, s.s. þegar móðir drepst frá nýbornu lambi; móðir mjólkar ekki lambinu; hún hafnar því algerlega; eða annar ekki tveimur eða þremur lömbum sem hún á. Þá var betra að venja lamb undir en hafa það sem heimalning, enda braggast þeir misjafnlega og eru oft til ama. Nýja *lambmóðirin* er gjarnan kind sem misst hefur lamb, eða *einlemba* sem talin er geta mjólkað tveimur. Mjög er misjafnt hve ný lambmóðir er fljót að *taka lambinu*. Sumar virðast geta sætt sig við öll lömb sem sín eigin. Aðrar eru viðskotailar og berja það frá um leið og þær finna lyktina. Til eru ýmis húsráð til að flýta fyrir þegar *vanið* er undir. Ef lambmóðirin hafði misst lamb var það stundum flegið og *bjálfinn* saumaður utanum undirvaninginn með sporum undir kverk og kvið og við fæturM einungis hausinn stóð framúr bjálfanum. Stundum dugði að nudda undirvaningnum vel uppvið afturenda fóstrunnar til að fá lyktina. Í langflestum tilvikum voru nýju mæðginin sett í stíu í fjárhúsi um tíma, þar til móðirin hafði örugglega tekið. Þá þurfti oft að *standa yfir*, meðan lambið fékk að sjúga óáreitt, eða jafnvel halda í kindina meðan það var sett á spena. Mijafnt er hve vel undirvaningar braggast, en oft voru þeir ekki síðri lömb en önnur að hausti.

Venjast af (orðtak) Um veiki/mein/bögun; líða frá/ lagast. „Maður kvaldist af sjóveikinni fyrstu dagana, en svo vandist það nú af“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Venjast við (orðtak) Verða vanur. „Ég svaf ekkert vel í nýja rúminu meðan ég var að venjast við“.

Venju fremur (orðtak) Meira/oftar/fyrr en vant er. „Ég vaknaði venju fremur fyrr í morgun“.

Venju samkvæmt (orðtak) Eins og vant er; eins og vanalega.

Venjubundinn (l) Vanalegur. „Hann er farinn í sína venjubundnu gönguferð niður að sjó“.

Venjulega (ao) Að vana/vanda; *vanalega*; samkvæmt venju. „Þá komu líka karlmenn í verið til róðra; venjulega í fyrstu viku sumars“ (IG; Æskuminningar).

Venjulegur (l) Vanalegur; reglulegur; hversdagslegur.

Vensl (n, hk, fto) Tengsl; mægðir; það að vera vandabundinn/háður/skyldur.

Ventill (n, kk) Loki; krani; einstreymisloki í bílhjóli.

Venus (n, kvk) Reikistjarna í okkar sólkerfi; önnur frá sólu og sú næsta innanvið Jörðu. Þriðja minnsta reikistjarna sólkerfisins; 0,89 jarðmassar en litlu minni að þvermáli en Jörðin. Venus hefur þykkann lofthjúp, að mestu úr koldíoxíði og gríðarlegan lofthita, eða um 480° að meðaltali. Loftþrýstingur við yfirborð er um hundrað sinnum meiri en á Jörðinni. Yfirborð er hulið skýjum, séð frá Jörðu og rannsóknir hafa því verið erfiðar á því. Lofthjúpurinn endurkastar sólarljósi vel og því er Venus bjartasta reikistjarnan á himninum. Umferðartími um sól er 225 jarðardagar; möndulsnúningstími er 243 jarðardagar. Snúningstími er réttælis; öfugt við Jörðina. Segulsvið er nánast ekkert. Venus er stundum nefnd ástarstjarnan, enda nefnd í höfuð rómversku ástargyðjunnar.

Venus er björtust allra reikistjarna frá jörðu séð, og oft sýnileg að degi til. Hún hefur því löngum verið hluti af trúarbrögðum heims; gjarnan ímynd ástar og fegurðar. Persónugervngur hennar í Grískum trúarbrögðum var Afródíta; Venus hjá Rómverjum; Chasca hjá Inkum; Quetzalcoatl hjá Mayum; Ishtar hjá Babýloníumönnum og Frigg í norrænni goðafræði.

Venusvagn (n, kk) *Aconitum napellus*. Garðplanta sem mikið var ræktuð í görðum áður fyrir sem skrautblóm, enda blómstrar hún bláum þéttum blómaklösum og verður oft yfir 1 m há. Plantan er mjög eitruð.

Vepja (n, kvk) *Vanellus vanellus*. Vaðflugl sem oft flækist til Íslands. Hefur m.a. sést í Kollsvík. Þekktist m.a. á áberandi fjaðratoppi á höfði.

Ver (n, kk) Karlmaður; karlmannskenning, einkum notuð í skáldskap. „*Vif* er vers yndi“.

Ver (n, hk) A. Verstöð; útgerðarstaður; staður sem býður uppá góða lendingu og uppsátur og stutta róðrarleið á góð fiskimið. Í Kollsvík hafa verið tvö nafngreind og fjölsótt ver: Annarsvegur er það Láganúpsver, sem er mjög forn útgerðarstaður. Láganúpur var löngum í eigu Saurbæjarkirkju og hafa landsdrottinn greinilega reynt að efla útræði og hafa af því tekjur eftir fremsta megni. „Heimræði er þar ár um kring, en á vorið er þar vertíð frá sumarmálum til þingmaríumessu“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Láganúp). Jarðabókin segir enn fremur að þar gangi þá 3 þriggjamannaför árið um kring og eigi Guðrún Eggertsdóttir í Bæ 2 þeirra, en á vorvertíð gangi auk þess 2 þriggjamannaför; 1 fjögurramannafar og 1 fimmmannafar. A.m.k. 18 verbúðir munu hafa staðið í Láganúpsveri; í og norðan við Búðarlág, en þeirra sér lítt stað nú. Lögmanslág þar sunnanvið ber nafn af því að þangað gengu vermenn örna sinna. Í því landbroti sem sjór hefur valdið á síðustu árum hafa komið í ljós gríðarmiklar fiskbeinaleifar, nánast í öllum Grundabökkunum, sem bera vitni um gríðarmikla og langvarandi verstöðu. Við prufuholu sem tekin var sumarið 2012 af RE/fornleifafræðingi kom m.a. upp kriteríupúhaus sem tímasetja má frá því um síðaskipti, 1550, u.þ.b. í miðjum fiskbeinastaflanum. Lending í Grundargrjótum er vissulega ekki góð en samt ekki verri en víða var notuð áður fyrir, og kann að hafa verið betri fyrrum. Hitt verið er Kollsvíkurver (sjá þar). Þar virðist útgerð, samkvæmt heimildum, ekki eiga jafn langa sögu þó þar virðist augljóslega mun betri lending. Hugsanleg skýring á þessu er sú að Kollsvík var alltaf í einkaeigu; e.t.v. hafa eigendur ekki séð sér hag í að leyfa verstöðu eða ekki viljað keppa við kirkjuna í þeim efnum. Hinsvegur er ljóst af jarðabókinni að þá leyfa þeir uppsátur á bátum sem landa aflla í Láganúpsveri. Það er svo þegar farið er að fiska á lóðir sem verstaða er tekin upp í Kollsvíkurveri; en árið 1894 lagði Hákon Jónsson fyrstur lóð á Kollsvíkinni. Eftir það fjölgaði bátum og verbúðum ört. „Kollsvíkurverstöð er að færast í aukana á síðari hluta 17. aldar, jafnt og Láganúpur er að líða undir lok. Milli þessara verstöðvar er þó vart meira en 800 metra vegalengd. Af ástæðum fyrir því að útræði færast úr stað um ekki lengri veg er líklegust sú að lendingarskilyrði hefi þótt öllu skárri í Kollsvíkurveri, einkum í norðanátt“ (KJK; Kollsvíkurver). „Kollsvíkurver varð ekki til fyrr en um 1880 en eftir það var það aðalverstöðin í Rauðasandshreppi í röska hálf öld. Þá varð Kollsvík allstór verstöð, eftir að Kollsvíkurmenn höfðu reist allar búðirnar í verinu, áttu þær og leigðu. Þar voru margar verbúðir og mátti því Kollsvíkurver fyrst og fremst teljast útver, þótt þar væri jafnframt heimver. Vorið 1901 gengu 16 bátar þaðan og mun fleiri síðar. Í Kollsvík og Breiðuvík héldust hvað lengst útver, því þau lögðust ekki alveg niður fyrr en á fimmta áratug 20. aldar“ (LK; Ísl.Sjávarhættir II).

„Fernt réði einkum, þegar verstöð var valinn staður. Í fyrsta lagi þurfti lending að vera bærileg, og í öðru lagi, sem ekki skipti minna máli, var jafnan reynt að velja staði þaðan sem skammt var að róa á mið. Í þriðja lagi reyndu menn að velja verstöðvum stað, þar sem landrymi var nægilegt, svo reisa mætti verbúðir og verka fisk, og í fjórða lagi var jafnan reynt að sjá svo til að skammt væri að sækja rennandi vatn, eða vatn í brunna“ (JÞÞ; Sjósókn og sjávarfang). Uppruni orðsins ver er að öllum líkindum vísun í „er“, þ.e. staður þar sem menn eru; þar sem menn dvelja.

B. Hlíf utanum sængurfatnað; sængurver; koddaver. C. Varpstaður fugla; eggver.

Vera (n, kvk) A. Dvöl; viðstaða; viðkoma; vist. „Veru minni á þessum stað lauk um haustið“. B. Það sem er lifandi, sbr. mannvera; hulduvera; vitsmunavera. „Hún var sannfærð um að einhverjar verur byggju í steininum“. C. Raunveruleiki. „Ég sagði *eitthvað í þá veru*, að líklega væri þetta til einskis“. „*Í verunni* hafði þetta takmarkaða þýðingu“.

- Vera að** (orðtak) A. Almennt: Halda áfram verki/ við veiðar; vera við verk. „Þetta er allmikið verk. Þú þarft að vera að í allan dag“. B. Um skakveiði; slíta upp; fá afla öðru hvoru án þess að veruleg *vild* sé á fiski. „Við vorum að þarna yfir fallaskiptin, en fiskur var bara sáratregur“.
- Vera aftarlega á merinni með eitthvað** (orðtak) Vera seinn fyrir með eitthvað. „Þú afsakar hvað ég er aftarlega á merinni með þetta.“
- Vera á** (orðtak) Um ríkjandi veðurfar. „Hann lægir ekki sjóinn meðan norðanáttin er á“. „Þoka var á og slagveðursrigning“ (SbG; Að vaka og vinna).
- Vera á einn veg** (orðtak) Vera ekki í góðu lagi; vera allt með sama móti. „Allt er það á einn veg hjá honum; það er eins og hann geti ómögulega farið rétt að þessu!“
- Vera á ferðinni** (orðtak) Eiga leið; vera að ferðast. „Komdu nú einhverntíman við ef þú ert á ferðinni“. „Hann er oft á ferðinni og tekur þakkann örugglega fyrir þig“.
- Vera á flæmingi** (orðtak) Flækjast/hrekjast um; vera á flækingi; *slæpast*. „Það er munur að fá þennan boltafisk hér alveg upp við landið, heldur en að þurfa að vera á flæmingi lengst niður á djúpmiðum“! Sjá *flæmi*; *flæmingur*; *fara undan í flæmingi*.
- Vera á færi (einhvers)** (orðtak) Einhver er fær um; einhver getur. „Það er ekki á mínu færi að laga þetta“.
- Vera á kreiki / Vera á stjái** (orðtak) A. Vera eitthvað að gera; vera gangandi. „Meir sýnist einhver vera á kreiki þarna norðurfrá“. B. Vera enn vakandi; vera uppi. „Hann er á stjái langt frameftir kvöldi“.
- Vera á vaðbergi/varðbergi** (orðtak) Sjá *á vaðbergi/varðbergi*.
- Vera á verði** (orðtak) Standa vörð; halda vörð; verja; gæta; vera vel vakandi gagnvart einhverju.
- Vera ekki eins leitt og lætur** (orðtak) Sjá *þykja ekki eins leitt og lætur*.
- Vera ekki um** (orðtak) Líka illa; lítast illa á. „Mér er ekki um að þið séuð að flækjast nærri klettunum, strákar“.
- Vera ekki örgrannt um** (orðtak) Gruna; hafa grun/hugboð um. „Mér er ekki örgrannt um að þetta sé rétt“.
- Vera fastur fyrir** (orðtak) *Standa fast á sínu*; verja sitt viðhorf; *þráast/þrjóskast við*. „Hann er fastur fyrir í þessu máli“. „Það er munur á *þverhousahætti* og því að vera fastur fyrir“.
- Vera frá** (orðtak) A. Vera viðþolslaus/ illa haldinn. „Ég er alveg frá af bakverkjum“. B. Vera vant við látinn/ upptekinn. „Ég verð sennilega frá í allan dag“.
- Vera frá sér** (orðtak) Vera sturlaður/ruglaður. „Ertu alveg frá þér drengur; svona máttu alls ekki gera“!
- Vera fyrir (eitthvað) / Vera gefinn fyrir (eitthvað)** (orðtök) Sækja/langa í eitthvað; vera sólginn/áfjáður í eitthvað; þykja eitthvað gott/eftiróknarvert. „Ég er lítið gefinn fyrir svona bókmenntir“. „Hrúturinn er dálítið mikið fyrir tóbak“. „Afi var ekki fyrir lakkrís; sagði okkur að það væri skírurinn úr skrattanum“.
- Vera illa/vel við** (orðtök) Kunna illa/vel við; hafa andúð/velþóknun á. „Ósköp kann ég illa við svona *talsmáta*“!
- Vera (einhverjum) innan handar** (orðtak) Vera tiltækur; aðstoða einhvern ef þarf. „Ég skal vera þér innan handar ef á þarf að halda“.
- Vera í nöp við** (orðtak) Vera illa við einhvern; *leggja fæð á einhvern*; *bera kala til einhvers*.
- Vera lítið/mikið fyrir** (orðtök) Þykja lítið/mikið varið í; sækjast lítið/mikið eftir. „Ég er frekar lítið fyrir gúrkurnar, en hinsvegar er ég mikið fyrir hangiket“.
- Vera marki brenndur** (orðtak) Hafa annmarka/galla/einkenni/takmörkun. „Ég er því marki brenndur að ég þarf helst að vita hvernig hlutirnir virka“.
- Vera með á takteinum** (orðtak) Hafa tilbúið. Takteinar eru líklega teinar til að taka t.d. járn úr afli, og líklega er líkingin dregin af því að vera búinn að ná smíðajárninu úr aflinum; tilbúinn að slá það til á steðja.
- Vera með í bígerð** (orðtak) Hafa í undirbúningi; áætla. „Hann er með það í bígerð að skreppa á Patró“.
- Vera með barni / Vera með kálfi / Vera með lambi** (orðtök) Vera ófrísk/klefd/lembd.
- Vera nær** (orðtak) Standa nær; eiga fremur að gera/segja. „Honum væri nær að líta betur eftir sínu fé“.
- Vera (einhverju/engu/litlu/öngvu) nær** (orðtök) Vita ekki meira en áður; botna ekki í. „Hann reyndi að útskýra þetta fyrir mér, en ég var öngvu nær“. „Nú erum við einhverju nær um tildrög slyssins“.
- Vera sjálfrátt** (orðtak) Geta ráðið gerðum sínum; hafa stjórn á sér. „Ég held að ykkur sé bara ekki sjálfrátt; ef þið ætlið á sjó í þessu útliti“!
- Vera skotspónn (einhvers) / Vera hafður að skotspæni** (orðtak) Liggja undir atlögu/árásam; sæta ámæli/illmælgí/skömmum einhvers, umfram aðra. *Skotspónn* er fornt orð yfir mark sem skotið er á.

- Vera til friðs** (orðtak) Vera stilltur; *láta stillt*; vera ekki með ófrið. „Reyniði nú að vera til friðs strákar, svona rétt yfir messuna“!
- Vera til óþurftar** (orðtak) Vinna skaða; þvælast fyrir; hrekkja. „Þessi letihaugur er *óbrútlegur* til allra verka og eiginlega til bölváðrar óþurftar hvar sem hann er“.
- Vera til reiðu/taks** (orðtak) Vera tiltækur/reiðubúinn. „Goggurinn er til taks ef á þarf að halda“. „Hafðu ífæruna til reiðu“!
- Vera um** (orðtak) Vera sáttur við/hrifinn af; líka við. „Mér er ekki um það að strákarnir séu að fikta í brúninni“.
- Vera (þess) umkominn** (orðtak) Vera fær um. „Við slíka sameiningu myndu hugir fòksins betur leiðast saman um sameiginleg áhugamál byggðarlagsins og félagsstarfsemin verða sterkari og betur þess umkomin að leiða velferðarmál sveitarinnar fram“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Vera undir** (orðtak) A. Um hegðun fisks þegar veitt er með færi; vera í torfu undir bátum og taka fljótlega eftir að rennt er. „Hann var enn undir þó komið væri *hörkunorðurfal*“. B. Vera að tapa viðureign, annaðhvort í bardaga/slagsmálum eða í spilum/íþróttum.
- Vera unun að** (orðtak) Hafa yndi af; vera mjög ánægður/hamingjusamur með. „Það var haft eftir Gumma að aldrei hefði hann séð eftir bita eða sopa ofan í nokkurn mann, en sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfellt sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).
- Vera upp á (einhvern) kominn** (orðtak) Vera háður einhverjum. „Ég vil helst vera sjálfbjarga í þessum efnun, en ekki upp á aðra kominn“.
- Vera uppi** (orðtak) Vera til staðar; liggja í loftinu; vera. „Upphófst nú mikið skvaldur og voru uppi deildar meiningar um ágreiningsefnið“ (PG; Veðmálið).
- Vera úti á galeiðunni** (orðtak) Vera á villigötum. „Sá er nú aldeilis úti á galeiðunni“!
- Vera vakandi fyrir** (orðtak) Gefa gætur; hafa auga með; fylgjast með. „Bændur, sérstaklega á Rauðasandi, höfðu þó verið vakandi fyrir skurðgreftri, því án hans var ekki neitt land sem hét til ræktunar“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Vera vantrúaður á** (orðtak) Hafa ekki trú á; trúa/treysta illa. „Ég er fremur vantrúaður á að þessar kindur skili sér heim sjálfar“.
- Vera við** (orðtak) A. Um manneskju; vera heima/heimavið. „Það var enginn við þegar ég kom síðast í heimsókn“. B. Um fisk; veiðast þegar skakað er. „Hann var vel við yfir háliggjandann“.
- Vera við lýði** (orðtak) Sjá *við lýði*.
- Vera viðbundinn** (orðtak) Vera upptekinn; hafa verk að vinna; vera bundinn af verki eða öðrum skyldum. „Ég er ekkert *viðbundinn* eftir hádegi á morgun; þá ætti ég að geta aðstoðað þig við þetta“.
- Vera þrándur í götu** (orðtak) Vera hindrun/tálmi. „Hann gæti orði þrándur í götu í þessu máli“. Á rætur í Færeyingasögu, en þar segir frá Þrándi í Götu, sem þráaðist við tilraunum Ólafs konungs helga til að skattgilda Færeyjar. (HH; Ísl. orðtakasafn).
- Vera öllum lokið** (orðtak) Gefast upp; vera búinn; *leggja árar í bát*. „Nei, nú er mér öllum lokið: Kemur hún ekki með *risingrjónagrat* með rjóma á eftir þessari stórsteik“!
- Veraldarauður / Veraldargæði** (n, kk/ hk, fto) Auðæfi/gæði heimsins. „Nú væri ég til í að förna öllum veraldarauði fyrir smábita af þessum dýrindis hákarli“! „Þetta kunni ég best að meta af öllum veraldargæðum“.
- Veraldarauli / Veraldarbjáni / Veraldarfífl / Veraldarflón / Veraldarhálfviti / Veraldarviðundur / Veraldarvitleysingur** (n, kk) Alger bjáni/vitleysingur; erkihálfviti. „Hverskonar veraldarhálfviti er maðurinn; hefur hann aldrei heyrt talað um aurbleytu. Hann getur bara mokað bílinn upp sjálfur“!
- Veraldarinnar...** (forskeyti) Forskeyti/upphrópun, notuð til að lýsa yfiringilegri vanþóknun. Á eftir fylgir vanalega kjarngott orð um gáfnafar, s.s. bjáni, hálfviti, vitleysingur eða annað í þeim stíl.
- Veraldlegur** (l) Af þessum heimi. Gagnstætt „andlegur“.
- Verandi** (l) Unandi; búandi við. „Það er ekki verandi úti í þessum kulda nema vel *dúðaður*“.
- Verandi að veiðum** (orðtak) Unnt að stunda veiðar. „Það er ekki verandi að veiðum í svona *typpingi*“.
- Verbúð / Vermannabúð** (n, kvk) Íveruhús *vermanna* yfir *vertiðina*. Vermannabúð er eldra í málinu og fyrir nokkru komið úr notkun. Aðkomumenn bjuggu allir í verbúðum, en í Kollsvík áttu heimamenn einnig sínar búðir og bjuggu þeir í þeim sem reru á vertiðinni. Þeim var færður matur heimanað en aðkomumenn komu með *skrinukost*.

Eftirfarandi lýsing byggist á frásögn KJK (Kollsvíkurver); mælingum og teikningu GnÖ og ÖG (Lesbók Þjóðviljans 1968) og teikningu og heimildaöflun Torfa Jónssonar (skilti við Kollsvíkurver): Uppsátrið í Kollsvíkurveri er í allbreiðum bás, milli tveggja kletta; Syðrikletta og Norðarikletta. Upp af þessum sandbás stóð meginfjöldi verbúðanna; uppi á og vestan og norðan í allstórum sandhól er þar hafði myndast. Ekki voru þær skipulega settar. Uppi á hólnum stóðu þrjár búðir í beinni röð og sneru dyr móti suðvestri. Sú stærsta var í miðju og hét Heimamannabúð; var búð annars bóndans í Kollsvík og þar voru tvær skipshafnir. Norðan hennar var búð Helga Árnasonar (1920-1934) og sunnan Heimamannabúðar var Hildarbúð, en í henni var síðastur Helgi Árnason (1935-1939). Sunnan við Hildarbúð var Kúlureitur (hinn syðri) og lengra til suðurs stóð ein verbúð og var hún kölluð Eva. Hún var búð Ólafs Guðbjartssonar frá Hænuvík (1903-23) og síðar heilsárshús Magnúsar Jónssonar til 1931. Við norðurhlið Evu var fiskhjallur eða geymsluhús sem Adam var nefndur. Þar suðvestur hjá er reitur en þar stóð áður búðin Sódóma (nú horfin). Fjórar búðir stóðu vestan í hólnum. Var að nokkru leyti grafið fyrir þeim inn í hólinn. Vissu dyr á þeim einnig gegnt vestri og að Syðrilæk. Syðst og minnst þeirra var búð Gestar Jósefssonar og síðar Guðmundar og Helga sona hans. Í miðju var búð Karls Kristjánssonar og síðar Andrésar sonar hans en Andrés gerði síðastur út frá Kollsvíkurveru árið 1949. Nyrst þessara þriggja búða var búð Jóns Ívarssonar (1918-24) (horfin að hluta). Vestan Syrilækjar voru þrjár saltfiskkrær hlið við hlið, sem áttu Grímur Árnason, Andrés Karlsson og Guðbjartur Guðbjartsson. Framanvið þær voru ruðningar þar sem gert var að aflanum. Aftan (vestan) þeirra var búð Gríms Árnasonar (u.þ.b. 1929-40) og lítil búð við suðurgafli hennar (nú horfin). Norðanvert í hólnum stóðu fjórar verbúðir; tvær og tvær saman (nú horfnar utan ein), en milli þeirra var allstórt bátanaust. Þar hafði vetrarskjól Fönix, teinæringur allstór, sem var hákarlaskip Kollvíkinga; einnig notaður að sumrinu til skreiðar- og vöruflutninga. Naustið féll þegar eldri Fönix leið undir lok, en var byggt upp að nýju þegar vélbáturinn Fönix síðari var keyptur. Var það um 3ja lesta bátur; einkum ætlaður til flutninga. Norðasta búðin var búð Þórarins Bjarnasonar, og við hlið hennar búð Gríms Árnasonar. Hinumegin við Fönixarnaustið, og nær því, var búð Gísla Guðbjartssonar og við hlið hennar búð Árna Magnússonar. Vissu dyr þessara fimm húsa til norðvesturs; að sjó. Sunnanvið þær var Láganúpsbúð Guðbjarts Guðbjartssonar og Ólafs Halldórssonar (1905-45). Hún var nokkuð stór og sneri dyrum að Syðrilæk eða í suðvestur.

Við Búðalækinn var raðað saltfiskkróm beggja vegna og voru aðgerðaruðningar framan við þær. Sex voru á syðri bakknum og má enn sjá krær Árna Magnússonar og Össurar Guðbjartssonar þar ofarlega. Sjó voru á norðurbakkanum og sjást þar enn krær Kristjáns Ásbjörnssonar, Jóns Torfasonar og Helga Árnasonar, en hinar neðri eru horfnar undir sand. Syðst á Norðariklettunum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. Á klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það á aðra hönd tvær verbúðir. Sneru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki er hallaði niður að Búðarlæknum. Búðin nær fjárhúsunum var Grundarbúð, en þar var Kristján Ásbjörnsson og síðar Kristján Júlíus Kristjánsson (1900-39). Við hlið hennar var búð Jóns Torfasonar í Kollsvík (1930-44). Bakvið bjárhúsið stóð verbúð; sneri hlið að gafli fjárhússins og dyrum gegnt norðvestri. Hún hét Klettabúð og þar höfðu aðsetur Barðstrendingar; Gísla Gíslason og fleiri. Fjórða verbúðin stóð bakvið hinar tvær fyrrnefndu búðir og sneri hlið að göflum þeirra og dyr gegnt suðaustri; stóð hún einnig nokkuð hærra en þær. Hún hét Lambabúð, og þar lá við Guðbjartur Torfason (1920-30). Austanvið Klettabúð er hár þurrkreitur sem nefnist Kúlureitur (hinn norðari). Á norðurhorni Norðarikletta var enn ein verbúðahvirfing; fjórar búðir. Hin syðsta þeirra var allstór og nefndist Napandi (Napi). Hún sneri stöfnum í norðvestur og suðaustur, en dyr á miðri hlið; gegnt suðvestri. Var það búð Árna Dagbjartssonar og Magnúsar Kristjánssonar á Hvalskeri. Tvær búðir stóðu hlið við hlið meðfram norðausturenda hinnar fyrstnefndu, og voru dyr á stöfnum þeirra er sneru í suðaustur. Sú syðri var búð Þorgríms og Sæmundar Ólafssona og fleiri Barðstrendinga en hin var búð Magnúsar Árnasonar, Hnjóti. Sú fjórða, sem nefndist Norðurpóllinn, er nú horfin. Hún var staðsett þannig að annar hliðarlveggur vissi að göflum hinna tveggja síðastnefndu, en gafli að norðvesturenda hinnar fyrstnefndu. Dyr þessarar búðar sneru í austnorður. Norðurpóllinn var búð Ólafs Péturssonar, Sellátranesi. Skipshafnir frá þessum verbúðum, sem voru 5 (tvær í Napanda), höfðu athafnasvæði; ruðninga og söltunarkrær, meðfram læk er var skamman spöl norðanvið Norðarikletta og hét Breiðilækur. Á milli Napanda og Klettabúðar var langur þurrkreitur á brún Norðarikletta. Á honum miðjum var leidarmerki fyrir Miðleiðina inn á Lægið; milli Bjarnarklakks og Miðklakks. Það átti að bera í Leiðarhjalla í Hæðinni. Sunnan Búðalæks, nokkru frá bakknum og spölkorn ofanvið saltfiskkrærnar, var Salthúsið. Beint suður af því og austur af Kúlureit (hinum syðri) var Brunnhúsið. Víða voru þurrkreitir fyrir saltfisk og bein, sem enn má sjá. Tveir eru á Syðriklettunum; fjórir austan Syðrilækjar og þrjár á Norðariklettum. Sjá má fjölda þurrkgarða og nokkru færri hryggjugarða, en auk þess eru á nokkrum stöðum undirstöður steinbítshjallstólpa. Fleiri búðir fengu sérheiti um stundarsakir, eða sem tolldu ekki við þær nema skamma hríð. Má þar nefna Jerúsalem, Jerikó, Gómorra, Rífskinna, Stórabúð, Meinþröng, Þórarinsbúð, Lambabúð (annað heiti Grundarbúðar) og Kaldakinn (annað heiti Napanda).

„Þegar komið var í verið var fyrsta verkið að *búða sig*: Hreinsa búðirnar; tjalda veggi uppaf rúmstæðum

(þótt sumir létu það ógert), búa um rúmin; koma fyrir matarskrínum og eldunartækjum og bera hreinan og þurrkan skeljasand á gólf. Trégólf var í engri búð í Kollsvíkurverri“ (KJK; Kollsvíkurver). „Verbúðir í Víkum, Breiðuvík og Kollsvík, voru mjög svipaðar (og Hagamannabúð á Látrum, sem er 5,7x2,5 m að innanmáli; með *mæniás*; *tréarefti*; *hellupaki* og *torfi*; dyrum í sjávarátt og litlum gluggum sinnhvorumegin við *gafhláð*) að öðru leyti en því að dyr voru ýmist á hliðarvegg eða gaffli, og eftir því fór skipan rúmstæða í búðinni. Þunnt torf sem haft var til þéttingar á veggjum var þarna kallað *tór*. Innra vegglagið, sem alfarið var úr grjóti, átti að dragast saman að ofan og neðan en bunga út um miðjuna. Í þaki voru sperrur og *langbönd*; þar ofan á lagðar skaraðar hellur og þess gætt að hafa þær skástu þeim megin sem meiri rigningar var von. Alveg uppi undir mæni voru minni hellur, sem láttnar voru ná lítið eitt uppfyrir hann regnhliðarmegin, en á hina hliðina gengu þær upp undir mæninn. Tyrft var yfir hellurnar. Sumar yngstu búðirnar voru með járnþaki og torfi, en helluþökin þóttu hlýrri. Fyrrum var tveggja rúðna gluggi á öðrum gaffli, en síðar á báðum. Það bar við að vermenn höfðu með sér einnar rúðu glugga og settu hann fyrir ofan rúm sín, aðallega þó formenn svo þeir gætu *gáð til veðurs* án þess að fara út. Um 1880 var aðeins ein búð í Kollsvík með *skjágugga*. Dyr voru oftast á þeirri hlið er *vissi* til sjávar. Þær voru lágar; karmar og hurðir úr óplægðum víði, eða hvalbein sem haft var yfir dyrum. Búð sem hýsti 4-5 manna áhöfn var 2-2,5 m á breidd, en lengdin var sem því svaraði að vinstra megin dyra kæmist fyrir eitt rúm, en hins vegar rúmlengd og rúmbreidd fyrir gaffli. Rúmin voru þannig að rúmstokkur, fjöl, var fyrir framan, en við báða enda hennar *rúmstuðull* er nefndur var *uppstandari* ef hann náði upp í sperru. Við báða enda rúmstokksins lá fjöl eða *kefli* lárétt í vegginn; *rúmmarinn*. Búðareigandi lagði til rúmstokk, rúmstuðul og rúmmara. Rúmbotnar voru víðast hvar *riðnir* úr snæri, reyndar þekktust einnig trébotnar. Moldargólf var í öllum búðunum, en ætíð þakið sandi; oftast ljósum. Eftir 1900 var farið að þilja veggina eða látið nægja að *tjalda* þá innan með striga. Ein skipshöfn, 6-8 menn, var í hverri búð, en ef áhöfnin var 4-5 menn voru tvær í stærstu búðunum. Þessum búðum fylgdi *kró* eða kofi til að elda í. En síðar komu til sögunnar olíuvélar og *prímusar*; á þeim var eldað inni í búðunum“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frás. ÖETH og KJK).

„Þetta voru nú engar hallir, héldu hvorki vindi né vatni, mér er til efs að nokkur nútímamaður trúi því hvernig aðbúnaður var hjá vermönum í þá daga, þetta var vorið 1923“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurverri).

Ýmist var hvort mæniás var í húsum Víknanna, eða skammbitar. Skammbitar komu á um miðjan sperrulegg; sperrurnar voru blaðaðar saman í toppinn og laski þar. Sperrurnar hölluðu þá *ívið* meira, og stóðu sperrufæturnir oft niður á vegglagju; bita semvar láréttur ofaná innanverðri veggbrún.

Oft voru fjárhús við fjöruna til að nýta sem best fjörubeit að vetrum. Þannig var í Útvíkum; t.d. voru fjárhús bæði í Láganúpsfjöru og í Kollsvíkurverri. Þessi fjárhús voru notuð fyrir verbúðir. (Sjá *Kollsvíkurver*).

Verbúðarbygging (n, kvk) Bygging verbúðar. „Súgfirðingar fengu Kollsvíkinginn Valdimar Össurason til að leiðbeina sér við verbúðarbyggingu í Keravík árið 2016“.

Verbúðatótt (n, kvk) Tótt/veggjaleifar af verbúð. Verbúðatóttir eru víða greinilegar í gömlum verum, t.d. í Kollsvík. Til skamms tíma mátti sjá tóttir ofan Rifsins, svonefndar Oddatóttir, en þær sjást ekki lengur. Ekkert sér núna af verbúðatóttum í hinu mikla Láganúpsveri, en þar stóðu uppi 18 búðir árið 1703.

Verð (n, hk) Andvirði/verðgildi vöru; það sem vara eða annað kostar.

Verða (s) A. Gerast. „Ég ætlaði mér að verða flugmaður þegar ég var á barnsaldri“. B. Hljóta; vera tilneyddur. „Þú verður bara að harka þetta af þér“!

Verða að (orðtak) *Verða að ósk sinni*; fá sína ósk uppfyllta; njóta. „Mér verður líklega ekki að því að koma þessu máli í höfn“. „*Verði þér að því*“! (Andsvar við þakkarávarpi).

Verða að aldurtíla / Verða að fjörtjóni (orðtak) Valda dauða; vera orsök dauðaslyss. „Aldrei varð fullljóst hvað orðið hefði honum að aldurtíla“. „Talið var að þeir hafi siglt of nálægt Blakknum í hríðarkófinu og það hafi orðið þeim að fjörtjóni“. Sjá *aldurtíla*.

Verða að athlægi (orðtak) Þykja hlægilegur/faránlegur. „Hann vildi ekki verða að athlægi hjá félögunum“.

Verða (einhverjum) að aldurtíla/bana (orðtak) Orsaka andlát/dauða einhvers; myrða einhvern; ráða einhverjum bana. „Bjarni og Steinunn á Sjöunda voru dæmd fyrir að verða mökum sínum að bana“. „Enn veit enginn hvað varð honum að bana“.

Verða að bita í það síra epli (orðtak) Verða að sætta sig við, þó slæmt þyki. „Ætli maður verði ekki bara að bita í það síra epli að hrúturinn hafi hrapað“. Sjá *bita í það síra epli*.

Verða (einhverjum) að fótakefli (orðtak) Verða fjötur um fót; verða til hindrunar/trafala. „Þessi fötulun varð honum dálítið að fótakefli“. Fótakefli er hnallur/slá sem bundinn var um háls nautgripa til að torvelda þeim hlaup/strok.

Verða að gjalti (orðtak) Verða mjög hræddur/feiminn/auðmjúkur. Líking um járnfroðu sem myndast við járnsmíðar/járnsuðu, en styrkur hennar er lítill samanborið við járníð.

- Verða að liði** (orðtak) Hjálpa til; veita aðstoð; vera hjálplegur. „Mér þótti vænt um að geta orðið þeim að einhverju liði í þessum erfiðleikum“.
- Verða að manni** (orðtak) Mannast; fullorðnast; verða nýtilegur maður/þegn. „Ætlar þessi æringi og hrekkjalómur aldrei að verða að manni“?!
- Verða að meini / Verða til meins** (orðtak) Verða mikill bagi/ mikið vandamál; verða til tjóns; valda skaða. „Ég held að þessi bylta hafi ekki orðið mér að miklu meini“. Mein merkir þarna svöðusár/líkamstjón.
- Verða að fjörtjóni** (orðtak) Valda dauða. „Talið er að veður hafi ekki orðið honum að fjörtjóni, heldur muni hann hafa veikst“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Verða að gjalti** (orðtak) Skammast sín mikið; verða mjög feiminn.
- Verða að orði** (orðtak) *Hrjóta af munni*; segja óvart. „Mér varð það að orði að nú væru þeir endanlega búnir að glata glórunni“.
- Verða að ósk sinni** (orðtak) Fá sínu framgengt; fá það sem maður óskar eftir.
- Verða að ráði/samkomulagi** (orðtak) Verða niðurstaða/lausn. „Eftir að hafa rætt þetta nokkra stund varð það að ráði að ég gisti hjá þeim yfir nóttina, og hann kom með mér morguninn eftir“. „Liði kærði sig að minnsta kosti ekki um að taka lambskrokkinn með sér heim að Látrum og varð að samkomulagi að Gummi nýtti hann“ (PG; Veðmálið).
- Verða að sitja og standa eins og (eihver) vill** (orðtak) Vera tilneyddur að fara að vilja einhvers; vera kúgaður.
- Verða aðnjótandi** (orðtak) Fá að njóta; hlotnast. „Árið 1908 var umsetning félagsins ekki nema 5 þúsund krónur, því að aðrir gátu ekki orðið aðnjótandi viðskiptanna en þeir er vörur högfuðu að leggja inn fyrirfram“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi). „Þetta er okkur, sem urðum þess aðnjótandi, svo ógleymanlegt að enn þann dag í dag, þegar maður lítur yfir allar þær gjafir sem börnin fá; dettur manni þetta atvik í hug, og hvort þau séu nokkuð ánægðari en við vorum þá“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Verða af (einhverju)** (orðtak) A. Missa af einhverju; ná ekki einhverju. „Krummi var fyrri til að ná beininu, svo Skotta varð af því í þetta sinn“. B. Gerast ekki. „Það verður ekkert af röðrum á morgun ef spáin gengur eftir“. C. Um tilvist. „Ég veit ekkert hvað varð af þessari bók; hún virðist alveg vera horfin“.
- Verða á í messunni / Verða á** (orðtök) Gera mistök; *gera feil*. „Mér varð líklega eitthvað á í messunni þegar ég setti bréfin í umslög: Þú hefur kannski fengið skammtarbréfið sem skattstjórinn átti að fá“. „Verða á“ merkir í raun að „verða fyrir“; „lenda í“; að eitthvað komi óvænt á mann, t.d. árás eða steinn úr fjalli.
- Verða á leið/vegi (einhvers)** (orðtak) Hitta einhvern fyrir; ganga framá einhvern. „Ég tók það fé með sem varð á vegi mínum“.
- Verða á milli** (orðtak) Klemmast. „Gættu þess að verða ekki á milli þegar ég bakka vagninum að hlöðunni“!
- Verða ágengt** (orðtak) Miða áfram; ná árangri. „Honum varð víst lítið ágengt í atkvæðaveiðum á þeim bæ“!
- Verða áskynja um** (orðtak) Komast að; *fá veður/pata af*; fréttu. „Ég varð áskynja um þessar fyrirætlanir og fóf að blanda mér í málið“.
- Verða ber að / Verða uppvis að** (orðtök) Vera afhjúpaður, t.d. sem lygari eða þjófur. „Hann varð ber að ósannindum í bókinni“. „Þeir sögðu hann uppvisan að þjófnadi, en það átti sér þó eðlilegar skýringar“.
- Verða bilt við** (orðtak) Hrökkva við; bregða. „Mér varð svo bilt við að ég rak upp óp“.
- Verða brátt (í brók)** (orðtak) Þurfa skyndilega að kúka/skíta; *hlaupa á*. „Honum varð brátt í brók og hljóp hér á bak við steininn“. „Það er klósett á staðnum ef einhverjum verður brátt“.
- Verða eftir** (orðtak) Fara ekki með; gleymast. „Húfan mín varð eftir í bílnum“.
- Verða einskis vísari** (orðtak) Komast ekki að neinu; sjá ekkert athyglisvert. „Fór þá Sigurður að svipast eitthvað eftir honum en varð einskis vísari“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Verða ekkert/lítið úr verki** (orðtak) Koma engu/litlu í verk, t.d. vegna truflunar. „Manni verður ekkert úr verki með svona frátöfum“!
- Verða ekki af kjöl komið** (orðtak) Um bát; mjög stöðugur. „Við það hefur vafalaust styrkst sú trú að skekturni yrði ekki af kjöl komið á siglingu“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Verða ekki kápan úr því klæðinu** (orðtak) Takast ekki ætlunarverk; koma ekki sínu málefni/verki fram. „Hann ætlaði að selja mér þetta á okurverði, en honum varð ekki kápan úr því klæðinu“!
- Verða ekki skotaskuld úr** (orðtak) Hafa ekki mikið fyrir að koma í framkvæmd. „Láttu mig bara hafa góða byssu, þá verður mér ekki skotaskuld úr því að hemja þennan túnrollufjanda“! Skotaskuld er ógreidd skuld; þ.e. skuld sem skotist (yfirsést/trassast) hefur.

- Verða ekki/lítið svefnsamt** (orðtak) Geta ekki sofíð vegna einhvers. „Þessar hugsanir sóttu svo fast á mig að mér varð lítið svefnsamt þessa nótt“.
- Verða ekki um sel** (orðtak) Verða hræddur/*uggandi*. „Mér varð ekki um sel þegar bíllinn snerist á svellinu“.
- Verða ekki var** (orðtak) Fá ekki fisk á skakveiðum; verða ekki var við fisk á miðum. „Við köstum færi á Stekkunum en verðum ekki varir; þá er að dýpka sig meira“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).
- Verða felmt/hverft við** (orðtök) Verða skelfdur; bregða; hrökkva við. „Mér varð hverft við þegar hann birtist allt í einu í dyrunum“.
- Verða fljótt/snögg/brátt um** (orðtak) Deyja skyndilega. „Það varð nokkuð snögg um hann, karlangann; hann varð víst bráðkvaddur við sláttinn“.
- Verða flökurt/bumbult/umbult** (orðtök) *Kligja*; vera með *velgju*; fá ælutilfinningu.
- Verða fyrir aðkasti** (orðtak) Sæta ákúrum/ofsóknum/hrakyrðum/skömmum; verða fyrir árasum af einhverju tagi. „Karlinn varð fyrir nokkru aðkasti sveitungna fyrir þetta *glappaskot*“.
- Verða fyrir barðinu á** (orðtak) Bíða skaða af; finna fyrir. „Það er hætt við að varpfuglar verði illa fyrir barðinu á þessu hreti“. Barð er hér skipsstefni, og líkingin vísar til ásiglingar; e.t.v. í orrustu.
- Verða fyrir styggð** (orðtak) Styggjast; hrökkva við / taka á rás vegna truflunar. „Féð hlýtur að hafa orðið fyrir einhverri styggð fyrst það kemur heim á spretti“.
- Verða fyrir svörum** (orðtak) Svara; veljast til svars. „Ég varð fyrir svörum og þverneitaði því að þarna hefði nokkur kind verið“.
- Verða fyrri til (bragðs)** (orðtak) Verða á undan. „Ég teygði mig í hákarlsbitann, en hann varð fyrri til“.
- Verða fyrst fyrir** (orðtak) Gera fyrst; grípa fyrst til. „Mér verður fyrst fyrir að líta um öxl, til að sjá hvað hinum liði“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Mér varð fyrst fyrir að hrópa á hjálp, en sá fljótt framá að engin minnstu líkindi væru til björgunar...“ (Júl. Reynir Ívarsson; Maður og kindur í ísvök; Lesb.Tímans).
- Verða gott af** (orðtak) Um mataræði; fá ekki slæmsku í maga. „Ekki veit ég hvort manni verður gott af að borða meiri hákarl, en það þarf stundum að gera fleira en gott þykir“! Sjá einnig; „honum/þeim gott af“.
- Verða hart úti/leikinn** (orðtak) Bíða tjón af; lenda illa í. „Sveitirnar urðu hart úti við kvótasetningar til sjós og lands“.
- Verða hált á** (orðtak) *Fara flatt á; verða að fótakfli*; fara illa á. „Honum varð hált á því að treysta þessum óljósu lofordum um endurgreiðslu“.
- Verða heil** (orðtak) A. Batna eftir veikindi; slys. B. Losna við hildir eftir burð. „Þarna var ær nýborin í melaskarðinu og ekki orðin heil“.
- Verða hugsað til** (orðtak) Koma í huga; leiða hugann að. „Ég ætalaði að fara að fleygja þessu en varð þá hugsað til að kannski væri gott að grípa til þess ef það nýja bilaði“.
- Verða bilt/hverft við** (orðtök) Bregða; fá sokk. „Mér varð svo hverft við þegar hann snýtti sér að ég missti framaf þrjóninum“!
- Verða hughvarf** (orðtak) Skipta um skoðun; hætta við það sem fyrr var ætlað/ákveðið. „Okkur varð fljótt hughvarf þegar við komum nær landi; þarna var töluverður súgur og ólendandi með öllu“.
- Verða höndum seinni** (orðtak) Vera ekki alveg nógu fljótur/snar; átta sig ekki tímanlega. „Ég varð höndum seinni að grípa eggjafötuna áður en hún valt framaf“. „Ég varð höndum seinni að koma ífærinni í lúðuna“.
- Verða illa úti** (orðtak) Fara illa útúr; *verða hart leikinn*; lenda illa í.
- Verða jafngóður** (orðtak) Batna eftir veikindi eða slys; *ná sér; jafna sig; skriða saman*. „Tókst honum að komast upp á brún og varð jafngóður sára sinna“ (MG; Látrabjarg).
- Verða léttari** (orðtak) Fæða barn.
- Verða lítið** (orðtak) Líta; sjá. „Nú varð öllum lítið út á Víkina. Litlum báti sást skjóta þar upp á öldufald nokkuð fyrir framan leiðina“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Þá varð mér lítið upp í fjöruna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).
- Verða lítið úr (einhverju)** (orðtak) Nýtast eitthvað illa; hafa ekki fullt gagn af einhverju. „Mér verður lítið úr þessum eggjum nema þið þiggði eitthvað af þeim“.
- Verða lítið/ekkert úr verki** (orðtak) Vinnast illa/ódrjúgt; sækjast seint. „Það er hætt við að okkur verði lítið úr verki ef við *kjöftum frá* okkur *allt vit*“. „Manni verður minna úr útiverkunum yfir *svartasta skammdegid*“.

- Verða matur úr öllu** (orðtak) Geta gert mat úr litlu/ nánast hverju sem er. „Aldrei varð matarþurrð á Láganúpsheimilinu í mínu minni, þó ekki væru efnin alltaf mikil, enda varð mömmu matur úr öllu. Og hafði einstakt lag á að gera mat girnilegan og saðsaman“ (VÖ).
- Verða meint af** (orðtak) Fá slæmsku af; verða veikur af. „Menn hafa étið mör, smér og aðra fitu svo lengi sem þjóðin hefur lifað í landinu, og engum orðið meint af því“.
- Verða mikið um** (orðtak) Verða hverft við; komast í uppnám; æsast. „Mér varð svo mikið um þetta að ég mátti varla mæla“.
- Verða ofaná** (orðtak) Verða fyrir valinu; verða það sem er ákveðið. „Við *diskúteruðum* þetta fram og til baka, og það varð ofaná að láta sjá hvernig sjóveðrið yrði með morgninum“.
- Verða orðfall** (orðtak) *Koma ekki upp orði; eiga ekki orð*; verða mjög brugðið/hissa. „Mér varð orðfall af undrun þegar hann sagði mér frá þessu“.
- Verða óglatt** (orðtak) Fá ælutilfinningu/*velgju*; þurfa að æla. „Ég er ekki vanur að verða sjóveikur, en nú er mér að verða dálítið óglatt“.
- Verða ókvæða við** (orðtak) Bregðast við með blóti/skömmum. „Hann varð ókvæða við þegar hann sá að ekið hafði verið á lambið án þess að gera viðvart eða aflífa það“.
- Verða ráðafátt/úrræðalaus** (orðtak) Verða án úrræða; vita ekki hvað skal gera. „Aldrei mun þér orkufátt./ eigi heldur ráða;/ stóra og marga eftir átt/ orrasennu háða“ (JR; Rósarímur).
- Verða reisa** (I) Um kind; geta ekki staðið upp vegna máttleysis/vannæringar. „Fé í Kollsvík gat yfirleitt gengið úti í haga- eða fjörubeit þó fóður væru mismikil, og engum sögum fór af því að kindur yrðu þar reisa úr hor“.
- Verða sér til minnkunar/skammar** (orðtak) *Gera sér skömm til*; segja/gera eitthvað sem er skammarlegt. „Ég ætla ekki að verða mér til skammar með því að fara í þessum lörfum á mannamót“! „Svo fór líka í þetta skiptið, að Júlla mun hafa þótt bróðir sinn verða sér til minnkunar í þessum samskiptum og sá ástæðu til að veita honum tiltal út af því“ (PG; Veðmálið).
- Verða sér úti um** (orðtak) Fá sér; koma sér upp; ná sér í. „Ég þarf að verða mér úti um þessa bók“.
- Verða skrafrjúgt** (orðtak) Þurfa mikið að ræða; hafa þörf fyrir að tala/slúðra. „Mörgum í sveitinn varð skrafrjúgt um þessa atburði, og *sitt sýndist hverjum*“.
- Verða snöggt um** (orðtak) Deyja án aðdraganda; látast skyndilega. „Það varð nokkuð snöggt um hann. Ég held hann hafi fengið hjartaáfall“.
- Verða starsýnt á (eitthvað)** (orðtak) Stara lengi og ákveðið á eitthvað. „Mörgum varð starsýnt á þennan nýja höfuðbúnað hennar“.
- Verða sundurorða** (orðtak) Lenda í deilum; verða *upp á kant*. „Þeim varð eitthvað sundurorða og töluðust ekki við á *landstíminu*“.
- Verða til** (orðtak) A. Láta lífið; *bera beinin; daga uppi*. „Fyrir kom að fé hraktist niður í Sandhelli undan ofsavæðri og varð þar til er skafl lokaði ganginum“ . „Almennt var álitnið að sauðamaðurinn hefði haldið of lengi til með sauðina í fjöru, og orðið þar til við að reyna að bjarga þeim upp á ísmóð“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þetta síðasta sumar var votviðrasamt svo varla er munað annað eins jafnlengi. Hey urðu að mestu öll hrakin og urðu sumstaðar til á túnum“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1955). B. Gera. „Ég ætla ekki að verða fyrstur til þess að brjóta þessa hefð“ . C. Skapast; myndast. „Hellirinn kann að hafa orðið til við það að hraun rann yfir jarðveg eða gjósku, sem síðan skolaðist út þegar jarðlagastaflinn rofnaði“.
- Verða til þess** (orðtak) Leiða til þess; hafa þær afleiðingar; orsaka. „Þetta varð til þess að ég hætti við“.
- Verða tíðrætt um** (orðtak) Færa oft í tal; tala endurtekið um. „Mönnum varð nokkuð tíðrætt um þessa atburði“.
- Verða tvísaga** (orðtak) Segja frá/ útskýra á tvönnan hátt; vera ekki *samkvæmur sjálfum sér*. „Mér finnst hann hafi orðið tvísaga í þessum efnum; maður veit ekki hverju maður á að trúa“.
- Verða um** (orðtak) A. Verða af; hverfa til. „Ég veit ekkert hvað hefur orðið um rollufjandann; hún hjóp eins og fála uppaf brúninni“! B. Skelfast; bregða; fyllast ógn. „Mér varð svo mikið um þegar ég heyrði þetta að ég varð að setjast niður og jafna mig“.
- Verða undir** (orðtak) *Biða lægri hlut*; vera *hafður undir* í viðureign. „Ég varð undir í formannskosningunni“.
- Verða uppi á teningnum** (orðtak) Vera ákveðið; verða það sem valið er að gera. „Við ræddum alla möguleikana í stöðunni, og það varð uppi á teningnum að ég gengi út að Nesi til að athuga hvort þar væri til bensínlegg til að lána okkur“. Vísar til þess að teningur sé látinn ráða ákvörðun.
- Verða uppi fótur og fit** (orðtak) Verða uppnám; upphefjast læti. „Það varð uppi fótur og fit í hænsnakofanum þegar kötturinn laumaði sér inn“.

- Verða uppvis að** (orðtak) *Sýna sig að*; hafa í frammi; komast upp um. „Fljótlega eftir þetta varð Einar uppvis að fjádrætti frá sjóðum sýslunnar og var allt af honum tekið“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Verða úr** (orðtak) Rætast; raungerast; *komast í verk*. „Ég veit ekki hvað verður úr þessum fyrirætlunum þeirra“.
- Verða úti** (orðtak) Deyja vegna kulda/örmögnunar í slæmu veðri. „Nokkrar sögur hef ég heyrt um menn sem höfðu orðið úti. Oftast var talið að fólk hafi ekki verið nógu vel búíð, en þó var það ekki alltaf. En illa hefur hún Vilborg verið klædd þegar hún varð úti í djúpri og krappri laut á Skersfjallinu. Til er saga um að hún hafi átt barn í óþökk samfélagsins. Var það tekið af henni og ráðstafað vestur á Sandi. Hún átti að hafa verið að heimsækja barn sitt um jólaleytið yfir Skersfjall en varð úti í Borgulág“ (SG; Náttúruhamfarir; Þjhd.Þjms).
- Verða útundan** (orðtak) Um verkefni/málefni; gleymast; *fara í útidreyfu; fara niðurá milli*. „Þetta hefur alveg orðið útundan hjá mér; ég fer í það við fyrsta tækifæri“.
- Verða (einhvers) valdandi** (orðtak) Valda einhverju; verða valdur að einhverju. „Ekki vil ég verða þess valdandi að þú missir af ferðinni“.
- Verða var** (orðtak) Um skakveiðar; byrja að fá fisk. „...þegar þangað kom urðum við all vel varir við fisk og hélst sú *viðkoma* fram eftir degi...“ (ÖG; Fiskiróður). „Við *flengdum* um allan sjó og urðum hvergi varir“. „Ég verð var og fæ minn Mariufisk. Hann á að gefa í Guðskistuna samkvæmt þjóðtrúnni“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).
- Verða var við** (orðtak) Taka eftir. „Það var föst venja hjá þeim, ef þau urðu vör við okkur fara hjá, að koma niður að girðingu til okkar og gefa okkur kandís...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Verða við (einhverju)** (orðtak) Samþykkja eitthvað. „Hann taldi sig ekki geta orðið við þessari beiðni“. „Hreppsnefndin varð vel við og tilnefndi yfirskoðunarmenn Ívar Halldórsson og Magnús Sveinsson“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).
- Verða viðskila við** (orðtak) Skiljast/villast frá. „Aftur snerist skipið, og urðu þeir þá viðskila við það, Þorbjörn og Guðmundur formaður“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).
- Verða (einhvers) áskynja/var** (orðtak) Verða var við eitthvað; skynja; komast að. „Fyrsta atvik ævi minnar sem ég man glögg eftir gerðist þann 4. ágúst 1930. Að morgni þess dags varð ég þess var að móðir mín var ekki í því rúmi sem hún var vön að vera. Ennfremur varð ég þess var að komin var ljósmóðir sveitarinnar, Ólafía Egilsdóttir á Hnjóti“ (ÖG; Úr förum ÖG).
- Verða (einhvers) vísari** (orðtak) Fá vitneskju um eitthvað; verða fróðari; *komast á snoðir um* eitthvað. „Ég spurði hann, en varð engu vísari um þetta“.
- Verða það fyrst fyrir** (orðtak) Byrja fyrst á; grípa fyrst til þess. „Varð honum það þá fyrir, að hann þreif gogg er þar lá; sló borði út, og minnkaði lekinn nokkuð við það“ (ÖG; Þokuróður).
- Verða (einhverjum) þungur í skauti** (orðtak) Verða (einhverjum) þungbær/erfiður. „Þessi snjóavetur varð mörgum bændum þungur í skauti; einkum þeim sem létt högðu heyjað“. Orðtakið vísar til þess að bera þunga byrði í fanginu; þ.e. í *skauti* sér.
- Verðandi** (l) Sem verður; sem er að verða. „Hún er víst verðandi húsmóðir þar á bæ“.
- Verðbólga** (n, kvk) Þensla og keðjuverkun í hagkerfi af hennar völdum, með þeim áhrifum m.a. að gjaldmiðill lækkar í verði.
- Verðbólgu draugur** (n, kk) Hræðsla við *verðbólgu*; birtingarmyndir verðbólgu.
- Verðbréf** (n, hk) Skjal sem sannar fjármunarétt/kröfu handhafa/eiganda. T.d. skuldabréf, víxill eða hlutabréf.
- Verði gott af** (orðtak) Ýmist notað sem upphrópun eða kurteisísandsvar; verði að góðu. „Eru þeir að stelast á Langurðirnar? Já, verði þeim bara gott af; við förum þarna um í gær og hreinsuðum þær þokkalega vel“! „Ekkert að þakka; veði þér bara gott af“.
- Verði mér aldrei verra við** (orðatiltæki) Vonandi bregður mér aldrei meira en nú; vonandi fæ ég aldrei svona slæmar fréttir.
- Verði þér að góðu! / Verði þér að því!** (orðtök) Andsvar gestgjafa þegar einhver þakkar fyrir sig/ mat sinn.
- Verðlag** (n, hk) Verðlagning; verðskrá; virðismat.
- Verðlaun** (n, hk, fto) A. *Skotlaun* fyrir að vinna á ref, mink eða vargfugl. Þetta var algengasta notkun orðsins vestra á síðari hluta 20. aldar. Verðlaun voru greidd af oddvita úr hreppssjóði, en að hluta endurgreidd af rikissjóði. Til sönnunar þurftu menn að leggja fram skott af mink og ref, en væng af máfi. B. Medalía eða önnur viðurkenning fyrir góða frammistöðu. „Árið 2011 varð Kollsvíkingur fyrsti Íslendingurinn til að fá gullverðlaun IFIA, Alþjóðasamtaka hugvitsmannafélaga“ fyrir bestu uppfindingu heims það árið. Það var fyrsti íslenski hverfillinn“.

Verðmætur (l) A. Dýr; sem kostar mikið; sem hefur hátt verðgildi. B. Sem er manni kær. „Minningarnar verða manni verðmætari eftir því sem árin líða“.

Verðskulda (s) Eiga skilið; vera virði. „Ég held að við verðskuldum bara vel útlátið kaffi eftir þetta puð“!

Verðugur (l) Verðskuldaður; sem verðskuldar. „Ekki veit ég hvort hann er verðugur þessa hróss; þegar allt er lagt svona upp í hendurnar á honum“.

Verðugur er sá gott að þiggja sem vel þakkar (orðatiltæki) Sá á skilið gjafir sem kann að þakka fyrir sig.

Verður (n, kk) Máltíð; matur. S.s. Morgunverður; kvöldverður.

Verður (l) Maklegur; sem verðskuldar. „Ég held að ég sé ekki þessa heiðurs verður“.

Verður aldrei/ekki/varla barn úr brók (orðtak) Verður varla neitt úr; verður varla fullklárað/fullgert. „Hann er að basla við bátasmíðins, en ég helda að þetta verði varla barn í brók“.

Verður ekki af honum skafið / Verður ekki frá honum tekið (orðtök) Verður ekki á móti mælt; hann *má eiga það*. „Þetta er óttalegur *jarðvöðull*, en það verður ekki af honum skafið að duglegra kvikindi er erfitt að finna“. „Alltaf er hann jafn séður í fjármálunum; það verður ekki frá honum tekið“.

Verður ekki aftur tekið (orðtak) Er óafturkallanlegt; er endanlegt; dauðadómur. „*Fyrir alla muni* farið nú varlega; það verður ekki aftur tekið ef einhverjum skrikar fótur í klettaslefrunum“. „Þú heldur áfram en ferð varlega, því ógætilegt fótmál verður ekki aftur tekið“ (IG; Sagt til vegar I).

Verður ekki á logið (orðtak) Ekki unnt að ýkja um. „Er hann aftur búinn að bjóta hrifuna?! Ja, það verður ekki á hann logið með helvítis klaufaskapinn“!

Verður ekki umflúið (orðtak) Verður ekki hjá komist; óhjákvæmilegt. „Ég held að það verði ekki umflúið lengur að smíða nýjar grindur í karminn“.

Verður er verkamaðurinn launa sinna (orðatiltæki) Sá á rétt á launum sem vinnur verkin.

Verður seint oflaunað/ofmetið (orðatiltæki) Gjarnan notað í þakkarskyni. „Það verður seint oflaunað“.

Verelsi (n, hk) Herbergi. Notað af ýmsum vestra fræmftir 20. öld. „Ég er farinn að sofa í nýja verelsinu sem þú sást...“ Frásögn Sveins Magnússonar, Lambavatni (ÓG; Úr verbúðum í víking).

Verferðir (n, kvk, fto) Ferðalög aðkomumanna til vers og frá veri áðurfyrr. Til róðra í Útvíkum sóttu menn víða að. Einkum voru það menn úr innanverðum Patreksfirði, Rauðasandi, Barðaströnd, Gufudalssveit og úr Vestureyjum Breiðafjarðar. Bata sína fluttu menn gjarnan í ver nokkru fyrir byrjun vertíðar, og komu svo aftur í vertíðarbyrjun. Þegar ferðast var landleiðina var farið um þá fjallvegi sem greiðfærastir voru og stystir í hverju tilfelli. Til Kollsvíkur var mikið farið um Víknafjall af þeim sem komu austanað, en það er nokkru meira en þingmannaleið og talið sjö roðskóa heiði. Um þær ferðir vitnar örnefnið Sunnmannalág, sem er laut þar sem Víknafjallsvegur kemur niður úr Skarðinu. Þeir sem komu innanúr Firði fóru gjarnan út með Bæjum og yfir Hænuvíkurháls, eða yfir Tunguheiði. „Í verstöðvum við Bjarg var algengt að vermenn flyttu færur sínar á hesti, sneru síðan við með hann heim, og kæmu aftur þegar róðrar áttu að byrja. Hey sem vermenn þurftu að fá fyrir hesta sína á leið í verið var kallað *áföður*“ (LK; Ísl sjávarhættir; ÖETh). Að lokinni vertíð fóru vermenn hver til síns heima eftir sömu leiðum. Þeir sem reru úr Breiðafirði reru bátum sínum heim, en aflinn var oftast sóttur á stærri bátum. Barðstrendingar reru með afla sinn inn Patreksfjörð; settu báta sína upp til vetrargeymslu á Skeiðseyri og aflann þar á hryggjugarða. Þangað var hann síðan sóttur með hestum.

Vergangsfólk (n, hk) Fólk sem er á *vergangi*/ hefur flosnað upp vegna fátæktar og flakkar milli bæja í leit að lífsviðurværi. „Hafis tálmaði ekki veiðum á syðri fjörðum, og raunar sjaldan til lengdar sunnan Straumness. Afleiðingar eldgosa komu svo til ekkert niður á fólki vestur á fjörðum. Jafnvel gætti þar ekki sjálfra Móðuharðindanna svo mjög að mein yrði að, nema hvað þá kom fleira vergangsfólk vestur en áður...“ (G.Hagalín; sonur bjargs og báru).

Vergangur (n, kk) Flakk fólks milli bæja í leit að lífsbjörg í hallærum og mannfellisárum. „Vergangur nefnist svo vegna þess að fólk sem flosnað hafði upp af býlum þegar skepnur féllu fyrir beitir- og fódurskort leitaði gjarnan í fiskiverin þar sem von var um lífsviðurværi úr hafinu. Má nærri geta að í Kollsvíkurver og aðrar verstöðvar í Útvíkum hafi legið straumur fólks þegar óáran gekk yfir landið. Líklega hafa verin verið einhverjar mestu flóttamannabúðir og hjálparmiðstöðvar landsins á fyrri tímum. Sagan er þögn um það, enda var slíkt flakk á skjön við lög og rétt“. Upprunalega var heitið „verðgangur“ og vísar til þess að ganga milli bæja og betla sér málsverð.

Vergirni (n, kvk) Fíkn í samræði við karlmenn. Ver er annað heiti á karlmanni.

Vergögn (n, hk, fto) Hvaðeina sem þarf til löndunar og verkunar á fiski og veru vermanna í veri. „Hverri búð fylgdu viss vergögn, en það voru grjótgarðar til þess að þurka steinbít, svo og grjótnámsréttindi, takmörkuð þó, að minnsta kosti ofan við flæðarmál“ (PJ; Barðstrendingabók).

„Fyrir vergögn urðu útvegsmenn að greiða landeigendum ákveðið gjald, sem nefnt var *vertollur* eða

uppsátursgjald. Það gat verið misjafnt eftir landshlutum og verstöðvum, og lék á ýmsu í hverskonar gjaldmiðli menn greiddu. Algengast mun þó hafa verið lengi vel, að greitt væri í fiski“ (JÞÞ; Sjósókn og sjávarfang).

Verhlutur (n, kk) Skiptahlutur eftir vertíð. „Svo voru verhlutirnir; aflahlutur hvers og eins úr þorskaflanum sem seldur var. Skipt var í fimm hluti. Hver háseti fékk einn hlut, en útgerðarmaður, sem oftast var jafnframt fomaður, tók tvo hluti fyrir sig og dauðan hlut fyrir bát og veiðarfæri. Þessir hlutir voru ekki háir í krónutölu, enda verðlag í engu sambærilegt við það sem síðar hefur gerst“ (KJK; Kollsvíkurver).

Verja (n, kvk) A. Vörn; hlíf. T.d. verja hermanna; „vopn og verjur“. Verjur sjómanna eru sjóklæði hans. B. Smokkur; hlíf yfir getnaðarlim karlmanna til að varna getnaði og smiti við samfarir.

Verja (s) A. Halda uppi vörnum; varna einhverjum einhvers. „Ég sigldi rólega í gegnum röstina og reyndi að verja bátinn áföllum“. B. Nota. „Þú ákveður sjálfur hvernig þú vilt verja þínu fé“.

Verja (bát) fyrir áföllum (orðtak) Beita þeim úrræðum sem þarf til að bátur fái ekki á sig brotsjó eða fylli í slæmu sjólagi. „... lét Guðmundur Þorsteinsson kosta út nokkru af aflanum til að létta bátinn og verja hann áföllum“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukkun Láttramanna).

Verja hendur sínar (orðtak) Verja sig; verjast atlögu. „Mér fannst ég ekkert ókurteis á fundinum; maður hlýtur jú að mega verja hendur sínar“!

Verja með oddi og egg (orðtak) Verja ötullega/ af krafti. „Hann varði sitt mál með oddi og egg, svo andstæðingarnir fengu fáum rökum við komið“.

Verja sig (orðtak) Um bát á sjó; verjast ágjöf. „Þá var báran strax svo mikil að báturinn varði sig ekkert. Þá tóku þeir það ráð að sigla og ætluðu að reyna að hitta á Kópinn... (TÓ; upptaka á Íslmús 1978).

Verjandi (n, kk) Sá sem heldur uppi vörnum í dómsmáli, jafnan löglærður maður.

Verjandi (l) Sem unnt er að verja/ halda uppi vörnum fyrir. „Mér finnst ekki verjandi að taka svona áhættu“.

Verjast (allra) fréttu / Verjast tíðinda (orðtak) Fordast að segja fréttir; vilja ekkert segja. „Viuð reyndum að spyrgja hann út í málalokin en hann varðist allra fréttu; sagði að við myndum fá að vita þetta nógu snemma“.

Verjast svefni (orðtak) Halda aftur af svefni. „Mig syfjaði á landstíminu og ég átti erfitt með að verjast svefni“.

Verjur (n, kvk, fto) Hlífðarföt, einkum notað um sjógalla og regnfatnað. „Farðu í einhverjar verjur áður en við byrjum að draga netin“.

Verjulaus (l) Án hlífðarfatnaðar/sjóklæða. „Það gengur ekki hjá þér að fara verjulaus á sjóinn; þú verður undireins eins og hundur af sundi dreginn“.

Verk (n, hk) A. Vinna; vinnulota. „Það verður töluvert verk að moka úr húsunum“. B. Styttning á listaverk. „Það er ansi gott verk á þessum útskurði“. D. Styttning á gangverk/klukkuverk; vélbúnaður.

Verka (s) A. Vinna úr afla/búsafurðum/grasnytjum; fullvinna afurðir. „Afli sem barst á land í Kollsvíkurveri var verkaður með ýmsu móti, en mestmegnis þurrkaður/hertur og saltaður“. „Slægjur voru bæði verkaðar í vothey og þurrhey á síðari árum búskapar í Kollsvík“. „Hey manna eru almennt verkuð með langbesta móti, en munu nú sem í fyrra vera með lausasta móti“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924). „Undanskil ég þá bændurna þá bændurna á Lambavatni, er verka betur hey sín en líklega nokkrir aðrir í þessu *umdæmi*“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929). B. Þrifa; hreinsa. „Farðu nú og reyndu að verka mesta skítinn af böslunum þínum“. C. Vinna á; hrifa. „Lyfið er ekki farið að verka enn“.

Verka af sér (orðtak) Þrifa af sér óhreinindi. „Ansi ertu loðinn af heyi; farðu nú og verkaðu af þér úti áður en þú sest inn í hús“!

Verka upp (orðtak) Þrifa; hreinsa. „Ég verkaði upp spyrðuna sem dottið hafði niður af ránni, og hengdi hana aftur upp“.

Verkabýtti / Verkaskipti (n, hk, fto) *Vinnubýtti*; víxlun verka, þannig að annar vinnur það sem hinn ætlaði og öfugt. „Við ættum kannski að hafa verkabýtti; þú ert mikið lagnari við þetta en ég“.

Verkaður (l) Unninn; sem búið er að vinna/undirbúa. T.d. fiskur, skinn o.fl. „Þetta er vel verkaður hákarl“.

Verkaka (n, kvk) Sérstök gerð köku sem ætluð var í nesti vermanns. „Úr mjölinu voru gerðar næfurþunnar flatkökur og kolhertar, svo þær mygluðu ekki þótt lengi væru geymdar. Skyldu þá sextíu fást úr fjórðungnum. Voru það kallaðar verkökur“ (PJ; Barðstrendingabók).

Verkafólk / Verkamaður / Verkakona (hk, kk, kvk) Vinnufólk.

Verkalýðsbarátta (n, kvk) Barátta verkalýðs fyrir bættum kjörum. Ein fyrsta og ötulasta konan í verkalýðsbaráttunni hérlendis var Kollsvíkingurinn Aðalheiður (Pálína Sigurgarðsdóttir) Hólm, síðar Spans (20.09.1915-27.08.2005); dóttir Sigurgarðs Sturlusonar Einarssonar Einars ættföður Kollsvíkurættar. Aðalheiður fæddist í Tálknafirði en réðst átta ára sem gangnastúlka á Landspítalann og hóf snemma að

berjast fyrir bættum kjörum láglaunakvenna. Árið 1934 hafði hún forgöngu um stofnun Starfsstúlknaflagsins Sóknar; fyrsta hagsmunafélags vinnandi kvenna á Íslandi. Á vegum félagsins náði hún ýmsum baráttumálum í höfn til bættra kjara. Hún hafði tengsl við Kommúnistaflokk Íslands og varð síðar stofnfélagi í Sósíalístaflokknum árið 1938. Aðalheiður giftist Wubold Spans og settist að í Hollandi 1946. Meðal barna þeirra var Viktoría Spans, söngkona.

Verkalýður (n, kk) Síðari tíma heiti á vinnandi fólki í bæjarsamfélögum. Heitið hefur hvorki fest rætur í sveitum né verið notað um vinnandi fólk til sveita.

Verkaskipting (n, kvk) Röðun manna í einstaka verkþætti stærra verks. „Við ákveðum verkaskiptingu á síðari stigum undirbúningsins“.

Verkasmár / Verklítill (l) Kemur litlu í framkvæmd; *dútlari*. „Alltaf er hann að *úðra*, en heldur þykir hann verkasmár“. „Maður verður fremur verklítill þegar áhöldin vantar“.

Verkast til (orðtak) Vinnst; vindur fram. „Við skulum sjá hvernig hlutirnir verkast til í dag, kannski hef ég tíma til að hjálpa þér við þetta í kvöld“. Sjá *sjá hvernig til verkast og eftir því sem verkast vill*.

Verkastór (l) Kemur miklu í framkvæmd; duglegur. „Ekki þykir mér hann verkastór þessi nýi vinnumaður“.

Verkefni (n, hk) Viðfangsefni; verkþáttur. „Þú færir mér aldeilis verkefni í hendur“!

Verkfall (n, hk) Orðið er *nú á dögum* haft um það að leggja niður vinnu í mótmæla- eða kröfuskyni, en merkti áður að maður fór úr verki af einhverjum sökum, t.d. vegna veikinda eða frátafa; manni varð verkfall.

Verkfælinn (l) Tregur til að hefja verk/vinnu; latur; *verkasmár*; haldinn kvíða gagnvart vinnu. „Hann er óskaplega verkfælinn, en getur verið hörkuduglegur ef hann hefur öflugan mann með sér“.

Verkfær (l) Um mann; getur unnið/starfað; vinnufær. „Flestir verkfærir sveitungar mættu í steypuvinnuna“.

Verkfæraböðull (n, kk) Sá sem fer illa með verkfæri; sá sem beitir verkfærum harkalega eða umgengst þau illa. „Hann er ferlegur verkfæraböðull; mér er illa við að *láta* þetta í hendurnar á honum“!

Verkfærahús (n, hk) Áhaldahús; verkstæði; verkfærageymsla. „Verkfærahús hefur heitið það útihús sem næst stendur íbúðarhúsi á Láganúpi, frá byggingu þess um 1960 en þá leysti það Mókofann af hólmi. Þetta heiti virðist ekki víða notað, og t.d. er það ekki að finna í Orðabók Menningarsjóðs“.

Verkfærakassi / Verkfærakista / Verkfærakoffort (n, hk) Kassi/koffort sem verkfæri og smíðatól eru geymd í; smíðakoffort. „Nú þurfti að koma verkfærakofforti Ólafs frá Brjánslæk að Siglunesi“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Verkfæralaus (l) Sem skortir verkfæri/tól. „Ég geri lítið í þessu verkfæralaus“.

Verkfæri (n, hk) Áhald til að vinna með; oft sérhæft til ákveðins verks.

Verkið lofar meistarann (orðtak) Verklagið sést á árangri verksins; góður smíðisgripur/ gott listaverk vitnar um færni/snilli listamannsins/smiðsins. „Verkið lofar meistarann; það á hvergi betur við en í hellum máluðum af Sigríði á Láganúpi, sem víða prýða veggi landsmanna“.

Verkin sýna merkin (orðatiltæki) Verkin/ummerkin eru til vitnis um það sem gert hefur verið.

Verkja (s) Finna til; hafa verki. „Mig verkjar dálítið í hnéð eftir fallið“.

Verkjakast (n, hk) Tímabundin aðkenning mikilla verkja. „Sárasta verkjakastið er liðið frá núna“.

Verkjalaus / Verkjalítill (l) Laus við verki; ekki með mikla verki. „Ég hef verið verkjaminni í dag en í gær; þetta er kannski að lagast“.

Verkjastillandi (l) Sem línar/læknar verki. „Ég fékk verkjastillandi töflur hjá læknum“.

Verkkunnátta (n, kvk) Það að kunna til verka; verkþekking. „Hætt er við að ýmis verkkunnátta hafi tapast frá fyrri tímum“.

Verkkvíðinn (l) Kvíðir fyrir að hefja vinnu við verkefni; *vex verk í augum*. „Mér finnst hann *einum of* verkkvíðinn, og það veldur því oft að honum *verður lítið úr verki*“.

Verklag (n, hk) Vinnulag; aðferð/tilhögun við verk/vinnu. „Ekkert botna ég í svona verklagi“!

Verklaginn (l) Hagur/laginn við vinnu/verk. „...og Bjarni sjálfur verklaginn og áræðinn að hverju sem hann gekk“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Verklagni (n, kvk) Öruggt vald á framkvæmd verks; gott vinnulag/verklag.

Verklaus / Verklítill (l) *Hefur ekkert/lítið fyrir stafni*; getur lítið/ekki unnið. „Nú er best að hætta þessu kjaftæði; ekki ætla ég að hafa þig verklausan allan daginn“.

Verklegur (l) Stór; traustur; veglegur. „Þetta er asskoti verklegur traktor“.

Verknaður (n, kk) Það sem gert er; framkvæmd. Í seinni tíð fremur notað um neikvæðar gerðir. „Þeir sögðust vera alsaklausir af þessum verknaði“.

Verkoffort (n, hk) Ílát af sérstakri gerð sem notað var til flutnings og geymslu matar í veri/ vermöru. „Verkoffortið með rúgökum eða hveitikökum; rúgbrauði, smjöri, og svo kæfu til nokkurra daga“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG). „Verkoffort okkar stóðu fyrir framan rúmstokkana“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Verkona (n, kvk) Kona sem rær til fiskjar úr veri. Að minnsta kosti tvær konur er vitað um sem reru úr Kollsvíkurveri. Önnur er Guðný Ólafsdóttir (Ásbjörnssonar, Kristjánssonar) frá Grundum(1862-); síðar húsmóðir á Sellátranesi. Hin er Magdalena Össurardóttir (Guðbjartssonar, Ólafssonar) frá Láganúpi(1893 -); síðar húsmóðir í Hjarðardal í Dýrafirði.

Verkstjóri (n, kk) Sá sem stjórnar mönnum við vinnu/ ræður fyrir vinnuhópi.

Verkstæði (n, hk) Vinnustaður; staður þar sem unnið er að verkum. Í seinni tíð hefur orðið einkum táknað stað þar sem unnið er að viðgerðum, s.s. bílaverkstæði, vélaverkstæði.

Verksummerki (n, hk, fto) Merki um að verknaður hafi verið framinn; merki um aðgerðir/veru. „Ég sá engin verksummerki um að þarna hefði verið tófa“.

Verktaki (n, kk) Síðari tíma heiti á þeim sem tekur að sér verk gegn greiðslu, gjarnan að undangengnu tilboði. Frábrugðinn launamanni að því leyti að í verktakagreiðslu er oftast innifalin öll launatengd gjöld.

Verktilhögun / Vinnutilhögun (n, kvk) Vinnulag; aðferð við vinnu verkefnis.

Verkun (n, kvk) A. Aðferð við vinnslu matvöru. „Verkun fisks gat verið með ýmsu móti“. B. Áhrif. „Þetta lyf hefur nokkuð aðra verkun en hið fyrra“. C. Í líkingamáli sem upphrópun, um það sem er yfiringilegt: „Haldiði að það sé nú verkun; kálfafjandarnir voru komnir í garðinn og búnir að spæna hann allan upp“!

Verkunaraðferð (n, kvk) Aðferð við verkun/vinnslu. „Nokkrar verkunaraðferðir eru mögulegar varðandi söltun fisks“.

Verkunarskúr (n, kk) Lítið hús þar sem verkaðar eru afurðir. „Össur og Ingvar í Kollsvík hófu grásleppuútgærd frá Hænuvík, líklega vorið 1969, en þá hafði Bjarni í Hænuvík lagað lendinguna þar með jarðýtu. Skúr sem stóð á Stekkjarmel var fluttur innfyri Háls og honum komið fyrir á bökkum Árinnar, stutt ofan við lendinguna, þar sem hann var notaður sem verkunarskúr fyrir hrognin. Í fyrstu var gert út á gömlu Voninni, en síðar á hinni nýsmíðuðu Rut. Þarna gerðu Hænuvíkingar einnig út skektu. Lent var við árósin og bátar teknir upp á kerrum með traktorum. Hrogn voru flutt í land í lokuðum stömpum og verkuðu báðir aðilar í verkunarskúrnum. Hann stóð þarna löngu eftir að útgærd fluttist annað, en eyðilagðist að lokum“.

Verkur (n, kk) Sársauki; tilfinning; tak. „Eitthvað er verkurinn að linast“.

Verkvit (n, hk) Útsjónarsemi í vinnu; skipulagshæfileikar; verklagni. „Það er ekki nóg að hafa krafta og dugnað ef verkvitið vantar“. Annarsstaðar algengara með s í miðju.

Verkvit (n, hk) Útsjónarsemi um vinnulag; vinnuhagræðing. „Það kann ekki góðri lukku að stýra að ráða einhverja aula í þetta sem hafa ekki hið minnsta verkvit“!

Verkþekking (n, kvk) Verkvit; þekking á vinnulagi/ tilteknu verki.

Verleið (n, kvk) Vegur vermanna til vers og flutningsleiðir með skreið og aðrar afurðir úr veri. „Barðstrendingar og Rauðsendingar sem reru í Víkum norðan Bjargs, urðu að fara fjallvegi. Af Rauðasandi lá leiðin út Kerlingarháls; síðan út Víknafjall og af því niður Brúðgumaskarð í Breiðuvík“ (væri ferð heitið í Breiðavíkurver). (LK; Ísl. sjávarhættir II). Úr Brúðgumaskarði var einnig vegur norður yfir Hafnarfjall; yfir Vatnadal framanverðan; um Kollsvíkurskarð og Sunnmannalág í Kollsvíkurver. Einnig var unnt að fara leið sem lá sunnar: Var þá farið úr Keflavík upp Fuglagötur; yfir Látraheiði; um Urðarhjalla; Látraháls; yfir Breiðuvík; upp Hjallagötur; yfir Breið; niður Vörðubrekku í Vatnadal; heim Strympur og komið niður Hjalla að Láganúpi og Láganúpsveri. Margir vermenn fóru þó sjóleiðina vestur fyrir Bjarg; þeir sem ekki áttu báta sína geymda á Skeiðseyri í Patreksfjarðarbotni svo sem venja var. „En væri farið út með Patreksfirði í þessar verstöðvar voru fjallvegirnir Hafnarfjall (að Breiðavíkurveri) og Látraháls (að Brunnum eða Látrum) eða Tunguheiði eða Hænuvíkurháls (í Láganúps- eða Kollsvíkurver). (LK; Ísl. sjávarhættir II).

Verma (s) Halda hlýju; hita upp. „Ég hef enga trú að á hann vermi formannsstólinn mjög lengi“.

Vermaður (n, kk) Sá sem rær í veri; oftast átt við aðkomumenn en ekki heimamenn. „Á bæjum í Kollsvík var margt gert fyrir vermenn, m.a. bakaðar kökur og brauð. Þessi störf greiddu þeir með því að taka upp mó í landlegum fyrir heimabændur“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; GG). „Það var nóg að gera þegar vermennirnir voru komnir í Verið. Þeir fengu þjónustu hjá heimilisfólkinu. Einu sinni í hörkubyl man ég eftir að vermennirnir flýðu allir heim á bæina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Vermannaleikir Í landlegum í Kollsvíkurvegi gerðu vermann sér ýmislegt til dægrastyttingar, fyrir utan það að sinna afla, bátum og öðrum nauðsynjum. „Margir lásu blöð og bækur sér til dægrastyttingar. Eins var setið og hlustað ef einhver var gæddur þeim hæfileika að segja frá.... Þá voru nokkrir sem fengust við að hnoða saman stökum.... Hjá mörgum æskumanninum bjó orka í armi og ólga í barmi, sem leita varð viðfangsefna.... Helstu viðfangsefnin voru; glíma, stundum bændaglíma, aflraunir ýmiskonar, boltaleikur (slagbolti) einnig var fótbolta sparkað, en næga kunnáttu vantaði í þeirri íþrótt. Þá voru og reynd stökk (hástökk og langstökk). Sund var einnig iðkað, bæði í sjó og vötnum. Einn var sá leikur sem hinir yngstu léku iðulega; það var að fleygja kúskeljum. Nóg var af skeljum og nærtækar hér og þar. Þar var um keppni að ræða. Hver lengst gæti látið þær kljúfa loftið.... Þá var það annar leikur drengja að klifra í Norðari-klettunum. Þeir voru það lágir að engin hætta var því samfara, enda sandur undir þó einhver missti tök og táfestu. Helsta afrekið var að komast eftir klettunum enda milli, án þess að detta í sandinn eða fara á brún“ (KJK; Kollsvíkurvegi).

Ýmsir þrautaleikir voru iðkaðir í Kollsvík, jafnt hjá vermonnum sem öðrum, sem voru almennt iðkaðir víða um land þó nú þekkest þeir lítið. Eftirfarandi er samantekt Péturs Jónssonar fyrir Byggðasafnið á Reykjum. „*Rífa ræfil úr svelli*. Leikmaður leggst endilangur á jörðina og leggur einhvern hlut þar sem hann hefur höfuðið. Rís síðan upp í sömu sporum og áður. Síðan setur hann vinstri hendi aftur fyrir bak en mjakar sér áfram á hægri hendi þar til hann nær hlutnum með munninum og stendur síðan upp með hann aftur. Ekki má koma við jörðu nema með fótum og hægri hendi og ekki stíga úr sporunum. Ef það mistekst er ræfillinn enn fastur í svellinu.

Reisa horgemling. Þegar reistur er horgemlingur þá setjast leikmenn flötum beinum, setja hægri hendi undir vinstra hné og grípa í eyrnasneppil á hægri eyra. Með vinstri hendi er haldið í buxnastrænginn að aftan. Síðan reyna menn að standa upp án þess að missa tökin. Þetta er alls ekki auðvelt, en sagt er að þeir sem ekki geta reist horgemling hafi fallið úr hor.

Höfrungahlaup eða höfrungastökk var einn algengasti vermannaleikurinn. Skipt er í tvö lið. Fremstu menn beygja sig fram með hendur á hnám og næstu menn stökkva yfir þá og svo koll af kalli. Það lið sigrar sem kemur fyrir öllum sínum leikmönnum ákveðna vegalengd.

Sækja smjör í strokkinn. Þessi leikur felst í því að tveir menn mynda nokkurs konar strokk. Þeir standa hvor á móti öðrum og leggja hendur á axlir hins. Klútur er síðan settur á jörðina á milli þeirra. Síðan skriður leikmaðurinn ofan í strokkinn, yfir hendur mannanna og niður og tekur smjörið (klútinn) upp með munninum. Aðalkúnstir er fólgin í að koma sér sömu leið upp úr strokknum aftur. Ef það tekst ekki var sagt að hann hefði kafnað í strokknum.

Hryggspenna er ein leið til að skera úr um afl manna. Tveir standa á móti hvor öðrum og grípa höndum utan um andstæðinginn og takast þannig á. Sá sigrar er nær að knýja hinn undir sig. Að hafa *undirtökin* er orðtak sem er dregið af þessum leik. Ef annar hélt báðum höndum undir hendur andstæðingsins hafði hann vænlegri stöðu.

Hanaslagur er þekktur leikur þar sem allir keppa við alla. Menn eiga að hoppa um á öðrum fæti með hendur krosslagðar á bringunni. Kúnstir er fólgin í því að fella andstæðinginn án þess að falla sjálfur eða stíga með báðum fótum til jarðar. Sá sigrar sem síðastur stendur uppi.

Reiptog fór yfirleitt fram á milli tveggja skipshafna. Skipt var í lið og togast á. Markmiðið var að draga hitt liðið yfir línu sem dregin var á jörðina mitt á milli liðanna.

Ríða til páfars. Tveir hraustir menn bera á öxlum milli sín sívalan ás, t.d. sterka ár eða siglutrú. Á ásnem situr maður klovvega, en hann leikur ferðamann. Annar maður kemur aðvífandi með pokaskjatta og e.t.v. einnig bréf í hendi. Hann vill koma sendingu til páfars með ferðamanni, sem neitar því. Þá leitast hinn eftir því að slá hann af ránni. Nái ferðamaður að sitja þessar árásir af sér á slánni hefur hann náð fundi páfa. En stundum hékk hann eftir neðan í ránni, sem þótti lúpulegur fundur við páfa. Ekki mátti slá á hendur hans.

Pokadráttur er ekki ósvipaður hráskinnaleik þar sem tekist er á um blautt skinn. Þá sitja menn flötum beinum á jörðinni, hvor á móti öðrum með strigapoka sín á milli og takast á um hann. Sigur fékkst með því að ná til sín pokanum eða með því að rífa hinn úr sætinu.

Steinatök voru í mörgum verstöðvum (og hafa eflaust verið einnig í Kollsvíkurvegstöðvum þó ekki séu heimildir um þau). Þau voru sérvaldir misstórir steinar sem lyfta þurfti upp á stall eða færa til ákveðna vegalengd.

Þegar sömu steinarnir voru notaðir við slíkt árum saman fengu þeir nöfn eftir stærð, t.d. amlóði, hálfsterkur, fullsterkur og alsterkur.

Ganga á tunnu. Leikurinn var fólgin í því að standa uppi á tunnu sem lá á hliðinni og láta hana velta sem lengst undir sér. Helst aftur á bak, án þess að falla. Best þótti gefast að botn væri í báðum endum tunnunnar.

Stökkva yfir sauðarlegg. Að stökkva yfir sauðarlegg er einfaldur leikur en alls ekki eins auðveldur og menn gætu ímyndað sér. Sauðaleggur er lagður á jörðina fyrir framan tærnar á keppanda. Hann á síðan að halda um tærnar á meðan hann stekkur jafnfætis yfir sauðarleggin, bæði áfram og afturábak“ (PJ; Vermannaleikir).

Spil voru einnig verulegur hluti dægrastyttingar vermannna, a.m.k. á síðari tímum, sbr LK; Ísl.sjávarhættir IV: „*Köttur* (lú; lúfa; lúfur) var líklega algengasta spilið. Væru sex sem spiluðu voru sex spil gefin hverjum. Sá sem gaf sló upp aukaspili. Það varð tromplitur og hlaut hann það sem eitt af sínum spilum. Þá var forhandarmanni heimilt að taka köttinn sem kallað var, en það voru sex næstu spilin í stöknum og varðhann

neyddur til að spila á þau. Næði hann ekki slaf, þá var sagt“ hann á ekki bit á köttinn“. Væri spilað upp á peninga átti sá sem bit varð á köttinn að borga 3, 5 eða 6 auru. Spilið var þess vegna kallað þriggja, fimm eða sex auru köttur.

Alkort er líklega einna elst vermannaspila. Vitað er að það var spilað í öllum fjórðungum landsins, en smápokaði síðar fyrir öðrum spilum og mátti heita að mestu úr sögunni nokkru áður en vermennsku á gamla vísu lauk.

Gosi var spilaður víða í verstöðvum. Jafnan uppá peninga....

Treikort var töluvert spilað, einkum í sunnlenskum verstöðvum....

Vist var algengt landleguspil. Væri hún spiluð upp á peninga, sem var fremur fátítt, var ekki um annað að ræða en einseyringsvist.

Lander var mest spilað í verstöðvum sunnanlands.

Lomber gekk oft undir nafninu „heldrimannaspil“, sökum þess að það spiluðu upphaflega einungis embættis- og verslunarmenn. Fyrst varð það landleguspil við Djúp, en síðar í Víkum fyrir norðan Látrabjarg; á Hjallasandi og í Höskuldsey. Lomber tíðkaðist einnig í verstöðvum á Austfjörðum. Meðal vermannna var bit í lomber víðast og lengi mjög lítil eða 10-15 auru. en komst á stöku stað í 25 auru, t.d. í Bolungarvík.

Skák var nokkuð stunduð þegar vermenn stytta sér stundir. Svokölluð valdskák var t.d. mikið teft á Gjögri. Ennfremur var teft refsák, kotra, goði og mylla.

Vermenn reyndu með sér í krók og krumlu. Þeir fóru í ýmiskonar gestaþrautir sem sumar voru búnar til úr hertu roði og beinum. Ein þrautin fólst í að leggja eldspýtu ofaná skrinulok og hana átti síðan að taka upp með munninum. Sá sem það reyndi varð á meðan að halda saman höndum fyrir aftan bak..

„Í Kollsvíkurveri er sléttlendi nefnt Strákamelur. Þar fóru allir vermannaleikir fram, en þó einkum glímur.“ (GG). Jafnframt hinum hefðbundnu glímum *glímdu menn um sýsluna* (sjá þar).

Að kveða rímur var algeng verbúðaskemmtun. Ekki lét öllum að kveða en í fjölmönnum verstöðvum voru jafnan góðir kvæðamenn og margir í sumum. Sjálf sagt þótti að launa kvæðamanni. Var honum þá oft fært kaffi og væn kaka með smjöri og kæfu. Á Brunnum og í Víkum þótti það ekki verið hafa *kvæðavertíð* ef eigi voru kveðnar rímur eftir Sigurð Breiðfjörð og Úlfarsrímur. Svo alræmdur var rímnakveðskapurinn í verum að í Húsagatilskipuninni frá 1746 er m.a. bannað „að fara með svonefndar sögur og rímur er ekki sómi kristni og heilagur andi hryggist við“. Yrði einhver að slíku uppvis átti að setja hann í gapastokk ef hann hefði ekki bætt ráð sitt eftir að hafa verið í eitt skipti aðvaraður. Ekki verður séð að þetta bann hafi breytt sögu- eða rímnavali í verstöðvunum; enda mun fremur hafa veri talið óljóst hvað ekki sómndi kristnum og þá eigi síður hvað gat hryggt heilagan anda! (heimild; LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Vermata (n, kvk) Nesti vermannna.; *skrinukosturinn*. „Vermatan var þá farin að ganga til þurrðar hjá sumum, enda ótækt að geyma brauðamat svo lengi“ (KJK; Kollsvíkurver). (Sjá *skrinukostur* og *verskrína*)

Vermenn; þjónusta. „Það var nóg að gera þegar vermennirnir voru komnir í verið. Þeir fengu þjónustu hjá heimafólkinu. Einu sinni í hörkubyl man ég að vermennirnir flýðu allir heim á bæina. Þegar bátarnir voru komnir í land var farið með brauð og kökur til þeirra. Heimamönnum færður grautur, mjólk og soðning, en eftir að þeir fengu prímusu, suðu þeir sjálfir soðninguna í Verinu á prímus. Karlmann komu ekki að skepnuhirðingu eftir að þeir fóru í Verið. Konur urðu að bæta þeim verkum á sig og vinna á tünnum. Vermenn unnu af sér það sem gert var fyrir þá með því að taka upp mó í landlegum. Kvenfólkið sá um þurrkun hans. Sauðfé smöluðu menn til rúnings í landlegum. Vertíð var fram í 10.-11. viku sumars. Nokkrir heimamenn reru allt sumarið“ (H.M; Í Kollsvíkurveri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964). „Í Verinu vorum við að mátti heita daglega, meðan róðrar stóðu yfir á vorin, því það þurfti að færa þeim mat sem voru á sjónum þegar þeir komu í land, og var það hlutverk okkar barnanna. ... Áður en sjómennirnir fóru að gera að fengu þeir sér að borða. Oftast var soðinn nýr fiskur og lifur á prímus, sem þeir höfðu líka til að hita sér kaffi... Mamma þurfti að hafa til mat og fót á hverjum degi til að senda sjómönnum í verið, þegar þeir komu í land“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Verminjar (n, kvk, fto) Mannvirki sem vitna um útgerð frá verstöð, s.s. rústir verbúða, þurrkgarðar, reitir, ruðningar, hjallundirstöður, úrbeittar skeljar, varir og munir sem verstöðunni tengjast; einnig örnefi og heiti. „Miklar verminjar eru sýnilegar í Kollsvíkurveri, enda var þaðan síðast róid í Kollsvík. Minjar í Láganúpsveri hafa ekki verið eins sýnilegar í seinni tíð. Engu að síður eru þær nokkrar, auk þess sem landbrot í Grundabökkum er nú að sýna miklu meira umfang þeirrar verstöðvar en áður var talið“.

Vermir (n, kk) Sá sem hitar/vermir; *vermistein*. Heyrist eingöngu nú í orðatiltækinu; *það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn*.

Vermisteinn (n, kk) Í seinni tíð oftast notað um þjóðsagnakenndan stein sem sagður var koma í jörðina um miðgöu, og þá færi að þiðna úr henni jarðklakinn. Líklega á orðið þó rætur í steini sem hitaður var við eld og brugðið undir rúm til að hlýja manneskju, t.d. eftir ofkælingu. Sbr. orðtakið *skammgóður vermir*.

Vermsl (n, hk) Annarsvegur stöðugur hiti í uppsprettum (um 4°C); *kaldavermsl*, en þannig uppsprettur eru nokkrar í Kollsvík. Hinsvegur hiti í jörðinni, sem varnar því að *jarðfrost* nái niður, og étur undan því á vorin.

Vernd (n, kvk) Skjól; hlíf; vörn. „Það er ansi lítil vernd í þessum *blússugopa* í svona *brunakulda*“.

Vernda (s) Hlífa; skýla; veita vernd; verja fyrir einhverju slæmu.

Verndarengill (n, kk) Ósýnilegur vættur/vera sem stundum er talið að fylgi hverjum lifandi manni. Gæti verið leifar af ævaforri vættatrú sem hefur lifað í undirvitund þjóðarinnar. Oft var gripið til upphrópana sem því tengdust, einkanlega af eldra fólki: „Ég held nú bara að þarna hafi verndarenglarnir tekið í taumana“.

Verndargoð (n, hk) Goð sem verndar eitthvað tiltekið. Oftast er talað um verndargoð staða, t.d. borga. Aldrei hefur það verið í umræðu, a.m.k. ekki í seinni tíð, að Kollsvík ætti verndargoð. Ef grannt er skoðað mætti þó segja sem svo. Landnáma, sem er elsta heimild um byggð í Kollsvík, segir að Kollur hafi blótað Þór í háska sínum; stundu áður en hann braut skip sitt í Kollsvík og komst lífs af ásamt hásetum sínum. Hafi Kollur í raun verið heiðinn má atla að hann hefði launað lífgjöfina með því að nefna vikina í höfuð sínu verndargoði og bjargvætti. Líklegra er þó, eins og annarsstaðar er rakið í þessu riti, að Kollur hafi verið jafn sannkristinn og Örlygur fóstbróðir hans, og hrotið nafn Þórs af munni af gömlum vana. Kollur hefur vafalítið stundað nám við Kólumbusarklaustrið á Iona, ásamt Örlygi, og farið hingað í kristniboðsleiðangur með fóstbróður sínum; að ráði Patreks biskups eins og greinir í Landnámu. Því kunna að vera áhöld um það hvor sé verndari Kollsvíkur; Ása-Þór eða Patrekur Suðureyjabiskup.

Verpa (s) A. Um fugla; eiga egg. Í Rauðasandshreppi tíðkuðust ýmsar beygingarmyndir af þessu sagnorði, og þó allir hefðu það eins í nafnhætti var framsöguháttur á tvo vegu, jafnvel hjá sama manni; ýmist „verpir“ eða „verpur“. „Hrafn verpir í klettum og hömrum rétt fyrir sumarmál“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík). „Steindepill verpur á svipuðum stöðum og maríuerlan...“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík). Sama var að segja um lýsingarorð sagnarinnar; það var ýmist „verptur“ eða „orpinn“; oftast þó hið síðarnefnda; a.m.k. í seinni tíð. B. Snúa við; varpa um; kasta. Sbr að verpa haug yfir einhvern; verpa skó.

Verpast (s) Vinda upp á sig; aflagast; sveigjast. „Báturinn er heldur lítið viðaður. Honum hættir til að verpast í verulegum sjó“.

Verpingur (n, kk) Sveigja/herpingur af þurki/hita/elli. „Óttalegur verpingur er í sumum fjölnum“.

Verptur (l) Orpinn. Sjá *verpa*.

Verpur (s) Verpir. Sögnin að verpa var stundum beygd á þennan hátt (sjá einnig *verptur*). „Hér verpur töluvert af *nefskera*“. Á sama hátt var ýmist sagt varp eða verpti sem þátið af verpa.

Verptur (s) A. Sögnin að verpa var ekki alltaf beygd á hefðbundinn hátt hjá eldri íbúum Rauðasandshrepps. Þar virðist hafa tíðkast fyrrum að segja t.d. „fuglinn er verptur“, ekki „orpinn“. („Man ég eftir þessu bæði hjá GG afa mínum og Óla Ingvarssyni á Geitagili, en báðir voru fremur fornir í máli“; VÖ). B. Boginn; sveigður. „Fjölin er orðin dálítið verpt eftir þennan tíma“. C. Um skinnskó: „Sauðskinnsskórnir voru stundum *verptir*, en þá var skinnþvengur dreginn kringum allt opið á skónum og dregið saman með þvengnum, sem lá yfir jaðar skóvarpsins milli hverra tveggja gata. Verptir skór voru með *hælpvengjum* og *ristarböndum*“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Verr (af stað) farið en heima setið (orðtak) Um misheppnaða ferð; hefði verið betra að *halda sig heima*. „Ef við missum kindina lengra niður í klettana þá er verr farið en heima setið“.

Verra gat það (nú) verið (orðtak) Ástandið hefði getað verið verra; þetta hefði getað farið á enn verri veg. „Það var auðvitað bölvað að missa eggjafötuna, en verra gat það verið; ég var nærri floginn framaf sjálfur“!

Verri sagan (orðtak) Fór miður. „Ég komst yfir ána, en hitt var verri sagan að ég blotnaði í fæturna“.

Verri staðurinn (orðtak) Helvíti; *í neðra*; vísisteldar. „Þetta var nú bara *smáfirsjón*; þú ferð varla í verri staðinn fyrir það“! Sjá *í verri staðnum*.

Vers (n, hk) Erindi í vísu/sálmi. B. Málsgrein/tilvitnun í biblíunni.

Versgú / Veskú (uh) Gjörðu svo vel. Hálfgerð slanguryrði, myndað af danska kurteisísavarpinu; „vær så god“, sem merkir „gjörðu svo vel“. „Veskú; fáðu þér ögn í slóna“!

Verskáli (n, kk) Skáli sem hýsti vermenn fyrir á öldum. Verskálar voru fyrri gerð verbúða. Um þá eru til ýmsar sagnir en enginn veit núna nákvæma gerð hinna elstu.

Verskrína (n, kvk) Hirsla vermanna fyrir *vermötu* sína; *skrinukostinn*. „Verskrínan var oftast úr furu eða greni; geirnegld, um 20“ á lengd, 9“ á breidd og 14-15“ djúp að innanmáli.. (LK; Ísl sjávarhættir).

Framhlið skrinunnar líktist lágu skattholi. Lokið var á framhliðinni; lamirnar á efri brúninni, en læsingin að neðanverðu. Opið lá því vel við sitjanda manni. Kæfan var gerð upp í vinstra horn skrinunnar, er setið var rétt fyrir henni. Rennt var bráðnu floti um allan endann þann sem kæfan var höfð í, og floti síðan brætt utan um kæfuna til að verja hana skemmdum. Stundum var kæfan gerð úr nýju kjöti að haustinu; annars úr

hangikjöti eða saltkjöti. Sumir kusu hangikjötskæfuna fremur. Smjörinu var drepið í hinn enda skrinunnar og flot brætt í auða rúmið sem á milli varð. Úr öllu eða mestu mjölinu (sem skammtað vr í vermötuna) voru gerðar næfurþunnar flatkökur og kolhertar svo þær mygluðu ekki þótt lengi væru geymdar. voru það kallaðar verkökur. Pottbrauð var stundum gert úr dálitlu af mjölinu, svo sem til sælgæts og til nestis í verið. Aldrei voru kkur né brauð geymt í skrinunum nema til nokkurra daga í senn. Hitt var látið hanga í súg í þunnum poka. Undir yfirfjöl skrinanna var grunn skúffa sem náði gafla í milli. Í henni geymdu menn ýmislegt smávegis; svo sem þráð, band, nálar og fleira þessháttar, ef dytta þyrfti að plöggum eða skinnkæðum; einnig ritföng, og sumir áttu eitthvað af skildingurm“ (PJ; Barðstrendingabók).

„Þegar faðir minn fór í Verið hafði hann með sér nesti í kistli. Hann hafði með sér kæfu; mjög feita, og var henni drepið í kassa. Inn á milli laga var drepið soðnum kjötbitum; feitum, og þótti það mjög gott“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms). Sjá einnig *skrina/skrínukostur*.

Versla (s) Eiga viðskipti; kaupa/selja.

Verslun (n, kvk) A. Það að versla; viðskipti. B. Hús sem verslað er í; sölubúð; markaður.

Verslunarbúð (n, kvk) Verslun; sölubúð. „... hét félagið sem þjónaði vestanverðum hreppnum Sláturfélagið Örlygur, og hafði verslunarbúð sína og einnig sláturhús að Gjögurum í Örlygshöfn“ (PG; Veðmálið).

Verslunarferð (n, kvk) Ferð til að versla nauðsynjar. „Kollsvíkingar fóru í einkum verslunarferðir sínar í eigið kaupfélag á Gjögurum, meðan þar var rekin verslun. Áður var um tíma birgðastöð á vegum þess í Hænuvík. Í þessum kaupfélögum var yfirleitt allt til sem menn þurftu, umfram það sem verkað var og unnið heimavið. Einnig var farið stöku sinnum á Patreksfjörð, einkum fyrir jólin, og í seinni tíð fóru menn lengra til innkaupa, s.s. á Ísafjörð eða suður. Verslunarferðir fyrir á tíð voru auðvitað mun erfiðari og sjaldfarnari. Þá var ýmist farið á bátum eða hestum, en einnig var töluvert um að menn bæru á baki sér lygilega þungar byrðar“.

Verslunarfrelsi (n, hk) Frelsi til að eiga viðskipti við þann sem maður kys; hvernig sem aðilar kjósa og þegar þörf er á.

Verslunarstaður (n, kk) Kaupstaður. Eyrar hafa verið verslunarstaður Kollsvíkinga og nærsveitunar þeirra, líklega frá ómunatíð. En efallítið hafa þeir einnig átt veruleg milliliðalaus viðskipti við „þjóðir“ fyrir á öldum, t.d. á *ensku öldinni*, þegar enskar duggur komu upp á víkurnar.

Versna (s) Verða verri/lakari; hraka.

Versta veður (orðtak) Mjög slæmt veður. „Við lentum í versta veðri þarna á heiðinni“.

Verstaða (n, kvk) Eldra orð yfir ver/útgerð. „Verstaða er þar ekki né hefur verið nema því aðeins að stundum hafa gengið þar 2 skip og nú eitt skip sýslumanns...“ (ÁM/PV; Jarðabók; um Kollsvík). Fullyrða má að í Kollsvík hafi verið verstaða í einhverri mynd, allt frá landnámi og framá daga vélbátautgerðar. Ekki er að efa að Kollsvíkurbændur hafa nýtt sér nálægðina við fiskimiðin og góðar lendingar, a.m.k. þegar bátar voru fyrir hendi og fiskur á grunnslóð. Sömuleiðis er líklegt að bændur í Rauðasandshreppi og e.t.v. innan af Barðaströnd hafi haft uppsátur í Útvíkum Hinsvegar hefur aflinn fyrstu aldirnar líklega miðast við heimilisnot: „Fræðimenn eru á einu máli um það að sjávarafurðir hafi lítt eða ekki verið útflutningsvara á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Fiskveiðar voru ekki stundaðar meira en svo að aflinn fór allur til neyslu innanlands. ... Á 14.öld verða nokkur þáttaskipti í atvinnusögu Íslendinga. Landbúnaður tekur að ganga saman, en aftur á móti fara menn að sinna sjónum nokkuð frekar en áður var. Spratt það einkum af því að nú gerðist harðfiskur vænleg vara til útflutnings; kaupmenn sóttust eftir honum af kappi miklu og borguðu hann stórum betur en áður hafði tíðkast. Veiðistöðvar risu þar sem gott var til hafna og vænlegt um fiskifang. Skreið varð einhver helsta útflutningsvara landsins...“ (GG; Skútuöldin). Líklegt er að á þessum uppgangstíma hafi Kollsvíkin fyrst byggst upp fyrir alvöru sem einn mesti útgerðarstaðurinn á stóru landsvæði. Heimildir frá þeim tíma eru engar, fyrir utan það sem fornleifar kunna að leiða í ljós. Nú þegar er sjávarrof í Grundarbökkum byrjað að hefja sína frásögn um þessa gleymdu tíma. Þar gefur að líta fiskbeinalög í öllum bökkunum; af enda og á. Ekki er ólíklegt að uppsátur og ruðningar hafi verið með mest allri Kollsvíkurfjöru þegar mest var sótt.

Fullyrðing Jarðabókarhöfunda um að verstaða hafi ekki verið í Kollsvíkurverinu sjálfu hljóma harla ótrúlega, í ljósi þess að þar er betri lending, og hefur svo einnig verið á þeim tíma, samkvæmt umsögn sömu heimildar um Láganúpsver. Eina skýringin á þessu er sú að Láganúpur var löngum í eigu Saurbæjarhöfðingjanna, sem höfðu alla skipan mála á svæðinu í hendi sér, og kúguðu hreppsþúa eftir sínum hentugleikum. Þeir hafa því viljað láta báta leggja upp í Láganúpsverstöð til að geta innheimt þar vertoll. Þurfti því að seila þar út aflann og fara svo með bátana til lendingar í Kollsvíkurveru. Þetta hefur verið mjög hættulegt ef eitthvað var í sjó, og greinilegt að Bæjarhyskið hefur talið vertollana dýrmætari en mannlífið. Af þessu má ráða að Bæjarbeldið var öflugara á þessum slóðum en hinn virti Selárdalshöfðingi Páll Björnsson, sem þá átti Kollsvíkurjörðina. Hann hafði öll ráð Arnfirðinga í hendi sér, og brenndi þá sem honum lysti, en Bæjarhöfðingi gat haft af honum vertolla í Kollsvíkurveru.

Verstöð (n,kvk) Ver; útver; útgerðarstaður. Í Kollsvík hefur líklega verið verstöð allt frá fyrstu byggð; ýmist Láganúpsmegin eða norðanmegin, en e.t.v. einhverntíma með allri ströndinni. „Bestu verstöðvarnar (í nágrenni Patreksfjarðar) voru taldar Kollsvík, Látrar og Breiðavík. Reru bátar þaðan í tugatali á vori hverju og langt fram á sumar“ (GG; Skútuöldin) „Nú er öllum verstöðvum lokið þarna og ekki lengur sagðar sögur“. (EG; Viðtal á Ísmús 1968; um örnefnið Hnífa). „Kollsvík var því um langan tíma mikil verstöð smábáta“ (PJ; Brimlending í Kollsvík).

Vert (l) Verðugt. Lýsingarorðið verður var oftast notað í hvorugkyni; *vert*. „Það er nú ekki þess vert að *arta uppá* garminn lengur“. „Er það ekki vel þess vert að samtök verði hafin um að byggja upp eina verbúð er látin sé geyma það sem til næst af gömlum munum og minjum úr Verinu“? (KJK; Kollavíkurver). „Það er vert að athuga að flestir, ef ekki allir, þeir sem fremstir hafa staðið í íþróttum, bæði fyrr og síðar, hafa verið bindindismenn“ (Guðbjartur Hákonarson; Lilja (blað Umf. Smára) jan 1938).

Vertíð (n, kk) Tími ársins sem almennt er sótt til fiskjar; vertími. „*Heimræði* er þar ár um kring, en á vorið er þar vertíð frá *sumarmálum* til *þingmáriumessu*“ (AM/PV; Jarðabók; um Láganúp). „*Haustvertíð* fyrri hluta vetrar, fram til jóla; *vetrarvertíð* febrúar til apríl og *vorvertíð* maí, júní og allt fram í miðjan júlí, eða þar til heyannir byrjuðu“ (KJK; Kollsvíkurver). „Björn Halldórsson í Sauðlauksdal segir að aðalvertíðin í verstöðvum í Rauðasandshreppi standi frá 20. apríl til 10. júlí eða lengur. Svipað var þetta öld síðar eða lengur og er þá átt við verstöðvarnar að Brunnum, á Látrum, í Víkum og Patreksfirði, en vertíð átti að byrja þar á sumardaginn fyrsta og enda laugardag í tólftu viku sumars. Aðrir miðuðu *vertíðarlokin* við *Seljumannamessu*, sem er um svipað leyti. Laust fyrir miðja 19. öld stóð þó vertíðin á Brunnum, Látrum og í Breiðuvík yfir í nokkuð lengri tíma, eða frá páskum til sláttar... Laugardagur í 12. viku sumars var því löngum talinn lokadagur vertíðar á Vestfjörðum“ (LK; Ísl. sjávarhættir II). „Vertíð var fram í 10. – 11. viku sumars. Nokkrir heimamanna réru allt sumarið“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Vertollur (n, kk) *Uppsátursgjald*; *undirgift*; leiga sú sem greiða þurfti til *vers* fyrir aðstöðu báta og vermannna til *róðra*. „Í Útvíkum norðan Bjargs var sami vertollur og í Skor og Keflavík, en þar guldu *vertollsmenn* 2 ½-3 fjórðunga... nema hvað helmingurinn var greiddur með *steinbít* í Láganúpsverstöð. Um miðja 18. öld fengu landeigendur engan vertoll fyrir sjálf *inntökuskipin*... Hefur þá verið farið að tíðkast ...að skipverjar borguðu einir allt uppsátursgjaldið. Um aldamótin 1700 þurftu heimamenn í Kollsvík ekki að greiða uppsátursgjald. sú venja hefur sjálfsagt verið gömul, enda í samræmi við það sem víða tíðkaðist vestanlands. Aftur á móti varð þá hver *viðlegumaður* í veri að gjalda 2 fjórðunga í vertoll sem þó var, fyrir *góðvild landsdrottins*, stundum gefinn eftir. Seint á 19. öld varð Kollsvík allstór *verstöð*, eftir að Kollsvíkurmenn höfðu reist allar *búðirnar* í verinu, áttu þær og leigðu. *Búðartollurinn* varð þá 6 krónur og vertollurinn 6 krónur og samsvaraði því tollurinn af hverju skipi 60 hertum steinbítum (Frásögn GG o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir II). Kollsvíkurver var reyndar orðin stór verstöð miklu fyrr: „Að sögn Gísla Konráðssonar átti Einar Kollsvík með tollverum öllum; hafi þar að jafnaði gengið 11-12 skip, en 15 steinbítar goldnir fyrir hvern mann. Hefur Einar því líklega verið vel efnuð búinn. Samkvæmt gamalli venju, að reikna 3 steinbíta í alin, hefur vertollur verið 5 álnir, eða ¼ vættar. til samanburðar má geta þess að um 1700 komst vertollur á þessum slóðum upp í ½ vætt, en lækkaði svo verulega vegna aflaleysis, og hefur sennilega haldist lægri tollur úr því. Vertollur Einars í Kollsvík hefur því getað verið 6-7 hundruð af steinbít, eða 200-240 álnir“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

„Formenn þessir (í Láganúpsveri) og hásetar gefa í vertoll ½ vætt, og afhendist þar hálf í fiski; hálf í steinbít, og hefur þetta verið so í langan tíma“ (AM/PV Jarðabók).

Ekki hafa þetta þó verið einu kvaðirnar í verinu á fyrri tímum. Sú sögn fylgir hinum mikla Garði neðan Grundatúns að vermenn hafi hlaðið hann í landlegum. Einnig er vitað að vermenn tóku upp mó og veittu heimafólki aðra aðstöð. Má ætla að það hafi annaðhvort verið í kvaðarnafni eða komið í skiptum fyrir mjólk, lyngrif og aðra greiðasemi heimamanna. „Kollsvíkurmenn byggðu allar búðir; áttu þær og leigðu vermönnum. Gjaldið sem vermenn greiddu var „búðartollur“ og uppsátursgjald. Mig minnir að hvortveggja væri 12 kr; 6 kr búðartollur og 6 kr uppsátursgjald. Við þurftum ekki að borga eftir; amma mín var af Kollsvíkurætt; átti part í jörðinni og þurfti því ekki að borga eftir búðina. Hris og lyng máttu menn fá ókeypis“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Vertollismaður (n, kk) Sá vermaður sem greiðir *vertoll*, en yfirleitt voru það allir aðkomumenn í veri.

Verulega (ao) Mjög; mikið; all; afar. „Veður hefur ekki versnað verulega“. „Honum var verulega brugðið“.

Verulegur (l) Talsverður; mikill. „Við lentum ekki í verulegri ófærð“.

Verustaður (n, kk) Staður sem maður dvelur á; íverustaður; dvalarstaður. „Enginn ræður sínum verustað“.

Veröld (n, kvk) Heimur; alheimur. „Ég held bara að mér hafi *horfið veröldin* eitt augnablik“.

Vesaldarástand (n, hk) Aumt ástand; hörmung. „Er ekki til kaffi? Skelfingar vesaldarástand er þetta“!

Vesaldarkvikindi (n, hk) Aumlegt dýr; vorkunnarheiti á dýri. „Ég hálfvorkenni þessu vesaldarkvikindi. Tófa leitarkvíki“.

Vesaldarlega (ao) Aumlega; aumingjalega.

Vesaldarlegur (l) Aumlegur; *lotlegur*; snautlegur. „Ansi er þetta vesaldalegur afli“!

Vesaldarlegur (l) Aumingjalegur. „Skelfing er þetta lamb vesaldarlegt; skyldi móðirinn mjólka því nóg“?

Vesaldarskapur / Vesaldómur / Vesalmenska (n, kk) Aumingjadómur; linka. „Mér finnst það nú bölvður vesaldómur að gefast upp núna; þegar takmarkinu er hérumbil náð“!

Vesalingur / Vesalmenni / Veslingur (n, kk) Aumingi; *rýringur*; *afturúrkreistingur*. „Skelfingar vesalingur er nú þessi kálfur“! „Ekki grunaði mig að þetta væru slík vesalmenni að ráðast að kjörum þeirra sem ekkert hafa“! „Ég fer ekki að *setja* þennan hrút á; þetta er *svoddan* veslingur“!

Vesall / Vesæll (l) Aumur; eyndarlegur; snauður. „Svo vesæll er ég ekki að ég geti ekki borgað svona smáskuld“! „Vesæll“ er líklega réttari myndin; neitandi forskeytið „ve“ og „sæll“ eða „vansæll“.

Vesen / Vesin (n, hk) Óþarfa fyrirhöfn; basl; vandræði. „Við lendum í veseni ef við byrjum að draga netin frá röngu bóli“! Einnig framborið og ritað vesin. „Þetta var ekkert nema vesin“! Líklega komið af danska heitinu „væsen“, sem merkir ástand; hegðun.

Vesenast / Vesinast (s) Gera fyrirhöfn; *bramboltast*; *brauðhófast*; *rassast með*. „Vertu ekki að vesenast neitt með bakkelsi fyrir mig; þess þarf ekkert“! „Hvað ertu nú að vesenast með þetta hér uppi á hlaði“?

Veski (n, hk) Lítið ílát, oft sem flöt pyngja úr mjúku efni. T.d. kvenveski; seðlaveski.

Veslast upp (orðtak) Verða vesalli/aumingjalegri; komast að mörkum hungur- eða pestardauða. „Mér sýnist hrútlambið vera að veslast upp af skitu. Það þarf endilega að gefa honum súlfa“.

Veslast upp í eynd og volæði (orðtak) Viðhaft um þann/það sem er að hraka mjög mikið. „Hann sagðist frekar vilja hætta þessu búskaparhokri strax, en veslast upp í eynd og volæði“.

Veslingsarmingi / Veslingsgarmur / Veslingsgrei / Veslingshró / Veslingsræfill / Veslingsskinn (n, kk) Vorkenningarheiti á þeim sem þykir eiga bágt. „Skelfing er hún orðin stírd í liðunum, veslingsarminginn“! „Þetta var nú alveg óvart hjá honum, veslingsskinninu“.

Vessa (s) Koma vessi úr sári/*skurfu*/ból/blöðru. „Hafðu plástur á þessu; það gæti vessað eitthvað úr því“.

Vessabóla / Vessablaðra (n, kvk) *Vessafyllt* ból/blaðra á húð. „Hlaupabólunni fylgdu vessablaðrur um allan líkamann, með viðþolslausum kláða. Ekki mátti þó sprengja blöðrurnar því þá myndaðist ör á eftir“.

Vessafylltur (l) Um ból/blöðru; full af vessa.

Vessaæð (n, kvk) Vessaæðar eru nú almennt nefndar sogæðar. Þær liggja um líkamann og tengja eitlastöðvar líkamans saman. Grannar rásir sem gegna margþættu hlutverki, s.s. að viðhalda vökvajafnvægi frumanna, flytja prótein og vera hluti varnarkerfis líkamans.

Vessi (n, kk) Glær vökvi í *vessaæðum* líkamans.

Vestan (ao) Af/frá vestri. „Hann er á vestan þessa stundina“.

Vestanalda (n, kvk) Dálítill sjór af vestri. „Vestanalda boðaði alltaf hafátt, og fór hennar að gæta við land löngu áður en veðurvar skolið á“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir 3).

Vestanátt (n, kvk) Vestanstæð vindátt; vindur af vestri. „Hann getur rífið upp stólpabrim í vestanáttinni“.

Vestanbál / Vestanofsi (n, hk/kk) Mikið hvassviðri af vestri. „Enn heldur hann sama vestanbálinu“!

Vestanbrim / Vestanbroði (n, hk/kk) Mikill vestansjór. „Það var alveg *hvítþvegin* fjaran eftir vestanbroðann“! „Tilkomumikið er að sitja uppi í hliðinni ofan Helluvogar í miklu vestanbrimi og hlusta á gnýinn og finna titringinn er brimaldan skellur inn í hellinn og myndar þar lofttappa sem sprengir báruna til baka á móti þeirri næstu“ (HÖ; Fjaran).

Vestanflæsa (n, kvk) Gola/kaldi af vestri. Oftast nefnt þannig í tengslum við þurrkun á heyi. „Þetta þornar fljott í vestanflæsuni“.

Vestangarður / Vestanrosi / Vestanveður (n, kk) Stormur/rok/stórviðri af vestlægum áttum, með tilheyrandi *vestanbrimi*/*vestanbroða*. „Hann heldur enn þessum vestanrosa“.

Vestangarri / Vestangjóra / Vestangustur / Vestankul / Vestankæla / Vestansláttur / Vestannepja / Vestanvindur / Vestanþræsingur (n, kk/kvk/hk) Vindur af vestri, yfirleitt ekki þó hvass.

Vestanhríð / Vestankafald (n, kvk/hk) Snjócoma í vestanátt.

Vestangutlandi (n, kk) Allnokkur vestansjór, þó ekki rosi/garður. „Það þýðir lítið að hugsa til róðra meðan hann heldur þessum vestangutlanda“.

Vestanmegin / Vestanverður (ao) Að vestanverðu; sem er vestantil; vestanmegin. „... hét félagið sem þjónaði vestanverðum hreppnum Sláturfélagið Örlygur“ (PG; Veðmálið).

Vestanrok / Vestanstormur / Vestanstrekkingur (n, hk/kk) Hvassviðri af vestri.

Vestanrosi (n, kk) Óveður/ótið með hvössum vestanáttum. „Um það leyti sem hann kom aftur gekk í vestanrosa og brotnaði þá skipið“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Vestansjór / Vestanhroði / Vestanylgja (n, kk) Sjógangur af vestri; greinilegur þegar hvítar á Straumskeri og annarsstaðar undir Hryggjunum. Hann gat verið orðinn töluvert sver löngu áður en vestanvinds varð vart. Ef jók vestansjó voru líkur á að vestanátt fylgdi á eftir og síðan e.t.v. norðanátt með þurrki og landlegum.

Vestansperra / Vestansperringur / Vestanstrambi (n, kvk/kk) Stíf vestanátt, einkum viðhaft á sjó. „Hann leggur einhvern bölvadan vestansperring fyrir Blakkinn“.

Vestanstæður (l) Vindur af vestri. „Hann er orðinn eitthvað vestanstæðari núna“.

Vestanvið (ao) Vestanvert við; að vestanverðu. „Fitin er vestanvið Torfalækinn“.

Vestfirskur framburður (orðtak) Harður og skýr framburður sem einkenndi málfar Vestfirðinga og eimir nokkuð af enn, þó að mestu hafi lagst af. Þrennt einkennir þennan framburð helst. Í fyrsta lagi áherslumikill og opinn framburður sérhljóða, ekki síst „a“. Í öðru lagi skýr og bókstaflegur framburður ólíkra samstæðra samhljóða, s.s. „ng“ og „rk“. Þannig var t.d. orðið „gangur“ framborið eftir stafanna hljóðan og fram mælt en ekki „gángur“ með koksamhljóðum eins og almennast er núna. Þriðja sérkennið var það sem var greinilegast í Kollsvík meðal eldra fólks, fram á síðustu áratugi 20. aldar. Það er hinn harði framburður samhljóða; ekki síst „ð“. Oft er tilfærð vísan „Nordan hardan gerdi gard“ til að sýna þetta. En einnig má rifja upp stöku séra Þorvaldar Jakobssonar (1860-1954) Sauðlauksdalsprests, sem honum varð að orði eftir að hann fékk fálkaorðuna: „Fálka tyrdill fenginn er./ Feikna virðing telst mér það. /Svarið yrði ördugt mér/ ef þú spyrdir fyrir hvað“. Hér kemur fram að framburður fór eftir stöðu samhljóðans; „ð“ var mjúkt ef það var sérstætt en hart ef það var með samhljóða.

Vesti (n, hk) Ermalaus yfirhöfn, vanalega hneppt að framanverðu.

Vestlægur (l) Um vindátt; vestanstæður; af/frá vestri.

Vestmaður (n, kk) Maður að vestan/ af vestursvæði. Á landnámsöld var heitið notað um þá sem komu frá Írlandi eða Bretlandi, sem þá voru vestast í hinum þekktu heimi. Vestmannaeyjar draga nafn af írskum þrælum Hjörleifs, sem urðu honum að bana en voru drepnir þar af Ingólfi Arnarsyni fóstbróður hans. Vestmannsvatn í Þingeyjasýslu dregur nafn af írskum landnámsmanni á þeim slóðum.

Vestnorðan (ao) Norðvestan átt. „Mér sýnist hann vera að ganga upp á vestorðan“.

Vestra (ao) Fyrir vestan; vestara.

Vestri (n, kk) Nafn á ungmennafélagi í Kollsvík. Fjölmennt var í Kollsvík á fyrstu áratugum 20. aldar. Þar var árið 1916 stofnað Ungmennafélagið Vestri, og rak það öflugan starfsemi um langan tíma. T.d. voru félagsmenn 35 árið 1918. M.a. gaf það út blaðið Geisla; hélt tvo fundi í mánuði yfir vetrartímann; hélt uppi öflugu forvarnarstarfi; stóð fyrir söngkennslu og söng í Breiðavíkirkirkju; stóð fyrir ýmsum samfélagsverkefnum; byggði upp lendingarvörður; lagði hestfæran veg um Flosagil; hélt úti kartöflurækt í Breiðavík og gerði veg uppúr Kollsvíkinni. Innan félagsins starfaði sérstök íþróttadeild, í greinum s.s. skíða- og skautaiþróttum, sundi og glímu. Starfsemin hafði að mestu fjarð út 1927. Enduróm af starfsemi félagsins mátti glöggst heyra út alla 20. öldina, t.d. í söngáhuga og félagsstarfi þeirra sem lifðu þessa tíma. „Margur mun búa ævilangt að þeim áhrifum, sem hann hefur orðið fyrir í ungmennafélagi í æsku sinni“ (ummæli Valdimars Össurarsonar (eldri) um Umf. Vestra í riti U.M.F.Í.).

Vesturálfa (n, kvk) Ameríka.

Vesturfari (n, kk) Sá sem fer vestur. Einkanlega er heitið notað um fólk sem flutti frá Íslandi til Ameríku á tímabilinu um 1870-1914, sem voru yfir fjórtán þúsund manns. Ástæður þessara miklu fólksflutninga voru margar; auðveldari ferðamáti en áður; fátækt; þröngbýli; vistaskylda og sögusagnir um betra líf. Eitthvað var um að Kollsvíkingar færu vesturum, og eru þar nokkrir ættbogar af Kollsvíkurætt.

Vesturferð (n, kvk) A. Ferð vestur, t.d. frá Reykjavík eða Borgarnesi í Kollsvík. „Ég er ekki varinn að huga til vesturferðar ennþá“. B. Flutningur Íslendinga til Vesturheims (Kanada, Bandaríkjanna eða Brasilíu), en margir fluttu þangað búferlum á 19. öld.

Vesturheimur (n, kk) Ameríka. Einkum er heitið notað í tengslum við *vesturfara*.

Vesturhiminn / Vesturloft (n, hk) Himininn í vesturátt. „Mér líst ekki á sortann í vesturloftinu“.

Vesturíslendingur (n, kk) Maður af íslenskum ættum sem býr í Ameríku; afkomandi *vesturfarana*.

Vesall (l) *Vesall*, sjá þar.

Vesöld (n, kvk) A Eymd; aumingjadómur. „Ekki fer sögum að því að mannfellir hafi orðið af hugri og vesöld í Útvíkunum, þó óáran gengi yfir landið annarsstaðar. Þarna var matbjörgin nær en víðast annarsstaðar“. B. Veikindi; *lympa*. „Það er búin að vera einhver bövuð vesöld í mér þessa dagana“.

Vetfang (n, hk) Andrá; andartak; augnablik. Sjá í *einu veffangi*.

Vetni (n, hk) Vatnsefni; léttasta frumefnið og hið algengasta í alheimi. Vetni er m.a. annað frumefna vatns; eldfim lofttegund sem auðveldlega hvarfast orkugæft við ýmis önnur efni. Við mikinn hita og þrýsting geta vetniskjarnar runnið saman og myndað þyngri efni, oftast helíum. Við það myndast gríðarlegur hiti og geislun, og það er sú orka sem sólstjörnur gefa frá sér, líkt og okkar Sól.

Vetra (n, kk, ft, ef) Aldur manna og dýra var fyrrum fremur mældur í vetrum en árum, líkt og nú er títt. „Tíu vetra orðinn er/ öðrum sveinum fegri;/ fulla hreysti fjöggra ber,/ flestum vígalegri“ (JR; Rósarímur).

Vetra (s) Verða/koma vetur. „Ég þarf að klára þetta áður en vetrar“.

Vetrarheit (n, kvk) Beit/bithagi fyrir sauðfé að vetrarlagi. „Vetrarheit er víða góð í Kollsvík, og einnig hjálpar *fförubreit*. Því var nokkuð *fóðurlétt* fyrir sauðfé“.

Vetrarblóm (n, hk) Saxifraga oppositifolia. Jurt af steinbrjótsætt, sem er áberandi á melum, klettum og holtum snemma vors. Jurtin vex í litlum þúfum með jarðlægum stönglum. Hún ber mörg smá, rauð eða rauðfjólublá blóm, oft um 1 cm í þvermál; lauf eru 3-4 mm. Í Kollsvík er hún algeng ofan mesta láglendisins og setur líflegan svip á holtin snemma vors.

Vetrarbrautin (n, kvk) Stjörnukerfi það sem okkar sólkerfi tilheyrir, og sést sem slæða yfir stjörnubjartan himininn. Nafn hennar má líklega rekja til þess að hún var áður talin geta spáð fyrir um veður á komandi vetri. Ef hún var mjög skýr og sást vel vissi það á snjóavetur, en er hún var dauf og óglögg boðaði það snjóléttan vetur. Væri hún summsstaðar skýr en annarsstaðar dauf boðaði það snjóþyngsli með köflum yfir veturinn. Mátti þannig lesa vetrarbrautina frá austri til vesturs, eins og veðuralmanak vetrarins.

Vetrardagurinn fyrsti / Vetrarbyrjun (orðtak/ n, kvk) Samkvæmt gamla tímatalinu er vetrardagurinn fyrsti laugardagurinn að lokinni 26. viku. Fyrsta vetrardag ber uppá 21.-27. október, nema í svonefndum rímispillisárum; þá 28.okt. Fyrsti vetrardagur var fyrrum messudagur. Þann dag hefst gormánuður, en sláturtíð mun fyrrum hafa staðið um þetta leyti.

Vetrardvali (n, kk) Ástand sumra lífvera að vetri, þegar hægir á líkamsstarfsemi og þær liggja sem dauðar og bíða sumarhlýju. Ástand gróðurs að vetri, þegar starfsemi liggur niðri og jurtir bíða sumars og lífs.

Vetrardvöl (n, kvk) Vist yfir vetur. „Vetrardvöl á vondum stað/ vil ég fremur kjósa“./ Sjálfsagt færú ýmsir að / eins í sporum Rósa“ (JR; Rósarímur).

Vetrarfjós (n, hk) Fjós sem kýr eru hafðar í að vetrarlagi. Algengt var fyrrum að kýr væru að vetrarlagi hafðar í fjósum við eða undir baðstofum, til að fá hitann af kúnum og spara vinnu við vatnsburð; en að sumarlagi voru þær færðar í sumarfjós nær bithögum sínum. Þannig var t.d. á Láganúpi; vetrarfjós var á bæjarhólnum en gamla Hesthúsið gegndi hlutverki sumarfjóss. Það breyttist svo á 4.áratugnum þegar fjós varð hluti af nýjum steiptum skepnuhúsum og nýtt íbúðarhús var tekið í notkun.

Vetrarforði (n, kk) Matur/fóður til vetrarins. „Skatan var gerð til; börðin voru grafin í sand svona vikur til 10 daga, þá tekin og þvegin; söltuð dálítið og geymd sem vetrarforði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Vetrarfóðruð ær / Vetrarfóðrun (n, kvk) Kind sem fóðra þarf yfir veturinn / fóðrun búfjár og gripa yfir vetur. „Ég fékk eitt og hálf lamb til jafnaðar eftir hverja vetrarfóðraða á“.

Vetrarfóður (n, hk) Fóður til að fóðra fénað yfir vetur.

Vetrarfærð (n, kvk) Færð á vegum að vetrarlagi. „Mér finnst nokkuð snemmt að þurfa að kljást við vetrarfærð núna í haustbyrjun“.

Vetrargöngumannavegur (n, kk) Göngustígur/göngumannavegur sem er snjóléttari en venjuleg leið, en stundum lengri. „Upp af Látravatni að norðan er vetrargöngumannavegur, þegar hálsinn er ófær, og heitir Reiðleit. Hún er við vestari endann á Bjarnarhlið“ (Guðm. Sigurðss; Örn.skrá Rauðasandsshrepps).

Vetrarhamur (n, kk) Slæmt veður að vetri. „Menn fara ekki í langferðir í þessum vetrarham“.

Vetrarhörkur (n, kvk, fto) Harðindi í tíðarfari að vetrarlagi.

Vetrarnaust (n, hk) Naust sem bátur er geymdur í yfir vetur. „Fjarri leiðum fengsældar; frá því snemma á hausti;/ rambar nú mitt frostafar/ fram úr vetrarnausti“ (JR; Rósarímur).

Vetrarríki (n, hk) Vetrarhörkur; mikil snjóalög. „Það er bara komið allmikið vetrarríki“.

Vetrarkuldi (n, kk) Kuldi eins og um vetur. „Maður á ekki von á svona vetrarkulda um hásumar“!

Vetrarkvíði (n, kk) Köngulóarvefur sem liggur í áberandi breiðu á jörðinni. Þetta er spuni voðköngulóar sem er ein 84 ætta köngulóa á Íslandi; lítil og yfirleitt lítt áberandi. Á haustin skríða þær upp í stráin og spinna langan þráð sem vindurinn grípur svo með köngulónni í og feykir á næsta strá og síðan þarnaesta. Í góðu köngulóaári og hagstæðum skilyrðum getur þannig myndast silkiteppi sem þekur stór svæði og er áberandi úr fjarlægð. Það þótti boða harðan vetur ef mikið bar á vetrarkvíða. Sumir sögðu að fannðýpi yrði jafn mikið að vetrinum og vetrarkvíðinn var langur sumarið áður.

Vetrarkvöld (n, hk) Kvöld að vetrarlagi. Vetrarkvöldin voru mönnum eflaust verið fólki löng áður fyrr, þegar ljósmeti var af skornum skammti en mikið unnið á heimilunum.

Vetrarsamgöngur (n, kvk, fto) Ferðir milli staða að vetrarlagi, og möguleikar á þeim. „...nýbyggingu vegarins frá Kollsvík að Vistheimilinu að Breiðavík, sem mun tryggja því og Hvallátrum öruggar vetrarsamgöngur og auk þess tengja sveitina saman í félagslega heild“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Vetrarveiðar (n, kvk, fto) Veiðar að vetrarlagi. „Á brún Strengbergs er rúst af skothúsi frá því að vetrarveiðarar voru stundaðar á ref“ (HÖ; Fjaran).

Vetrarþraut (n, kvk) Þolraunir vetrarins. „Þá er úti vetrarþraut þegar spóinn vellir graut“.

Vetrarþyngsli (n, hk, fto) Snjóþyngsli, ófærð, hagleysi og aðrir erfiðleikar á bújörð að vetrarlagi.

Vetrungur (n, kk) Veturgamall kálfur. „Ég gæti trúað að þetta skrýmsli hafi verið á stærð við vetrung“.

Vettlingalaus (l) Án vettlinga. „Þú ferð ekki vettlingalaus út í þennan brunakulda“!

Vettlingar (n, kk, fto) Fatnaður til hlífðar höndum. Góðir vettlingar hafa alla tíð verið ómissandi þarfaping í Kollsvík, bæði til sjós og lands, og vettlingaprjón var mikilvægur hluti bústarfa. Fingravettlingar þekktust ekki áður fyrr, heldur voru notaðir *belgvettlingar*, þar sem allir fingur eru saman nema þumalfingur sem hefur sérstaka *totu*; *þumalinn*. Efsti hluti vettlings er *laski* en neðan við hann er *belgurinn* fyrir fingurna. Þumlar hvers vettlings voru að jafnaði tveir. Ástæða þess var sú að vettlingurinn slitnar mest í lófanum, en með því að hafa þumlana tvo mátti snúa vettlingnum á hendinni og auka endingu hans. Vettlingar sjómanna nefndust *sjóvettlingar*. Væru þeir ætlaðir til róðra nefndust þeir *róðrarvettlingar*, en við *skak* voru notaðir *færisvettlingar*. *Ullarvettlingar* voru *þæfðir* áður en þeir voru teknir í notkun til að fá þá þéttari. Við stöðugt álag, s.s. í róðri, vildu þeir þófna enn meir í lófanum og kreppast. Þá var sagt að þeir væru *rónir*. „Við bar í hlýju og góðu sjóveðri, *laskasjóveðri*, að menn tóku af sér vettlingana og brugðu laskanum upp á árarhlumminn, svo hann þófnaði eins og belgurinn. Þegar ekki var lengur hægt að nota vettlingana við róður urðu þeir *aðgerðarvettlingar*, *slorvettlingar*, og stundum *hrifu- eða kláruvettlingar*. Að dorga fyrir flyðru með færi nálgadist meira leik en önnur fiskveiði í sjó, og þótti því stundum við eiga að vera með skrautlegri *dráttarvettlinga* en endranær, og voru þeir yfirleitt kallaðir *sprökuvettlingar*. .. fitin var venjulega þrilit og komu þeir litir ekki fram annarsstaðar í vettlingnum. .. Í verstöðvum í Útvíkum voru vermönnum ætlaðir þrennir færisvettlingar og tvennir róðrarvettlingar. (Frásögn ÓETH, HM o.fl; LK; Ísl. sjávarhættir II).

„Vettlingar voru ýmist handvettlingar sem voru notaðir ef fólk fór t.d. milli bæja. Þeir voru gjarnan úr smáu bandi og oft tvíbanda. Svo voru grófari vettlingar notaðir við vinnu og þeir þykkustu voru sjóvettlingar. Þeir þófnuðu gjarnan á árinna og voru þá kallaðir rónir. Vettlingar voru oftast með tveim þumlum (nema barna og kvenvettlingar). Voru þá þumlarnir sem ekki voru notaðir snúnir inn í vettlinginn. Svo var skipt um þumla og þá þófnuðu þeir og slitnuðu jafnar“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Vettlingatök (n, hk, fto) Tök þess sem hefur vettlinga á höndum, en þau þykja ekki jafn traust og hins sem er berhentur. Því er orðtakið; *lin eru vettlingatök*in og *taka* (*eitthvað*) *vettlingatökum*.

Vetrardagur fyrsti (n, kk) Sjá fyrsti vetrardagur.

Vetrargeymsla (n, kvk) Geymsla yfir vetur. „Þegar voraði voru horn, leggir, kuðungar og kúskeljar tekin úr vetrargeymslu og farið að stunda búskap af fullum krafti“ (IG; Sagt til vegar II).

Vetrarlangt (l) Yfir vetur. „Ég dvaldi vetrarlangt hjá frændfólkinu í Borgarnesi“.

Vetrarveður (n, hk) *Veðurlag*/veðurfar að vetrarlagi. „Það er nú varla hægt að hugsa sér betra vetrarveður en verið hefur síðustu vikurnar“.

Vettlingatök (n, hk, fto) Óhönduglegt verklag; klaufaskapur. „Það dugir ekki að taka þetta einhverjum vettlingatökum“.

Vettlingaveður (n, hk) Svo kalt að vettlinga sé þörf. „Búðu þig almennilega. Þetta er vettlingaveður“.

Vettugi Þágufall af vetki = ekki. Einungis notað núna í orðtökum; *hafa/virða að vettugi* = hafa að engu.

Vettvangur (n, kk) Staður þar sem eitthvað gerist. Véttr er fornt orð yfir víg, og því merkir vettvangur upphaflega vígvöllur.

Vetur (n, kk) Árstíð kaldari veðráttu.

Veturgamall (l) Um sauðfé; sem lifað hefur einn vetur. Oftast notað um hrút/sauð; gimbrar voru þá *gemlingar*.

Veturnætur (n, kvk, fto) Tíminn fyrir fyrsta vetrardag; tveir síðustu sólarhringarnir á sumri að fornu tímatali; þ.e. fimmtudagur og föstudagur að lokinni 26. viku sumars (27. í sumaraukaári).

Veturseta (n, kvk) Dvöl yfir vetur. „Örlygur hafði vetursetu í Örlygshöfn en sigldi um vorið suður á Kjalarnes“. „Sveini get ég vöskum veitt/ vetursetu fína;/ það um velja áttu eitt/ annars lífi týna“ (JR; Rósarímur).

Veturkaldur (l) *Kaldsamt* að vetrarlagi. „Það virðist ekki tilviljun ein að kirkjunni skyldi veljast heimkynni í hinum sumarfagra en veturkalda Sauðlauksdal“ (RÍ; Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal)

Veturlönd (n, hk., fto) Vetrarbeitiland sauðfjár. Veturlönd eru á nokkrum stöðum sem örnefni í Rauðasandshreppi, s.s á Geitagili og í Sauðlauksdal, og orðið er því gamalt. „Veturlönd eru vallgrónar lautir sunnantil í hálsinum; beint uppaf Framdalnum og Stóraleitinu, og ná allt fram undir Hrísmúlann.... Þarna sunnan í hálsinum þótti mesta kjarnabeit þegr sólar fór að gæta í þorralokin og þar var yfirleitt aldrei jarðbann. Þar af er dregið nafnið; Veturlönd“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Vex hugur þá vel gengur (orðatiltæki) Ákafi og áhugi manna eykst við velgengni, en minnkar að sama skapi þegar illa gengur.

Vé (n, hk) A. Helgidómur í heiðnum sið. Gjarnan er talað um „hin helgu vé“ þegar hæðst er að því söm öðrum þykir um of heilagt. Sjá einnig *vargur í véum*. B. Gunnfáni.

Vébönd (n, kvk, fto) Heiti frá heiðnum sið; bönd sem notuð voru til að afmarka helgan stað. Nú á dögum notað í orðtakinu að *hafa innan sinna vébanda*.

Véfangja (s) Efast um; draga í efa. Málhreinsunarmenn telja að orðið skuli ritast með e en ekki é, en í framburði Kollsvíkinga var einatt í því é-hljóð, a.m.k. á seinni tímum. „Ég véfengi því annan rithátt“. *Vé/ve* er neitandi forskeyti.

Véfrétt (n, kvk) A. Upphaflega merkingin er svar guðlegrar veru við spurningu dauðlegs manns. Elsta heimildin um véfrétt er hin fræga Véfrétt í hofi Appollós í Delfi í Grikklandi. Þar sat spákona í hofi og veitti svör guðsins við spurningum, en svörin munu einatt hafa verið torræð og óljós. B. Óljós/tvíræð ummæli/fullyrðing. „Hann talaði eins og véfrétt um þessi málefni“. Sjá í *véfréttarstil*.

Vél (n, kvk) A. Svikráð; svik; brögð. B. Mótor; gangverk; hreyfill.

Véla (s) Lokka; plata; svíkja. „Reyndu nú að véla hann til að hjálpa þér“.

Véla (einhvern) til (einhvers) (orðtak) Ginna einhvern til einhvers. „Ég ætla að reyna að véla hann til að gera þetta fyrir mig“.

Véla útúr (orðtak) Hafa eitthvað af einhverjum með brögðum. „Hann vélaði útúr mér hnífinn“.

Vélabrögð / Vélráð (n, hk, fto) Sníðurheit; plat; svik; baktjaldamak. „Hann taldi sig vélabrögðum beittur“. „Þarna voru einhver vélráð í gangi milli hluta stjórnarmanna“.

Vélar í taflí (orðtak) *Brögð í taflí*; undirferli; fláræði. „Mig grunaði að hér væru vélar í taflí“.

Vélarafli (n, hk) Kraftur/afli vélar. „Var nú ekki sparað vélaraflið“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Vélarfjandi (n, kk) Skammryrði um vél. „Hún ætlar þá að vera með sömu *kenjarnar* og í gær; vélarfjandinn“! „Gekk svo lengi að vélarfjandinn tók ekki eitt einasta þúst“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Vélar-kassi (n, kk) Kassi utanum vél; mótor-kassi. Vélar-kassar voru utanum vélar í fyrstu bátunum í Kollsvíkurverri. Vanalega voru þeir léttbyggðir; botnlausir og hægt að lyfta þeim úr í heilu lagi; opnanlegir að ofan og með götum fyrir þúst, sveif o.fl. „Vélin var komin í gang. „Þú keyrir með fullri ferð, en verður viðbúinn að slá af þegar ég segi þér, og sjáðu um að húsið sé vel lokað“. Þetta var til mín talað. Húsið var bara vel þéttur kassi, með smálökum yfir sjálfri vélinni, eins og algengt var í þá daga“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Vélar-kvikindi / Vélar-rokkur / Vélar-tík (n, hk/kk/kvk) Uppnefni á vél/mótor. „Það var ekki von að vélar-kvikindið héldist í gangi; það var *ekki deigur dropi* á tanknum“! „Árans vélar-rokkurinn var með einhverja dynti“. „Vélar-tíkin drap á sér við Breiðaskerið, svo við rerum síðasta spólinn“.

Vélarvana (l) Um bát; með bilaða vél á hafi úti.

Vélbátur (n, kk) Vélnúinn bátur. Vélar fóru koma í báta í Kollsvíkurverri á öðrum og þriðja áratug 20.aldar. Meðal vélbáta var Yngri-Fönix sem notaður var til flutninga. Vélbátar höfðu ýmsa kosti framyfir róðrabáta, bæði losnuðu menn við puðið af róðrinum og gátu sótt lengra. Hinsvegar voru vélbátar mun þyngri í setningu, en það átti sinn þátt í að hin fornu útver lögðust flest af. „Bátur föður míns hét Rut og var vélbátur. Árabát átti hann líka sem hét Svala. Bátur Jóns Torfasonar í Kollsvík hét Gefjun og var vélbátur. Bátur Helga Árnasonar í Tröð hét Von og var einnig vélbátur“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

- Vélgæsla** (n, kvk) Eftirlit með vél; vélavarsla. „Sá er þetta rifjar upp hafði þarna á hendi formennsku og vélgæslu“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Vélinda** (n, hk) Líffæri í hálsi, sem fæða fer um frá munn til maga. Einatt frb *vélinda* í Kollsvík fyrrum.
- Vélrítun** (n, kvk) Ritun með ritvél. Tími ritvélnanna leið undir lok með tölvuvæðingunni, en ýmsar aðferðir vélrítunar gilda einnig um lykllaborð tölvu.
- Vélrænt** (l) A. Sem framkvæmt er með vél. B. Sem maður gerir reglubundið, líkt og vél.
- Vélsími** (n, kk) Tæki í stóru skipi, til að skipstjórnandi geti gefið fyrirskipanir úr brú niður í vélarrúm um snúning skráfu og hraða vélar.
- Vélsleði** (n, kk) Vélnúinn sleði. Fyrsti vélsleðinn í Útvíkum kom í Breiðavík fyrir 1970, af gerðinni SnowTrick. Hann komst síðar í eigu Ólafs Sveinssonar á Sellátranesi.
- Véltækt túnn** (orðtak) Tún/slétta sem unnt er að slá með sláttuvél.
- Vér** (fn) Fleirtala af „ég“, samkvæmt fyrri tíma beygingu; þó stundum einnig notað í eintölu. „Vér mótmælum allir“.
- Við** (fs) Hjá; nærri. „Fjárhúsin stóðu áður við sjóinn“.
- Við aldur** (orðtak) Aldraður; gamall. „Hann hlýtur að vera orðinn nokkuð við aldur núna“.
- Við alþýðuskap** (orðtak) Svo öllum líki. Oftast með neikvæðu fororði: „Hann þótti einrænn, tortrygginn og lítt við alþýðuskap“.
- Við annan mann** (orðtak) Ásamt öðrum manni. „Ég var þarna á ferð við annan mann fyrir stuttu“. Einnig er sagt að maður fari við þriðja mann þegar þrír eru alls í hópnum; sama orðalag er um annan fjölda.
- Við álnir/efni** (orðtak) Efnður; ríkur. „Einar í Kollsvík var sagður vel við efni“.
- Við áttina** (orðtak) Um vindstöðu; vindur úr tiltekinni átt, einkum ef sama vindátt hefur staðið lengi. „Hann lægir ekki sjóinn meðan hann er enn við áttina“. „Hann er þá við áttina eins og fyrri daginn“.
- Við bjargandi** (orðtak) Unnt að bjarga. „Honum er þá ekki við bjargandi ef hann þiggur þetta ekki“.
- Við borð liggur** (orðtak) *Stappar nærri*; er nærri því; næstum. „Hann missti jafnvægið þegar hann stökk milli þófta í bátnum, og við borð lá að hann færi í sjóinn“.
- Við brugðið** (orðtak) Um það sem merkilegt þykir; til tekið; um talað. „Sérstaklega hafi Jóni (í Gröf, föður Einaris í Kollsvík) verið við brugðið fyrir gáfur og mannkosti“ (TÓ; Kollsvíkurætt).
- Við bælið/rúmið** (orðtök) Rúmliggjandi/innandyra vegna veikinda. „Ég hef bara verið við bælið í dag“.
- Við dauðans dyr** (orðtak) Að dauða kominn; *dauðans matur*. „Ég frétti að hann væri bara við dauðans dyr“.
- Við góða heilsu / Við hestaheilsu** (orðtak) Heilbrigður; hraustur; heill heilsu. „Ég er við hestaheilsu“.
- Við hendina/höndina** (orðtak) Nálægt; innan seilingar. „Fyrir tíðar fólki varð það aldrei á að nota hina röngu beygingu sem nú er viðtekin venja; „við hendina“. Það virti beygingarreglur og talaði um „hönd“.
- Við hestaheilsu** (orðtak) Mjög heilsuhraustur. „Síðast þegar ég vissi var hann *í fullu fjöri* og við hestaheilsu“.
- Við illan leik** (orðtak) Með erfðismunum; naumlega. „Ég komst við illan leik upp á brúnina, en þurfti að skilja eggjafötuna eftir niðri í ganginum“.
- Við illt/lítið má bjargast en ei við ekkert** (orðatiltæki) Unnt er e.t.v. að nýta það sem lítilfjörlegt/fátæklegt er, en allsleysi þýðir bjargarskort.
- Við kvenmann kenndur** (orðtak) Á föstu með konu; í sambúð með konu; samrekkt konu. „Hann hefur aldrei verið við kvenmann kenndur, eftir því sem best er vitað“.
- Við lenda** (orðtak) Enda; verða niðurstaða. „Enn eykur hann frostið; ekki veit ég við hvað þetta lendir“. „Hann segist alveg geta sofði í hlöðunni ef við það lendir, fyrst svona mikið er fyrir af gestum“.
- Við lítið má bjargast en ei við ekkert** (orðatiltæki) Hægt er að láta sér nægja lítið en illt að fá ekkert. Viðhaft við ýmis tilefni, t.d. fiskiróðra.
- Við lýði** (orðtak) Viðgengst/endist með mönnum. „Þegar ég man fyrst eftir voru enn við lýði ýmsir hinna gömlu búskaparháttar“. „Var það notaður bíll og var þar við lýði um tíma“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Sjá *lýður*.
- Við nánari athugun/skoðun** (orðtök) Þegar mál/viðfangsefni er *skoðað ofan í kjölinn*/ rannsakað vel.
- Við ofurefli að etja** (orðtak) Meiri liðsöfnuður/ sterkari andstæðingur en ráðið verður við. „Tófan sá strax að við ofurefli var að etja, og flúði undan hundinum“.

- Við og við** (orðtak) Öðru hvoru; aðra stundina; stundum. „Hún kepptist við saumaskapinn en leit upp við og við, til að fylgjast með barninu“.
- Við ramman reip að draga** (orðtak) Erfitt viðureignar. „Það er við ramman reip að draga að fá nokkra krónu til viðhalds á þessum útkjálkavegum“. „Þar var þó við ramman reip að draga, því vegir voru með þeim hætti að ekki var mögulegt að flytja skurðgröfur um svæðið“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Reipi virðist samkvæmt þessu á einhverjum tíma hafa verið karlkynsorð; „reipur“.
- Við róðra** (orðtak) Á vertíð; í veri. „Annað atvik var að vori. Allir við róðra og við öll komin í rúmin, en mamma þurfti oft að vera á fótum fram á nótt“ (IG; Æskuminningar). „Næsta vetur var ég í Vatnsdal hjá Ólafi Thoroddsen, en næsta vor var ég við róðra og síðan sumarið í *kaupavinnu* á Hnjóti hjá Ólafi Magnússyni móðurbróður mínum“ (IG; Æskuminningar).
- Við rúmið/rúmstokkinn** (orðtök) Veikur; lasinn; rúmliggjandi. „Þetta er óþverrapest;ég var við rúmið í þrjá daga áður en fór að *brá* af mér“.
- Við sama heygarðshornið** (orðtak) Um skoðanir; deilu; þrjósku. „Þú ert enn við sama heygarðshornið; að verja þessa ríkisstjórnarnefna fram í rauðan dauðann!“ „Enn er hann við sama heygarðshornið með þennan norðanþræsing“. Hey voru áður fyrir hlaðin útivið; oftast bakvið skepnuhúsin. Yfir þau var tyrft og um þau var gerður garður til varnar ágangi fjár. Allt var það nefnt heygarður. Sá sem *fór spart með* hey var lengi við sama heygarðshornið; þar sem hann hafði rofið þekjuna til að ná heyinu.
- Við (sjálf) liggur** (orðtak) Stappar nærri; nærri; *liggur við*. „Við lá að illa færi þegar aldan reið undir bátinn“.
- Við skál/vín/öl** (orðtök) Kenndur; ölvaður; fullur. „Sumir voru orðnir allnokkuð við skál og *lá hátt rómur*“.
- Við stóran að deila / Við ramman reip að draga** (orðtak) Erfitt við að eiga; vont að fást við. „Ég reyni að fá þessu breytt, en þar er við stóran að deila. Þetta gæti þurft að fara fyrir stjórnina“. Reipur er eldri mynd af reipi, og það orðtak vísar líklega til reiptogs.
- Við svo búíð** (orðtak) Í þeirri stöðu; þegar þannig var ástatt. „Ekki gáfust þau upp við svo búíð, en brugðu sér alla leið norður á Hrafnseyri, þar sem séra Böðvar gaf þau saman“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). Sjá *að svo búnu/stöddu*.
- Við (betra) tækifæri** (orðtak) Þegar (betur) hentar; þegar betur/vel stendur á.
- Við vægu verði** (orðtak) Ódýrt. „Hann seldi mér þetta við vægu verði“.
- Við það sama** (orðtak) Svipað og var; lítið skeð síðan síðast. „Héðan er allt við það sama; engar stórfréttir“.
- Viða** (n, kvk) Hespa af bandi/garni/lopa. Heitið er dregið af viði, því lopi var oftast vafður upp á viðutré til að gera slíka hespu/viðu.
- Viða** (s) A. Smíða úr viði, einkum máttarviði t.d. í hús. „Ég er búinn að viða þakið og farinn að helluleggja það“. B. Festa flot/kubba/korka á flottein/kubbatein/korkatein nets (sjá *viðað*).
- Viða að** (orðtak) Safna; birgja upp. „Ég viðaði að mér töluverðum upplýsingum um málið“. Dregið af því að ná sér í timbur/tré til smíða eða kolagerðar.
- Viða tvo og þrjá** (orðtak) Viða net þannig að ýmist séu tveir eða þrjú kubbar/korkar á hverjum faðmi; sjá *viðað*.
- Viðað** (l) A. Um hús eða annað mannvirki úr tré; úr miklum/góðum viði; sterklega byggt. B. Um net; sagt er að net sé mikið eða lítið viðað eftir því hvort í flotþininum sé mikið eða lítið flotmagn; hvort á honum séu fleiri eða færri korkar/flot. Mikilvægt er að net sé hæfilega viðað til að það standi rétt í sjónum, án þess að vera of mikið strekkt. Fiskur *ánetjast* illa í of viððuð neti. Væru kubbarir hæfilega stórir þótti hæfilega viðað að hafa tvo til þrjá á faðminum; kallað að *viða tvo og þrjá*.
- Viðamikill** (l) *Ruðamikill*; umfangsmikill; stór. „Þetta var nokkuð viðamikil dagskrá“. Merkti upphaflega; „úr miklum viðum“.
- Viðarbolur** (n, kk) Trjábolur; tré.
- Viðarferð** (n, kvk) Ferð sem gerð er til að afla viðar; einkanlega þá átt við ferð á Strandir eftir rekaviði. „Í Kollvík bjó Bjarni Jónsson, kunnur skipasmiður sem smíðaði teinæring 19 ára gamall, og fór síðan fjölda viðarferða norður á Strandir...“ (TÓ; Kollsvíkurrætt). Líklega kringum árið 1700. Bjarni þessi var einn hinna frægu Sellátrabæðra; bróðir Halldórs, forföður Guðrúnar konu Einars í Kollsvík, sem var forfaðir Kollsvíkurrættar.
- Viðarfloti** (n, kk) Safn stórviðar sem skógarhöggsmenn fleyta niður ár, að sögunarmyllum. „Talið hefur verið að mikið af rekaviði á Íslandsfjöllum sé til komið af því sem tapast úr viðarflotum skógarhöggsmanna og sögunarmylla í Rússlandi og Ameríku“.
- Viðarhraukur** (n, kk) Hróga/haugur af viði/spýtum.

- Viðarilmur** (n, kk) Ilmur/ góð lykt af viði/tré. „Í verkfærahúsinu var angandi viðarilmur eftir heflunina“. „Hún setti stundum nýjar sjóreknar *næfrur* á eldavélina, svo viðarilminn lagðium húsið“.
- Viðarkol** (n, hk) Kolaður viður. Viðarkol voru gerð hérlendis frá upphafi landnáms og framá 20. öld. Þau eru langt frá því að vera jafn hitagæf og steinkol sem fluttust inn á síðari öldum. Með brennslu viðarins í viðarkol var losað úr honum vatn, þannig að þau brunnu við hærri hita en viður. Því voru þau nauðsynleg við járnsmíði; t.d. dengingar ljáa og rauðablásturs. Viðarkolagerð var oftast stunduð þar sem nægan við var að hafa, t.d. nærri skógum og kjarri, en einnig stundum úr rekaviði. Grafín er gröf; kolagryfja. Viðurinn er höggvinn og kurlaður hæfilega smátt; síðan borinn að gröfinni. Lítið kom stundum úr hverjum stað, en safnaðist í myndarlega hrúgu á grafarbakkanum. Af því er dregið orðtakið „*þegar öll kurl eru komin til grafar*“. Eldur var kveiktur á botni kolagrafarinnar og síðan var kurlinu hrúgað ofaná hann. Þegar komin var glóð í kurlað, og áður en það fór að brenna að ráði, var gryfjunni lokað. Bruninn varð loftfyrstur og viðurinn kolaðist við nokkurn hita; án þess að brenna; oft í þrjá til fjóra daga.
- Viðarreki** (n, kk) Reki trjáviðar á fjörur. „Viðarreki hefur verið fremur lítil undanfarin ár“.
- Viðauki** (n, kk) Viðbót; það sem auki/bætt er við. „Stígvélin þótti honum lág, og því límdi hann ofaná þau dálítinn viðauka“.
- Viðbára** (n, kvk) Afsökun; fyrirsáttur; það sem *borið er við*. „Strákarnir báru ýmsu við til að sleppa við að að sækja kýrnar. Hjá einum var viðbáran sú að hann væri með drifblöðdur í lófanum“.
- Viðbein** (n, hk) Bein lárétt í óxl; sem tengir saman axlarlið og bringubein“.
- Viðbit** (n, hk) Merkir í raun það sem borðað er með, en er jafnan haft um smjör/margarín/bræðing sem haft er ofan á brauð. „Eitt sinn ofhitnaði rauðmagi í reykingu, og varð svo meyr að kreista mátti hann úr kveljunni. Í fyrstu var haldið að þetta væri allt ónýtt, eða allt þar til uppgötvaðist að nota mátti þennan feita og bragðgóða rauðmaga sem viðbit í stað smjör“.
- Viðbjódslegur** (l) Fráhrindandi; vekur klíggju/óhug. „Hvalhræið í fjörinni er að verða ansi viðbjódslegt“. Sjá *bjóða við*.
- Viðbjóður** (n, kk) Það sem er viðbjódslegt/fráhrindandi. „Hvaða viðbjóður er í þessari flösku“? Sjá *bjóða við*.
- Viðbót / Viðbætur** (n, kvk/kk) Það sem bætt er við; viðauki. „Ég lét hann hafa nokkur egg í viðbót“.
- Viðbragð** (n, hk) Andsvar; snögg hreyfing. „Ég var ekki sáttur við hans viðbrögð við þessu“. Sjá *bragð*.
- Viðbrenndur / Viðbrunninn** (l) Matur sem ofsoðið/brunnið hefur í botni potts/pönnu. „Fátt er verra en viðbrunninn grauttur“.
- Viðbrigðamaður** (n, kk) Sá sem er viðbrugðið; sá sem er framúrskarandi á umræddu sviði. „Hann var viðbrigðamaður að kröftum“.
- Viðbrigði** (n, hk, fto) Umskipti. „Kýrnar voru stuttan tíma úti þennan fyrsta dag, til að venja þær við viðbrigðin“. „Þessi hlýi vetur er nokkur viðbrigði frá frosthörkunum í fyrra“.
- Viðbrugðið** (l) Umtalað; sérstakt; einstakt. „Því var viðbrugðið hve hann var góður söngmaður“. „Því var viðbrugðið í sveitinni, hér áður, að þegar flökkuhundarnir höfðu gert einhverja skömm af sér þá stungu þeir skottinu á milli lappanna og étu sig hverfa á hljóðlátan hátt“ (AÍ; Árb.Barð 1980-90).
- Viðbundinn** (l) Upptekinn; bundinn yfir einhverju. „Ég er ekkert sérlega viðbundinn núna; ég er alveg til í að koma með ykkur“. Sjá *vera viðbundinn*.
- Viðburðalaust** (l) Án tíðinda. „Ferðin til baka var að mestu viðburðalaus“ Einnig *stórviðburðalaus*.
- Viðburðaríkur** (l) Um tíma; annasamur; með mörgum atvikum/uppákomum.
- Viðburður** (n, kk) Atburður; atvik; hátíð. Einnig notað til að leggja áherslu á það sem sjaldan ber við: „Það er viðburður að maður setji í almennilega spröku núorðið“.
- Viðbúið** (l) Má búast við/reikna með. „Það er viðbúið að við verðum lengi í land með þennan *hlaðning*“.
- Viðbúinn** (l) Reiðubúinn; tilbúinn. „Ég var ekki viðbúinn þessu“.
- Viðbúnaður** (n, kk) Undirbúningur; tilstand; varnarbúnaður.
- Viðbygging** (n, kvk) Bygging sem bætt er við aðra, gjarnan minni en sú fyrri.
- Viðdvöl** (n, kvk) Viðstaða; tíminn sem maður dvelur á tilteknum stað.
- Viðeigandi** (l) Sem á við/ hæfir. „Þetta finnst mér viðeigandi umsögn“.
- Viðfangsefni** (n, hk) Verkefni; það sem við er að fást.
- Viðfelldinn** (l) Viðkunnanlegur; *geðugur*. „Mér finnst hann afskaplega viðfelldinn við fyrstu sýn“.
- Viðgangast** (s) Líðast; vera umborið. „Hvað skyldi hann ætla að láta þetta viðgangast lengi“?

Viðgangur (n, kk) Tilvist; umlíðun. „Það má ekki ýta undir viðgang fordóma og eineltis“.

Viðgerð (n, kvk) Lagfæring; endurbætur. „Billinn var betri en nýr eftir þessa viðgerð“.

Viðhafður (l) Notaður; hafður við. „Stundum var lásvaðnum brugðið á stein, en stundum hélt einhver við, en sama var hvor aðferðin var viðhöfð; sá sem fór niður byrjaði alltaf á að reyna festuna“. „Þegar kom að því að gera upp veðmálið var ekki viðhöfð nein smámunasemi“ (PG; Veðmálið). Það tekur því ekki að þakka fyrir þetta; það var ekki mikið viðhaft“.

Viðhald (n, hk) A. Það að halda einhverju við, s.s. húsi; stöðug lagfæring. B. Það að halda við það meðan bjargmaður fer í lás eða sig. „Það væri öruggara að hafa tvo í viðhaldi á þessum stað“. C. Sá/sú sem haldið er við í framhjáaldi; frilla. „Það fer víst allnokkur tími í það hjá honum að sinna viðhaldinu“.

Viðhaldsfrekur (l) Þarf mikið viðhald; stenst illa aldur/notkun. „Girðingar eru viðhaldsfrekar á þessum stað“.

Viðhaldslaus (l) Án viðhalds/aðhlyningar/viðgerða. „Á Bökkunum meðfram öllum Grundagrjótum er túngarður, grjóthlaðinn; furðu heill þó staðið hafi viðhaldslaus í mannsaldur“ (HÖ; Fjaran).

Viðhaldsmaður (n, hk) Sá sem heldur við það í bjargsigi. „Þegar svona var farið brá viðhaldsmaðurinn vaðarendanum um mitti sér“ (MG; Látrabjarg).

Viðhlítandi (l) Viðunandi; nægilegt. „Viðhlítandi skýringar hafa aldrei fundist á því (árás Simbadýrsins)“ (EG; viðtal á Ísmús 1968).

Viðhlæjandi (n, kk) Sá sem brosir við manni/ virðist vinur. „Ósvinnur maður hyggur alla viðhlæjendur vini“. Sjá ekki eru allir viðhlæjendur vinir.

Viðhnýttur (l) Hnýttur/bundinn við. „Þetta náði, með viðhnýtta spottanum“.

Viðhnýtingur (n, kk) Band sem hnýtt er við annað, til að framlengja því. „Þarna á hillunni fann ég þennan dýrindis spotta sem ég notaði sem viðnýting, til að komast á sylluna fyrir neðan. Þetta var víðfrægur vaður, sem einatt gekk undir nafninu „svarti spottinn“. Ekki báru allir sama traust til þessa skítuga sólbrunna öldungs, og einn tók sig til og fleygði honum framaf nokkrum árum síðar“.

Viðhorf (n, hk) A. Afstaða; skoðun; álit. B. Horf; stefna (t.d. báts). „Þú mátt láta horfa betur við norðri“.

Viðja (n, kvk) A. Grein; tág. B. Helsi; fjótrar. Sbr *leysa úr viðjum*. C. Runnategund; Salix myrsinifolia/borealis. Líkist nokkuð gulvíði. Flutt inn frá Noregi um 1936 og kölluð þá vidje (víðir).

Viðkannast (s) Kannast við; viðurkenna; meðganga. „Þetta vil ég nú ekki viðkannast að óathuguðu máli“!

Viðkoma (n, kvk) A. Um það að koma við á stað á ferðalagi. B. Fjölgun manna/dýra. C. Snerting: Eitthvað er t.d. mjúkt viðkomu. D. Um það að lenda í góðri veiði: „...urðum við allvel varir við fisk og hélst sú viðkoma fram eftir degi...“ (ÖG; Fiskiróður). „Eftir nokkurn tíma kipptum við fram á Stekka. Var þar nokkur viðkoma, eða sem kallað var „slítingur““ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður). Þessi síðastnefnda notkun orðsins er líklega svæðisbundin í Útvíkum.

Viðkoma (s) Varða; snerta; fjalla um. „Hvað sem því viðkemur þá er sagan öll fremur vafasöm“.

Viðkomandi (n, kk) Sá sem málið snertir. „Viðkomandi er beðinn að nálgast þetta sem fyrst“.

Viðkomandi (l) Varðandi; sem snertir. „Við ræddum ýmislegt viðkomandi þessari samþykkt“.

Viðkomubrestur (n, kk) Rof í fjölgun/viðhaldi dýrategundar; lélegur árgangur afkomenda.

Viðkomustaður (n, kk) Staður þar sem maður hefur viðkomu. „Gjögrabúð var fastur viðkomustaður þeirra sem voru á heimleið. Þar gat þurft að taka vöruúttekt“.

Viðkunnanlegur (l) Viðfelldinn; þægilegur. „Hann var ákaflega vikunnanlegur og kom vel fyrir“.

Viðkvæði (n, hk) A. Viðlag/stef í sönglagi. B. Svar; undirtektir; viðbrögð. „Alltaf kom sama viðkvæðið, væri hann spurður um þetta“.

Viðkvæmni (n, kvk) Það að vera viðkvæmur/næmur/aumur.

Viðkvæmur (l) Næmur/aumur/sár. „Þarna komstu við viðkvæman blett“.

Viðkynning (n, kvk) Kynning; kunningsskapur. „Hann var hinn þægilegasti í viðkynningu“.

Viðlag (n, hk) Stef í sönglagi, sem endirtekið er milli annarra vísuparta.

Viðlátinn (l) Við; heimavið; á staðnum. „Ég skal athuga hvort hann er viðlátinn“.

Viðlegumaður (n, kk) *Vermaður*; sá sem liggur við (rær) í veri og greiðir þar *vertolla* (sjá þar). Þetta heiti var líkleg algengara við Faxaflóa; vestra var yfirleitt talað um vermenn.

Viðlegubátur (n, kk) Aðkomubátur í veri; inntökubátur.

Viðleguáhöfn (n, kvk) Bátshöfn sem liggur við í veri. „Viðleguáhafnir sem reru á heimversbátum voru oftast heinungis í viðlegu meðan á ráðrum stóð en dvöldust heima í landlegum; einkum ef *uppihöld* urðu langvinn“ (LK; Ísl.sjávarhættir II). Þannig lag var viðhaft af bændum í Kollsvík sem reru frá Kollsvíkurveri.

Viðleguver (n, hk) *Ver*/verstöð þar sem aðkomnir vermenn búa á heimabæjum ,en ekki í verbúðum eins og er í *útverum*.

Viðleitni (n, kvk) Tilraun til aðgerða/framkvæmda; tilburðir. „Maður reynir að sýna einhverja viðleitni“.

Viðlit (n, hk) Það sem unnt/vert er að líta við/reyna. „Veðrið var svo slæmt að það var ekki viðlit að leggja af stað gangandi“.

Viðlíka (l) Álíka; slíkt; jafn; *mótlíka*; *ámóta*. „Ég hef bara ekki séð viðlíka stóra grásleppu“!

Viðlíking (n, kvk) Samlíking; samanburður; líking í kvæði. „Það eru verkir í þessu ennþá, en ekkert í *viðlíkingu* við það sem var fyrst eftir höggið“.

Viðlíkur (l) Svipaður; álíka. „Enginn er honum viðlíkur í þessum efnunum“.

Viðloðandi (l) Í kringum; nærri; starfa við. „Hann er búinn að vera viðloðandi svona störf alla ævina“. „Um og eftir 1910 er þar einna fjölmennast, eða yfir 70 manns heimilisfastir. 40 árum síðar eru þar yfir veturinn 7 manns viðloðandi, en eitthvað af heimilisföstu fjarverandi í bili“ (KJK; Kollsvíkurver).

Viðmið / Viðmiðun (n, hk/kvk) Það sem miðað er við. Líking við það að miða út t.d. fiskimið.

Viðmót (n, hk) Framkoma; viðkynning. „Hún var afar þægileg í viðmóti“.

Viðmóta (ao) Álíka; hér um bil eins. „Mér sýnist þessi hrútur álíka vænn og hinn“.

Viðmótsbljúgur (l) Óeðlilega blíður í viðmóti; fleðulegur; *viðmótsþýður*. „Eftir að ég hafði skammað hann eins og hund varð hann í fyrstunni lúpulegur, en hefur síðan afskaplega viðmótsbljúgur“.

Viðmótshrjúfur (l) Hryssingslegur/óaðlaðandi í viðmóti.

Viðmótsþýður (l) Um mann; vingjarnlegur; skapgóður. „Í tali var hann jafnan hógvær og viðmótsþýður; þó gat út af því borið ef hann mætti óvæntri andstöðu. Þá gat hann verið bæði *hvassyrstur* og *meinyrtur*“ (ÖG; Snæbj.J.Th; Árb.Barð 1980-90).

Viðmælandi (n, kk) Sá sem talað er við.

Viðmælandi / Viðmælanlegur (l) Sem unnt er að tala við. „Hann var ekki viðmælandi í fyrstunni fyrir mæli“.

Viðnám (n, hk) Andstaða; fyrirstaða; festa; skjól. „Kofaskriflið veitti lítið viðnám, egn veðrinu“.

Viðnám fyrir sjó (orðtak) Hlé fyrir sjógangi. „Var þarna viðnám fyrir sjó undir Bjarginu...“ (MG; Látrabjarg).

Viðra (s) A. Setja eitthvað út til að fríska það; t.d. sængurfatnað. Þjóðtrúin segir að ekki megi viðra sængurfatnað meðan menn eru á sjó; þeir eru þá í bráðri hættu. B. Hleypa fénaði úr húsi til að viðra það, eða setja húsmuni og fatnað út fyrir um stund. „Ennfremur að viðra úti, helst daglega, ær lömb og hross, og halda nefndum pening til haga séu nokkur tók til þess; þeim til heilsubótar en okkur til gagns og gamans. Varast þó slagviðri mikil; frost og snögga veðurbreytingu“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930). C. Haga veðri: „Alltaf var nóg að starfa hvernig sem viðraði...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Að því loknu fórum við krakkarnir út á sleða, ef þannig viðraði“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG). „Það viðrar ýmsu þessa dagana“.

Viðra sig (orðtak) Njóta útivistar.

Viðra sig upp við (orðtak) Vingast við; *leita ásjár hjá*; *bera víurnar í*. „Ætli ég fari ekki að viðra sig upp við réttarstjóran og vita hvort ég má ekki fara að reka heim“.

Viðra skoðanir (orðtak) Segja álit/meiningu. „Nú ætla ég að viðra mínar skoðanir á þessu máli“.

Viðra (eitthvað) við (einhvern) (orðtak) Segja einhverjum til að kanna undirtektir/viðbrögð; *nefna við*. Ég viðraði þessa hugmynd við hann og hann *tók* þessu alls *ekki fjarri*“.

Viðráðanlegur (l) Sem unnt er að ráða/tjónka við; meðfærilegur.

Viðreisn (n, kvk) Endurreisn; endurnýjun; endurgerð.

Viðrekstur (n, kk) Prump; fretur. „Bölvaðir viðrekstrar eru þetta í karlinum“!

Viðrekstrarfnykur / Viðrekstrarfýla / Viðrekstrarlykt / Viðrekstrarpest / Viðrekstrarstækja /

Viðrekstrarsvæla (n, kk/kvk) *Prumplykt*; lykt af freti; *búklöft*. „Mikill andskotans viðrekstrarfnykur er þetta; hvern fjandann varstu eiginlega að láta ofan í þig“?!

Viðrekstrarstand / Viðrekstrarvesen (n, hk) Vindgangur. „Óttalegt viðrekstrarstand er þetta á þér“!

Viðrekstur (n, kk) *Prump*; *fretur*; *vindgangur*. „Ferleg fýla er af þessum viðrekstrum í þér núna“!

Viðrini (n, hk) A. *Vanskapningur*; tvíkynja skepna. „Mér sýnist að þetta sé viðrini“. B. Niðrandi uppnefni.

Viðrinisháttur (n, kk) Fáránleiki; níska; meinsemi. „Mér finnst þetta óttalegur viðrinisháttur af honum“.

Viðrinislegt (l) Illa gert; passar ekki; í röngum hlutföllum. „Skelfing er þessi skyrta viðrinisleg um herðarnar“.

Viðræðugóður / Viðræðuhæfur / Viðtalsgóður (l) Sem gott er að tala/semja/lynda við. „Þetta var nokkuð viðræðugóður náungi“. „Það þarf að renna dálítið af honum svo hann verði viðræðuhæfur“.

Viðsjáll (l) Varasamur; sem maður þarf að gæta sín á. „Hann átti það til að vera viðsjáll í viðskiptum“.

Viðsjálmi (n, kvk) Klækir; klóksskapur í viðskiptum.

Viðsjárgepill / Viðsjárgripur / Viðsjálsgripur (n, kk) Varasamur hlutur/gripur/maður; tveggja handa járn.. „Hann er óttalegur viðsjárgepill; þú veist aldrei hvar þú hefur hann“. „Taktu ekki mark á öllu sem hann segir; þetta getur verið viðsjárgripur stundum“.

Viðsjárverður (l) Varasamur; hættulegur. „Varaðu þig á Djúpboðanum. Hann er viðsjárverður á fjörunni“.

Viðskeyti (n, hk) Viðbót; framlenging. „Hér þarf eitthvað viðskeyti á *jötubandið*“.

Viðskiftalíf (n, hk) Atvinnulíf; hagfræði. „Að brýnt sje fyrir börnum, með dæmum úr viðskiftalífinu, hve tóbaksnautn sje mikil heimaska frá fjárhagslegu sjónarmiði...“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).

Viðskila (l) Skiljast frá; verða útundan. „Passaðu að lömbin verði ekki viðskila við mæðurnar“.

Viðskilnaður (n, kk) Það að skilja við; aðskilnaður; brotthvarf.

Viðskipti (n, hk, fto) A. Almennt; samskipti. B. Fjármálaleg samskipti; höndlun.

Viðskotailur (l) *Snefsinn; geðvondur*. „Hann er skelfing viðskotailur þessa dagana“.

Viðsnúningur (n, kk) Það að eitthvað taki aðra stefnu en verið hefur. „Mér þykir heldur hafa orðið viðsnúningur á rekstrinum“! „Það varð einhver viðsnúningur í pólitíkinni hjá honum“.

Viðspyrna (n, kvk) Það í umhverfinu sem unnt er að nota til að spyrna við fótum þegar togað er í eða lyft. „Þegar *setið* er *undir vað* er mikilvægt að velja sér góða *aðsetu* og örugga viðspyrnu“.

Viðstaddur / Viðlátinn (l) Á staðnum; nærri. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru...“ (PG; Veðmálið).

Viðstaða (n, kvk) Viðdvöl; tími sem stoppað er. „Þarna var engin veiði og við höfðum þar stutta viðstöðu“.

Viðstöðulaust / Viðstöðulítið (l) Án viðstöðu; hindrunarlaust/lítið. „Hann masaði viðstaðulaust um þetta“.

Viðtakamikill / Viðtakalítill (l) Um bátslag/*viðtökur*; hvernig honum *lagt út* (sjá þar) „Víða var skutur látinn ganga á undan í setningunni, nema ef brimaði; þá var *borið við*; þ.e. skipinu snúið sólarinnis á landi. Var það gert þar sem skip voru yfirleitt viðtakameiri að framan“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). Sjá *sjósetja*.

Viðtal (n, hk) Samtal; samræður.

Viðtalsbil (n, hk) Tímaeining varðandi lengd símtals. Meðan símtöl fóru fram gegnum handvirkar símsstöðvar þurfti að greiða fyrir langlínusímtöl. Eitt viðtalsbil var venjulega 3 mínútur og kom rodd sjálverkt inn í símtalið sem tilkynnti það.

Viðtekinn (l) Hefðbundinn; vanalegur.

Viðtekinn siður / Viðtekin venja (orðtak) Siður/venja sem menn hafa löngum *haft í heiðri*.

Viðtökur (n, kvk, fto) Flotkraftur báts, einkum þá átt við hvernig hann lyftir sér á báruna. Ef hann er *útlagamikill*; *viðtakamikill*, þá lyftir hann sér betur á báru, en sé það um of þá dregur úr ganghraðanum.

Viðunandi (l) Sem unað verður við; ekki vel fullnægjandi en getur gengið.

Viðundur (n, hk) Furðuvera; furðufyrirbæri; bjáni. „Hjálpaðu til en stattu ekki þarna eins og viðundur“.

Viður (n, kk) Tré; timbur; trjáviður.

Viðurgerningur (n, kk) Góðgerðir; veitingar; aðbúnaður. „Við fengum þarna góðan viðurgerning eftir þetta erfiða ferðalag“.

Viðurhlutamikill (l) Mikilvægur; ábyrgðarmikill. „Þetta þykir töluvert viðurhlutamikið starf“.

Viðurkenna (s) Meðganga; samþykkiþ. „Ég varð að viðurkenna að lambið var feikna vænt“.

Viðurkenning (n, kvk) A. Samþykki; meðganga; staðfesting. B. Verðlaun.

Viðurkvæmilegt (l) Viðeigandi; í lagi. „Mér finnst ekki vel viðurkvæmilegt að þakka ekki betur fyrir mig“.

Viðurlög (n, hk, fto) Refsing fyrir afbrot.

- Viðurnefni** (n, hk) Heiti sem samfélag býr til á manneskju, til viðbótar, eða í stað, skírnarheitis. „Og að sjálfsgöðu lá það beinast við að hún fengi viðurnefnið Lilla“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Viðurstyggð** (n, kvk) Viðbjóður; hneykslunarefni. „Svona matur innst mér algjör viðurstyggð“.
- Viðurstyggilegur** (l) Andstyggilegur; hneykslanlegur; fráhrindandi. „Þetta eru viðurstyggilegar aðfarir“.
- Viðurvist** (n, kvk) Viðvera; samvera; návist. „Hann fullyrti þetta í votta viðurvist“.
- Viðurværi** (n, hk) Nauðsynjar; matur og annað sem þarf til að komast af. „Margt má nota sér til viðurværis“.
- Viðutan** (l) *Annarshugar*; *utan við sig*. „Skelfing ertu viðutan; að setja vatn á bensintankinn“!
- Viðutré** (n, hk) *Hesputré*; áhald til að setja garn-/lopahespur uppá til að unnt sé að vinda af þeim í hnykil áður en þrjónað er. Einskonar hjól sem þó er ekki nema spælir með stuttum okum á ytri enda.
- Viðvaningsbragur / Viðvaningsháttur** (n, kk) Vinnulag þess sem ekki kann til verka. „Skelfingar viðvaningsbragur er á þessu“.
- Viðvaningur** (n, kk) Sá sem ekki er vanur/kann ekki til verka. „Hér eru engir viðvaningar á ferðinni. Þetta eru hraustir menn; þjálfaðir við brimlendingu frá barnæsku“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Það var oft erfitt fyrir viðvaninga; sjóveika í byrjun, og kvalræði að fara með kúfiskinn“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).
- Viðvarandi** (l) Stöðugur; sífelldur. „Það er enn viðvarandi þessi *gutlandi* af vestri“.
- Viðvera** (n, kvk) A. Um fiskveiðar; þegar fiskur er undir; þegar fiskur veiðist í nokkurri samfellu. „Það var ágæt viðvera yfir fallaskiptin, en *kippti úr* í upptökuna á suðurfallinu“. B. Um mann; vera viðstaddur/nálægur. „Þetta var lesið upp í viðveru vitna“.
- Viðvik** (n, hk) Aðstoð; snúningur. „...lét hann í ljós þakkir til mín fyrir viðvikið“ (ÓG; Úr verbúðum í víking).
- Viðvikagóður / Viðvikalipur** (l) Greiðvikinn; hjálpfús.
- Viðvíkjandi** (l) Varðandi; um. „Við ræddum ýmislegt þessu viðvíkjandi“.
- Viðvært** (l) Vært við; þolandi; sem hægt er að umbæra. „Að lokum varð draugur þessi svo nærgöngull Einari að honum þótti ekki lengur viðvært“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Viðvörun** (n, kvk) Aðvörun; varnaðarorð.
- Viðþol** (n, hk) Það sem unnt er að afbera; úthald. „Ég hafði ekki viðþol lengur, heldur hljóp á klósettið“.
- Viðþolslaus** (l) *Polir ekki við/afber ekki vegna verkja/kvíða/ótta* eða annars. „Ég er búinn að vera viðþolslaus af þessum árans *nábít* í allan dag“.
- Vigt** (n, kvk) A. Vog. B. Þyngd. „Ertu búinn að reikna út meðalvigtina hjá þér“?
- Vigta** (s) Vega; meta þyngd með vog/vigt/reislu eða öðru mælitæki. „... en til þess að fá fram niðurstöðu var aðeins einn kostur fyrir hendi; semsé að slátra lambinu og vigta skrokkinn“ (PG; Veðmálið).
- Vik** (n, hk) A. Bil; vogur; vík. „Utan við Lambahlíðina er, á flæði og í sjólausu; unnt er að sigla á litlum báti innum vik milli hleina; inní helli á bakvið Breiðuvíkurkleifina og koma út handan hennar“. „Niðurundan Þúfustekk er sérkennilegt vik eða skarð í hjallanum, nánast ferhyrnt að lögun, og heitir Klettakví“ (HÖ; Fjaran). „Stærstu búðirnar voru utaní og á *brystinu* sem rís upp frá vikinu milli Syðrikletta og Norðarikletta“ (HÖ; Fjaran). B. Viðvik; lítið verk. „*Fyrir vikið* misstum við nokkrar kindur“.
- Vika** (n, kvk) A. Sjö daga tímabil. B. *Vika sjávar*.
- Vika sumars / Vika vetrar** (orðtök) Samkvæmt fornu tímatali sem notað var af mörgum allt til loka 20.aldar, miðuðu menn fremur við viku sumars eða vetrar en mánaðardag. „Þá komu líka karlmenn í verið til róðra; venjulega í fyrstu viku sumars“ (IG; Æskuminningar). „Ennþá fór gangnaseðillinn rétta boðleið um hreppinn í tuttugustu viku sumars, og gangna- og réttardagur til fyrstu réttar var mánudagurinn í tuttugustu og annarri viku viku“ (PG; Veðmálið).
- Vika sjávar** (orðtak) Lengdareining vegalengdar á sjó, að fornu. Var notuð frameftir 20. öld í Kollsvíkurveri. „Meðan bátar skriðu áfram aðeins með árum og segli var þarna um alllangan veg að sækja, eða um þrjár vikur sjávar“ (Frá Kollsvíkurveri í Bug) (KJK; Kollsvíkurver). „Patriksfiord er omkring, fra klippen Sporhamar udi Talknebiærget og til Titlingahrigg udi Strömmes, 6 uger; og í breeden fra Talknen tvert over fuldkommen 1 uge søes“ (ÓÁ; Sýslulýsingar 1744-1749).
- Vikadrengur / Vikapiltur** (n, kk) *Léttadrengur*; *snúningastrákur*. Drengur sem vinnur ýmis létt verk og snúninga.
- Vikalipur** (l) Greiðvikinn. „Alltaf ertu jafn vikalipur, vinur“.

Vikivaki (n, kk) Gamall þjóðdans. Hringdans sem stundaður var sem skemmtun um öll Norðurlönd fram á þennan dag. Orðið er bæði notað um dansinn og hinn taktfasta söng sem sunginn er undir dansinum. Reyndar var orðið vikivaki ekki oft notað fyrrum heldur einungis „dans“. Þátttakendur í vikivaka haldast í hendur eða hver um axlir næsta manns og stíga dansspor; tvö til vinstri og eitt til hægri og stappa í gólfíð í áttunda spori. Forsöngvari sér um kvæðalestur en allir syngja viðlagið. Dæmi um vikivakakvæði eru t.d. Ásukvæði; Hani, krummi, hundur, svin; Ormurinn langi; Ólafur liljurós o.fl. Ekki voru minni í seinni tíð um vikivakadans í Kollsvík, en á Rauðasandi mun hefðin lengi verið höfð í heiðri á skemmtunum. Þar var dansaður *vefaradans*, eða „*vefa vaðmál*“, sem líklega hefur verið afbrigði af vikivaka.

Vikna (s) Klökkna; verða gráti næst. „Hún viknaði um stund þegar hún minntist þessa atviks“.

Vikulega (l) Í hverri viku.

Vikur (n, kk) Frauðkennt gosberg sem myndast gjarnan þar sem goskvikna þennst snöggt út við kólnun, t.d. við gos í vatni. Vikur er því léttur í sér og getur flotið á vatni, eins og Útvíknafolk sá glöggt í Surtseyjargosinu.

Vikurhrönn (n, kvk) Reki vikurs. „Meðan á Surtseyjargosinu 1963 stóð rak allmiklar vikurhrannir á fjörur í Kollsvík. Í fyrstu var meira um ljósleitan vikur, en síðar svartan“.

Vikutími (n, kk) Vika. „Það vildi til að kjör stóðu í hálfan mánuð um þetta leyti, en vikutíma tók það að koma hvalnum í land; sumir nefna enn lengri tíma“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Vil (n, hk) A. Vilji; vild; hagur. Sbr eitthvað er einhverjum *í vil*; einhverjum *gengur allt í vil*. B. Garnir.

Vild (n, kvk) A. Vilji. Þú mátt fara með þetta að þinni vild“. B. Um fiskveiðar; vilji fisks til að bíta á. „Vildin á fiskinum hélst og því var látið reka frá og suður...“ (ÖG; Þokuróður). Virðist ekki þekkt í þessari merkingu utan Kollsvíkur.

Vildarveiði (n, kvk) Mokveiði; veiði þar sem fiskur hleypur á um leið og rennt er. „Þarna var ágæt vildarveiði yfir *snúninginn*“.

Vildarverkfæri (n, hk) Mjög gott/nýtilegt verkfæri; þéanlegt áhald. „Þetta er meira vildarverkfærið“!

Vildisnáungi (n, kk) Mjög viðfelldinn maður. „Mér hefur hann reynst sem vildisnáungi og ekkert annað“.

Vildisskepnna (n, kvk) Gæðaskepnna; sem reynist vel. „Ég veit fáar slíkar vildisskepnur“.

Vildissjóveður (n, hk) Mjög gott sjóveður; kjör. „Það er ekki hægt að sleppa svona vildissjóveðri“.

Vildisveiði (n, kvk) Mjög góð veiði; góð vild; mokveiði. „Þarna á boðanum var því lík vildisveiði að ég man ekki annað eins“!

Vilja (s) A. Hafa hug á; ætla sér. B. Ætlast fyrir; hafa í huga. „Hinn stóð inni í stofu og starði á sjónvarpið;/ stæðilegan kroppinn hafði að bera./ Hann sagði heldur snúðugt: „Hvað var það fyrir þig?/ Hvað viltu hingað? Hvað ert þú að gera“? “ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).

Vilhallur (l) Hallast að; fylgjandi. „Ég er nú frekar vilhallur því að við prófum þetta“.

Vilja ekki hafa saman við að sælda (orðtak) Vilja ekki vera í kynnum við; vilja ekki vera/vinna með; vilja ekki skipta við. „Ég vil sem allra minnst hafa saman við hann að sælda“!

Vilja ekki sjá (orðtak) Vilja ekkert með hafa; vilja ekki líta við. „Kýrnar vilja ekki sjá þetta nýja hey“.

Vilja ekkert með það hafa (orðtak) Vera áhugalaus um/ neikvæður gagnvart. „Ég minnti hann á að taka veiðina með sér heim, en hann vildi ekkert með hana hafa; sagðist ekki nenna að gera að þessu“.

Vilja fá/hafa mat sinn og engar refjar (orðtak) Vilja fá mat en ekki undanfærslur/afsakanir/svik. „Strákurinn var orðinn glorsoltinn og heimtaði mat sinn og engar refjar“.

Vilja fá/hafa nokkuð fyrir snúð sinn (orðtak) Vilja fá eitthvað til endurgjalds/ í staðinn. „Maður vill nú helst fá eitthvað fyrir sinn snúð ef maður leggur á sig verulega vinnu í þessu verkefni“. Orðtakið er vísun í þjóðsöguna um viðskipti fátækra hjóna við huldumanninn Kiðhús. Sá maurapúki stal snúð kerlingar er hún sat úti að spinna. Karlinn heimtaði af honum margfalda greiðslu snúðsins með þeim orðum að „kerling vildi hafa nokkuð fyrir snúð sinn“. Þau urðu endalok karls og kerlingar að þau lögðu af stað með grautarleikju til himna til að gefa Maríu mey, upp ógnarlangan stiga sem Kiðhús hafði látið fyrir snúðinn. En úr stiganum féllu þau bæði. Úr heilaslettum þeirra urðu til hvítar skófir sem enn má sjá á steinum, en úr grautarslettunum uxu gulu skófirnar.

Vilja hvorki heyra né sjá (orðtak) Vilja ekkert hafa með að gera; afneita algerlega. „Ég bauð honum að koma með mér í kaffi, en hann vildi hvorki heyra það né sjá; sagði langbest að ljúka verkinu sem fyrst“.

Vilja mikið til vinna / Vilja miklu til kosta (orðtök) Leggja á sig mikla vinnu/ mikinn kostnað til að ná einhverju fram. „Mikið vildi ég vinna til þess að losna við þetta eilífa eyrnasúð“!

Vilja til (orðtak) Slá fyrir heppni; vilja svo heppilega til. „..... vindur stóð á land undir Múlanum; þó vildi til að frost var lítið“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949). „Það vildi til að kjör stóðu í hálfan mánuð um þetta leyti...“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík). „Svo vel vildi til að hún hafði sótt vatn út í brunnhús um kvöldið“ (IG; Æskuminningar). „Vetur þessi var, eins og menn muna, einn sá allra harðasti hvað jarðleysur áhrærir. Á flestum bæjum var hrein innistaða í 4-5 mánuði. Vildu mönnum til miklar og góðar heybirgðir“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).

Vilja til happs/lífs (orðtak) Verða til happs/lífs; *slá fyrir heppni*. „Það varð mér til lífs að ég náði góðu taki á sinutoppi um leið og hnúskurinn frast undir fótunum á mér og þeyttist niður bjargið“.

Vilja vinna til (orðtak) Vilja fórna fyrir/til. „Mikið vildi ég til þess vinna að vera aftur orðinn svona lipur“!

Viljakraftur / Viljaprek (n, kk) Vilji; ákveðni; áræði; þor. „Flestir komust að þeirri sömu niðurstöðu, að of mikil áfengisneysla hefði veikt þrekið og mótstöðuaflið og lamað viljakraft þeirra til að halda sér uppi“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Viljalaus (l) Sem skortir vilja/löngun/einurð.

Viljaleysi / Viljaskortur (n, hk/kk) Skortur á vilja; áhugaleysi. „Mér sýnist hér viljaskorti um að kenna“.

Viljalítill (l) Áhugaleysi; framtaksleysi. „Mér finnst hann frekar viljalítill að gera neitt í þessu“.

Viljandi (ao) Með vilja; af ásetningi; meðvitað. „Þetta var algjör slysi. Enginn gerir *svonalagað* viljandi“.

Viljastyrkur (n, kk) Einbeitni; þrjóska; kraftur viljans. „Þetta hafðist fyrir viljastyrk meira en annað“.

Viljaverk (n, hk) Það sem unnið er viljandi; meðvitandi gert. „Heldurðu að þessi bruni hafi verið viljaverk“?

Vilji (n, kk) Einurð; ætlun; löngun.

Viljugur (l) A. Um mann; með vilja til; af áhuga. „Atugaðu hvort hann sé hugsanlega viljugur að lána okkur þetta“. B. Um fisk í veiðiskap; *gefur sig til*; viljugur að bíta á krók. „Það hleypur ufsakóð á hvert járn, en stórþorskurinn er ekki jafn viljugur“. „Rak okkur nú um nokkurn tíma suður, og fengum sæmilega viljugan fisk“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Vill brenna við (orðtak) Um það sem miður fer öðru hvoru; kemur fyrir. „Yfirleitt hefur hann góða reglu á þessu, en það vill þó brenna við að hann gleymir sér“. Sjá *brenna við*.

Vill ekki máls á ljá (orðtak) *Má ekki heyra nefnt*; tekur ekki í mál. „Hann vill ekki máls á ljá að fara til læknis; hann segir að þetta sé að lagast“.

Vill fá/hafa mat sinn en engar/öngvar refjar (orðtak) Vill fá mat í stað úrtölu/eftirgangsmuna.

Vill honum/hennimér/þér til (orðtak) Sem betur fer fyrir hann/hana/mig/þig; til happs. „Hann missti jafnvægið á brúninni og datt, en það vildi honum til að hann náði að grípa í sinutopp um leið“.

Vill til happs / Vill til (orðtak) *Slær fyrir heppni*; vilja heppilega til. „Þegar ég var búinn að *kolfesta* bílinn þarna á Hálsinum, vildi það mér til happs að mjólkurbílinn átti leið um“.

Villa (n, kvk) A. Það að vera villtur. „Við lentum í villu í þokunni“. B. Vitleysa; skekkja. „Sjaldan hef ég séð eins margar villur í einu sendibréfi“! C. (Með línunum frb:) stórhýsi; glæsihýsi.

Villa á sér heimildir (orðtak) Látast vera annar en maður er.

Villa (einhverjum) sýn (orðtak) „Það *má vel vera* að þokan hafi eitthvað villt mér sýn, en ég gat ekki annað séð en þarna stæði naut uppi á hólnum“.

Villa um fyrir (einhverjum) (orðtak) Glepja/plata einhvern; kasta ryki í augun á einhverjum; sýna ranglega. „Meira hvað þokan getur villt um fyrir manni, þó maður eigi að þekkja sig upp á tíu fingur“!

Villandi (l) Sem blekkir/ villir manni sýn. „Þetta orðlag getur verið dálítið villandi“.

Villast frá / Villast undan (orðtak) Um lamb; villast frá móður sinni. „Óttalega er þetta lítið kvikindi; það hefur sennilega villst undan snemma í sumar“.

Villidýr (n, hk) A. Dýr sem lifir villt í náttúrunni. B. Líking; manneskja/dýr sem hagar sér óhemjulega.

Villimaður (n, kk) Ósiðaður maður; maður sem lítt hefur verið innan um annað fólk; sá sem þykir ekki hegða sér siðlega.

Villimannamál (n, hk) Mál villimanna/ósiðaðs fólks. „Ég fann bréf frá henni fyrir nokkru til tengdababba, bróður síns, þar sem hún er sú reiðasta við dóttur sína fyrir að hún ætlaði að láta ferma syni sína á ensku og meira að segja læra faðirvorið á ensku! sem hún taldi villimannamál og drengirnir kæmst ekki í kristinna manna tölu með slíku“ (SG; Vesturfarar; Þjhd.Þjms).

Villingur (n, kk) Villimaður; ósiðuð manneskja. „Þurfiði að haga ykkur alveg eins og villingar strákar“?!

Villimannslegur (l) Ekki eins og siðaður maður. „Hann var dálítið villimannslegur í útliti eftir þetta“.

- Villingalýður** (n, kk) Óþjóðalýður; óeirðaseggir. „En svo fóru hlutirnir að fara úrskaiðis og alls konar villingalýður eyðilagði þessi friðsömu mótmæli“ (SG; Bankahrúnið-Búsáhaldaþing; Þjhd.Þjms).
- Villtur** (l) Áttavilltur; veit ekki rétta leið á áfangastað. „Ég var farinn að halda að við værum villtir þegar við komum á hestveginn“.
- Villt og galið** (orðtak) Með miklum atgangi/látum; í miklum flýti; í óðakappi; brjálæðislega. „Við stungum upp garðinn villt og galið, þangað til fór að hellirigna“.
- Villugjarnt** (l) Hætt við að villast. „Á þessum slóðum er mjög villugjarnt, vegurinn liggur þarna sem næst ívinkil og verður að taka beygjuna á réttum punkti...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Eftir það hvarf allur reimleiki af völdum draugsins í Kollsvík, en reimt þótti eftir þetta í námunda við steininn, og villugjarnt“ (GJ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Villukenning** (n, kvk) Fullyrðing/kenning sem ekki þykir rétt. „Þetta tel ég vera algera villukenningu“!
- Villulaust** (l) Án villu. „Ég tel það bara gott hjá honum að skrifa bréfið svona nokkurnvegin villulaust“.
- Villuljós** (n, hk) Ljós sem truflar. „Það var hálfgerið villuljós af lugtinni“ (Ólöf Hafld.; Útkall við Látrabjarg).
- Villur** (n, kvk, fto) Röng leið. „Við lentum í villum á leiðinni“.
- Villur vega** (orðtak) Ekki á réttri leið. Sjá *fara villur vega*.
- Villuráfandi** (l) Fara um villtur; ganga í villu. „Þú ert nú alveg eins og villuráfandi sauður um þessi atriði“.
- Villuráfandi sál** (orðtak) Gjarnan notað af trúuðum um þann sem þykir vantrúaður. Einnig í líkingamáli, t.d. um pólitík. „Hann telur sig hafa komið a.m.k. einni villuráfandi sál inn á réttar brautir“.
- Villurit** (n, hk) Bók sem álitin er ógn við ríkjandi strangtrú. „En Gísli segir ennfremur að kunnugir hafi talið að lítill myndi hann trúmaður, og læsi jafnan „villurit“ það er kallast „Jesús og skynsemin“ og héldi mjög af því“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Villutrú** (n, kvk) Trú sem af einhverjum er talin röng. Meira notað fyrir á tímum, þegar landsmenn bjuggu almennt við eina trú, en heyrst síður í umburðarlyndi samtímans.
- Vilpa** (n, kvk) For; dý; *seil*; *vatnssósa* jörð. „Það þyrfti að ræsa fram þessa vilpu neðanvið haughúsið“.
- Vilsa** (n, kvk) Gröftur; útfærð; hlaup. „Það er einhver vilsa í sárinu sem þarf að hreinsa vel úr“.
- Vilyrði** (n, hk) Ádráttur; nokkurskonar loford. „Þá gat hann þess að vilyrði væri fyrir veginn út á Bjarg“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Vina** (n, kvk) Vinkona.
- Vinafár / Vinalaus / Vinasnaður** (l) Óvinsæll. „Ég held að hann verði fremur vinafár í sínum flokki eftir þetta“.
- Vinalega** (ao) Vingjarnlega; góðlátlega.
- Vinalegur** (l) Vingjarnlegur; góðlátlegur. „Ansi er þetta vinalegt kvikindi“.
- Vinalæti** (n, hk, fto) Atlot; fagnaðarlæti; ánægja yfir endurfundum. „Honum fannst helst til mikil vinalæti í hundinum“!
- Vinarbragð / Vinargjöf / Vinargreiði / Vináttuvottur / Vináttubragð / Vináttugjöf** (n, hk/kk) Það sem vinur gerir fyrir vin vegna vináttu, t.d. sjálfboðaverk. „Ég þakka kærlega fyrir þetta vinarbragð“.
- Vinarhugur / Vinarþel / Vináttuhugur / Vináttuþel** (n, hk) Væntumþykja; góðvild.
- Vinátta** (n, kvk) Gagnkvæmur hlýhugur hugur milli manneskja, án þess að vera ástarsamband pars.
- Vinda** (n, kvk) A. Tæki til að vinda þráð, slöngu eða annað upp á kefli; spil. B. Tæki til að búa til snúning á eitthvað, t.d. taumavinda. C. Tæki til að vinda bleytu úr þvotti, t.d. *tauvinda*/þvottavinda.
- Vinda** (s) A. Blása; hvessa; auka vind. „Hann er farinn að vinda allhressilega“. B. Snúa; hanka. „Við skulum vinda bandið uppá keflið“. C. Snúa uppá efni til að ná úr því vatni. „Ég ætla að vinda úr sokkunum“. D. Hreyfa skrokkinn með snúningi. „Hann ýtti bátnum frá og vatt sér uppí hann um leið“.
- Vinda af sér (fötin/húfuna/sokkana)** (orðtak) Vinda vatn/sjó úr fötum sínum eftir t.d. rigningu eða ágjöf.
- Vinda/vinna/gera (bráðan) bug að (einhverju)** (orðtak) Drífa í einhverju; framkvæma strax. Bugur merkir sveigja. „Bráður bugur“ merkir „skyndileg sveigja“ í átt að viðfangsefninu. Sjá *vinna bug á*.
- Vinda fram** (orðtak) Um atburðarás; þróast; gerast; verða. „Við skulum sjá til hvernig þessu vindur fram, áður en við förum að *grípa inn*“.
- Vinda sér að (einhverjum)** (orðtak) Snúa sér að einhverjum, t.d. til að tala við hann. „Ég vatt mér að honum eftir ræðuna og spurði hvað hann hefði verið að meina“.

- Vinda sér í (eitthvað)** (orðtak) Snúa sér einarðlega að tilteknu verkefni. „Ef þú ert búinn með kaffið skulum við bara vinda okkur í þetta“.
- Vinda upp** (orðtak) A. Um veður; *vinda*; *auka vind*/blástur. „Mér sýnist á loftinu að hann gæti vindað töluvert upp seinnipartinn“. B. Um klukku/gangverk; trekkja; *draga upp*. „Nú er klukkan farin að standa; það hefur alveg gleymst að vinda hana upp“.
- Vinda upp segl** (orðtak) Draga upp segl á bát. „Voru nú undin upp segl á Guðbjörgu, og var það ætlunin að sigla undir Bjargtanga og hafa þar landkenningu“ (ÖG; Þokuróður).
- Vinda úr** (orðtak) Vinda fatnað til að minnka bleytu í honum. „Ég settist á bakkann til að vinda úr sokkunum“.
- Vindafar** (n, hk) Vindáttir og vindstyrkur yfir einhvern tíma. „Það hefur verið sérkennilegt vindafarið í dag“.
- Vindafli / Vindorka** (n, hk/kvk) Afl/orka í vindi. Snemma tóku menn að virkja vindorku á ýmsan hátt. Augljósasta dæmi slíks eru segl skipa. Vindrafstöðvar komu snemma á ýmsa bæði í Rauðasandshrppi og voru í fyrstu einkum notaðar til að hlaða batteri útvarpsviðtækja.
- Vindasamur** (n, kk) Lýsing á tíðarfari eða aðstæðum. „Vorið var nokkuð vindasamt“. Það er dálítið vindasamt hér uppi á hólnum“.
- Vindaský** (n, hk) Ský sem greinilega er teygð í vindi. Eitt af mörgum spámerkjum veðurs.
- Vindauga** (n, hk) Gat á gaflí húss til loftræstingar. Ekki mikið notað vestra á síðari tímum en er sama orðið og Skandinavarnota yfir glugga; „vindue“ og einnig engelskir: „window“.
- Vindaukandi** (l) Um mat sem veldur miklum *vindgangi*/viðrekstrum/prumpi. „Ég held ég hafi ekki gott af meira rúgbrauði núna; það er dálítið vindaukandi“.
- Vindáttir** í Útvíkum voru þessar, að sögn Ólafs E. Thoroddsen Vatnsdal; Daniéls Eggertssonar Hvallátrum og Ólafs Magnússonar Hnjóti: „*Landnyrðingur* = sunnanátt; *útsynningur* = suðvestanátt; *hafnyrðingur* = norðanátt; *austnorðan* = þegar áttin gengur frá austri til norðurs; *norðaustan* = þegar áttin gengur frá norðri til austurs“ (LK; Ísl. sjávarhættir III). Í seinni tíð hafa þessar skilgreiningar ekki haldist varðandi landnyrðing, austnorðan og norðaustan.
- Vindband** (n, hk) Um seglabúnað; band sem fest er í seglflötinn, og notað til að ná vindi úr seglinu; þ.e. draga úr því pokann sem vindurinn myndar.
- Vindbarinn** (l) Veðurbarinn; hefur þurft að þola hvassan vind. „Þú hlýtur að vera kaffiþurfi; svona vindbarinn eins og þú ert“.
- Vindbára** (n, kvk) Bára sem vakin er af vindi en hefur ekki langan aðdraganda, t.d. bára inni á fjörðum. Einnig vindbáruvaðall og vindbáruskvaldur. (ÞJ Hvallátrum; LK; Ísl. sjávarhættir III).
- Vindbelgingur** (n, kk) Allmikill vindur; ; strekkingur hvassviðri; *þræsingur*. „Enn heldur hann sama vindbelgingnum“. „Maður nennir ekkert að hanga á netum í þessum vindbelgingi“.
- Vindblásinn / Vindþurrkaður** (l) Veðurbarinn; kaldur; þurrkaður. „Maður verður nokkuð vindblásinn á brún í þessum *belgingi*“.
- Vindblástur** (n, kk) Vindur; gustur; kaldi. „Á brúninni var tölverður vindblástur, þó logn væri niðri“.
- Vindblær** (n, kk) Hægur vindur; andvari. „Þetta er fyrirtaks þurrkur; glannasólskin og smá vindblær“.
- Vindgangur** (n, kk) *Iðraloft*; *garnagaul*; *ólgra* í vömb; *viðrekstur*; *fretur*; *prump*. „Skelfingar vindgangur er í manni eftir rúsínuátið“. „Ég þarf að fara varlega í rúgbrauðið; ég fæ alltaf dálitinn vindgang af því“.
- Vindgapi** (n, kk) Veðurgapi; upprifinn lönguhaus; galdraumbúnaður sem sagður var ætlaður til að magna upp storm. Kollsvíkingar kunnu að segja af þessu sögur, en enginn vissi til að það hefði verið notað þar. Í Þjóðsögum Jóns Arnasonar segir: „Vindgapi er hafður til að gjöra ofviðri að mönnum sem eru á sjó og drekkja þeim. Þessi aðferð er sagt að hafi verið þar viðhöfð að galdramaður tók upprifið lönguhöfuð og festi það niður, annaðhvort á sjávarbakka ef hann var hár, t.d. bergsnös eða á öðrum stað sem hátt bar á, og lét það sem út snýr á lönguhausnum úpprifnum snúa í þá átt sem hann ætlaðist til að veðrið kæmi úr. Síðan tók hann kefli og risti á það bandrún þessa, veðurgapann/ginfaða, þandi svo með keflinu út kjafinn á lönguhausnum og festi það þar. Æstist þá veður í lofti úr þeirri átt sem galdramaður vildi og umhverfði sjónum svo engum skipum var fært á sjó að vera nema þeim einum sem jafn vel voru að mennt eða betur en sá sem veðrinu olli“. „Kom fyrir að búinn var út svokallaður veðurgapi, en það var upprifinn lönguhaus. Var sendur með hann góður reiðamaður upp í siglu. Þar var hann bundinn og látinn gapa í þá átt sem æskilegast þótti að styrmdi úr. Raunar gerðu menn þetta helst að gamni sínu eða af einhverskonar rælni, en ekki vegna átrúnaðar“ (GG; Skútuöldin). Sjá einnig *níðstöng*.
- Vindgára** (n, kvk) Gráð; lítilsháttar bára. „Það var pollsslétt, en lítilsháttar vindgára þó uppvið landið“.

Vindgeljandi (n, kk) *Vindsveljandi; vindbelgingur*; töluverður kaldi/næðingur. „Ég heyrði ekki vel hvað hann var að kalla fyrir vindgeljandanum“.

Vindgjóla / Vindgustur (n, kvk) Kaldi. „Hann er að auka þessa vindgjólu. Ætli við förum ekki að fara í land“.

Vindhani (n, kk) A. Veðurviti; áhald sem snúist getur á pinna og haft á t.d. húspaki til að sýna vindátt. B. Líkingamál um montinn/yfirborðskennan mann; montrass. „Ég tek nú lítið mark á þeim vindhana“!

Vindhviða (n, kvk) Gustur af vindi. „Færið hans Árna var að renna í botninn þegar skörp vindhviða fór yfir bátinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „...og er farið að leggja snarpar vindhviður á sjóinn“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; fiskiróður).

Vindhögg (n, hk) Högg sem missir marks; sláttur út í loftið. „Slagsmálhundarnir voru báðir svo drukkir að flest hnefahögg urðu vindhögg“.

Vindill (n, kk) A. Vöndull; það sem er rúllað/undið upp í stranga. B. Oftast notað um vindla sem reyktir eru, þ.e. uppvaðin tóbaksblöð.

Vindingur (n, kk) A. Snúningur; vafningur; verpingur. „Það er töluverður vindingur í þessari fjöl“. B. Hönk; vafningur. „Vertu ekki að taka allan vaðinn í sundur; ág þarf bara fáina vindinga til að komast á stallinn“.

Vindkaldi / Vindkul / Vindkæla (n, hk) Gjóla; kaldi. „Hann er að leggja einhverja vindkælu upp á víkina núna“. „Það eru árarar, knúnar hertum höndum, sem fleyta báti í vör. Hæfilegur vindkaldi er legði í segl, væri þó vel þeginn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Var nú aftur kominn svolítill vindkaldi...“ (ÖG; Þokuróður).

Vindlahulstur / Vindlakassi / Vindlapakki / Vindlastokkur (n, hk/kk) Ílát til geymslu á vindlum.

Vindlalykt (n, kvk) Lykt af vindlareyk. „Pabbi reykti vindla einungis á stórhátíðum, og enn í dag kemst ég í hátíðarskap þegar vindlalykt leggur að vitum“.

Vindlaust (l) A. Hægviðri; enginn vindur. B. Um dekk; loftlaust. „Það er alveg orðið vindlaust afturdekkið á traktornum. Hann liggur á felgunni núna“.

Vindmegin (ao) Til móts við vindinn; móti vindi. „Hann raðaði eggjabrúsunum vindmegin við sig meðan hann hélt við spottann“. „Ég gætti þess að hafa tófuna vindmegin við mig“.

Vindmylla (n, kvk) A. Hverfill sem snýst í vindi og notaður er til mölunar á korni. B. Vindhverfill sem notaður er til annarra verka s.s. sögunar eða rafmagnsframleiðslu.

Vindorka (n, kvk) Orka vinds. Hefur verið nýtt á einn eða annan hátt frá upphafi vega, t.d. með seglum báta. Nú á tímum hafa stórar vindmyllur víða risið, til raforkuframleiðslu. Sú nýting er þó vandkvæðum bundin vegna m.a. ófyrirséðra sveiflna í orkuframleiðslu; sjónmengunar o.fl.

Vindrafstöð (n, kvk) Vindrafstöðvar voru víða á bæjum í Rauðasandshreppi um miðja 20. öld, áður en samveita kom. T.d. var um tíma vindrafstöð á Stekkjarmel.

Vindrella (n, kvk) Lítil túrbína sem snýst í vindi.

Vindskafinn (l) Um skýjafar; háský sem greinilega voru teygð í vindi. „Hann er vindskafinn til loftsins“.

Vindsperringur (n, kk) Strekkingsvindur; *vindstrambi*. „Ári ætlar hann að halda þessum vindsperringi“. Sjá *sperringur*; *norðansperringur*.

Vindstaða/Vindátt (n, kvk) Átt sem vindur blæs úr. „Eins var það til boga ef vindur stóð á land“ (KJK; Kollsvíkurver).

Vindstaða (n, kvk) Vindátt. „Var nú aftur kominn svolítill vindkaldi, og reiknuðu þeir með sömu vindstöðu og verið hafði í byrjun...“ (ÖG; Þokuróður).

Vindstig (n, hk) Mælieining fyrir vindstyrk. Til skamms tíma var notaður svonefndur Beaufort-kvarði til mælinga á vindstyrk. Kenndur við Francis Beaufort, breskan sjóliðsforingja sem hannaði hann árið 1806, og miðaðist upphaflega við áhrif á siglingu seglskips. Var síðar aðlagður aðstæðum á landi. Nú á dögum er vindhraði mældur í metrum á sekúndu. Þannig er 1 eldra vindstig 1,1 m/sek; 4 vindstig 6,7 m/sek og 11 Beaufort-vindstig jafngilda 30,8 m/sek.

Vindstrambi (n, kk) Strekkingsvindur; *golusteitingur*. „Það var bölvæður vindstrambi fyrir Blakkinn“.

Vindstrengur (n, kk) Hvass, en mjög staðbundinn vindur. „Hann leggur vindstreng niðurur dalnum“.

Vindstroka (n, kvk) Hvöss vindkviða; vindstrengur. Hann lagði einhverja vindstroku hér um smátíma“.

Vindsuða (n, kvk) Lág vindhljóð. „Heyrðu þeir þá eins og vindsuðu, og um leið fór að bera á smábáru sem var mjög óð; eins og undan vindi“ (ÖG; Þokuróður).

Vindsvali (n, kk) Vindkul; svalandi gola í hlýju veðri. „Bjargið liggur frá austri til vesturs og blasir því vel við sólu allan daginn. Er því afarheitt í bjarginu þegar sólskin er, þótt vindsvali sé á brúninni“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).

Vindsveipur (n, kk) Vindhviða sem sveigir fyrir hindrun; hvirfilvindur.

Vindsveljandi (n, kk) Strekkingsvindur; *vindstrambi*. „Við erum ekkert að hanga lengur í þessum vindsveljanda“.

Vindsæng (n, kvk) Uppblásin dýna sem notuð er sem svefngagn.

Vindur (n, kk) A. Loft á hreyfingu. Vindur var hinn mesti örlagavaldur í búskap og útgerð í Kollsvík. Því kemur ekki á óvart að honum hafa verið fundin ýmis nöfn eftir áttum, styrk og áhrifum. Ýmsir spádómar voru tengdir vindi: „Vindur sem kemur á degi varir lengur en sá sem að nóttu kemur. Eftir langan sunnanvind kemur jafnaðarlega regn og flestir stormar endast með regni. Hefjist hvass vindur í logndögg þá er viss von að bráðum þorni. Útnyrðingur sefast oft um sólarlag þegar hún kemur í þá átt. En hægi ekki, merkir hörku og líka þráviðri. Austanvindar endast oft með hreggi og þar af er komið máltækið; oft kemur óveður í endaðan þey“ “ (BH; Grasnytjar). B. Þarmagas; viðrekstur; prump. „Einhver ansans vindur er í manni núna“!

Vindur í fangið (orðtak) Vindur á móti göngumanni. „Þegar við lögðum af stað þurftum við að fara yfir fjallveg í þessu óveðri; það þók okkur á þriðja klukkutíma, með vindinn beint í fangið“ (ÁH, um leiðangur úr Kollsvík að Sargon-strandinu; Útkall við Látrabjarg).

Vindutré (n, hk) Stöng sem stungið er í gegnum auga á *spilkarli* á *gangspili*. Sinn maður gengur svo á hvorn enda og *spilar* bátinn upp með því að vinda *spilvirinn* um á spilkarlinn. Oft er unnt að hafa tvö vindutré á hverju spili; hornrétt hvort á annað, þannig að fjórir geti tekið á. Gangspil sem síðast voru í Kollsvík höfðu þó einungis eitt auga.

Vindverkir (n, kk, fto) Kviðverkir sem orsakast af vindgangi/þarmalofti.

Vindpota (n, kvk) Vindhviða. „Nokkrar skarpar vindpotur gengu enn yfir, og svo var lognið búið en á skammri stundu komið hvassviðrið“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Vindþurrkaður (l) Þurr eftir vindblástur. „Mikið er nú gott að fá kaffi þegar maður er orðinn svona vindþurrkaður“!

Vinfengi (n, hk) Vinátta. „Ég var í miklu vinfengi við þessa fjölskyldu“.

Vingast (s) Verða vinur; falla vel; koma sér vel við. „Hann er að reyna að vingast við heimasætuna á bænum“.

Vingjarnlega (ao) Í vinsemd; góðlátlega. „Þau tóku mjög vingjarnlega á móti okkur“.

Vingjarnlegur (l) Vinalegur. „Mér fannst hann ákaflega vingjarnlegur í okkar garð“.

Vingl (n, hk) Rugl; stefnulaust ráp; tilgangslaust dund. „Féð hefur ekki mikið í sig með þessu vingli“.

Vingla (n, kvk) Vitlaus snælda; sérstök snælda sem notuð var til að spinna hrosshár í reipi. Samanstendur af tréskafti sem spunaþráðurinn vinst uppá; á honum fremst og þvert leikur armur. Spunnið er með því að halda aftast í skaftið og sveifla arminum hring eftir hring; þannig að um hann renni þráðurinn og spinnist upp á skaftið. „Þegar lokið var við að borða og drekka var sest að ullarvinnu. Konur spunnu; karlmenn táðu, greiddu hrosshár og spunnu það á vinglu eða fléttuðu reipi og brugðu gjarðir“ “ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Mig langar til að bæta við þetta nokkrum orðum um spuna á vinglu sem afi minn notaði til að spinna á; aðallega hrosshár en smávegis líka togi. Úr hrosshársbandinu fléttaði hann svo reipi, alltaf með 5 þáttum. Líka var halasnælda notuð talsvert mikið til að tvinna og þrinna á; einkum gróft band“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Vingla við / Vingla kringum (orðtök) Dunda við án mikils árangurs. „Ég held það skipti ekki miklu máli hvort hann er að vingla við þetta eða ekki“.

Vinglast (s) Snövla; ráfa; dunda. „Það er spurning hvort það borgar sig að vinglast lengur í þessum búskap“.

Vings (n, hk) A. Sveifla; það að veifa/sveifla. „Hættu þessu vingsi með hrífuna drengur; þú getur meitt einhvurn“! B. Gauf; dund. Þetta vings *hefur* ekkert *uppá sig*; við verðum bara að drífa í þessu“!

Vingsa (s) Sveifla; veifa; róla. „Hann *stóðst ekki mátið* að vingsa fiskinum framan í félagana; og auðvitað slitnaði kvikindið af króknum og hvarf í sjóinn“!

Vingsast (s) Dóla; gaufa; dunda. „Hann var að vingsast þarna í kringum okkur; mest til að tefja fyrir“!

Vingull (n, kk) A. Ein tegund grasættar (festuca). T.d. túnvingull. B. Auli; aumingi; *veifiskati*. „Skelfingar vingull er þetta ef hann lætur valta svona yfir sig“.

Vingulsháttur (n, kk) Óstöðugleiki í fyrirætlunum/vilja; ístöðuleysi; flökt. „Farðu nú að ákveða þig í þessu; svona vingulsháttur gengur ekki“!

Vingulslegur (l) Ráfulegur; aulalegur; viðutan; reikull í skoðunum. „Skelfing finnst mér hann vingulslegur í þessu; hann mætti sýna meiri röggsemi“.

- Vinka** (s) Veifa; blaka hönd í kveðjuskyni eða til að vekja athygli. „Hún vinkaði þegar bíllinn rann úr hlaði“.
- Vinkilbeygja** (n, kvk) Beygja í 90°.
- Vinkiljárn** (n, hk) Járnstöng sem beygð er í rétt horn báða enda, þannig að rétt horn sé milli átta á endunum. Endarnir eru yddaðir og reknir inn í viði í byggingum til að halda þeim saman á mótum.
- Vinkona** (n, kvk) Kvenkyns vinur; kunningjakona.
- Vinkra yfir / Vinkra í kringum** (orðtök) Stjákla kringum; eftirlíta; vakta; *vokka yfir*. „Hann er að enn að vinkra yfir tvævetlunni sem var að bera“.
- Vinmargur** (l) Á marga vini; vinsæll. „Ég á nú ekki svo marga vini að ég megi við að tapa þeim bestu“.
- Vinna** (n, kvk) Verk; verknaður; verkefni; iðja; starf. „Hann er í fullri vinnu við þetta“.
- Vinna** (s) A. Framkvæma verk; starfa; iðja. „Hann er að vinna við þetta núna“. B. Sigrá; hafa betur í keppni/veðmáli. „Helgi í Tröð og fleiri lásu á hana og staðfestu þar með að Liði hefði unnið veðmálið“ (PG; Veðmálið).
- Vinna að...** (orðtak) A. Um mat; nýta matinn vel með því að kroppa/borða allt sem mögulega næst „Þú getur nú unnið betur að þessum beinum drengur; skömm að henda öllum þessum mat“. *Sjá éta/kroppa til þrifa*. B. Um hluti; eyðileggja; skemma. „Hann er búinn að vinna gjörsamlega að skóflunni í þessu stórgrýti“. D. Starfa við. „Þeir vinna að vegagerð á fjallinu“. E. Stefna að. „Að þessu hefur verið unnið í mörg ár“.
- Vinna að markinu** (orðtak) Kroppa úr hryggjarliðum herts steinbits (upp á gamla mátann). „Þegar hertum *steinbít* var *sundrað* í tvennt var tekið í hvorn helming og rífið um hnéð. *Markið* fylgdi þá *dálkhelmingnum* ásamt sporði og bekugga. Kroppað var úr hryggjarliðunum og þar í kring; kallað að vinna að markinu. “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÖETH).
- Vinna að því öllum árum** (orðtak) Vinna því framgang með öllum tiltækum úrræðum. Líklega gömul líking við að menn noti ára/djöfla sér til hjálpar, líkt og Sæmundur fróði. Ár kann þó þarna að vara í merkingunni morgunn, og því merki þetta í raun að rífa sig upp alla morgna. Ólíklegra er að þarna sé átt við árar á báti. „Hann hefur unnið öllum árum að því að þetta gæti orðið að veruleika“.
- Vinna af kappi / Vinna baki brotnu / Vinna eins og berserkur** (orðtök) Vinna mjög ötullega / af ofurkappi; ganga nærri sér í vinnu; vinna með ofurmannlegum afköstum. „Við höfum unnið að við þetta baki brotnu í allan dag“.
- Vinna af sér** (orðtak) Klára vinnuskyldu fyrir en ætlat er til; leggja fram vinnu í stað annarrar greiðslu. „Vermenn unnu af sér það sem gert var fyrir þá með því að taka upp mó í landlegum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Vinna á** (orðtak) Verða betri/sigurstranglegr; ná betri vinningslíkum. „Menn töldu hann ekki líklegan til sigurs í byrjun, en hann hefur mikið unnið á upp á síðkastið“.
- Vinna á (einhverju)** (orðtak) A. Sigrast á einhverju; ráða niðurlögum einhvers; drepa einhvern. „Þeir króuðu rebba af í holunni og unnu á honum þar“. B. Geta tuggið. „Hann sagði að það þýddi ekkert að bjóða sér svona harðan fisk; hann gæti ekkert unnið á honum, svona tannlaus“.
- Vinna á túni** (orðtak) Mylja húsdýraáburð niður í grasrót á túnnum. „Að vorinu var þessi áburður svo unninn sem best niður í grasrótina. Var það kallað „að vinna á túni“. Til þess var notaður slóði sem muldi skítinn, og var hann dreginn af hesti“ (ÖG; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi). „Þá þurfti að vinna kartöflugarðana og setja niður; vinna á túnnum og hreinsa þau“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Karlmennt komu ekki að skepnuhirðingu eftir að þeir fóru í Verið. Konur urðu að bæta þeim á sig, og vinna á túnnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). *Sjá áburður*.
- Vinna baki brotnu** (orðtak) Vinna af hörku; vinna af slíkum krafti að maður fái illt í bakið, líkt og bakið væri brotið. „EKKI veit ég til hvers maður er að þræla baki brotnu við þennan búskap“!
- Vinna bug á** (orðtak) Sigrast á; yfirvinna; buga. „Smám saman tókst mér að vinna bug á mestu myrkræðslunni“. Bugur er sveigja. Orðtakið vísar líklega til þess að beygja andstæðing sinn.
- Vinna eið að (einhverju)** (orðtak) Sverja eitthvað. „Ég gæti unnið eið að því að þetta var hvorki kind eða nein mannleg skepna. Fjörulalli var það og ekkert annað“!
- Vinna fyrir sér** (orðtak) Vinna fyrir launum sem duga.
- Vinna garða** (orðtak) *Stinga upp* garða. „Þá þurfti að vinna kartöflugarðana og setja niður“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Vinna greni** (orðtak) Ná tófufjölskyldu úr greni.
- Vinna handarvík** (orðtak) Vinna eitthvað. „Ég kalla það nú ekki starf að sitja við tölvu en vinna aldrei neitt handarvík“.

- Vinna hörðum höndum að** (orðtak) Vinna markvisst að; keppa mjög að. „Við unnum að því hörðum höndum að hreinsa netin og koma þeim aftur í sjóinn“.
- Vinna í félagi** (orðtak) Vinna saman; nýta hagkvæmni samvinnu. „Í svona bjargferðum var allt unnið í félagi“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Vinna myrkranna á milli** (orðtak) Vinna frá fyrstu dagskímu til náttmyrkurs; vinna samfellt/ mjög mikið.
- Vinna sér í haginn** (orðtak) Vinna skipulega og af fyrirhyggju. „Við getum undirbúið þetta núna og þannig unnið okkur í haginn fyrir morgundaginn“.
- Vinna sér til matar** (orðtak) Gera sér mat úr; kroppa utanaf og snæða. „Það ætti að vera hægt að vinna þetta sér til matar“. „Að sjá hvernig þú skilur við ketbeinið drengur! Kanntu ekki að vinna þér til matar“? Alltaf notað þannig í Kollsvík, en annarsstaðar mun það hafa merkt að vinna fyrir mat sínum.
- Vinna sér til ófrægðar/óhelgi** (orðtak) Gera eitthvað af sér; *skamma sig upp*. „Nú hefur bévítans hrafinn unnið sér það til óhelgi að éta undan kollunni. Nú má farga ófétinu fyrir mér“.
- Vinna sig í álit / Vinna sig upp** (orðtök) Vinna að því að hækka í álit hjá einhverjum, t.d. valdsmanni; stuðla að því með dugnaði að auka tekjur sínar eða völd; komast í betra starf með vinnu sinni.
- Vinna til (einhvers)** (orðtak) Stuðla að einhverju; fórna fyrir eitthvað takmark. „Mikið vildi ég til þess vinna að þetta gæti orðið að veruleika“. Sjá *vilja vinna til*.
- Vinna (eitthvað) til** (orðtak) Gera eitthvað að launum. „Hann sagði að ég mætti eiga hnífinn, en ég þyrfti að vinna það til að klára hans hluta af arfareytingunni“.
- Vinna (eitthvað) upp** (orðtak) Ljúka við eitthvað; klára vinnslu einhvers. „Ef við klárum að hreinsa þessa strengi fyrir hádegið, þá verðum við kannski búnir að vinna þetta upp fyrir kvöldið“.
- Vinnan göfgar manninn** (orðtakiltæki) Það bætir gáfur, geð, styrk, verklag og rökhugsun að vinna. Þessi sannindi voru þó meira í heiðri höfð áðurfyrr, þegar fólki féll ekki verk úr hendi svo lengi sem það hafði uppistöðumátt. Jafnvel var talið að bæta mætti afbrotamenn með því að láta þá vinna. Sjá *betrunarhús*.
- Vinnandi vegur** (orðtak) Gerlegt; framkvæmanlegt. „Það er *ekki vinnandi vegur* að ná þessu inn í báttinn“.
- Vinnast** (s) A. Um verk; ganga fram; þokast. „Þetta vinnst sámilega eftir að ég náði réttu lagi á því“. B. Um mann; afkasta; geta. „Honum vinnst þetta fremur seint, sýnist mér“. C. Sigrast; nást. „Ég er sannfærður um að sigur vinnst í þessu máli; fyrr eða síðar“.
- Vinnast tími til** (orðtak) Ná að koma í verk áður en aldur/tími rennur út. „Mér vinnst ekki tími til að ganga almennilega frá þessu strax“. Sjá *endast aldur*.
- Vinningur** (n, kk) Það sem vinnst í happdrætti.
- Vinnuaðferð** (n, kvk) Aðferð/lag við vinnu. „Svona vinnuaðferðir hef ég ekki séð áður“.
- Vinnuafli** (n, hk) Mannaflí/mannfjöldi sem vinnur verk.
- Vinnubomsur** (n, kvk, fto) Vinnuskór; uppháir skór sem notaðir eru við vinnu. „Ég ætla nú að fara úr vinnubomsunum úti á hlaði; þær eru *ekki í húsum hæfar*“.
- Vinnubrögð** (n, hk, fto) Aðferðir við vinnu/verk; verklag. „Hverskonar vinnubrögð eru þetta nú eiginlega“?
- Vinnubýtti** (n, hk, fto) *Verkabýtti*; *verkaskipti*; verkaskipti; vinna sem unnin er gegn öðru vinnuframlagi. „Bændur í Kollsvík unnu mikið í vinnubýttum af ýmsu tagi, eins og oft vill verða í fjölmennu nábyli. Þannig var ýmsum framkvæmdum komið í verk með samhjálp, sem hefðu verið erfið eða ómöguleg fyrir einn“.
- Vinnudagur** (n, kk) Tíminn sem unnið maður er í vinnu að deginum. „Það gat tekið 4 – 6 tíma að ljúka aðgerð og ýmsu fleira sem sinna þurfti áður en gengið var til náða. Og gat þá vinnudagurinn orðið allt að 18 stundir“ (KJK; Kollsvíkurvef). „Já, það var oft langur vinnudagurinn hjá elsku mömmu minni, en ekki man ég eftir að hafa heyrt hana kvarta um erfiðan né langan vinnudag“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Vinnudrif** (n, hk) Aflúttak á dráttarvél, til að tengja tækjum sem þurfa að snúast.
- Vinnufélagi** (n, kk) Sá sem maður vinnur með. „Nú voru vinnufélagarnir hins vegar hver af öðrum að losna frá verkum sínum“ (PG; Veðmálið).
- Vinnuflýtir** (n, kk) Það sem flýtir fyrir vinnu; vinnusparnaður.
- Vinnufriður** (n, kk) Friður/næði til að vinna. „Aldrei er vinnufriður fyrir þessum túristum“!
- Vinnufær** (l) Getur unnið erfiðisvinnu. „Þann tíma fluttu allir vinnufærir karlmenn í Verið...“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Vinnuharður** (l) Harður/duglegur til vinnu. „Þótti sigríi hann ekki nógu vinnuharður, né sækja sjó af slíku kappi sem hún vildi (GiG; Frá ystu nesjum).

Vinnuharka / Vinnukergja (n, kvk) Dugnaður við vinnu; mikil ósérhlífni. „Láttu nú ekki vinnukergjuna drepa þig alveg“.

Vinnuhjú (n, kvk, fto) Fyrri tíma heiti á vinnufólki/verkefólki á sveitabæjum.

Vinnuhjúaskildagi (n, kk) Dagur sem ráðning vinnufólks hefur miðast við frá fornu fari; nú 14. maí, en var áður 3. maí eða krossmessa á vori.

Vinnuhjúaverðlaun (n, hk, fto) Verðlaun til þess af vinnufólki sem staðið hefur sig best. Vinnuhjúaverðlaun má sjá sem fundarefni á fundi Umf Vestra árið 1919.

Vinnukergja (n, kvk) Ódrepani einurð/úthald við vinnu; stanslaus vinna. „Vinnukergjan má nú ekki verða svo mikil að maður neiti sér um mat“!

Vinnukonuvatn (n, hk) Þunnt kaffi. Einnig voru notuð um það heitin *englahland* og *nærbuxnavatn*.

Vinnulag (n, hk) Aðferðir við vinnu; verklag; verkvit. „Svona vinnulag hef ég aldrei áður séð“.

Vinnulaun (n, hk, fto) Laun fyrir vinnu.

Vinnulúinn (l) Þreyttur eftir vinnu; slitinn af vinnuálagi. „Vinnulúinar hendurnar voru sigggrónar og krepptar“.

Vinnumaður / Vinnukona (n, kk/kvk) Vinnufólk var nauðsynlegt í sveitum, meðan allt var unnið með handafli. „Árið 1801 voru heimilismenn 14 og svipað 1808 og 1817. Vinnumenn voru 4 og 4 vinnukonur árið 1801“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Vinnusemi (n, kvk) Samviskusemi við vinnu; vilji til að vinna.

Vinnusparandi (l) Sem auðveldar/sparar vinnu; sem léttir vinnu af manni.

Vinnusparnaður (n, kk) Það sem er vinnusparandi; ávinningur af því að léttja sér vinnu.

Vinnustika (n, kvk) Stika/hæll sem markar vinnusvæði, t.d. í vegalagningu. „Vinnustikur voru honum (Magnúsi í Botni) sem rauða dulan víganautunum í Spánía“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Vinnutap (n, hk) Töpuð vinna vegna t.d. frátafa.

Vinnutílhögun (n, kvk) Lag/aðverð við verk; vinnulag.

Vinnuveður (n, hk) Veður sem unnt er að nýta til vinnu. „Nú hættum við; þetta er ekkert vinnuveður lengur“!

Vinnuvél (n, kvk) Vél sem notuð er til vinnu. Oftast er átt við stórvirka vél, s.s. gröfu, ámokstursvél o.fl.

Vinnuþjarkur (n, kk) Mjög duglegur/afkastamikill maður. „Hann er óþreytandi vinnuþjarkur“.

Vinsa (s) Hreinsa úr; aðskilja. „Gemlingarnir voru vinsaðir úr fjárhópnum“. „Ruslið er vinsað úr berjunum“.

Vinsamlega (ao) Með vinsemi; góðlátlega. „Ég bað hann vinsamlega að hætta þessu“.

Vinsamlegur (l) Vinalegur; góður; hjálplegur. „Hann var mjög vinsamlegur og vildi allt fyrir okkur gera“.

Vinskapur (n, kk) **Vinátta**. „Milli okkar myndaðist ágætur vinskapur“.

Vinslit (n, hk, fto) Slit á vináttu; ósamlyndi. „Það eru nú engn vinslit þó þessi meiningarmunur komi upp“.

Vinstramegin (l) Til vinstri handar. „Kindin var með mórauðan flekk vinstramegin á hálsi“.

Vinstrifótarskór / Vinstrifótarstígvel (n, kk/hk) Skór/stígvel á vinstri fót. „Ég finn bara vinstrifótarskóinn; skyldi hundurinn hafa borið hinn eitthvað frá“.

Vinstrihandarvettlingur (n, kk) Vettlingur á vinstri hönd. „Það er gott að vera í vinstrihandarvettling til að ná betra gripi á fiskinum meðan flatt er“.

Vinstrimaður (n, kk) Sá sem þykir hallast að vinstrisinnnaðri stefnu í pólitík; kommúnisti; sósíalisti. „Hann þótti alltf vinstrimaður í pólitík“.

Vinstur (n, hk) Eitt fjögurra magahólfa jörturdýra, en þau eru þessi í þeirri röð sem fæðan fer í gegn: Vömb, keppur, laki vinstur.

Vinsæll (l) Sem nýtur velvildar/aðdáunar/velþóknunar annarra. „Veðmálið varð um langan aldur vinsælt umræðuefni meðal þeirra sem viðstaddir voru...“ (PG; Veðmálið).

Vinur er sá er í vanda reynist (orðatiltæki) Sönn vinátta kemur í ljós þegar vanda ber að höndum.

Vinur er sá er til vams segir (orðatiltæki) Merkingin er sú að sá sé góður vinur sem þekkir galla (vamm) hins, og er óhræddur að ræða þá. Gjarnan notað þegar menn hafa *glöprað útúr sér* einhverju því um áheyranda sem honum þykir óþarft/ópægilegt.

Vinur er sá er í vanda reynist (orðatiltæki) Sannur vinur bregst ekki þegar mest á reynist eða móti blæs.

Vinur í raun (orðtak) Raunverulegur vinur; vinur sem reynist vel þegar á bjátar/ í móti blæs.

Vinur vina sinna (orðtak) Tilvitnun í Hávamál: „Vin sínum/ skal maður vinur vera/ og gjalda gjöf við gjöf./ Hlátur við hlátri/ skyli höldar taka/ lausung við lygi“ (Úr Hávamálum). Maður skyldi vera góður og gjafmildur vinum sínum og eiga með þeim góðar stundir. Lygi kallar á ótryggð.

Vinveittur (l) Sýna vináttu; vera vinur. „Þau hafa verið okkur afskaplega vinveitt í þessu efni“.

Vippa (s) Snara; sveifla. „Vippaðu kartöflupokanum upp á borðið fyrir mig“.

Vippa sér (orðtak) Snarast; vinda sér. „Vippaðu þér úr buxunum svo ég geti fest tölu á þær“. „... mér er líka alveg óhætt að vippa mér út á gaffalinn á stórseglinu í svona ládeyðu“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Vippa sér afsíðis / Vippa sér á bakvið (orðtök) Fara frá til að gera þarfir sínar; kúka; pissa.

Vippa sér innfyrir (orðtak) Ganga í bæinn; koma inn í hús. „Vippaðu þér innfyrir og fáðu kaffi“.

Vipra (n, kvk) Gretta í andliti; andlitsfelling. „Hann sagði ekki neitt, en viprunar sögðu þeim mun meira“.

Virða (s) A. Bera virðingu fyrir. „Þeirra vilja ber að virða“. B. Meta; leggja mat á.

Virða/hafa að vettugi (orðtak) Virða einskis/að engu; líta framhjá. „Þeir virtu að vettugi allar viðvaranir“. Sjá *vettugi*.

Virða ber/skal það sem vel er gert (orðtak) *Taka viljann fyrir verkið*; Verk og góðan vilja á að meta að verðleikum, jafnvel þó framkvæmdin sé ekki fullkomin. „Þetta er nú kannski ekki neitt snilldarverk hjá honum, en virða skal það se vel er gert; hann reyndi þó eins og honum var best unnt“.

Virða fyrir sér (orðtak) Horfa á; skoða. „Hann virti þetta fyrir sér um stund en hélt svo áfram að vinna“.

Virða (einhverjum) til betri/verri vegar (orðtak) Útleggja á besta/versta veg; sjá kostina/lestina; virða til tekna/lasts. „Ég var ekki hrifinn af umgegninni hjá vinnumanninum en virti honum það til betri vegar að hann hugsaði vel um skepnurnar“. „Það er ástæðulaust að virða honum þetta til verri vegar“.

Virða til vorkunnar (orðtak) Sýna skilning/ *virða til betri vegar* í ljósi aðstæðna. „Það verður að virða henni til vorkunnar að karlinn var ári klúr í orðum og átti kannski skilið þetta kjaftshögg“.

Virðast (orðtak) Sýnast; líta út fyrir að vera. „Þetta virðist auðvelt“. „Mér virtist hljóðið koma úr þessari átt“.

Virðast í fljótu bragði / Virðast við fyrstu sýn (orðtök) Sýnast vera, án nánari skoðunar; *líta út fyrir* að vera. „Þetta virtist í fljótu bragði vera óskemmt“. „Við fyrstu sýn sýndist mér þetta vera kind“.

Virði (n, hk) Verðgildi. „Þetta hró er ekki mikils virði“.

Virðing (n, kvk) A. Lotning; respekt; aðdáun. „Júlli naut mikillar virðingar meðal sveitunga sinna...“ (PG; Veðmálið). B. Mat; matsgjörð; *virðingargjörð*.

Virðingargjörð (n, kvk) Mat; matsgerð. „Fyrir uppboðið fór fram virðingargjörð á eigninni“.

Virðingarleysi (n, hk) Skortur á virðingu/respekt/auðmýkt/tillitssemi.

Virðingarvert (l) Sem unnt er að bera virðingu fyrir/ meta mikils. „Ekki tókst honum að heflla veginn alla leið, en það er þó virðingarvert hvað hann náði að lagfæra hann á verstu köflunum“.

Virðingarvottur (n, kk) Viðleitni til að heiðra/virða; heiðursmerki/-skjal. „Þeir afhentu honum skrautritað skjal sem virðingarvott fyrir vel unnin störf“.

Virðulega (ao) Með virðingu; settlega; mynduglega.

Virðulegur (n, kk) Mynduglegur; settlegur.

Virka (s) A. Verka/vinna eins og til er ætlast; hafa áhrif. „Bremsurnar virkuðu ekki vel í bleytunni“. B. Sýnast vera. „Hann virkar ekki s tór í þessum samanburði“.

Virki (n, hk) A. Vígi; skans; kastali. B. Grind í hnakk. *Viravirki*.

Virkilega (ao) Verulega; mjög; raunverulega. „Nú þurfum við virkilega að herða okkur ef verkið á að klárast í dag“. Einnig sem sjálfstæð upphrópun eða andsvar. „Nei, meinarðu það virkilega“?

Virkilegur (l) Raunverulegur; sannkallaður; verklegur. „Þetta reyndist virkileg þrekaun“.

Virkisvetur (n, kk) Heiti sem festist við veturinn 1482-83, vegna virkisbyggingar og umsáturs sem tengdust uppgjöri út af eignum Guðmundar ríka Arasonar og skyldmenna hans. Guðmundur hafði sölsað undir sig gríðarlega miklar eignir; þar á meðal Láganúp og fleiri jarðir í Rauðasandshreppi, með ofstoppa og vélabrögðum. Bræðurnir Björn og Einar Þorleifssynir Vatnsfirðingar fengu Guðmund dæmdan frá eignum sínum árið 1446, en í kjölfarið upphófust eftirmál um yfirráð yfir þeim milli Vatnsfjarðarbræðra annarsvegar og barna Guðmundar; hálf systinanna Andrésar á Felli í Kollafirði og Solveigar í Saurbæ á Rauðasandi, sem gift var Bjarna Þórarinssyni. Báðar voru ættir þessar meðal forfeðra Kollsvíkurættar. Bjarni fékk kóngsúrskurð sér í vil, en eftir dauða kóngs féllu eignirnar til Vatnsfirðinga. Björn var veginn í Rífi af Englendingum, en Einar sonur hans, bóndi í Skarði, fór leiðangur að Saurbæ og ætlaði að flæma Bjarna og

Solvegu brott árið 1481. Bjarna barst njósn af leiðangrinum; fór gegn þeim í Skor og stökkti á flóttu. Segir í samtímaheimild að þar hafi verið höggvið, slegið og skotið með byssum og bogum. Bjarni fylgdi sigrinum eftir og náði undir sig Brjánslæg, en þar náði Einar honum og drap árið 1482. Andrés Guðmundsson fór með her manns til Reykhóla að Vatnsfirðingum fjarstöddum; tók staðinn og bjó um sig í virki. Vatnsfirðingar settust um staðinn og endaði umsátrið með sigri þeirra. Á sáttafundi var Andrés neyddur til undirgefni og þurfti að greiða skaðabætur.

Virkja (s) Hagnýta; nytja; nota til verka. Oftast notað um framleiðslu raforku úr t.d. vatnsfalli eða sjávarorku.

Virkjanatækni (n, kvk) Fræðigrein sem Kollsvíkingar hafa verið framarlega í, en eina íslenska virkjanatæknin á sviði sjávarorku er upprunnin í Kollsvík.

Virkjun (n, kvk) Tæki og mannvirki til að *virka*.

Virkni (n, kvk) Verkun. T.d. sjálfvirkni, fljótvirkni, geislavirkni.

Virktavel (l) Mjög vel; með *virktum*. „Þau þökkðu mér virktavel fyrir, og sögðu þetta stórkostlegan greiða“.

Virktir (n, kvk) Alúð; innileiki; kærleiki. Eingöngu í orðtökum; *kveðja með virktum*.

Virktarvinur (n, kk) Góðvinur; alúðarvinur; trúnaðarvinur. „Við höfum lengi verið virktarvinir“.

Virtur (l) Sem nýtur virðingar; metinn. „Hann var ekki virtur viðlits“. „Traustir skulu hornsteinar/ hárra sala./ Í kili skal kjörviður./ Bóndi er bústólpi;/ bú er landstólpi;/ því skal hann virður vel“ (Jónas Hallgrímsson; Alþing hið nýja). Sjá *virða*.

Visa / Visast (s) A. Um hey, föt o.fl; þorna. „Heyið nær dálítið að visast þó þurrkurinn sé *daufur*. B. Um fisk; síga; þorna (sjá *siginn fiskur*). „Fyrrum var algengast að herða kringluhausa á möl, klöppum eða fiskgörðum. Þeir voru þá fyrst *roðbreiddir*, en eftir að hafa spýtt sjónum og visast eilítið var þeim snúið (sjá *þorskhaus*) (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Visinn / Visnaður (l) Þurr; rýr; dauður; siginn; máttlaus. „Þessi pottaplanta er að verða ári visin“. „Er harðfiskurinn nokkuð visinn ennþá“? „Ansi er hann að verða gamall og visinn, blessaður gamli maðurinn“.

Visk (n, kvk) Hnefafylli af heyi. „Fáðu visk af góðu heyi og reyndu að lokka kindina inn í hús“.

Viska (n, kvk) Vitneskja; speki; yfirgripsmikill fróðleikur. „Hann miðlaði okkur af visku sinni í þessu efni“.

Visna af (orðtak) Þorna. Einkum notað um það þegar þornaði á jörðu eða heyi. „Ég held að það sé nú eitthvað farið að visna af; rétt að fara að rifja flekkinn“.

Viskubrunnur (n, kk) Sá sem veit mikið / mikil fróðleiksnáma. „Hann er algjör viskubrunnur á þessu sviði“.

Viskusteinn (n, kk) Steinn sem talinn er geta veitt handhafanum mikla visku.

Viskustykki (n, hk) Síðari tíma heiti á diskapurrku/eldhúspurrku.

Visna (n, kvk) Annað heiti á riðuveiki í sauðfé.

Visna (s) Þorna; verða visinn. „Grasið visnar eiginlega beint af ljónum í svona góðum þurrki“.

Viss (l) A. Öruggur; sem veit að hann hefur rétt fyrir sér. „Ertu alveg viss um þetta“? B. Tiltekinn. „Ég er með vissan mann í huga“.

Viss í sinni sök (orðtak) Öruggur um að það sé rétt sem maður telur/ heldur fram.

Viss passi (orðtak) Ákveðin *rúttína*; vani; ávani; venjubundinn háttur. „Það var alltaf viss *passi* hjá honum að ganga útfyrir húshorn; míga og gá til veðurs“.

Vissa (n, kvk) Örugg vitneskja; trygging. „Ég bjóst ekki við að þarna væri nokkur kind, en vildi samt *vita vissu* mína í því efni“. „Það er engin vissa fyrir því að veðrið verði neitt skárri á morgun“.

Vissast (l) Öruggast; tryggast. „Það er víst vissast að segja ekki of mikið“!

Vissulega (ao) Vitanlega; eins og öruggt/vitað er. „Þetta er vissulega rétt hjá þér, en fleira þarf að athuga“.

Vist (n, kvk) A. Dvöl/vera á tilteknum stað. B. Fjögurra manna spil. „Var spiluð vist nær eingöngu; stundum *lomber*“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans).

Vista (s) A. Geyma; hafa hjá sér í húsi. B. Nú oftast notað um það að geyma tölvugögn.

Vistalaus (l) Matarlaus; nestislaus. „Tjaldbúarnir urðu fljótt vistalausir“.

Vistarbönd (n, kvk, fto) Skylda til að vera í fastri vist; hafa samastað á vissu heimili í ákveðnu sveitarfélagi, og að lúta ströngum reglum um húsaga og einlífi. Fyrir á öldum giltu strangar reglur um það hvar maður var *sveitfastur*. Vistarband var forn skylda hvers manns, sem ekki var sjálfseignarbóndi, að binda sig í vist hjá sjálfseignarbónda frá ári til árs. Sú binding losnaði einungis einu sinni á ári; á *farðögum*. Þetta fyrirkomulag var ein af hornstöðum *hreppanna*, og þjónaði m.a. þeim tilgangi að tryggja býlunum það vinnuafli sem nauðsynlegt var fyrir daga vélvæðingar. Þeir sem ekki áttu jarðnæði máttu ekki ferðast án leyfis og þeir

máttu heldur ekki stofna eigin fjölskyldu. Þessi ánaud var bundin í lög og hún gekk svo langt að búðseta var bönnuð; þ.e. vermönnuð sem stunduðu sjó var óheimilt að búa árlangt í verunum. Fyrirkomulagið hamlaði því uppbyggingu útgerðastaða þar til slakað var á þessu ákvæði í Jónsbók 1281. Aftur var þó hert á banninu með Píningsdómi árið 1490, sem skyldaði búðsetumenn til að eiga lágmarks bústofn og eignir. Á Alþingi 1531 var hert á fornum ákvæðum um vistarband og farandsala, og aftur 1685 þegar flökkurum var hótad gapastokknum. Húsagatilskipun Kristjáns 6. árið 1746 kvað á um auðmýkt og undirgefni vinnuhjúa gagnvart húsændum sínum og herti enn vistarböndin, og enn var frelsið skert 1783. Er ætlað að á 19.öld hafi um fjórðungur þjóðarinnar lifað „ófrjálsu einlífi“, þ.e. verið bannað að stofna fjölskyldu vegna laga um vistarbönd. Þau sjónarmið hafa vafalítið byggst á ötta við ómegð sem lenti á skattbændum og sveitarsjóði. Má slá því föstu að fjöldi nýfæddra barna hafi af þessum sökum verið borinn út meðan ófrelsið varði, og margir sættu hörðum refsingum. Árið 1861 voru ákvæði um vistarbönd numin úr lögum í Danmörku, og hófst þá umræða um slíkt hérlendis. Þó slakað væri á lögum um húsaga voru vistarbönd ekki að fullu afnumin fyrir 1928. Fyrir þann tíma var þó orðið unnt að kaupa sig frá vistum með leyfisbréfi. Sum ákvæði um vistarbönd hafa enn ekki verið numin formlega úr gildi, þó þau séu úrelt og enginn hafi vilja til að framfylgja þeim.

Í Rauðasandshreppi ríkti löngum kúgun og einræði Saurbæjarhöfðingja. Má slá því föstu að þeir hafi nýtt sér til fulls allar lagaheimildir um vistarbönd til að auka sinn auð. Hreppurinn hefur því ekki farið varhluta af því þrælalhaldi og kúgun sem vistarböndin í raun voru.

Vistlegur (l) Þægilegur/góður til íveru. „Búðirnar voru því miklu vistlegri með hvítu sandgólfi en illa hirtu timburgólfi“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Vistráðinn (l) Ráðinn til vistar/dvalar; ráðinn í vinnumennsku og dvöl.

Vit (n, hk) A. Gáfur; hugarflug. „Maður vandar sig eins og maður hefur vit til“. „Það er ekkert vit í þessu“. B. (fto) Öndunarvegir; nef og munnur. „Haltu fyrir vitin þegar þú hóstar“! „Er hann hætur við kaupin? Þar var vit hans meira! Þessi bíldrúsla var varla gangfær“.

Vit hans meira (orðtak) Hann gáfaðri. „Ætlar hann að æða af stað í þessu veðri? Ég held það væri vit hans meira að bíða til morguns og sjá hvernig útlíðið er þá“.

Vita (ao) Alveg; algerlega. „Það er vita vonlaust að reyna þetta“. „Þessi hnífur er vita gagnslaus“. Oftast í setningu sem inniheldur lýsingarorð með „-laus“ í enda, og er þá til áherslu.

Vita (s) A. Hafa vitneskju um; vera fróður um. B. Snúa. „Dyrnar vita í hásuður“.

Vita að/frá/til (orðtak) Snúa að. „Var fjórða búin staðsett þannig að annar hliðarveggur vissi að göflum hinna tveggja síðastnefndu...“. „Þegar plógurinn kom undir borð var honum snúið svo að tennurnar vissu frá súð bátsins“ (KJK; Kollsvíkurvegur). „Dyr voru oftast á þeirri hlið er vissi til sjávar“.

Vita af sér (orðtak) A. Vera með meðvitund; vita hvað fram fer „Mér rann aðeins í brjóst, en þó ekki meira en svo að ég vissi alltaf af mér“. B. Vera drjúgur með sig/montinn. „Hann veit vel af sér strákurinn“.

Vita á (eitthvað) (orðtak) Vera fyrirboði einhvers. „Láttu hrífutindana aldrei vísa upp; það veit alveg örugglega á rigningu“!

Vita (ekki) á gott/illt (orðtak) Vera fyrirboði góðs/ills. „Það veit ekki á gott að hrafinn skuli láta svona“.

Vita á sig (t.d. óveður/rigningu/stórhrið o.fl.) / Vita á sig veður (orðtak) Vita að á skellur óveður, rigning eða annað. „Kýrnar eru allar á leið heim að húsum, eins og þær viti á sig rigningu. Ég held að við ættum að fara að raka upp“. Margsannað er að dýr eru mjög næm fyrir veðurbreytingum, og eru oft forspárrí en menn í þeim efnum.

Vita (ekki) deili á (orðtak) Þekkja til; kannast við; þekkja uppruna. „Hann mun vera frá Húsavík, en annars veit ég ekki meiri deili á honum“.

Vita fyrir (orðtak) Vita fyrirfram; sjá fyrir. „Þetta vissi ég fyrir; mér kemur það ekki á óvart“.

Vita ekki/varla aura sinna tal (orðtak) Vera svo fjáður/ríkur að maður viti ekki sitt ríkidæmi.

Vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið (orðatiltæki) Misvindi; vita ekki hvaðan vindurinn blæs. Upphaflega notað um misvindi, en nú mest notað í yfirfærðri merkingu um hvaðeina sem kemur á óvart.

Vita ekki/varla í hvorn fótinn maður á að stíga (orðtak) *Vita ekki/varla sitt rjúkandi ráð*; vera óviss um það hverju maður á að fylgja/trúa. „Hann var afskaplega *hvimandi* í sinni afstöðu og vissi varla í hvorn fótinn hann átti að stíga“.

Vita ekki/varla sitt rjúkandi ráð (orðtak) Vera *ráðvilltur/ráðalaus*; vita ekki hvað sé vænlegast að gera. „Svo fengum við aðra báru og þá kom talsvert mikið í, og flutu upp plittarnir og svona hálfá leið í þóftur, sjórin. Þá vissum við ekki okkar rjúkandi ráð og héldum að þetta yrði okkar síðasta“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveiri).

- Vita ekkert í sinn haus** (orðtak) Hafa ekki hugmynd; þekkja ekki til; *hafa ekki grænan grun*; vita ekki af sér. „Ég man að ég hrasaði efst í skriðunni, en svo vissi ég ekkert í minn haus fyrr en ég lá þarna niðri“.
- Vita fyrir víst / Vita með vissu** (orðtak) Vita örugglega; vera viss. „Ég held að féð sé komið heim að húsunum, en ég veit það þó ekki fyrir víst“.
- Vita gagnslaus/vonlaus/ónýtur** (orðtök) Algerlega gagnslaus; ekki við bjargandi. „Það er alveg vita gagnslaut að hnoða heyinu saman eftir að það blotnar“. „Þetta eru vita vonlaus vinnubrögð“!
- Vita heimskulegt/vitlaust** (orðtök) „Þetta er svo vita heimskulegt að ég er gáttaður á að hann skuli nefna það“!
- Vita hvað klukkan slær** (orðtak) Átta sig á því sem sagt er óljóst/undir rós; átta sig á aðstæðum; *vita hvar fiskur liggur undir steini*.
- Vita hvað hangir á spýttunni** (orðtak) Átta sig á raunverulegum skilmálum/tilgangi; vita hvað klukkan slær. „Þeir halda að þetta sé tóm góðsemi í karlinum, en ég veit alveg hvað hangir á spýttunni“! Sjá *hangir á spýttunni*.
- Vita hvaðan vindurinn blæs** (orðtak) Vita hvornig í málunum liggur; átta sig á afstöðu manns/fólks. „Ég veit nokk hvaðan vindurinn blæs í þeim efnum“.
- Vita hvar fiskur liggur undir steini** (orðtak) Átta sig á aðstæðum/beiðni/umtali þó ekki sé sagt beinum orðum. „Ég þóttist vita hvar fiskur lægi undir steini þegar hann fór að hrósa mér fyrir dugnað í smalamenskum“.
- Vita hvorki í þennan heim né annan** (orðtak) Vera vankaður/úti á þekju/meðvitundarlaus/útúrdrúkkinn. „Mér sýndist að þeir væru báðir komnir á það stig að þeir vissu hvorki í þennan heim né annan“.
- Vita lengra en nef nær / vita jafnlangt nefi sínu** (orðtak) Vera gáfaðri en sýnist; vita fleira en augljóst er. „Þið skuluð nú ekki skopast mikið að honum; í þessum efnum veit hann lengra en nef hans nær“.
- Vita sig öruggan** (orðtak) Vera öruggur með sig; finna til öryggis/verndar. „Það er betra að vita sig öruggan“.
- Vita sínu viti** (orðtak) Vera skynsamari en talið er. „Alveg var furðulegt að tíkin skyldi geta vísað okkur á fjárhópinn. Það sýnit best að hundar vita sínu viti og sjá kannski lengra en nef þeirra nær“.
- Vita uppá hár** (orðtak) Vita nákvæmlega/alveg; þekkja mjög vel. „Ég vissi uppá hár hvar ég ætti að leita“.
- Vita uppá sig skömmina** (orðtak) Meðvitaður að hafa gert eitthvað af sér. „Hundurinn er frekar niðurlátur; hann veit uppá sig skömmina eftir að hafa stolið blóðmörskoppnum“.
- Vita/kunna uppá sína tíu fingur / Vita uppá hár** (orðtak) Vita/þekkja/kunna mjög vel. „Ég veit það uppá mína tíu fingur að þetta hefur enginn komist fyrr, í það minnsta ekki síðustu aldirnar“. „Ég vissi það uppá hár hvað hann *tæki sér næst fyrir hendur*“.
- Vita til** (orðtak) A. Vita um; þekkja til. „Ég veit ekki til þess áður að svonalagað hafi áður gerst“. B. Sjá til; bíða þess sem gerist. „Þetta *hefnir sín í seinna verkinu*; vittu bara til“!
- Vita/kunna uppá sína tíu fingur** (orðtök) Vita fyrir víst; kunna til fulls. „Þetta veit ég uppá mína tíu fingur að er dagsatt“!
- Vita uppá sig skömmina** (orðtak) Vita um sekt sína; vita að maður hefur gert rangt; vita sína sök. „Vertu nú ekki að skamma tíkarkvikindið meira; hún veit alveg uppá sig skömmina“.
- Vita vissu sína** (orðtak) Veta öruggur um vitneskju; *ganga úr skugga um*. „Mig grunar að þannig liggja í málinu, en il samt vita vissu mína í því efni“.
- Vita/horfa við** (orðtak) Hafa afstöðu; snúa að. „Báturinn þarf að vita rétt við kerrunni svo hann renni upp í hana“. „Núna horfir málið allt öðruvísi við“.
- Vitagagnslaut / Vitavonlaust** (l) Alveg gagnslaut. „Það er alveg vitagagnslaut að gera þetta svona“.
- Vitameinlaust** (l) Alveg meinlaus. „Það er í lagi með tuddann; hann er vitameinlaus þó stór sé“.
- Vitandi vits** (orðtak) Meðvitaður; með þá vitneskju. „Ég er hissa á honum að leggja af stað á hálsinn; vitandi vits um þessa ófærð“. „Ég var fyllilega vitandi vits um að möguleikarnir væru líklega ekki miklir“.
- Vitanlega** (ao) Auðvitað; að sjálfsögðu. „Vitanlega var þetta allt í gamni gert“.
- Vitavarsla** (n, kvk) Gæsla/umsjón vita. „Vitavarslan gat orðið strembin í illviðraköflum“.
- Vitavonlaust** (l) Algerlega vonlaust; engin von um árangur. „Það er vitavonlaust að reyna að ætla að moka úr sniðinu með handskóflum! Þeir verða að koma með hefilinn á þetta“.
- Vitavörður** (n, kk) Sá sem sér um vitavörslu. „Ásgeir Erlendsson á Látrum var lengi vitavörður á Bjargtöngum, og tók við því starfi af föður sínum“.
- Vitfirring** (n, kvk) Brjálæði; glópska. „Það væri vitfirring að reyna lendingu þarna í svona sjólagi“.

- Vitfirringahæli** (n, hk) Vitlausraspítali; geðsjúkrahús. „Hættið nú þessum látum strákar; þetta er að verða eins og vitfirringahæli“!
- Vitfirringur** (n, kk) Brjálæðingur; æstur geðsjúklingur. „Það þýðir ekkert að láta eins og vitfirringur yfir þessu; svonalagað getur alltaf skeð“!
- Vitglóra** (n, kvk) Dálítill rökhugsun; *skynsemisvottur*. „Það er ekki minnsta vitglóra í að leggja á fjallið í þessu“. „Hefði nú einhver vitglóra verið í hausnum á ykkur þá hefðuð þið ekki ekið beint úti aurbleytuna“!
- Vitgrannur** (l) Heimskur; ógáfaður. „Ósköp geta menn verið vitgrannir; að sjá ekki fyrir svona augljósa hluti“!
- Viti** (n, kk) A. Lýsandi mannvirki á ströndu, sem sjófarendur geta miðað stöðu og stefnu við. B. Vottur; vitnisburður. Sbr illis viti; góðs viti.
- Viti menn!** (upphrópun) Nei sko. „Viti menn! Þarna kemur sá sem talinn var sofa“.
- Viti sínu fjær** (orðtak) Ekki með fullu viti; *frá sér*; sturlaður. „Hann er svo myrkfælinn að hann varð viti sínu fjær þegar þeir slökktu ljósin í húsunum“.
- Vitiborinn** (l) Skynsamur; með fullu viti. „Þetta ætti hverjum vitibornum manni að vera kunnugt“.
- Vitja** (s) A. Draga net úr sjó; hirða veiði; gera þau klár og leggja þau aftur. „Skyldi gefa til að vitja á morgun“? B. Heimsækja; athuga. „Um sauðburðinn þurfti að smala á hverjum degi, og jafnframt vitja fjárins að nóttu“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Vitja nafns** (orðtak) Um það þegar látin manneskja eða huldumanneskja birtist lifandi manneskju í draumi og fer framá að barn sé skírt í höfuð sér. Um þetta voru mörg dæmi áðurfyrr þó framliðnir hafi gert minni kröfur á síðari tímum; eða, sem líklegra er, að nútímafólk taki minna mark á draumum sínum.
- Vitja um** (orðtak) A. Almennt; líta eftir; gæta að; hafa undir eftirliti. B. Draga fiskinet/grásleppunet, taka úr þeim aflann og leggja þau aftur. „Vitjað var um grásleppunet“ (ÖG; glefsur og fyrsti róður).
- Vitjun** (n, kvk) A. Almennt; það að vitja. B. Yfirferð neta til að hreinsa og hirða veiði; *umvitjun*. „Við förum í vitjun tvisvar í viku á þessum tíma“.
- Vitjunartími** (n, kk) A. Dauðastund. Vísar til þeirrar trúar að engill dauðans komi og vitji manns/sæki mann. „Það þekkjá fáir sinn vitjunartíma, sem betur fer“. B. Í afleiddri merkingu um það að vita hvenær hæfir að gripa til aðgerða/framkvæma/rísa upp. „Bændastéttin þarf að vita sinn vitjunartíma“.
- Vitja um** (orðtak) Draga net; taka úr þeim veiði; hreinsa þau og leggja aftur. Orðtakið að „vitja um net“ var oftast stýtt svona, en einnig oft í það að „vitja“. Vitjað er um grásleppunet nær daglega ef veiði er afbragsgóð; tveggja náttu í góðri veiði, en þau látin liggja allt að 5-6 daga sé hún mjög dræm“.
- Vitjunardagur Maríu** (orðtak) *Þingmáruvísingur*; 2. júlí. Ein fjölmarga Maríumessa í kaþólskum sið. Haldin heilög í minningu þess að María kvað hafa heimsótt móður Jóhannesar skirara þennan dag. Þing var forðum haldið um þetta leyti og þennan dag voru vertíðarlok í Kollsvíkurvei.
- Vitjunartími** (n, kk) Tími sem vitjað er. Oftast í merkingunni dánardagur, þ.e. þegar drottinn kemur til að vitja um sína sál. Til þess vísar orðtakið að *þekkjá sinn vitjunartíma*.
- Vitkast** (s) Verða skynsamari; láta af fávísku. „Skyldu þessir þingmenn ekkert vitkast með árunum“?
- Vitlaus** (l) A. Vitfirrtur; sturlaður; brjálæður. „Ertu alveg að verða vitlaus“?! B. Heimskur; treggáfaður. „Hann er alls ekki vitlaus strákurinn“! C. Heimskulegur; fráleitur. „Þessi tillaga er það vitlausasta sem ég hef nokkur tíma heyrt“!
- Vitlausabein** (n, kk) Viðkvæmt svæði aftan í olnbogaliðnum. Þar liggur ölnartaugin grunnt undir húðinni og því getur verið verulega sárt um tíma að fá á það högg.
- Vitlausraspítali** (n, kk) Geðveikrahæli; í líkingum um stað þar sem ringulreið virðist ríkja. „Á tímabili var engu líkara en fundarsalurinn væri algjör vitlausraspítali, þar sem hver æpti í kapp við annan“.
- Vitlegt** (l) Gáfulegt; ráðlegt. „Það væri nú vitlegra að fara öðruvísi að þessu“.
- Vitleysast** (s) Fíflast; óskapast; vera með leikaraskap. „Hættið nú að vitleysast strákar og komið að borða“.
- Vitleysingur** (n, kk) Hálfviti; bjáni. „Þetta eru meiri vitleysingarnir“.
- Vitleysisgangur** (n, kk) Bjánagangur; hálfvitagangur. „Ætlar þessi vitleysisgangur engan endi að taka“?
- Vitleysisiskjafæði / Vitleysisþvæla** (n, hk) Bull, þæla; heimskulegt tal. „Vertu nú ekki með þetta bölvæð vitleysisiskjafæði“. „Ég nenni ekki að hlusta á þessa vitleysisþvælu í frambjóðandanum“.
- Vitleysislega** (ao) Bjánalega; kjánalega. „Þetta er svo vitleysislega unnið að ég get ekki horft uppá það!“
- Vitleysugangur / Vitleysulæti** (n, hk, fto) Bjánagangur; heimskulegt/tilgangslaust framferði; fyrirgangur. „Verið ekki með þessi vitleysulæti nálægt lambfenustrákar“!

Vitna í/til (orðtak) Vísa í ræðu og/eða riti til einhvers sem áður hefur verið sagt/ritað. „Næst fór ég á Rauðasand, þar rýringur er einn,/ raunalegt að hann skuli ekki fitna./ Í kvenna og ástamálum er hann mjög svifaseinn/ í sína ævi byrjaði að vitna“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). „Rakti oddviti síðan sögu máls... og vitnaði í því sambandi til fundar þess sem nýlokið er á Patreksfirði“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Vitna um (orðtak) Bera merki um; sýna; sanna. „Parahrönnin vitnar um það hve sjórinn hefur gengið hátt“.

Vitnaleiðslur (n, kvk, fto) Réttarhöld þar sem vitni eru leidd fram; vottun. „Þannig var þetta; það þarf engar vitnaleiðslur um það“!

Vitneskja (n, kvk) Vitund; þekking; kunnugleiki. „Þetta var ákveðið án minnar vitneskju“. „Ég fékk enga vitneskju um slysið fyrr en löngu síðar“.

Vitni (n, hk) A. Sá sem vottar/ vitnar um. B. Sönnunargagn. „Búðarrústirnir standa til vitnis um hin miklu umsvif sem voru í Kollsvíkurveri fyrr á tíð“.

Vitnisburður (n, kk) Vottun; staðfesting.

Vitnun (n, kvk) Tilvitnun; vísun. „Hann rökstuddi þetta alltsaman með vitnunum í biblíuna“.

Vitorð (n, hk) Vitneskja; það sem almennt er talað/vitað. „Þetta er á *allra vitorð*“.

Vitrast (s) Koma í hug; fá hugljómun. „Mér hefur enn ekki vitrast það hvar ég lagði hnífinn frá mér“.

Vitrun (n, kvk) Opinberun; sýn; vitneskja eftir ósýnilegum leiðum. „Það var bara eins og ég hefði fengið einhverja vitrun; allt í einu mundi ég hvar ég hafði lagt frá mér vasahnífinn“!

Vits er vant þeim er margt hjalar (orðatiltæki) Sá er heimskur sem bullar um fleira er hann hefur vit á.

Vits er þörf þeim er víða ratar (orðatiltæki) Speki úr Hávamálum: „Vits er þörf/ þeim er víða ratar./ Dælt er heima hvað./ Að augabragði verður/ sá er ekki kann/ og með snotrum situr“. Sá sem kemur á ókunnugar slóðir þarf að hafa sæmilega greind, þó auðvelt (dælt) sé að sitja heima. Sá er hafður að háði (augabragði) sem heimskur situr meðal spakra manna.

Vitsmunaskortur (n, kk) Heimska; skortur á skynsemi. „Skelfingar vitsmunaskortur er þetta nú“!

Vitsmunir (n, kk, fto) Gáfur; skynsemi; hyggindi. „Ekki skortir hana vitsmuni, blessaða skepnuna“!

Vitstola (l) Vitskertur; brjáláður; utan við sig. „Stundum gæti maður haldið að þeir væru gersamlega vitstola þessir menn“!

Vituglegt (l) Gáfulegur; skynsamlegur; hyggilegur. „Heldurðu að það væri nú ekki vituglegra að vera í stígvélum en skóm; þú verður strax *forblautur* í fæturna“.

Vitugur (l) Gáfaður; hygginn; skynsamur. „Ansi er hún nú vitug tófan! Hún trítlaði bara yfir lækinn; lagðist bakvið stein á bakkanum og horfði róleg á hundinn sem djöflaðist fram og til baka eftir slóðinni hinumegin“!

Vittu hvað hann segir um þetta (orðtak) Fáðu hans álit á þessu; heyrðu hans viðbrögð.

Vittu (bara) til (orðtak) Láttu sjá; það máttu reyna. Áherslusetning, notuð til að fylgja eftir álit/spádómum. „Þeir eiga eftir að missa allt féð fyrst þeir ráku það þessa leið; vittu bara til“!

Vitugur (l) Vitur; skynsamur. „Heldur þykir mér hundurinn viturur; að fara hinumegin við hæðina til að goma á móti fénu og reka það til baka“.

Vitund / Vitundarvottur / Vitundarögn (n, kvk) Það sem er svo örsmátt að varla er vitað af því. „Mér þótti þetta ekki vitund sárt“. „Ég sé ekki vitund í þessu myrkri“. „Það *heitir ekki* að nokkur vitundarögn sé til af sykri á þessum bæ“. „Áttu svolitla vitundarögn af salti að lána mér“?

Vitur (l) Gáfaður; spakur.

Viturlega (l) Gáfulega; spaklega. „Það var viturlega gert hjá honum að undirbúa þetta svona vel“. „Mér finnst þetta viturlega sagt“.

Viturlegt (l) Gáfulegt; ráðlegt. „Mér fyndist nú viturlegra að fara fyrst á sjó og setja svo inn heyið; það hefur aldrei þótt ráðlegt að *geyma sér sjóveður*“.

Vía (n, kvk) Egg maðkaflugunnar, sjá einnig sögnina að *vía*. Flugan sækir mjög í að *vía* rotandi fisk og kjöt, einkum þegar heitt, stillt og rakt er í veðri. Þarf því að vanda mjög til upphengingar og þrifa, og velja hjöllum staði þar sem vel blæs. „Að *bera víurnar* í eitthvað“ er dregið af ásókn flugunnar.

Vía (s) A. Maðka; um það þegar maðkafluga verpir eggjum sínum (*víum*) í fisk. Fiskur víar síður ef hann er vel þveginn af slori og blóði; nær fljótt að þorna og ekki eru í honum afdrepp fyrir flugu. B. *Vía* frá; stía lömbum eða öðrum afkvæmum frá mæðrum sínum. „Hún Gibba hefur stolið lambi eina ferðina enn; það þarf að *vía* það frá henni og koma því til móðurinnar“. „Verið ekki með þennan gassagang innan um féð krakkar; þið víið lömbin frá mæðrunum“.

Vía frá (orðtak) Aðskilja frá. Einkum notað um það að aðskilja lamb frá móður sinni. „Þú mátt ekki eltast svona við lambið drengur, og vía það frá kindinni. Það er harðbannað“!

Víða er/verður góðs getið (orðatiltæki) Þess verður lengi minnst sem þekktur er að góðu.

Víða er pottur brotinn (orðtak) Víða er eitthvað að; ekki er allt fullkomið. „Með auknu búfjárefirliti hefur komið í ljós að víða er pottur brotinn varðandi aðbúnað búfjár“. Pottar hafa verið mannum nauðsynlegir eftir að hann hagnýtti sér eldun matar. Fyrstu pottar hérlendis voru úr erlendu klébergi, sem er mun auðveldara að móta en íslenskt berg. Skipastóli landsmanna hrakaði fljótt eftir landnámsöld og þegar siglingar fóru að strjálást tók fyrir innflutning klébergspotta. Þeir brotnuðu hver af öðrum og urðu gagnslausir. Líklega er orðtakið til komið á þeim tíma. Eftir að farið var að smíða potta úr eir og pjátri; og síðar flytja inn potta úr steypujárni, var yfirleitt þjóðhagasmíður í hverri sveit sem gat slegið eða brasað í feilinn. Dæmi um slíkan þjóðhagasmíð síðari tíma var Guðbjartur Egilsson á Lambavatni.

Víða flækist frómur (orðatiltæki) Hinn alþýðlegi/góði fer víða. Oft notað sem ávarpsorð við gest.

Víða liggja vegamót (orðatiltæki) Vegamót eru oft mörg á vegum, og gildir það jafnt um bílvegi sem hestavegi fyrir tíma. Notað sem líkingamálum það að lífsleið manna getur víða legið, og óvæntar breytingar orðið.

Víðasthvar / Víðast hvar (ao/orðtak) Á flestum stöðum; nánast allsstaðar. „Víðasthvar hafa orðið miklar breytingar“. „... en framræslu skorti víðast hvar til að geta aukið ræktunina“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). „Fóðurbirgðir eru víðast hvar sæmilegar...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).

Víðavangur (n, kk) Hvar sem er; í víðáttu; á dreif. „Það má ekki skilja hrífurnar eftir svona á víðavangi“.

Víðátta /bm jvj) Mikið svæði; stórt opið svæði.

Víðáttuhálfviti / Víðáttubjáni / Víðáttuvitleysingur (n, kk) Erkihálfviti; algjör auli/vitleysingur. „Hverskonar víðáttuhálfviti getur maðurinn verið?! Hefur hann aldrei komið nálægt skepnunum“?!

Víðáttufullur (l) *Augafullur*; ofurölvi. „Hann var svo víðáttufullur að hann mundi ekkert daginn eftir“.

Víðáttuheimskur / Víðáttuvitlaus (l) Mjög heimskur; tröllheimskur. „Mikið eru víðáttuvitlaus ef þú skilur ekki svona einfaldan hlut“!

Víðfeðmt (l) Víðáttumikið; vítt. „Þeir þurfa að smala ári víðfeðmt svæði“.

Víðfróður / Víðkunnugur / Víðlesinn / Víðskyggn (l) Fjölfróður; *vel heima* á mörgum sviðum; þekkir vel til. „Hann er líklega hvað víðfróðastur í þeirra hópi“. „Ég er þessu svæði nokkuð víðkunnugur“.

Víðilækur (n, kk) Lækur sem rennur um víði vaxið svæði. Víðilækur er örnefni í utanverðum Vatnadal; framanvið Stórahnjót. Þar renna víða lækir undan urðarfætinum í Breiðshlíðinni og þar er bæði skjólsælt og gróðursælt. Þar grær mikið af fjalldrapa og er hann líklega víðir sá sem nafnið er dregið af.

Víðlent (l) Víðáttumikið; víðfeðmt.

Víðsfjarri (ao) Mjög langt frá; órafjarri. „Þetta er víðsfjarri öllum sannleika“! „Því fer víðsfjarri“!

Víðsvegar (ao) Víða; um allt. „Það er *slæðingur* af fé víðsvegar um Bjargið“.

Víðsvegar (ao) Víða; á mörgum stöðum. „Verbúðir voru með þessu lagi víðsvegar á Vestfjörðum“.

Víðsýni (n, kvk) A. Mikið útsýni; staður þar sem sést vítt yfir. B. Líking; mikill skilningur; frjálslyndi.

Víðsýnn (l) Með mikla þekkingu/víðsýni; umburðarlyndur í hugsun. „Hann þykir víðsýnni en ýmsir aðrir“.

Víf (n, hk) Kona; kvenmannskennin, einkum notuð í skáldskap.

Víf er vers yndi (orðatiltæki) *Konur eru karla yndi*; konur eru unaður í lífi karla.

Vífilingjur (n, kvk) Undanfærslur; fyrirláttur; málalengingar. „Í þessu máli duga *öngvar* vífilingjur“! Málfræðingar eru ekki sammála um orðsifjar. Höfundur þessarar samantektar finnst líklegast að forskeytið sé myndbreytt neitunarforskeytið „vé“, hið sama og í „véfengja“, en síðari hlutinn sé „viljungur“ eða „vilungur“; þ.e. vilji; einnig nokkuð myndbreytt í aldanna rás. Merkingin er þá „enginn vilji“; „tregða“; semsé „vífilingjur“. Þessi orðskýring er e.t.v. merkilegust fyrir þær sakir að eintölu-karlkynsorð hefur með tímanum breyst í fleirtölu-kvenkynsorð. Slík breyting getur því aðeins hafa skeð að orðið hafi um tíma lítt verið notað. Þegar það er endurreist er uppruninn gleymdur en hljómur orðsins er grípanði; þénar merkingunni og orðið finnur sér sjálf nýja flokkun.

Víg (n, hk) Dráp; bardagi.

Vígafarli (n, hk, fto) Óöld; styrjöld; endurtekin hefndardráp.

Vígahnöttur (n, kk) A. Loftsteinn; bjart stjörnuhrap. Nafnið var stundum einnig „vígabrandur“ fyrr á tíð, og hefur hvortveggja líklega verið talið fyrirboði víga og styrjalda. B. Líkingamál um þann sem flýtir sér.

„Hann kom hlaupandi hér inn eins og vígahnöttur; greip nestið og þaut af stað aftur til að missa ekki af sjóferðinni“.

Vígahugur (n, kk) Móður; löngun/æsingur í átök/víg. „Það var mikill vígahugur í honum; hann sagðist alveg vera tilbúinn að hitta þessa andskota og kenna þeim sitt af hvoru“!

Vígalegur (l) Mikilúðlegur; óárennilegur; grimmdarlegur. „Mikið asskoti ertu vígalegur með þessa húfu“!
„Tíu vetra orðinn er/ öðrum sveinum fegri;/ fulla hreysti fjögra ber,/ flestum vígalegri“ (JR; Rósarímur).

Vígamóður (l) A. Vígahugur. B. Þreyttur eftir bardaga/viðureign.

Vígindi (n, hk) Áferð; vefnaður. „Mér finnst dálítið sérkennileg vígindi í þessum frakka“.

Vígreifur (l) Kappmikill og til í átök; átakasækin.

Vígsluferð (n, kvk) Ferð til að vígja/blessa. „Guðmundur biskup Arason hinn góði flæktist víða um land með söfnuð sinn er hann átti í erjum við höfðingjavaldið. Í ferðum sínum vígði hann fjöldann allan af stöðum; oftast lindir og vatnsból en einnig hættustaði s.s. björg. Með víxlunum hefur hann öðrum þræði viljað launa góðgerðir og velvilja en eflaust einnig efla trú almúgamannsins með því að færa helgitákn á heimaslóðir. Ein vígsluferð Guðmundar góða lá til Kollsvíkur. Kann e.t.v. góðvinur hans, Snorri Sturluson í Reykholti, að hafa bent honum á þessa verstöð í vestri, þar sem hugsanlegt væri að halda uppi söfnuðinum í nokkra daga gegn messum og vatnsvígslum. Nánari tildrög eru gleymd en um Kollsvíkurferð biskups ber vitni Gvendarbrunnur undir Núpnum, þar sem vatnið er enn talið hafa lækningamátt; Biskupsþúfa, þar sem hinn bæklaði biskup á að hafa hvílt sig á leið að brunnum og e.t.v. sungið messur þar í brekkunni og Gvendarsteinn í Dalbrekkum, þar sem biskup hefur líklega áð með lið sitt á leiðinni yfir Víknafjall“.

Vígvöllur (n, kk) Staður þar sem bardagi/víg fer fram. „Takiði nú til í herberginu straákar; það er bókstaflega eins og vígvöllur“!

Vík (n, kvk) Stór vogur inn í strandlengju, gengur styttra inn en fjörður. Heitið er ævafornt í germönskum málum. Má þar benda á Víkina í Noregi, þar sem nú er Osló. Við þá vík eru víkingar kenndir, sem síðan skírðu nýlendur sínar þar sem þannig hagaði til; t.d. Jórvík, Leirvík, Reykjavík og Kollsvík. Af sama stofni er sögnin að „víkja“ og heitið „veikindi“, sem í raun merkir vík í heilsufarið.

Vík milli vina (orðtak) Langt milli vina/kunningja/frændfólks; misklið uppi milli þeirra sem ættu að halda vinskap. „Mér heyrir að þarna sé orðin vík milli vina; hann er ekki vel hrifinn af nágrannanum núna“. Hluti af lengra orðatiltæki; „*fjörður skyldi milli frænda og vík milli vina*“, sem vísar til þess að of nánar samvistir geta stundum reynt á vinaböndin.

Víkingaskip (n, hk) Skip af þeirri gerð sem víkingar notuðu á víkinga- og landafundaöld sinni. Víkingaskip voru af nokkrum gerðum, eftir þeim tilgangi sem þau áttu að þjóna. Öll höfðu þau þó sömu grunngerð; voru súðbyrt; höfðu eitt þversagl á rá miðskips; sveigt kjöltré; háa stafna og var stýrt með stýrisár stjórnborðsmegin á afturbógi. Yfirleitt var einnig unnt að róa þeim. Megingerðir stærri skipanna voru tvær; langskip og knörr. Langskip, eða dreki, var stórt borðlágt skip ætlað til hernaðar, oft yfir 50 metra langt og með 60 árum eða fleiri; hraðskreiðara en önnur vígskip þess tíma en þénaði hvorki vel til langsiglinga á úthafi né mikilla flutninga. Gunnar Marel Eggertsson smíðaði skipið Íslending sem hleypt var af stokkunum 1996 og er eftirlíking af langskipinu sem fannst í Gaukstad í Noregi. Skipinu var siglt til Ameríku og var ganghraði þess iðulega um 7 sjómílar á klst; og allt upp í 18. Nú varðveitt í Víkingaheimum í Njarðvík. Knörrinn var mun breiðari, borðhærri og burðarmeiri, og hentaði vel til hafsiglinga. Hann var m.a. notaður af landnámsmönnum á Íslandi. Allar líkur eru á að knörr hafi það verið sem steytti á Arnarboða undir stjórn Kolls landnámsmanns. (Munnmælin segja að stýrimaður Kolls hafi heitið Örn, en þar sem engir stýrimenn voru á skipum þessa tíma má e.t.v. ætla að Kollur hafi í raun heitið Örn en tekið viðurnefni af Núpnum sem hann byggði bæ sinn undir). Knerrir voru dýr skip og því ljóst að í Kollsvík hefur orðið mikið tjón við þetta slys. Minni víkingaskip voru til, þó minna sé um þau vitað. Eitt þeirra var ferja, sem líklega hefur verið breiður, grunnur og burðarmikill bátur, einkum ætlaður til flutninga nærri landi. Skúta var e.t.v. af svipaðri stærð en líklega minni en knörr. Kann að vera sama skip og karfi, sem var allt að 20 m langur og með allt að 26 árum.

Víkingaöld (n, kvk) Svo hafa menn í seinni tíð nefnt það tímabil mannkynssögunnar sem einkennist af umsvifum og útrás norrænna víkinga á tímabilinu 800-1050. Undirstaða hennar er sú að Norðmenn þróuðu vel heppnaða gerð súðbyrtra skipa, líklega milli 500 og 700 e.Kr. Góð skip voru þeim nauðsynleg til að ferðast í skerjagarðinum og um hina löngu firði. Hinsvegar kom fljótt í ljós að þau voru afbragðs hafskip og höfðu einnig yfirburði sem herskip. Þetta leiddi til sívaxandi sjórána í fjarlægum ríkjum, og miðast upphaf víkingaaldar við fyrstu skjalfestu árasina á Englandsstrendur árið 793. Þegar veldi norskra, sænskra og danskra víkinga var sem mest, bæði hernaðarlegt og viðskiptalegt, má segja að það hafi náð frá Norður-Noregi að norðan suður til Frakklands og jafnvel Miðjarðarhafs; frá Nýfundnalandi að vestan til Rússlands og Sírlands í austri. Venja er að miða lok víkingaaldar við ósigur Haraldar Harðráða Noregskonungs á Englandi árið 1066.

Víkingur (n, kk) A. Maður á víkingaöld. Oft er heitið tengt stríðskappa, en víkingar voru samsetningur margra þjóðflokka og fjölbreyttra stétta. B. Líkingaheiti manns sem þykir skörungur við vinnu.

Víkingur að dugnaði (orðtak) Mjög duglegur/röskur/öflugur.

Víkja (s) A. Fara frá/til hliðar. „Annar verður að víkja til að hinn komist áfram“. B. Gefa; afhenda; færa. „Ég ætla að víkja henni einni broddflösku“. Einnig „víkja að“. C. Reka fé á ákveðinn stað. „Féð heldur sig illa að fjörubeitinni. Ég ætla að víkja því fram á Foldirnar“. „Viljiði fara og víkja fénu út af túnunum strákar“?

Víkja að (orðtak) A. Afhenda; gefa; láta fá. „Hann vék stundum að okkur súkkulaðibita úr kistuhandraðanum“. B. Um frásögn/ræðu; byrja að fjalla um; koma að. „Mig langar í lokin að víkja að allt öðru málefni...“.

Víkja í lið fyrir (orðtak) Hjálpa; aðstoða. „Hann vantaði mann í smalamennskur svo ég ákvað að víkja í lið fyrir hann, enda átti hann kannski þá hönk upp í bakið á mér“.

Víkja í veg fyrir (orðtak) Fara í veg fyrir; fara til. „Vikið nú í veg fyrir árans kýrnar strákar; þær stefna beint í kálgarðinn!“ „Hann var að ganga í burtu, svo ég vék í veg fyrir hann og bauð honum í kaffi“.

Víkja sér að (orðtak) Koma uppað. „Ég vék mér að honum í hléinu og þakkaði honum fyrir ræðuna“.

Víkja tali að (orðtak) Fara að tala um; *færa í tal*. „Hann vildi ekki ræða þetta og veik talinu að öðru“.

Víkja við (orðtak) Atvikast; haga til. „Nú vikur því svo við að ég á engan molasykur með kaffinu“.

Víkjast undan (orðtak) Færast undan; biðjast undan; vilja helst ekki gera. „Ég mun ekki víkjast undan því sem mér er trúað fyrir“.

Víknabúi / Víknamaður (n, kk) *Útvíknamaður*; sá sem býr í/ kemur frá/ er ættaður frá Útvíkum í Rauðasandshreppi. Rauðasandshreppur skiptist eftir staðháttum í nokkur byggðasvæði, og er sú skipting mjög gömul (sjá *Rauðsendingur*). Eitt þessara svæða eru Útvíknar Látravík, Breiðavík og Kollsvík. „Víknamenn smala sínu fé á skilarétt í Breiðavík“. „Víknamenn; þ.e. bændur úr Útvíkum að meðtöldum Breiðvíkingum, voru flestir með viðskipti sín hjá Sláturfélaginu“ (PG; Veðmálið).

Víkuráll (n, kk, sérn.) Djúpur áll sem gengur inn í landgrunnid VNV af Kollsvík; aflasæl fiskislóð. Fullyrða má að állinn dragi nafn af Kollsvík, enda var hún mesti útgerðarstaður á sunnanverðum Vestfjörðum um aldir. Hafa þá stærri bátar líklega sótt alla leið þangað niður, enda trygg og mikil veiði af góðum fiski.

Víkurbotn (n, kk) Mót undirlendis og fjallshlíða í vík. „Víkurbotn heitir í Kollsvík, þar sem land hækkar við Grænubrekku og Stórfell. Víkurbotn í Breiðuvík er þar sem land hækkar upp á Aurholt og Staður“.

Víl (n, hk) Kvartanir; kveinstafir; væl. „Það þýðir víst lítið að hafa uppi eitthvað víl yfir þessu!“ Líklega af sama orðstofni og „væl/vol“.

Víla ekki fyrir sér (orðtak) Mikla ekki fyrir sér; vaxa ekki í augum; gera umyrðalaust. „Víla“ er sagnmynd „víl“, en kann þó í þessu tilliti að vera breytt mynd af „*tvíla*“. „Þetta var ein sú ánægjulegasta sjórferð, en um leið sú gapalegasta, sem ég hef verið með, og hef ég þó verið með mönnum sem ekki hafa vílað fyrir sér að hlaða skip í sjó, sem kallað var“ (HO; Ævisaga; róid úr Láturdal).

Víla og vola (orðtak) Hafa uppi barlóm; berja sér; nöldra. „Eru þeir enn að víla og vola um þetta“?

Vílsamur (l) Gjarn á að kvarta; aumingjalegur. „Sigfreður í Stekkadal var hraustmenni mikið og ekki vílsamur“ (MG; Látrabjarg).

Víndropi / Vinsopi (n, kk) Dropi/sopi af víni. Vín var aldrei viðhaft í Kollsvík, og almennt var það illa séð í þar í húsum, þó engir væru menn predikararar í þessum efnunum. Flestir Kollsvíkingar gátu því með góðri samvisku sagt að aldrei hefði víndropi farið innfyrir þeirra varir, enda var það nánast orðtak þar í víkinni.

Vínhneigður (l) *Ölhneigður*; fyrir *sopann*; háður víni; sækir í víndrykkju.

Vínnautn (n, kvk) Sókn í áfengi; vinnneysla. „Vínsteinn var kenndur við vínnautn Jóns Þorvarðarsonar sem einhvern tíma á að hafa haft forsvar Sauðlauksdal, og lét færa sér vínföng á afvikna staði þegar hann var á ferðum um sveitina. Neytti þó ekki víns fyrr en að lokinni reisu og sýnt væri að hann kæmist sjálfbjarga heim“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Víraverk / Víravirki (n, hk) Skrautmunur, búinn til úr flóknum vafningum víra sem brugðið er saman og mynda oft reglulegt mynstur. Notað m.a. á skart þjóðbúninga, s.s. myllur og stökkabelti.

Vírbursti (n, kk) Áhald með stinnum vírstubbunum, notað m.a. til að burstu ryð af járnfleti.

Vírgirt (l) Um tún/svæði; girt með vír. „Uppi á Hjöllunum er túngarður, hlaðinn á einum vetri af Guðbjarti Guðbjartssyni, en annarsstaðar eru Láganúpstún vírgirt“.

Vírnet (n, hk) Girðinganeit; net úr sléttum járnvír, notað til að halda sauðfé m.a. frá túnunum.

Vírstag (n, hk) Stag úr vír, t.d. á horni girðingar til að vega á móti strekkingu hennar.

Vírus (n, kk) *Veira*, sjá þar.

Vís (l) A. Áreiðanlegur; öruggur; þekktur. „Það er best að geyma þetta á vísnum stað“. „Er alveg víst að þú þekkir leiðina“? „Það er víst betra að fara að drífa sig“! B. Vitur; gáfaður. „Ég varð einskis vísari“.

Vís er borgun hjá brandi (orðatiltæki) Hótun um að hefna sín. Brandur merkir sverð í þessu samhengi.

Vís er sá er víða fer/ratar (orðatiltæki) Menn læra margt nýtt í ferðalögum.

Vís til (orðtak) Gæti átt til; gæti gert. „Það þarf að hafa gætur á þeirri gráu; hún er vís til að strika beina leið út á Bjarg aftur þegar hún sér tækifæri til þess“. „Ekki veit ég hvað honum dettur í hug a kjósa núna; hann gæti jafnvel verið vís til að kjósa sjálfstæðisflokkinn“! „Varaðu þig á tuddanum; hann er til alls vís“.

Vísa (n, kvk) A. Staka; kvæði. „*Aldrei er góð vísa of oft kveðin*“. B. Hátterni; aðferð. „*Það var hans von og vísa*“.

Vísa á bug / Vísa frá sér (orðtak) Hafna; neita; synja. „Hann vísaði því alfarið á bug að vera valdur að þessu“.

Vísa (einhverjum) á leið / Vís/sýna (einhverjum) í áttina / Vísa (einhverjum) til vegar (orðtök) A. Vísa manni til vegar; leiðbeina hvert halda skuli. B. *Fylgja manni úr hlaði; fylgja áleiðis*. C. Reka fjárhóp áleiðis í þá stefnu sem hann á að fara. Fé var einatt haldið til vetrarbeitar í Kollsvík. Oft nægði, þegar búið var að hleypa því út, að „vísa/sýna því í áttina“; reka það áleiðis að haganum, og þá fór það sjálft til beitar.

Vísa (einhverjum) til sængur (orðtak) Sýna gesti hvar hann á að sofa.

Vísast til (orðtak) Líklega; örugglega; sennilega. „Það er vísast til rétt að fara að huga að þessu“. „Þetta er vísast til rétt munað hjá honum; allavega veit ég ekki betur“.

Vísbending (n, kvk) Tákn; merki; það sem vottar um. „Ég fann engar vísbendingar um að þarna hefði tófa farið um“.

Vísdomsmerki / Vísdomsvottur (n, kk) Vottur um visku/gáfur; gáfumerki. „Það hefur nú aldrei þótt mikill vísdomsvottur að æða á sjó án þess að gá fyrst til veðurs“!

Vísdomstönn (n, kvk) Endajaxl í altenntri manneskju. „Vísdomstennur vaxa seinast og líklega er nafnið dregið af því að þá fyrst séu menn *komnir til vits og ára* þegar þær eru vaxnar“.

Vísdomur (n, kk) Speki; fræði; vitneskja; vit. „Þennan vísdom hef ég aldrei skilið til fulls fyrr en nú“.

Vísifingur (n, kk) Fingur á mannshönd, sá næsti við þumalfingur; *sleikifingur*.

Vísindabók (n, kvk) Bók um raunvísindi/náttúruvísindi. „Á vefrum til skemmtunar eru lesnar fornaldarsögur og vísindabækur“ (Séra Gísli Ólafsson í Sauðlauksdal; sóknarlýsing 1840).

Vísindalega (ao) Með vísindalegri aðferð; á rökréttan hátt.

Vísindamaður (n, kk) Sá sem rannsakar hluti og eðli hluta á gagnrýninn, skipulegan og rökréttan hátt og setur niðurstöður sínar fram sem þekkingarauka. Vísindamaður þarf að kynna sér vel það sem þekkt er varðandi viðfangsefnið og helstu lögmál og ferla sem að því lúta. Vísindamaður er hver sá sem beitir rökréttum/vísindalegum aðferðum. Hann þarf ekki að vera skólagentinn, heldur getur hann aflað vitneskju sinnar með öðru móti. Því er það ekki annað en þjóðsaga og menntahroki þegar skólar og „fræðasamfélög“ reyna að eigna sér hvaðeina sem kennt er við vísindi. Almúgamaðurinn er oft besti vísindamaðurinn.

Vísindi (n, hk, fto) Þekking; vitneskja; sannindi. Oftast er átt við þekkingu sem byggð er á rökleiðslu, athugunum og prófunum og hefur almennt gildi. Vísindi hafa ekkert að gera með skóla eða menntagráður; hver einasti hugsandi maður getur stundað vísindi og verið *vísindamaður*. Hingað til hefur því ekki mikill gaumur verið gefinn, en í raun stunda aðrar dýrategundir einnig vísindi, þó ekki séu þau skráð á blað.

Vísitala (n, kvk) Hlutfall, oftast mælt í prósentum/stigum. Oftast er orðið notað í hagfræði og fjármálum og notað til að lýsa sveiflum tiltekins verðlags miðað við tiltekinn grunn/fastu.

Vísitasía (n, kvk) Eftirlitsferð biskups um umdæmi sitt.

Vísitera (s) Heimsækja. Var fyrrum einkum notað um ferðir prófasta og biskupa til eftirlits með kirkjum og safnaðarstarfi í sínu umdæmi. Var sú ferð nefnd „vistasía“ eða „vísitasíuferð“.

Vísnaverð (n, kvk) Skáldskapur; það að setja saman vísur. „Vísnaverð var miklu meira *haldið á lofti* þegar ég var strákur...“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Vísnaðver / Vísnaðsafn (n, hk) Ljóðabók.

Víst (ao) Vissulega; öruggt; rétt. Töluvert notað sem hikorð...: „Það er víst rétt að fara að drífa sig af stað“...eða andsvar: „Það er víst“.

Vísukorn (n, hk) Lítil/stutt vísa. „Ég held ég kunni þetta vísukorn“.

Vísundur (n, kk) Ættkvísl stórvaxinna villtra nautgripa (bison).

Vísuorð (n, hk) Lína í vísu/kvæði; braglína.

Vísupartur (n, kk) Hluti af vísu. „Ég kann einhvern vísupart en man ekki allt kvæðið“.

Vísvitandi (l) Fyllilega meðvitaður; vitandi. „Hann myndi aldrei gera þetta vísvitandi; þetta hefur áreiðanlega verið óviljaverk“.

Vísvitanalega (ao) Vitandi vits; meðvitaður. „Þetta hefði hann aldrei gert vísvitanalega“!

Víta (s) Fordæma; gagnrýna harðlega. „Össur Guðbjartsson taldi að víta bæri harðlega þá fjármálaóstjórn (sjúkrahúss) sem hér væri um að ræða“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Vítahringur (n, kk) Orðið er notað um ástand sem skapast við orsakasamhengi þar sem orsök skapar slæma afleiðingu sem síðan hefur keðjuverkun á þann hátt að fyrstnefnda orsökina er afleiðing annarrar í keðjunni. T.d. er talað um að menn geti lokast inni í vítahring ósanninda eða vítahring fátæktar. Líklega á orðið mun eldri uppruna, sem þá gæti vísað til helgiathafna.

Vítavert (l) Vert fordæmingar; ófyrirgefanlegt. „Mér finnst þetta alveg vítavert kæruleysi“.

Víti (n, hk) A. Stytting á Helvíti, bústað Satans og djöfla hans. B. Hluti af hjátrú sem líklega er mun eldri en kristin trú, og snýr að því sem forðast þarf að gera í daglegu lífi til að spilla ekki framtíð sinni og sálarheil. Talið var að ævi manna væri fyrirfram ásköpuð í stórum dráttum; mönnum væru búin forlög/sköp. Þó gætu menn stofnað sér í voða með ýmsum hætti ef vissar venjur væru ekki virtar. „Til þess eru vitið að varast þau“, voru og eru enn varnaðarorð í því efni. Lengst hefur eimt eftir af þessari hjátrú meðal sjómanna, en um það fjallar m.a. KJK í ritgerð sinni um Kollsvíkurveg. Dæmi um víti eru t.d. þau að ekki megi slíta niður dordingul eða rífa köngulóarvef; það sé ólánsmerki. Ekki má éta mark af kindarhöfði; þá er maður sauðþjófur. Ekki má fleygja málbeini í hunda eða sorp á bæ þar sem er ómálga barn; þá fær það aldrei mál. Ef ólétt kona borðar rjúpuegg verður barnið freknótt og ef hún hleypur mikið verður það lofthrætt. Aldrei má kona á blæðingum stíga yfir kjöl sem lagður hefur verið að bát; þá verður hann ólánsfleyta. Ef menn skera matinn frá sér í stað þess að skera hann að sér er hann að skera handa skollanum. Ef maður gengur með hendur læstar saman aftanvið bak er maður að teyma andskotann. Ef ræðari lætur verulegan enda árahlumms standa útundan hendi sinni þá rær djöfullinn með honum. Ef barn blótar kemur svartur blettur á tungu þess. Ef tveir kveða í einu, sína vísuna hver, þá skemmta þeir skattanum. Ekki má kyssa lamb, þá verður það tófubitið. Ekki er þó allt neikvætt: Hnerraði maður ofaní skip eða afla boðaði það góða veiði, og hnerri ofaní mat boðaði björg í bú. Ef hrífur kræktust saman á teigi táknaði það vináttusamband eða sambúð, væri um karl og konu að ræða.

Víti til varnaðar (orðtak) Áminning um að fara varlega. „Þessar hrakfarir þeirra ættu nú að verða öðrum víti til varnaðar; að vera betur útbúnir áður en lagt er á fjall í svona tíðarfari“.

Vítiskvalir (n, kvk, fto) Miklar þjáningar; óbærilegir verkir. „Sjaldan hef ég liðið álíka vítiskvalir og þá“.

Vítissódi (n, kk) Grimmsterkur hvarfagjarn lútur; natríumhydroxíð. Stundum notað sem öflugt hreinsiefni eða stíflueyðir, en varasamt vegna ætingar og eitúrhrafa.

Vítissteinn (n, kk) Blásteinn; silfurnítrat; notað til iðnaðar; þótti áður gott til lækninga, m.a. á vörtum og bólgu.

Vítli (n, hk) Dund; fikt; rjál. „Ég nenni ekki þessu vítli með handkvíslum; ég sæki traktorinn“.

Vítla við (orðtak) Dunda/fikta/fást við. „Hann er eitthvað að vítla við útskurð“. „Ég vítla við þetta í frítímum“.

Víxill (n, kk) Skuldarviðurkenning af sérstöku formi. Í dag einkum notað sem skuldabréf skammtímaláns með ábyrgðarmanni/-mönnum og fyrirframgreiddum vöxtum.

Víxl / Víxlun (n, hk/kvk) Umskipti; það að víxla.

Víxla (s) A. Leggja á misvíxl; leggja í kross. B. Hafa skipti á. „Hér hafa þinir víxlaskilunum“.

Voð (n, kvk) A. Klæðisefni sem ofið er úr ull. Sjá tóvinna. B. Annað heiti á segli báts. „Ægisdætur áleitnar/ýrum væta bjórinn./ Vindar tæta voðirnar;/ verða nætur langdregnar“ (JR; Rósarímur).

Voðalega (ao) Afar; mjög; hræðilega; ógnvænlega.

Voðalegur (l) Skelfilegur; ógnvænlegur. „Efti skamma stund heyrði ég voðalegan hávaða“ (Guðrún Grímsdóttir; Útkall við Látrabjarg). Stundum stýtt í „voða“.

Voðamenni (n, hk) Ógnvænlegur maður; illmenni. „Þið ættuð ekki að vera að lita á ykkur skeggómýndina hans Hitlers, strákar; þetta var voðamenni sem enginn ætti að líkjast“.

Voðaskot (n, hk) Slysaskot; byssuskot sem veldur slysi/dauða manns. „Hann lést af völdum þessa voðaskots“.

Voðaverk (n, hk) Hræðilegur verknaður; morð.

Voðfelldur (n, kk) Um klæði/flík; mjúkur; þjáll; þægilegur.

Voði (n, kk) A. Hætta; vá; lífshætta. „Farðu þér nú ekki að voða með hnífinn“! B. Hættulegt eggjárn. „Farðu ekki svona gáleysislega með voðann drengur“!

- Vofa** (n, kvk) Draugur; andi; svipur. „Hafi einhver vofa verið þarna á ferð þá hefur hún örugglega orðið hræddari við mig en ég við hana“!
- Vofuhvítur / Vofulegur** (l) Fölur; laslegur; slappur. „Skelfing ertu nú vofulegur; ertu með hita“?
- Vog** (n, kvk) A. Vigt; tæki til mælingar á þyngd. B. Þyngd; vægi.
- Voga** (s) Þora; hætta á. „Ég vogaði ekki að leggja að hleininni í þessum súgi“.
- Voga sér** (orðtak) Hætta sér; þora. „Hann vogaði sér ekki að mótmæla kerlingunni“.
- Voga til** (orðtak) *Hætta til.* „Ég þori ekki að voga því til að hafa netin á víkinni í svona *nordanspá*“.
- Vogaður** (l) *Hugaður*; kjarkmikill. „Mér þykir þú fjári vogaður að ætla að reyna að klífa þarna upp, bandlaus“.
- Vogandi** (l) Hættandi; þorandi. „Ég held að ekki sé vogandi að leggja grynna; ef hann skyldi auka sjóinn“.
- Vogarstöng** (n, kvk) Stöng sem beitt er til að auka kraft með því að auka vinnu. Með vogarstöng getur maður því t.d. hreyft hluti sem án hennar væru of þungir í meðförum. Járnkarl er t.d. oft notaður sem vogarstöng til að hreyfa þungan stein; felgujárn til að vega dekk af felgu o.s.frv.
- Voggrís** (n, kk) Bakteríusýking í háarsekk í augnloki, með lítilli grafrarbólu og roða. Nokkuð algengur kvilli en hættulaus, og gengur yfir á nokkrum dögum.
- Vogmeri / Vogmær** (n, kvk) Trachipterus arcticus. Fiskur af vogmeyjarætt sem stundum finnst nærri Íslandsströndum og hefur m.a. rekið á fjörur í Kollsvík (1969). Þunnvaxinn fiskur sem verður oft yfir 3 m að lengd. Stirtla og sporður skærrauð, sem og langur bakugginn, en fiskurinn annars silfraður að lit. Heldur sig oftast langt frá landi og á nokkurhundrað metra dýpi.
- Vogrek** (n, hk) Reki sem á einhvern hátt er unnið af mönnum, t.d. strandgóss úr skipi. „Um vogrek gilda þær reglur að það er eign þess sem sannað getur tilkall sitt til eignanna, en ekki rekaeiganda. Þó er sú undantekning á þeirri reglu að merktar baujur hafa almennt ekki talist vogrek“.
- Vogun** (n, kvk) Áhætta; hætta. „Sumum þótti það nokkur vogun að leggja í röstina svo úfna“.
- Vogun vinnur; vogun tapar** (orðatiltæki) Einhver áhætta gæti unnist en gæti einnig tapast. Grundvallarlögmál happdrættis, og oft viðhaft þegar menn leggja í verulega áhættu.
- Vogunarmikið** (l) Áhættusamt. „Mér finnst það heldur vogunarmikið að fara þetta bandlaus“.
- Vogur** (n, kk) Lítil vík; vik inn í strandlengju. Sbr Helluvogur, Sandhellisvogur og Landamerkjavogur.
- Voka / Vokka / Vokra yfir** (orðtak) Vakta; fylgjast með. „Það þarf eitthvað að vokra yfir kúnni meðan hún er að bera“. „Hrafninn er að vokka yfir einhverju í skurðinum; hugsanlega er kind þar föst“
- Vokk** (n, hk) Stjákl; viðvera; vöktun; aðgát. „Það er stutt hvíldin hverju sinni um sauðburðinn. Maður þarf alltaf að ver á vokki innanum féð ef þetta á að gang sémilega“.
- Vokka yfir** (orðtak) Fylgjast með; vakta; vera á ferli við. „Það þarf stöðugt að vera að vokka yfir lambfénu á þessum tíma“.
- Vokkandi** (l) Á vakt/verði; að fylgjast með. „Ég var vokkandi þarna í Vörinni og beið eftir bátnum“.
- Vol** (n, hk) Væl; skælur; grátur. „Vertu nú ekki að þessu voli lambið mitt; þetta voru nú ekki stórmeiðsl!“
- Vola** (s) Gráta; orga. „Af hverju ertu nú að vola greyið mitt“?
- Vola eitthvað í sig** (orðtak) (líkl.) Eta eitthvað með ólund/af ólyst. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Volað** (l) Velsælt; aamt. „Skyldu þessir voluðu vesalingar aldrei geta setið á sáttis höfði“? „Enn svara þeir ekki hjá Símanum. Ég held bara að væri rétt að leggja niður þá voluðu stofnun“!
- Voldugur** (l) Máttugur; valdamikill; sterkur. „Þetta er ansi voldugt rekatré“!
- Volgna** (s) Hitna lítilega; verða volgt.
- Volgra** (n, kvk) A. Uppspretta af volgu vatni; laug. B. Hálfur hugur; lítilsháttar löngun. „Það er einhver volgra í honum með þetta, finnst mér“.
- Volgrulegur** (l) (líkl.) Hálfvolgur; hikandi; óviss. (Merking kann þó að vera önnur; ekki notað í mínu minni; VÖ) Orðið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Volgur** (l) Dálítið heitur; hlýr. Best er að því þetta úr volgu vatni“.
- Volk** (n, hk) Hrakningar; vosbúð. „Einn komst af eftir talsvert volk“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).
- Volkinn** (l) Velktur; *jaskaður*; hrakinn. „Þeir voru víst orðnir ári volknir eftir þessa sjóferð“.
- Voll** (n, hk, linur frb) Vandræðaástand; óreiða; ólag. „Ljósavélin var kolúrbrædd og *allt í velli*; enda hvorki hægt að mjólka né elda“. „Þetta er nú meira vellið á hlutunum“! Voll mun vera dönskuletta; völd =

harðræði; yfirgangur, og vísar því til hernaðarástands. Var í hvorugkyni í munni Kollsvíkinga, en orðabók HÍ hefur það í karlkyni.

Volla (s) Vandræðast; væflast; vera aðgerðalítill; bíða eftir. „Maður reynir að volla eitthvað innvið meðan veðrið er svona“. „Við erum ekkert að volla lengur yfir þessari ördeyðu hér; við skulum reyna að kippa“.

Vols (n, hk) Dót; samansafn; gums. „Þarna í kassanum ægði saman allskonar volsi“. Sjá *innvols*.

Volt (n, hk) Eining á styrk rafspennu. „Tólf volta lögnin var að mestu úr blýköplum“.

Volæði (n, hk) Uppgjöf; vesaldómur; barlómur. „Það bætir lítið að leggjast bara í eynd og volæði“.

Volæðisvæl (n, hk) Svartagallsraus; úrtölur; bölsýnistal. „Ég hlusta bara ekki á svona andskotans volæðisvæl!“

Voma (s) Vofa yfir; liggja í loftinu; hika. „Það vomir ennþá yfir þessi hækkun á áburðarverðinu“.

Vomur á (einhverjum) (orðtak) Einhver hikar/efast. „Einhverjar vomur eru á honum með að ganga frá þessu“. Voma merkir óstyrkur; hik; hálfvelgja.

Von (n, kvk) Vænting; löngun; ósk. „Það er gott að geta *átt von* í þessu“. „Enn er von um að þetta lagist“.

Von bráðar (orðtak) Fljótlega; bráðlega. „Náði hann þeim von bráðar því hans bátur var miklu hraðsigldari en Guðbjörg“ (ÖG; Þokuróður). „Bátarnir sem í róðri voru, koma von bráðar siglandi til lands í frískum byr“ (KJK; Kollsvíkurver).

Von og vísa (orðtak) Viðbúið. „Hann kom alveg á réttum tíma, eins og hans var von og vísa“.

Von úr viti (orðtak) Mjög lengi/mikið; brjálæðislega. „Við þurftum að bíða von úr viti eftir nýja hásetanum“. „Hann er að auka sjóinn von úr viti; við förum að hætta þessu og fara í land“.

Vona (s) Vænta; vonast eftir; óska; vilja.

Vona það besta (orðtak) Vona að allt fari á besta veg. „Nú er bara að bíða og vona það besta“.

Vonandi (ao) Væntanlega; æskjandi. „Vonandi átta þeir sig fljótlega á þessum mistökum“.

Vonarglæta (n, kvk) Örlítill von; vonarneisti. „Kannski er enn vonarglæta um að sveitirnar byggist á ný“.

Vonarpeningur (n, kk) A. Upphaflega notað um búpening sem er lélegur, en þó vonast til að lifi til vorsins. B. Oftast notað nú um hró; þann sem er á heljarþróm. „Mér sýnist hún Surtla gamla vera orðinn mesti vonarpeningur“.

Vonarvölur (n, kk) Betlistafur. Einungis þekkt í orðtakinu *komast/kominn á vonarvöl*, sjá þar.

Vonast eftir / Vonast til (orðtak) Vænta; búast við. „Við héldum að þetta væru silungaseyði og vonuðumst til að koma upp silungi sem við gætum veitt seinna“ (IG; Sagt til vegar II).

Vonbiðill (n, kk) Karlmaður sem bíður lengi svars frá kvenmanni eftir ástarjátningu, sá sem bíður og vonast eftir jákvæðu svari.

Vonbrigðasvipur (n, kk) Svipur sem lýsir vonbrigðum; svipur óánægju.

Vonbrigði (n, hk, fto) Brostnar vonir; óánægja með að ekki fór eins og vænst var eftir. „Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þessa niðurstöðu“.

Vondaufur (l) Vonlítill; með litlar væntingar. „Heldur er ég vondaufur um að af þessu verði“.

Vondi karlinn (orðtak) Satan; fjandinn; *sá vondi*. „Það má vondi karlinn vita“! Stundum notað sem milt blótsyrði.

Vondslega hefur oss veröldin blekkt (orðatiltæki) Viðkvæði þess sem finnst tilveran hafa snúist gegn sér þá stundina. Spekin er upphaf kvæðis: „Vondslega hefir oss veröldin blekkt;/ vélað og tælt oss nógu frekt;/ ef ég skal dæmdur af danskri slekt,/ og deyja svo fyrir kóngsins mekt“ (Jón biskup Arason). Vondsleg örlög Jóns urðu þau að missa sitt höfuð af völdum kóngsins slekts 7. nóvember árið 1550, en aftakan markaði endalok kaþólsks siðs hérlendis. Jón Arason var, auk þess að vera kaþólskur erkibiskup, gott ljóðskáld, prentfrömuður og einn af forfeðrum Kollsvíkurættar.

Vondur (l) A. Slæmur í eðli; illur; harðbrjósta. „Ekki held ég að hann hafi ætlað að vera vondur við krakkagreyið“. B. Æstur í skapi; reiður. „Hann varð bara vondur þegar ég mótmælti þessu“. C. Bragðvondur; ógeðslegur. „Mér finnst þessi matur fremur vondur“.

Vongóður (l) Með góða von; bjartsýnn. „Ég er enn vongóður um að þetta takist“.

Vonlega (ao) Að vonum; eins og vonast gæti verið til. „Honum þótti sinn hlutur vonlega lítill“.

Vonlegur (l) Væntanlegur; sem við er að búast. „Féð er komið strax að húsunum aftur; sem vonlegt er; það er tilgangslítið að vísa því til beitar í svona veðri“.

Vonleysi (n, hk) Lítil von; litlar væntingar; uppgjöf. „Það fer nú að sækja á mann dálítið vonleysi ef ekkert sést til hrútsins þegar búíð er að smala“.

Vonleysishjal (n, hk) *Bölmóðsvol; svartagallsraus*. „Ég gat ekki heyrt neitt vonleysishjal hjá honum þrátt fyrir það sem yfir hafði dunið“.

Vonlítill (l) Með litla von; svartsýnn. „Maður fer að verða vonlítill um að hann finnist *úr þessu*“.

Vonska (n, kvk) Illska; reiði. „Hann hreytti úr sér einhverjum skít í vonsku sinni“.

Vonskast (s) Illskast; vera reiður; láta fúkyrði fjúka. „Vertu nú ekki að vonskast yfir þessu; það lagast ekkert við það“!

Vonskutíð (n, kvk) Slæmt tíðarfar; hörð veður. „Það er búin að vera þessi vonskutíð alveg frá áramótum“.

Vonskubylur / Vonskuél / Vonskukóf (n, kk/hk) Slæmt/dimmt/hvasst él; óveðursbylur; blindbylur. „Við lentum í þvilíku vonskukófi þarna uppi á háfjallinu að við urðum að skriða í skjól og bíða það af okkur“.

Vonskutíð (n, kvk) Slæmt tíðarfar; tíðarfar illviðra.

Vonskuveður (n, hk) Slæmt veður; óveður. „Við vorum heppnir að vera komnir heim fyrir þetta vonskuveður“.

Vonsvikinn (l) Sem orðið hefur fyrir vonbrigðum; hnugginn.

Vont í sjó (orðtak) Mikill sjór. „Fram af Blakknesi gengur úfin röst sem heitir Blakknesröst. Er þar oft vont í sjó“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur).

Vont sækir vandan heim (orðtak) Illur á sér ills von; sá sem er öðrum slæmur getur ekki vænst betra sjálfur. Einnig notað styt; *sækir heim vandan*, þegar eitthvað henti mann, og þá jafnan getið til um orsakir.

Vonum frammar (orðtak) Betur/meira en vænta mátti. „Þetta tókst vonum frammar“. „Hann stóð sig vonum frammar“. „Aflinn var vonum frammar“.

Vonum seinna Síðar en vonast var eftir. „Hann mætti vonum seinna, og fékk náttúrulega *tilta*“.

Vopnabrak / Vopnaskak (n, hk) Ófriðarlæti; það að láta vígalega/dólglega. „Eitthvað vopnaskak hefur verið þar á milli bæja undanfarið“.

Vopnadómur (n, kk) Sögufrægur dómur sem Magnús prúði sýslumaður í Saurbæ kvað upp í Tungu í Örlygshöfn 12.október 1581, og kalla má eina herútbóðið meðal Íslendinga. Þá fyrir nokkrum árum höfðu sjóræningjar rænt Eggert Hannessyni tengdaföður hans frá Saurbæ. Í dómnum er farið hörðum orðum um þá fásinnu kóngsins manna að hafa látið eyða vopnum í landinu fimm árum áður. Hver maður er skyldaður til að eiga lágmarks vopnabúnað, m.a. eina luntabyssu, og hreppsstjórar skyldu sjá til þess að á sýnilegum stöðum væru hlaðnir bálkestir til að fljótlega væri unnt að koma boðum á milli. Hugsanlega má enn sjá hleðslubrot á Blakknesnibbu sem hafi átt að vera skjólveggur fyrir slíkan köst.

Vora (s) Koma vor; *léttu vetri*; batna tíð. „Þegar voraði var nóg að gera“ (IG; Æskuminningar).

Vorannir (n, kvk, fto) Verk sem vinna þarf að vori. Vorin eru jafnan einn annasamasti tími ársins hjá bændum; sér í lagi þar sem einnig er stundaður útvegur.

Vorafli (n, kk) Fiskur sem aflast á vorvertíð. „Það kom fyrir að fiskurinn var seldur upp úr salti; óverkaður og ópakkaður. Eitt skip tók allan *voraflann* úr veiðistöðinni“ (KJK; Kollsvíkurver).

Vordagar / Vorkvöld (n, kk/hk) „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi. Svipmót hennar var bæði blítt og strítt. Lognkyrrir vordagar voru þar fagrir og unaðslegir, og þó einkum vorkvöldin fögru: Þegar sól var að síga í æginn og átti þar aðeins skamma dvöl, uns hún reis á ný úr djúpi, en hvarf svo um stund aftur undir Blakkinn“ (KJK; Kollsvíkurver).

Vorhlutur (n, kk) Aflahlutur skipverja eftir vorvertíð. „Svo voru vorhlutirnir; aflahlutur hvers og eins úr þorskaflanum sem seldur var. Skipt var í fimm hluti. Hver háseti fékk einn hlut en útgerðarmaður, sem oftast var jafnframt formaður, tók tvo hluti fyrir sig og dauðan hlut fyrir bát og veiðarfæri“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *aflahlutur* og *skipti*. „Vorið 1927 varð hæst í vorhlutur 870 krónur, og næsti þar fyrir neðan um 800 krónur. Þetta þóttu mjög háir hlutir á þeim tíma“ (KJK; Kollsvíkurver).

Vorhlýindi (n, hk, fto) Hlýrri tíð með vori. „Snjór hverfur fljótt úr fjöllum í þessum vorhlýindum“.

Vorhret (n, hk) Illviðrakafli að vori.

Vorjafndægur (n, hk) Jafndægur að vori (dagur og nótt jafnlöng); 20-21.mars.

Vorkenna (s) Aumka; finna til samúðar gagnvart; finna til með. „Ég vorkenndi honum í þessum vandræðum“.

Vorkennast (s) Gjalda fyrir; líða. „Við skulum bara leyfa honum að vorkennast í snjómokstrinum í dálítinn tíma; hann æddi af stað á fólksbil í þessari ófærð þó hann væri varaðaður við“!

Vorkoma (n, kvk) Koma vorsins.

- Vorkunn** (n, kvk) Samúð; meðlíðun; það að kenna í brjósti um. „Honum er nokkur vorkunn; hann er enn dálítið багаður í fætinum“.
- Vorkunnarlaust** (l) Ekki *vorkunn*. „Honum er nú vorkunnarlaust að hjálpa til; fullhraustum mannum“.
- Vorkunnarorð** (n, hk) Samúðarorð; hughreysting. „Hann hjálpaði strákunum að setja upp bátkenuna, en það voru víst engin vorkunnarorð sem hann las yfir þeim eftirá“.
- Vorkunnarverður** (l) Aumkunnarverður; sá sem á skilið samúð/vorkunn.
- Vorkunnsamur** (l) Sem sýnir vorkunn. „Karlínn var ekki eins vorkunnsamur og kona hans. Hann sagði að svona filhraustir strákar ættu að vera færir um að smala fáeinum rolluskjátum“.
- Vorkunnsemi** (n, kvk) Meðaumkun; samúð. „Honum var ekki sýnd nein vorkunnsemi með þetta“.
- Vorkyrrð** (n, kvk) Kyrrlát veður að vori. Oft gerir miklar stillur þegar átökum sumars og vetrar linnir að vorinu; ekki síst að næturlagi. Það hafa þeir upplifað sem t.d. hafa þurft að vaka yfir lambfé að vori eða leggja upp í vitjun neta að næturlagi.
- Vorlag / Vortími** (n, hk/kk) Tími vorsins. „Þetta skeði að vorlagi“.
- Vorleysingar** (n, kvk, fto) Snjóbráðnun vegna vorhlýnda. „Þessi hiti veldur nokkuð ákøfum vorleysingum“.
- Vorróðrar** (n, kk, fto) Vorvertíð; sjósókn að vorlagi. „...lögðu af stað frá Hænuvík og ætluðu út í Kollsvík til vorróðra“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Vorseiði** (n, hk) Fiskseiði sem klekst að vori. „Á sumrin var lítill *frítími*, en hann var notaður í *brönduveiðar* eða veiðar á vorseiðum í *fförupollunum*“ (IG; Æskuminningar).
- Vorsmali** (n, kk) Smali sem smalar í *vorsmölun*. „Þetta var í vorsmölun og allir vorsmalar þurftu að eiga ágæta hnífa“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).
- Vorsmölun** (n, kvk) Smölun fjár að vori. „Þetta var í vorsmölun og allir vorsmalar þurftu að eiga ágæta hnífa“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).
- Vorveður** (n, hk) Veður að vori. „Þetta er hið besta vorveður; milt og sólríkt, með gróðrarskúrum“.
- Vorverk** (n, hk, fto) Verk sem vinna þarf að vori. „Meðal vorverka var sauðburður og allt sem honum fylgdi; einnig girðingarvinna, sáning; áburður á tún; viðhald véla og svo allt sem tengdist veiðiskap t.d. meðan grásleppuveiðar vru stundaðar meðfram búskapnum“. „Eitt af vorverkunum, sem að mestu kom í hlut unglínga eftir að róðrar hófust, var eftirlit með sauðfé“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). „Já, það voru alltaf ræktaðar kartöflur og þær spruttu; og þær spruttu vel. Það var alltaf sett mánuð af sumri. Rófur voru einnig ræktaðar. Þetta tilheyrði vorverkum kvennanna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).
- Vorvertíð** (n, kvk) Vertíð á fyrri hluta sumars. „Á vorvertíð urðu engin slys á mönnum í Kollsvíkurvei, svo langt sem ég man eða hef sagnir af“ (KJK; Kollsvíkurvei).
- Vorþing** (n, hk) Héraðsþing sem árlega voru haldin frá landnámi til loka þjóðveldisaldar. Þessi fyrstu þing Íslandssögunnar voru háð í fimmtu til sjöttu viku sumars. Hið elsta er talið vera Kjalarnesþing í landnámi Ingólfs Arnarsonar og Þórsnesþing í landnámi Þórólfs Mostraskeggs. Síðar var Alþingi stofnað 930 og leiðarþing, en samheiti þeirra var skapþing. Við skiptingu landsins í fjórðunga árið 935 urðu vorþingin 13, en fækkaði fljótlega eftir það. Bændur og landeigendur skyldu mæta til vorþings. Í dómi sátu 36 menn. Tilkynningar fóru fram í þingbrekku.
- Vos** (n, hk) Slæmur aðbúnaður; kuldi og bleyta. „Hann vandist snemma við þær hættur og það vos sem sjósókninni fylgdi.“ (minningarorð ÖG um AK). „Það var stöðug stórríging þessa daga svo bæði var vossamt og erfitt fyrir menn og skepnur...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „Þar slapp einna best sá sem var í bátnum og lyfti á, enda var oftast valinn til þess eldri maður, eða einhver sem ástæða þótti til að hlífa við vosinu“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).
- Vosbúð** (n, kvk) Slæmur aðbúnaður; *volk*. „...ekki hafði þessi vosbúð haft bætandi áhrif á hálsmeinið...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). „... enda voru sjóróðrar stundaðir af miklu kappi með vökum, þreytu, vosbúð og áhættu“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).
- Vosklæði** (n, kk) Blaut föt. „Húsfreyja hjálpaði mér úr vosklæðum og háttaði mig inn í rúm...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Vossamt** (l) Unnið í rigningu og bleytu; blautt. „Það var stöðug stórríging þessa daga, svo bæði var vossamt og erfitt fyrir menn og skepnur...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Votaband** (n, hk) Blautt hey sem bundið er í bagga. Meðan útslægjur voru slegnar var grasið stundum flutt blautt af vellinum og þurrkað á góðum þurrkvelli, helst nærri byggð. Það hey var votaband.
- Votabatteri** (n, hk) Rafgeymir; upprunalegt heiti á rafhlöðum sem notaðar voru fyrir fyrstu lampaútvörpin. „Tvenns konar rafhlöður voru notaðar við útvörp, kallaðar þurrbattery og votabattery. Þurrbatteryin entust

nokkuð lengi og síðan voru keypt ný. Þau líktust ofvöxnum vasaljósabatteryum. Votabatteryin eða rafgeymarnir tæmdust og þá þurfti að hlaða þá aftur. Var þá lagt af stað oft yfir langa fjallvegi á næsta bæ sem rafveita var á til að fá hleðslu. Tveir geymar þurftu að vera til svo sá sem fór með tóma geyminn gæti tekið hlaðna geyminn með sér heim. Sumir fengu að hlaða batteryin í rennibekknunum hans þabba. Við hann var dýnamór og var svo hægt að stíga rennibekkin (lengi!) og hlaða geyminn“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms). „Þessi rennibekkur er enn til og notaður nokkuð, en er nú kominn með rafmagnsmótor. Hann var þá að sjálfsögðu stíginn, með tveim fótstigum. Það skondna er að áður framleiddi rennibekkurinn rafmagn. Þabbi tengdi við hann dýnamó og svo voru hlaðnar rafhlöður fyrir útvörpin, sem kallaðar voru votabatteri“ (S.G: Bréf til mömmu; Arb.Barð 80-90).

Votapóf (n, hk) Aðferð til að þæfa ullarvöru. Þá er volgu vatni hellt yfir hana í ullarbala og hún þæfð í því. Ekki er vitað hvort votapóf tíðkaðist í Kollsvík, en heiti og aðferð var þekkt.

Voteygur (l) Með tár vot augu. „Það þýðir lítið að vera lengi voteygur yfir þessari lúðu; hún kemur víst ekki aftur í bráð“!

Vothey / Votheysgerð / Votheysverkun (n, hk/kvk) Súrhey; gras sem látið er grasþurrt í gryfju, þannig að í það kemur hiti og það verkast á sérstakan hátt og geymist sem skepnufóður. „Nær eingöngu var heyjað í þurrihey á þeim tíma; þó þekktist votheysgerð í smáum stíl“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG). Fyrstur til að stunda votheysverkun í Rauðasandshreppi mun hafa verið Ólafur Ólafsson Thorlacius í Saurbæ, kringum aldamótin 1900. Í Kollsvík var líklega farið að verka vothey kringum 1920-30, en einnig var þar sem víðar verkaður þari með líkum hætti.

Votheysgryfja (n, kvk) Gryfja til verkunar á votheyi. Talið var æskilegt að verka vothey í djúpum gryfjum, til að heyið næði að siga vel saman og hitna og yfirborð væri lítið, því þar vildi heyið skemmast. Því voru víða byggðar votheysgryfjur inni steyptar hlöður, s.s. í Kollsvík, á Stekkjarmel og Láganúpi; eða háar sérsteyptar gryfjur t.d. í Kollsvík og á Láganúpi. Síðar komu önnur sjónarmið og farið var að verka vothey í flatgryfjum og síðar rúllum.

Votheysilmur / Votheysfýla / Votheyslykt / Votheysstækja (n, kk/kvk) Ilmur/lykt af votheyi. Votheyslykt getur þótt góð eða slæm, og fer það bæði eftir þeim sem dæmir og verkun sem heyið hefur fengið. Sé heyið í upphafi kjarnmikið gras sem slegið er í góðri sprettu; hirt sæmilega þurrt; jafnað vel í hæfilega þykkt í góðri gryfju; sígur jafnt og án þess að hiti *hlaupi uppúr*, og *leyst* hæfilega ört eftir að gryfja er opnuð, þá er lyktin að öllum líkindum mjög góð, og tekur fram öllum dýrustu ilmeffnum veraldar. Hinsvegar, ef veruleg frávik eru í einhverjum þessara þátta, getur lyktin af illa veruðu eða slæmu votheyi verið afar fráhrindandi og þræsinn. Slik lykt hefur meiri viðloðun en flest önnur. Af þessu stafa hin mismunandi heiti votheyslyktar. „Þær kvörtuðu kerlingarnar í saumaklúbbnum undan votheysfýlu, en *fjandan sú ögn* að ég gat fundið hana“.

Votheyskarfa (n, kvk) Karfa til að bera vothey úr votheysgryfju fram á jötu til gjafar. Notaðar voru sömu körfur og áður voru algengar við meðferð afla. „Meðal þess sem rak á fjörur voru ágætær votheyskörfur“.

Votheyspoki (n, kk) Poki sem vothey er sett í þegar það hefur verið leyst í votheysgryfju og fært til gjafa í fjárhúsi eða fjósi. „Vothey í stöku gryfjunni á Láganúpi var sett í votheyspoka, borið upp stiga og *forflutt* inni hlöðu, þar sem það beið þess að vera gefið. Pokar undan áburði voru úr þykku plasti og af heppilegri stærð sem votheyspokar“.

Votheystugga (n, kvk) Lítið eitt af votheyi. „Ég kastaði dálítilli votheystuggu í féð. Það var svo stutt úti að það hefur varla fengið magafylli“.

Votheysvagn (n, kk) Heyvagn með votheyi.

Votheysveiki (n, kvk) Hvanneyrarveiki; listeríusýking. Kindum er hætt við að fá votheysveiki ef verkun á heyi er ábótavant, t.d. ef í því er mygla. Þetta fer þó eftir stofnum og einstaklingum fjárens. Veikin lýsir sér fyrst í lysterleysi, síðan máttleysi og að lokum lömun og dauða ef ekki læknað. Kindur geta læknað með góðri umönnun, t.d. með því að þær fái úrvalsfóður í smáum stíl og með því að hella í þær hafraseyði. Lömun getur þó orðið varanleg; t.d. holti eða sjónleysi. Veikin var á síðari tímum rakin til listeríugerilsins, en hann lifir m.a. í rotnandi jurtalefum, vatni, alifuglaketi o.fl. Sýkingin getur einnig herjað á fólk.

Votheysveikiskind (n, kvk) Kind sem veikst hefur af votheysveiki. „Það getur verið ráð að hella hafraseyði niður í votheysveikiskind, á meðan hún getur ekki tuggið“.

Votheysverkun (n, kvk) Verkun á votheyi.

Votlent (l) Um landsvæði; með miklum bleytum; blautt yfirferðar.

Votta / Vottfesta (s) Vitna um; bera vitni um; staðfesta.

Votta fyrir (orðtak) Sjást ummerki um. „Hér vottar fyrir mygla í heynu“.

Votta samúð (orðtak) Láta einhvern finna hluttekningu vegna sorgar. „Ég votta þér innilega samúð“.

- Vottfest** (l) Sem vitni staðfesta; sem vitni/vottar eru að.
- Vottorð / Vottun** (n, hk/kvk) Vitnisburður; skrifleg staðfesting.
- Votur** (l) Blautur. „Votir voru þeir og talsverður kuldahrollur í þeim...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Votur inn að skinni** (orðtak) *Gegnblautur; innúr.* „Ég var hlífalaus í ágjöfinni, og auðvitað varð ég holdvotur inn að skinni“.
- Votur í fæturna** (orðtak) Blautur í fætur; fótblautur.
- Votur yfir haus** (orðtak) Allur blautur/votur. „Nú var ég orðinn votur yfir haus af að bera hreinu ullina upp á mel þar sem hún var þurrkuð“ (IG; Æskuminningar).
- Votviðrasamur** (l) Mikið um rigningar; bleytutið; rigningatið. „Ári er hann enn votviðrasamur“. „Stafar þetta af því að að frá lokum júlímánaðar 1936 var sumar afar votviðrasamt svo hefyfengur, þrátt fyrir góðan grasvöxt, varð með minna móti, og sumsstaðar ekki góð hey“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1935). „Þetta síðasta sumar var votviðrasamt svo varla er munað annað eins jafnlengi. Hey urðu að mestu öll hrakin og urðu sumstaðar til á tünnum. Fóðurbætiskaup urðu því feikna mikil“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1955).
- Votviðri** (n, hk) Vætusamt veður; rigning. „Skelfing er ég orðinn leiður á þessu eilífa votviðri“.
- Votviðristíð** (n, kvk) Rigningatið; tímabil mikilla rigninga. „Þessi mánuður hefur verið samfelld votviðristíð“.
- Voveiflega** (ao) Um andlát/dauða; með ógnvekjandi/uggvænlegum hætti. Forskeytið vo- er sama og vá-. Síðari liðurinn er veifa. Merkir í raun að flaggað sé til merkis um válegan atburð.
- Voveiflegur** (l) Um andlát/dauða; sviplegur; ógnvekjandi. „Þetta slys þótti allt hið voveiflegasta“.
- Vóru** (s, ft, fortíð) Komu. Eitt mikilvægt framburðareinkenni Kollsvíkinga var það að kringja o-hljóð í þátíðarmyndum sumra sagna. Segja t.d. „þeir kómu seint að“, eða „þeir vóru ekki lengi að finna féð“.
- Væður** (l) Um vatnsfall; sem unnt er að vaða yfir. „Annars var Vaðallinn allsstaðar væður...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). „Heldurðu að sé vætt út í bátinn á lágstígvélum“? „Annað klifið, og það meira, heitir Forvaði og er *illvætt* fyrir“ (MG; Látrabjarg). „Sumir telja að vætt sé út í Arnarboða um stærstu fjörur, en ekki er vitað til að það hafi verið farið“.
- Væfla** (n, kvk) Skræfa; aumingi; afturúrkreistingur. „Þú ert nú varla sú árans væfla að hræðast kríuna“! „Ég verð nú seint sú væfla að ég biðji þessa *fósa* um aðstoð“.
- Væflast** (s) Flækjast; drattast; hangsa; *skakklappast*. „Það er ósköp lítið gagn að honum þó hann sé að væflast þarna“.
- Vægð** (n, kvk) Hlífð; miskunnsemi; náð; linkind. „Mér finnst ástæðulaust að sýna þeim nokkra vægð í þessum efnun; ekki hafa þeir verið svo mildir sjálfir þeir andskotar“!
- Vægðarlaust** (l) Án vægðar; miskunnarlaust. „Hann hvatti mig vægðarlaust áfram; sagði að ég yrði að herða mig ef ég ætlaði að verða á undan hinum“.
- Vægi** (n, hk) A. Í aflfræði; margfeldi armslengdar og krafts sem á hana verkar. B. Geta; aflsmunir; þungi. „Orð hafa mikið vægi“.
- Vægilega** (ao) Mildilega; ekki af hörku. „Það er óþarfi að taka neitt vægilega á svona þrjótum“.
- Vægir sá sem vitið hefur meira** (orðatiltæki) Vísar til þess að hinn gáfaðri sér fremur tilgangsleysið í átökum eða deilum, og lætur því undan. Sjá *sá vægir sem vitið hefur meira*.
- Vægja** (s) Hlífa; sýna vægð/miskunn/mildi. „Það er alveg ástæðulaust að vægja honum í þessum efnun“.
- Vægt til orða tekið / Vægt orðað** (orðtök) Ekki eins mikið fullyrt og tilefni væri til. „Þetta finnst mér afskplega slök frammistaða, og er þá vægt til orða tekið“!
- Væl** (n, hk) Grátur; kjökur; skætur; vol. „Hættu nú þessu væli, lambið mitt; þetta var ekki stórslys“.
- Væla** (s) Skæla; vola; gráta. „Það tekur því ekki að væla yfir þessu“!
- Vælaskor** (n, kvk) Nafn á gjá mikilli, innan Djúpadal; nær af brún í Kynngilöndum niður í mitt Bjargið. Hún er allvíð og grasivaxin, en niðurúr henni var fyrrum farið til fyglinga. Menn hafa löngum velt fyrir sér nafnskýringu. Hún gæti verið með ýmsu móti. T.d. þarf ekki lengi að staldra við gjána til að heyra þaðan margtóna hávært væl bjargfuglsins; það gæti virst nærtækasta skýringin. Þá er hugsanlegt að skorin sé kennd við vélar, þ.e. það sem er viðsjárvert (sbr vélabrögð). Annaðhvort vegna þess að í henni getur lengi leynst fé þegar gáð er af brún, eða hinsvegar vegna hættu við bjargnytjar. Þar hafa farið menn á sögulegum tíma. Váll eða væli er fornt heiti á haug eða hrúgu, og gæti það átt við mikið klettaneft í gjánni.
- Vælinda** (n, hk) Vélinda. Heitið var einatt með æ-framburði í munni eldri Kollsvíkinga seint á 20.öld, og er líklega upprunalegra þannig. „Passaðu að hnýta vel fyrir vælindað þegar þú *ristir framúr*“.

Vælinda (n, hk) Vélinda. Vælinda var eldra fólki á svæðinu tamara fram eftir 20. öld en vélinda.

Vælukjói (n, kk) A. Kjói. B. Niðrandi heiti á kvartarárum manni; suðuskjóða; sá sem eilíft suðar/vælir/nöldrar; sá/sú sem er sífellt skælandi/súldrandi, þó ekki sé mikið tilefni. „Skelfing leiðast mér svona vælukjóar“!

Væluskjóða (n, kvk) Sá/sú sem einatt er vælandi/kvartandi; nöldurseggur; vælukjói.

Væminn (l) A. Sem veldur klígju/ælutilfinningu; mjög sætur; *bráðfeitur*. „Skelfing finnst mér væmið bragð af þessu“. B. Tilgerðarlegur; smeðjulegur; *vellulegur*. „Leikritið er alltof væmið fyrir minn smekk“.

Væmnishjal / Væmniskjafæði (n, hk) Það sem þykir of væmið að hlusta á. „Skelfingar væmnishjal er nú þetta“! „Maður verður þreyttur á að hlusta á svona væmniskjafæði til lengdar“.

Væna um (orðtak) Ásaka; *dróttu að*. „Ekki ætla ég að væna hann um leti, en afskaplega gengur þetta hægt“!

Vængbrotinn (l) A. Um fugl; með brotið bein í væng. Yfirleitt er fuglum bráður bani búinn í slíkum aðstæðum, en einstaka sinnum nær beinið að gróa í friði. Sigríður á Láganúpi hjúkraði mörgum fuglum, og sumir náðu að jafna sig af vængbroti undir hennar vernd.

Vængjaburður / Vængjasláttur (n, kk) Fluglag fugla, sem mjög er mismunandi milli tegunda.

Vængjahurð (n, kvk) Tvískipt hurð, þannig að hvor fellur á móti annarri við lokun.

Vængspegill (n, kk) Skærgljáandi blettur á væng sumra andfugla.

Væni (n, kk) Gæluorð í ávarpi; góði. „Komdu hérna væni minn“.

Vænkast (s) Verða vænni/betri/hagstæðari. „Mér finnst allmjög hafa vænkast horfurnar með þetta“.

Vænkast (nú) hagur strympu (orðatiltæki) Nú eru horfurnar mikið betri/nænlegri; nú fara hlutirnir að ganga í haginn. „Vænkast nú hagur strympu; þarna kemur hann með þennan dýrindis hákar!“!

Vænlega (ao) Vel; ágætlega. „Heldur horfir nú vænlegar með að við fáum einhvern afla í dag“.

Vænlegur (l) Góður; ákjósanlegur. „Mér fannst þetta nokkuð vænlegur kostur“.

Vænleiki (n, kk) Góð hold; það að vera vænlegur. „Ekki fannst honum mikið til vænleika hrútsins koma“.

Vænn (l) A. Góður; góðviljaður; *góðhjartaður*; *góður í sér*. „Ósköp ertu vænn að gera mér þennan greiða“. B. Um búfé; í góðum holdum; góður til eldis/frálags. „Þaðan skiluðu sér því á haustdögum vænir dilkar, en vanhaldasamt var á fénu sem þar gekk“ (PG; Veðmálið). B. Í líkingamáli; mikill; stór. „Við fengum væna báru og það skvettist drjúgt í“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). C. Drjúgur; mikill. „Við fengum væna báru og það skvetti drjúgt í“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrás; Árb.Barð 2004). „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáslambinu“ (PG; Veðmálið).

Vænta (s) Vonast eftir; búast við. „Ég vænti þess að þetta veður gangi yfir í nótt“.

Vænta (sér) góðs af (orðtak) Búast við góðum afleiðingum/gerðum af; bera von í brjósti til.

Vænta sín (orðtak) Eiga von á barni; vera ólétt.

Væntanlega (ao) Sem búast má við; sem vænta má. „Hann verður væntanlega búinn að snúa sér með kvöldinu“.

Væntanlegur (l) Sem von er á; sem búast má við. „Hann er væntanlegur á morgun“.

Vær (l) Rólegur; stilltur; kyrr. „Barnið svaf vært í sinni vögg“.

Værð (n, kvk) Rólyndi; kyrrð; afslöppun. „Ekki dugir þessi værð; ætli maður verði ekki að drífa sig í gegningarnar“!

Værðarlaus / Værðarlítill (l) Órólegur; órór; ókyrr.

Værðarlegur (l) Bærukær; rólegur; afslappaður. „Mér finnst hann full værðarlegur yfir þessu“.

Værðarsvefn (n, kk) Vær svefn; djúpur/rólegur svefn. „Ég svaf mínum værðarsvefni alla nóttina“.

Værðarvoð (n, kvk) Ullarteppi.

Væri athugandi (orðtak) Væri þess virði að skoða/huga að; væri möguleiki. „Það væri vel athugandi að koma á fót verksmiðju í Kollsvík til að vinna byggingareiningar úr skeljasandinum. Nóg er af honum“.

Væri landhreinsun/þrif að (orðtak) Væri til bóta að hyrfi; væri gott að vera laus við. „Ég held það væri bara landhreinsun að því ef allur veraldarinnar hvítlaukur hyrfi út í hafsauga“!

Væri nær / Væri andskotans/fjandans nær / Væri skammarnær (orðtak) „Ég held honum væri skammarnær að reyna að ná sínu útigangsfé en leggjast í skemmtireisur“! „Ég held honum væri fjandansnær að halda sér saman heldur en að gagnrýna það sem aðrir eru að gera í hans þágu“! Sjá *vera nær*.

- Væri ráð** (orðtak) Væri ráðlegt/heppilegt/skynsamlegt. „Nú væri ráð að við fengjum okkur nestisbita, fyrst hann hefur kippt undan í fallinu“. „Ég held það væri ráð að fara að koma sér af stað“.
- Væri synd að segja** (orðtak) Væri öfugmæli. „Nú stend ég alveg á blístri; það væri synd að segja að við höfum ekki matarlystina í lagi“!
- Væri til að æra óstöðugan** (orðtak) Væri útilokað/vitlaust; gæti gert mann brjálaðan. „Það væri alveg til að æra óstöðugan að reyna að telja fêð í hólfinu; við verðum bara að giska á þetta“.
- Væri vit hans meira** (orðtak) Gáfulegra væri fyrir hann; honum væri nær. „Það væri nú vit hans meira að hugsa um heyskapinn en fara í þetta ferðalag“.
- Væringar** (n, kvk, fto) *Ófriður*; misklíð; orðaskak; slagsmál. „Það hafa lengi verið væringar milli þeirra bæja“.
- Væringi** (n, kk) Heiti sem notað var um norræna menn í lífverði Miklagarðskeisara.
- Vært** (l) Í vari. „Einkum var þarna engu vært þegar hausta tók eða að vetrinum“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Vært við** (orðtak) Viðvært; hægt að þola/umbera. „Hann var farinn að auka svo sjó að okkur var ekki lengur vært við, svo við *pilluðum okkur* bara í land“.
- Værukær** (l) Hyskinn; rólegur; latur. „Mér þykir hann dálítið værukær yfir þessu“.
- Værukærð** (n, kvk) *Sofandaháttur*; hyskni; leti. „Með svona værukærð þokast málin aldrei neitt áfram“! Orðið var notað í Kollsvík en finnst ekki í orðabókum.
- Væsa um** (orðtak) Fara illa um;(upphagl:næða um). „Það væsti ekki um okkur í hlöðunni í nótt“.
- Væskill** (n, kk) A. Um mann; aumingi; vesalingur; aukvisi. B. Um lamb/hrút; smávaxinn; horaður. „Skelfingar væskill er þessi *hrútkægill*“!
- Væskilslegur** (l) Ræfilslegur; aumingjalegur; smár. „Fjandi fannst mér hrúturinn nú væskilslegur við tilhleyplingarnar í dag. Ég ætla rétt að vona að hann verði hressari á morgun“.
- Væta** /n, kvk) A. Raki; bleyta. „Hvaða væta er þetta á gólfinu“? B. Rigning; úrkoma. „Þessi væta ætti að koma sprettunni eitthvað af stað“.
- Væta** (s) Bleyta; gera raka/bleytu; rigna. „Hann gæti vætt eitthvað með kvöldinu“.
- Væta í rót** (orðtak) Raki neðst í grasi; ekki fyllilaga *þurrt af*. Eitt fyrsta verk bónda að morgni, meðan heyskapur stendur, er að *þreifja á*; þ.e. strjúka handarbaki yfir jörð til að kanna hve þurrt er á; þ.e hvort unnt sé að hefja vinnu við þurrkun á heyi, t.d. breiða galta/garða; rifja eða hirða. „Það er enn væta í rót; okkur er alveg óhætt að klára kaffið“.
- Væta kverkarnar** (orðtak) Fá sér að drekka. „Eitthvað hafði hann með í pytlu, til að væta kverkarnar“.
- Væta rúm/sæng** (orðtak) Míga undir; missa þvag í rúm.
- Væta sér** (orðtak) Slökkva þorsta; drekka; borða spónamat. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Væta sig** (orðtak) Verða blautur/votur í fæturna. „Farðu ekki að væta þig þarna í mýrinni“.
- Væta völlinn** (orðtak) Míga; kasta af sér vatni. „Ég ætla að skreppa aðeins útfyrir að væta völlinn“.
- Vætl / Vætla** (n, hk/kvk) Seytl; lítilsháttar vatnsrennsli. „Þar vætlar dálítið vatn útúr klettinum“.
- Vætla** (s) Seytla; renna lítilsháttar. „Þarna vætlar vatn niður vegginn“.
- Vætt / Vættarkind** (n, kvk) Vætt var þyngdareining að fyrri tíma mælingum; 40 fiskar. Vætt er átta fjórðungar, en þaðsamsvaraði í seinni tíð (eftir 1618) 39,68 kg (fyrir 34,35 kg). Vætt var mikilvæg eining í vöruskiptum fyrri tíma, ekki síst í skreiðarsölu, og jafngilti 40 fiskum. Á því verðlagi sem viðgengst á síðari tímum verútgerðar var lamb metið á ¼ til ½ vætt; framgengin ær var metin á eina vætt og sama verð fyrir ána loðna og lemnda að vori; mylka á með hagnæring; væna veturgamla kind og tvævetra sauð. Var því talað um vættarkind, sem reyndar var annarsstaðar nefnd *hálfvættarkind* (sjá þar). „Í verstöðvum norðan Bjargs var skammturinn (sem vermaður fékk til *mötu*) hálfvættarkind yfir vertíðina; geld ær eða sauður. Nokkuð af kjötinu var reykt en hitt saltað, og síðan stundum búin til kæfa úr hvoru tveggja“ (LK; Ísl.sjávarhættir II; heim; ÓETH). „Þegar fiskvætt (40 fiskar) jafngilti hálfvættarkind átti fallið af henni að vega 4 fjórðunga og mörinn 6 pund. Geld vættarkind átti að hafa sama fallþunga og jafnmikinn mör“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).
- Vættur** (n, kk) Yfirnáttúruleg/ómennsk vera, s.s. huldumaður, tröll, draugur, álfur eða annað. Orðið var í karlkyni í Kollsvík á seinni hluta 20.aldar, en víða um land er það haft í kvenkyni.
- Vætubein** (n, hk) Bein aftan í hnakka fisks; efra- og neðra vætubein. Gæta þarf þess við hausun að vætubeinin fylgi fiskinum. Í því skyni er skorið fram með honum úr tálknstæðinu áður en hausinn er rifinn af.
- Vætuhljóð** (n, hk) Sérkennilegt hljóð sem hrafn gefur stundum frá sér; ámátlegt „klunk“ í stað „krunk“. Sagt var að hann væri þá að spá vætutið.

Vætukjói (n, kk) Annað nafn á kjóa; vísar til þeirrar þjóðtrúar að hann boðaði vætu þegar hátt léti í honum. Sumir vilja nota þetta nafn á því litarafríggði kjóans sem er ljósara um kvið.

Vætulegur (l) Rigningarlegur; dimmt í lofti. „Mér finnst hann dálítið vætulegur orðinn“.

Vætulækir (n, kk, fto) Votlent svæði með lækjarsytrum. „Geldingsskorardalslækir liggja niðurdan Háhöldum og út undir Flaugarnef; vætulækir, en gras á milli og sjóbratt mjög“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Vætusamt (l) Rigningartíð; oft úrkoma. „Sumarið var hlýtt en vætusamt“ „Sunnanlands er vætusamara“.

Vætuseil (n, kvk) Votlent svæði; djúall. „Forarteigur heitir í suðvestur frá gamla bæjarstæðinu. Þar í eru vætuseilar“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur)

Vætuspá (n, kvk) Veðurspá þar sem spáð er rigningu/úrkomu. „Hann er með vætuspá fyrir morgundaginn“.

Vætutíð (n, kvk) Rigningatími. „Það var erfitt að þurrka heyið í vætutíð...“ (FÓT; Smiður í fjórum löndum).

Vöðla saman (orðtak) Vefja/hnoða saman skipulagslaust.

Vöðsluverk (n, hk, fto) Verk þar sem vaða þarf; *sukksöm* vinna. „Klæðst var brók og skinnstakki nær daglega við að bera fisk úr fjöru til ruðnings. Þegar meiri vöðsluverk voru unnin; t.d. borinn farmur af skipi, þ.e. stærri flutningabátum, í nokkru brimi, þjuggust menn svo sem best mátti vera eða bakbeltuðust“ (KJK; Kollsvíkurver).

Vöðubátur / Vöðuselsveiði (n, kk/kvk) Með fyrstu aðkomubátum í Kollsvíkurver var vöðubátur, en svo voru þeir bátar kallaðir sem notaðir voru til vöðuselsveiða. Selurinn gekk oft í stórum torfum inn á firðina. Var hann mikið veiddur, og veiðarfærið var skutull. Vöðubátar voru frekar litlir; minni en fjögramannaför, en það var hin venjulega stærð róðrabáta. Þessir bátar voru öðruvísi lagaðir en róðrabátar; byggðir með það fyrir augum að vera sem hraðskreiðastir“ (GG; Kollsvíkurver).

Vöðvaafll (n, hk) Handafl; það sem gert/unnið er líkamlega en ekki með aðstoð tækja.

Vöðvaður / Vöðvamikill / Vöðvaþykkur (l) Með mikla vöðva. Í skrokk sláturfjár merkir það hið sama og mikið kjötmagn.

Vöðvarýr (l) Með rýra vöðva; kjötlitill; horaður.

Vöðvastæltur (l) Sterkur; vöðvaður.

Vöfflujárn (n, hk) Sérstakt flatt bakstursjárn í tveimur hlutum, til að baka *vöfflur* í. Fyrir daga rafmagns var vöfflujárnið hitað í ofni eða eldi.

Vöflur (n, kvk, fto) Hik; óákveðni. „Það *komu* einhverjar *vöflur* á hann“. Orðstofninn er vafningur; vefja.

Vöggukvæði / Vögguljóð / Vögguvísa (n, hk) Lag/vísa sem rauluð er við ungbarn til að róa það og svæfa.

Vöggur (n, kk) Gæluheiti um kornabarn sem sefur í vögg. Oftast í orðatiltækinu *litlu verður vöggur feginn*.

Vögur (n, kvk, fto) Verkfæri til að flytja á, t.d. hey og annað; e.k. sleði sem dreginn er. Gerður af tveimur meiðum með þverslám eða öðru á milli. Aðeins er lyft öðrum enda en hinn látinn dragast á jörðinni.

Vögusiður (l) *Rasssiður; drumbsiður*; seinfær; þungur á sér; latur. „Skelfing er maðurorðinn vögusiður eftir allar þessar smalamennskur í dag“.

Vök (n, kvk) Op í ís, þar sem sér í opið vatn. „Ég sótti vatn fyrir hrútana í vök í Ánni“. Sjá *eiga í vök að verjast*.

Vökna (s) Blotna. Alltaf þannig. „...Guðmundur vöknaði í annan fótinn...“ (ÓG; Úr verbúðum í viking). „Þó að vökni vettir manns/ vart ég sýta nenni;/ ef ég bara einhvers lands/ einhverntíma kenni“ (JR; Rósárimur). Sjá *enginn er verri þó hann vökni*.

Vökna um augu (orðtak) Tárast; fara nærri því að gráta.

Vöktun (n, kvk) Eftirlit; gæsla. „Það kostaði stöðuga vöktun ef fé var á Mýrunum“.

Vökult auga (orðtak) *Vakandi auga*; stöðugt/gott eftirlit. „Hún fylgdist vökulu auga með barninu“. „Það þarf að hafa vakandi auga með því hvort hún slær undirvaninginn frá sér“.

Vökumaður (n, kk) A. Sá sem vakir yfir einhverju, t.d. búfé um burð. B. Sá sem fyrstur er jarðaður í nýjum kirkjugarði/grafreit. Sagt var að hann vekti yfir garðinum; væri verndari hans.

Vökunótt (n, kvk) Nótt án svefns. „Yfir sauðburðinn eiga bændur margar vökunætur“.

Vökur (n, kvk, fto) Um það þegar manneskja vakir lengi samfelld. „Það voru oft miklar vökur þegar mest var að gera, t.d. um sauðburð og heyskap“.

Vökustaur (n, kk) A. Aðferð sem sögð var hafa verið notuð til að halda fólki vakandi. Litlum trépinnum hefði þá verið stungið lóðréttum milli augnlokanna. B. Sumsstaðar fyrrum mun hafa verið síður að skammta

ríflega af mat eitt kvöldið á jólaföstu, og var það nefnt vökustaur. Ekki skal sagt hvort eða hvenær sá siður var við lýði í Kollvík.

Vökva (s) Bleyta; gefa vatn, t.d. gróðri.

Vökvalyfta (n, kvk) A. Það að lyfta einhverju með vökvaþrýstingi (hydraulic). B. Beisli aftaná traktor sem lyft er með vökvaafli frá vélinni.

Völ (n, kvk) Val. *Sá á kvölinu sem á völinu.*

Völlur (n, kk) A. Slétt, flatt, þurrt landsvæði. B. Tún. Sbr *vinna á velli.*

Völlur (n, kvk, fto) Sléttar, grónar fjallshlíðar/grundir. A.m.k. tvö örnefni með þessu heiti eru í Rauðasandshreppi; heimasti hluti Hryggja í Blakknum og grundirnar neðan Ölduskarðs vestan í Stálfjalli. Virðist nokkuð sérstætt fyrir svæðið, þar sem annarsstaðar er slíkt gjarnan nefnt „vellir“ í kk, ft.

Völlur á (einhverjum) / Völlur á karli (orðtak) Einhver er áberandi/ lætur mikið fara fyrir sér; einhver er hávaðasamur/montinn. „Nú þykir mér *heldur betur* völlum á karli; bara kominn í sparifötin“!

Völsungi (n, kk)óljós merking..... (e.t.v. fálkategund, t.d. annað heiti á Smyrli; VÖ) Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Völubein (n, hk) Vala. *Sjá valt á því völubeinið.*

Völuhænsn (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; völu af leggjum notaðar fyrir hænsn. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé, kjálkakýr, leggjahross* og völuhænsn.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Völundarhús (n, hk) Flókin bygging; mikið gangakerfi sem auðvelt er að villast í.

Völundarsmið (n, kvk) Sérlega vel smíðaður gripur. „Þessi bátur er algjör völundarsmið“.

Völundur (n, kk) Hagleiksmaður; mjög laginn maður/smiður. „Hann er völundur við smíðar“.

Völur (n, kk) A. Sívalningur; stafur, sbr stýrisvölur. B. Ró á egg. Ef eggjárn er brýnt of mikið eða á rangan hátt getur þynnsti hlutinn sveigst til hliðar og /eða trosnað. Það er völur, og þykir ekki gott brýnslulag. Í Kollsvík var þó oft talað um „ró“ og talið slæmt að „róa eggina“.

Völuspá (n, kvk) Fornkvæði sem líklega er samið á 10. eða 11.öld. Ásamt Hávámálum er það talið annað merkasta Eddukvæðið. Í kvæðinu rekur völvu fyrir Óðni m.a. sköpun heimsins; tilkomu guða, dverga og manna, og heimsendi. Völuspá ber þess nokkuð vitni að vera rituð eftir kristnitökuna árið 1000.

Völva (n, kvk) Spákona; kona sem fæst við spádóma og/eða kukl.

Vömb (n, kvk) Magi; kviður. „Þú færð bara í vömbina ef þú étur of mikið af þessu“!

Vömm (n, kvk) Skömm; hneisa; smán; vamm. Sbr. *handvömm; vammir og skammir.*

Vöndull (n, kk) Það sem er samnavafið/upprúllað; göndull; vindingur.

Vöndur (n, kk) A. Sópur; knippi, t.d. trjágreina. B. Trjágreinar sem notaðar eru til refsinga/barsmiða. Ekki fer sögum af notkun slíkra tóla í seinni tíð.

Vör (n, kvk) A. Lending fyrir arabáta. Á síðari tímum á heitið eingöngu við staði þar sem grjóti hefur verið rutt til í fjörunni, til að skaðminna og friðsælla sé að lenda bátum og setja þá. Vörin í Láganúpsveri er greinileg á útfiri; beint niðurlundan langa melaskarðinu og núverandi Láganúpsbæ. Hún var mikið lagfærð fyrir miðja 20. öld af GG og sonum hans. Greina má aðra, eldri vör litlu sunnar. Furðu gegnir að brimrótið skuli ekki hafa afmáð þessi mannvirki, en þar veldur líklega að ytri grynningar taka kraftinn úr því á fjörunni. „Menn fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip formaður þá *stjaka* jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr vörinni“ (ÓETH Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). *Sjá sjósetja*. B. Holdfylla/vöðvi við munn.

Vörðubrot (n, hk) Leifar af vörðu; lítil/ófullgerð varða.

Vörðudrýli (n, hk) Lítil varða. „Á Brunnahæð er skógur af vörðudrýlum, enda hefur það lengi talist heilladrjúgt að hlaða þar vörðu í sinni fyrstu ferð. *Sjá hjástöðudrýli.*

Vörðukraðki (n, kk) Fjöldi/kraðak af vörðum. „Þegar komið er niður úr Lambahlíðarskarði flasir við mikill vörðukraðki; þar sem heitir Brunnahæð“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Vörður (n, kk) Gæslumaður; sá sem er á verði.

Vörn (n, kvk) Verja; varnartæki; það að verjast.

Vörpulegur (l) Karlmannlegur; sterklegur; myndarlegur.

Vörslugarður (n, kk) Garður kringum tún; garður til að auðvelda gæslu á sauðfé. „Innar er Múlagarður, sem er gamall vörslugarður“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).

Vörslumaður (n, kk) Sá sem gætir einhvers; vörður; gæslumaður.

Vöruaðdrættir (n, kk, fto) Heimflutingur á nauðsynjavöru. „Það var til dæmis erfitt að búa þannig upp á reiðingshest að vel færi í brekkunum beggja megin í Hænuvíkurhálsi, en um þann háls lá fyrst og fremst leiðin til vöruaðdrátta“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Vöruskipti (n, hk, fto) Verslun sem ekki byggir á peningum, heldur skiptum manna á eignum/varningi eftir því verðmati sem báðir eru ásáttir um. Verslun Íslendinga byggðist á slíkum aðferðum gegnum aldirnar og allt framá síðasta aldarhelming eða svo; sumsstaðar lengur.

Vörutalning (n, kvk) Talning vörulagers í verslun, t.d. um áramót.

Vötnun (n, kvk) Það verk að vatna skepnum á innistöðu/ bera vatn í búfé. „Ég er búinn með gjafir og vötnun“.

Vöttur (n, kk) Vettlingur, eldra heiti. „Þó að vökni vettir manns/ vart ég sýta nenni;/ ef ég bara einhvers lands/ einhverntíma kenni“ (JR; Rósarímur).

Vöxtulegur (l) Stór; stórvaxinn.

Vöxtur (í ám) (n, kk) *Vatnavextir* í *stórríningum* eða *leysingum*. „...að auki voru ár og lækir í vexti og mikið óbrúað.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Ybba sig / Ybba gogg (orðtak) Gera sig breiðan; sýna yfirlæti. „Vertu bara ekkert að ybba þig!“ „Er hann nú líka farinn að ybba gogg! Sá held ég að hafi efni á því eða *hitt þó heldur!*. Sjá *obbinn af*.

Ybbast við (einhvern) (orðtak) *Setja sig á háan hest* við einhvern; sýna einhverjum óvild/yfiringang.

Ybbinn (l) Ýtinn; ódæll; stríðinn. „Þú ættir nú ekkert að vera alltof ybbinn við hann!“

Ydda (s) A. Gera oddhvasst; setja odd á; skerpa odd. „ég var að ydda blýantinn“. B. Sjást á efstu kolla/toppa/þúfur. „Þarna yddir hvergi á dökkan díl!“

Yfir (l) Í Kollsvík er orðið notað sem lýsingarorð og stigbreytt þannig: yfir-handar-handast. Málvenja er, varðandi áttir í Kollsvík, að tala um að fara yfir að Láganúpi eða öðrum *handanbæjum* frá Kollsvík. Þeir sem þegar eru á handanbæjum eru þá *fyrir handan*, frá sjónarhóli Kollsvíkinga. Hinsvegar heitir að *fara norður* þegar menn fara að Stekkjarmel eða Kollsvík frá handanbæjunum. Stekkjarmelur er handar en Kollsvíkurbærinn, en Láganúpur er handasta býlið.

-yfir (ending áttalýsinga) Í Kollsvík tíðkast áttalýsingar sem sumum finnast framandi, og er þetta ein þeirra. Sá sem gengur frá Láganúpi til Kollsvíkur getur t.d. komið handanyfir/handan Umvarp. Sá sem stefnir í öfuga átt getur t.d. komið norðanyfir/yfir Melarandir. Sá sem kemur innan úr Patreksfirði til Kollsvíkur kemur útyfir Hænuvíkurháls, en úr Breiðuvíkurrétt var féð rekið norður yfir Breið til Láganúps.

Yfir borðum (orðtak) Meðan á borðhaldi stendur. „Yfir borðum voru margar ræður fluttar“ (ÍL; Samvinnumál í Rauðasandshreppi).

Yfir höfuð / Yfir höfuð að tala / Yfir höfuð talað (orðtak) Yfirleitt; að öllu samanlögðu. „Hann hefur unnið þetta mjög illa; ef hann hefur þá yfir höfuð snert á því!“ „Það er ein og ein rytja innanum eins og gengur; en yfir höfuð er féð vel *framgengið*“. Einnig oft í einu orði; *yfirhöfuð* (sjá þar).

Yfir sig ánægður/glaður/hrifinn/sáttur/þakklátur o.fl (orðtök) Mjög hrifinn/ánægður; fullur aðdáunar, þakklætis o.fl. „Hann var yfir sig hrifinn af staðnum“. „Ég er ekkert yfir mig hrifinn af þessari ákvörðun“.

Yfir sig syfjaður/þreyttur (orðtak) Mjög syfjaður/þreyttur; *úrvinda* af svefnleysi/þreytu.

Yfirboðari (n, kk) Yfirmaður; sá sem er hærra settur. „Hann þurfti að fá leyfi hjá sínum yfirboðurum“.

Yfirborð (n, hk) Efsti lag t.d. vatns/sjávar/jarðar o.fl.

Yfirborðsgróður (n, kk) Gróðurþekja sem flýtur ofaná djújum og mýrum, s.s. mýramosi, hófsóley o.fl; oft er djúpt vatn þar undir. „Þegar á leið sumarið settist yfir þetta fljót þó nokkur yfirborðsgróður, þó dýpið væri meira en 2 metrar“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Yfirborðskennður (l) Sem sýnist vera en er ekki í raun; til að sýnast.

Yfirborðsvatn (n, hk) Vatn sem rennur á yfirborði; ekki jarðvatn/uppsprettuvatn.

Yfirbót (n, kvk) Betrun; bót fyrir yfirsjónir/syndir. „Hann lofaði að gera einhverja yfirbót í þessu efni“.

Yfirbragð (n, hk) Svipur; svipmót; útlit. „Það er allt annað yfirbragð á honum núna“.

Yfirbuga (s) Sigrast á; ráða niðurlögum.

Yfirbugaður (l) Uppgefinn; búinn að missa móðinn/kjarkinn/lífslöngunina.

Yfirburða- Forskeyti sem vísar til þess að standa mun framur en aðrir.

Yfirburðir (n, kk, fto) Það að standa framur en aðrir. „Hann sigraði með miklum yfirburðum“.

Yfirbygging (n, kvk) A. Káeta/brú á skipi. B. Efri hluti byggingar.

Yfirdekkja (s) Setja áklæði/yfirdekk á húsgagn.

Yfirdrepslaus (l) Heiðarlegur; kemur hreint fram. „Mér finnst hann hreinskilinn og yfirdrepslaus“.

Yfirdrepskapur (n, kk) Fláræði; fals; tyllia stæða. „Þessi ástæða er yfirdrepskapur; þarna býr meira undir“.

Yfirdrifið / Yfrið (l) Meira en nægilegt; of mikið. „Það er komið alveg yfirdrifið af mól í steypuna“.

Yfireftir (ao) Yfirum; að norðan. „Ertu að fara yfireftir bráðlega“? Enn eitt dæmið um þetta staðbundna orðalag Kollsvíkinga; að höfuðáttir í Kollsvík eru norður og yfir. .

Yfirfall (n, hk) A. Árás. B. Það að vatn rennur yfir hindrun, t.d. stíflugarð. „Ingvar byggði stíflu í Ána og stepti vandað yfirfall“.

Yfirfallinn (l) *Undirlagður*; altekinn. „Þetta lýsti sér fyrst með máttleysi og sleni, en herti svo á þar til þú varst yfirfallin af astma og auk þess liðagikt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Yfirfara (s) Endurskoða; yfirlíta; skoða. „Ég þarf að yfirfara þessar nótur“.

Yfirferð (n, kvk) A. Það að ferðast yfir. „Áin var ill yfirferðar“. B. Yfirlestur; skoðun.

Yfirfljótanlegur (l) Kappnægur; yfirdrifinn; meira en nægur. „Þar er ríkidæmið víst yfirfljótanlegt“.

Yfirfrá (ao) Fyrir *handan*; *handantil*; *handan* megin/sunnanmegin í Kollsvíkinni. „Ég kom með blásarann en rörin eru enn yfirfrá“. „Hann er yfirfrá ennþá, en hann sagðist koma norður fljótlega“. Líklega er hér um staðbundið orðalag að ræða, en þar er enn notað í mæltu máli Kollsvíkinga. „Ég kom með blásarann en rörin eru enn yfirfrá“.

Yfirfyrir (fs) Yfir. „Ég setti lambrolluna yfirfyrir í garðanum“.

Yfirganga (s) Sýna yfirgang/ofstopa; ryðjast yfir; neyta aflsmunar. „Þú mátt ekki alveg yfirganga hann yngri bróður þinn“!

Yfirgangur / Yfirgangsmunir (n, kk/ kk, fto) Frekja; ásælni. „Mér finnst þetta bara bölvður yfirgangur“!

Yfirgangssamur (l) Frekur; uppivöðslusamur. „Þótti hann stundum allráðríkur og yfirgangssamur ef honum bauð svo við að horfa, og hirti þá stundum lítt um lög og rétt. En höfðingslund hafði hann til að bera, við sér minni menn og þá er bággt áttu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Yfirgangsseggur / Yfirgangsvargur (n, kk) Sá sem sýnir yfirgang.

Yfirgangur (n, kk) Ágengni; ofbeldi; frekja. „Skelfing líkar mér illa yfirgangurinn í karlinum“!

Yfirgefa (s) A. Almennt; skilja eftir; fara frá. „Það má aldrei yfirgefa kind sem gengur illa“. B. Um varpfugl; fara alfarinn af hreiðri. „Ég er ansi hræddur um að öndin í garðinum sé búin að yfirgefa“.

Yfirgefinn (l) Sem farið hefur verið frá/skilinn eftir. „Hvalurinn var aldrei yfirgefinn, en matur og drykkur fluttur úr landi“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).

Yfirgengilega (ao) Yfirdrifið; um of; ofboðslega; svakalega; rosaalega. „Það kemur yfirgengilega mikið af ígulkerjum í netin hérna“. „Þetta er nú svo yfirgengilega vitlaust að ég á ekki orð“!

Yfirgengilegur (l) Allt of mikill; yfirdrifinn; svakalegur; rosaalegur. „Fjöldinn var svo yfirgengilegur að ég var fegnastur að komast út“. „Mér finnst þetta yfirgengileg heimska“!

Yfirgnæfa (s) Vera háværari en annað; gnæfa yfir, skara framúr. „Það yfirgnæfir enginn Kollsvíkurhávaðann“!

Yfirgripsmikill (l) Sem spannar vítt svið; víðtækur.

Yfirhafnarlaus (l) Úlpulaus; sem vantar yfirhöfn.

Yfirhalning (n, kvk) Reiðilestur; endurnýjun; *gegnumtekt*; *betrumbætur*. „Mjaltastóllinn þyrfti eiginlega að fara að fá einhverja yfirhalningu“. „Þeir fengu víst einhverja yfirhalningu hjá þeim gamla fyrir tiltækið“.

Yfirheyra (s) Hlýða yfir; spyrja útúr; rétta yfir.

Yfirhylming (n, kvk) Þöggun; það að vera meðsekur um að þagga niður/ að uppljóstra ekki um glæp.

Yfirhöfn (n, kvk) Flík sem höfð er yst fata; úlpa; frakki.

Yfirhöfuð (ao) Yfirleitt; almennt. „Fyrst þetta gekk ekki með þessari aðferð þá sé ég ekki að þetta geti yfirhöfuð gengið“. „Ég velti því stöðugt fyrir mér hvort mennirnir þarna niðri myndu yfirhöfuð komast undan sjónum“ (Björgvin Sigurbj.son; Útkall við Látrabjarg).

Yfirhönd (n, kvk) Yfirburðir. Sjá *hafu yfirhöndina*.

Yfirklór (n, hk) Lélegar afsakanir; fyrirláttur. „Þetta er auma yfirklórið hjá þeim“.

Yfirlega (n, kvk) A. Bið báts/bátshafnar frá lagningu lóðar og þar til dráttur hennar hefst. Misjafnlega langur tími, sem fór m.a. eftir straumskiptum. Bátar frá Kollsvíkurvei nýttu gjanan suðurfallið suður á Bæturnar og lögðu línuna í niðurslætti þess. „Þegar síðari drekkinn náði til botns og bólfærið var rakið á enda var bátum lagt við þann stjóra og beðið uns lægja tók strauminn. Á meðan var skorið úr skel og beita brytjuð. ... Byrjað var að draga línuna á ný strax við straumskipti...“ (KJK; Kollsvíkurvei). B. Hverskonar tímafrekt nostur. „Það kostaði töluverða yfirlegu að ná yrðlingunum út úr greninu“. „Þetta hefst ekki nema með töluverðum yfirlegum“.

Yfirlíð (n, hk) Öngvit; ómegin.

Yfirlit (n, hk) A. Samantekt; útdráttur; það sem sýnir. B. Yfirsýn; útsýni; sjón. „Hann var nokkuð dökkur yfirlitum“.

Yfirlíta (s) Skoða; athuga. „Ég ætla að yfirlíta þessi handrit aðeins, ef ég má“.

Yfirlýsing (n, kvk) Tilkynning; það sem lýst er yfir. „Þetta þótti mér nokkuð merkileg yfirlýsing“.

Yfirlýsingaglaður (l) Gefur stórorð fyrirheit; lofar miklu; kokhraustur; kjaftfor. „Þú skalt nú ekkert vera alltof yfirlýsingaglaður alveg strax; þetta er kannski ekki alveg unnið spil“.

Yfirlæti (n, hk) Virðing; góður aðbúnaður. „Við vorum þarna í góðu yfirlæti“. B. Dramb; mont. „Hann er gersamlega laus við allt gort og yfirlæti“.

Yfirlætislaus (l) Laus við mont/stærilæti/prjál. „Þetta var hinn alþýðlegasti maður; mjög yfirlætislaus“.

Yfirmark (n, kvk) Fjarmark ofantil á eyra. Benjar í fjármörkum eru af tvennum toga: Yfirmark er það sem er á toppi eyrans, s.s. sneyðing, stýfing og blaðstýfing, en undirbenjar eru á hlið eyrans, s.s. biti og fjöður.

Yfirmáta (ao) Fram úr hófi; óvanalega. „Hvernig getur nokkur verið svona yfirmáta heimskur“?!

Yfirmeð (ao) Meðfram og í áttina *yfir*. „Ég gekk yfirmeð sjó, en fann ekki mikinn reka“.

Yfirmið (n, hk) Mið/viðmiðun sem stendur hærra en undirmiðið, þegar tveir miðunarpunktur þurfa að bera saman.

Yfirráð (n, hk, fto) Það að ráða yfir; völd; eignarréttur. „Ég hef full yfirráð yfir þeirri eign“.

Yfirsættukona (n, kvk) Ljósmodir; kona sem situr yfir annarri sem er að fæða barn.

Yfirsjást (s) Taka ekki eftir; skjöplast; skeika. „Mér yfirsást alveg þessi laut, þegar ég gáði að fénu“. „Öllum getur yfirsést“.

Yfirsjón (n, kvk) Mistök; það sem gleymist/ er ekki athugað með að gera. „Þetta var ljóta yfirsjónin“!

Yfirskegg (n, hk) *Efrivararskegg*; skegg á efri vör karlmannna, en slíkt var einkum mjög í tísku framanaf 20.öld. Guðbjartur Guðbjartsson var einatt með yfirskegg og þótti farast það vel.

Yfirskin (n, hk) Átylla; yfirvarp; fyrirsláttur. „Þetta gerðu þeir undir því yfirskini að það *kæmi* bændum *til góða*“!

Yfirskipismaður (n, kk) Vermaður sem ekki er hluti af fastri áhöfn báts, heldur hefur það hlutverk að sinna afla í landi og hlaupa í skarðið ef háseti forfallast. Ekki er vitað til þess að yfirskipsmenn hafi verið í Kollsvíkurvei, a.m.k. í seinni tíð, en slíkt fyrirkomulag tíðkaðist í fjarlægari landshlutum.

Yfirskoðun (n, kvk) Eftirlit sem er æðra því sem að jafnaði fer fram. T.d. í *forðagæslu*. „Þann 17. apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar árásar í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Yfirskoðunarmaður (n, kk) Sá sem stjórnar æðsta eftirliti. „Hreppsnefndin varð vel við og tilnefndi yfirskoðunarmenn Ívar Halldórsson og Magnús Sveinsson“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Yfirskrift (n, kvk) Fyirsögn; titill. „Yfirskrift þessarar frásagnar er dálítið villandi“.

Yfirstaðinn (l) Afstaðinn; genginn yfir. „Ég held að mesta élið sé yfirstaðið“.

Yfirstandandi (l) Sem stendur yfir; sem er í gangi. „Ég gríp í að hækla í yfirstandandi sláturtíð“.

Yfirsterkari (l) Sterkari; öflugri. „Forvitnin varð hræðslunni yfirsterkari“. Einungis notað í miðstigi.

Yfirstétt (n, kvk) Virðingarstétt/valdastétt manna í stéttskiptu samfélagi.

Yfirstíga (s) Um erfðleika/mótlæti; komast í gegnum; sigrast á.

Yfirsýn (n, kvk) Það að sjá yfir; álit. „Þetta taldist nokkuð skynsamleg; að *bestu manna yfirsýn*“.

Yfirsæng (n, kvk) Sæng sem höfð er yfir sér í rúmi. „Í síðustu viku vetrar eða fyrstu viku sumars var flutt í Verið; helst alltaf á laugardegi. Áhöldin voru ekki margbrotin; góð yfirsæng, en oft var notast við heydýnur í stað undirsængur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).

Yfirsöngur (n, kk) Söngur og messa við greftrun; söngur/ræða prests við jarðarför.

Yfirtaks / Yfirtakanlega (n, hk, ef / ao) Afar; mjög; rosalega. „Þetta fannst mér alveg yfirtaks heimskuleg ráðstöfun“! „Er þetta nú ekki alveg yfirtakanlega kjánalegt“?!

Yfirtrompa (s) Í spilum; setja út herra tromp en sá sem fyrr trompaði.

Yfirtök (n, hk, fto) Undirtök; tök í viðureign sem leiða til sigurs. „Nú hafði ég náð yfirtökunum“.

Yfirum (ao) A. Yfireftir; yfir Kollsvíkina, sé maður staddur norðanmegin, að Láganúpi eða öðrum *handanbæjum*. „Ertu á leiðinni yfirum“? (*Norðurum* eða *handanum/handanyfir* var í hina áttina). „Taktu með þér brodd þegar þú ferð yfirum aftur“. B. Yfir á hina hliðina/ hinn kantinn. „Ég velti votheysveiku rollunni yfirum, svo færi betur um hana“.

Yfirumsjón (n, kvk) Umsjón með umsjónarmönnum; æðsta stjórn/umsjón.

Yfirvald (n, hk) A. Æðsta vald; æðsta umsjón. B. Sá sem er í æðstu stjórnunarstöðu; æðsti embættismaður.

Yfirvarp (n, hk) A. *Kast*. Sú lengd netafæris sem er umfram dýpið, en töluvert yfirvarp er nauðsynlegt til að síður losni úr botni; einkum þar sem straumur er mikill. B. Tylliástæða. „Hann hafði að yfirvarpi að þurfa að gá að fé, en fór um leið til eggja“.

Yfirvegaður (l) Tekur rökréttar ákvarðanir; skynsamur; rólegur. „Í svona stöðu þarf að vera vel yfirvegaður“.

Yfirvegum (n, kvk) Rólegt og skynsamlegt mat t.d. á aðstæðum; íhugun; granskoðun.

Yfirvinna (s) Sigrast á; komast yfir. „Mér tókst að yfirvinna mestu myrkræðsluna“.

Yfirvofandi (l) Sem ógnar; sem getur dunið yfir/ skolið á. „Við drifum í að galta heyið; engum leist á þessa yfirvofandi dimmu í suðrinu“.

Yfirþyrmandi (l) Sem altekur; sem þrúgar/ógnar. Viðliðurinn er stofnskyldur „þjarma“.

Yfrið nóg (orðtak) Yfirdrifið; meir en nóg. „Ég held að þetta séu orðin yfrið næg hey uppá veturinn“.

Yggja (s) Gruna; óra fyrir. „Mig uggði ekki að aflinn yrði svona mikill, annars hefði ég fengið meira salt“.

Yggla brún / Yggla sig (orðtak) *Hleypa brúnum; setja í brýrnar; hnykla brýrnar; gretta sig; gera sig reiðan/ljótan í framan*. „Vertu ekkert að yggla þig yfir þessu“.

Yggldur / Yggldur á brún/brá (l/orðtak) Svipljótur; brúnaþungur. „Ansi var hann yggldur yfir þessu“.

Ygglibrá / Ygglibrún (n, kvk) Ljótur svipur; gretta. „Mér list ekkert á þessa ygglibrá á honum“.

Ylgja (n, kvk) Töluverður sjór; tæplega vært að veiðum. „Veður var suðvestan kafaldskóf, hæglatisveður en ylgja; sjósmár“ (um strand togarans Croupiers undir Blakk, líkl. haft eftir GG). „...þegar hljóp á útnyrðingur með ylgju mikili og ókyrrðist mjög sjór við það, svo illa lendandi var“ (TÓ, frás. Gísli Konráðssonar; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi).

Ylgja (s) *Auka sjó*; versna sjólag. „...en þegar komið var þvert á Látrabæina fór hann að ylgja sig, og þá var um að gera að dýpka aftur á sér fyrir Bjarnanúpinn“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Ylgjufjandi (n, kk) Skammaryrði um sjóvelting/ókyrrð. „Það þýðir ekkert að vera að berja lengur í þessum ylgjufjanda; við skulum hafa uppi og koma okkur í áttina“.

Ylgjukast (n, hk) Kvika/sjór sem lifnar um tíma. „Hann gerði dálítið ylgjukast um miðjan daginn“.

Ylgjulaust (l) Tiltölulega sléttur sjór; ekki mikill sjór.

Ylgjuvottur (n, kk) Nokkur ylgja/ókyrrð/sjór. „Við förum nú að hugsa til lands bráðum; það er kominn dálítill ylgjuvottur“.

Ylja (s) Velgja; hlýja; hita. „Ég ætla aðeins að ylja mjólkina fyrir heimalninginn“.

Ylja sér (orðtak) Orna sér; hlýja sér. „Mikið er nú notalegt að ylja sér við eldavélina“!

Ylur (n, kk) Velgja; hlýja; vægur hiti. „Eftir stuttan tíma var kominn notalegur ylur í eldhúsið“.

Ylvolgt (l) Hlýtt. „Þeim stutta þykir notalegt að koma upp í ylvolgt rúmið hjá pabba og mömmu“.

Ymja (s) Gefa frá sér bælt langdregið hljóð; umla; suða. „Símalínurnar áttu það til að ymja hávært í hæfilegri golu, líkt og þær hefðu fundið sitt eigið tungumál“.

Ympra á (orðtak) Nefna/orða lítillaga; haf orð á. Sjá *impra á*. Uppruni orðsins er óljós, og þar með ritun þess.

Ymur (n, kk) Bælt langdregið hljóð; uml; suða. „Hávær ymurinn frá símalínunni tók undir við símfóniugargið í útvarpinu, og fiskspyrðan undir þakskegginu sló taktinn“.

Yndi (n, hk) Unaður; dásemd; sæla. „Ég hafði yndi af þessu“.

Yndissnaður (l) Laus við ánægju/unað; dapurlegur. „Heldur fannst honum þetta yndissnað vist“.

- Yndispokki** (n, kk) Góður þokki; vinarbragur; fegurð; það að vera aðlaðandi/heillandi.
- Yngismeyja / Yngismær / Yngispía / Yngispiltur / Yngissveinn** (n, kvk/kk) Ung stúlka/kona; ungur piltur/maður; unglingur.
- Yppa öxlum** (orðtak) Lyfta snöggt báðum öxlum og láta þær falla aftur; merki um að maður viti ekki eða að honum standi á sama. „Hann yppti bara öxlum þegar ég spurði að þessu“.
- Ypparlegur** (l) Ágætur; fyrirtaksgóður. „Þetta var hinn ypparlegasti útigalli“.
- Yrða á** (orðtak) Ávarpa; tala við. „Maður þorir varla að yrða á þig þegar þú ert svona djúpt hugsi“.
- Yrðast á** (orðtak) Tala saman. „Þeir sátu góða stund þegjandi eftir rifrildið, og yrtust ekki á“.
- Yrja** (s) Þegar gerir mjög fingerða súld, svo varla finnst. „Mér finnst nú eitthvað byrjað að yrja úr lofti“.
- Yrja** (n, kvk) Dökkliðaður aflangur blettur í ljósari grunni; branda á feldi. Þessar sækýr voru gráar; ljósar með dekkri yrjum, og það var talað um að sá litur væri arfur frá þannig ættuðum kúm“ (SG; Huldufólk; Þjhd.Þjms).
- Yrja** (s) Eyða; má; strúa. Oftast notað í þátið; urinn. „Saltið er að verða upp urið“.
- Yrjóttur** (l) Um lit; dílóttur; *spræklóttur*. „Stelpan er í yrjóttum kjól“.
- Yrkingar** (n, kvk, fto) Ljóðagerð; skáldskapur. „Ég fæst lítið við yrkingar“.
- Yrkisefni** (n, hk) Tilefni vísnaverðar; efni í ljóð/kveðskap. „Þetta varð honum að yrkisefni“.
- Yrkja** (s) Gera ljóð/vísu; semja; skálda. „Didda ég get ekkert ort/ sem er þess virði að muna./ Mig hefur alltaf andann skort/ og einkum talentuna“ (Páll Guðbjartsson í gestabók Sigríðar á Láganúpi, en hún var nokkuð ýtin með að innheimta vísur frá gestum).
- Yrmlingur** (n, kk) A. Lítil ormur. „Ekkert gras eða slý má í brunnvatninu líðast því yrmlingar tímast þar þá og kunna að drekkast í vatni af mönnum“ (BH; Atli). B. Líkingamál um óknyttadreng/*pottorm*.
- Ys** (n, kk) Kliður; hávaði.
- Ys og þys** (orðtak) Æsingur; hávaði og læti; fyrirgangur. „Óttalegur ys og þys er þetta útaf smámunum“!
- Ysta** (s) Um mjólkurvöru; hleypa; gera ost/ostkennt. „Mig grunar að mjólkinn sé orðin súr, fyrst hún ystir þegar hellt er útá grautinn“.
- Ystingur** (n, kk) Matvara sem er lík osti; yst mjólk.
- Ytra** (ao) Fyrir utan; úti; erlendis. „Hann dvaldi um tíma ytra, við nám“.
- Yxna** (l) Um dýr; fúst til mökunar. Einkum notað um kýr sem *gangur* er á/ sem þarf að *halda undir* naut.
- Ýfa** (s) Gera úfinn; róta upp. „Ég held að hann sé að ýfa upp einhvern vestansjó“.
- Ýfingar** (n, kvk, fto) Erjur; misklið; deilur. „Einhverjar ýfingar hafa verið með þeim í seinni tíð“.
- Ýja að** (orðtak) Gefa í skyn; *tala utanað*; *nunna að*. „Ég ýjaði að því við hann að koma með í róður“.
- Ýkinn** (l) Lyginn; gjarn á að færa í stílinn/auka við frásögn. „Það má nú alltaf draga dálítið frá hjá honum; honum hættir til að ýkja stundum“.
- Ýkja** (ao) Mjög. „...hver maður tók eina byrði og dró hana til ruðnings upp eftir Búðalæknum. Var þetta ekki ýkja erfitt því fiskurinn rann vel í læknum...“ (KJK; Kollsvíkurver). Einnig sem forliður lýsingarorða.
- Ýkja** (s) Skálda; *færa í stílinn*; ljúga hóflega. „Sumir ókunnugir halda að Kollsvíkingar séu að ýkja þegar þeir lýsa landkostum heimaslóðanna eins samviskusamlega og þeim er framast unnt“. „Ekki datt okkur krökkunum í hug að Arinbjörn gamli væri að ýkja þegar hann lýsti því, grafalvarlegur, hvernig tunglbúarnir þyrftu að fela hausana af sér í hrossastráum þegar þeir koma til Jarðar, svo þeim væri ekki stolið“.
- Ýkjastór / Ýkjamikill / Ýkjahár o.s.frv.** (l) Mjög stór/mikill/ hár o.s.frv. „Hann var ekki ýkjahár í loftinu þegar hann fór að halda á byssu“.
- Ýkjulaust** (l) *Lygilaust*; *frómt frá sagt*. „Það má ýkjulaust fullyrða að lúðan hafi verið á stærð við bátinn“!
- Ýkjur** (n, kvk, fto) Lygar; *hálf sannleikur*; *ofsögum sagt*. „Hann hefur oft sagt meiri ýkjur en þetta; mér liggur við að halda að þetta sé bara dagsatt“!
- Ýkjusaga** (n, kvk) Saga sem færð hefur verið í stílinn/ýkt; skáldsaga. „Við fengum fljótt á tilfinninguna að sögurnar kynnu að vera ýkjusögur. Hausar tunglbúanna fundust ekki og engir aðrir virtust hafa séð þá“.
- Ýl / Ýlfur** (n, hk) Hátóna væl; skerandi gól. „Hvaða ýlfur er þetta í hundinum“?
- Ýla / Ýlfra** (s) Reka upp skerandi hátíðnihljóð. „Hundurinn ýlaði ámatlega þegar kjóinn sló hann í hausinn“.

Ýlda (n, kvk) A. Úldinn matur; ýldufýla. „Það þarf að þrifa vel ýlduna úr fiskikassanum“. Einnig var sagnorðið að ýlda notað um það að láta mat skemmast: „Sumum þótti gott að ýlda sviðin dálítið áður en þau voru sviðin“. B. Úldið hræ. „Það verður þá fögnuður að greiða ýlduna úr netunum eftir þennan garð“!

Ýldubragð / Ýldukeimur (n, h/ kk) Vont bragð af mat. „Mér fannst ekki frítt við ýldubragð af saltketinu“.

Ýldudammur / Ýldufur (n, kk/kvk) Forarvilpa þar sem eitthvað er að úldna. „Það þarf að moka yfir ýldudamminn við sláturhúsið, svo lyktina leggi ekki upp að skólanum“.

Ýldudrulla / Ýlduhaugur / Ýlduklessa (n, kvk/kk) Ýlda; úldið hræ eða hluti af hræi; úldinn ket- eða fiskbiti.

Ýldufnykur / Ýldufýla / Ýldulykt / Ýldupest / Ýldupefur (n, kvk) Lykt/fýla af hræi, mat eða öðru sem farið er að úldna.

Ýlduhræ (n, hk) Úldið hræ af skepnu. „Það þyrfti að ná þessu ýlduhræi úr fjörunni og grafa það“.

Ýlduslepja (n, kvk) Illa lyktandi slím sem sest utaná mat sem er að byrja að skemmast/úldna. „Ég ætla að skafa ýlduslepjuna utanaf þessu; það getur verið í lagi innaní“.

Ýlir (n, kk) A. Annar mánuður vetrar að fornu tímatali. Hefst venjulega næsta mánudag eftir 18. nóvember. Önnur heiti mánaðarins voru frermánuður og skammdegismánuður. B. Annað heiti á bárufløy; lýsispoka sem notaður var sumsstaðar til að lægja brimöldu. Ekki fer sögum af slíku í Kollsvíkurverum.

Ýlfur (n, hk) Hátóna en lágt væl, t.d. í hundi. „Eftir svona tuttugu mínútur heyrði ég ýlfur við hleinarnar“ (IG; Sagt til vegar I).

Ýluraketta (n, kvk) *Raketta*/flugeldur sem gefur frá sér hávært skerandi hlóð þegar skotið er á loft.

Ýlustrá (n, hk) Strá sem er heppilegt til að láta ýla. Þá er tekið blað af grasi; því haldið strekktu í lófum milli handa og blásið þvert á það. Með lagni má þannig mynda töluvert hátt blísturhljóð. „Á Ýluflöt óxu grös, sem hægt var að blása í röndina á; ýlustrá“ (AS ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Ýmir (n, kk) Úr norrænni goðafræði: Jötunn sem Óðinn og bræður hans skópu jörðina úr.

Ýmis / Ýmiskonar / Ýms / Ýmskonar (l) Af ýmsu tagi; allskyns. „Auk trjáviðar berst ýmiskonar annar reki upp á fjörunar“. „Voru þar ýms skemmtriði, t.d. hlaup, reiptog, pokahlaup o.fl; og síðan dans á danspalli sem deildin átti“ (ÖG; Slysavarnadeildin Bræðrabandið). Orðin voru ýmist sögð/skrifuð með i eða án.

Ýmislega (ao) Á ýmsan hátt; margvíslega. „Síðan hafa Hólar og heimajörðin (Láginúpur) skift á milli sín túninu ýmislega, so partarnir hafa á víxl verið; stundum meiri; stundum minni“ (ÁM/PV Jarðabók).

Ýmist (l) Sitt á hvað; annaðhvort. „Þeir (þurrkaðir hausar) voru ýmist seldir eða bleyttir upp og barðir fyrir skepnurnar næsta vetur“ (IG; Æskuminningar).

Ýmist er of eða van (orðatiltæki) Annaðhvort er of mikið eða of lítið; *vandratað er meðalhófið*.

Ýmist í ökkla eða eyra (orðtak) Annaðhvort of lítið eða of mikið; ýmist *of eða van*. „Gestakomur eru ýmist ökkla eða eyra; stundum sést *ekki kjaftur langtímum saman* en aðra stundina er hvert skot setið“.

Ýmist of eða van (orðtak) Ýmist of mikið eða of lítið. „Það er ýmist *of eða van* í veðráttunni þessa dagana: Stundum mollulogn dag eftir dag, og enginn þurrkur; eða hávaðarok og heyskaðar“!

Ýmislags / Ýmslags (l) Allskonar; af ýmsu tagi; með ýmsum hætti. „Við lentum í ýmislags vandræðum á leiðinni“. „Upp í kofann hafði hann borið ýmslags reka úr fjörunni“. Jöfnum höndum notað i eða ekki.

Ýmsar eru/verða ævinnar (orðatiltæki) Ævi manna er með ýmsu móti; menn eiga ólíka ævi.

Ýra (s) Úðast; rigna; dropa. „Það ýrir aðeins úr þokunni“.

Ýra úr öldu (orðtak) Úðast yfir bát úr öldufaldi. „Farðu í stakk; það getur ýrt úr öldu í kulinu“.

Ýringur (n, kk) Fíngerð *súld*; *úði*. Fornt heiti; *úr*. Það er kominn einhver ýringur úr lofti“.

Ýsa (n, kvk) *Melanogrammus aeglefinus*. Fiskur af þorskfiskaætt, algengur í N-Atlantshafi. Getur orðið allt að metri að lengd og 20 kíló, en oftast mun minni. Blágrá að lit, með svarta rönd eftir síðunni og skeggbráð á höku. Fæðan er fjölbreytt; botndýr s.s. skeljar, sniglar, marflær og smáfiskur. Góður matfiskur og mikið veidd. Ýsa hefur í seinni tíð veiðst í auknum mæli á grunnmiðum vestra, en hefur þó lengi verið algeng í fjörðunum. Hún hefur þó löngum veiðst í einhverju magni á Kollsvík eins og sjá má af beinalögum. Vinsælt hefur verið að tálga smáhluti úr klumbubeininu, t.d. fugla, seli eða karla. Ýmsar þjóðsögur tengjast ýsuni. Einhverju sinni ætlaði kölski að veiða fisk úr sjó. Ýsan skaust undir stein og þreifaði hann fyrir henni þar. Sér enn dökka bletti á þunnildum ýsunnar þar sem kölski þrýsti að, en ýsan rann samt úr greipum hans, og á hliðum hennar sjást enn förin eftir neglur kölska. Sumir notuð það lag þegar skakað var fyrir ýsu að keipa fremur stutt. Því er það nefnt að *draga ýsur* þegar menn dotta/sofna svo andardráttur heyrir. Sjá *sjaldan er ýsa í asafiski...*“

Ýsukvikindi / Ýsutittur (n, hk/kk) Gæluheiti á ýsu. Ýsa var aldrei í eins miklum metum og þorskur meðal sjómanna, þó hún sé góður matfiskur.

Ýta (n, kvk) Verkfæri/vinnuvél til að ýta saman efni. Td. heyýta; jarðýta.

Ýta (s) Þoka; hreyfa við; stjaka; þrýsta. „Ýttu aðeins betur á hurðina“.

Ýta á flot / Ýta fram / Ýta frá / Ýta frá landi (orðtak) Ýta úr vör; ýta báti á sjó. „Loks flaut þó báturinn og við stukkum uppí og ýttum frá landi. Árni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakk í stýrisaugað“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Ýta/þrýsta á um (eitthvað) (orðtak) Vera ákafur um að eitthvað málefni nái fram að ganga.

Ýta undir (eitthvað) (orðtak) Koma/hjálpa einhverju af stað; auka við. „Heldur ýtti hann undir þessar sögusagnir en að hann væri að draga úr þeim“.

Ýta úr vör (orðtak) A. Um sjósetningu báts; fara fram; fara á sjó; leggja frá landi. B. Í líkingamáli; koma málefni/verkefni af stað.

Ýta/róta við (einhverjum) (orðtak) Vekja einhvern.

Ýtinn (l) Sá sem þrýstir á/gengur eftir. „Hann var þó nokkuð ýtinn og það endaði með því að ég samþykkti“

Ýtni (n, kvk) Þrýstingur; *efirgangssemi*. „Vertu ekki sífellt með þessa ýtni; ég er orðinn þreyttur á henni“.

Ýtumaður / Ýtustjóri (n, kk) Sá sem stjórnar jarðýtu. „Á þessari vél ól hann upp sem ýtumenn frændur sína; Ólaf Sveinsson á Sellátranesi og Marínó Kristjánsson í Efri-Tungu“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Ýturuðningur / Ýtuslóði (n, kk) Vegur sem ruddur er af ýtu, en ekki ofaníborinn eða gerður vel fólksbílafær.

Ýtustjórn (n, kvk) Stjórnun jarðýtu. „Þetta (IH W4) hefur eflaust verið fyrsta vélknúna vinnutækið sem Magnús (í Vesturbotni) stjórnaði, utan trillu sem hann átti, en tveim eða þrem árum síðar byrjaði hann á ýtustjórn, sem átti eftir að gera hann kunnan víðs vegar“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

Það (ao) A. Hvorugkyns staðgengilsorð þess sem um er rætt. „Enn ríkir sama fegurðin í Kollsvík; það hefur ekki breyst“. B. Svo. „... og oft urðu hestagötturnar það djúpar að ríðandi maður rak fæturna í grjót í götuköntunum. en þeir urðu að vera orðnir það vel að manni að þeir gætu tekið ofan klyfjar“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). „Ég er ekki það vitlaus að ég leggi trúnað á svona lygasögur“! Báðar nýtingar koma fyrir í þessari setningu: „Enn var það lágsjávað að báturinn tók sem sagt allur jafnt niðri, og dró það úr högginu“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Það allra heilagasta (orðtak) Forboðnasti/mest verndaði staðurinn. „Aðeins fáir útvaldir fengu að koma inn í það allra heilagasta, þar sem hann geymdi sínar gersemar“. Runnið frá skipulagi helgistaða, s.s. musteris eða hofs; rými sem einungis æðsti trúarhöfðingi/prestur/goði mátti koma inni.

Það á ekki af ... að ganga! (orðatiltæki) Vandræði hans/hennar/þess virðast endalaus. „Nú er hann kominn með krabba karlanginn; og nýbúinn að missa konuna. Það á ekki af honum að ganga“.

Það á ekki úr að aka! (orðtak) Upphrópunarsetning sem oft er notuð til að lýsa undrun yfir t.d. sífelldri óheppni. „Er sprungið hinumegin líka?! Það á ekki úr að aka með þessa dekkjaræfla“!

Það á nú við lífið hans Láka! (orðatiltæki) Upphrópun sem notuð er til að lýsa því að einstaklingur finni sig í einhverju/þyki sérlega gaman að einhverju. Ekki vitað um upprunann, en láki var oft gæluheiti á hákarli. Því getur þetta vísað til þess þegar mistekst að drepa hákarl, svo úr verða mikil sporðaköst.

Það bíður betri/síns tíma / Það bíður sinnar stundar (orðtak) Það bíður þar til tímabært er að það komi fram/nýtist; það verður gert síðar. Sjá allt bíður síns tíma; allt bíður sinnar stundar.

Það blæs ekki byrlega Það lítur ekki vel út; því gengur ekki í haginn. „Það blæs ekki byrlega fyrir þeim sem vilja hefja búskap nú á tímum“.

Það bregst mér ekki (orðtak) Áherslusetning, notuð til að fylgja álit/grun. „Fjári eru þeir lengi í ferðinni. Nú hefur sprungið hjá þeim og þeir verið varadekkslausir; það bregst mér ekki“.

Það eina er (orðtak) Um fryrivara; það er aðeins eitt atriði; það þarf samt að athuga. „Ég get *sem best* setið yfir kindinn þar til hún er borin. Það eina er að ég átti eftir að láta lambið sjúga, í stúnni“.

Það er af sem af er / Það er búið sem búið er (orðatiltæki) *Ekki er eftir það sem af er*; því er lokið sem unnið hefur verið.

Það er af sem áður var (orðtak) Tímarnir eru breyttir; breyst hefur til verri vegar. „Nú er offítan helsti ógnvaldur landsmanna. Það er af sem áður var, þegar þeir drógust með erfiðismunum út í verin í þeirri von að seðja sárasta hungrið“! Einnig orðað *af er (það) sem áður var*.

Það er aldeilis! (orðtak) Upphrópun til áhersluauka/ til að býsnast yfir. „Það er aldeilis þoka, þetta; maður sér varla niður á tærnar á sér“!

- Það er aldrei!** (orðatiltæki) Upphrópun; ósköp/firn eru þetta. „Það er aldrei! Hundurinn liggur í rúminu mínu“!
- Það er (nú) alleina það** (orðtak) Hikorð eða undirtektir á því sem sagt hefur verið. „Það er nú alleina það með þessa þingmenn; þeim hættir til að segja eitt fyrir kosningar og annað að þeim loknum“.
- Það er borin von** (orðtak) Það er vonlaust/útilokað. „Það er borin von að finna neitt af þessum kindum aftur“.
- Það er ekki úr að aka** (orðatiltæki) Verður ekki breytt/hnikað/hjá komist; er í *gadda slegið*. „Það er ekki úr að aka með þessa Vegagerð. Ætli maður verði ekki að handmoka hálsinn þennan veturinn“.
- Það er ekkert lýsigull í því** (orðtak) Notað til að lýsa óvönduðu efni/grip. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Það er hægurinn hjá** (orðtak) Það er handhægt/auðvelt. „Ég býð honum far með mér; það er hægurinn hjá, þar sem ég bý í næsta húsi“.
- Það er (nú) líkast til!** (ortðtak) Upphrópun til áréttingar/staðfestingar á því sem sagt er. „Var hann að heimta spyrð þú. Það er nú líkast til! Hann fékk tvær útigengnar; báðar með tveimur“!
- Það er nefnilega það / Það er nebblega það** (orðtak) Merkingarlaus setning sem notuð er til andsvars; sem staðfesting eða undirtektir á orðum viðmælanda eða upphrópun/undrunarviðbragð.
- Það er (nú/þá) nýtt!** (orðtak) Upphrópun, töluvert viðhöfð í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar; andsvar við einhveru sem gengur framaf manni. Áherslan var einatt á síðasta orði, og það haft í lægri tóntegund en hin. „Já datt hann í það á helginni? Það er þá nýtt! Og hvern þurfti hann að heimsækja núna“?
- Það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn** (orðatiltæki) Sjá *eins og að pissa í skóinn sinn*.
- Það er svo margt í mörgu í maganum á Ingibjörgu** (orðatiltæki) Hiksetning sem í raun er merkingarlaus, en var allnokkuð viðhöfð framundir það síðasta af vissum mönnum í Útvíkum. Ekki ljóst hvort hún vísar til tiltekinnar Ingibjargar, eða hvort hún er þarna einungis sem rímorð.
- Það er/væri synd að segja** (orðtak) Það væru öfugmæli; það væri orðum aukið. „Það væri synd að segja að hann ynni ekki að mat sínum; beinin eru bleik og skinin eftir að hann hefur farið um þau vasahnífnum“!
- Það eru ekki hundrað í hättunni** (orðatiltæki). Það er ekki svo mikill skaði; það gerir ekki svo mikið til. „Það eru nú ekki hundrað í hättunni þó ekki náist að koma öllu heyinu í hlöðu í dag, eins og veðurútlitið er“.
- Það/að ég (best) veit** (orðtak) Eftir minni bestu vitneskju; *að því er ég best veit*.
- Það grær áður en þú giftir þig** (orðatiltæki) Meiðslin gróa fljótt. „Vertu ekki að *vola* yfir þessu *anginn* minn; þessi *skinnspretta* grær áður en þú giftir þig“.
- Það held ég (nú)** (orðtak) E.t.v. algengasta hikorðið sem notað var í Kollsvík á síðari hluta 20.aldar og e.t.v. fyrr. Yfirleitt notað milli setninga eða í lokin; eins og til að halda samfellu í frásögn/samræðum. Oft *dreginn seymurinn* töluvert á fyrsta orðinu. Önnur hikorð voru t.d. „Það er nú svo“; „það er nú alltsvo“; „það er nú það“; „það er þannin“; „það er einmitt“, eða einungis „einmitt“.
- Það lóar ekki við stein** (orðtak) Það er algjörlega lágdaður sjór.
- Það er af sem af er / Það er búið sem búið er** (orðatiltæki) Auðskilin speki sem oft er notuð, einkum þegar menn vinna seinlegt verk sem lítið virðist miða. „Ég er feginn því að að við gátum klárað að hreinsa strengina á Hænuvíkinni í dag; það er þá búið sem búið er; við eigum það þá ekki eftir á morgun“.
- Það er af sem áður var** (orðatiltæki) Breyting er á orðin. Oft viðhaft þegar menn minnst horfinna góðra síða/venja/hefða/tíma, gjarnan með söknuði. Einnig; *af er það sem áður var*.
- Það er aldeilis!** (orðatiltæki) *Það munar ekki um það; fyrr má nú vera; fyrr má rota en dauðrota; eitthvað má nú á milli vera!* Orðatiltæki þegar mælandi býsnast yfir einhverju.
- Það er aldrei að vita** (orðatiltæki) Það gæti vel svo farið; ekki er ólíklegt; kannski. „Veðurspáinn er nokkuð sæmileg; það er aldrei að vita nema við skellum okkur í röður á morgun“.
- Það er alltaf búningsbót að bera sig karlmannlega** (orðatiltæki) Alltaf er það til bóta að bera sig vel, hversu slæmar sem aðstæður eru. Úr kvæði: „Við skulum ekki víla hót;/ vart það léttir trega./ Það er þó alltaf búningsbót/ að bera sig karlmannlega“ (Kristján Fjallaskáld).
- Það er auman** (orðtak) Upphrópun í vandlætingu/vanþóknun yfir getuleysi/aumingjádómi/klaufaskap. „Það er meiri auman að geta ekki lítið eftir kúnum eitt augnablik; þær voru allar komnar í galtana“!
- Það er búið og gert** (orðatiltæki) Því er aflokið; það hefur verið framkvæmt.
- Það er (þá/þó) búið sem búið er** (orðatiltæki) Sú vinna er ekki eftir sem lokið er.
- Það er (ekki) efnilegt** (orðtak) Upphrópun/áherslusetning. „Já nú er það efnilegt: Ég var að heyra að þeir ætli að hækka bensínið eina ferðina enn“. „Það er ekki efnilegt að heyra þetta með brunann“.

- Það er (þá) eins og vant er!** (orðatiltæki) Upphrópun/andvar í vandlætingu. „Nennti hann ekki að koma með; það er þá eins og vant er! Þetta þarf að sofa framá miðjan dag *allatíð!*“
- Það er/var ekkert annað!** (orðatiltæki) Upphrópun sem oft er notuð sjálfstæð sem andsvar við því sem manni finnst yfirgengilegt/hneykslanlegt/tilkomumikið/aðdáunarvert.
- Það er eins og einhver sé að draga á eftir sér járnplötu (eftir grjótinu)** (orðatiltæki) Viðhaft um mikinn/óþolandi hávaða, en þó oftast um hræðilega/óþolandi tónlist. Mun vera tilvitnun í ónefndan Rauðasandshreppsþúa sem nú er genginn, en töluvert notað almennt í Rauðasandshreppi.
- Það er ekki að undra þó/þótt / Það skyldi engan undra þótt** (orðtak) Ekki er undarlegt að; ekki er kyn þó að. „Það er ekki að undra þó ég verði ekki var; færið var alls ekki komið í botn!“
- Það er/verður ekki aftur tekið** (orðtak) *Sjá ekki aftur tekið.*
- Það er ekki búmaður sem ekki kann að berja sér** (orðatiltæki) *Enginn er búmaður nema kunna að berja sér.*
- Það er ekki gaman að því!** (orðatiltæki) Viðkvæði þegar eitthvað gengur miður eða slæm tíðindi eru sögð.
- Það er ekki laust sem skrattinn heldur** (orðatiltæki) Notað þegar eitthvað stendur fast/næst ekki, án augljóra ástæðna eða fyrirséð að beita þarf miklum fortölum/aðgerðum. „Hornstaurinn er ekkert á því að koma upp ennþá þó búíð sé að grafa frá honum; það er ekki laust sem skrattinn heldur!“
- Það er ekki matur; músin steikt (og maðkur uppúr rjóma)** (orðatiltæki) Mús getur ekki talist mannamat, jafnvel ekki þó steikt sé. Sama gildir um maðkinn, þó í rjóma sé etinn. Viðhaft þegar eitthvað er á borðum sem ekki líkar. Telja sumir þar undir falla hvítlauk og gúruku.
- Það er ekki nema tvennt til (í því)** (orðatiltæki) Ekki nema tveit kostir í stöðunni. „Nú þarf annaðhvort að drífa í þessu strax eða láta það bíða til morguns; það er ekki nema tvennt til.“
- Það er heila málið** (orðtak) Um það snýst þetta; þar liggur hundurinn grafinn.
- Það er helst! / Það er þá helst!** (orðtök) Upphrópanir sem notuð eru í fyrirlitningartón (í nútíð eða þátíð) þegar fullyrðing gengur framaf manni/ hljómar mjög fáránlega. „Er hann þreyttur segirðu? Það er þá helst!; ég veit ekki til að hann hafi lyft litlafingri til að hjálpa okkur við þetta verk!“
- Það er lítið sem göngumann munar ekki um** (orðatiltæki) Gangandi manni munar um alla byrði, einkum ef um langveg er að fara.
- Það er margt í mörgu** (orðtak) Meiningarlítið orðatiltæki sem oft var sagt sem andsvar við; eða í kjölfar meiri tíðinda, eða einungis sem hikorð.
- Það er meira blóð í kúnni** (orðtak) Meira er til; ekki er allt búíð enn. „Ég hélt að nú væri allt búíð, en það var sko meira blóð í kúnni!“
- Það er munur að vara maður og míga standandi!** (orðatiltæki) Yfirlýsing um manndóm/getu/sjálfstæði. Oft notað í háði um þann sem ber sig vel; er jafnvel montinn. „Asskoti varstu heppinn að eignast þetta lamb drengur; bara kominn í tölu gildra bænda! Já það er aldeilis munur að vera maður og míga standandi!“
- Það er naumast!** (orðatiltæki) Upphrópun þegar býsnast er yfir einhverju; gjarnan fyrirgangi eða hneykslunarefni. „Það er naumast! Farið þið nú að hætta þessum gauragangi strákar áður en einhver meiðir sig.“
- Það er nefnilega það!** (orðatiltæki) Upphrópun/hiksetning sem andsvar við því sem sagt hefur verið. Merkingin fer oft eftir tóntegundinni, en gjarnan er þetta notað til að ljúka samtali að sinni.
- Það er nú eitt! / Eitt er nú það! / Svo er nú það/þetta!** (orðatiltæki) Vel á minnst; það er þarft umræðuefni; það er tiltökumál. „Já, það er nú eitt! Hann er sífellt að baknaga aðra til að upphæfja sjálfan sig“. Nokkuð notað af sumum, og þá jafnan í vanþóknunar- eða hneykslunartón.
- Það er nú sér og sitthvað** (orðatiltæki) Það eru algerlega óskyld mál/óskyldir hlutir; það er ekki það sama.
- Það er nú tisona** (orðatiltæki) Það er nú svo; það gengur svona til. Hikorð í byrjun efnislegrar setningar. Sagt þannig, en „tisona“ er líklega upprunalega „til svona“. „Það er nú tisona; einhver verður að byrja“.
- Það er nú svo / Það er nú það / Það er nú (bara) þannig/þannin / Það gengur (nú) svona til** (orðatiltæki) Hikorð án sérstakrar merkingar. Oft notuð til að undirstrika það sem sagt hefur verið eða brúa þagnir.
- Það er nú öðru nær** (orðatiltæki) Því fer fjarri; það er alrangt. „Þú heldur að þetta sé búíð? Það er nú einhverju öðru nær; nú eigum við eftir að gera að aflanum og salta!“
- Það er (nú/þá) nýtt!** (orðatiltæki) Upphrópun; viðbragð sem oft heyrðist meðal Útvíknamanna þegar þeir heyrðu um heimskupör, einkum það sem alls ekki var nýtt; eitthvað sem var neikvætt en síendurtekið. „Er nú aftur verið að auglýsa hann til uppboðs; það er þá nýtt!“

Það er nýtt sem sjaldan skeður (orðatiltæki) Það má teljast nýtt/viðburður sem ekki verður/skeður nema í undantekningartilvikum. „Það er nýtt sem sjaldan skeður; nú hafa þeir mokað yfir Hænuvíkurhálsinn“!

Það er of seint að iðrast eftir dauðann / Það er of seint að iðrast þegar kúkurinn er kominn í buxurnar (orðatiltæki) Auðskilin speki, en er oft viðhöfð þegar menn sjá að glappaskot hefur átt sér stað; skaðinn er skeður.

Það er passinn (orðatiltæki) Það passar; alveg eins og vænta má. „Rölda þurfti um nokkurn spöl upp í Túnshalann til að mjólka. Og alltaf var það passinn að fyrstu tvær kýrnar voru búnar að stilla sér upp í sín stæði þegar við vorum komin. Nákvæmari skepnur finnast ekki á jarðríki“. Einnig til áherlslu þegar hneykslast er: „Þeir voru þá að hækka tóbakið eina ferðina enn! Það er passinn; rétt þegar kjarasamningum er lokið“!

Það er sama hvar dáðlaus drattar (orðatiltæki) Ekki skiptir máli hvar sá heldur sig sem ekkert gagn er að; hinn lati má vera hvar sem er. „Ég fór í skemmtiferð erlendis meðan ég var að jafna mig í hendinni; enda er víst sama hvar dáðlaus drattar“.

Það er sami rassinn undir þessu (orðtak) Þeir eru allir eins; ég geri ekki greinarmun á þeim. „Ég sé ekki að skipti miklu máli hvort ég kys íhaldið eða Framsókn; það er sami rassinn undir þessu þegar upp er staðið“!

Það er (nú) sitthvað; Jón eða séra Jón (orðatiltæki) Viðhaft þegar freklega þykir gert upp á milli manna/ þegar gerður er mannamunur t.d. vegna virðingar. „Þeir eru ekki að heimsækja okkur smælingjana þessir þingmenn; það nú sitthvað; Jón eða Séra Jón“! Sjá *sitthvað er Jón og séra Jón og ekki eru allir Jónar jafnir*.

Það er skammgóður vermir að pissa/(míga í skóinn sinn (orðatiltæki) Notað um bráðabirgðareddingar af ýmsu tagi, sem ekki eru bjargráð til langframa; fremur en það sem lýst er.

Það er smátt sem hundstungan finnur ekki (orðatiltæki) Um fundvísi á munum eða göllum manna. „Enn eru þeir að grafa upp einhvern ósóma um karlgreyði; það er smátt sem hundstungan finnur ekki“.

Það er undir hælinn lagt (orðatiltæki) Það er tilviljunum háð/óvíst. „Það er alveg undir hælinn lagt hvort þeir gefa sér tíma til að borða meðan þessi vinnutörn gengur yfir“.

Það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn (orðatiltæki) Líkingin er gjarnan viðhöfð þegar ætlunin er að beita ónógum skammtímalausnum á vandamál sem krefst raunhæfari úrræða. Sjá *skammgóður vermir*.

Það er smátt sem hundstungan finnur ekki (orðatiltæki) Þefskyn hunds er þúsundfalt á við mann og því finnur hann margt. Viðhaft um það þegar menn finna og nýta sér smávægilega hluti, jafnvel til verulegs ávinnings.

Það er spursmál (orðtak) Það er spurning; áhöld gætu verið um það; það er ekki víst. „Það er spursmál hvernig þeim gengur að koma fénu í rétt; svona fálíðuðum“. Einnig algengt sem viðkvæði þega svar er óvíst.

Það er svo eiðfært (orðtak) Það er algert; það er staðreynd/dagsatt; það skortir algerlega. „Það er svo eiðfært með það að ég finni nokkursstaðar eldspýtur“!

Það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast (orðatiltæki) Mönnum er gjarnnt að nefna það oft sem þeim stendur næst; áhugamálið ber gjarnan á góma.

Það er valt á því vólubeininu (orðatiltæki) Erfitt er að treysta á það; það er tæplega; getur brugðið til beggja átta. „Hann ætlar að reyna að ná fluginu suður, en það er valt á því vólubeininu að hann nái því“.

Það er ýmist af eða á! / Það er ýmist úr eða í! (orðtök) Upphrópanir þess sem finnst annr vera óákveðinn/flöktandi í skoðunum. „Það er ýmist úr eða í; mikið vildi ég að hann segði hreint út um þetta“. Hið fyrra er e.t.v. komið úr lagamáli, þar sem ýmist er reynt að koma sök af manni eða á hann.

Það er (ekki) (ekki nema) von (orðtak) Þess/annars er (ekki) að vænta. „Það er ekki von að þú vitir þetta; þú varst ekki fæddur þegar það skeði“. „Það er ekki nema von að sjór sé í bátnum; neglan er farin úr“! „Það er von að barnið segi þetta. Það endurtekur bara það sem fyrir því er haft“!

Það er (aldeilis) uppi á honum typpið! (orðatiltæki) Hann er heldur betur uppástöndugur; það er mikill hroki í honum. E.t.v. eiginleg merking, en sumir telja að typpi vísi til masturs á báti eða topphúfu.

Það er vandlifað í veröldinni / Það er vandlifað í henni versu (orðatiltæki) Tilveran er erfið. „Nú má helst ekki róa til fiskjar á eigin mið til að bjarga sér um soðmat. Ja það er vandlifað í veröldinni“! Sjá *vandlifað í veröldinni*.

Það eru ekki alltaf jólin (orðatiltæki) Viðhaft um mótlæti/barning/vonbrigði. „Hér er allur fiskur jafn steindauður í dag eins og hann var viljugur í gær. En það eru víst ekki alltaf jólin“!

Það gagnast lítið að geyma sér sjóveður (máltæki) Þessi augljósu sannindi hafa eflaust um langan aldur verið tóm á tungu í Kollsvíkurverri, líklega með ýmsu orðalagi. Boðskapurinn er augljós; sá sem vill afla þarf að

- róa þegar gefur. Boðorðið hefur verið viðhaft um ýmis önnur tilefni, jafnvel í kvennamálum, en hefur ekki heyrst í þessum búningi utan svæðisins.
- Það gat nú verið!** (orðtak) Upphrópun, vanalega merki um mikil vonbrigði eða staðfestingu á illum grun. „Það gat nú verið! Karlinn lokaði ekki hliðinu og allt heila helvítis pakkið komið inná“!
- Það gengur á ýmsu / Ýmist gengur með eða móti** (orðatiltæki) Velgengnin er misjöfn.
- Það get ég sagt þér** (orðtak) Áherslusetning; oftast fylgjandi fullyrðingu: „Þeir eiga eftir að klúðra þessu; það get ég alveg sagt þér“! Getur þó verið sjálfstæð setning og í eiginlegri merkingu.
- Það getur hver maður sjálfan sig séð í því** (orðtak) Sérhver maður getur ímyndað sér sjálfan sig í þeirri stöðu. „Eflaust hefði maður gert eins og hann í þessu tilfelli; það getur hver maður sjálfan sig séð í því“!
- Það gildir einu** (orðtak) Ekki skiptir máli; sama er. „Það gildir einu hvernig veðrið er; alltaf fer hann sína gönguferð niður að sjó á sama tíma“. „Það gildir mig einu hvernig þetta er framkvæmt“.
- Það grær áður en þú giftir þig** (orðatiltæki) Speki sem viðhöfð er stundum ef börn kvarta undan smáskeinu.
- Það grær sem girt er** (orðatiltæki) Gömul speki sem undirstrikar mikilvægi þess að vernda tún gegn beit. Sögnin að „girða“ er eldri en vírgirðingar samtímans; hún átti við um grjót- og torfhlaðna garða fyrri tíðar.
- Það gæti hent sig** (orðtak) Hugsanlegt er; ef til vill; kannski. „Ég ætla að röлта aftur fram í Dalbotn; það gæti hent sig að rollukvikindin hefðu legið þar í laut þegar smalað var“.
- Það hefði einhverntíma þótt fyrirsögn ef...** (orðtak) Um það sem erfitt hefði verið að spá fyrir um. „Það hefði einhverntíma þótt *fyrirsögn* að Kollsvíkin skuli nú vera komin í eyði“. Fyrirsögn merkir þarna „forspá“.
- Það hefði ég haldið** (orðtak) Ég held það; ég býst við því. Orðalagið var oft viðhaft og er sérkennilegt fyrir það að þarna eru höfð fleiri orð um en þörf er á; líklega til hiks eða mildunar.
- Það heitir ekki/varla** (orðtak) Varla verður sagt/ er hægt að segja. „Það heitir varla að þar sé báti ýtt úr vör; aðeins fiskjað til soðmatar“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Það hlaut að koma að því/þessu** (orðtak) Þetta varð að gerast; í þetta stefndi. „Það hlaut að koma að því að rolluskattinn gæfist upp; ekki ætlaði ég að gera það“!
- Það hlaut að vera / Það varð að vera / Það gat nú verið** (orðtök) Upphrópanir þess sem skyndilega skilur samhengi/ rennur upp ljós fyrir/ sér orsök. „Það er komið annað lamb hjá Gibbu. Það hlaut að vera; hún hefur aldrei verið *einlembd*“. „Er hann farinn niður að Görðum á *skytteri*? Það varð að vera; ekki getur hann sleppt því“. „Gáðu! Rollufjandinn er undireins komin inná aftur. Það gat nú verið“!
- Það hlægir mig** (orðtak) Það kætir mig; það veldur mér hlátri. „Það hlægir mig óneitanlega dálítið að hann skuli verða fyrstur til að framkvæma það sem hann bannaði öðrum að gera“.
- Það kemur dagur efir þennan dag** (orðatiltæki) Ekki er öll von úti þó ekki klárast allt fyrir kvöldið; á morgun kemur annar dagur.
- Það kemur/ber allt að einu / Það kemur í sama stað niður / Það kemur út í eitt** (orðtök) Niðurstaðan verður sú sama; hver/hvor kosturinn sem er valinn. „Það kemur alveg út í eitt fyrir mig, hvor leiðin er farin“.
- Það kemur fram í seinna verkinu (sem gert er í því fyrra)** (orðatiltæki) Auðveldara er að vinna verk sem vel hefur verið undirbúið/forunnið, en það sem illa er staðið að. Oftast heyrðist aðeins fyrri parturinn viðhafður í Kollsvík í seinni tíð: „Það má ekkert flaustra við fellinguna á netunum; það kemur bara fram í seinna verkinu, þegar þau eru komin í sjóinn“.
- Það kostar klof að ríða röftum** (orðatiltæki) Mikil athafnasemi getur verið kostnaðarsöm. Líkingin vísar líklega til þeirrar áráttu drauga að *ríða röftum*; þ.e. sitja á bæjarburst og *láta öllum illum látum*. Líkami drauga endurnýjast ekki, og því slitnar klof þeirra óhjákvæmilega með þessu móti; og það sem í því er. Má í því efni nefna orðtakið að vera *genginn upp að hnjám*.
- Það lafir meðan ég lifi** (orðatiltæki) Um viðgerð/verk; það dugir mína lífstíð. „Þetta verður að duga; það lafir kannski meðan ég lifi“.
- Það lá að!** (orðtak) Upphrópun, sem oftast er notuð til að lýsa mikilli vandlætingu á því sem við blasir eða sagt hefur verið. „Það lá að; eru nú ekki kálfaskrattarnir komnir inn í rabbabaragarðinn“!
- Það lifir lengst sem lýðum er leiðast** (orðatiltæki) Upphaflega mun þetta hafa verið „hjúum“ í stað „lýðum“ sem almælt var í Kollsvík í seinni tíð. Vísar orðatiltækið til þess að hinir kúgandi höfðingar og slekti þeirra lifði yfirleitt lengra lífi en þrautpíndir og langsołtnir landsetar og vinnulýður þeirra. Þó kann málshátturinn einnig að vísa til þess að t.d. fátækt og hungur eru jafnan lífseigari en fólkíð. Stundum sagt þannig: *þeir lifa lengst sem lýðum eru leiðastir*.

- Það líður tíminn!** (orðtak) Algengt orðtak áðurfyrr, til að minna mælanda og áheyrendur á þá gullvægu reglu að aldrei má sitja iðjulaus og ónotaður tími er glataður tími. „Það dugir ekki að sitja í kaffi endalaust og kjafta; það líður tíminn“!
- Það læra börnin sem fyrir þeim er haft** (orðatiltæki) *Það nema börn sem á bæ er títt*. Auðskilin speki og sígild; börn mótast að sjálfsögðu af uppeldinu og því sem þau venjast og sjá í uppvextinum.
- Það má einu gilda** (orðtak) *Það gildir einu*; skiptir ekki máli; sama er. „Það má þá einu gilda hvernig kosningaúrslitin eru, fyrst stjórnin er fallin“.
- Það má drottinn/guð vita** (orðtak) Ég veit það alls ekki; ég hef enga hugmynd um það; *Mér er það hulin ráðgáta*. Andsvar þegar maður hefur alls engin svör. *Sjá einn er það sem allt veit*.
- Það má ekki rétta skrattanum litlafingur/litlaputta (þá hirðir/tekur hann alla hendina)** (orðatiltæki) Líking sem gjarnan er viðhöfð um þá sem eru gjarnir á að misnota góðvild/greiðvikni annarra sér til hagsbóta. „Það má ekki rétta skrattanum litlaputtann; nú vilja þeir fá mig til að smala alla jörðina“!
- Það má fjandinn/andskotinn/skrattinn/ljótikarlinn vita** (orðtak) Ég hef enga hugmynd / veit ekkert um það. „Það má fjandinn vita hvað orðið hefur um þessar tvær sem sluppu“.
- Það má hver varast er hann veit** (orðatiltæki) Maður hlýtur að varast þá hættu sem maður veit af.
- Það má merkilegt heita ef ...** (orðtak) Það verður að teljast undarlegt ef... „Bölvaður norðangarður er þetta! Það má merkilegt heita ef ystu netin verða ekki kjaftfull af skít í næstu vitjun“.
- Það má mikið vera (ef ekki er)** (orðtak) Líklegt er; það eru mestar líkur á; *þori að hengja mig uppá*. „Það má mikið vera ef ekki er lúða á hjá mér núna“. „Honum sýndist að það væri kind þarna norður í Höfðum, og það má mikið vera ef ekki er“.
- Það má til sanns vegar færa** (orðtak) Það kann að vera /er líklega rétt.
- Það máttu bóka** (orðatiltæki) Þú getur verið viss um það; það er öruggt; *þú mátt hengja þig uppá það*.
- Það munar ekki um það!** (orðatiltæki) *Það er aldeilis!* Upphrópun þegar mælanda þykir mikið til koma.
- Það mætti segja mér** (orðtak) Ég gæti vel trúað; líklegt er. „Ekki hef ér séð strákana, en það mætti segja mér að þeir væru á tunnubátum norður á Torfalæk“.
- Það nema börn sem á bæ er títt** (orðatiltæki) *Það læra börnin sem fyrir þeim er haft*, var algengari útfærsla þessarar speki í Kollsvík.
- Það rennur nú flotið af þessu yfir jólin** (orðatiltæki) ...óviss merking... (e.t.v. að nýjabrumið fari fljótlega af; eða að mestu gæðin rými fljótlega; VÖ). Orðatiltækið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Það ræðir ekki um það** (orðtak) Ekki þýðir að fást um það; tilgangslaust að ræða það. „Mikið hefði nú verið gaman ef upptökur hefðu verið til af samtölum afa og jafnaldra hans sem komu í heimsókn á Láganúp. En það ræðir víst ekki um það; fyrst enginn *hafði sinningu* á því á sínum tíma“.
- Það segi ég satt!** (orðatiltæki) Upphrópun til áhersluauka; oftast í lok setningar og gjarnan til að fylgja eftir álit. „Mikið vildi ég vera laus við þessar nefntóbaksdreifar af gólfunum; það segi ég satt“.
- Það segir sig sjálft** (orðtak) Það er auðvitað/aðséd; þarf laust er að segja; auðvitað. „Það segir sjálft að svona getur þetta ekki gengið lengur“.
- Það sem af er** (orðtak) Það sem liðið er (af umræddum tíma). „Veturinn hefur verið afskaplega mildur það sem af er“. Einnig „*hvað af er*“ í sömu merkingu.
- Það sem eftir er / Það sem lifir** (orðtak) A. Það sem enn er ólokið. „Þú mátt eiga það sem eftir er í pakkanum“. B. Tíminn sem enn er ólokið af tímabili. „Það sem eftir lifði dags sat hann við að hreinsa skít úr netum“.
- Það sem ég vildi sagt hafa** (orðtak) Hiksetning, oft höfð í upphafi máls þegar maður er að reyna að muna og *finna* því *stað* sem maður hafði ætlað sér að segja.
- Það sem hendi er nærri/næst** (orðtak) Það sem tiltækt er; *hvað sem vera skal*.
- Það sem meira/verra/lakara er** (orðtak) Hiksetning, viðhöfð þegar bæta á við fullyrðingu sem kom á undan; oftast henni til staðfestu eða aukningar. „Fari það nú í...! Við gleymdum aukaslóðunum í landi, og það sem verri er; nestið gleymdist líka“!
- Það sem sínkur samandregur kemur ósínkur og eyðir** (orðatiltæki) Oft er það svo að hinn eyðslusami er fljótur að eyða því sem sá aðhaldssami hefur nurlað saman; oft á löngum tíma og með mikilli fyrirhöfn.

- Það sem til fellur** (orðtak) Það sem fyrir hendi er; það sem þarf. „Ég var á Patreksfirði frá áramótum 1947 til hausts í kaupfélaginu. Ók þá steinbítshausum, afgreiddi í búðinni og gerði það sem til féll“ (IG; Æskuminningar).
- Það sér á** (orðtak) Það sést; vel má sjá. „Það sér á að nýir bændur eru komnir á býlið; þvílík framför“!
- Það sér ekki á svörtu** (orðtak) Þetta getur ekki orðið skítugra; það er lítil hætta á að sjái á þessu. „Komdu bara inn á skónum; það sér ekki á svörtu þegar strákarnir eru rápandi út og inn allan daginn“.
- Það sjá augun síst sem nefinu er næst** (orðatiltæki) Menn koma stundum síst auga á það sem nærri þeim stendur/ er dagleg sýn.
- Það skal aldrei verða** (orðtak) Heiting sem stundum fylgir neitun. „Það má vel vera að ég láti þetta afkiptalaust, en að ég styðji þessa bölvæða vitleysu; það skal aldrei verða“!
- Það skal ég hengja mig uppá!** (orðtak) Áherslusetning, notuð með fullyrðingu sem lýsir sannfæringu manns. „Nú hafa strákarnir farið í brönduveiðar og gleymt að reka útaf; það skal ég hengja mig uppá“!
- Það skal nú úr því teygjan!** (orðtak) Hótun um það að maður ætli að vera harður á sinni skoðun/ sínum rétti og ekki gefa eftir fyrir en í fulla hnefana. Vísar til þess að þegar t.d. á að toga í stórgrip með bandi þá tagnar á því áður en gripurinn dregst af stað. „Það skal nú úr því teygjan áður en hann fær mitt atkvæði“!
- Það skal nú úr því teygjan!** (orðtak) Nú skal sverfa til stáls; nú verður barist. „Það skal nú úr því teygjan ef þeir ætla enn og aftur að svikja okkur um mokstur! Það gæti þá verið úti friðurinn hjá þingmönnum“!
- Það skaltu/máttu reyna** (orðtak) Láttu sjá; vittu til. Áherslusetning, notuð til að fylgja eftir álitni/spádómum. „Ef þú lánar honum vasahnífinn þá færðu hann aldrei aftur; það skaltu reyna“!
- Það skartar mest sem skitnast er** (orðatiltæki) Þeir eru oftast finastir, t.d. í klæðnaði, sem mestir eru þrjútar. Gjarnan notað um þrúðbúið höfðingjaslekti og fyrirfólk sem heimtar virðingu, jafnvel af tötraklæddu almúgafólkinu sem heldur því uppi með sköttum eða leigugjöldum.
- Það skyldi þó aldrei vera** (orðatiltæki) Líklegt er; það má mikið vera. „Eru strákarnir ekki komnir með kýrnar enn? Það skyldi þó aldrei vera að þeir séu á brönduveiðum eina ferðina enn“!
- Það slampast** (orðatiltæki) Það bjargast/hefst/tekst/gengur. „Ekki er það velgott, en það slampast“.
- Það tekur enginn sem ekki er til** (orðatiltæki) Auðskilið og alloft notað orðatiltæki.
- Það tekur því ekki** (orðtak) Það er ekki ómaksins virði; það borgar sig ekki; það er of mikil fyrirhöfn/ of stuttur tími. „Það tekur því ekki hjá þér að fara út núna; það er alveg að koma að kaffi“.
- Það tré er betra sem bognar en hitt sem brestur** (orðatiltæki) Sjá *betra er að bogna en bresta*.
- Það ungur nemur; gamall temur** (orðatiltæki) Hinn yngri lærir/nemur af hinum eldri.
- Það vantar ekki!** (orðtak) Upphrópun sem stundum er notuð til að fylgja eftir einhverri hneykslan eða ofboði. „Ekki eru þeir að flýta sér að greiða út inneignirnar hjá skattinum. Þeir eru alltaf *tindilfættari* við rukkanirnar ef menn skulda; það vantar ekki“!
- Það vantar ekki sem fengið er / Ekki vantar það sem fengið er** (orðatiltæki) Auðskilin speki.
- Það var/er aldrei!** (orðatiltæki) Upphrópun sem notuð var til að lýsa fyrirlitningu eða vanþóknun. „Hvað segirðu? Er hún Gunna orðin ólétt enn einusinni? Það var aldrei! Eins og ómegðin sé ekki nóg þar á bæ“! Einnig mikið notuð upphrópunin „*það var/er naumast*“! í svipaðri merkingu.
- Það var eins og við manninn mælt** (orðatiltæki) Um leið; samstundis; sem bein afleiðing. „Ég tók inn eitt *skeiðarblad* af þessum andskotans hryllingi, og það var eins og við manninn mælt; ég varð strax svo hress að ég þurfti alls ekki meira“!
- Það var/er heldur!** (orðatiltæki) Upphrópun til að lýsa aðdáun; stundum þó í háði. „Það var heldur, *múnderingin* á sýslumanninum á manntalsþinginu! Borðalagður og með *kaskeyti*“.
- Það var/er laglegt!** (orðtak) Upphrópun sem ýmist er notuð í aðdáunar- eða hneykslunartón.
- Það var/er mikið!** (orðatiltæki) Loksins! Upphrópun til að lýsa ópolinmæði eða vanþóknun á töfum sem orðið hafa. „Það var mikið að þið skilið ykkur loksins með kýrnar! Var verið að slóra við brönduveiði enn einusinni“?
- Það var (nú) ekki!** (orðtak) Upphrópun; andsvar til að taka undir lýsingu á atviki/magni. „Það var nú ekki! Þessi lúða var ekki tommunni styttri en þú sjálfur! Helvítis klaufaskapur að slíta úr henni“!
- Það var hans/hennar von og vísa** (orðtak) Það var *eftir honum/henni*; við því mátti búast af honum/henni.
- Það var og** (orðtak) Það var þannig; svona var það. Vanalegast notað sem andsvar við fullyrðingu/frásögn, jafnvel í forundran eða vanþóknun. Stundum notað í upphafi setningar af því tagi. „Það var og; þessu hefði ég ekki *trúað uppá* hann að óreyndu“!

- Það var/er ogsvo!** (orðatiltæki) Það var og; Jæja? Upphrópun, oft til að lýsa undrun eða vanþóknun á ýkjum eða gorgeir viðmælanda. Einnig sem hiksetning milli umræðuefna.
- Það var stutt gaman og skemmtilegt** (orðatiltæki) Viðhaft í kaldhæðni um það sem fær snöggan endi eftir styttri endingu en ætlað var. „Ballíð var rétt að byrja þegar gólfbitinn gaf sig: Stutt gaman og skemmtilegt“.
- Það var vit hans meira** (orðtak) Það var skynsamlegra af honum; hann gerði rétt í því. „Ég sé að hann hefur hætt við að róa. Það var vit hans meira; spáin er vægast sagt ískyggileg“.
- Það var þá!** (orðatiltæki) Upphrópun til að lýsa vanþóknun/fyrirlitningu á því sem kom fram í því sem sagt var. Mikil áhersla á hvert orð; einkum miðorðið.
- Það var þá (helst) þörfín á! / Það var þá gustukin á!** (orðatiltæki) Upphrópun sem viðhöfð er þegar óþarfar athafnir ganga framaf manni. „Fóru þau til útlanda um háheyskapartímamann? Það var þá helst þörfín á“! Ég held honum hefði verið skammarnær að fara að ná einhverjum stráum í hlöðu“! „Gafstu hundinum steikarbitann? Það var þá gustunin á“!
- Það varð/hlaut að vera!** (orðtak) Upphrópun, viðhöfð þegar samhengi verður ljóst eða ástæða kemur í ljós, eftir að mikið hefur verið hugsað/rætt um mál.
- Það veður á honum** (orðtak) Hann er óðamála; hann samkjaftar ekki.
- Það veit guð og lukkan** (orðtak) Það veit enginn; það verður að vona það besta. „Það veit guð og lukkan hvar þetta endar með tíðarfarið“.
- Það veit trúá mín!** (orðtak) Áherslusetning þess sem vill sýna einlægni sína og sannfæringu. „Það veit trúá mín að ég hef ekki snert á þínum vasahníf“!
- Það verður að fara eins og fara vill (með það)** (orðatiltæki) Ekki er hægt að hafa áhrif á framvindu/niðurstöðu. „Það er ekkert annað að gera en reyna þetta; það verður þá að fara eins og fara vill með það“. Sjá *allt fer það einhvernvegin*.
- Það verður (þá/bará) að hafa það** (orðtak) Upphrópun sem táknað viðurkenningu á ástandi sem þó er ekki gott. „Ég held ég verði að fara að slá restina af túninu þó veðurspáin sé ekki góð. Það verður þá bara að hafa það ef það rignir flatt í byrjun; einhverntíma styttrir hann upp“!
- Það verður ekki af (einhverjum) skafið / Það verður ekki frá (einhverjum) tekið** (orðtak) Það verður ekki annað sagt en; *því verður ekki í móti mælt; (einhver) má eiga það*. „Hann mætti vissulega vera hirðusamari um sig og sína umgengni, en það verður ekki af honum skafið að stundvís er hann og samviskusamur *fram í fingurgóma*“.
- Það verður ekki aftur tekið / Því verður ekki breytt (héðanaf)** (orðatiltæki) Of seint er að breyta því sem er *búið og gert*; gerðir verða ekki endurkallaðar.
- Það verður ekki á allt kosið** (orðatiltæki) Ekki er unnt að fá allt sem maður óskar. Sjá *ekki verður á allt kosið*.
- Það verður fram að koma sem ætlað er** (orðatiltæki) Svo verður sem forlögin ákveða; *enginn má sköpum renna*. Upprunnið í *forlagatru* fyrri tíma. Sjá *forlög/örlög*.
- Það verður hver að vera eins og hann er skaptur/skapaður** (orðatiltæki) Menn geta ekki breytt sínu útliti; sinni getu eða sínu áskapaða eðli.
- Það verður (víst) svo að vera!** (orðtak) Það þarf víst að una því; það er líklega ekki unnt að breyta því. „Fyrst hann sagði það þá verður það víst svo að vera, en ekki er ég vel sáttur við það“!
- Það væri alveg/rétt eftir honum** (orðtak) Það væri honum líkt; hann er líklegur til þess. „Það væri alveg eftir honum að róa í dag; fyrst aðrir telja það ófært“!
- Það þarf ekkert að segja mér (um) það!** (orðatiltæki) Upphrópun/yfirlýsing þegar maður er viss í sinni sök, hvað sem aðrir kunna að segja. Oft sagt í miklum hneykslunartón. „Sagði hann að þetta væri harðviður?! Það þarf nú ekkert að segja mér um það! Ég sé ekki betur en þetta sé helvítis hlandfura; og hananú“!
- Það þarf sterk bein til að þola góða daga** (orðatiltæki) Líklega vísar þessi speki til langrar reynslu þjóðarinnar af fátækt og sulti; einkum í byggðum fjarri sjávarfangi. Þegar betur áraði eftir harðindi var mikilvægt að eitthvað þrek væri eftir svo unnt væri að nýta góðærið.
- Það þykir svöngum sætt sem söddum þykir óætt** (orðatiltæki) Auðskilin speki um svengd.
- Þaðanaf** (ao) A. Frá því; uppfra því; frá þeim tíma; síðan. „Hann hefur ekki borið sitt barr þaðanaf“. B. Til áhersluaukningar lýsingarorða: „Hafi fyrri lúðan verið stór þá var þessi þaðanaf stærri“! „Þetta var eintómt smámosk; bútungskvikindi og þaðanaf minna“!
- Þaðanafsiður** (ao) Enn síður; miklu minna/síður. „Mér list ekkert á að þið séuð að þrila þarna í klettunum, og þaðanafsiður að þið séuð bandlausir“. Sjá *því síður*.

- Þaðanífrá** (ao) Frá því; frá þeim stað/tíma. „Þaðanífrá hefur jörðin verið í eigu ábúenda“.
- Þagga niður** (orðtak) Kæfa umræðu um málefni. „Þetta mál var þaggað niður í skyndi“.
- Þagga niður í (einhverjum)** (orðtak) Láta einhvern þegja; sussa á einhvern. „Þeir geta reynt að þagga niður í mér; þeir gera þá ekki annað á meðan“!
- Þagmælska** (n, kvk) Leynd; það að segja ekki frá því sem vitað er/trúað er fyrir.
- Þagmælskur / Þagmáll** (l) Segir ekki frá því sem honum er trúað fyrir; ekki kjöftugur; þegjandalegur.
- Þagna** (s) Hætta að gefa frá sér hljóð; hætta að tala. „Ætlar karlskrattinn aldrei að þagna“?!
- Þagnarheit** (orðtak) Loforð um að þegja yfir einhverju tilteknu. „Hann vann þagnarheit að þessu“.
- Þagnarrúm** (n, hk) Staður þar sem þögn ríkir. Eingöngu notað í dag í málshættinum *liggja í þagnarrúmi*. „Ég legg til að við látum þetta mál í þagnarrúmi liggja; það er enginn bættari með að smjatta lengur á því“! Vísar e.t.v. til rúms í báti þar sem lítið er talað.
- Þak** (n, hk) Efsti hluti byggingar, sem lokar henni að ofan; þekja.
- Þaka** (n, kvk) Þunn grastorfa sem notuð er t.d. til að þekja hús með.
- Þakinn** (l) Hulinn; með breitt yfir. „Það má segja að lautin hafi verið þakin stórum berjum“.
- Þakka fyrir komuna** (orðtak) Þakka gesti fyrir heimsókn. „Oddviti þakkaði síðan fundarmönnum nokkrum orðum komuna á fundinn og góða *fundarsetu*“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Þakka fyrir seinast/síðast** (orðtak) Oft hluti af kveðju, stutt upprifjun varðandi ánægjulega síðustu samverustund. „Komdu nú sæll og blessaður, og þakka þér fyrir síðast“.
- Þakka hlýtur sá er þiggur** (orðatiltæki) Sá þakkar fyrir sig sem fær, annað væru ekki mannsiðir.
- Þakka mikið vel** (orðtak) Þakka mjög mikið; mjög þakklátur. „Ég þakka þér nú mikið vel fyrir hákarlinn“.
- Þakka sínum sæla** (orðtak) *Hrósa happi*. „...og máttu þakka sínum sæla fyrir að sleppa ómeiddir til sama lands“ (MG; Látrabjarg).
- Þakka skyldi honum!** (orðatiltæki) Upphröpun til að lýsa lítilsvirðingu á gerðum þess sem um er rætt. „Sótti hann útgangsféð segirðu? Þakka skyldi honum; ætli það væri þarna ef hann hefði smalað eins og maður!“
- Þakka þér fyrir síðast** (orðtak) Kveðjuávarp þegar maður hittir annan og rifjar um leið upp síðustu góð kynni.
- Þakkarvert** (l) *Góðra gjalda vert*; ástæða til að þakka fyrir. „Þetta er mjög þakkarvert góðverk“.
- Þakklippur / Þakjárnsklippur** (n, kvk, fto) Klippur/skæri til að klippa blikk, t.d. þakjárn. „Hvar hafa nú þakklippurnar verið settar“?
- Þakklátur** (l) Með þakkartilfinningu; í þakkarskuld við.
- Þakklæti** (n, hk) Það að vera þakklátur; þakkir.
- Þakkústur / Þakpensill** (n, kk) Breiður málningarpensill með löngum hárum, sem hentar til að mála bárujárn; *kalkkústur*. „Ég fékk tvo nýja þakkústa, *efsvo slægist* að við færum í þakið á næstunni“.
- Þakskegg** (n, hk) Neðri hluti þaks, sem gengur útfyrir vegg.
- Þamb** (n, hk) Það að teiga/ drekka af áfergju.
- Þamba** (s) Drekkja af mikilli áfergju. Mennt geta orðið mjög þyrstir af erfiðri göngu eða bjargklifri, jafnvel í miklum hitum. „Ég vissi af vatnspollu, lagðist áfram og þambaði vatnið..“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Þang** (n, hk) Fucaceae. Samheiti stórra brúnþörungna sem vaxa í fjörum og tilheyra þangættinni. Þeim er sameiginlegt að festa sig við botn með skífulaga fæti, en uppaf honum kvíslast plantan, sem ýmist er blaðlaga með miðstreng eða þykk og sporöskulaga í þverskurð. Situr gjarnan þar á klöppum og öðru föstu undirlagi sem brim er ekki of mikið. Mikið er af þangi í Kollsvík og öðrum Útvíkum, t.d. á skerjum sem koma uppúr á fjöru. Mest ber þar á bólþangi (*F. vesiculosus*), Skúfþangi (*F. distichus*) og klóþangi (*F. nodosum*). Fé sækir í þang til beitar, en einnig var það notað fyrrum til eldiviðar.
- Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur** (orðatiltæki) Gamalt máltæki sem ekki er líklega vísindalega sannað, en oft notað um þá þversögn að menn(og e.t.v. klárar) leita stundum til þeirra sem fara verst með þá. Kemur fyrir í Örvar-Odds sögu.
- Þangað leitar svangur sem saðningar er von** (orðatiltæki) Gegnsætt og auðskilið. Viðhaft í Kollsvík, enda voru mýmörg dæmi þess frá fyrri öldum að illa statt fólk leitaði í verin í leit að matbjörg þegar hallæri sóttu að.

Þangað sækir auðurinn sem hann er fyrir / Þangað vill fé sem fé er fyrir (orðatiltæki) Gömul og ný sannindi; að þeir ríku hafa tilhneygingu til að verða enn ríkari.

Þangað sækir músin sem matur er fyrir (orðatiltæki) Músinn leitar þangað sem hún finnur mat. Eins leitar maður þangað sem hann finnur eitthvað eftirsóknarvert.

Þangað vill veiði sem vanin er (orðatiltæki) Veiðibráðinn kemur á hefðbundinn veiðistað. Í þessu er sannleikskorn, því þó sama veiðidýr veiðist ekki aftur þá er gjarnan eitthvað við staðinn sem bráðin sækir í. Þannig sækir fiskur á mið þar sem fæði er og/eða mishæðir á botninum; máfur flýgur gjarnan sömu leið í ætisleit meðfram fjöru þegar vindátt er svipuð; tófa leitar á niðurburð við tófuhús og stundum var borið niður fyrir hákarl til að hann sækti á vissa veiðislóð.

Þangbreiða / Þangfláki / Þangflekku (n, kvk/kk) Breiða/flekku af þangi, annaðhvort í fjöru eða fljótandi á sjó.

Þangfluga (n, kvk) *Coelopa frigida*. Lítil fluga sem lifir í rotnandi þangi. Algeng í Kollsvíkurfjöru. Flugan er á ferli allt árið þar sem gerjun í þarabunkum heldur þeim frostlausum að vetrarlagi. Mikilvæg fæða fyrir smáfugla, s.s. vaðfugla og spörfugla.

Þangkló (n, kvk) Bútur af þurrkuðu þangi, sem oft líkist kræklóttum klóm.

Þanglús (n, kvk) Isopoda; jafnfætlur. Lítil krabbadýr, skyld marflóm, kröbbum og rækjum, sem algeng eru á og í þangi og þara. Aflangar og flatvaxnar með tvö fálmarapör á höfði. Búkurinn er í sjó liðum með jafnmörgum fótaprum; sundblöðkur undir halanum. Sumar þanglýs lifa í ferskvatni eða röku lofti, s.s. grápöddur sem fundist hafa í húsum.

Þangrusl (n, hk) Dreifar af lausu þangi á fjöru, á sjó eða í netum.

Þangskurður (n, kk) Nýting þangs t.d. til eldiviðar og rétturinn til þess.

Þaninn (l) Strengdur. „Talaðu varlega við hann; hann er eins og þaninn strengur nú þegar“!

Þanir (n, kvk, fto) Fanir; tálknfanir; tálkn á fiski (sjá *þorskhaus*). Orðtakið „að vera á þönum“, um þann sem er á eilífri hreyfingu, vísar til þess að fiskurinn hreyfir án afláts tálkn sín til að fá straum í gegnum þau.

Þankagangur (n, kk) Hugsunarháttur. „Það er furðulegur þankagangur að láta sér detta svona lagað í hug“.

Þankastrík (n, hk) Lárétt stutt strík milli orða eða setningarhluta í ritmáli. Notað til að tákna bið/hik í lestri.

Þankaþungur (l) Djúpt hugsu; í þungum þönkum. „Ósköp ertu þankaþungur þessa stundina“.

Þanki (n, kk) Hugsun. „Sá þanki hefur aldrei *hvarflað að mér*“.

Þanneginn / Þannin / Þannveg (ao) Svoleiðis; þannig; ég skil. Stundum sagt sem sérstætt andsvar en stundum í stað orðsins „þannig“ og er líklega upprunaleg mynd á því. Einnig heyrðist orðmyndin „þannin“.

Þannig að mannsbragur sé að (orðtak) Á virðulegan/hraustlegan/afgerandi hátt. „Endemis *pussuhnútur* er þetta hjá þér! Eigum við nú ekki heldur að ganga þannig frá þessu að mannsbragur sé að“?

Þannig af guði gerður (orðtak) Á þann veg skapaður. „Ég er þannig af guði gerður að mér er illa við að láta nokkurn mann synjandi frá mér fara“. Sjá á *þann veg/ illa/svo/vel af guði gerður*.

Þannig er mál með vexti (orðtak) Málin eru þannig vaxin; þannig liggur í málunum.

Þannig er nú það (orðtak) Merkingarlaus hiksetning. Oft notuð til að undirstrika það sem sagt hefur verið eða brúa þagnir.

Þannig fór um sjóferð þá! (orðatiltæki) Upphrópun, viðhöfð þegar verk hefur farið úrskaiðis eða ferð endað illa. Augljóslega líking við sjóferð/firkiróður sem fær slæman endi eða lítið hefst uppúr.

Þannig gerast kaupin á eyrinni (orðatiltæki) Svoleiðis eru verlunarhættir; þannig gengur þetta fyrir sig.

Þannig í pottinn búið (orðtak) Þannig liggur í málunum; mál eru með þeim hætti. „Ég var ekkert að skipta mér af þessu fyrst þannig var í pottinn búið“.

Þannig í sveit settur (orðtak) Býr við þannig aðstæður; hagar þannig til; hefur það val. „Ég er þannig í sveit settur að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þessum málum“.

Þannig (er það) lagað og litt / Þannig liggur í málunum/því / Þannig er mál með vexti / Þannig er málum háttáð / Þannig eru málin vaxin (orðtök) Málavextir/staðreyndir eru þannig; svo er.

Þannig/svo úr garði gerður (orðtak) Þannig frágenginn/útbúinn/smíðaður. „Ég er nú svo úr garði gerður að ég *kippi mér* helst ekki *upp við* smámuni“.

Þanniglagað (l) Svona; þannig; *svoddan*; slíkt. „Það þýðir ekkert að bjóða mér karamellu; ég er *ekkert fyrir* þanniglagað“. Einnig notað sérstætt sem andsvar/undirtektir við fullyrðingu/frétt. Sjá *svonalagað*.

Þansprettur / Þanstökk (n, kk/hk) Hratt hlaup; loftköst. „Hann hljóp í þanspretti norður að hliði og komst fyrir kindurnar“.

Þar að auki (orðtak) Því til viðbótar; ennfremur; í ofanálag. „Það er ekkert sjóveður, og þar að auki höfum við engan tíma til róðra í dag“.

Þar að lútandi (orðtak) Sem því við kemur; sem það snertir. „Ég sá um afgreiðsluna, en Jónsi sá um innkaup, bókhald og annað þar að lútandi“.

Þar af leiðandi / Þar af (orðtök) Vegna þess; af þeirri ástæðu. „Þar af leiðandi varð þetta fé eftir“. „Heyin voru hjá öllum mjög vel þurrkuð, en þar af leiðandi fremur laus“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Þar á ofan / Þar að auki / Því til viðbótar (orðtak) *Í ofnág; ofaní kaupið*; til viðbótar. „Ekki nóg með að maður væri búinn að *éta sér til óbóta* af þessum veislumat, heldur kom ekki annað til greina en að bæta á sig kúfaðri skál af ís þar á ofan“!

Þar eð / Þar sem (orðtak) Vegna þess að; af þeim orsökum að. „Bað hann um aðstoð svo fljótt sem hægt væri, þar eð þeir væru orðnir þjakaðir og of fáliðaðir...“ (ÞJ; Sargon strandi; Árb.Barð 1949). „Þar sem þetta var í byrjun sláturtíðar þetta haustið, gekk dagsverkið heldur hægar en áætlað hafði verið“ (PG; Veðmálið).

Þar er lús sem leitað er (orðatiltæki) Svo lengi má leita að hið óæskilega/neikvæða finnist að lokum.

Það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn (orðatiltæki) Speki sem oft er viðhöfð þegar eitthvað er gert til lausnar á vandamáli sem ekki leysir það í raun, heldur er einungis sýndaraðgerð.

Þar er úlfsins von sem eyrun sjást (orðatiltæki) Þar má búast við illu sem váboðar eru. „Ekki líst mér á þessa ríkisstjórn með þennan skúnk innanborðs; þar er úlfsins von sem eyrun sjást“!

Þar er veiði sem vanin er (orðatiltæki) Best veiðist á hefðbundnum veiðistöðum/miðum. Líklega er spekin sprottin af þeirri trú að fiskurinn leiti á staðina þar sem hann hefur verið veiddur; enda höfðu menn reynslu fyrir því að þar veiddist best. Gæti því átt rætur í forlagatru eða guðlegri fyrirhyggju. Vísindalega skýringin er þó sú að á hefðbundnum miðum eru aðstæður sem laða fiskinn að, t.d. hólur eða gróður í botni.

Þar er við stóran að deila (orðatiltæki) Orðalag sem oft er notað þegar eitthvað steðjar að sem ómögulegt er að breyta, t.d. tengt veðurfari eða sjólagi.

Þar fór góður biti í hundskjaf (orðatiltæki). Þar glataðist tækifæri. „Ég beið lengi með að kaupa þennan bát; en svo hann var seldur norður á firði fyrir smáaura. Þar fór góður biti í hundskjaf“.

Þar/nú/hér fór í verra / Þar/nú fór verr en skyldi / Þar fór illa (orðtök) Upphrópanir sem viðhafðar eru þegar eitthvað hefur gengið miður. „Þar fór í verra; haldiði ekki að kaffið hafi orði eftir í landi“!

Þar frameftir götunum (orðtak) Svo framvegis; þannig mætti áfram telja. „Á mínum ungdóms- og uppvaxtarárum var mikið talað um huldufólk. Margir höfðu séð það við heyskap; konur koma með mjólkurfötur af stöðli; búferlaflutningar áttu sér stað, og þar frameftir götunum“ (Ívar Ívarsson Kirkjuhvammi; Hvatt bæði; grein í Lesbók Tímans 1964).

Þar fyrir (orðtak) Vegna þess. „Heyin kunna að vera ekki góð sökum *óþurrs* undanfarið sumar, og verða þar fyrir *mikilgæfari*.“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1944).

Þar fyrir utan / Þar hjá (orðtak) Auk þess; að auki; óskýlt því. „Ég held að við náum ekki að smala meira fyrir *dimminguna*. Þar fyrir utan er ég orðinn þreyttur eftir daginn“.

Þar grær grasið sem vel er girt (orðtak) Áminning um mikilvægi verndar. Notað í líkingamáli um gott eða illt sem þrifs í skjóli þess sem verndar.

Þar hitti fjandinn/skrattinn ömmu sína (orðatiltæki) Þar hittust tveir jafn slæmir; þar mætti hann ofjarli sínum. „Hann hélt að hann gæti kúskað þennan vinnumann eins og hina, en þar hitti skrattinn ömmu sína“.

Þar hjá (orðtak) Þar að auki; auk þess; til viðbótar. „Þar hjá ætti hann að skammast sín fyrir þetta“!

Þar kom að því (orðtak) Þá gerðist það; það hlaut að koma að þessu. „Þar kom að því; nú er vélarrokkurinn bensínlaus“!

Þar kom vendin/vendirinn á það (orðtak) Þar kom skýringin; þannig liggur í því; þar lá hundurinn grafinn. Algengt í máli sumra Kollsvíkinga en heyrst ekki annars. *Vend* er snúningur. *Vendir* er karlkynsmynd þess sem vanalega er nefnt *vending* í siglingu skipa; þ.e. þegar *krusað* er í mótvindi og seglum hagrætt til að taka nýjan *bóg/legg*.

Þar komst hnífurinn í feitt (orðatiltæki) Þar hljóp á snærið; þar græddist. „Svo komst hnífur hans aldeilis í feitt þegar hann tók saman við þessa forriku ekkju“.

Þar lá að ! (orðtak) Upphrópun; einmitt; það hlaut að vera; það gat nú verið! „Fóru þeir út á Hnífa með *spotta*? Þar lá að! Þeim hefði verið nær að laga girðinguna heldren vera að þessu *eggjasnagi*“.

Þar lá fiskur undir steini! (orðtak) Þar kom það í ljós sem menn grunaði; þar kom það sem vantaði; *þar lá að!*

Þar liggur hundurinn grafinn (orðatiltæki) Einmitt; sú er ástæðan. „Þú segir að bættar samgöngur hafi orðið til a efla byggðirnar. En þar liggur hundurinn kannski grafinn; þá fyrst gat fólkið flutt burt!“

Þar með (orðtak) Með því; þannig. „Ég tek þessum skilmálum“ sagði Liði, og þar með var veðmálið ákveðið“ (PG; Veðmálið).

Þar mætast stálin stinn / Þar mætast tveir góðir/seigir (orðatiltæki) Um það þegar tveir takast hressilega á í orðum eða með kröftum. Vísar til bardaga með vopnum úr hertu stáli. Sjá *mætast stálin stinn*.

Þar næst / þessu/því næst (orðtök) Næst á eftir; síðan. „Þar næst fórum við að skipta aflanum“.

Þar og þar (orðtak) Hér og þar; víða. „Það eru stöku skaflar þar og þar, en ekki samfelldur snjór“.

Þar skall hurð nærri hælum (orðatiltæki) Þar munaði mjóu; naumlega sloppið. „Ég rétt náði að kasta mér upp á stallinn áður en torfan hrundi, en þarna skall hurð nærri hælum“.

Þar skildi milli feigs og ófeigs (orðatiltæki) Um ástæður þess að hluti manna nær árangri/takmarki en ekki aðrir. Oft um líf og dauða en stundum í óeiginlegri merkingu: „Við ákváðum að reyna að fara um Gatið í Forvaðanum (undir Brekkuhlíð), en þar skildi milli feigs og ófeigs; þeir sverari urðu frá að hverfa“.

Þar stendur hnífurinn í kúnni (orðatiltæki) Á því strandar; þar er hængur á. „Hann taldi sig hafa umboð hreppsnefndar til grenjavinnslu á jörðinni, en þar stóð hnífurinn í kúnni; jarðeigandi bannaði alla skotveiði“. Vísar e.t.v. til þess að mistakist að slátra kú með hálskurði, eins og fyrrum var gert.

Þar um bil / Þar um (orðtak) Nálægt því; um það bil; hér um bil. „Ætli þetta sé ekki eitt tonn, eða þar um bil“.

Þar var komið sögu (orðtak) Þar var stadd í frásögninni. „Þegar þar var komið sögu hafði veðrið versnað“.

Þar varstu vitlaus/ógáfaður (orðtak) Nú gerðirðu mistök/feil. „Þar varstu vitlaus; þú áttir strax að taka þessu boði“!

Þar við situr (orðtak) Þannig er staðan og hún breytist ekki. „Hreppsnefndin ákvað þetta og þar við situr ennþá; þó ekki séu allir ánægðir með það“.

Þarf ekki vitnanna við / Þarf ekki frekari blöðum um það að fletta / Þarf ekki neitt um það að rjá (orðtök) Óþarfi að efast; fer ekki á milli mála; liggur ljóst fyrir.

Þarabeit (n, kvk) Beit sauðfjár í þara; fjörubeit; bitfjara.

Þarabelti (n, hk) Svæði yst á fjöru og þar fyrir utan, þar sem mikið vex af þara. „Fyrir utan þarabeltið er sandfláki úr, en einnig eru þar hleinar sem þurfti að gæt sín á“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Þarabingur / Þarabunki / Þaradyngja (n, kk) „Eftir langvarandi brim sitja oft uppi mannhæðarháir þarabunkar í fjörunni“.

Þarablað (n, hk) Blað af þara; ögn af þara. „Það er ekki eitt einasta þarablað eftir í Bótinni eftir brimið“.

Þarabruk / Þarabunki / Þaradyngja (n, hk) haugar af þara í fjöru. „Lá þar kirkjuklukkan í þarabruk“ segir í Landnámu um kirkjuklukku Örlygs Hrappssonar, föstbróður Kolls.

Þaraðauki / Þaraófan (ao) Í ofanálag; til viðbótar; einnig. „Þaraðauki er ég ekkert hrifinn af þessu“! „Hann sporðrenndi þessu öllusaman; kúfuðum grautardisk á eftir og hálfu harðfiskstrenslu þaraófan“!

Þaradrulla / Þaraskítur (n, kvk/kk) Niðrandi heiti á þara í netum, en hann er alltaf óvelkominn. Grásleppu- og rauðmaganet sem lögð eru á grunnu vatni í þaragarð, jafnvel fyrir opnu hafi, eru fljót að fyllast af þara ef gerir einhvern velting; hvað þá ef þau liggja yfir langvarandi stórsjó. Oftast er einhver hreinsun í hverri vitjun, en eftir margra daga legu í slíkum sjó voru þau oft *kjaftfull* af þaradrulla og úldinni veiði. Tekur oft marga daga að fara yfir allan netafjölda einnar útgerðar, og þarf stundum að taka í land. Í verstu tilfellum þarf að *skera af*; þ.e. skera netin frá teinunum og *fella* ný net á þá aftur.

Þarafleiðandi (ao) Sem leiðir/orsakast af því. „Endirinn verður því oft sá að þeir (drykkjumenn) verða algjörlega ósjálfstæðir fjárhagslega og glata þarafleiðandi frelsi sínu og leiða með því glötun og óhamingju yfir þá sem þeir hefðu átt að vera til aðstoðar og ánægju í lífinu“ (Hugrún; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).

Þaragarður / Þaraskógur (n, kk) Gróðurbelti þara í grunnum sjó. „Grásleppan heldur sig í þaragarðinum“. „Byrjað var að skaka fyrir smáfisk uppi í þaragarði“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).

Þaraló (n, kvk) Kló/krækla/visk af þara.

Þaraleggi (n, kk) Leggur af stórþara/þöngli/hrossaþara. „Í hjástöðunni dundaði maður sér stundum við að skera út báta eða annað í þaraleggi. Þeir voru þó fremur endingarlitlir“.

Þaramosk / Þararusl (n, hk) Lítilsháttar af þara/þaralóm. „Það var árans þaramosk í grunnendunum“.

Þaranet / Þarastrengur (n, hk) Net sem mikið af þara og e.t.v. þursa, slýi og öðru rusli hefur ánetjast í; *strengur* margra neta sem þannig skítur er í. „Ég fer að verka hrognin ef þú dregur þaranetin upp í kerruna“. „Þarastrengirnir voru dregnir út á Fitinni“.

Þararek (n, hk) Þari á reki; rekinn þari. „Það er ansi mikið þararek eftir svona brim“.

Þaraskógur (n, kk) Mikill/þéttur þaragróður á sjávarbotni. „Miklir þaraskógar eru á norðanverðri víkinni“.

Þarasæld (n, kvk) Um stað/jörð; jafnan mikil not af þara, t.d. til beitar. „Þarasæld er mikil í Útvíkum og gegnum tíðina hafa bændur mjög treyst á fjörubeit til að létta á fóðrum fyrir sauðfé“. „ftur á móti var þarasæld á Naustabrekku, sem sennilega hefur hjálpað bóndanum þar úr miklum vanda“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).

Þarapýrsklingur (n, kk) Þorskur, venjulega fremur smáfaxinn, sem legið hefur lengi á þarabotni og er orðinn samlitur honum; brúnleitur að lit. Í þeim er tíðum mikið af hringormi og oft eru þeir horaðir. Því þykja þeir ekki jafn eftirsótt veiði og annar þorskur. „Hann var ári tregur; við slitum upp einn og einn þarapýrskling“.

Þarf ekki að spyrja að leikslokum (orðtak) Augljóst að illa fer. „Hann missti frá sér aðra árina í lendingunni, og þá þurfti ekki að spyrja að leikslokum. Fyrir mestu er að hann bjargaðist sjálfur, þó báturinn skemmdist“.

Þarf ekki (frekari) vitnanna við (orðtak) Þarf ekki að inna meira eftir því; þarf ekki að skoða það frekar; málið liggur ljóst fyrir. „Slapp Móra útaf. Þá verður hún komin úti Lambahlíð á morgun; það þarf ekki frekari vitnanna við; láttu bara sjá“!

Þarf lítið útaf að bera (orðtak) Sjá *má lítið útaf bera*.

Þarfaband / Þarfaspotti (n, hk/kk) Bandspotti sem nýta má á ýmsan hátt, t.d. í múl eða til festinga. „Hentu ekki endanum; það má örugglega nota þetta sem þarfaband einhverntíma“.

Þarfablöð (n, hk, fto) Skeinispappír; dagblað sem nota má í skeini á kamri. „Hafðu með þér Tímann frá síðustu viku; það fer að vanta þarfablöð þarna á kamrinum“.

Þarfagangur (n, kk) Endaþarmur; rass; endagörn; skeifugörn.

Þarfagripur / Þarfaverkfæri / Þarfaping (n, kk/hk) Nytsamt áhald/verkfæri. „Þetta er mikill þarfagripur“.

Þarfaklútur / Þarfaryja / Þarfatuska (n, kvk) Tuska/klútur eða efni í tusku sem má nota til ýmislegra verka, s.s. til þurrkunar. „Ekki henda þessari skyrtu; það má kannski nota hana í þarfaryjur síðarmeir“.

Þarfaping (n, hk) Þarfur/nauðsynlegur hlutur; *þing*. Þetta var nefnilega flautuketill; mesta þing“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Þarfanaut (n, hk) Naut sem þarf að hafa til að *halda* kúm. „Þarfanaut voru á mörgum bæjum, en sumir völdu þó fremur leggja á sig langar göngur milli bæja, jafnvel yfir langa fjallvegi, til að halda kú undir naut“.

Þarfasnæri / Þarfaspotti (n, hk/kk) Snærisspotti sem getur nýst í ýmsum tilgangi. Snæri var forðum meðal þess dýrmætara í sveitum, enda gátu menn verið illa staddir ef band vantaði. Það var t.d. notað til að halda uppi fatnaði, loka hliðum og hurðum; binda fé, nautgripi og hesta; til bjargferða; í færi, lóðir, seglabúnað, stjóra, seilar, spyrðubönd og annað til sjávar og fjöldamargra annarra hluta. Snæri var torfengið og því dýrmætt. Snæraþjófnaður var litinn alvarlegum augum og harðlega fyrir hann refsað.

Þarfaspýta (n, kvk) Fjöl/viður/spýta sem nota má í það sem þarf að smíða. „Ekki henda þessum kassafjöllum; það má vel nota þær sem þarfaspýtur, til dæmis í *milligerðir*“.

Þarfasti þjónninn (orðtak) Hestur. Hestar voru notaðir í Kollsvík, en nýttust þó ekki jafn vel og annarstaðar þar sem engjaheyskapur var meiri og land greiðfærara t.d. til smalamennsku. Segja má að þeir hafi alfarið verið leystir þar af hólmi með tilkomu traktora og bíla. Á Rauðasandi og við Patrkesfjörð nýttust hestar betur. „Þabbi smíðaði ... aktygi, beisli, hestakerrur og allt sem við kom þarfasta þjóninum, svo sem skeifur undir flesta hesta í sýslunni“ (SG; Handverk og smíði; Þjhd.Þjms).

Þarfaverk (n, hk) Verk sem vinna þarf; *nauðsynjaverk*. „Það væri mesta þarfaverk að hlaða upp Mókofann og aðrar minjar sem nýlega hafa fallið, meðan enn er vitað hvornig þær litu út“.

Þarfaping (n, hk) Þarfur hlutur; nauðsynjagripur. „Þessi tóng er mesta þarfaping“.

Þarfi (n, kk) Þörf; nauðsyn. „Ég sé nú ekki mikinn þarfa á þessu“.

Þarfalaust (l) Ónauðsynlegt; gagnslaust. „Þetta er auðvitað alveg þarfalaust, enda mest til gamans gert“.

Þarflegt (l) Sem þörf er á; nauðsynlegt. „Það rekur oft ýmislegt þarflegt á fjörurnar“.

Þarfleysa (n, kvk) Það sem ekki er nauðsynlegt; tilgangsleysi. „Ég sé ekki ástæðu til að kvarta í þarfleysu“.

Þarflítið (l) Lítil þörf á. „Mér finnst þarflítið að mæta á þessa samkomu“.

Þarfnast (s) Þurfa; verða að hafa. „Gróðurinn er farinn að þarfnast vökvunar“.

Þarfur (l) Nauðsynlegur; mikilvægur; brúklegur; gagnlegur. „Þetta er þarft verkfæri“.

Þarfyrir (ao) Því; þess vegna; auk þess. „Ég ætla að gefa honum þennan brodd áður en hann skemmist; þarfyrir veit ég að hann kann vel að meta þetta“. „Ég held að ég hafi ekki tíma til að koma með ykkur í egg núna; ekki þarfyrir, að það væri vissulega mjög gaman“.

Þari (n, kk) Samheiti nokkurra brúnþörungna af ættbálkinum Laminariales. Þarinn er með haus/þöngulhaus sem hann notar til að festa sig við botninn; stilk/þöngul og á enda hans þarablað/þarablöðku. Þarar eru fjölbreyttastir allra brúnþörungna og verða þeirra stærstir. Mynda oft þetta og hávaxna þaraskóga, t.d. á Kollsvíkinni norðanverðri. Á þarablöðunum er oft mjög fjölbreytt lífríki ásætna, auk þess sem fiskar og önnur dýr nýta þaraskóga til skjóls og fæðu. Algengustu tegundir við Ísland, þar með á Kollsvík, eru stórþari (*L.hyperborea*); hrossaþari (*L.digitata*), beltisþari (*L.saccharina*) og Marinkjarni (*Alaria esculenta*). Ýmsar nýttjar haf verið af þara, m.a. til fjárbeitar, manneldis og eldiviðar. Lengi hefur verið þekkt samspil í sveiflum stofnstærðar þara og ígulkersins *skollakopps*, sem lifir á þara og getur eytt honum á stórum svæðum. Það var hinsvegar Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason sem fyrstur sýndi framá þau áhrif sem eyðing þaraskóganna af þessum völdum hefur á aukið afl brimöldu, með ýmsum afleiðingum á ströndinni. Þaraskógarnir draga mjög úr afli brimbárunnar á grunnsævi. Þegar þeirra nýtur ekki lengur við æða brimbrotin uppá land; eyða sjávarbökkum og fornum verminjum í þeim; brjóta niður mannvirki (Garðana); flytja óhemju magn af sandi uppí fjöruna, sem aftur orsakar óvenju mikið sandfok. Auk þess eyðileggjast fiskimið, s.s. hrognkelsalagnir. Slík ofbeiting þaraskóga átti sér stað á síðustu áratugum 20.aldar, þegar þaraskógar hurfu af stórum svæðum allt í kringum land, þar á meðal í Kollsvík.

Þarlundur (l) Sem býr í því landi.

Þarmaflóra (n, kvk) Samheiti yfir mikinn fjölda örvera sem lifa í þörmum manna og dýra og gegna þar mikilvægu hlutverki við niðurbrot og úrvinnslu fæðunnar.

Þarmagas (n, hk) Loft það sem útleysist í viðrekstri/freti. „Hver var að losa þetta fúla þarmagas“?

Þarmar (n, kk, fto) Garnir.

Þarna er hann lifandi kominn! / Þarna er honum/henni rétt lýst (orðtak) Við þessu mátti búast af honum; þetta eru hans ær og kýr. „Þarna er honum rétt lýst; mætir til vinnu rétt fyrir hádegismat“!

Þartilbær (l) Hæfur í því efni; hæfur til að gera/dæma. „Þetta verður metið af þartilbærum mönnum“.

Þartilgerður (l) Um hlut; gerður til þess. „Plastmerkinu var smellt í eyrað með þartilgerðri töng“.

Þarumbil (ao) Um það bil; nærri því. „Við fengum 100 fiska, eða þarumbil“. „Gryfjan er full, eða þarumbil“. Orðið er mikið notað vestra en finnst ekki í orðabókum.

Þaul (n, kvk) Orðskýring óljós; eingöngu notað nútildags í samsettum orðum, s.s. þaullesinn; þaulæfður, og í orðtökum, s.s. *spyrja í þaula*.

Þaulbeita (s) Nauðbeita; beita of mörgu fé á lítið beitaland. „Ég held að það sé ekki rétt að þaulbeita sléttuna svona lengi. Hún þarf að jafna sig yfir sumarið“.

Þaulhugsað (l) Hugsað til enda; vandlega ígrundað. „Þetta hefur örugglega ekki verið þaulhugsað hjá honum“.

Þaulkunnugur (l) *Ratvís*; þekkir svæðið mjög vel. „...hann var þarna á heimaslóðum og þaulkunnugur“ (MG; Látrabjarg).

Þaulleita (s) Leita mjög ítarlega; *lúsarleita*. „Lykillinn finnst alls ekki þó búið sé að þaulleita í öllu húsinu“. Orðið finnst ekki orðabókum en er nokkuð notað vestra.

Þaullesa (s) Lesa mjög vandlega/ ítrekað.

Þaulræður / Þaulmenntaður (l) Mjög lærður/kunnugur; búinn að læra mjög vel.

Þaulreyndur (l) Hefur mjög mikla reynslu; *þraelvanur*. „Ég var svo lánsamur að læra klettaklifur hjá þaulreyndum og gætnum bjargmönnum“.

Þaulseta (n, kvk) Langdvöl; löng viðstaða. „Enn hangir hann þarna á boðanum; skárri er það nú þaulsetan! Eitthvað hlýtur hann að vera að veiða“.

Þaulspyrja (s) Þráspyrja; spyrja ítarlega/ítrekað.

Þaulsætinn (l) A. Gestur sem dvelur of lengi/kemur helstil oft. „Húsbóndanum fannst nóg um hve hann var þaulsætinn hjá frúnni“. B. Skipstjóri sem er of lengi að veiðum þó veður hafi versnað. „Sumum hásetum þótti karlinn stundum þaulsætinn, þó aðrir væru komnir á landleið“.

Þaulvanur / Þaulæfður (l) Mjög vanur; *fúlbeifarinn*. „Ég er þaulvanur þessari leið og þekki þar hvert spor“.

Þá ein báran rís er önnur vís (orðatiltæki) Speki sjómannsins; *sjaldan er ein báran stök*. Bárur eru sjaldnast einar á ferð. Undantekning á því eru flóðbylgjur af völdum jarðskjálfta eða skriðufalla í sjó, en þær hafa ekki komið í Kollsvík í *manna minnum*.

Þá einum er kennt er öðrum bent (orðatiltæki) Þegar einn fær kennslu/leiðbeiningar/tilsögn mega aðrir af því læra. Í lögfræðinni er þetta nefnt „dómafordæmi“.

Þá er að... (orðtak) Þá þarf að. „Þá var að fara með mat í verið; sækja fisk í soðið og svo varð maður að klippa hausana frá deginum áður...“ (IG; Æskuminningar).

Þá er (bara) að taka því (orðtak) Það verður svo að vera; það verður að sætta sig við það. „Það má vel vera að hann neiti okkur um aðstoð; nú þá er bara að taka því“.

Þá er að því að gá (orðtak) Þá er rétt að hafa í huga; þá þarf að skoða. „Okkur þykir kjánalegt að nokkur skuli villast þarna, en þá er að því að gá að hann þekkti sig ekkert á þessum slóðum“.

Þá er björninn unninn (orðtak) Þá hefur verið sigrast á erfiðleikum; þá er það versta að baki. „Ef við náum að koma trénu upp fyrir stóra steininn þá er björninn unninn; það flýtur ekki strax út þaðan“.

Þá er búið að segja frá því! (orðtak) Þá er engin von um það meir; þá er það ónýtt/vonlaust; þá gengur það ekki lengur. Notað í tvennskönar tilefnum, og þá mikill munur á áhersluorðum. Áherslan er jafnan á fyrsta orðinu „þá“ ef orðtakið er notað inni í setningu eða í lok setningar, sem skýring á málalokum. „Ef maður missir fótanna í þræðingnum þá er búið að segja frá því“. Orðtakið er stundum sérstætt sem nokkurskonar upphrópun eða viðbragð, og er þá áherslan á síðasta orðið „því“: „Voru kálfarnir komnir inn í rófugarðinn? Þá er nú búið að segja frá því“!

Þá er (fyrst/nú) fokið í flest skjól (orðatiltæki) Þá eru flest/öll *sund lokuð*; þá eru fá góð úrræði eftir. „Mér list ekki á ef þeir ætla að fara að loka mjólkurstöðinni. Þá er nú held ég fokið í flest skjól“!

Þá er jafnt er á hvorugan hallast (orðatiltæki) Viðhaft þegar jafnræði er með mönnum/ þegar báðir hafa náð sínu í deilumáli. Sjá *hallast á*.

Þá er mér að mæta (orðtak) Þá kem ég að málunum; þá bregst ég við. „Ef hann vogar sér að *halda* þessari þvælu fram einusinni enn þá er mér að mæta“!

Þá er úti vetrarþraut þegar spóinn vellir graut (orðatiltæki) Gömul speki úr þjóðtrúnni, en þegar heyrir til spóans vella má ætla að vor sé komið og hagar farnir að *taka við sér*.

Þá og þá (orðtak) Í það skiptið; í hvert skipti; þegar við á. „Lndsvæðið meðfram Fljotinu, alla leið frá Skaufhól og að Bæjarodda er nefnt Fit.... Þessi Fit er svo kennd við bæina sem hún liggur í þá og þá“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).

Þá og þegar (orðtak) Á hverri stundu. „Drífum heyið í hlöðuna; hann getur farið að rigna þá og þegar“.

Þá skal nú teygjan úr! (orðatiltæki) Þá verður þolinmæðin búin/ gálgafresturinn ekki lengri; þá skal gripið til aðgerða. „Ég hef þagað yfir þessu háttalagi hingað til, en ef þeir ætla að fara að færa sig uppá skaftið þá skal nú teygjan úr“! Vísar til þess að band teygist allajafna eitthvað áður en það slitnar.

Þá tekur (nú) fyrst steininn úr (orðtak) Viðhaft þegar eitthvað eykst/versnar svo um munar. „Hann hafði alltaf værukær verið, en þá tók nú fyrst steininn úr þegar konan var ekki lengur til að stjórna honum“!

Þá var það (orðtak) Þá gerðist það. Orðalag sem oft er notað í frásögn. „Síðan gerðist ekkert sögulegt fram að jólafríi. Þá var það að flesta langaði að komast heim um jólin“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Þá var öldin önnur (orðtak) Þá voru aðrir tímar; þá var allt öðruvísi. „Þá var öldin önnur, þegar allir á svæðinu sáu hagkvæmni þess að vinna saman í félagsskap; hvort sem það var í sameiginlegum innkaupum eða góðgerðarmálum“.

Þá það (orðtak) Það verður þá svo að vera. „Þá það! Ég skal halda á þessu fyrst þú nennir því ekki“.

Þá lifandi (l) Sem þá var/voru á lífi. „Þessi saga var alkunn meðal þá lifandi manna“.

Þá orðið (ao) Orðið þá/ í þann tíð/ á þeim tíma. „Þá orðið voru traktorar komnir á hvern bæ og þetta mikið léttara við að eiga“. „Þá orðið var hægt að fá þetta í mörgum verslunum“.

Þáttaskil (n, hk, fto) Mörk á milli; kaflaskil; breyting; umskipti. „Þáttaskil urðu í landbúnaði með tilkomu vélaafslins“.

Þátttaka (n, kvk) Það að taka þátt/ vera með; liðveisla.

Þáttur (n, kk) A. Þráður í bandi/kaðli/vað. „Við splæsingu eru þættir gagnstæðra enda lagðir á misvíxl eftir ákveðnu mynstri“. B. Kafli í t.d. riti, leikverki eða öðru. C. Liður/hluti af einhverju. „Sjósókn var mikilvægur þáttur í lífsbaráttu Kollsvíkinga fyrr á tímum“. *Taka/eiga þátt í*.

Þefa (s) Finna lykt; hnusa.

Þefa uppi (orðtak) Finna með þefvísi. „Tófunni veittist létt að þefa rústina uppi“.

Þefja (s) Lykta; finnast lykt af. „Eitthvað er nú fiskurinn farinn að þefja öðruvísi“.

Þefjandi (l) Lyktandi; ilmandi. „Fjandi er þetta illa þefjandi viðrekstur; hvað léstu eiginlega ofaní þig“?

Þefur (n, kk) Lykt. „Asskoti er nú sterkur þefur af þessu“!

Þefvís (l) Lyktnæmur; með næmt lyktarskyn. „Hundurinn er þúsundfalt þefvísari en maðurinn“.

Þefvísi (n, kvk) Lyktnæmi; lyktarskyn. „Hann sagði að þefvísi sín væri svo góð að hann hefði vitað það niðri á Dýpri-Skeggja að það yrðu nýjar kleinur með kaffinu þegar hann kæmi í land“!

Þegar (ao) Er; þá; um leið; strax. „Hann stökk í land þegar stefnið nam í sandinn“. „Gummi hafði þegar sett fram hluta af skilmálanum og bætti nú við...“ (PG; Veðmálið). „Ákveðum við þá að halda þegar af stað í land og var nú haldið af stað með stefnu á Blakknestá“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).

Þegar allt kemur til alls (orðtak) *Þegar upp er staðið*; þegar gert er upp; í heildina litið; *þegar öllu er á botninn hvolft*; *þegar öll kurl koma til grafar*. „Þegar allt kom til alls voru þetta prýðisnáungar, þó vissulega hefðu þeir sína breyskleika eins og aðrir“.

Þegar á hjátar / Þegar í móti blæs (orðtök) Þegar maður verður fyrir mótlæti; þegar eitthvað gengur manni í móti.

Þegar á daginn liður (orðtak) Þegar kemur fram á daginn. „Veðrið batnaði þegar á daginn leið“.

Þegar á herðir / Þegar á reynir (orðtök) *Þegar í harðbakkann slær*; í erfiðleikum/neyð. „Þegar á átti að herða hætti hann við kaupin“. „Þetta kemur í ljós þegar á reynir“.

Þegar á hólminn er komið / Þegar á hólminn kemur (orðtak) Þegar komið er á vettvang/staðinn. „Við hnýtum niðristöðurnar á, þegar á hólminn er komið“. Vísar til hólmgöngu/einvígis.

Þegar á móti blæs (orðtak) *Þegar í harðbakkann slær*; þegar eitthvað gengur manni öndvert. „Ég er þannig gerður að ég herðist allur upp þegar á móti blæs“.

Þegar á reynir (orðtak) Þegar erfiðleikar steðja að; *þegar á móti blæs*; þegar átök hefjast. „Þó hann virðist hálfgerð *gauð*, þá er hann ansi seigur þegar á reynir“.

Þegar/ef á þarf að halda (orðtak) *Þegar/ef þurfa þykir*; *eftir þörfum*. „Hann er boðinn og búinn að hjálpa til þegar á þarf að halda“.

Þegar best lætur (orðtak) *Í besta falli*; þegar best gengur. „Bátar koma hlaðnir á lista þegar best lætur“.

Þegar betur var að gáð (orðtak) Þegar nánar var athugað; við nánari skoðun. „Þetta reyndust bara vera steinar þegar betur var að gáð, en ekki kindur“.

Þegar ein báran rís er önnur vís (orðatiltæki) Líkingin er oft notuð um það þegar eitt ólánið eltir annað, en vísar til þess að *sjaldan er ein báran stök*; ólög í brimi koma oftast mörg saman.

Þegar ein beljan/kýrin mígur verður annarri mál (orðatiltæki) Þessi sannindi eru nokkur staðreynd. Notað sem líking um hjarðhegðun mannfólksins, t.d. varðandi tísku eða almenningsálit.

Þegar fram í sækir / Þegar fram liða stundir/tímar (orðtak) *Þegar til lengdar lætur*; í framtíðinni; síðar. „Aflinn kemst í miðrúmið ennþá, en við þurfum kannski að setja eitthvað í framrúmið þegar fram í sækir“. „Þá er fram liðu stundir kom í ljós að *fóðurvöntun* var almennt meiri en álitíð var *skoðunardagana*“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1920).

Þegar/er frá liður (orðtak) Eftir dálítinn tíma; þegar liður frá stundinni sem nú er. „Þó nú sé lítil athafnasemi í Kollsvikinni, má öruggt telja að úr því rætist þegar frá liður. Slíkir landkostir verða ekki ónotaðir um langa framtíð“. „Þar óx hvítt hár í staðinn, sem úr urðu hvítir blettir er frá leið“ (ÖG; glefsur og minningabrot).

Þegar hæst stendur (í stönginni) (orðtak) Þegar mest er umleikis/ að gerast. Vísar til þess að segl séu við sigluhún á skipi.

Þegar í harðbakkann slær / Þegar harðnar á dalnum (orðtak) *Þegar í nauðirnar rekur*; *þegar á móti blæs*. „Það getur verið gott að eiga fyrningar þegar í harðbakkann slær“. „Hann leitaði stundum til mín með lítilsháttar lán þegar harðnaði á dalnum hjá honum“.

Þegar/ef í nauðirnar rekur (orðtak) Þegar *harðnar á dalnum*; í erfiðleikum; þegar útaf ber. „Þetta úrræði hefur reynst mér vel þegar í nauðirnar rekur“.

Þegar í stað (orðtak) Strax; samstundis; núna. „Það verður að byrja á þessu þegar í stað“! „Ákveðum við þá að halda þegar í stað í land og var nú haldið af stað með stefnu á Blakknestá“ (ÖG; Glefsur og minningabrot;fiskiróður).

- Þegar kallið kemur** (orðtak) Þegar maður deyr. „Ætli maður verði verði ekki bara að gegna þegar kallið kemur, líkt og aðrir“.
- Þegar mikið liggur við** (orðtak) Þegar áriðandi er; þegar mikið er í húfi/hættu. „Þú mátt kalla í mig þegar mikið liggur við“.
- Þegar minnst varir** (orðtak) Öllum að óvörum; þegar enginn uggir að sér. „... en þegar minnst varði hvarf seglið“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Þegar neyðin er stærst er (oft) hjálpin/(náðin) næst** (orðatiltæki) Oft berst hjálp/ koma bjargráð þegar mikið liggur við.
- Þegar nær dregur / Þegar þar að kemur** (orðtak) Þegar líður nær; þegar stundin nálgast. „Ég ræði betur við þig þegar nær dregur“. „Það má skoða þetta þegar þar að kemur; ekkert liggur á ennþá“.
- Þegar sá gállinn er á honum** (orðtak) Þegar þannig liggur á honum. „Hann er þegjandalegur að eðlisfari en getur verið hrókur alls fagnaðar þegar sá gállinn er á honum“.
- Þegar/ef svo ber undir** (orðtak) Þegar/ef mál æxlast þannig; þegar/ef svo vill til. „Hann átti það til að snöggreiðast þegar svo bar undir“.
- Þegar til kastanna/stykkisins/alvörunnar kemur** (orðtak) Þegar á reynir; þegar að því kemur; þegar kemur að því að skipta fengnum. „Hann sagðist *gefa dauðann og djöfulinn* í að hann færi nokkuð að smala. Við skulum sjá hvað verður þegar til kastanna kemur“. Orðalagið á líklega rætur í því að skipta afla í hrúgur; svonefnd köst. Það er all líklegt, þegar óvanaleg veiði er dregin; að þá vilji menn „láta sjá hvað verður þegar til kastanna kemur“; þ.e. þegar skipt verður. Ólíklegri er sú skýring sumra málfræðinga að hér sé vísað til teningakasts í spilum.
- Þegar til lengdar lætur** (orðtak) *Þegar fram í sækir*; í framtíðinni; síðar. „Það er kærkomið að fá þessa gróðrarskúr núna, en rigningin getur orðið leiðigjörn þegar til lengdar lætur“.
- Þegar tími/tóm er til / Þegar tími/tækifæri gefst** (orðtök) Þegar unnt er vegna anna/vinnu.
- Þegar um hægist** (orðtak) Þegar minna verður að gera; þegar róast. „Við þurfum að skipta um olíu á vélinni þegar um hægist“.
- Þegar upp er staðið / Þegar öllu er á botninn hvolft** (orðtak) *Þegar allt kemur til alls*; á endanum; þegar niðurstaða fæst. „Það kemur út á eitt þegar upp er staðið; hvort úttektin er skrifuð á mig eða konuna“.
- Þegar/ef þurfa þykir** (orðtak) Þegar/ef á þarf að halda; ef með þarf. „Það er gripið í þetta ef þurfa þykir“.
- Þegar því er að skipta** (orðtak) Þegar þannig háttar til. „... og því best að hafa hraðann á og koma sér í land, áður en allt yrði ófært, því fljótlega brimaði í Kollsvík þegar því er að skipta, sem eðlilegt er; þetta er fyrir opnu hafi“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).
- Þegar öll kurl koma til grafar** (orðtak) *Þegar allt kemur til alls*; að leikslökum; *þegar öllu er á botninn hvolft*. „Þegar öll kurl koma til grafar sjá menn fljótt að það voru reginmistök að leggja þessar byggðir í eyði“. Orðtakið er komið frá viðarkolagerð. Viðurinn var kurlaður í smátt og fluttur til kolagrafarinnar, stundum úr mörgum áttum. Þó lítið kæmi úr hverjum stað, gat hrúgan orðið all myndarleg þegar öll kurl voru komin til grafar.
- Þegar öllu er á botning hvolft** (orðtak) *Þegar allt kemur til alls*; *þegar öll kurl koma til grafar*. „Spurningin er hvort þjóðfélagið væri ekki, þegar öllu er á botninn hvolft; betur sett með að halda öllu landinu í byggð, en að hruga öllum á einn *hlandkollublett* við Reykjavíkurtjörn“.
- Þegið** (l) Meðtekið; tekið á móti. „Ég vissi að það yrði vel þegið á þeim bæ að fá fisk í soðið“.
- Þegja eins og steinn** (orðtak) Steinþegja; þegja alveg; segja ekkert. „Nú þegir hann eins og steinn, þegar hann er orðinn alveg *rökprota*“!
- Þegja í hel** (orðtak) Um málefni; láta *fara hljótt*; *þagga niður*.
- Þegja yfir** (orðtak) Tala ekki um. „Hann getur aldrei þagað yfir nokkrum hlut“!
- Þegja þunnu hljóði** (orðtak) *Halda sér saman*; þegja þegar síst skyldi. „Þeir þögðu þunnu hljóði í stað þess að viðurkenna verknaðinn“. Vísar til hljóðs sem heyrir jafnvel ekki gegnum þunna vegg.
- Þegjandalegur** (l) Orðfár; *sagnafár*; fálátur. „Ósköp eru búinn að vera þegjandalegur. Er eitthvað að“?
- Þegjandagangur / Þegjandaháttur** (n, kk) Drumbsháttur; þumbaraháttur; fámæli; fýla. „Svona þegjandagangur dugir ekki; þú verður að svara þessu“. „Hann tók því með þumbarahætti“.
- Þegjandi gengur þorskur í ála** (orðatiltæki) Menn verða oft ekki varir við breytingar sem verða á möguleikum þeirra til að komast af. Enginn veit um fiskigengd á miðum fyrir en róið er.
- Þegjandi há** (orðtak) Svo há

Þegjandi og hljóðalaust (orðtak) Án þess að tala/mótmæla. „Annaðhvort gerirðu þetta þegjandi og hljóðalaust eða lætur það vera! Ég nenni ekki að hlusta á þetta *múður*“.

Þegjandi samkomulag (orðtak) Gagnkvæmur skilningur milli manna; sameiginlegt viðhorf án þess að gerður sé skriflegur samningur. „Um þessa tilhögun hefur alltaf ríkt þegjandi samkomulag“.

Þegn (n, kk) Borgari; meðlimur í samfélagi/þjóðfélagi; undirsáti.

Þegnréttur (n, kk) Borgaraleg réttindi; réttur þegns í ríki.

Þegnskylda (n, kvk) Skylda borgara/þegns í ríki/samfélagi.

Þegnskylduvinna (n, kvk) Skylda þegns/borgara til að vinna launalaust í þágu samfélagsins; samfélagsvinna.

Fyrir á tímum var orðið meira notað, enda töldu menn ýmsa samfélagsvinnu sjálfsgöða; t.d. þeir sem störfuðu í ungmennafélögum og kaupfélögum. Nú á tímum eiga þær hugmyndir mun minna fylgi.

Þeim/honum kemur í koll (sem kastar steini í loft upp) (orðtak) Sjá *honum kemur í koll*.

Þeim lata eru allir dagar jafn helgir (orðatiltæki) Sá lati sleppir erfiðisvinnu, hvort sem er á virkum eða helgum degi. Einnig *lötum eru allir dagar jafn helgir*.

Þeim skall skömm sem skyldi (orðatiltæki) Sá fékk skömmina sem hana átti með réttu.

Þeim verður að sinnast sem saman búa (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að aldrei er sambúð svo fullkomin að ekki verði einhverntíman meiningarmunur/ágreiningur/deilur.

Þeir fiska sem róa (orðatiltæki) Speki sem vísar til þess að menn fá ekkert nema bera sig því.

Þeir lifa lengst sem lýðum eru leiðastir (orðatiltæki) Stundum var gripið til þessa orðatiltækis ef t.d. þingmaður náði endurkjöri sem ekki þótti þess verðugur. Líklega útrúningur á öðru orðatiltæki: *það lifir lengst sem lýðum er leiðast*.

Þeir (mega) sletta skyrinu sem eiga það (orðatiltæki) Þeir ríku geta sóað sínu fé að vild. „Þeir sletta skyrinu sem eiga það: Þeir voru víst að fá sér nýjann traktor á stórbúinu, og hann ekki af minni gerðinni“.

Þeir hljóta/verða að missa sem eiga (orðatiltæki) Sá sem eitthvað á getur orðið fyrir skaða, ólíkt þeim sem ekkert á.

Þekja (n, kvk) Þak; efsta lag einhvers. „Hann var *eins* og hann væri *úti á þekju*“.

Þekkilegur (l) Viðkunnanlegur; geðþekkur. „Hann var hinn þekkilægasti maður í allri viðkyrningu“.

Þekking (n, kvk) Vitneskja; fróðleikur; kunnátta. „Bóklestur er ágæt leið til að afla sér þekkingar“.

Þekkingarleit (n, kvk) Leit manneskju að fróðleik/sannindum/vísdomi/þekkingu. „Þjóðfélagið stefnir hraðbyri inn á þær villigötur blekkinga, að þekking fái stöðvöngu með setu á skólabeck og söfnun prófgráða. Mestu hugsuðir og vísindamenn samfélagsins eru oft þeir sem afla þekkingar af eigin hvötum og á sinn eigin hátt. Það eru gjarnan einnig þeir sem feta nýjar slóðir og sanna sína þekkingu með tilraunum og reynslu. Þeir stunda þekkingarleit af eigin hvötum en taka ekki við ítrodslu hins kassalaga og takmarkaða menntakerfis“.

Þekkingarleysi / Þekkingarskortur (n, hk) Skortur á þekkingu/vitneskju/fróðleik; kunnáttuleysi.

Þekkingarsamfélag (n, hk) Samfélag sem stöðugt leitar nýrrar þekkingar og býr að miklum fróðleik. „Fullyrða má að í Kollvík og nágrenni hafi á margan hátt þrífist einstakt þekkingarsamfélag, eins og oft vill verða þar sem menn sitja að meira nægtaborði en almennt er. Um leið og menn urðu að stunda vel sína frumframleiðslu með sjómennsku og búskap, þá mátti yfirleitt ganga út frá því að auðlindir fisks og beitar væru til staðar. Með skipulegri vinnu gafst fólki því tími til að sækja sér þekkingu, og það var hiklaust gert. Óvíða hefur t.d. verið meiri bókakostur á heimilum en á Kollsvíkurbæjum, og bóklestur var mjög almennur. Rökræðulist er Kollsvíkingum í blóð borin, og var ein grunnstoð gróskumikilla ungmennafélaga. Margir Kollsvíkingar sem fluttust burt urðu færir fræðimenn; aðrir náðu langt í viðskiptalífi og til var það að menn fóru inn á nýjar slóðir uppgötvana. Væri í raun þarft rannsóknarefni að gera samanburðarrannsókn í þessu efni. Hún gæti e.t.v. breytt þeirri mynd að fólk í fjarlægustu byggðum standi borgarabúum eitthvað að baki í þekkingarlegum efnum“ (VÖ).

Þekktist ekki annað (orðtak) Ekki annað stundað/þekkt. „Þá þekktist ekki annað en að baka öll brauð og kökur heima“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Þekkjja hvorki haus né sporð á (orðtak) Skilja ekki; kunna ekki á; þekkjja ekki til. „Ég þekkti hvorki haus né sporð á þessum manni, en hann virtiest eitthvað kannast við mig“.

Þekkjja af afspurn (orðtak) Hafa heyrt talað um en ekki séð sjálfur. „Þegar litið er til fyrsta tugar tuttugustu aldar má segja að Rauðsendingar hafi ekki þekkt hjólið nema af afspurn“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).

- Þekkja hvorki haus né sporð á (einhverju)** (orðtak) *Kunna* lítil *skil á*; kannast ekkert við. „Ég þekki hvorki haus né sporð á þessum ám; þær eru lengra *aðkomnar*“. Líking úr veiðimannamáli; þekkja fiskegund hvorki af höfuðlagi né sporðinum.
- Þekkja (einhvern) í sjón** (orðtak) Þekkja einhvern þegar maður sér hann. „*Það heitir ekki* að ég sé honum kunnugur, en ég þekki hann í sjón“.
- Þekkja í sundur** (orðtak) Greina að; greina hvor er hvor. „Ég er loksins farinn að þekkja tviburana í sundur“.
- Þekkja má refinn af rófunni/skottinu / Þekkja má úlfinn af eyrunum** (orðatiltæki) Notað í líkingum um mann sem ekki fær leynt sínum eiginleikum eða uppruna. Refur var talinn vísa til slægðar/undirferla/svika, en úlfur vísar til grimmdar/ófyrrleitni.
- Þekkja sig** (orðtak) *Kannast við sig*; átta sig á því hvar maður er; þekkja kennileiti. „Það þýðir ekkert að láta menn vera að smala á stöðum þar sem þeir þekkja sig ekki“. „Með í för voru tveir nemendur úr Arnarfirði, sem þekktu sig nokkuð á heiðinni“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Þekkja sinn vitjunartíma** (orðtak) A. Vita hvenær dauðastundin rennur upp; vita hvenær dauðinn kemur að vitja manns. B. Vita almennt um tímamót í lífi sínu; vita hvenær skyldan kallar. Sjá *vitjunartími*.
- Þekkja til hlítar** (orðtak) Þekkja mjög vel. „Þessa leið þekki ég til hlítar; svo oft hef ég farið þarna um“.
- Þekktanlegur** (l) Hægt að þekkja. „Þú ert varla þekktanlegur eftir að þú fórst að safna skeggi“.
- Þekktur** (l) Kunnur; frægur. „Margir Kollsvíkingar hafa orðið þekktir fyrir sín störf“.
- Þekktur að** (orðtak) Frægur/kunnur fyrir. „Hann er þekktur að vandvirkni í öllum sínum störfum“.
- Þel / Þelull** (n, hk) Innra lag ullar/reyfis af sauðkind. Ullin er samsett af tvennskönar hárum; togi og þeli. „Toghárin eru löng, með litlar bylgjur; fremur gróf og oft vel gljáandi. Þelhárin eru fremur stutt; mjög fín og létt; óreglulega liðuð, fjaðurmögnuð og mjúk viðkomu. Auk þessa eru svokallaðar illhætur stundum í uppinni. Þær eru mjög gróf háir; oftast rauðgular á litinn“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin landið og þjóðin).
- Þelband** (n, hk) Garn sem unnið er úr þeli/finustu ullinni. „Þelband var mest notað í nærföt, *einspinna* í nærskyrtur, allt frá ungbarnaskyrtur og upp í kven- og karlmannaskyrtur og nærbuxur á yngstu börnin (bleyjubuxur). (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).
- Þeli** (n, kk) A. Klaki. Einkum átt við frost í jörðu. „Það er hálf skóflustunga niður á þelann þarna“. B. Andúð; kali. „Milli þeirra hefur verið einhver þeli upp á síðkastið“. Sjá *bera kala/þela til*.
- Þelingar** (n, kk, fto) Thalliophyta; lágplöntur. Frumstæður en víðfeðmur flokkur plönturíkisins, en til þelunga heyra þörungar, sveppir, fléttur, skófir og sumir gerlar. Líkaminn „þal“ er einfaldur vefur sem skortir oftast rót, stöngul, blöð og annað sem einkennir háplöntur. Fjallagrös eru dæmigerðir þelingar.
- Þemba** (n, kvk) A. Útþensla af einhverju tagi; hrossasótt. Oft notað um loftverki í maga. B. Mosapúfa; dyngja af mosa.
- Þemba** (s) Þenja út. „Maður hreyfir sig ekki strax eftir að vera búinn að þemba sig upp af ketsúpu“.
- Þembdur** (l) Þaninn. „Hann segist vera svo þembdur að hann vilji ekkert kaffi á eftir matnum“.
- Þenja** (s) Strekkja; gera þanið/strekk. „Náum við ekki að þenja seglið yfir alla hrúguna“?
- Þenja gúl/túla** (orðtak) Rífa kjaft; rífast. „Maður á ekki að þenja gúl um það sem maður hefur ekki hundsvit á“. „Vertu bara ekkert að þenja þinn túla; ég veit alveg hvað rétt er í þessu máli“!
- Þenja sig** (orðtak) A. Hlaupa eins hratt og maður getur. „Þú verður að þenja þig ef þú ætlar að hafa hana“ (komast fyrir kindina). B. Rífa kjaft; rífast. „Hvað ert þú að þenja þig“! Sjá *þön og á þönnum*.
- Þenja vömbina** (orðtak) *Steyta vömbina; troða sig út*; borða í óhófi; eta umfram þarfir.
- Þenkja** (s) Hugsu; íhuga. „Það mætti alveg þenkja þetta“.
- Þenkjandi** (l) Hugsandi; íhugandi, innrættur. „Þetta ætti nú allir vel þenkjandi menn að hafa í huga“. „EKKI dettur mér í hug að menn hafi verið svona illa þenkjandi; þetta eru auðvitað mistök“.
- Þensla** (n, kvk) Troðsla; það að þenja út/yfir. „Belgurinn þolir varla meiri þenslu“.
- Þerna** (n, kvk) A. Kría. B. Styttling á *landþerna*, þ.e. siglingaljós á skipi. C. Þjónustustúlka.
- Þerra** (s) Þurrka.
- Þerriblastur / Þerrigola / Þerrivindur** (n, kk/kvk) Gola/vindur í þurrki. „Þetta þornar fljótt eftir að hann kom með þennan þerriblastur“.
- Þerrihjallur / Þurrrhjallur** (n, kk) Hjallur til að þurrka í; bæði fatnað og matvæli.

- Þerripappír** (n, kk) Þykkur pappír sem dregur vel í sig vætu. Mikið notaður fyrrum, meðan blekpennar/lindarpennar/stangarpennar voru notaðir, en þá þurfti iðulega að þerra umframblek svo það yrði ekki að klessu á skrifuðu blaðinu. Því er líkingin; þurrt eins og þerripappír.
- Þerrir** (n, kk) Þurrkur; þurrt tíðarfar. „Ekki veit ég hvað þessi þerrir endist“. Sjá *hengja til þerris*.
- Þerrivöllur** (n, kk) Þurr harðbali sem gott er að þurrka hey á. Hey var stundum flutt á þerrivöll af mýrlendi, til þurrkunar.
- Þess efnis** (orðtak) Sem varðar það; með því innihaldi. „Þá kom fram tillaga frá sr. Grími Grímssyni þess efnis að fækka kjördeildum úr fjórum í eina“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 12.03.1960; ritari ÖG).
- Þess heldur** (orðtak) Vegna þess; því meir. „Þú segir að kartöflurnar séu á þrotum; þess heldur er ástæða til að þiggja þetta boð hjá honum“.
- Þess í stað** (orðtak) Í staðinn fyrir það; heldur. „Hann fór ekki hefðbundna leið yfir hálsinn. Þess í stað kaus hann að fara um hlíðina“.
- Þess sér stað** (orðtak) Sjá má; greinilegt er. „Þess sér víða stað að menn hafa lengi reynt að sporna við uppblæstri í Kollsvík.“
- Þess utan** (orðtak) Þar að auki; auk þess. „Nú sýnist mér að landsliðið sé eina ferðina enn að verða sér til skammar í boltanum; þess utan hef ég aldrei skilið til hvers menn eru að standa í þessari vitleysu“.
- Þess verður** (orðtak) Verðskuldar það; þess virði. „Er það ekki vel þess vert að samtök verði hafin um að byggja upp eina verbúð, er látin sé geyma það sem til næst af gömlum munum og minjum úr Verinu?“ (KJK; Kollsvíkurvef).
- Þess virði** (orðtak) Vert; ómaksins vert; borgar sig. „Það var alveg þess virði að fara í róður fyrir svona afla“.
- Þess þá heldur** (orðtak) Þeim mun meiri ástæða er þá til; þeim mun frekar. Oft stýtt í „þess heldur“.
- Þessa dagana** (orðtak) Á þeim dögum sem nú eru að líða; *um þessar mundir*. „Ég er með einhvern kverkaskít þessa dagana, og bara drulluslappur“.
- Þessa stundina** (orðtak) Núna; á þessum tíma. „Hann hangir uppi þessa stundina“. Ertu upptekinn þessa stundina“?
- Þessháttar / Þesskonar / Þess háttar** (ao) Þannig; slíkur. „Ekki finnst nein dæmi um þessháttar orðalag“. „Einnig var farið í leiki, svo sem að *segja Spánarkonung dauðan* o.fl. þess háttar“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku).
- Þessi líka...** (orðtak) Upphrópun sem alltaf er höfð á undan lýsingarorði í aðdraganda nafnorðs. „Ærin komst loksins frá lambinu. Þetta var stærðar hrútlamb með þessar líka litlu *hornakylfur*!“
- Þessir háu herrar** (orðtak) Skammaryrði um ráðamenn; gjarnan notað um yfirvöld eða *Reykjavíkurlandið*, en einnig um stjórnendur heima í héraði. „Ég held að þessir háu herrar ættu nú að reyna að taka niður silkihanskana og gera þetta sjálfir“!
- Þesskyns** (l) Af því tagi; þesslags; þessháttar. „Ég er lítið fyrir þesskyns fæðu“.
- Þesslegur** (l) Slíkur; þannig. „Mér fannst hann ekki þesslegur að hann væri á leið í kirkju; enn í skítagallanum“.
- Þesslags** (l) Slíkt; þannig; líkt. „Ég lagði ekki orð í belg um þetta; mér líkar ekki þesslags umræða“.
- Þessu næst** (orðtak) Síðan; þar á eftir. „Þessu næst tók hann glasið og *svolgráði* úr því í einum teyg“.
- Þetta** (fn) A. Venjuleg notkun fornafnins: „Þetta er góður matur“. B. Svona. „Ég ræð ekki einn við þetta þungan stein“. „Við fengum þetta tuttugu, þrjátíu fiska“. „Er hann virkilega orðinn þetta gamall“.
- Þetta er nú enginn ástvinamissir** Orðatiltæki sem upprunnið er í Rauðasandshreppi og er enn notað þar „Það stóðar lítið að syrgja Helgi minn; þetta er nú enginn ástvinamissir“ var haft eftir Manga á Hlaðseyri þegar Blöndal hellti niður heimaframleiðslunni. Vísar til bændanna Magnúsar Jónssonar á Hlaðseyri og Helga Fjeldsted í Raknadal, en báðir voru oft orðheppnir og úrræðagóðir.
- Þetta er nú matur og músin steikt (og maður uppúr sjóma)!** (orðatiltæki) Nú þykir mér vera afbragðsgóður matur á borðum; þetta eru heldur betur kræsingar. Iðulega viðhaft þegar maður vill hrósa mat sem fram er borinn, þó þeir *súpi* stundum *hveljur* sem ekki þekkja málsháttinn eða er klígjugjarnt. Síðari hluti hans var ekki viðhafður vestra í seinni tíð, en mun hafa þekkt annarsstaðar á landinu. Hinsvegar kom stundum þessi viðbót; „þetta er nú matur og músin steikt, sagði kötturinn og þurrkaði sér um munninn“. Ekki skal fullyrt hvaða saga liggur þarna að baki.
- Þetta er ungt og leikur sér** (orðatiltæki) Umburðarlyndi hinna eldri gagnvart ærslum hinna yngri.
- Þetta grær áður en þú giftir þig** (orðatiltæki) Þetta batnar fljótt; verður fljótt að gróa. Gjarnan sagt við börn.
- Þetta jafnar sig (með tímanum) / Þetta lærar sig** (orðatiltæki) Þetta verður í lagi; úr þessu greiðist.

- Þetta litla** (orðtak) A. Áhersluauki með lýsingarorðum. „Hann var þetta litla kátur yfir að fá að fara með“. B. Einnig notað sérstætt sem andsvar/undirtekt við fullyrðingu viðmælanda; jafnvel með hneykslunartón eða fyrirliptingu, þannig að ekki verður misskilið að merkingin er gagnstæð.
- Þetta sér hver heilvita/sjáandi maður!** (orðatiltæki) Upphrópun sem oft var notuð í vandlættingarskyni yfir yfirsjón/glópsku annars manns.
- Þetta slampast einhvernveginn** (orðatiltæki) Kæruleysislegt viðkvæði; þetta bjargast á einn eða annan hátt. „Það er kannski enginn dans á rósum, en einhvernveginn *slampast* þetta“. Einnig *það slampast*.
- Þettað** (fn) Fornafnið „þetta“ var iðulega borið fram með „ð“ í enda í máli Kollsvíkinga; allt frameftir 20. öld. Mest bar á þessu þegar orðið var notað sem sjálfstætt svar; þegar svarandi vildi taka undir fullyrðingu eða spurningu í hneykslunar- eða upphrópunartón. Var þá áherslan ýmist á seinna atkvæði eða báðum.
- Þeyr** (n, kk) Blær; hlýr hægur vindur. „Það máir fljótt af holtum í þeynum“.
- Þeybitra** (n, kvk) Biturt frost í logni, áður en hlýnar (skýr.Orðab.Mennsj). (Orðasafn IG).
- Þeysa** (s) A. Ríða hratt; hleypa. B. Gusa; æla. „Hann lagðist útyfir borðstokkinn og þeysti úr sér feiknamikilli ælu“.
- Þeysisprettur / Þeytingssprettur / Þeytisprettur** (n, kk) Hratt hlaup; loftköst. „Hann kom hlaupandi á þeytingsspretti“. „Ég endasentist á þeytispretti fram með Hjöllunum og náði að komast fyrir kindurnar við Hafnargilið“.
- Þeyta** (n, kvk) Hræringur; það sem þeytt hefur verið. T.d. eggjaþeyta.
- Þeyta** (s) A. Kasta af miklum krafti. B. Þíska rjóma svo hann verði stífur/þeyttur. C. Blása í hljóðfæri.
- Þeytari** (n, kk) Eldhúsáhold til að þeyta t.d. rjóma.
- Þeytingur** (n, kk) Þeytingssprettur; mjög hratt hlaup. „Hvaða þeytingur er á þér“?
- Þeytisþjald** (n, hk) A. Spjald sem kastað er á loft með snúningi og getur svifið mjög langt. B. Sjald sem band er þrætt í gegnum og látið snúast svo þytur heyrir. C. Líkingamál; manneskja sem er mikið á ferðinni.
- Þéna** (s) A. Þjóna. „Þessi hnífur er búinn að þéna mér vel og lengi“. B. Henta. „Tviálma kvísl þéna ulla í svona fingert hey“. C. Græða; vinna sér inn fé. „Hann ku þéna ágætlega í þessu starfi“.
- Þénanlegur** (l) Góður; *brúklegur*; þægilegur. „Þetta er bara hinn þénanlegasti hnífur“.
- Þénusta** (n, kvk) A. Vinnulaun; kaup. „Hann er víst í rokna þénustu þarna“. B. Þjónusta. Eldri merking.
- Þénustusamlega** (ao) Af auðmýkt/þjónustulund. Í seinni tíð einum notað í háði. „Ég bað hann þénustusamlega að halda sig við staðreyndir eftirleiðis“!
- Þér** (fn) Þú. Þéringar voru mikið notaðar fyrrum, í hinu stéttaskipta samfélagi; einkum þegar „virðingarmenn“ voru ávarpaðir, en einnig nær undantekningarlaust í skrifuðu máli. Lagðist snemma af meðal Kollsvíkinga.
- Þér er ekki sjálfrátt!** /orðtak) Upphrópun sem lýsir vanþókun á því sem gert er, og efasemdum um að það sé gert af vitund og vilja gerandans. „Óðstu uppfyrir stígvélin? Þér er ekki sjálfrátt drengur“!
- Þér ferst!** (orðtak) Þér væri nær að líta í eigin barm; þú hefur ekki efni á að segja þetta.
- Þér gott af!** (orðtak) Upphrópun notuð í vandlættingartón þegar einhverjum verður hált á uppátækjum sínum. „Brotnuðu eggin í húfunni? Þér gott af; að hafa ekki fötuna meðferðis eins og ég benti þér á“!
- Þér var nær!** (orðtak) Skammaryrði; þarna sérðu!; þú hefur átt að breyta öðruvísi. „Þér var nær! Ég var búinn að segja þér að isinn á tjörninni væri ótraustur“!
- Þéranir / Þéringar** (n, kvk) Þéringar (þér, vér, yður o.s.frv.) voru nánast horfnar úr mæltu máli í Rauðasandshreppi eftir miðja 20. öld. Þó mátti heyra þær þegar þingmenn og aðrir „fyrirmenn“ heimsóttu bændur sem töldu sig vanda að virðingu; einnig í hátíðarræðum. Lengi eimdi þó eftir af þeim í bréfaskriftum, einkum þegar opinberir aðilar áttu í hlut; hérumbil út 20. öldina. Til voru þeir sem aldrei báru þéringar við og höfðu á þeim hina megnustu skömm, líkt og öðru snobbi. Fremur var talað um „þéringar“ en „þéranir“.
- Þétt setinn bekkurinn** (orðtak) *Þröng á þingi*; mikill fjöldi. „Mér sýnist þétt setinn bekkurinn niðri á þessum langvíupalli. Ættum við ekki að reyna að komast þarna niður“? Líkingin er dregin af seti/bekk í húsi, en upphafleg sæti í húsum virðast hafa verið bekkir með hliðum þess, ekki fjarri eldi til hitunar. Sjá *bekkur*; *setinn bekkurinn*, *færa sig upp í bekkinn* og *skörin færir sig upp í bekkinn*.
- Þétta** (s) Gera þétt. „Mér tókst að þétta lekann á þakinu“.
- Þéttast** (s) Verða þéttari. „Tunnan er strax farin að þéttast, en það er rétt að vatna hana til morguns“.
- Þéttbýli** (n, hk) Byggð þar sem stutt er milli íbúðarhúsa.

Þéttbýlt (l) Bæir standa þétt saman. Segja má að um tíma í byrjun 20.aldar hafi verið nokkuð þéttbýlt í Kollsvík. Þá var búið á hinum fornu býlum; Láganúpi og Kollsvík (tvíbýli), en einnig á Grundum (tvíbýli); Grundabökkum (tvíbýli); Grund (Júllamel/Torfamel); Stekkjarmel; Nýlendu; Strákamel; Grænumýri; Tröð og Bergjum. Þá var fyrir löngu aflögð hjáleigan Hólar og á þeim tíma bjó enginn í verbúðum Kollsvíkurvers, þó slíkt hefði fyrrum tíðkast.

Þéttþolda (l) Feitlaginn; þrýstinn. „Ansi er hann að verða þéttþolda í seinni tíð“!

Þéttþærður (l) Með þétt hár; ekki gishærður.

Þétti (n, kk) Fullgert skyr sem notað er til að hleypa með annað skyr.

Þétting (n, kvk) A. Það sem notað er til að þétta með. B. Það að *þétta*.

Þéttingsfast (l) Mjög fast/ákveðið. „...ekki virtist hann veita árinna neina athygli fyrr en henni var ýtt þéttingsfast í brjóst hans“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

Þéttingsgola / Þéttingsvindur/ Þéttingskaldi (n, kvk) Stíf gola; golukaldi. „Hann er farinn að leggja upp einhverja þéttingsgolu“.

Þéttingshvasst (l) Allhvasst; nokkur vindur.

Þéttingshátt (l) Allhávær; fremur hátt. „Sönghóll heitir hár hóll heiman við Hrísmúlann. Gamlar og nýjar sagnir eru um að þarna hafi heyrst söngur, buldur þéttingshátt, og sumir segja allhávær bassasöngur. Þetta var sett í samband við tröllabyggð og hamrabúa ferlega, en ekki við vatnsrennsli neðanjarðar“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Þéttingshvas (l) Allhvas; stormur. „Það er bara orðið þéttingshvas“.

Þéttingsvindur (n, kk) Hvasviðri; jafnvel rok. „Þarna uppi var þéttingsvindur og erfitt að athafna sig“.

Þéttingsþrengsli (n, kvk, fto) Mikil þrengsli; örtröð. „Það eru að verða þéttingsþrengsli á stúnni; það þýðir ekkert að bæta fleira fé í hana“!

Þéttingsþröngt (l) All þröngt; mikil þrengsli. „Nú er orðið þéttingsþröngt í þessum dilk“.

Þéttkenndur (l) Allnokkuð ölvaður/ við skál. „Þeir voru allir þéttkenndir og sungu hástöfum“.

Þéttlokaður (l) Lokaður alveg þétt. „Hafðu dyrnar ekki alveg þéttlokaðar í þessari mollu“.

Þétt nærri (ao) Mjög nálægt; hérumbil; *hartnær*; *hartnærri*. „Þetta verður líklega þétt nærri því að fylla tunnuna“. „Ekki er þetta nú alveg nóg; en þétt nærri því“.

Þéttseymdur / Gisseymdur (l) Um bátssmíði; stutt eða langt á milli saums í byrðingi.

Þétttent (l) Einkum notað um sög; með þéttar tennur/ margar tennur á hverja tommu; ekki *gistennt*.

Þéttraðað (l) Raðað mjög þétt. „Ansi er þéttraðað á jötuna þarna fremst“.

Þéttriðið (l) Um net; með litlum/fingerðum möskva.

Þéttroðinn (l) Troðinn út þéttingsfast. „Þéttroðnir ullarballarnir voru gott tveggja manna tak“.

Þéttsetinn / Þéttskipað (l) Verið mjög þétt. „Þarna er þéttsetið á höfðanum“. „Heldur finnst mér þéttskipað í þennan garða“.

Þéttseymdur (l) Um bát; þétt negld súð.

Þéttroðinn (l) Troðinn mjög þétt. „Þetta kalla ég þéttroðinn ullarballa“!

Þéttur (l) A. Þar sem hlutar/þræðir liggja þétt. B. Vatnsheldur. C. Óhagganlegur. D. Drukinn.

Þéttur undir hönd (orðtak) Vöðvastæltur; þéttur á velli. „Hann hét Gestur Jósepsson, og var síðar þurrabúðarmaður í Kollsvík (að Gestarmel). Gestur var lágur maður vexti, en þéttur undir hönd“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Þéttvafinn (l) Vafinn þétt. „Teinninn var þéttvafinn utanum endasteininn“.

Þéttvaxinn (l) Feitlaginn.

Þið skuluð bara sjá til / Þið skuluð reyna/sannreyna það (orðtök) Viðhaft drýgindalega af þeim sem þykist vita betur en aðrir um málalok/lyktir þess sem um er rætt.

Þiðna (s) Verða þiður; slakna. „Ég setti vatnsslönguna inni fjós til að láta þiðna úr henni“.

Þiggja (s) Taka við; veita viðtöku að gjöf. „Það var haft eftir Gumma að ...sér hefði verið sérstök unun að því að sjá bróður sinn sporðrenna með góðri lyst bita af lambsskrokknum sem hann hefði áður áfellt sig fyrir að þiggja af Hafliða vini sínum“ (PG; Veðmálið).

Þiggja að gjöf/launum (orðtak) Fá í gjöf/laun; vera gefið; vera launað með.

- Þiggja af sveit** (orðtak) Fá framfærslu frá hreppssjóði eða vera hjá fjölskyldu sem fær meðlag frá hreppssjóði. Sjá *fara á sveitina*.
- Þiggja góðgerðir** (orðtak) Um gesti; þiggja mat af gestgjöfum. „Viltu ekki koma innfyrr og þiggja einhverjar góðgerðir“?
- Þiggja með þökkum** (orðtak) Taka við með ánægju; vera ánægður yfir að fá. „Þau buðu mér gistingu, sem ég þáði með þökkum; enda orðinn *ferðlúinn*“.
- Þil** (n, hk) Þilja; klæðning innaná vegg, oft úr timbri; skilrúm milli rýma/herbergja í húsi.
- Þilfar** (n, hk) Dekk; lyfting; lárétt timburklæðning ofantil í skipi, sem lokar af rýmið í bol þess og eykur flothæfni með því að skila ágjöf útfyrir borðstokka en heldur þurru því sem er neðan þilfars. Þilfar getur verið í hluta skips en oftast er það í því öllu. Í stórum skipum eru þau fleiri en eitt, hvert uppaf öðru.
- Þilja** (n, kvk) A. *Þil* í húsi. B. Dekk/*þilfar* í dekkbát/þilskipi. Sjá *neðan þilja*. C. Sumsstaðar á landinu voru plittar í bát nefndar þiljur, svo var þó aldrei í Kollsvík í seinni tíð.
- Þilja** (n, kvk) Setja þil í t.d. hús.
- Þilja af** (orðtak) Setja skilrúm í hús, þannig að úr verið herbergi/rými; *stía af*; *stúka af*. Sjá *afstiaður*.
- Þiljaður** (l) Um hús o.fl.; klætt timbri eða öðru efni. „Annaðhvort voru búðirnar þiljaðar innan, eða hessíanstrigi strengdur á veggina“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Þilofn** (n, kk) Ofn sem hengdur er á vegg en stendur ekki úti á gólfi.
- Þilskip** (n, hk) Dekkbátur; dekkuð skúta; skip með dekki/*þiljum* sem lokar því og ver fyrir ágjöf. „Er mælt að þilskip eitt sæi það að Gísli færast í Látraröst með öllum hásetum sínum“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi). Segja má að knerrir landnámsmanna hafi verið þilskip. Eftir að þeir liðu undir lok var héraendis lítil sem engin þilskipaútgærd þar til skútuöldin hófst, og togaraöld í framhaldi af henni. Einar Jónsson í Kollsvík var meðal fyrstu þilskipseigenda á landinu, en hann átti hlut í skútunni „Delphin“. Sjá *skútueigandi*.
- Þina** (s) Mæla lengd lóðar/netateins. „Áður en lóðin var sett upp var algennt að greiða hana fyrst úr hönkinni og þina hana síðan; mæla í föðmum“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Þind** (n, kvk) Vöðvaveggur milli brjósthóls og kviðarholts.
- Þindarlaus** (l) Með mikið úthald, einkum til hlaupa. „Maður gat hlaupið alveg þindarlaust á yngri árum; langar vegalengdir án hvíldar“. „Hann hljóp þindarlaust í einum spretti til að ná á klósettíð í *tæka tíð*“.
- Þing** (n, hk) A. Fundur manna; mannamót; samkoma. Oft notað um formlegar og lögbundnar samkomur, s.s. alþing, leiðarþing og manntalsþing. Þing hafa tíðkast frá grárrí fornaskju meðal germanskra þjóða; bæði dómping og löggjafarþing. Þau voru algeng víða um Evrópu fyrir landnám héraendis og fluttu landnámsmenn með sér síði sem þau varðar. Hinsvegar vilja Íslendingar halda því á lofti að hér hafi löggjafarþing starfað lengur samfellt en annarsstaðar, þó það sé reyndar *umdeilanlegt*. Fyrstu þing héraendis voru *vorþing*, en Alþingi var stofnað 930 (sjá *Úlfjótsslög*) og síðan *leiðarþing*. Þingstaðurinn í Rauðasandshreppi var Tunga, og hafði svo verið öldum saman. Þar kvað t.d. Magnús prúði upp hinn fræga vopnadóm 1581. Síðustu þing í Rauðasandshreppi voru manntalsþing sem haldin voru í félagsheimilinu Fagrahvammi í Tungulandi framundir 1980. B. Umdæmi; svæði. Landinu var að fornu skipt upp í svæði sem hvert um sig átti sitt svæðisþing. Á Vestfjörðum voru þau tvö; Dýrafjarðarþing og Þorskafjarðarþing. Þingstaður Þorskafjarðarþings var að Kollabúðum í Þorskafirði. C. Stytting úr *þarfaring*; þarfur nytjahlutur. „Þetta var nefnilega flautuketill; mesta þing“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Þinga (einhvern) um** (orðtak) Yfirheyrta um; reyna að afla tiltekinna upplýsinga um hjá þeim sem um er rætt. „Hann svaraði fáu þegar ég þingaði hann um ástæður fyrir þessu“. Allmikið notað í Rauðasandshreppi en heyrir lítt utan svæðisins. Vísar líklega til yfirheyrslu á dómpingi áður fyrr.
- Þinga um** (orðtak) Halda þing um; hafa að fundatefni; ræða. „Karlarnir þinguðu þarna á réttarveggnum um markið á lambinu, en niðurstaðan varð sú að athuga hvort einhver ær vildi helga sér það“.
- Þingboð** (n, hk) Boð sem sent er um byggðir á sérstakan hátt, með *þingboðsöxi*. Efni boðsins getur verið fyrirmæli um um að mæta á samkomu; stefna til dóms; fjallskilaseðill eða annað. Um þingboð giltu reglur sem að stofni til eru ævafornar. Sjá *þingboðsöxi*, *axarboð*, *boðleið*, *réttt boðleið*, *skera upp herör*, *stríðsöxi*; *gera (einhverjum) boð*; *láta boð út ganga*; *láta boð liggja fyrir (einhverjum)*.
- Þingboðsöxi** (n, kvk) Lítið líkneski af öxi sem notað var fyrrum til að senda opinber boð um svæði rétta *boðleið* Giltu um það strangar reglur aftan úr grárrí fornaskju, sem fluttust hingað með landnámi. Ekki er vitað hvað varð um síðustu þingboðsaxir í Rauðasandshreppi, en þar hafa þær eflaust verið notaðar eins og annarsstaðar. Hinsvegar fékk höfundur (VÖ) listakonuna Siggu á Grund til að skera út fyrir sig eftirlíkingu boðaxar úr Villingaholtshreppi, en frumgerðin er á Þjóðminjasafni ásamt fáeinum öðrum. Sjá *axarboð*, *boðleið*, *réttt boðleið*, *skera upp herör*; *stríðsöxi*.

Þingbóndi (n, kk) Bóndi sem skyldur er til mætingar á þingi.

Þingfararkaupsbóndi / Þingfararkaup (n, kk/hk) Þingfararkaupsbóndi var sá bóndi fyrrum sem átti skuldlaust a.m.k. eitt kúgildi (sex ær) eða eitt hundrað vaðmáls fyrir hvern heimilismann; net og skip og akneyti, uxu eða hross og alla nauðsynlega búshluti. Einyrkjar skyldu eiga að lágmarki tvö kúgildi fyrir hvert skuldahjú sitt. Þingfararkaupsbóndi var skyldugur til að fylgja goða sínum til þings, en goði gat kvatt níunda hvern slíkra bænda til farar á vorþing. Þeir sem ekki voru tilkvaddir greiddu þingfararkaup til goðans, sem aftur greiddi þeim sem með honum riðu til þings. Þingfararkaupsbændur voru kjarni þjóðveldisins. Þeir nutu fulls þegnréttar; voru í raun ráðandi stétt og yfirstétt landsins að frátöldum goðum. Heitið þingfararkaupsbóndi var við lýði fram á 19.öld, og enn eru laun þingmanna nefnd þingfararkaup.

Þinggjöld (n, hk) Skattar sem hið opinbera innheimtir til að standa undir velferðarmálum. Þinggjöld voru innheimt á manntalsþingum.

Þinggríð / Þinghelgi (n, hk, fto/ kvk) Friðhelgi á þingi. Þingstaður var helgur. Þar mátti enginn raska friði og þar áttu allir að geta verið öruggir um sig meðan þing stóð.

Þinghús (n, hk) Hús þar sem þing eru haldin. Þinghús Rauðasandshrepps stóð um tíma á Leiti í Tungulandi.

Þinglýsa (s) Lýsa eigendaskiptum eignar á manntalsþingi og skrá þau í þinglýsingabækur sýslumannsembættu. Eftir að manntalsþing liðu undir lok er einungis um opinbera skráningu að ræða.

Þinglýstur eigandi (orðtak) Sá sem hefur eignarhald á fasteign samkvæmt skráningum í þinglýsingabók.

Þingmaður (n, kk) Sá sem kjörinn er til þingsetu fyrir hönd íbúa svæðis/kjördæmis. Gat fyrrum átt við fylgismann tiltekins goða.

Þingmannaleið (n, kvk) Mælieining vegalengda að fornu; 5 mílur; 37,5 km; rúml. 4 vikur sjávar; sú vegalengd sem þótti hæfileg reiðleið á einum degi, t.d. fyrir þá sem sóttu þing. „Þingmannaleið var talin frá Helgubúfu að Skaufhól á Rauðasandi“ (DE; Örn.skrá Hvallátra). „Kirkjuvegur (frá Láganúpi) yfir þingmannaleið; yfir fjall að fara, til Saurbæjar“ (ÁM/PV Jarðabók).

Þingmannsnefna (n, kvk) Óvirðingarheiti á þingmanni. „Skyldu þessar þingmannsnefnur ekki ætla að opna sinn kjaft um ástandið á vegunum hérna“?!

Þingmaríumessa (n, kvk) Einn af mörgum messudögum Maríu meyjar (sjá Maríumessa); 2. Júlí; *vitjunardagur Maríu*. Upp tekinn hérlendis á 15. öld og nafnið tengt því að Alþingi var haldið um þetta leyti árs. „Heimræði er þar (frá Láganúpsveri) ár um kring, en á vorið er þar vertíð frá sumarmálum til þingmaríumessu“ (ÁM/PV Jarðabók).

Þingrof (n, hk) Það að leysa upp þing og boða til nýrra kosninga áður en kjörtímabili lýkur.

Þingræði (n, hk) Það fyrirkomulag í lýðræðisríki að meirihluti þings ráði og skipi ráðherra í ríkisstjórn til að fara með framkvæmdavald ríkisins. Ráðherrar eru ábyrgir fyrir þinginu. Meirihlutinn fer frá völdum ef hann missir meirihlutastuðning sinn.

Þingsköp (n, hk, fto) Fundareglur þings.

Þingvikur (n, kvk, fto) Þingtíminn til forna. Í fyrstu stóð alþingi sléttar tvær vikur, en dýðar styttest þingtíminn í eina viku. Til ársins 999 háfst þinghald með 10.viku sumars, en eftir það viku seinna. Árið 1262 fluttist þingbyrjun til 28.júní og breyttist það ekki fyrr en aldamótin 1700.

Þinur / Þinull (n, kk) Netateinn. „Tveir þinir eru á neti; fláaþinur ofan og steinaþinur neðan“. Stundum eru þinir einungis tveir grannir strengir, sinn á hvorum jadar netsins og eru þá benslaðir við fláa- og steinatein. Netateinar hafa í seinni tíð hafa fengið nöfnin flotteinn og blýteinn vegna nýrra efna.

Þíða / Þíðviðri (n, kvk) Bloti; hlýindi; hláka. „Það leggur oft sérstaka moldarlykt úr Mýrunum í þíðunni“.

Þíða (s) Ná frosti úr; lina frost. „Hann hefur náð að þíða skaflana úr efstu lautunum“.

Þíða upp (orðtak) Um matvæli; láta frost fara úr. „Það þarf að þíða fiskinn upp áður en hann er soðinn“.

Þíðukaflí (n, kk) Tímabil þíðviðris/þíðu með frosti á undan og eftir. „Það kom þíðukaflí rétt yfir jólin“.

Þíður (l) Þíðnaður; frostlaus; ófrosinn. „Ég held að jörð sé víðast orðin þíð“.

Þíðviðri (n, hk) Hlý veðráttu; hlýindi; hláka. „Hvað skyldi þetta þýðviðri endast“?

Þjaka (s) Þína; leggja álögur/áþján á; þjá; kvelja. „Eitthvað er þessi pest enn að þjaka mann“.

Þjakaður (l) Kvalinn; illa haldinn. „Hún er búin að vera þjökuð af þessari pest um nokkurn tíma“. „Gekk vel að koma mönnum til bæja, þar sem þeir voru lítt þjakaðir“ (EÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi). „Bað hann um aðstoð svo fljótt sem hægt væri, þar eð þeir væru orðnir þjakaðir og of fáliðaðir...“ (ÞJ; Sargon strandi; Árb.Barð 1949).

Þjalgarmur / Þjalarspík / Þjalarspækja (n, kk/kvk) Gæluheiti á þjöl. „Var ekki einhver þjalarspík að flækjast hérna“? „Hvar skyldi ég hafa lagt þjalarspækjuna“?

Þjappa (s) Þrýsta saman; þétta; hnalla.

Þjalartangi (n, kk) Sá hluti þjalar sem gengur upp í skaftið til festingar við það.

Þjark (n, kvk) Þref; rifrildi; deila; jag; þref. „Þeir stóðu í einhverju þjarki og þrefi útaf þessum málum“.

Þjarka (s) Deila; rexa; rifast. „Ég nenni varla að fara þjarka við þá, en mér finnst þetta óréttlátt“.

Þjarkduglegur / Þjarkur duglegur (l) Hörkuduglegur; mjög röskur/öflugur. „Hann er þjarkduglegur drengurinn“. „Hann er þungur af stað, en svo getur hann verið þjarkur duglegur til flestra verka“.

Þjarkur (n, kk) Dugnaðarforkur; sá sem ekki hlífir sér til vinnu; öflugur vinnumaður.

Þjarma að (orðtak) Þruga; pressa/þrýsta á; veita ráðningu. „Nú eru gömlu hrútarnir heldur betur búnir að þjarma að lambhrútnum“. Ekki hefur fundist viðhlítandi upprunaskýring orðsins „þjarma“.

Þjáður (l) Kvalinn; sem finnur til sársauka; þjakaður. „Ég er ekkert þjáður útaf þessu“.

Þjálfa (s) Æfa; temja.

Þjáll (l) A. Um efni; mjúkt; sveigjanlegt; sem auðvelt er að hnoða/móta. „Steypuna þarf að hræra þar til hún er vel þjáll“. B. Um manneskju; þægilegur viðureignar; sem unnt er að semja/ræða við. „Hann er ekki alltaf sérlega þjáll viðskiptis“.

Þjáníng (n, kvk) Kvöl; sársauki; verkir. „Ég læt hverjum degi nægja sína þjáníngu“.

Þjáníngabróðir (n, kk) Sá sem þjáist með manni; sá sem líður eins illa.

Þjáníngafullt (l) Kvalafullt; sem sársauki fylgir.

Þjáníngalaus / Þjáníngalítill (l) Líður engar/ekki miklar kvalir. „Hann segist vera þjáníngalítill núna“.

Þjáníngasvipur (n, kk) Svipur sem lýsir sársauka. „Hvaða þjáníngasvipur er þetta“?

Þjó (á ljá) (n, hk) A. Aftasti hlutinn á ljá; þar sem hann er beygður í vinkel og gengur upp í orfhólkana. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). B. Rass.

Þjóð veit þá þrír vita (orðatiltæki) Gamalreind speki um vandann við að halda trúnað. Upprunalega úr Hávamálum: „Fregna og segja/ skal fróðra hver,/ sá er vill heitinn horskur./ Einn vita/ né annar ska,/ þjóð veit ef þrír eru“ (úr Hávamálum). Visku aflar maður með því að spyrja og ræðast við. Best er þó hóf í þessu; maður skyldi ekki *skolta* með það sem manni er trúnað fyrir.

Þjóðareign (n, kvk) Það sem talin er sameign þjóðarinnar. Til óáþreifanlegra þjóðareigna telst m.a. menningin, tungumálið og sagan. Til hinna áþreifanlegra teljast náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign, þar með talið þjóðlendur, þjóðgarðar, orkuauðlindir flestar og óveiddir fiskistofnar í okkar lögsögu. Reyndar hefur lögspekingum veist furðu létt að snúa útúr eignarrétti þjóðarinnar þegar einkaaðilar gera kröfu í þær, eins og gerst hefur með fiskistofnana, hvað varðar rétt til veiða og arðsemi.

Þjóðarmein / Þjóðarskömm (n, hk) Anmarki/hegðun sem virðist skaða alla þjóðina eða vera henni til minnkunar.

Þjóðarsorg (n, kvk) Samhugur heillar þjóðar vegna atburðar sem almenningi finnst að snerti sig, eða yfirvöld telja að eigi að snerta alla. Getur t.d. verið fráfall þjóðhöfðingja eða stórslys.

Þjóðarvilji (n, kk) Það sem fólk í landinu vill almennt eða einhver *telur* fólk *trú* um að það vilji.

Þjóðbraut (n, kvk) *Alfaraleið*; vegur sem almennt er farinn; þjóðvegur. Bæir liggja misjafnlega vel við samgöngum, og þeir eru sagðir vera *í þjóðbraut* sem liggja nærri alfaraleið. Sjá *um þjóðbraut þvera*.

Þjóðerni (n, hk) Uppruni manns; sú þjóð sem manneskja/hópur/annað tilheyrir. „Telja má líklegt að á Kollsvíkinni hafi veitt skip af ýmsu þjóðerni gegnum aldirnar; Norðmenn, Danir; Færeyingar; Bretar; Hollendingar og jafnvel fleiri“.

Þjóðernissinni (n, kk) A. Sá sem hefur mikla þjóðerniskennd og vill landi sínu og þjóð allt það besta. B. Orðið fékk mjög neikvæða merkingu í aðdraganda síðari heimsstyrjaldar í huga meirihluta almennings, sem það hefur enn ekki losnað undan. Þá var það notað um þá sem aðhylltust stefnu Adolfs Hitlers og Nasistaflokks hans, sem í beinni þýðingu nefndist reyndar „þjóðernisflokkurinn“. Þó sú stefna byggði vissulega m.a. á þjóðhollustu þá var útfærslan með þeim hætti að til ófriðar hlaut að draga.

Þjóðfélag (n, hk) Fólk sem telst tilheyra einni þjóð og tilheyrir sama ríki.

Þjóðflokkur (n, kk) Hópur fólks sem í meginráttum hefur sömu siði og talar sama tungumál. Skilgreiningin getur verið misjafnlega þröng. Stundum eru Íslendingar taldir einn þjóðflokkur, en stundum er talað um fólk

í byggðarlagi sem þjóðflokk. Þannig hætti t.d. Útvíknámönnum til að tala um Rauðsendinga, Hafnarbúa, Patreksfirðinga og Barðstrendinga sem þjóðflokka; og hefur líklega verið gagnkvæmt.

Þjóðhagi (n, kk) Sá sem er þjóðhagur.

Þjóðhagur (l) Mjög laginn handverksmaður; snillingur í smíðum og handverki. Þjóðhagir menn voru mikils metnir í sínum byggðarlögum, enda leituðu menn gjarnan til þeirra með hvaðeina sem þurfti að fá smíðað eða lagfært, auk þess sem eftir marga þeirra liggja snilldarverk. Dæmi um þjóðaha menn í Rauðasandshreppi voru Guðbjartur Egilsson á Lambavatni og síðar dóttir hans Sigríður á Láganúpi. Einnig Ólafur Sveinsson á Sellátranasi, sem t.d. fyrir eigin rammleik náði betri tókum á rafeindatekni en þeir sem hálærðir teljast.

Þjóðhátíðardagurinn (n, kk, m.gr) 17.júní; fæðingardagur Jóns Sigurðssonar sem nefndur hefur verið forseti; stofndagur lýðveldisins Íslands á Þingvöllum 1944.

Þjóðhættir (n, kk, fto) Síðir og venjur sem almennt tíðkast hjá þjóð eða í byggðarlagi.

Þjóðir (n, kvk, fto) Erlendir menn. Í Kollsvík hefur lifað framundir þennan dag hugtakið að „versla við þjóðir“; Mun það líklega vísa til þess tíma þegar erlendar duggur komu upp á Útvíkur, t.d. á *ensku öldinni*, og menn áttu við skipverja milliliðalaus viðskipti. Sjá *verslunarstaður*.

Þjóðlegur (l) A. Föðurlandshollur; sem hefur skírskotun í þjóðarmenningu. „Lagði hann til að töðugiöldin væru látin falla niður (í Fagrahvammi), vegna þess að öðrum kosti félli sá þjóðlegi síður niður á heimilunum“ (Gerðabók Rauðasandshr; alm.hreppsfundur 30.03.1963; ritari ÖG). B. Alþýðlegur; mannblendinn. „Hann var hinn þjóðlegasti í viðmóti“.

Þjóðkunnur (l) Þekktur á landsvísu/ meðal þjóðar. Margir Kollsvíkingar hafa orðið þjóðkunnir. Má þar t.d. nefna Samúel Eggertsson teiknara og landfræðing sem bjó á Grund/Torfamel.

Þjóðleið (n, kvk) Alfaravegur; leið sem almennt/mikið er farin. „Leiðin Gjörgrar yfir Örylgshöfn nálægt sjó að þjóðveginum við Hafnarmúla var um skeið talin annaðtveggja; sýsluvegur eða þjóðleið“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Þjóðmál (n, hk, fto) Málefni sem snerta fólk almennt. Oft notað um stjórn málaumræðu. „Þeir sátu lengi og ræddu þjóðmálin“.

Þjóðnýting (n, kvk) Hugtak sem notað hefur verið um þann verknað ráðamanna að taka mikil verðmæti í einkaeigu og leggja þau undir þjóðina eða ríkisvaldið án fullra bóta. Er því víðtækara en eignarnám, sem leggur eignir undir einstakar stofnanir eða fyrirtæki sem oft eru í almannaeygu. Hugtakið hefur stundum verið notað um kvótasetningu íslenskra stjórnvalda í sjávarútvegi. Í raun varð framkvæmdin sú að fáeinum útvegsmönnum, svonefndum kvótakóngum, var afhent þessi sameiginlega auðlind þjóðarinnar á silurfati. Önnur dæmi um þjóðnýtingu hérlandis er þjóðnýting Íslandsbanka; fyrst 1930 þegar gjaldþrot hans blasti við, og síðar 2008 þegar hann (hét þá Glitnir) hafði snarast á hausinn í bankahruninu.

Þjóðráð (n, hk) Snjallræði; gott úrræði. „Þetta reyndist hið mesta þjóðráð“.

Þjóðrækinn (l) Um þann sem sýnir umhyggju fyrir sinni þjóð.

Þjóðsaga (n, kvk) A. Sögn sem gengið hefur manna á meðal svo lengi sem elstu menn muna. Á seinni öldum var safnað sögum sem verið höfðu í munnlegri geymd, og þær skráðar, t.d. af Jóni Árnasyni. B. Slanguryrði um lygasögu/slúður. „Þetta hlýtur að vera einhver þjóðsaga; ég legg nú lítinn trúnað á það“!

Þjóðtrú (n, kvk) Alþýðtrú; trú almennings á ýmislegt það sem ekki styðst við „viðurkennd vísindi“, heldur er annaðhvort talið hagnýt þekking byggð á reynslu eða skýring á náttúrufyrirbæri sem oftast hefur einnig skemmtanagildi. Þjóðtrú hefur, líkt og þjóðsögur, varðveist í munnlegri geymd. Þjóðtrú getur t.d. lotið að skýringu náttúrufyrirbæra, veðurspám eða öðru.

Þjóðvegur (n, kk) *Alfaraleið; þjóðbraut*; fjölfarin vegur; vegur sem er í umsjá samfélagsins en er ekki einkavegur.

Þjóðveldi / Þjóðveldisöld (n, hk/kvk) Heiti sem notuð eru um stjórnarfar þjóðarinnar frá því að landnámsmenn gerðust Íslendingar til þess að þjóðin gekkst undir vald Noregskonungs árið 1262. Upphafið er þó oftast miðað við stofnun Alþingis árið 930. Segja má að þetta hafi verið eini tíminn í sögu þjóðarinnar sem hún var algerlega frjáls að því að skipa sínum málum og byggja upp eigið stjórnkerfi án erlendra afskipta. Það frelsi fékkst ekki aftur þó þjóðin losnaði undan kóngsvaldi, þar sem hún var eftir það bundin af alþjóðasamningum; hersetu og ýmsum kerfum sem komin voru á í heimsmálum. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu framseldu íslensk stjórnvöld verulegan hluta löggjafarvalds til stofnana í Evrópu fyrir verslunarkjör. Það fullveldi hefur því í raun aldrei fengist aftur sem var á dögum þjóðveldisins. Þar með er ekki sagt að þjóðveldið hefði getað staðist tímans tönn lengur en það gerði. Íslendingar hljóta alltaf að þurfa að sækja ýmislegt til annarra þjóða, og líklega varð skortur á viðhaldi skipastólsins, ásamt veikburða stjórnkerfi og samþjöppun valds, helst til þess að þjóðveldið féll. Þjóðveldið skiptist í goðorð sem öll voru í upphafi jafn réttá. Fyrir hverju réð goði sem hafði trúnað sinna

þegna; var lögspekingur og jafnan vel ættaður. Þegar tollar og tíundir komu til á 12.öld óx tilhneyging til samþjöppunar valds. Sex ættir eignuðust öll góðorð landsins og milli þeirra hófst valdabarátta. Leitað vat fulltingis kóngsins, sem endaði með hruni þjóðveldisins og undirritun *Gamla sáttmála* 1262.

Þjóðvísa (n, kvk) Stutt vísa sem varðveist hefur í munnlegri geymd og enginn veit höfund að.

Þjóðþing (n, hk) Samkoma og samráð nokkurra manneskja sem teljast vera fulltrúar þjóðarinnar; á seinni tímum valdir með lýðræðislegri kosningu. Hlutverk þjóðþings er að setja þjóðinni lög og leggja línur um framkvæmd ríkisvalds. Alþingi Íslendinga er stundum talið elsta þjóðþing heims, þó ekki hafi það starfað samfellt frá stofnun árið 930.

Þjóðþrifamál / Þjóðþrifaverk (n, hk) Málefni/verkefni sem er þjóðlífi til framdráttar. „Margir töldu það þjóðþrifamál að koma erlendum togurum af Íslandsmiðum“.

Þjófabálkur (n, kk) Kafli í lögboekum um þjófnað og viðurlög við honum. Sjá *tekur útyfir allan þjófabálk*.

Þjófgefinn (l) Stelsjúkur; hneygður til þjófnaðar. „Vinnumaðurinn var sagður bæði latur og þjófgefinn“.

Þjófkenna (einhvern) (s) Saka einhvern um þjófnað. „Það þýðir ekkert að þjófkenna mig; þú tókst sjálfur við vasahnífnum aftur“!

Þjófnaður (n, kk) Stuldur; hnupl; rán. „Þetta er bara hreinn og klár þjófnaður og ekkert annað“!

Þjófstolinn (l) Um hlut; stolinn. „Hann sagðist ekki hafa haft grun um að hnífurinn væri þjófstolinn“.

Þjófur (n, kk) A. Sá sem stelur. B. Spil, oftast spilað af tveimur. Hvor spilar fær fjögur spil á hendi; fjögur spil eru lögð uppiloft í borðið og stokkurinn til hliðar. Tilgangurinn er að fá sem flest spil. Ef maður á spil jafnhátt því/þeim sem eru í borði þá tekur maður þau og leggur samstæðuna í stökk uppiloft fyrir framan sig, eð að öðrum kosti leggur hann í borðið. Mótspilarinn getur stolið bunka andstæðingsins eigi hann það spil sem stokkurinn sýnir. C. Þjófur eða Þjófalautir er nafn á lautasvæði í Láganúpslandi, milli Sandslágar, Vatnadal og Orma. Nafnið er eflaust dregið af því að þar geta auðveldlega leynst kindur þegar smalað er.

Þjóhnappur (n, kk) Rasskinn. „Ég kalla þetta nú ekki úlpu; sem nær ekki niðurfyrir þjóhnappa“!

Þjóna (s) Gegna hlutverki; veita þjónustu. „Hann þjónaði þar um tíma sem prestur“. „Á þessum tíma voru tvö samvinnufélög starfandi í Rauðasandshreppi og hét félagið sem þjónaði vestanverðum hreppnum Sláturfélagið Örlygur“ (PG; Veðmálið).

Þjóna hagsmunum (einhvers) (orðtak) Vinna að bættum hag einhvers. „EKKI veit ég hverra hagsmunum þessi ákvörðun þjónar; mér finnst hún arfavitlaus“!

Þjóna lund sinni (orðtak) Þóknast sjálfum sér; gera eins og manni þóknast/sýnist; taka lítið tillit til annarra. „Mér finnst að hann sé fremur að þjóna lund sinni með þessu en að hann beri mikla umhyggju fyrir öðrum“.

Þjóna (einhverjum) til borðs (orðtak) Bera einhverjum mat og aðstoða á annan hátt við borðhald.

Þjóna (einhverjum) til sængur (orðtak) A. Aðstoða einhvern við að háttu og undirbúa rúm hans. B. Samrekkja einhverjum. Síðari merkingin einkum tilkomin á síðari tímum; með aukinni lausung.

Þjóna tilgangi (orðtak) Vera til gagns. „Það þjónar engum tilgangi að hreyfa heyinu í rigningu“.

Þjónkun (n, kvk) Þjónusta; húsbóndahollusta. „Kollsvíkingum hefur líklega alltaf reynst fremur erfið öll þjónkun við sjónarmið annarra. Þeim er tamara að leysa úr málum útfrá eigin skynsemi“.

Þjór (n, kk) Eldra orð yfir naut.

Þjóra (s) Drekkja áfengi í óhófi; stunda drykkjuskap.

Þjósa (n, kvk) Stykki af hákarl eða hval. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Þjóstugur (l) Höstugur; með reiðitóni. „Það þýðir ekkert að vera svona þjóstugur við strákagarmana“.

Þjóstur (n, kk) Höstugleiki; reiðitónn. „Hann spurði með nokkrum þjósti hvar við hefðum fengið þessi egg“. „Er þá sagt að Benedikt hafi mælt af þjósti til Einars: „Illa er það farið, ef þú lætur flytja heim stolinn hval á hestum þínum Einar, á næsta sumri““ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).

Þjóstyrði (n, hk) Skammaryrði; skammir; það sem sagt er í höstugum tón.

Þjóta (s) A. *Gnauda; gjósta*. „Vindhviður þjóta um hlaðið og þyrta upp lausamjöllinni“. B. Fara í skyndingu; hlaupa hratt.

Þjóta á (orðtak) Heyrast vindur á, t.d. húsum. „Það þaut svo á þarna um miðnættið að varla var svefnfriður“.

Þjóta í (einhverjum) / Þjóta í nösunum/tálkunum á (einhverjum) (orðtak) Einhver skammast. „Það þaut dálítið í tálkunum á kerlingunni út af því hvað við skiluðum okkur seint í kvöldmatinn“.

Þjóta upp / Þjóta upp eins og naðra (orðtök) A. Reiðast skyndilega; snöggreiðast. „Ekki hafði ég fyrr sagt þetta en hann þaut upp með óbótaskammir“. B. Um útbrot/bólur; koma skyndilega. „Ég er allur að þjóta upp í bólum á þessu svæði“.

Þjóta/hlaupa upp til handa og fóta (orðtak) Fyllast æsingi; taka skyndilegt viðbragð. „Það er óþarfi að hlaupa upp til handa og fóta þó hundurinn sé að gelta. Það er trúlega í hrafnninn eins og vant er“.

Þjóttá (n, kvk) A. Seigt kjöt, t.d. sumt hvalket. B. Harðbali; erfiður til heyskapar. (Orðasafn Ingvars Guðbj.).

Þjöl (n, kvk) Raspur; verkfæri úr hertu stáli, með ýfðum fleti. Notað til að sverfa/raspa efni.

Þjösnaháttur / Þjösnaskapur (n, kk) Hrotaskapur; harka; það að gera ekki af lipurð/lagni. „Svona þjösnaháttur gengur ekki þegar þú ert að reka kýrnar; þær verða sjálfar að ráða sínum hraða“!

Þjösnalega (ao) Af hörku; harkalega; hrottalega; hryssingslega.

Þjösnalegur (l) Harkalegur; hrottalegur.

Þjösnast (s) Fara illa/harkalega/þjösnalega með; níðast á. „Það gengur ekki að þjösnast svona á söginni“!

Þoka (n, kvk) Mistur/skýjahula við yfirborð jarðar, sem byrgir sýn. „Ef þokuslitur voru í miðjum hlíðum Blakkness, Tálkna og Kóps var vestan eða norðvestanátt í vændum“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Þoka (s) Mjaka; mutra; hreyfa hægt. „Okkur tókst að þoka trénu uppfyfir flæðarmál“.

Þokast áfram/áleiðis (orðtak) Fara hægt áfram; miða lítið áfram.

Þokkabót (n, kvk) Viðbót. „Kálfurinn hefur vaðið upp allt beðið og brotið staurinn í þokkabót“.

Þokkagripur / Þokkapiltur (n, kk) Háðsyrði um þann sem þykir slæmur/viðsjárverður. „Þetta er þokkagripur“!

Þokkalega (ao) Sæmilega; vel; bærilega. „Þetta gengur bara þokkalega“.

Þokkalegur (l) Vel sæmilegur; ágætur; góður. „Það var Liði sem kallaði, þaðan sem hann stóð í almenningnum og hélt í hornið á þokkalegu hrútlambi“ (PG; Veðmálið).

Þokkalegheit (n, hk, fto) Það sem er sæmilegt/viðunandi/skaðlaust. „Það er komið þokkalegheita veður“. „Það var skafl í Jökkladalshæðinni, en annars þokkalegheita færð yfir Hálsinn“.

Þokubakki (n, kk) Dökkur skýjabakki sem sést við hafsbún. „Til hafsins var svartur þokubakki sem virtist færast hægt nær“ (ÖG; Þokuróður). „... en hár og fjarlægur þokubakki til hafsins; logn og sjólaust að heita mátti“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Þokubelti / Þokurönd (n, hk) Þoka sem liggur í þunnu lagi og afmarkað utan í fjalli. „Oft má sjá þokubelti í Blakknum, einkum í röku lofti og aðlögn“.

Þokubíki (n, hk) Mjög dimm þoka. „Veður var gott, nema hvað þokubíkið var slíkt að ekki sást nema fáar bátslengdir frá bátnum“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum). Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur.

Þokubreiða (n, kvk) Lágþoka; þoka sem fyllir vík/fjörð, líkt og teppi séð ofan af aðliggjandi fjalli.

Þokubrækja (n, kvk) Þokufýla; þokuslæða; þokudumbungur; þoka.

Þokudrungi (n, kk) Þokuruddi; þokufýla; þétt þoka í logni. „Skelfing leiðist mér þessi þokudrungi“!

Þokudumbungur (n, kk) Dimmt í lofti af þoku. „Enn heldur hann þessum þokudumbungi hér yfir“.

Þokufýla (n, kvk) Þétt þoka, oft með ýringi. „Það er hráslagalegt í svona þokufýlu“.

Þokuhnoðri (n, kk) Mjög staðbundin þoka. „Hann er að bræða þetta af sér; það eru bara eftir fáeinir þokuhnoðrar hér norður í víkinni“.

Þokuhula (n, kvk) Þokuslæða; lágþoka sem hylur dal- eða víkurbotn.

Þokukargi (n, kk) Þokuruddi; þokurudningur; þoka sem er mismnandi að þéttleika.

Þokukófi (n, hk) Kafþoka; dimm þoka. „Það er borin von að við finnum féð í þessu þokukófi“.

Þokulaust (l) Án þoku. „Það er líklega þokulaust frammi í dalnum“.

Þokulefsa (n, kvk) Þokuslitra; staðbundin þoka. „Það eru einhverjar þokulefsur hér suðurum sýnist mér, en ég held að hann bræði þetta af sér jafnóðum“.

Þokuloft (n, hk) Gisin þoka. „...birtutíminn er stuttur í því þokulofti sem nú grúfir yfir öllu“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Þokulúður (n, kk) Lúður í skipi eða vita sem blásið er í til viðvörunar öðrum skipum í þoku. „Áður en ratsjár urðu algengar í skipum mátti oft heyra þokulúðra gjalla frammi á víkinni“.

Þokulæða / Þokulæðingur (n, kvk/kk) Lágþoka; þoka sem fer með jörðu, t.d. frá sjó innfyfir land.

Þokumistur / Þokumugga / Þokumygla (n, hk) Gisin/létt þoka. „Það dregur nokkuð úr þurrkinum þetta þokumistur“. „Enn var hvítalogn, en þokumistur að færast upp í Kópinn“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Þokumolla (n, kvk) Þoka sem hangir yfir í hægviðri, en blæs fljótt burtu þegar vindar.

Þokumyrkur / Þokumökkur (n, hk) Niðadimm þoka. „Ekki sáu menn á Guðbjörgu neinn af hinum bátunum vegna þokumyrkurs“ (ÖG; Þokuróður).

Þokunepja (n, kvk) Kuldi í þoku. „Mikið er gott að komast upp úr þokunepjunni niðri í dalnum“!

Þokurubbi (n, kk) *Þokuruðningur*. „...það var þokurubbi á bjargbrúninni“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Þokuruddi (n, kk) Dimm þoka; þokuruðningur. „Hann er eittvað að byrja að blása í þennan þokurudda“.

Þokuruðningur (n, kk) Þykk þoka, en með glöggum mörkum. „Hann er að setja einhvern þokuruðning hér upp á víkina“.

Þokurubbi (n, kk) *Þokuruðningur*. „...það var þokurubbi á bjargbrúninni“ (KJK). Finnst ekki í orðabókum.

Þokuruddi (n, kk) *Þokuruðningur*. „Það er líklega rétt að sigla gætilega í þessum þokurudda“.

Þokuslá (s) Um það þegar dregur úr rigningu og í stað hennar kemur þoka, ein og oft vill verða í skilum misheitra loftmassa. Alltaf notað með „sig“ á eftir. „Hann er eitthvað farinn að draga úr þessu úrhelli og þokuslá sig“. Orðið finnst ekki í orðabókum en er Kollsvíkingum tamt á tungu.

Þokuslitur / Þokusliturur / Þokuslæðingur (n, hk, fto) Slitruv/hnoðrar af þoku; gisin þoka. „Ef þokuslitur voru í miðjum hlíðum Blakkness, Tálkna og Kóps bar vestan- eða norðvestanátt í vændum“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir III).

Þokuslæða (n, kvk) Staðbundin þoka sem oft leggst eins og þunn slæða upp með Blakknum og inn yfir Melarandir og Litluflit, án þess að koma ofar að deginum.

Þokusuddi / Þokusúld / Þokuyringur (n, kvk/kk) Finn *rigningarúði* í þoku. „Maður verður fljótt blautur í þessari þokusúld“.

Þokusvæla (n, kvk) Þykk þoka, gjarnan í afmörkuðum bólstrum líkt og reykur. „Hann er að leggja upp einhverja þokusvælu“.

Þokuveggur / Þokupykkni (n, kk) Þoka getur orðið mjög þétt og skörp skil geta orðið við þokujaðarinn.

Þol (n, hk) Seigla; úthald; mótstöðuafli.

Þola (s) Halda út; umbera; una við.

Þola blítt og strítt / Þola súrt og sætt með (einhverjum) (orðtak) Vera með einhverjum gegnum erfiðleika/*gegnum þykkt og þunnt*. „Hún sagðist hafa þolað súrt og sætt með karli sínum, en ætti samt einungis góðar minningar um hann“.

Þola ekki við (orðtak) Afbera ekki; líða illa af verkjum eða öðru; geta ekki verið/setið/legið kyrr af einhverri ástæðu. „Hættu nú að reka svona fúlt við; maður hættir að þola við hér í stofunni bráðum“!

Þola enga bið (orðtak) Geta ekki beðið. „Þetta mál þolir enga bið“!

Þolandi / Þolanlegur (l) Sem unnt er að umbera/þola/ una við. „Svona háttalag er bara alls ekki þolandi“! „Það er bara að koma þolanlegt veður“.

Þolanlega (ao) Sæmilega; bærilega; þokkalega. „Mér er farið að líða þolanlega núna“.

Þolgóður / Þolinn / Þolmikill (l) Úthaldsmikill; seigur; þrekmikill. „Heldur þykir mér strákurinn þolgóður; að hlaupa svona viðstöðulaust upp brekkuna“! „Hann var ótrúlega þolinn á hlaupum“.

Þolgæði (n, hk, fto) Úthald; dugur. „Iðni og þolgæði“ (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1918).

Þolinmóður (n, kk) Stuttur ás sem einhver hlutur leikur um. Getur t.d. verið pinni í skærum, pinni í gleraugnasöng o.fl. „Klembur voru heimasíði; annaðhvort úr hvalbeini eða kindarleggjum. Tvær hvalbeinsflísar voru tengdar með þolinmóði í annan endann“ (KJK; Kollsvíkurver).

Þolinmóður (l) Sem hefur rósemd til að biða. „Þú verður bara að biða þolinmóður. Tófan hlýtur að láta sjá sig fyrir eða síðar“.

Þolinmæðin þrautir vinnur allar (orðatiltæki) Með þolinmæði er unnt að sigrast á flestum fyrirstöðum. Þessi gunnfáni þverhausanna hefur löngum verið Kollsvíkingum leiðarstef í torsóttum verkefnum.

Þolinmæðisverk / Þolinmæðisvinna (n, hk/kvk) Verk/vinna sem krefst þolinmæði.

Þollur (n, kk) Hæll; lágur staur sem rekinn er í jörðu. „Þegar við Svavar komum að Gorgánshillunni fundum við þar gamlan þoll í jörðinni sem Júlli í Tungu hafði líklega skilið eftir. Hann fór alltaf einn á hilluna til eggja; og brá þá lásbandi á hælinni. Mikið er fyrir þessum eggjum haft, þar sem *plampa* þarf með þau upp

alla hlíðina; upp Lambagang og í bíl við Leifsgjá; sé ekki farið á báti“ (VÖ). „Í Gvendarbrunni var afvatnaður fugl frá öllum bæjunum; hengdi hver sína kippu á þoll“ (DE; Örn.skrá Hvallátra).

Þolraun (n, kvk) Atvik/verk sem reynir verulega á getu/úthald manns. „Ég kalla það gott hjá honum að standast þessa þolraun“!

Þor (n, hk) *Dirfska; áræðni; framhleygni*. „Það þarf allmikið þor til að leggja í þetta klifur, *bandlaus*“.

Þora (s) Hætta á; hafa kjark/þor til. „Ég þori ekki að leggja að hleininni í þessum súgi“.

Þora ekki fyrir sitt litla líf (orðtak) Þora alls ekki; leggja alls ekki í. „Ég þori ekki fyrir mitt litla líf að snerta á þessu fyrir en hann hefur gefið sitt leyfi til þess“.

Þora ekki/varla um þvert hús að ganga (orðtak) Vera mjög smeykur/kvíðafullur/kúgaður.

„Reglugerðafarganið kringum þetta er orðið svo mikið að menn þora varla lengur um þvert hús að ganga“.

Þorandi (l) Hættandi á; vogandi. „Ég held að það sé ekki þorandi að skilja bátinn eftir við þennan stjóra“.

Þori að hengja mig uppá / þori að veðja (orðtak) Er svo sannfærður að ég þori að leggja undir við þann sem er á annarri skoðun. „„Nei fari það í helvíti. Það kemur ekki til mála að þessi kettlingur hafi 35 punda skrokk. Það þori ég að veðja um“! (PG; Veðmálið). „Ég þori að hengja mig uppá að þetta er rétt“! Sjá *skal hengja mig uppá*.

Þorir hvorki að æmta né skræmta (orðtak) Þorir ekki að segja neitt/mótmæla/gefa frá sér hljóð.

Þorláksmessa (n, kvk) A. Messudagur 23. desember frá kaþólskum sið; helgaður Þorláki biskupi helga, Þórhallssyni. Hann andaðist 23. desember 1193, en messan var lögleidd 1199. Þorláksmessa hefur haft sérstöðu um margt, einkum í matsiðum, en mismunandi eftir landshlutum. „Hangikjöt var alltaf soðið fyrir hátíðirnar. Á Þorláksmessukvöld var skata og reyktar bringur, og kaffi og lummur á eftir. Og svo var spilað, á Þorláksmessukvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM). „Þeim sið hefur alltaf verið haldið í Kollsvík að snæða reyktar bringukolla á Þorláksmessu. Var jafnvel lagt meira uppúr því en skötunni; hún var þá hádegismatur, en bringurnar kvöldmatur. Hver heimilismaður fékk einn heilan bringukoll sem hann byrjaði á að merkja sér en *vann sér svo til matar* með sínum vasahníf. Það af bringunni sem ekki kláraðist á Þorláksmessu var geymt til annars í jólum; þá hélt hver áfram með sína bringu. Sá siður að snæða bringukolla á Þorláksmessu er ekki útbreiddur, og ég hef ekki haft spurnir af honum annarsstaðar. Svo virðist að hann sé eitt þeirra menningarsérkenna frá gamalli tíð sem lengst héldust í Kollsvík. Nú til dags tíðkast það að saga bringuna í tvennt í stað þess að hún var áður tekin heil; sagað báðumegin við“ (VÖ). „Fyrrum var siður vestra að sjóða Þorláksmessuskötuna í hangikjötssöðinu. Með stöppunni höfðu ýmsir, feitar, reyktar bringur og rúgkökur. Einnig var skatan upp úr söðinu snædd með reyktum eða óreyktum bringum; hangiflot haft sem viðbit og á eftir drukkið kaffi með lummum“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; GG). B. Þorláksmessa á sumri er 20. júlí. Hún var lögleidd 1237 í minningu þess að bein Þorláks helga Þórhallssonar Skálholtsbiskups voru upp tekin þann dag árið 1198. „Á Þorláksmessukvöld var skata og reyktar bringur og kaffi; og svo var spilað á Þorláksmessukvöld“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Þorn (n, hk) A. Gaddur; horn. Einkum notað um gadd í sylgju, t.d. í belti. B. Bókstafur.

Þorna (s) A. Verða þurr. „Héldu teinarnir flakinu opnu svo það þornaði á skömmum tíma“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Minnka/lækka verulega að vatnsmagni. „Aldrei þornar sunðið á milli lands og Arnarboða“ (HÖ; Fjaran).

Þorna af / Þorna af sér (orðtök) Um það þegar yfirborð þornar á þurrkvelli; þegar dögg þornar. „Það þornar fljótt af í morgunsólinni“. „Ég held þetta sé nú að þorna nægilega af sér til að hægt sé að fara að rifja“.

Þorna af steini / Þorna af grasi / Þorna af jörð / Þorna af strái (orðtak) Mikið notuð hugtök um stigvaxandi þornun jarðar eftir rigningu eða að morgni eftir náttfall. Menn litu ekki að heyskap meðan ekki þornaði af steini. Slegið var þó ekki þornaði af grasi; jafnvel þótti betra að slá í rekju en þurrki, og ef mikið lá við var unnt að bæta á votheysgryfjur þó ekki væri grasþurrt. Hinsvegar var ekki litið að þurrheyskap fyrir en orðið var vel þurrt á jörð. Til að sannreyna það er besta ráðið að strjúka handarbaki við hæfilega loðna jörð.

Þorna til (orðtak) Um veðurlag; stytta upp; hætta að rigna; gera þurrk. „Eitthvað er hann að *snúa sér* og *ganga útá*; ég gæti trúað að hann færi að þorna til“.

Þorna upp (orðtak) Hætta að rigna. „Nú gæti ég trúað að hann fari að þorna upp. Eitthvað er að *birta til*“.

„Lækurinn er þornaður upp í hitunum“.

Þornabök (n, hk, fto) Smátennur/nabbar á börðum skötu. „Stykkið allt; bak, kviður og hali, sem losað var, hét einu nafni hlaunir/skötuhlaunir/sköturass. Í hlaununum eru tól graðskötunnar, en á börðum hennar eru smátennur; þornabök“ (LK; Ísl. sjávarhættir, heim; RÍ Kirkjuhvammi).

Þornar á ljánum (orðtak) Um góðan þurrk/ *brakandi þurrk/ skarpan þurrk*. Sagt er að grasið þorni á ljánum þegar þurrkur er svo góður að það nær að verða stökkt af þurrki samdægurs.

Þorp (n, hk) Þyrping húsa; þéttbýll staður; lítið kauptún. Fyrri merking orðsins er urð eða hrjóstugur staður.

Þorpari (n, kk) Þrjútur; rusti; ribbaldi. Upphafleg merking er „maður úr þorpi“, sem vísar líklega til þess að margir komu fyrrum ölváðir úr kaupstað eftir vínverslun eða heimsóknir.

Þorraþræll (n, kk) Síðasti dagur Þorra; laugardagurinn fyrir Góubyrjun.

Þorrablót (n, hk) Sá ævaforni siður að halda þorra hátíðlegan einn dag í þorra með einhverri tilbreytingu í mat og e.t.v. fleiru. Þorrablót á rætur í heiðni og mun upprunalega helst hafa verið haldið á bóndadegi; þ.e. fyrsta dag þorra. Líklega hefur upprunalegur tilgangur blótsins verið sá að reyna að milda skap Þorra, sem í fornri trú var einn þeirra náttúruvætta sem réði fyrir tíðarfari. Blótin lögðust af um langan tíma eftir kristnitökuna árið 1000, en voru endurvakin snemma á 19.öld. Ekki skal fullyrt hvenær farið var að halda þau aftur í Rauðasandshreppi. Þar voru þau ein mesta sameiginlega skemmtun hreppsþúa töluvert framyfir stofnun Vesturbyggðar eða þar til það sveitarfélag seldi félagsheimilið Fagrahvamm sem íbúar Rauðasandshrepps höfðu byggt að mestu í sjálfboðavinnu.

Undirbúningur þorrablóta í Fagrahvamm var á hendi þorrablótsnefndar, en hreppnum var skipt í fjögur svæði sem héldu blótið sitt árið hver. Svæðin voru; Víknamenn, þ.e. Útvíkur og Bær (Hænuvík og Sellátranes); Hafnarmenn, þ.e. bæirnir í Örlýgshöfn; Innfjarðarmenn, þ.e. bæirnir inn með Patreksfirði beggja vegna ásamt fjáreigendum á Patreksfirði; og Rauðsendingar, þ.e. fólk á Rauðasandi. Mikil vinna var lögð í undirbúninginn; bæði verkun matar t.d. í súr, reyk og herslu, sem og samningu frumsaminnna söngva, skáldverka og leikverka sem flutt voru; oftast í revíustíl. Komu þar fram mikil skáld- og leikarar, sem sómt hefðu sér vel sem atvinnulistamenn. Að loknu borðhaldi og skemmtiatriðum var dansleikur frameftir nóttu; fyrrum með harmonikkuundirleik en síðar hljómsveitum.

Þorraþræll (n, kk) Síðasti dagur þorra; dagurinn fyrir konudag.

Þorri (n, kk) A. Einn af gömlu íslensku mánuðunum; byrjar vanalega í kringum 20. janúar. Því var trúað að væri hann stilltur og frostasamur myndi vel vora; sbr vísuna: „Þurr skyldi Þorri;/ þeysin Góa;/ votur Einmánuður;/ þá mun vel vora“. Sagt var að þorri yrði góður ef hann byrjaði illa. Þorri var í fornri trú sagður sonur Snæs Jökulssonar og systkini hans voru Fönn, Drífa og Mjöll. Þorri er fyrrum sagður hafa ráðið fyrir Gotlandi, Kænlandi og Finnlandi, og blótuðu Kænir hann til þess að snjóa gerði og gott færi. Börn Þorra voru Nórr, Górr og Góí. (Fornaldarsögur Norðurlanda). B. Megnið/meginhlutinn af einhverju. „Við erum búnir að vitja um þorrann af netunum“.

Þorrinn (l) Búinn; upp urinn. Stofnmyndin er sögnin að „þverra“. „Mér sýnist að aflinn sé alveg þorrinn á grunnmiðum þetta árið“.

Þorskafli (n, kk) Veiði/aflí af þorski. „Þegar líða tók á vertíðina, að áliðnum júnimánuði, var farið að hugsa um að verka þorskaflann; þvo hann og þurrka, til að reyna að fá meira fyrir hann en ef hann var seldur uppúr salti“ (KJK; Kollsvíkurver).

Þorskaliður (n, kvk) Lifur var alltaf hirt úr þorski, og er að mestu enn. Helsta nýting hennar áður fyrr var til ljósa. Þá var lýsið/ljósmeitið látið renna af henni og notað á lýsislampa, kolur, pönnur og tírur. Einnig var hún soðin ný til matar; notuð sem skepnufóður; sem meðal og sem eldsmatur. Þegar lýsi rennur af lifur verður eftir grútur/grotti/fótur. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Þorskalýsi (n, hk) Lýsi úr þorsklifur. „Fátt finnst mér betra en sjálfrunnið þorskalýsi úr nýrri lifur“.

Þorskastríð (n, hk) Landhelgisdeila Íslendinga við aðrar þjóðir vegna útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu. Útlendingar hafa lengi sótt á Íslandsmið, eða frá því að Englendingar fóru að koma á skútum sínum á *ensku öldinni*. Smám saman urðu skip og veiðarfæri öflugri og stórt stökk var tekið í þeim efnun þegar togarar komu til, á 20.öldinni. Veiðar Íslendinga og annarra þjóða jukust svo mikið að fiskistofnum var stefnt í hættu. Sýnt var að ekki tækist að stýra sókninni meðan útlendingar veiddu óheft og því var landhelgin færð út í nokkrum þrepum: Fyrst úr 4 sjómílum í 12 1958-61; síðan í 50 mílur 1972 og síðast í 200 mílur 1975. Allar þessar útfærslur kostuðu mikil átök við aðrar þjóðir; einkum við Breta sem áttu mikilla hagsmuna að gæta og höfðu lengi byggt atvinnu heilla bæja á sókn á þessi mið. Átökin urðu bæði pólitísk og einnig kom til ásiglinga og aðvörunarskota á miðunum. Þrátt fyrir að Bretar sendu flota sinn til vettvang kom það fyrir ekki. Íslensk varðskip beittu því sem nefnt var „leynivopnið“ en það var einfaldur útbúnaður sem klippti á togvára togara og hindraði veiðar.

Þorskhaus (n, kk) Hausar af þorskum voru mikilvæg matvara fyrrum. „Yfirleitt voru allir hausar af málfiski hirtir til herslu...Elsta gerð af hertum þorskhaus, og sú algengasta, var *kringluhaus*. Ef ekki hafði verið *varkjafnað* var byrjað á því að skera sem næst tungubeinshnúð svo að sem mestur hluti *kverksigans/gellunnar* fylgdi kjálkanum. Síðan var skorið í hálfhring niður með kjálkabörðunum og að því búnu var hausinn rifinn upp... Síðan var skorið meðfram *fleygbeini* beggja vegna og sundur *granabein* og *kjafabein*. Síðan var hnif brugðið upp í tálknin og kverksiginn skorinn sundur um miðju *langseftir*...Það síðasta var að *brjóta* hausinn út, sem kallað var, og var fólgið í því að grípa sinni hendinni um hvora kinn og sveigja þær frá fleygbeininu. Hausar voru þvegnir vandlega úr sjó fyrir herslu. Fyrrum var algengast að herða kringluhousa á mól,

klöppum eða fiskgörðum. Þeir voru þá fyrst *roðbreiddir*, en eftir að hafa spýtt sjónum og *visast* eilítið var þeim snúið. Meðan þeir voru að *skelja* var það gert hvað eftir annað, og ekki hreyfðir úr breiðunni nema von væri á rigningu, en þá voru þeir settir upp í *smálaupa*/hrúgur; roðið látið snúa upp, og úr þeim síðan breitt í *uppstyttna*. Gat þetta oft endurtekið sig í væutíð, uns hausarnir voru orðnir það vel skeljaðir að óhætt væri að hlaða þeim í stakk, þar sem þeir gátu varið sig og fullharðnað... Venja var á Vestfjörðum, þegar þorskhausar voru hertir á möl, að láta tálknið snúa til sjávar en *trantinn* á land upp. Með þessu lagi áttu hausarnir að draga að afla... Ef hausar voru hertir á rámi í hjöllum voru þeir venjulega teknir af þeim til að rýma fyrir nýjum. Hálfhertir hausar voru kippaðir upp; stungið þræddri *hausanál* í gegnum augað og þræddir um 60 hausar upp á þorskhausaband og hnýtt að. Hausanálin var úr hvalbeini; lík seilarnál en allmiklu minni; um 20 cm á lengd. Þær tíðkuðust ekki nema á Vestfjörðum. .. Sumir höfðu fyrir venju að *höggva upp* kringluhausa meðan þeir voru í verkun, en ekki fyrr en þeir voru orðnir sæmilega harðir. Ýmist voru þeir *kinnklofnir* eða *krummaklofnir*. Til þess var notuð heimasmiðuð *skaröxi/hausaexi*... Stöku sinnum voru þorskhausar hertir án þess að rífa þá upp, að öðru leyti en því að taka úr þeim tálknið. Þesskonar hausar nefndust *heiðingjar*. Ennfremur voru hausar hertir óupprifnir með tálkninu óhreyfðu; bumlungar Þessi heiti munu ekki hafa þekkt nema á Vestfjörðum. Aðallega voru þetta litlir hausar og jafnan hertir á möl. Þeir voru helst ætlaðir skepnunum, en þó kom fyrir að heiðingjar væru rífnir til átu eins og kringluhausar, en sú gerð var algengust um Vestfjörðu“ “ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Hertir þorskhausar voru mikilvægur hluti í mataræði landsmanna áður fyrr. Leiða má líkur að því að þeir hafi þó verið mikilvægari fyrir sveitir sem síður lágu að sjó, en að í verstöðvum eins og Kollsvík og öðrum Útvikum hafi fremur verið gnægð aðgengilegra fiskmetis. Það kann að skýra það að í hinu mikla riti Íslenskur sjávarháttum er ekki a finna miklar heimildir um hausaríf á þessum slóðum. Hausarnir hafa trúlega að mestu verið fluttir/seldir annað. Hér á eftir verður vitnað í þessa stórmerku bók, og þá einkum til að sýna hinn gríðarlega fjölda heita á hinum ýmsu hlutum þorskhausins. Endursögnin er mjög stytta: „Almennt var byrjað á að *rífa þorskhaus* með því að skera eða rífa tálknið frá vanga eða vöngum.. Síðan var tálknið rífið niður frá *krummanum* og fylgdi þá fleygbeinshimsnan/augnkylfuhimnan. Tálkn í heilu lagi var stöku sinnum nefnt kló. Eftgir að baulubeinum og *kerlingarprjónum* hafði verið lyft upp frá tálknbogum báðumegin nefndu sumir þau vængjabein. Þar sem baulubeinin koma ssaman að ofan kallast baulubeinshnúður eða tungubeinshnúður, en hann er hin eiginlega haka fisksins. Undir vængjaroði á baulu og kerlingarprjónum er himna; bauluhimna/hafrabeinshimna. Himnan milli kerlingarprjónanna nefnist gelgjuhimna/ hafrahimna/nálahimna/prjónahimna. Baulan kallast einnig baukur/baulubein/gelgjubein/ hafrabein/ hafur/kerling/kerlingarbaukur. Áfast við bauluna, á mótum rótar lengsta prjónsins, er lítið bein sem heitir strokkur. Á prjónunum eru ellefu nöfn. Þeirra algengust; kerlingarprjónar/bauluprjónar/hafrar, en einnig gelgjur/gelgjugeislungar/karlpriónar/klær/nálar/nálbein og prjónar. Oft höfðu menn á orði að þetta eða hitt beinið hefði verið *hrellt*, en það merkti ætíð að af því hefði verið tekið allt ætilegt. Því næst voru skornar burtu þanir af tálknbogabeini. Tálknþanir hétu einnig; kögur; tálknblöð/tálknfanir/*þanir*/fanir. Að ofan sameinast tálknbogarnir eða tálknbogabeinin tungubeini og efra-kokbeini, sem í raun eru eitt bein og á því eru smáoddar, kallaðir kisuklær/klær. Innan á hverjum boga eru beinhardar körtur eða biddar; svonefndir tálknbogatindar. Kisan er næst losuð af tálknbogaendum og heitir eftir það kisukall; fer stærð hans eftir því hvort varkjaftað hefur verið. Vængjaroðið/gelgjuroðið/hafraroðið/kúaroðið er stærsta roðið á þorskhausnum og var að sjálfsgöðu etið sem önnur roð, en gagnaðist að auki sem umbúðir. Næst á eftir tálkninu var byrjað að rífa aðra kinnina/kjammann/vangann. Granabeilurnar voru rífnar burt í heilu lagi og þar með var kinnin laus. Roðið á kinninni nefnist kinnfiskroð/kinnroð/kjammaroð/vangaroð. Ef lánaðist að rífa það í heilu lagi nefndist það „að rífa í þilju/bagga“. Byrjað var að rísta kjaftólina frá kjaftabeini/kjálka;farið undir roðið fremst á kjálkanum; það rífið aftur að liðamótum; plógbein ásamt roði greitt frá bógnum og því flett jafnlagt aftur. Loks er roðið losað frá kerlingarspaðanum og rífið fram endilangan kjammann kjálkamegin, en það var ýmist kallað kjálki; langroð eða langaroð. Ef augað var áfast við kinnina fylgdi augnhimnan oftast vangaroðinu og hét þá augnpungur. Sá hluti vangaroðsins sem næstur er auganu og er yfir augnfiskinum nefnist augnhringur. Innan við hann eru brjóskkennd bein áföst roðinu og fylgdu því ef það var sett í skyr og súr. Þessi bein eru öll föst saman og er plógbeinið efst; þvínæst björn og neðst veiðimaður. Himna er milli vangaroðs, bógfisks og kinnfisks. Á henni eru ellefu nöfn; brúðarsvunta/hæusvunta/kerlingarsvunta; *kerlingarsvunta*/maðkasvunta/maríusvunta/meyjarsvunta/silkisvunta/spákerling/spákerlingarsvunta og þerrisvunta. Af þessum heitum var kerlingarsvunta algengast. Svuntan var notuð sem veðurtákn á þann hátt að kerlingarspón var haldið milli vísifingurs og þumalringurs; svuntunni stungið í munn sér og spurt um leið um vindátt daginn eftir. Ef svuntan stóð bein eftir að henni hafði verið brugðið í munninn spáði hún logni og þurrviðri, en ef hana lagði undir átti það að vita á storm úr þeirri átt, og hann þeim mun stríðari sem svuntu lagði meir. Í annan stað var einkum tekið mark á henni varðandi þurrviðri eða regn. Svuntan var einnig óskaboði. Þegar hún stóð bein er hún var dregin út úr munninum mátti sá sem á henni hélt bera fram þrjár óskir í hljóði. En ef hana lagði varð hlutaðeigandi óskmissa. Eftir að vanginn hafði verið roð- og himnurifinn á ytra borði var losað um kjálkann; vanganum snúið við; losað um gómhimnu að neðan; hún rífn úr; skorið fyrir búrfiskinum; hluti pétursbeitunnar skorinn úr og loks kjaftafiskurinn numinn úr

kjálkabeininu. Gómhimnan er einnig kölluð gómfilla og gómroð. Neðst á henni er dökkur blettur; hælroði/illa/ónæmisblettur/skollablettur/*skollaskyrpa* eða spítalski blettur. Sagt var að hann væri eftir kló skrattans, eða hráka hans. Himnan var talin óætt og jafnvel sögð valda holdsveiki eða vitglöpum. Utan á kjálkafiskinum er himna, nefnd gómskella/kjálkafilla. Fiskurinn á kjálkanum nefndist hanafiskur/kjafafiskur/kjálkafiskur/kýr/kýrfiskur/skeiðarfiskur/skærafiskur/sonarfiskur eða sveinafiskur. Neðst á kjálkafiskinum innanverðum er lítið oddmyndað bein sem heitir banabein/*manndrápsbein*/morðbein. Það var numið burt úr kjálkafiskinum, en væri það ekki gert átti sá hluti sem beinið var í að valda dauða þess sem á, og því nefnt banabiti. Vanganum var nú snúið við aftur, þannig að bógur og kjálki vissu upp. Var þá farið undir bógfiskinn og hann rifinn frá bógbeininu. Ásamt kinnfiski er bógfiskur talinn matarmesti biti í hasunum, en hann ber að auki þessi nöfn; *bjalla/bjölluþfiskur*/bógur/drangafiskur/hæna/hænuþfiskur/langfiskur/langilþfiskur og skjaldfiskur. Með öðru hnifsbragði var losað um *kinnfiskinn*/kerlingarfiskinn/kjammafiskinn/kjannafiskinn/vangafiskinn og hann rifinn frá beinum. Sá hluti hans sem er á kinnbeininu er örþunnur og heitir heimska/kerlingarbarð/lúsarbarð/lygabarð/lygafön/skrökbarð/svikabarð/ og þrjúskubarð. Var því trúað að menn yrðu heimskir, lúsugir og lygnir ef þess væri neytt. Því var því hent. Loks var koddafiskurinn stundum tekinn úr í þessari lotu. Af innanverðri kinninni var því næst rifinn gómfiskur/innfiskur/lagfiskur/millifiskur/undirfiskur/uppiskera. Þessu næst var tekinn augnfiskur/bjalla/bjölluþfiskur/bugfiskur/drangfiskur/hani/karlfiskur/. Þá var hillufiskur/karlfiskur/koddafiskur/koddi/litlifiskur/steðji/viðarfiskur rifinn af hillu/koddabeini. Að síðustu var búrfiskur/gatfiskur/gluggafiskur/lúrfiskur/nál/nálþfiskur/Mariþfiskur/pokafiskur kroppaður af kinninni, en fylgdi annars oft kinnfiskinum. Hann situr í gati í kinninni sem nefnist gluggi/hola/nálhús og er á milli þriggja beina; skjaldar, koddabeins og kjammabeins. Til að kinnin væri fullhrelld var nú einungis eftir að skafa beinin, og það helst svo vandlega að engin matarögn yrði eftir á þeim. Þá var næst að kroppa krummann/kúpuna/hnakkann, en aftasti hluti hans nefnist drambur/hnakkakambur. Þegar augun höfðu verið numin burt var rífið af honum roðið og byrjað fremst; á krummanefinu/krummabeinsnefi/sáldbeini/nefbeini. Hnakkafiskur/hnakkí/krummafiskur/ kúla/kúlufiskur er losaður úr. Efsti hluti hans nefnist leynihnakkí/þjófasnepill. Því næst var losað um búrfiskinn/barnið/*holubarnið*/*holufiskinn*, sem er í lítilli dæld sem nefnd er búr/hola. Þar undir, sín hvorumegin á krummanum, eru kvarnirnar. Undir hnakkaroði yst á krummanum er brjóskkennd himna; hausskella/lúsarhimna. Fremst á krummanefinu er kúlulaga brjósk; björn/nefbrjósk. áfast við það er annað lengra; geitnefur/heimskubrjósk/lús/lúsarefur/refur/sjómaður/veiðimaður. Talið var að menn yrðu lúsugir ef þeir ætu lúsabrjóskið/ heimskir af að eta heimskubrjóskið. Fyrir framan hnakkfiskholurnar er ennisbein, en fyrir aftan það kambur/krummakambur/kúpubein/yfirhnakkabein. Krummanum er nú snúið við. Fleygbeinsfiskarnir/augnkylfufiskar/neffiskar eru teknir. Að síðustu er hausmergurinn/hausasmjör/kerlingasmjör/lúsasmjör tekinn úr heilabúinu. Með því var lokið að rífa þorskhausinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Fyrir utan fiskinn sjálfan sem hrelldur var úr hertum þorskhausum mátti hafa af þeim ýmis önnur not. Í fátækt mun hafa verið gerður beinastrjúgur úr þorskbeinum með því að mauksjóða þau og setja í síru. Bein voru einnig gefin búpeningi eftir að þau höfðu verið barin. Bauluprjónar voru þá tíndir frá. Kvarnir úr þorskhausum voru notaðar muldar til lækninga, t.d. á þvageppu/steinsótt. Kerlingaprjónar voru notaðir sem pútengjaspýtur til að festa niður jaðra á skinnnum þegar þau voru *spýtt*. Þeir voru einnig notaðir í snælduhnokka og til að loka með sláturskeppum, kútmögum og bjúgum. Í vökustaura/augnteprur munu hafa verið notuð baulu- eða gelgjubein. Þá voru beinin notuð sem leikföng barna. Kvarnir voru notaðar sem spilapeningar og í getleiki, s.s. „*legg í lófa karls karls*“.

Hin gríðarmörgu heiti sem þorskhausum tengjast hafa orðið efni í þulur og þjóðsagnir. Í Kollsvíkurveri var þekkt þessi þorskhausapúla, sem eflaust er gömul: „Rífdú fyrir mig kinnina mína/ en skilaðu mér svo:/ *kinnfiski/ kjálkafiski/ langfiski/ drangfiski/ holufiski/ hillufiski/ hnakkafiski/ gluggafiski/* og eigðu svo það sem afgangur verður“ (LK. Ísl. sjávarhættir IV; heimild KJK).

Þorskhausaband (n, hk) Kippa af hertum þorskhausum (sjá *þorskhaus*).

Þorskhausakvörn (n, kvk) Kvörn í/úr þorskhaus. Mikið féll til af þorskhausakvörnum í verstöðvum eins og í Kollsvík. Þær voru notaðar af börnum í ýmsa leiki og sem gjaldmiðill í spilum. Þá var það sagt gamalt læknisráð gegn steinsótt að drekka muldar þorskhausakvarnir í víni. „Við spiluðum mikið á veturna; sátum á gólfinu uppi á lofti og spiluðum Lander, Stopp, Treykort, Hjónasæng o.fl. Fyrir gjald notuðum við þorskhausakvarnir sem nóg var til af“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Þorskhogrn (n, hk, fti) *Gota; kýta*. Hrogn voru mestmegnis soðin ný og etin með lifur. Heill nefnist hrognabelgurinn brók/hrognabrók, en hvor helmingur nefnist skálm. Áðurfyrr voru stundum búnir til hrognaklattar/kýtuklattar, og var þá hrognunum hrært samanvið hveiti. Einnig var stundum hrært í þau rúgmjöli og búnar til hrognakökur sem soðnar voru í vatni eða sýrublöndu. Einnig voru hrogn sumsstaðar hert. Ekki er þó vitað til að það hafi verið gert í Útvíkum. Á seinni hluta 18. aldar urði hrogn útflutningsvara að ráði, og hafa verið það síðan. (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Þorskröð (n, hk) Róð á þorski. Þorskröð er með fingerðu hreistri og var jafnan borðað með nýjum fiski áður fyrr, þó nú sé það yfirleitt hreinsað af. Roð af hertum þorski var gjarnan snúið í vöndul og glóðað til átu, eða gefið hundum. Þar af er orðtakið *eins og snúið roð í hundskjaf*.

Þorskur (n, kk) A. Fiskur af ætt þorskfiska. Sú tegund sem hér við land hefur frá upphafi vega verið mikilvægastur matfiska er Atlantshafsþorskur; *Gadus morhua*. Hann getur orðið allt að 2 metrar að lengd; gulur á hliðina og hvítur á kviðinn. Getur þó tekið lit af umhverfinu, og þorskur sem lengi hefur verið á þarabotni verður rauðleitur á litinn; nefnist þá *þarabýrsklingur*. Skeggþráður er á höku sem fiskurinn notar til leitar að fæðu á botninum. Bakuggar þorsks eru þrír og raufaruggar tveir. Eyruggar eru stórir og greinileg rák er eftir endilöngum fiskinu. Þorskurinn er lifir á landgrunninu á 100-400 metra dýpi, en gengur þó enn grynna að sumarlagi. Þá er sagt að hann gangi á grunnmið, og eru mörg góð þorskmið á Útvíkum og Flóa. Okynþroska fiskur er mest norðvestan-, norðan- og austantil við landið en stærri fiskur er frekar sunnan og suðvestanlands. Helstu hrygningarsvæði hér við land eru á grunnnum undan Suðurlandi, frá Reykjanesi austur í Meðallandsbug. Hrygning hefst síðari hluta mars hérlendis og lýkur í maí, og hrygnir hrygnan miðsævis. Þear seyðin eru 5-8 cm löng leita þeu til botns. Þorskur verður kynþroska þegar hann er um 50 cm lengd. Fæða þorsks er margvísleg. Smáfiskur étur mikið af ljósátu, marflóm og rækju. Stærri fiskur er ránfiskur á smáfiska og seiði annarra fiska. Þorskur er mikilvægasti veiðistofninn hér við land. Auk mannsins er mikið afrán af sel, hvölum og hákarli.

Í Kollsvík hefur þorskur líklega verið veiddur allt frá landnámi Kolls. Þar eru lóðamiðin suður eftir Gljánni og ýmis fengsæl mið á boðum og grynningum. Undan Kollsvík er Víkuráll; ein fengsælustu línumið við landið; líklega kenndur við Kollsvík.

B. Líkingamál; maður sem þykir heimskur. „Bannsettur þorskur getur maðurinn verið“!

Þorstaukandi (l) Sem eykur þorsta. „Ansi er nú saltketið þorstaukandi“. Borið þannig fram, en rökrétt samsetning væri „þorstaukandi“.

Þorsti (n, kk) Það að vera þyrstur; löngun í eitthvað að drekka. „Nú er þorstinn alveg að drepa mig“!

Þorstlátur (l) Um þann sem verður þyrstur; það sem kallar fram þorsta/ er *þorstaukandi*. „Hann þykir dálítið þorstlátur á helgidögum“. „Maður er svolítið þorstlátur af öllu harðfiskátinu“. „Nokkuð er hann þorstlátur, harðfiskurinn“.

Þota (n, kvk) A. Öflug vindhviða. „Nokkrar skarpar vindþotur gengu enn yfir og svo var lognið búið, en á samri stundu komið hvassviðrið“. (ÞJ“Brimlending“ Sjóm.bladið Víkingur 1957). „Þetta er nú bara þota hérna ofan af Látravíkinni“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). B. Flugvél með þotuhreyfla.

Þotuhreyfill (n, kk) Hreyfill sem dregur inn sig loft; blandar það eldsneyti og nýtir þenslu sem verður við bruna þess til að snúa innri skrúfuhverflum um leið og það þeytist afturúr hreyflinum og knýr áfram flugvél eða annað farartæki. Afl sumra þotuhreyfla er þó nýtt til að snúa drifsköftum vélbúnaðar, s.s. í þylrum.

Þotuhætt (l) Hætt við sterkum vindhviðum/þotum. „Þarna er oftast skjól, en þó þotuhætt í vissum áttum“.

Þó / Þóáð / Þósvoað (st) Samt; þrátt fyrir. „*Enginn er verri þó hann vökn*“. Stundum notað sem hikorð eða til að auka hljómfall setningar: „*Mikill þó andskotinn*“! „Þó“ tekur oft með sér smáorðið „að“ í sama tilgangi: „Það væru þá *ekki hundrað í hættunni* þó að svo færi“. Stundum eru þessi tvö smáorð notuð og framborin sem eitt. Stundum eru þau einnig svo nátengd smáorðinu „svo“ að þessi þrjú eru notuð sem eitt. „Ég er sprettharðari; þósvoað hann sé eldri og hærri“.

Þó ekki sé/væri nema (fyrir)... (orðtak) Að minnsta kosti. Orðalag sem stundum er notað í röksemdafærslu. „Ég bjóst við að hann hlyti að koma, þó ekki væri nema fyrir það að hann gleymdi hérna vasahnífnum“.

Þó (nú) ekki væri! (orðatiltæki) Upphrópun sem oftast er andsvar, gjarnan í hneykslunartón. „Sagðist hann ætla að sækja kindina? Þó nú ekki væri! Það er nú nóg að vera búinn að eltast við þetta og koma því í hús, þó maður fari nú ekki líka að færa honum þetta uppí hendurnar“! „Nú“ er stundum í enda.

Þó lif lægi við / Þó lifið ætti að leysa (orðtak) Þó mjög mikið væri í húfi; hvað sem kostaði. „Ég held ég gæti ekki munað þetta þó lifið lægi við“. „Þennan fjanda myndi ég aldrei borða; þó ég ætti lifið að leysa“!

Þó nokkur (orðtak) Nokkuð mikill; all verulegur. „Bóndi minn las yfir þessar línur... Faðir hans og eldri systir fóru á Þingvöll 17. júní 1944 og það hefur verið þó nokkuð ferðalag á þeim tíma“ (SG; Lýðveldisstofnunin 1944; Þjhd.Þjms). „Ég heyrði Vigðisi föstru mína tala um þessi mál við aðra gamla konu úr ættinni. Þær voru þó nokkuð trúaðar á svona“. (EG; viðtal á Ísmús 1968).

Þó skömm sé frá að segja (orðtak) Þó ekki sé til frægðar fallið; þó erfitt sé að viðurkenna. „Þó skömm sé frá að segja átti ég víst einhverja sök á þessu líka“.

Þó svo (orðtak) Þó. „Svo“ er oft notað þannig til að auka sýnileika smáorðsins „þó“: Hann er furðu öflugur; þó svo hann sé ekki hár í loftinu“.

Þó svo sé/færi/væri (orðtak) Þó þannig sé/væri málum háttað; þó þau yrðu málalok.

Þó það nú væri! (orðtak) Upphrópun; auðvitað; sjálfsagt. „Auðvitað mæti ég í afmælið; þó það nú væri“!

Þóf (n, hk) A. Það að þæfa ull. Sjá *tóvinna*. B. Deilur; jag; nudd. „Mér leiddist þetta þóf og gekk burt“.

Þófari (n, kk) Sá sem þæfir ull.

Þófi (n, kk) A. Samanþjappaður flóki í ull eða hári; vöndull. „Ætli maður verði ekki eitthvað að greiða á sér þófann“. B. Ullarflóki notaður sem reiðver eða undir hnakk. C. Púði undir fæti/loppu sumra dýra, sem gerir gang mýkri og hljóðlátari.

Þófinn (l) Þæfður. „Asskoti er lubbinn á þér að verða þófinn; þú þyrftir að fara í klippingu drengur“!

Þófna (s) Um ullarfatnað; verða þæfður/þófinn; þæfast. „... þeir þykkustu voru sjóvettlingar. Þeir þófnuðu gjarnan á árinna og voru þá kallaðir rónir“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Þófta (n, kvk) Setfjöl í báti, sem nær milli borða; þófta. Þóftur hafa sérnöfn eftir því hvar þær eru í bátum. „... en þá átti ég að andæfa á tvær árar á hálsþóftunni“ „Svo fengum við aðra báru og þá kom talsvert mikið í, og flutu upp plittarnir og svona hálf leið í þóftur, sjórinn“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.O. skrás; Árb.Barð 2004). Bil milli þófta er 77-94cm og nefnist rúm. Hver þófta og rúm hefur sitt heiti. Á fjögurra manna fari í Kollsvík voru þóftur 3: Aftan við barka er andófsþófta; aftan við andófsrúm/fyrirrúm er miðskipsþófta; aftan við austurrúm er bitaþófta og aftan við hana er skutur.

Þóftuband (n, kvk) Þófturöng; *band* undir þóftu í báti.

Þóftufullur (l) Um hleðslu á báti; fullur upp að þóftum í einu eða fleiri rúmunum. Einnig var talað um ef bátur lenti í áfalli að hann væri þóftufullur, eða að hann hefði þóttufyllt, ef sjór náði uppá þóftur.

Þóftufylla (s) Um bát; verða þóftufullur. „Þeir fengu brot yfir sig í lendingunni, svo þóftufyllti“.

Þóftukné (n, hk) Þóftuhné; þóftukrappi; stykki í báti, milli þóftuenda og borðstokks, líkt og hné í laginu.

Þóftunautur (n, kk) Sá sem situr með öðrum á þóftu, t.d. þegar þeir róá sinn á hvort borð.

Þókna (s) Gera svo líki. „Ég hef reynt að þókna honum í þessu sem öðru, en hann er ekkert nema vanþakklætið“! Stofninn er að „þakka“, og eru því rök fyrir því að rita orðið með „kk“.

Þóknanlegt (l) Við hæfi; sem þóknast. „Ætli ég verði ekki að greiða það sem honum þykir þóknanlegt“.

Þóknast (einhverjum) (s) Gera einhverjum til hæfis; láta að vilja einhvers. „Hvernig má ég þóknast þér að þjóri Braga;/ drottning minna ljóða og laga“ (JR; Rósarímur).

Þóknun (n, kvk) Greiðsla/gjald/laun fyrir eitthvað. „Einhverja þóknun fékk hann fyrir þetta“.

Þónokkur (fn) Allmikill; verulegur. „Þetta var þónokkur afli“. „Við fengum þarna þónokkra góða fiska“. „Um gilið er göngufær leið, og er fjaran fær þónokkurn spöl norður fyrir Hnífaflögu...“ (HÖ; Fjaran).

Þór (n, kk) Nafn á einu höfuðgoðinu í norrænni goðafræði; einnig nefndur Ása-Þór eða Öku-Þór. Þór er guð þrumunnar og eldingarinnar, enda er nafn hans að fornu „Donar“, sem er sama orðið og dunur. Þrumur eru enn nefndar *Þórdunur* (á ensku „thunder“). Helsta verkfæri og tákn Þórs er hamarinn Mjólnir, og verða þrumur þegar honum er sveiflað. Hamarinn smíðuðu dvergarnir Eitri og Brokkur. Þór ekur um loftin í vagni sem dreginn er af höfrunum Tanngrísir og Tanngnjóstur. Þeir eru einnig nesti Þórs á ferðalögum, því að kvöldi slátraði hann þeim og át en væru beinin sett heil í gærana voru hafrarnir alheilir að morgni. Aðrir gripir Þórs eru megingjörð (belti), járnglófar og stafurinn Gríðarvölur. Þór er sagður sonur Óðins og Jarðar; vendarri manna og Miðgarðs (Jarðar). Kona hans er Sif og börn þeirra eru Þrúður og Móði. Í framhjáhaldi með Járnöxu eignaðist hann soninn Magna. Þór og Sif búa í höllinni Bilskírni, í því ríki sem Þrúðvangur nefnist. Í Bilskírni eru 640 herbergi og er það stærst allra húsa. Daglegur starfi Þórs felst í því að berja á jötnum, og ríður hann vagni sínum í þá vinnu.

Vísbendingar eru um að á landnámsöld hafi dýrkun Þórs verið mun meiri en dýrkun Óðins eða annarra fornra guða. Margir staðir á landinu bera nafn Þórs og dýrkunar hans er víða getið í Íslendingasögum, en ekkert slíkt minnir á Óðin ef frá er talin Snorra-Edda. Má því heita öruggt að Þór hafi verið talinn máttkastur guða á þeim tíma. Honum var einkaður Þórsdagur, sem Jón biskup Ögmundsson breytti í fimmtudag. Enn lifir nafn Þórs í fjölmörgum mannanöfnum.

Til marks um það hve Þór var landnámsmönnum ofarlega í huga má benda á Koll í Kollsvík. Hann kom til landsins með Örlygi fóstbróður sínum í kristniboðserindum, en saman höfðu þeir dvalið í Kolumbusarklastrinu á Iona í Suðureyjum. Telja má því víst að Kollur hafi verið sannkristinn. Engu að síður verður honum það að þrautaráði þegar hann lenti í sjávarhásku í Blakknesröstinni, að ákalla Þór sér til hjálpar. Sú frásögn Landnámu hefur orðið sumum tilefni til að telja hann heiðinn. Það er þó líklega fjarri sanni, enda verður mörgum það á enn í dag að ákalla þá sem síst skyldi þegar mikið gengur á; jafnvel þann sem í neðra býr. Einnig má vel vera að frásögn Landnámu sé uppspuni einn, hvað þetta varðar; í þeim tilgangi að skýra skipbrot Kolls, sem síðar er sagt frá, útfrá kristilegri kenningu.

- Merki Þórs, Þórshamarinn, var gjarnan borið sem skartgripur um háls heiðinna manna og hefur fundist í kumlum. Einn slíkur fannst í Vatnsdalskumlinu.
- Þórduna** (n, kvk) Þruma; skrugga. „Einhverjar Þórdunur heyrðust mér vera þarna í suðrinu“.
- Þórðargleði** (n, kvk) Ánægja yfir óföllum/óláni annarra en sjálfs sín. Nýyrði sem virðist vísun í ævisögu Árna prófests Þórarinssonar, sem Þórbergur Þórðarson skráði. Árni segir þar frá Þórði bónda á Snæfellsnesi sem gladdist yfir óþurrki norðlenskra bænda meðan hann sjálfur fékk góða heyskapartíð. Taldi prófastur að orð vantaði yfir danska orðið „skadefryd“ og vildi með þessu bæta úr því.
- Þórsdagur** (n, kk) Svo var fimmtudagur nefndur í heiðni. Dagurinn heldur enn því nafni í ýmsum málum, s.s. ensku og Norðurlandamálum, en héraendis framdi Jón biskup Ögmundsson (1052-1121) þó ósvinnu að breyta rótgrónum daganöfnum eftir sínu höfði.
- Þórshamar** (n, kk) A. Hamar guðsins Þórs var eitt helsta helgitákn norrænna manna í heiðnum sið. Var hann oft borinn sem verndargripur og hefur fundist í kumlum, s.s. Vatnsdalskumlinu. B. Galdrastafur af vissri gerð.
- Þótt** (st) Þó; þó að; þrátt fyrir. „Hann sultaði þessu í sig, þótt honum þætti það alls ekki gott“.
- Þótta** (n, kvk) Þófta. Oft ritað þannig, þó sennilega sé orðstofninn að „þæfa“, og þófta því réttara.
- Þóttafullur** (l) Hrokafullur; þvermóðskufullur.
- Þóttasvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir þvermóðsku eða hroka. „Mér sýndist af þóttasvipnum á kerlingunni að ekki myndi þýða að ræða þessi mál frekar“.
- Þótti** (n, kk) A. Vilji; hugur. „Þú gerir þetta bara að þínum eigin þótti og spyrð engan um aðferð“! B. Hroki; þvermóðska.
- Þramm** (n, hk) *Plamp*; erfið ganga; þyngslalegt göngulag. „Áfram héldum við okkar þrammi“.
- Þramma** (s) Ganga þunglamalega. „Þyrfti að sækja lækni á vetrum varð að fara landveg; þramma yfir fjöllin, og þótti þá gott að fá bát í Hænuvík eða Gjögrabót eða Sandodda. En stundum var það fært og stundum ófært vegna brims og roks; þá varð að þramma áfram. Það voru tímafrekar og óskaplega erfiðar ferðir“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Þras** (n, hk) Rifrildi; deilur; karp; þjark. „Skelfing leiðist mér þrasið í karlinum“!
- Þrasa** (s) Deila; rífast; karpa. „Skyldi það *hafa* nokkuð *uppá sig* að þrasa lengur um þetta“?
- Þrasari** (n, kk) Sá sem er *þrasgjarn*; sá sem *þrasar*.
- Þrasgjarn /Þrasgefni** (l) Um mann sem sækist eftir rifrildi/rökræðum. „Sagt var að Mangi væri stífur á meiningunni þegar hann hefði bitað eitthvað í sig; væri jafnvel dálítið þrasgjarn“.
- Þrasgirnir** (n, kvk) Áráttu að þrasa/deila/rökræða. „Hann gat ekki stillt sig um að andmæla, af tómrri þrasgirnir“.
- Þrauka** (s) Halda út; þola. „Við skulum reyna að þrauka dálítið lengur; hann gæti *gefið sig til* um snúninginn“.
- Þraut** (n, kvk) A. Endir; lok. Eingöngu notað núna í þeirri merkingu í orðtakinu *til þrautar*; t.d. *reyna til þrautar*; *berjast til þrautar*. Sennilega þó upphafleg merking orðsins, þar sem það er stofnkyllt „þrot“. B. Erfitt úrlausnarefni; ráðgáta; erfiðleikar. „Það verður *þrautin þyngri* að koma þessum styggðarrófum til byggða“. C. Verkur; eymsli. „Hefuðu miklar þrautir í meiðslunum“?
- Þrautalaus / Þrautalítil** (l) Án erfiðis/þjáninga. „Það gekk ekki þrautalaus að koma nautinu upp á bílpallinn“. „Ég er ekki orðin góður í handleggnum, en þó nokkurnvegin þrautalaus“.
- Þrautaleið** (n, kvk) Eina færa leiðin, þó e.t.v. sé slæm. „Þrautaleið var að fara um fjöruna, en ekki var fært nema um *lágsváða*“ (MG; Látrabjarg).
- Þrautalending** (n, kvk) Staður sem nota mátti til landtöku ef ólendandi varð í hefðbundinni lendingu, þó þar væri að öllu jöfnu óhægara um vik og erfitt að hafa báta til lengdar. Þannig var Snorrallenging þrautalending í Kollsvík í vestansjó. „Önnur skip er þarna voru á sjó þennan dag lentu í Fjarðarhorni í Breiðavík. Fjarðarhorn er þrautalending í Útvíkum í norðanált“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Þrautarád / Þrautáurræði** (n, hk) Lokaúrræði; neyðáurræði. „Það varð svo þrautaráðið að leita aðstoðar á næsta bæ“.
- Þrautatími** (n, kk) Tími þrenginga/harðræðis/þjáninga.
- Þrautgóður** (l) Ráðagóður; útsjónasamur; finnur *þjargráð*. „Þarna varstu fjandi þrautgóður og snöggur“!
- Þrauthugsa** (s) Hugsa/íhuga til enda/þrautar. „Ég hafði nú ekki þrauthugsað þetta“.
- Þrautin þyngri** (orðtak) Erfitt viðfangsefni; erfiðleikar. „Það reyndist okkur þrautin þyngri að mutra trénu uppfyrir flæðarmál“.

Þrautkunnugur (l) Gjörkunnugur; þaukunnugur; þekkir í hörgul. „Á þessum slóðum er ég þrautkunnugur“.

Þrautleiðinlegur (l) Yfirmáta leiðinlegur; *illþolanlegur*. „Hann er svo þrautleiðinlegur; ég tala ekki við hann“.

Þrautleiður á (einhverju) (orðtak) Mjög leiður á einhverju. „Mikið er maður orðinn þrautleiður á þessu innihaldslausu gaspri pólitíkusa fyrir kosningarnar“!

Þrautpíndur (l) Sætir mjög slæmri meðferð; kvalinn. „Það er ekki bara það að öryrkjar fái skammarlegar bætur, heldur eru þeir líka þrautpíndir af skattinum í ofanálag“!

Þrautreyna (s) Reyna til þrautar; reyna að fullu. „Ég hef þrautreynt þessa aðferð“.

Þrautreyndur (l) Vel prófaður; mjög vanur. „Þessi aðferð er þrautreynd og þrælörugg“.

Þrautseigja (n, kvk) Seigla; úthald. „Ekki spyr ég að þrautseigjunni í honum“!

Þrautseigur (l) Úthaldsmikill; þolinn; þrjóscur; sterkur. „Hann er ótrúlega þrautseigur þegar á reynir“.

Þrautþjálfaður / Þrautæfður (l) Mjög vel þjálfaður/æfður; í mjög góðu formi; búinn að æfa vel.

Þrá (n, kvk) Sterk löngun.

Þráafýla / Þráalykt / Þráaþefur (n, kvk/kk) Þræsín lykt af feitum mat.

Þráabragð / Þráakeimur (n, hk) Þræsið geymslubragð af feitum mat. „Eitthvað þráabragð er nú af lúðunni“.

Þráabrækja / Þráadrulla / Þráagrútur / Þráaskitur (n, kvk/kk) Áhersluheiti á þráum mat. „Ég skar mestu þráabrækjuna frá, og þá kannski má sóða þessu í sig“. „Ekki skil ég hvernig fólk getur étid þessa flökuðu signu grásleppu; þetta er ekkert nema þráadrulla og hveljuskæni“!

Þráafýla / Þráalykt / Þráastækja (n, kvk) Sterk lykt af því sem er þrátt. „Árans þráastækja er af hvalhræinu“!

Þráast/þrjóskastráast við (orðtök) Sýna seiglu/andstöðu; *standa fast á sínu; láta ekki vaða yfir sig; móast við*. „Ætli maður reyni nú ekki eitthvað að þráast við ef þeir ætla að beita svona ranglæti“.

Þrábeðinn (l) Beðinn ítrekað/oft. „Alltaf gleymdi hann þessu, þó hann væri þrábeðinn um það“.

Þrábeiðni (n, kvk) Ítrekuð beiðni; það sem beðið er um oft og ítrekað. „Hann gerði þetta fyrir mína þrábeiðni“.

Þrábiðja (s) Biðja oft/ítrekað. „Ég þrábað hann um þetta, en fékk aldrei ákveðið svar“.

Þráðarleggur (n, kk) Leggur úr sauðkind sem þráður er undinn uppá. „Fótleggir úr kindum voru notaðir til að vinda uppá þráð, sérstaklega togþráð. Stundum var undið uppá legginn með sérstöku lagi, og var kallaður læstur þráðarleggur“ (Stefán Adalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Þráðarspotti (n, kk) Stutt mjótt band; stuttur þráður. „Hann batt þráðarspotta utanum böggulinn“.

Þráðbeinn (l) Alveg beinn. Líkingin er dregin af þræði sem er lóðréttur vegna þess að eitthvað hangir í honum.

Þráðmjór (l) Mjór eins og þráður. „Hann sigldi af öryggi gegnum þráðmjótt sundið“.

Þráðormur (n, kk) Flokkur hreyggleysingja af tegundinni Nematoda sem telur um 95 þúsund tegundir. Sumir lifa í jarðvegi, aðrir í vatni og enn aðrir sem sníklar í mönnum eða dýrum. Þráðormar valda m.a. ormaveiki í ýmsum dýrum. Njálgur, sem lifir í þörmum manna, er ein tegund þráðorma. Einnig hringormur sem lifir í holdi fiska og annarra dýrategunda.

Þráðsef (n, hk) *Juncus filiformis*. Fremur hávaxið sef sem myndar þessar breiður í grónum votlendistorfum, s.s. á djúnum. Gott dæmi um það er Sefið, neðanvið gamla Láganúpstúnið, sem vaxið var þráðsefi, hófsóley og mosa áður en það var ræst fram. Þráðsef verður um 20-40 cm á hæð; með grónum sívölum stráum og löngu stoðblaði. Blómgastr í júní-júlí.

Þráður (n, kk) Eitthvað það sem er langt og mjótt. Oftast er átt við bandþráð, tvinnþráð eða slíkt, en orðið getur einnig táknað t.d. mjóa siglingaleið. Þráður nefndist mjó innsigling á lægið í Breiðavík.

Þráfaldlega / Þrálátlega / Þrásinnis (ao) Oft; iðulega. „Ég er þráfaldlega búinn að banna honum þetta“.

Þráhyggja (n, kvk) *Manía*; hugsun sem ítrekað ásækir mann; ranghugmynd sem maður er haldinn.

Þráí (n, kk) A. Mótþrói; kerskni. „Þráinn er svo mikill í honum að hann tekur engum sönum“. B. Þræsingur sem kemur í feit matvæli við geymslu með slæmri lykt, óbragði og brækju.

Þrákálfur (n, kk) A. Kálfur sem sýnir mótþróa við teymingu/drykkju. B. Í líkingamáli um þrjóska manneskju.

Þrákelkinn (l) Þrjóscur; þvermóðskufullur; þver.

Þrákelkni (n, kvk) Þrjóska; þvermóðska; þverska; stífni. „Skelfingar þrákelkni er þetta í karlinum“!

Þrákjálki (n, kk) Þrjóska/þvermóðskufull manneskja; þrákálfur. „Skelfilegur þrákjálki geturðu verið“!

Þráklifa á / Þrástagast á / Þrástaglast á (orðtök) Klifa á; síendurtaka. „Vertu nú ekki alltaf að þrástagast á þessu drengur“!

- Þrálátur** (l) Endurtekinn; ítrekaður. „Skrambi er þetta þrálátur hósti í þér geyið mitt“.
- Þrálýndur** (l) Þrjóskur; þvermóðskufullur. „Mörgum þykir hann ansi þrálýndur í sinni sérvísku“.
- Þrána** (s) Um feitan mat; verða þrár/þræsinn. „Ekki skil ég þá sem flaka og kúla grásleppuna fyrir signingu; bara til að láta hana rýrna og þrána“!
- Þrándur í Götu** (orðtak) Notað um þann sem leggst þvert gegn því sem almennt er talið rétt. Orðtakið vísar til persónu í Færeyingasögu; þætti Ólafs sögu helga. Þrándur Þorbjarnarson götuskeggs bjó á bænum Götu í Færeyjum kringum árið 1000 og beitti sér einarðlega gegn skattlagningu Ólafs konungs helga. Þrándur átti í útistöðum við Sigmund Brestisson frænda sinn.
- Þrár** (l) A. Þrjóskur; þver; stífur; þvermóðskufullur; þrálýndur. „Mikið andskoti geturðu verið þrár og vitlaus“!
B. Með *þráabragði*; *þræsinn* á bragðið.
- Þrásinnis** (ao) Oft; ítrekað. „Ég spurði hann þrásinnis um þetta en fékk engin svör“.
- Þráskák / Þrátefli** (n, kvk/hk) Sú staða í skák að annar keppandinn getur ítrekað skákað hinum.
- Þráspyrja** (s) Klifa á; spyrja í þaula/endurtekið. „Ég þráspurði hann um þetta en hann *þvertók* fyrir það“.
- Þrátt fyrir** (orðtak) Þó; þótt; samt. „Hann skaut á tófuna, þrátt fyrir að færið væri alltof langt“.
- Þrátta / Þrefa** (s) Deila; rífast; jagast. „Þeir þráttuðu um þetta afturábak og áfram, en hvorugur vildi gefa sig“.
- Þráttgjarn / Þrefgjarn** (l) Deilinn; þrasgjarn. „Hann þótti þrefgjarn, og naut þess að vera á öndverðum meiði við aðra“.
- Þrátsinnis** (ao) Oft; ítrekað. „Hann hefur þrátsinnis neitað þessu“.
- Þráviðri** (n, hk) Þræsingur; vindasamt af sömu áttum um langan tíma. „Hvað skyldi þetta þráviðri endast“?
- Þref** (n, hk) Þras; deila; rífrildi. „Ég nenni ekki að *standa í einhverju þrefi* útaf svona *smáskítiríu*“.
- Þrefa** (s) Deila; þrasa; rífast. „Það er sama hvort þrefað er um þetta lengur eða skemur; niðurstaðan verður alltaf sú sama“!
- Þrefari** (n, kk) Þrasari; sá sem er þrasgjarn. „Ég ætla ekki að fara að *munnhöggvast* við þann þrefara“!
- Þreifa** (s) Þukla; handfara; fara höndum um. „Ég þarf nú að þreifa á því áður en ég trúi“!
- Þreifa á** (orðtak) Þukla á grasi til að finna hvort *þurrt sé af* eða hvort *raki/væta sé í rót*. Oftast gert með því að stjúka handarbaki yfir jörð, þar sem það er næmast fyrir raka.
- Þreifa eftir** (orðtak) Reyna að finna með því að þreifa/þukla. „Ég þreifaði eftir slökkvaranum í myrkrinu“.
- Þreifa fyrir sér** (orðtak) A. Þreifa eftir; reyna að finna með snertingu. B. Líkingamál; reyna að skynja stöðu máls; athuga hvað maður kemst langt með málefni.
- Þreifandi bylur/él/öskubylur/skafmoldarbylur/myrkur/þoka** (orðtak) Mjög dimmt, svo menn þurfa nær því að þreifa sig áfram.
- Þreifari** (n, kk) Fálmari; útstæður skynjari á t.d. skordýri.
- Þreifingar** (n, kvk, fto) Kannanir; viðræður. „Einhverjar þreifingar hafa verið milli þeirra um verðið“.
- Þrek** (n, hk) Úthald; dugur; afl; seigla. „Mönnum þótti Andrés sýna með þessu ótrúlegt þrek“.
- Þrekaður** (l) Máttfarinn; uppgefinn; aðframkominn. „Var hann þá þrekaður mjög og naut hjálpar til að komast yfir ána og heim til sín“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Þeim er bjargað. En sem vonlegt er eru þeir þrekaðir af þreytu, vösbúð og kulda, svo þeir þurfa aðstoðar til að komast hver til síns heima“. (KJK; Kollsvíkurver).
- Þrekinn / Þrekvaxinn** (l) Þreklega/kraftalega vaxinn; gildur; herðamikill. „Svona þrekvaxinn maður kemst ekki í þetta“. „Liði var með hærri mönnum á vöxt og þrekinn...“ (PG; Veðmálið).
- Þrekkur** (n, kk) Lortur; skítur; saur. „Sýslumaður hafði það hlutverk meðal annars að líta eftir að gengið væri sómasamlega um „sýsluna“, og þar með að hver maður gengi frá þrekk sínum“.
- Þreklaus / Þreklítill** (l) Málllaus/máttlítill; ekki sterkur; skortir þrek/afl/úthald.
- Þreklega vaxinn** (orðtak) Þrekvaxinn; þrekinn.
- Þreklegur** (l) Sterklegur; kraftalegur. „Ég hélt nú að svona þreklegur maður væri sterkari en þetta“.
- Þreklítill** (l) Með lítið þrek/úthald; máttlítill. „Hann sagðist vera orðinn gamall og þreklítill í seinni tíð“.
- Þrekmaður / Þrekmeni** (n, kk) Maður með mikið úthald/ vel á sig kominn; harðjagl. „Guðbjartur hressist vonum fyrr. Var hann þrekmaður með afbrigðum“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).

- Þrekraun / Þrekvirki** (n, kvk) Lífshættulegt atvik; aðstæður sem krefjast krafta/lagni og góðra úrræða; hetjudáð. „Þó fáum sögum fari af þrekraunum hinna fjölmörgu sjómanna sem róið hafa úr Kollsvík, þarf ekki mikla glöggskyggni til að sjá hve glíman við sjósókn á opið haf frá hafnlausri strönd hlýtur að hafa verið erfið; einkanlega á þeim kænum sem algengastar voru, og án þess öryggisbúnaðar sem nú er sjálfsagður“.
- Þrekskrokkur** (n, kk) Þrekmaður; þreklega vaxinn maður. „Það *vildi honum til* að þetta er þrekskrokkur“.
- Þrekvirki** (n, hk) Erfitt verk sem unnið er; afrek. „Þótti þetta vel gert, og var oft vitnað til þessa þrekvirkis síðar“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).
- Þremningar** (n, kk, fto) Um skyldleika; þeir/þær/þau sem eiga sameiginlegan langafa eða langömmu.
- Þremillinn** (n, kk, m.gr) Skrattinn; árin; andskotinn. Eitt af mörgum „vægari blótsyrðum“ sem notuð voru í máli Kollsvíkinga og nábúa. Oftast í upphrópuninni „*hver þremillinn*“!, en einnig þar fyrir utan; „Þremillinn sjálfan hef ég nú gert af vasahnífnum mínum“. Stofninn líklega sá sami og „þramma“ og e.t.v. „þruma“.
- Þrenging** (n, kvk) Það sem þrengir.
- Þrengingar** (n, kvk, fto) Harðindi; kreppa; mannraunir; fátækt. „Oft þurftu landsmenn að þola þrengingar fyrir á tíð“.
- Þrengingatími** (n, kk) Tími þrenginga/harðinda/fátæktar.
- Þrengja** (s) Gera þrengri/erfiðari; þrýsta á.
- Þrengja að** (orðtak) Herða tók; gera þrengra/erfiðara; aukast harðindi/fátækt; *þústna* að.
- Þrengjast í búi** (orðtak) Verða færra/minna til neyslu/nota; sverfa/sverfa að; verða *þröngt í búi*.
- Þrengsli** (n, hk, fto) Þröng; skortur á pláss/rými. „Það eru alltof mikil þrengsli í þessari stíu“.
- Þrenningargras / Þrenningarfjóra** (n, kvk) Viola tricolor. Blóm af fjóluætt sem ber þrilit blóm; fjóluublá, gul og hvít. Blómin eru 1,5-2,5 cm að lengd; fjóluublá en hvítleit eða gul í miðju, með dökkar æðar; bikarblöð dökkgræn; í hverju blómi 5 fræflar; blöð öfugeggлага efst en nær kringlótt neðst. Blómið verður 10-20 cm hátt. Einar eða fjölær planta sem vex gjarnan í brekkum og þurrum söndum. Algengt norðantil á landinu; finnst í Kollsvík. Fyrrum var jurtin notuð til lækninga á astma, húðsjúksdómum og flogaveiki.
- Þrennur** (l) Þrefaldur; það sem er í þremur eintökum. „Ég setti þrenna sokka í töskuna“. „*Allt er þá þrennt er*“.
- Þrep** (n, hk) A. Uppstig/ástig í tröppu/stiga; stallur sem stigið er á. „Síminn var rétt innanvið stofudyrnar og snúran í tólinu hæfilega löng til þess að unnt var að sitja í neðstu þrepum stigans sem lá uppá loftið, meðan talað var í það“. B. Skref; stig á hverskonar kvarða eða í framgangi. „Næsta þrep er að hita þetta í vatni“.
- Þrepskjöldur** (n, kk) Dyrahella; grjóthella í dyrum hlaðinna bæja. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Þrepstallur** (n, kk) Stallur í klettum, sem unnt er að standa á eða leggja frá sér t.d. eggjalát. „Lásinn er brattur, en í honum miðjum er þrepstallur þar sem maður getur hvílst“.
- Þreskja** (s) Losa korn af stöngum eftir að það hefur verið slegið og þurrkað, og hreinsa það frá hálminum.
- Þrettándinn** (n, kk) Þrettándi dagur jóla; 6. janúar. Áður mikill helgidagur, tengdur sögunni um vitringana þrjá er fundu Krist. Á þrettandanum er talið að álfar og huldufólk stundi sínar skemmtanir og sé mikið á ferli. Því til heiðurs eru haldnar álfabrennur. Venja var í Kollsvík að halda stóra brennu á hverjum bæ á gamlárskvöld, og stundum aðra minni á þrettándakvöldið.
- Þrevetla** (n, kvk) Kind sem lifað hefur þrjá vetur. „Mikið eru þetta fallegir tvílembingar hjá þrevetlunni“.
- Þrevetra / Þriggjavetra** (l) Maður, dýr eða annað sem lifað/verið hefur þrjá vetur. „Mér finnst þetta vel gert af þriggjavetra kind; að skila svona feikivænum þrílembingum að hausti“.
- Þrevetur** (l) Þriggja vetra; þriggja ára; *þrevetra*; *þriggjavetra*.
- Þreyja** (n, kvk) Biðlund; þolinmæði. „Ég hef voða litla þreyju til að hanga svona“!
- Þreyja** (s) Þrauka; biða með þrá. „Við urðum að þreyja af okkur mesta élið áður en við gátum lagt af stað yfir með hrútinn“.
- Þreyja þorrann og góuna** (orðatiltæki) Halda út; þrauka. „Það er víst ekkert annað að gera en þreyja þorrann og góuna og vona að þessari ótíð fari að linna“.
- Þreyta** (n, kvk) Lúi; það að vera þreyttur. „Ertu ekkert farinn að finna til þreytu ennþá“?
- Þreyta** (s) Keppa við; etja kappi við. „Það kannast allir við sundgarpinn Kjartan Ólafsson sem þreytti sund við Ólaf konung Tryggvason“ (Guðmundur Hákonarson; Lilja (blað Umf.Smára) jan 1938).
- Þreyta með sér** (orðtak) *Reyna með sér*; keppa; *fara í kapp*.
- Þreyttur** (l) Lúinn; úteyrður; hvíldarþurfi. „...gekk dagsverkið heldur hægur en áætlað hafði verið og voru menn bæði þreyttir og svangir að því loknu“ (PG; Veðmálið).

Þreytudrungi / Þreytutilfinning (n, kk/kvk) Mikil þreyta.

Þreytulegur (l) Eins og sé þreyttur. „Mér fannst hann afskaplega þreytulegur“.

Þriðji í jólum / Þriðji jóladagur / Þriðji dagur jóla (orðtök) Þriðji dagur jólahátíðar, sem talin er byrja með jóladegi þó í raun sé aðalviðburðurinn á aðfangadagskvöldið. „Á þriðja dag jóla þurftum við svo að fara af stað aftur inn á Eyrar til þess að ná strandferðaskipinu Súðinni, sem svo átti leið norður á firði“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).

Þriðjipartur / Þriðjungur (n, kk) Einn þriðji hluti af einhverju. „Hann lét mig hafa þriðjapartinn af öllum fengnum“.

Þrif (n, kvk, fto) A. Það að þrifa; þvottur; umhirða. „Þetta drullumall kostar allnokkur þrif“! B. Gott ásigkomulag skepnu/manneskju; góð hold. „Það voru bara þokkaleg þrif á fínu eftir veturinn“.

Þrifabað (n, hk) Bað; böðun; þvottur. „Ég held að þér sé *ekki vanþörf á* að fara í þrifabað eftir þetta“.

Þrifalega (ao) Með hreinlæti/þrifum. „Við skulum reyna að ganga þrifalega um“.

Þrifaverk (n, hk) Verk hreinsunar/þrifnaðar. „Það væri þrifaverk að koma þessari ríkisstjórn frá“!

Þrifinn (l) Hreinlátur; gengur þrifalega um sig og annað. Sjá *kattþrifinn*.

Þriflegur (l) A. Hreinn; hreinlátur. „Þið eruð nú ekki þriflegir eftir drullumallið strákar“. B. Vænn; vel í holdum. „Tvílembingarnir eru ansi þriflegir“. C. Í skammaryrðum: „Þetta er þriflegur fjandi“!

Þrifnaður (n, kk) Hreinlæti; velfarnaður. „Þetta gæti orðið félaginu til mikils þrifnaðar“.

Þriggja manna far (orðtak/heiti) Bátur sem róinn er af þremur mönnum og oftast með fjóra í áhöfn. Þetta er sú bátastærð sem algengust var í Kollsvíkurveri á 19. og 20. öld, og líklega svo lengi sem þar hefur verið útgerð. Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín heimsóttu Láganúp árið 1703 voru gerð út 4 þriggjamannaför í Láganúpsveri. Þau voru mun fleiri á síðari tímum. Líkast til hafa þau tíðast verið um og undir 6m að lengd. „Stærð þeirra flestra var um 1 ¼ - 1 ½ tonn, og oft var mál þetta skorið á hálsþóftuna“ (KJK; Kollsvíkurver). Þriggja manna för voru minni bátar en víða annarsstaðar voru notaðir, en hafa hentað best í Kollsvík þar sem stutt var á mið og þeir voru tiltölulega léttir á höndum í setningu. Ekki var þörf á meiri burðargetu þar sem í aflahrotum og gæftum mátti róa upp í fjóra róðra á sama degi.

Þriggjanátta (orðtak) Um legu línu/nets í sjó; hefur legið í þrjár nætur. „Þetta er bara ansi góð veiði eftir þriggjanátta legu“!

Þrinna (s) Spinna saman þrjá þræði í band; þrefalda þráð. „Línan var þrinnuð og auðvelt að splæsa hana“.

Þristur (n, kk) A. Spil í spilum sem er þrír að gildi. B. Gæluheiti á þriggja manna fari/bát.

Þríálma / Þriggja álma (l/orðtak) Um heykvísl; með þremur *álmum*/tindum.

Þriburi (n, kk) Eitt af þremur börnum úr sömu fæðingu.

Þribýli / Þribýlt (n, hk/l) Þrjú býli á sama bæ. „*Á Hvallátrum var lengst af þribýlt og jafnvel fjórþýlt. Á síðari tímum hefur búskapur liðið undir lok, en upp er risið mikið hverfi sumarhúsa*“.

Þrieinn (l) Lýsingarorð sem guðspekingar nota stundum til að lýsa því sem þeir kalla eðli guðdómsins. Með því vísa þeir til þess að Guð sé ekki einn heldur samsettur úr Guði, heilögum anda og Jesúkrísti. Dæmi um þær ógöngur sem menn lenda í þegar reynt er að skýra trú með rökum.

Þrifa (s) A. Grípa snöggt til; ná/taka í. „Ég náði að þrifa í fötuna áður en hún fyki framaf brúninni“. B. Gera hreint; þvo. „Ég er búinn að þrifa mestu múkkaeluna úr úlpunni“.

Þrifa upp (orðtak) Hreinsa; taka upp það sem t.d. hefur farið á gólf.

Þrifa til ára (orðtak) Grípa til ára; róa kröftuglega. „Þeir sem lentu á miðjum sandi; „gljánni“, fengu minni fisk. Oft var því þrifið til ára til að ná bestu miðunum. Sumir voru lagnir á að vera árrisullir en hinir, og fljóttir út“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Þrifasa/þriggjafasa rafmagn (orðtak) Riðstraumur neysluveitu sem leiddur er milli notenda í þremur aðskildum leiðurum, þar sem sveiflurnar eru ekki í fasa þ.e. ekki á sama tíma. Riðstraumur er eftirsóttur fyrir stærri mótora, þar sem með honum fæst segulsvið með snúningi, sem unnt er að nýta með ódýrum mótorum. Sveitir Rauðasandshrepps fengu einfasa rafmagn frá samveitu uppúr 1970, en hafa enn (2018) ekki fengið þrifasa rafmagn þó það sé komið til nágrannabyggða.

Þrifast (s) Tímgastr; dafna; vaxa vel; hafast við. „Trjágróður þrifst yfirleitt illa í selturokinu“.

Þriforkur (n, kk) Þriggja álma gaffall/kvísl. Oftast nefndur um leið og Satan sjálfur, en þriforkurinn er sagður hans einkennisverkfæri. Má vera að það sé til höfuðs hinum *þreina* Guði. Þriforkurinn var einnig talinn tákn hins gríska sjávarguðs Póseidons og hins rómverska Neptúnusar.

Þrifornt hey (orðtak) Hey sem fyrnt hefur verið yfir tvö sumur.

- Þrifosfat** (n, hk) A. Túnáburður af sérstakri gerð, sem inniheldur töluvert af fosfór sem gróðrinum er nauðsynlegur. B. Efnasambandið adenósín triphosphate (ATP), sem fyrirfinnst í öllum frumum og inniheldur mikla orku. Stundum nefnt orkuefni líkamans eða orkukorn.
- Þrifótur** (n, kk) Það sem er með þremur fótum, t.d. þrifættur stóll eða steingálgi.
- Þrifætt** (l) Það sem er á þremur fótum. Oft notað t.d. um skepnu sem fótbotin er á einum fæti.
- Þriheilagt** (l) Um hátíðisdaga; þrjár helgidagar stórhátíðar í röð. T.d. þegar þrjár jóladagar eru haldnir hátíðlegir.
- Þrihenda / Þrihenduljóð** (n, kvk/hk) Kvæði með þremur ljóðlínum. Dæmi: „Lífsins megn er lagt í dróma, landið sefur./ Einn þó snusar úti refur;/ ekkert skjól á fjöllum hefur“.
- Þrihita** (s) Hita þrisvar upp. Oftast notað um *ketsúpu*. „Það sakar ekkert að þrihita ketsúpuna; bara til bóta“.
- Þrihitaður** (l) Hitaður þrisvar. Oftast um *ketsúpu*. „Alltaf er hún nú betri ketsúpan ef hún er að minnsta kosti tvíhitað; jafnvel þrihitað“.
- Þrihlaða** (s) Róa þrisvar sama dag og koma með fullfermi úr öllum róðrum. Fádæma gott fiskirí.
- Þrihyrna** (n, kvk) Segl, dúkur, slæða eða sjal með þremur hornum/hliðum.
- Þrihyrndur** (l) Með þremur hornum.
- Þrihyrningamæling** (n, kvk) Aðferð til mælinga vegalengda og/eða staðsetninga. Byggt er á þeirri reglu að til að þekkja lengdir allra hliða þrihyrnings nægir að vita þrjár stærðir hans; lengd einnar hliðar og gráður tveggja horna eða hliðar og horns. Á 19.öld var Ísland mælt með þannig aðferðum og í þeim tilgangi voru byggðar stórar landmælingavörður á víðsýnum stöðum, sem enn má sjá. Ein slík varða er t.d. fremst á Blakknesi; önnur á Kóngshæð og enn önnur á Brunnahæð.
- Þrikantur** (n, kk) Þristrendingur; hlutur sem hefur þrjár brúnir langsum.
- Þrikrækja** (n, kvk) Öngull með þremur krókum. Stundum er þrikrækja höfð neðst á sökku/pilk í þeim tilgangi að húkka fisk um leið og dregið er.
- Þrileiðari** (n, kk) Rafmagnsleiðsla með þremur aðskildum/einangruðum vírum/leiðurum.
- Þrilemba** (n, kvk) Kind sem ber þremur lömbum í sama burði. „Við höfum þrilebuna á húsi *fyrsta kastið*“.
- Þrilembd** (l) Hefur borið þremur lömbum í sama burði. „Ég gæti trúað hún yrði þrilembd þetta vorið“.
- Þrilembingur** (n, kk) Lamb; eitt þriggja systkina úr sama burði. „Þrilembingurinn er að jafna sig núna“.
- Þriliða** (n, kvk) Hlutfallareikningur. Nefndur svo vegna þess að einni tölu er deilt upp í aðra og sú þriðja er útkoman. Með þeirri aðferð má lýsa hlutföllum sem eru föst en þannig að breyting einnar stærðar hefur áhrif á aðra.
- Þrilít kýr** (orðtak) Kýr sem hefur þrjá liti í sínum flekkjum. Þjóðtrúin segir að mjólk slíkra kúa sé vörn gegn ýmsu eitri, sé hún drukkin spenvolg. Sömuleiðis átti líknarbelgurinn að vera vörn gegn sendingum. „Á Fjóstungunni eru víða tóttarbot. Þar var mér sagt að fjós það er flutt var í tíð Jóns Íslendinga hafi staðið, en þangað sótti skosk kona mjólk í þrilíta kú um árabíl, að þjóðsagan segir, eða þar til fjósið var flutt á annan stað“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Þrimjalta** (l) Um kýr; vera mjólkuð þrisvar sama daginn.
- Þrineita** (s) Neita þrisvar. „Það er alveg sama þó hann tví- og þrineiti því; svona var þetta samt“!
- Þrirenndur** (l) Um hlut; með þrjá kanta/ þrjár brúnir. „Fyrirseyman var með fjöðrum eða þrirennd, svo að hún skæri lítið eitt frá sér, en hin var sívöl; nokkuð sverari um miðjan legg“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnsklaði*.
- Þrífifa** (s) Um siglingu skips; binda segl upp um þrjú rif vegna hvassviðris.
- Þríróa** (s) Róa þrisvar yfir sama daginn. „Stundum var þríróið; sérstaklega undir hvíldardag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Þrisiglt** (l) Um skip; með þremur möstrum/siglutrájum.
- Þrisjóa** (l) Um sjólag; öldur koma úr þremur áttum í senn. Slíkt getur skeð t.d. í röstum.
- Þriskiptur** (l) Sem skipt er í þrennt.
- Þriskær** (l) Sem unnt er að skera með þremur skurðum í fjóra bita; t.d. fiskur.
- Þrísíla** (s) Um tún; slá þrisvar á sama sumri. „Hann sagði að þar væru öll tún tvislegin og sum þrislegin“.
- Þristrendingsþjöl / Þristrend þjöl** (n, kvk) Þjöl með þremur flötum/hliðum, m.a. notuð til að skerpa sagir; skerpþjöl. „Sæktu fyrir mig þristrendingsþjölinu út í mókofa; ég ætla að reyna að fá betra bit í sögina“.
- Þritengibeisli** (n, hk) Beisli aftaná traktor með þremur festipunktum, tengt vökvakerfi þannig að unnt er að lyfta tæki sem á það er sett; t.d. plóg eða heyvinnutæki.

Þritelja (s) Telja þrisvar. „Nú er ég búinn að þritelja í dilknum með sömu niðurstöðu; hér vantar eina“.

Þritugt (l) Um dýpi; þrjátíu faðmar að dýpt.

Þriþenslugufuvél (n, kvk) Gufuvél sem nýtir gufuna þrisvar, með mismunandi þrýstingi í hverju þrepi. Togararnir sem strönduðu *sinnhvorsvegar* við Kollsvík voru með þannig gufuvélar.

Þriþættur (l) Með þremur þáttum, t.d. band/lína/vaður.

Þrjóska (n, kvk) Þvermóðska; þverska; stífni. „Oft hef ég kynnst þrjósku, en þvílíkan andskotans *þverhausahátt* hef ég aldrei vitað“!

Þrjóskaári/Þverari en andskotinn (orðtak) Mjög þrautseigur/þvermóðskufullur.

Þrjóskastrá (s) Þumbast við; sýna mótþróa/þversku/stífni.

Þrjóskastrá (n, hk) Þvermóðskukastrá; fyrirtekt. „Hann var í einhverju þrjóskastrá og *gaf dauðann og djöfulinn* í að hann færi að kjósa; þetta væri allt sama andskotans *pumpulíðið*“!

Þrjóskastrá (l) Þver; sýnir mótþróa; stífur. „Þrjóskastrá getur enginn verið“!

Þrjóta (s) Þverra; hætta; ljúka. „Nú fer okkur að þrjóta skotfæri“.

Þrjóta örendið (orðtak) Hafa ekki meira úthald/getu. „Hann át tólf *stórfuglasegg* áður en hann þraut örendið“.

Þrjóttur (n, kk) A. (Hefðbundin merking) Fantur; óvandaður maður. B. Svæði milli gamla Laganúpsbæjarins og Gilsins (Hólagils) sem slegið var. Þar eru staksteinar, sumir grasi huldur, sem hafa verið skæðir ljánum og af því kann nafnið að vera dregið.

Þrot (n, hk) A. Gangendi; endi á gangi í klettum/bjargi, þar sem ekki verður lengra gengið. „Kjörin er *komin á þrot*“. „Þessi hilla liggur bara á þrot, hér handanvið nefið“. B. Bjargarskortur; allsleysi; peningaleysi. „Þú mátt ekki alveg setja þig í þrot með þessum fjárfestingum“.

Þrotgangur / Þrothilla (n, kk/kvk) Gangur/hilla í bjargi/klettum sem endar í *þroti*. Það er þýðingarlaust að fara þessa leið; þetta er bara þrotgangur. Við þurfum að fara í efri ganginn“.

Þrotabú (n, hk) A. Bú sem á ekki fyrir eignum; bú gjaldþrota manns. B. Líkingamál um að hörgull sé á einhverju. „Þetta er nú orðið hálfgrert þrotabú hjá mér ef kaffið fer að vanta“!

Þroski (n, kk) Reynsla; gáfur; vit; hæfileikar; það að fullorðnast.

Þroti (n, kk) Bólga; roði. „Það er kominn dálítill þroti kringum sárið“.

Þrotinn að kröftum (orðtak) Örmagna; örpreyttur. „En þá var Jón svo þrekaður orðinn og þrotinn að kröftum að hann missti takið örskömmu síðar og sökk þegar“ (GiG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Þrotlaus / Þrotlítill (orðtak) Linnulaus/linnulítill; án þess að stoppa. „Þetta hafðist með þrotlausri vinnu“.

Þró (n, kvk) Ker; gryfja. „Fremst í jötuna var steipt þró, þar sem fé var baðað við fjárkláða“.

Þróa (s) Þroska; fullkomna. „Fyrsti íslenski sjávarfallahverfillinn var þróaður af Kollvíkingi“.

Þróttlaus / Þróttlítill / Þróttlinur (l) Máttlaus; magnlaus. „Ég er fjári eitthvað þróttlaus enn eftir þessi veikindi“.

Þróttleysi (n, hk) Magnleysi; máttleysi; *linka*. „Enn hrjáir mann bölvæð þróttleysi eftir þessi veikindi“.

Þróttmikill (l) Kraftmikill; öflugur; sterkur. „Um margra ára skeið vann Vestri þróttmikið starf“.

Þróttur (n, kk) Dugur; kraftur; afl; styrkur.

Þróun (n, kvk) Ferill til fullkomunar/þroska. „Mikil þróun hefur orðið í þessari tækni“.

Þrugl (n, hk) Rugl; bull. „Þetta er ekkert nema bölvæð þrugl og kjaftæði“.

Þrugla (s) Rugla; bulla. „Vertu nú ekki að þrugla þessa vitleysu; þú veist betur en þetta“!

Þruglari (n, kk) Sá sem hefur uppi *þrugl/rugl/bull*. „Að þessi þruglari og *staglari* hafi verið kosinn formaður! Hann á þá ekki langt eftir þessi flokkur“!

Þruma (n, kvk) *Skrugga*; hávær brestur sem heyrir þegar neisti eldingar fer um loft. Unnt er að áætla fjarlægð eldingar frá heyranda þar sem hraði hljóðs er um 344 m/sek í lofti en glampi eldingarinnar berst nær samtímis. „Þrumur og eldingar verða oft í Kollsvík, en þó er algengara að eldingum slái niður á fjöllum án þess að menn verði varir við. Ummerki þess eru m.a. klofnir raflínustaurar og bræddar símalínur“. Fyrrum voru þrumur sagðar merki þess að þrumuguðinn Þór hefði sveiflað hamrinum Mjölni í höfuð jötuns.

Þruma (s) A. Tala hátt. „Eftir að karlinn hafði þrumað yfir þeim sína skammarræðu gekk hann snúðugt út“. B. Sitja kyrr; bíða þegjandi. „Blakkurinn þrumir fram í sína röst, hvað sem líður byggð í Kollsvíkinni“.

Þrumari (n, kk) Síðari tíma gæluorð um rúgbrauð. Vísun í þau áhrif að kalla fram viðrekstra.

- Þrumu lostinn** (orðtak) Steinhissa; mjög brugðið. „Ég var þrumu lostinn yfir þessum tíðindum“.
- Þrumuraust** (n, kvk) Sterk og hljómmikil rödd. „Með þrumuraust skipaði hann þeim að koma strax“.
- Þrumuský** (n, hk) A. Dökkur og hár skýjaklakkur með þrumuveðri. B. Líking um gimmdarsvip manns.
- Þrunginn** (l) Bólginn; þrúttinn. „Hann sagði ekkert, en ég sá að hann var reiðiþrunginn á svip“.
- Þrusk** (n, hk) Hljóð sem framkallast við hreyfingu. „Hvað þrusk er þarna í skotinu?“
- Þruska** (n, kvk) A. Blaut tugga í þurrheyi; *slyndra* í hrognum. „Það er dálítið um þruskur í galtabotnunum“. B. Munnangur; munnskóf.
- Þruska** (s) Róta; *ruska*; skarka. „Verið ekki að þruska í verkfærunum nema að laga til eftir ykkur, strákar“.
- Þrúga** (n, kvk) A. Snjóskór; breið grind sem sett er undir fót til að maður sökkti síður í lausan snjó. B. Vínber.
- Þrúga** (s) Þvinga; ýta. (Stýrir þágufalli) „Nautið er sífellt að þrúga kálfinum í girðingunni“. „Öldurnar þrúgast inn í voga og skúta, og valda tignarlegum sprengingum og sjávargosum“.
- Þrúgusykur** (n, kk) Glúkósi; kolvetni/sykra sem frumur nota til öndunar. Þrúgusykur er einsykra sem frásogast auðveldlega í meltingarvegi manna og dýra og hækkar blóðsykur. Gegn því þarf líkaminn að vega með insúlíni frá brisi, en jafnvægi í blóðsykri er mikilvægt. Mikil neysla þrúgusykurs er talin heilsuspillandi.
- Þrúkka** (s) Þrasa; þrúttu. „Ég ætla nú ekki lengi að þrúkka um verðið á hrútnum“.
- Þrúttinn** (l) Bólginn; uppþembdur. „Ansi er augað að verða þrúttið; mér líst ekkert á þetta“.
- Þrúttu** (s) Belgjast/blásast út; bólgna. „Fóturinn hafði þrúttuð svo í blautu stígvélinu að ég ætlaði ekki að ná því af mér“. „Áin hafði þrúttuð í leysingunum og var ekki árennileg yfirferðar“.
- Þrykkja** (s) Þrýsta; ýta. „Það var á mörkunum að við næðum að þrykkja ullarballanum útum dyrnar“.
- Þrymlar** (n, kk, fto) Strimlar; upphleyptar rákir; ör. „Mér finnst eins og séu þrymlar hérna í skinninu“.
- Þrýsta** (s) Ýta. „Ég ætla ekki að þrýsta á þig með þetta; þú ræður því alveg sjálfur“.
- Þrýstiloftsflugvél / Þrýstiloftspota** (n, kvk) Heiti sem notað var um fyrstu farþegaþoturnar. Oft má sjá rákir eftir þær; hátt í lofti yfir Kollsvík. „Þarna er rák eftir þrýstiloftsflugvél“.
- Þrýstingur** (n, kk) Þjöppun; pressa; álag.
- Þræða** (s) A. Setja þráð, t.d. í gegnum nálarauga eða spyrðuband í gegnum þumu. B. Fara eftir tiltekinni leið. „Unnt er að þræða sundið grunnmegin við Blakknesboðann ef fylgt er réttum miðum“. C. Þræða tré til sögunar; strengja sótaðan þráð eftir endilöngu tré og smella honum á það, til að marka beina línu.
- Þræðingur** (n, kk) Gangur í bjargi; oftast manngengur og gjarnan varpsvæði. „Hér var mikið af fugli á þræðingum“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg).
- Þræla** (s) Vinna mikið; puða eins og þræll; púla.
- Þræla (einhverjum) út** (orðtak) Niðast á einhverjum með vinnuálagi. „Það þýðir ekkert að þræla mönnum svo út að þeir verði gagnslausir næsta dag“!
- Þrælahald** (n, hk) Það að hafa þræla í erfiðisvinnu. „Ég sagði þeim að ég sætti mig ekki við neitt þrælahald; ég ætlaði að ráða mínum vinnutíma sjálfur en ég skyldi skila öllu því verki sem mér bæri“.
- Þrælavinna** (n, kvk) Puð; strit; mjög erfið vinna. „Það hlýtur að hafa verið þrælavinna að taka upp mó, þar sem keppast þurfti við að kasta uppúr mógröfunum áður en vatnsgurinn fyllti þær“. „Vindurnar sem áður voru nefndar voru erfið dráttartæki. Á þeim var notaður dráttarstrengur úr „manillu“; brugðið tveim brögðum strengsins á vinduásinn, en síðan einn maður settur í það að draga af vindunni jafnóðum og strengurinn kom inn. Segja mætti að þetta væri þrælavinna, enda lagðist hún fljótt niður“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Þrælbein** (n, hk) Óhræsi; skúrkur; *djöflamergur*. „Ég vona að hann fái maklega ráðningu, þrælbeinið atarna“.
- Þrælbinda** (s) Súrra; binda rækilega. „Það þýðir ekki að þrælbinda þetta svo að það taki allan daginn að losa“!
- Þrælbundinn** (l) Mjög rammlega bundinn. „Báturinn fýkur ekki neitt; hann er þrælbundinn niður“.
- Þrældómur** (n, kk) Puð; erfiði. „Það var bölvæður þrældómur að lyfta sláturlömbum á bíl áður en rennan var sett upp“.
- Þrældómspuð / Þrældómsvinna** (n, hk/kvk) Mjög erfið vinna; *argasta púl*. „Það hefur verið mikið þrældómspuð að ryðja veginn upp Vörðubrekkuna í Vatnadalnum“.
- Þrælduglegur** (l) Harðduglegur; mjög duglegur/vinnusamur. „Strákurinn er *ágætis grey* í umgengni og þrælduglegur til allra verka“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var mönnum mjög tiltækt vestra.
- Þrælferfiður** (l) Mjög erfiður/*strembinn*; svínslega erfiður. „Ég náði prófinu, þó það væri þrælferfið“.

Þrælfastur (l) Alveg fastur; *gikkfastur*; *pikkfastur*. „Bíllinn *flaut* lengi vel ofaná skaflinum, en þarna datt hann niður og situr þar; alveg þrælfastur“.

Þrælka (n, kvk) Hluti *ræðis* á báti; flatt járn sem fest er á borðstokk um tolluna, og árin liggur á þegar róið er. Fyrrum voru þrælkur stundum úr hvalbeini.

Þrælka (s) Láta vinna eins og þræl; ofbjóða með vinnu; undiroka.

Þrælkvefaður (l) Með mikið kvef; *stoppaður af kvefi*. „Maður er þrælkvefaður ennþá“.

Þræll (n, kk) A. Sá maður sem er undirokaður af öðrum og kúgaður t.d. til vinnu; ófrjáls maður. B. Fantur; ópokki; ruddi.

Þrælmengaður (l) Mengaður/blandaður mikilli óhollustu. „Þeir reka öflugan áróður fyrir inngöngu í Evrópusambandið og innflutningi á þrælmenguðu keti“ (ÖG; minningabrot).

Þrælmenni (n, hk) Ruddi; þrjótur; ópokki; fantur.

Þrælmúraður (l) Mjög vel efnaður; forrikur. „Hann er þrælmúraður og hefur vel efni á þessu“.

Þrælslega erfitt / Þrælslegt (orðtak/l) Mjög erfitt; niðþungt. „Prófið var bara þrælslega erfitt“.

Þræslompaður (l) Mjög ölvaður; kengfullur; rallhálfur; útúrdrukkinn. „Hann var orðinn þræslompaður“.

Þræslund (n, kvk) Algjör undirgefni/þjónkun við aðra. „Þræslundin hefur aldrei verið mín sterka hlið“.

Þrælsótti (n, kk) Hræðsla/ótti við ógnvald/yfirboðara; hlýðni sem stafar af slíkum ótta.

Þrælsterkur (l) Nautsterkur; rammur að afli. „Hann er þrælsterkur strákurinn“.

Þrælstíflaður (l) Alveg stíflaður. „Vatnslögnin var alveg þrælstífluð“.

Þrælvannur (l) *Paulvanur*; mjög vanur; *þrautreyndur*. „Okkur vildi til happs að hann var þrælvannur lendingum á þessum stað og gjörþekkti allar aðstæður“.

Þrælpungur (l) Mjög þungur. „Ég skal hjálpa þér að lyfta keðjukassanum; hann er þrælpungur“.

Þræsingskuldi (n, kk) *Kuldapþræsingur*; kaldur og hvass vindur; *þræsingsssveljandi*.

Þræsingsssveljandi (n, kk) Mikill og þrálátur vindur. „Hann ætlar að halda enn þessum þræsingsssveljanda“!

Þræsingur (n, kk) Þráviðri; slæm tíð; langvarandi hvassviðri af norðri eða vestri.

Þræsinn (l) A. Um veður; sjólag; vindátt; lagvarandi og leiðigjörn; viðvarandi. B. Um lykt; þráakennd; fúl.

Þræta (n, kvk) Deila; rifrildi; karp. „Karlinn varð eitt sælubros þegar hann sá framá ánægjulega þrætu“.

Þræta (s) Rifast; deila; karpa. „Fundu þeir sér nú eitthvað nýtt til að þræta um“!

Þræta fyrir (orðtak) Harðneita að hafa gert. „Hann þrætir fyrir það að hafa gleymt að loka hliðinu“.

Þrætinn (l) Þrætugjarn. „Það má deila um það hvort Magnús hafi verið sérlega þrætinn, en fátt var honum meira gleðiefni en þegar einhver var á öndverðri skoðun við hans framúrstefnulegu hugmyndir.....“.

Þrætubók (n, kvk) Orðið mun vera vísun í latneska heitið „*dialectica*“ sem merkir samræðulist eða rökræði. Stundum notað um rit sem veldur deilum, eða jafnvel um þrætugirni. „Kemur hann með sína þrætubók“!

Þrætubókarlist (n, kvk) Rökræðulist. „...og engir stóðust Magnúsi snúningi í þrætubókarlistinni“.

Þrætuefni (n, hk) Deiluefni; tilefni þrætu. „Alltaf fundu þeir sér eitthvað nýtt þrætuefni, sér til ánægju“.

Þrætugjarn (l) *Þrasgjarn*; fundvís á tilefni til deilna. „Sumir sögðu Magnús nokkuð þrætugjarnan“.

Þrætulamb (n, hk) Lamb sem deilt er um, t.d. varðandi eignarrétt eða vænleika.

Þröm (n, kvk) Gamalt heiti á brún/nöf. Nú einungis notað í orðasamböndum og endingum, s.s. *á heljarþröm*.

Þröng (n, kvk) Troðningur; þrengsli. „Hann var *kominn í þröng* fjárhagslega“.

Þröng á þingi / Þröngt/þétt setinn bekkurinn (orðtak) Fjölmennt; margir viðstaddir. „Það var þröng á þingi í litla herberginu“.

Þröngt í búi (orðtak) Lítið eftir til neyslu/nota; lítið matarkyns; fátækt. „Mér þykir orðið fremur þröngt í búi hjá honum ef hann getur ekki greitt svona lítillæði“.

Þröngt í húsum (orðtak) Húsþröngt; farið að þrengja að gestum/fé í húsum.

Þröngsýni (n, kvk) Skortur á yfirsýn/víðsýni/skilningi. „Þetta ber vott um skelfilega þröngsýni“.

Þröngsýnn (l) Sem skortir víðsýni/skilning. „Hann getur stundum verið svo andskoti þröngsýnn“!

Þröngur (l) Plásslítill; ekki rúmgóður. „Ansi finnst mér peysan þröng í hálsmálið“.

Þröngt í búi (orðtak) Lítið til neyslu; erfitt að framfleyta búi/heimili. „Ég þyrfti óðara að komast í verslun. Það fer að verða þröngt í búi varðandi ýmislegt“.

Þröngt mega sáttir sitja (orðatiltæki) Þeir menn sem eru sáttir þola mikla nánd. „Þröngt hefur verið í Grundabænum sem ekki var stór, en fólk var allsstaðar vant smáum húsakynnum og þröngt mega sáttir sitja“ (S.G: Bréf til mömmu).

Þröngva (einhverjum) til (orðtak) Neyða einhvern til. „Bankinn þröngvaði honum til að selja jörðina á undirverði“.

Þröskuldur (n, kk) A. Fjöl/planki í gólfi, milli dyrastafa. B. Hindrun í vegi einhvers.

Þukl (n, hk) Þreifing; snerting. „Svona þukl er vita gagnslaust; þú þarft að læra að *handfara* líflamb“.

Þukla (s) Þreifa; *handfara*. „Lofðu mér að þukla aðeins á þessu hrútlambi þarna“.

Þula (n, kvk) A. Kvæðaform sem algengara var áður fyrr. Ekki eru skil milli erinda. B. Romsa; mikill orðaflaumur. „Þessa þulu hef ég nú heyrt áður“!

Þulur (n, kk) A. Sagnamaður; vitringur; sá sem er sérlega fróður og getur þulið upp margan fróðleik sem aðrir þekkja síður. B. Kynnir dagskrárliða í útvarpi/sjónvarpi. Síðar kvenkynsorðið „þula“ um hið sama.

Þuma (n, kvk) Æsa; bandhald; rauf sem skorin er í sporð fisks, fiskstykki eða í hákarlsþjósu til *upphengingar*.

Þuma (s) A. Fálma; þreifa eftir. B. Skera þumu í eitthvað.

Þumalfingur / Þumalputti (n, kk) Þumall; stuttur og sver fingur sem grípur á móti öðrum fingrum sömu handar.

Þumall (n, kk) A. Þumalfingur. B. Þumall á vettlingi. „Sandhellir er töluvert stór þegar inn er komið; svipaður sjóvettlingi í laginu, með einum þumli; og heitir Þumall. Inn af honum er hola sem á að vera inngangur huldufólksins í Stórhólinn“ (IG; Sagt til vegar I).

Þumbaragangur / Þumbaraháttur (n, kk) Þverska; stífni. „Skelfingar þumbaragangur er þetta í manningum“! „Farðu nú að láta af þessum þumbarahætti og drifðu í að kjósa“.

Þumbaralegur (l) Þóttalegur; fýlulegur; þegjandalegur. „Mér fannst hann skelfing þumbaralegur í viðmóti“.

Þumbari (n, kk) Sá sem sýnir tortryggni og andstöðu við það sem aðrir leggja til/ vilja; sá sem er tregur í taumi. „Hann gat verið óttalegur þumbari, væri ekki farið rétt að honum“.

Þumbast / Þumbast við (s, orðtak) *Þráast/móast/tregðast við*; þvælast fyrir málum; *standa fast á sínu*. „Sumir þumbuðust við og héldu tryggð við sína heimahaga þó aðrir væru fljótir að gleypa tækifærin á nýjum stöðum“.

Þumlunga (s) Mæla í *þumlungum/tommum*.

Þumlungast áfram (orðtak) Þokast mjög hægt áfram. „Við gerðum ekki mikið meira en þumlungast áfram í mótvindinum, þó við rerum af öllum kröftum“.

Þumlungsþykkur (l) Einnar tommu/eins þumlungs þykkur. „Það er kominn þumlungsþykkur ís á vatnið“.

Þumlungur (n, kk) Lengdareining; ein tomma; miðuð að fornu við lengd fremsta kögguls vísifingurs á meðalmanni; ensk-bandarískur þumlungur (sem nú er miðuð við) er 2,54 cm. Í sama kerfi eru 12 tommur í hverju feti, sem þá er 30,48 cm. Danskt fet er 31,39 cm og tvö slík eru í hverri danski alin.

Þungamiðja (n, kvk) Miðpunktur; miðja þess sem um ræðir.

Þungbrýndur / Þungbrýnn (l) *Brúnaþungur*; *þungur á brún*; reiðilegur. „Hann varð sífellt þungbrýnni undir ræðunni“.

Þungbúinn (l) A. Rigningarlegt veðurútlit. „Ári er hann að verða þungbúinn“. B. Þungur á brún; yggldur. „Hreppstjórinn horfði á hann þungbúinn en sagði ekki orð“.

Þungbærra/þyngra/sárara en tárur taki (orðtak) Tekur meir á einhvern andlega en þolað verður; andlega mjög erfitt. „Það er mér þungbærra en tárur taki að láta frá mér þennan kostgrip“.

Þungbært (l) Erfitt að afbera; sorglegt. „Fráfall sonarins varð þeim mjög þungbært“.

Þungfermdur (l) Með þungfermi.

Þungfermi (n, hk) Þungur farmur á farartæki. „Ef hey var vel þurr var oftast reynt að hlaða eins miklu á hvern heyvagn og mögulega var unnt, en það var hérumbil það sem fullorðinn maður náði upp með heykvísl. Einn var þá á vagninum að laga til og troða. Vagninn var þá þungfermdur, og var Farmallinn *fullhertur* með hann í lægsta gir, t.d. upp aflíðandi og stuttar brekkurnar frá Grundatúninu heim að hlöðu“.

Þungfær (l) A. Silalegur; þynslalegur. „Maður er nú orðinn dálítið þungfær á seinni árum“. B. Um færð; erfíð færð; ófær. „Ég er hræddur um að Hálsinn verði þungfær eftir þetta áhlaup“.

Þunghentur (l) *Harðhentur*; beitar of miklum átökum; tekur heldur fast á. „Fyrir á tímum þótt það ekki tiltökumál þó húsbændur væru þunghentir á því vinnuhyski sínu sem þeim þótt latt til vinnu“.

Þunghlaðinn (l) Með mikinn farm/*þungfermi*. „Kerran er ansi þunghlaðin“.

Þungi (n, kk) A. Þyngd; hlass; farg. „Gættu þess að þunginn hvíli ekki mikið á torfunni þegar þú ferð um ganginn; mér sýnist hún ekki vera trygg“. B. Óléttu konu. „Veit nokkur hver á þungann með henni“? C. Festa/höstugleiki í tali. „Hann sagði með þunga að þetta kæmi sér bara ekkert við“.

Þungklyfjaður (l) Með þungar byrðar. „Maður kom stundum þungklyfjaður úr eggjaferð í Breiðinn. Eitt sinn kom ég heim með 100 egg í kút á bakinu; sama fjöldi í kút í annarri hendi og 50 egg í fötu í hinni hendinni. Auk þess var ég með 20 faðma vað og háf. Þetta plampaði ég með niður Grenjalág og heimyfir Strympur. En mikið andskoti var maður lúinn þegar heim kom“ (VÖ).

Þunglamalega (ao) Óliðlega; með erfiðismunum; silalega. „Hann gekk þunglamalega frá brúninni og fleygði sér í lautina; alveg örmagna“.

Þunglamalegur (l) Þungur á fæti; þungfær. „Sumum fannst kannski Marínó í Tungu vera þéttur á velli og þunglamalegur til gangs. En fimari mann í klettum hef ég sjaldan séð, nú dregið léttari mann í spotta“ (VÖ).

Þunglega (ao) Um horfur/útlit; illa; ekki vel. „Mér finnst *þunglega horfa* með sprettu þetta árið“.

Þunglyndi (n, hk) Depurð; svartsýni; ógleði. „Afi glímdi stundum *langtímum saman* við þunglyndi. Það mun iðulega hafa háð honum við vinnu og því verið fjölmennu heimili þungt í skauti“.

Þunglyndiskast (n, hk) Tímaskeið þunglyndis.

Þunglyndur (l) Það að vera haldinn þunglyndi. „Maður verður bara þunglyndur af tilhugsuninni“!

Þungmelt / Þungt í maga (l/orðtak) *Tormelt*. „Trúað gæti ég að kálfinum verði plastið fremur þungmelt“.

Þungorður (l) Ávítandi/reiðilegur í tali; skömmóttur; notar skammaryrði/blótsyrði/ávítur/illmælg. „Hann var þungorður í garð fráfarandi ríkisstjórnar“. „Heldur þótti mér hann þungorður í garð hreppsnefndarinnar“.

Þungróið (l) Erfitt að róa. „Þungróið var á móti fallinu, en um skamma leið að fara“.

Þungstígur (l) *Þunglamalegur*; *þungur á fæti*; stígur þungt til jarðar.

Þungsvæfur (l) Sem sefur djúpt; sem hrýtur mikið.

Þungt á metunum (orðtak) Hefur mikið vægi; er mikilvægt. „Hans meðmæli geta verið þungt á metunum þegar þeir velja í starfið“. Metaskálar var einföld vog; mikilvæg í viðskiptum fyrr á tíð; met voru lóðin.

Þungt færi (orðtak) Þungfært; erfið færð. „Færið er fremur þungt á háfjallinu“.

Þungt fyrir brjóst (orðtak) Með brjóstverk/brjóstþyngsli; á erfitt með andardrátt. „Mér varð *eitthvað svo* þungt fyrir brjósti, svo ég lagði mig smástund“.

Þungt haldinn (orðtak) Mjög veikur; illa haldinn; hrjáður; *langt leiddur*. „Hann var þungt haldinn í tvo daga, en þá fór að *ryáttlast af* honum“.

Þungt heimili (orðtak) Fjölmennt heimili; heimili þar sem mikið þarf til framfærslu.

Þungt hugs / **Þungt hugsandi** (orðtak) Í ungum þönkum; *djúpt hugsandi*; svo mikið að hugsa að ekki tekur mikið eftir því sem fram fer.

Þungt í huga / **Þungt í skapi** / **Þungt undirniðri** (orðtök) Í slæmu skapi; *liggur illa á*; reiður; móðgaður; sár. „Mér var fremur þungt í skapi eftir að hafa lesið þetta bréf“.

Þungt í lofti / **Þungur í lofti** (orðtök) Þungbúinn; lágskýjað; alskýjað; dimmt yfir. „Ansi er hann orðinn þungur í lofti; við þurfum að drífa þetta í hlöðu sem fyrst“.

Þungt í maga (orðtak) Þungmelt; um mat sem fer ekki vel í maga. „Hangiketidi er alltof þungt í maga þegar maður er með svona pest“.

Þungt í vöfum (orðtak) Erfitt viðureignar; þungt að bera. Sjá *vaf*.

Þungu fargi af létt (orðtak) Laus við miklar áhyggjur; getur *andað léttara*. „Það var þungu fargi af mér létt þegar fjárhópurinn var loks kominn í réttina“.

Þungur matur (orðtak) Matur sem er *þungmeltur*.

Þunguð (l) Ólétt; barnshafandi; með barni.

Þungur (l) A. Sem vegur mikið. B. Sem er erfiður/torsóttur. „Ansi finnst mér þetta þungt námsefni fyrir smábörn“. „Færðin er þungt á háfjallinu“. „Þetta er dálítið þungt í maga“.

Þungur á bárinni (orðtak) A. Um bát; lyftir sér seint eða illa upp á bárana, t.d. vegna hleðslu. B. Líkingamál um mann; ákveðinn; líklegur til að koma sínu fram. „Hann getur verið ansi þungur á bárinni þegar hann beitir sér“. Líking við bát sem klýfur öldurnar í stað þess að skoppa á þeim. Sjá *léttur á bárinni*.

Þungur á brá/brún/svip (orðtak) *Brúnaþungur*; *þungbrýnn*. „Hversvegna ertu svona þungur á brúnina“?

- Þungur á fæti** (orðtak) Þungstígur; á erfitt með gang; latur til gangs. „Ég held maður verði nú dálítið þungur á fæti að smala aftur fyrir karlinn, ef hann er ekkert nema vanþakklætið“!
- Þungur á höndum** (orðtak) A. Þungur að bera; *sígur í*. „Eggjakútarnir reyndust nokkuð þungir á höndum, og þurftum við oft að hvíla okkur á leiðinni upp dalinn“. B. Um sigmann í klettum; þungur í vaðnum; ekki *léttur í vað*. „Hann var ekki þyngri á höndum en það að ég dró hann auðveldlega einn uppaf Höfðanum“.
- Þungur á sér** (orðtak) Þunglamalegur; feitur. „Heldur var hann þungur á sér upp hliðina“.
- Þungur/erfiður eftirróðurinn** (orðtak) Eftirróður er það að róa á eftir öðrum bát, en kjalsogið getur torvelað hann. Notað í líkingamáli um erfiðleika við að vinna mál/ ná markmiðum eftirá.
- Þungur í sér** (orðtak) Eðlisþungur; þéttur. „Ansi er votheysið þungt í sér, svona rennblaut“.
- Þungur í skapi** (orðtak) Skapmikill; *fljótillur; bráður*. „Og það vissi ég að hann sagði satt því hann var karlmenni mikið og þungur í skapi“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).
- Þungur róður** (orðtak) A. Erfiður róður, t.d. vegna mótvinds eða andstreymis. B. Líkingamál um erfitt verkefni. „Það verður þungur róðurinn fyrir þá að sannfæra hann um þetta“.
- Þungur sjór** (orðtak) Mikill sjór; allnokkuð brim. „Ferðin til Breiðavíkur gekk vel, en þegar lagt var af stað þaðan var þungur sjór, en heita mátti logn“ (TÓ; Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Þungur til gangs / Þungur til verks/vinnu** (orðtök) Seinfær; latur; þungur á fæti; á erfitt með hreyfingar.
- Þunnar kveðjur/þakkir** (orðtök) Lítil kurteisi; vanþakklæti; lítilsvirðing. „Þótti honum þetta fremur þunnar þakkir fyrir allt sem hann hafði á sig lagt“.
- Þunnar veitingar/trakteringar** (orðtök) Slæmur viðurgerningur. „Honum þótti það þunnar veitingar að fá aðeins *berrassað kaffi*“. „Landsbyggðin mun ekki sætta sig við svona þunnar trakteringar“.
- Þunnholda** (l) Í lélegum holdum; horaður. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fódra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Þunnhærður** (l) Með gisið/þunnt hár; hárlítill; nær sköllóttur. „Maður gerist fremur þunnhærður í hvirfilinn á síðari árum“.
- Þunnildi** (n, hk) A. Kviðveggur á fiski, kviðfiskur, oftast verkaður til matar. Þunnildi af steinbít nefnast *kisur/kerlingar*. Dökka himnan innan á þunnildi þorsks nefnist *ómínnishimna*. Fremst í þunnildunum eru *angiljubein/klumbubein*, aftarvið þau eyruggarnir. „Fátt finnst mér betra en vel saltað og þunnildi af stórþorski; helst ef það er orðið *tvífornt*“. B. Líkingamál um heimska manneskju; þynna; bjálfi. „Hún er kannski dálítið þunnildi kerlingin, en mesta gæðasál“.
- Þunnmeti** (n, hk) Þunnfljótandi matur. „Ég er lítið fyrir súpugutl og annað þunnmeti“.
- Þunnskipað lið** (orðtak) Fámennt. „Heldur þótti honum liðið þunnskipað fyrir þessa smalamennsku“.
- Þunnt/þykkt á** (orðtak) Þunnt/þykkt lag af heyi á jörð / smjóri/kæfu á brauðsneið o.fl. „Það þyrfti að *ká* örlítið úr mestu hrúgunum þar sem þykkast er á þegar búið er að *breiða galtann*“. „Sléttan var mjög misjafnlega sprottin. Sumsstaðar er óttalega þunnt á“.
- Þunnt er móðureyrað** (orðatiltæki) Móðir skynjar þarfir síns barns betur og næmar en nokkur annar. Einnig; *glögg er móðuraugað*.
- Þunnt svar** (orðtak) Svar sem segir lítið. „Heldur þótti honum svörin þunnt“.
- Þunnur** (l) A. Ekki þykkur; stutt í gegn. „Þunnar fjalir voru notaðar í þiljuna“. B. Ekki þéttur. „Hárið er farið að þynnast í hvirfilinn“. C. Lélegur; vitgrannur; heimskur. „Andskoti geturðu verið þunnur ef þú skilur þetta ekki“!
- Þunnur á vangann** (orðtak) Horaður/grannleitur í andliti; kinnfiskasoginn. „Heldur fannst mér hann vera orðinn fyrirgengilegur og þunnur á vangann“.
- Þunnur í roðinu** (orðtak) A. Um fisk; horaður. B. Oftar notað í líkingum um mann sem þykir heimskur/einfelding. „Nokkuð þótti mér þessi nýi frambjóðandi vera þunnur í roðinu“.
- Þunnur þrettándi** (orðtak) Lélegar veitingar/trakteringar. „Það er eitthvað almennilegt með kaffinu á þessum bæ. Mér fannst það fjári þunnur þrettándi á hinum bænum; bara *berrassað kaffi*, og molalaust“!
- Þunnvangi** (n, kk) Gagnauga. „Það er vont að fá svona högg á þunnvangann“.
- Þurfa** (s) Þarfnast; vanta; skorta.
- Þurfa mann á móti sér** (orðtak) Þurfa öflugan mann sér til aðstoðar. „Ég er hræddur um að þú þurfir mann á móti þér ef þú ætlar að hreyfa þessum steini, góði minn“!

Þurfa (einhvers) með (orðtak) Þarfnast einhvers; vera í þörf fyrir eitthvað. „Ég bað hann um aðstoð en sá svo að ég þurfti hennar ekki með“.

Þurfa vitnanna við (orðtak) Sjá ekki þarf (*frekari*) vitnanna við.

Þurfalingur (n, kk) Sá sem þarf að vera upp á aðra kominn með framfærslu; beiningamaður; ómagi.

Þurfamannatíund (n, kvk) Sá hluti *tíundar* sem rann til þurfamanna/fátæklinga. Annarsvegar var hún fjórðungur skiptanlegrar tíundar og hinsvegar öll tíund eigna undir fimm hundruðum.

Þurfandi (l) Með þörf fyrir. „Það ætla að fara að hleypa fénu út. Það er líklega orðið þurfandi fyrir vatn“.
„Gefðu sktráknum einhvern bita; ég er ekki eins þurfandi“.

Þurftafrekur (l) Með miklar þarfir. „Ljósavélin er orðin ári þurftafrek á smurólíu í seinni tíð“.

Þurftalítill / Þurftasmár (l) Með litlar þarfir. „Það má lengi komast af með lítið ef maður er þurftalítill og nægjusamur“.
„Ég er fremur þurftasmár í þessum efnunum“.

Þurr (l) A. Ekki blautur. „...og bera hreinan og þurran skeljasand á gólf“ (KJK; Kollsvikurveg). B. Án viðbits. „Ætlarðu að borða brauðið svona þurr“? C. Harður í viðmóti; þegjandalegur; *stuttur í spuna*.
„Heldur fannst mér hún þurr við karlinn“.

Þurr á manninn (orðtak) Um framkomu; fáorður; *stuttur í spuna; afundinn*. „Ég var að reyna að æra eitthvað uppúr honum, en mér fannst hann frekar þurr á manninn; eins og honum þætti eitthvað við mig“.

Þurr fiskur / Þurrfiskur (orðtak/ n, kk) Harðfiskur; skreið; þurkaður fiskur.

Þurr lesning (orðtak) Lesefni sem þykir ekki áhugavert; tyrfin lesning. „Skýrslan er ansi þurr lesning“.

Þurrabú (n, hk) Heimili þar sem matur er þrotinn. „Ég held að við þurfum bráðum að komast í búð; þetta er að verða hálfgerð þurrabú“.
Virðist ekki þekkjust annarsstaðar.

Þurrabúð / Þurramannsbýli (n, kvk/hk) A. Bústaður eða verbúð þar sem menn eru árið um kring án þess að hafa búskap; *tómhús*. Áður fyrr lifðu *þurrabúðarmenn* oftast af útræði í nálægu veri eða vinnumennsku á nærliggjandi bæ. Þurrabúðir í Útvíkum tengdust flestar útræði. „Upp af þessari tungu var þurrabúð sem hét Strákamelur“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Kollsvík, Láginnúpur og Grundir voru lögbýli í Kollsvík, en auk þeirra voru Bakkar þurrabúð; Grund líka þurrabúð, þar bjó Samúel Eggertsson“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Seinna var Evu breytt í þurramannsbýli: Magnús Jónsson, ættaður úr Tálknafirði, og Guðrún Jónsdóttir, ættuð úr Rauðasandshreppi, áttu heima þar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). B. Líkingamál á síðari tímum; skortur á matvöru í búi. „Þetta fer nú að verða hálfgerð þurrabúð hjá mér ef ég kemst ekki fljótlega í verslun“.

Þurrabúðafólk (n, hk) Fólk sem býr í *þurrabúð*. „Þó kom það fyrir að þurrabúðarfólk hafðist þar við með fáeinir kindur, en treysti að öðru leyti á sjávargagn sér til framfærslu“ (HÖ; Fjaran).

Þurrabúðarmaður (n, kk) Búðsetumaður; sá sem býr í *þurrabúð*. „Erlendur á Hvallátrum sendi einn af vinnumönnum sínum eftir koffortinu. Hann hét Gestur Jóseppson, og var síðar þurrabúðarmaður í Kollsvík (að Gestarmel)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). Sjá *búðsetumaður*.

Þurrabúðarkot (n, hk) Smábýli þurrabúðar.

Þurrafúi (n, kk) Fúi í við af völdum sveppagróðurs, jafnvel á þurrm stöðum; t.d. í húsum og bátum.

Þurrahósti (n, kk) Hósti án þess að slím komi upp. „Skelfilegt er að heyra þennan þurrahósta í þér drengur“.

Þurrausa (s) Um austur/dælingu úr bát; klára alveg að *ausa*. „Við gátum þó þurrausið þegar við komum á lyngnan sjó, fyrir innan Þyrsklingahrygg“ (ÖG; Þokuróður). „Gæta þurfti þess að ausa skektuna til að svinghjólíð á vélartíkinn næði ekki að ausa sjó uppá kveikjuna. Helst þurfti að þurrausa hana“.

Þurrausinn (l) Búið að *þurrausa*; alveg *ausinn*. „Báturinn var þurrausinn í bili“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Þurrbatteri (n, hk) Rafhlaða sem ekki inniheldur rennandi síru.

Þurrbrjósta (l) Án drykkjar; vatnslaus. „Það gengur ekki að vera þurrbrjósta á sjó í heilan dag“.

Þurrð (n, kvk) Skortur. „Sykurinn fer bráðum að *ganga til þurrðar*“.

Þurrfóður (n, hk) Fóður á þurru formi, t.d. fóðurbætir eða refafóður.

Þurrhey (n, hk) Gras sem þurkað hefur verið eftir slátt. Þurrhey hefur í gegnum aldirnar verið uppistaðan í skepnufóðri bænda til vetrarins, enda var ekki farið að verka í vothey *á ráði* fyrr en á 20.öld. Þurrheysverkun er allmjög háð veðri, og eftir óþurkkasumur voru bændur oft illa staddir með hey. Þar sem góður útigangur var fyrir sauðfé; þ.e. næg hagabeit og/eða fjörubeit, var fullorðnu fé ekki ætlað hey nema í löngum innistöðum. Þannig var í Kollsvík. Kýr þurfa alltaf innistöðufóðrun að vetri, og mjólka þeim mun betur sem hey eru meiri og betri. Hlöður voru fátíðar fyrrum, heldur var borið upp í hey; oft nærri skepnuhúsum. Fé var oft í kofum *hist og her* um landareignina, og þurfti oft að bera heyið í pokum. „Nær

eingöngu var heyjað í þurrhey á þeim tíma; þó þekktist votheysgerð í smáum stíl“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Þurrheysblaða (n, kvk) Hlaða fyrir þurrhey. „Við fjárhúsin var byggð þurrheysblaða með votheysgryfjum í enda“.

Þurrheyskapur (n, kk) Þurrheysverkun; fengur þurrheys; magn þurrheys sem náðst hefur. „Þurrheyskapur er lítill orðinn, eftir að rúlluheyskapurinn kom til“.

Þurrheysstabbi (n, kk) Stabbi/stallur/hlaði í hlöðu af þurrhey. „Ég veit ekki hvort þessi þurrheysstabbi dugi honum *framúr*; en ég *stórefa* það“.

Þurrheystugga (n, kvk) Tugga/visk af þurrhey. „Það verður að gefa einhverja þurrheystuggu með votheyinu“.

Þurrheysvagn (n, kk) Heyvagn fullur af þurrhey. „Við náðum tveimur þurrheysvögnum áður en hann fór að rigna“.

Þurrheysverkun (n, kvk) Verkun þurrheys; þurrkun grass

Þurrka (n, kvk) Það sem notað er til að þurrka vökva; t.d. tuska eða bréfþurrka.

Þurrka hey (orðtak) Verka gras í þurrhey. „Það var verið að þurrka hey uppi á Hólum“ (IG; Æskuminningar).

Þurrka sig (orðtak) A. Þurrka líkama sinn. B. Um veðurlag; styttu upp; hætta að rigna. „Mér finnst að hann sé að byrja að þurrka sig“.

Þurrka út (orðtak) Afmá; strjúka af; láta hverfa. „Þessa ósiði þarf að þurrka út með öllu“!

Þurrkar / Þurrkatíð (n, kk/kvk) Tíðarfar mikilla þurrka; þurrviðrasöm tíð. „Árnastilla var einn illslægasti blettur í Sauðlauksdalstúni í þurrkatíð“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals). „Þótt veturinn hafi verið snjólaus hafa samt verið innistöður að mestu sökum illviðra fyrri hluta vetrarins, en kulda og storma með þurrkum eftir góbyrjun“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1942).

Þurrkdagur (n, kk) Dagur með góðum þurrki. „Þurrkdagar hafa enn verið fáir í þessum mánuði“.

Þurrfrosta (l) Veðráttá með frosti án úrkomu. „Það er í lagi meðan hann helst svona þurrfrosta, en ég *býð ekki í* það ef hann færi að rigna ofaní þetta“!

Þurrfættur (l) Ekki votur í fæturna. „Ég komst þurrfættur yfir seilina“.

Þurrkdagur (n, kk) Dagur sem nýtist vel til heyþurrkunar. „Við náðum að klára heyskapinn þessa þurrkdaga“.

Þurrkdeyfa (n, kvk) *Daufur þurrkur*; lítill þurrkur þó hann *hangi þurr*. „Árans þurrkdeyfa er þetta; dag eftir dag“!

Þurrkflæsa (n, kvk) Góður þurrkur um stund; *flæsa*. „Það er mikilvægt að nota vel þessa þurrkflæsu“.

Þurrkhjallur (n, kk) Hjallur; sérstök tegund byggingar sem ætluð er til þurrkunar/herslu, einkum á fiski en einnig keti og þvotti. Hjallar geta verið af margvíslegri gerð, en þessi tíðkaðist í Kollsvíkurvei á fyrrihluta 19. aldar: „Venjulega voru fisk-, þ.e. steinbítshjallarnir, þannig gerðir að hlaðnir voru fjórir steinstólpar með stuttu millibili, er mynduðu ferhyrning. Á hverja tvo voru síðan lögð allsver tré, *hjaltré*, og náðu endarnir oftast nokkuð útfyrir stólpana. Á hjalltrén voru síðan lagðar *rár* með hæfilegu millibili, er steinbíturinn var hengdur á. Best var að endar rána næðu útfyrir hjalltrén, til þess að allur þunginn sem látinn var á rána lægi ekki á miðjunni“ (KJK; Kollsvíkurvei). Á síðari tímum eru hjallar byggðir sem stór timburhús, bárujárnklædd að frátöldum neðrihluta veggja. Mikilvægt er að velja þeim stað þar þurr er og mikill *blástur*.

Þurrklegur (l) Útlit fyrir góðan þurrk. „Hann er ekki þurrklegur þessa stundina. Ég held ég fari að *raka upp*“.

Þurrkleysa (n, kvk) Lítil eða enginn þurrkur. „Það er búin að vera ótíð og þurrkleysa allan mánuðinn“.

Þurrkreitur (n, kk) *Fiskreitur*; grjótreitur þar sem fiskur var þurrkaður með fyrri tíðar verkunaraðferðum. „Fiskreitir voru lagðir úr grjóti og þurfti jafnan að rífa þá upp á hverju vori, því sandur barst í þá að vetrinum“ (KJK; Kollsvíkurvei). „Þorskur var þurrkaður á grjótreitum en hákarl, riklingur og rafabelti í hjöllum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). Steinbítur var þurrkaður á steinbítsgörðum og *hrýgjugörðum*.

Þurrkspá (n, kvk) Veðurspá um þurra/rigningarlausu tíð. „Ætli maður verði ekki að treysta þessari þurrkspá og fara að breiða“.

Þurrktíð (n, kvk) Tímabil þurrka. „Þessi þurrktíð nýttist nokkuð vel; ég er *kominn fyrir vind* með heyskapinn“.

Þurrkun (n, kvk) Það að þurrka.

Þurrkun mýra/mýrlendis (orðtök) Framræsla mýrlendis; skurðgröftur.

Þurrkur (n, kk) Veður til að þurrka hey; þurrviðri. „Það hefur verið hinn ágætasti þurrkur alla vikuna“.
„Heldur finnst mér þetta *daufur þurrkur*“!

Þurrkvöllur (n, kk) Þurr staður þar sem unnt var að þurrka mó, en hann kom blautur úr mógröfunum. Hey var einnig flutt á þurrkvöll af votlendum stöðum. „Síðan var mórinn keyrður á þurrkvöll sem var við Grástein, ýmist á hestakerru eða hjólbörum.“ (ÖG; Niðjatal HM/GG). „Oftast vorum við krakkarnir að reyna að aðstoða Ingveldi, aðallega við að bera ullina upp á þurrkvöll“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Þurrlega (ao) Með þykkju/reiðitón; af þunga; reiðilega; fálega. „Hann heilsaði okkur fremur þurrlega og var greinilega ekki í góðu skapi“.

Þurrlegur (l) Stuttur í spuna; afundinn. „Lengi eftir þessa hrekki var hann fremur þurrlegur við strákana“.

Þurrlendi (n, hk) Þurrt landsvæði. „Ofanvið Mýrarnar er þurrlendi.“

Þurrlendisbali (n, kk) Þurr börð/holt. „Handantil í vikinni eru melaskörð og þurrlendisbalar með sendnum jarðvegi“.

Þurrlendisgróður (n, kk) Gróður á þurrlendi.

Þurrlent (l) Þurrt land; þurr jörð. „Mýrar heitir mikið votlendi í miðri vikinni, en kringum þær er þurrlent“.

Þurrmeti (n, hk) A. Þurrkaður/hertur/siginn matur; kornmeti; brauð og annar þurr matur. „Það verður að hafa smér með þessu þurrmeti“. B. Í líkingum; torskildar/óspennandi bókmenntir og annað ritmál.

Þurrmjólk (s) Mjólk kú þar til öll mjólk hefur náðst úr júgrum. „Ekki þurrmjólk *nýbærana* alveg“.

Þurrpurpa (n, kvk) A. Þurr rýja/tuska; hrjúfur þurrkblettur á húð; húðflaga. „Hér er eins og einhver þurrpurpa á handleggnum“. B. Líking; manneskja sem er þurr á manninn/fámál.

Þurrpurpulegur (l) Fúll; fámáll; þurr á manninn. „Hversvegna ertu svona anskoti þurrpurpulegur í dag“?

Þurrsalta (s) Salta matvæli (fisk eða kjöt) í stæðu en ekki í *pekil*. „Best er að þurrsalta kjötið volgt“.

Þurrsjúga (s) Sjúga alla mjólk úr júgri.

Þurrsogin (l) Búið að sjúga alla mjólk úr júgri. „Ærin var þurrsogin öðrumegin en lambið hafði ekki snert hitt júgrið“.

Þurrsöltun (n, kvk) Söltun matvæla í stæðu en ekki í *pekil*. „Þurrsöltun er ágæt í sjálfu sér, en vanda þarf vel til verka, svo saltist sem jafnast. Best er að umstafla a.m.k. einu sinni og snúa þá stykkjunum“.

Þurrt af / Þurrt á / Þurrt á jörð / Þurrt á steinum (orðtök) Um gras/jörð; þurrt viðkomu; nægilega þurrt til að hefja heyvinnu. „Það var ekki orðið vel þurrt af fyrir en undir hádegi“. „Heldurðu að það sé orðið nægilega þurrt á“? Fyrsta *morgunverk* bónda var ávallt að fara útfyrir húshorn; gá til veðurs og sjávar og kasta af sér vatni. Næsta verk, meðan heyskapur stóð, var að *þreifa á*; þ.e. strjúka handarbaki yfir jörð til að kanna hve þurrt er á; þ.e hvort unnt væri að hefja vinnu við þurrkun á heyi, t.d. breiða galta/garða; rifja eða hirða. Ekki þýðir að byrja slíkt ef raki/væta er í rót; ef ekki var vel þurrt af.

Þurrt brauð (orðtak) Ósmurt brauð. „Það er ekki hægt að éta brauðið þurrt“.

Þurrtotta / Þurrþutla (s) Þurrnjólk; mjólk alla mjólk úr spenum.

Þurrviðrasamt (l) Með tímabili þurrka. „Júnímánuður var fremur þurrviðrasamur“.

Þurrviðri (n, hk) Þurrt í veðri; þurrkatíð. „Það fer kannski að stytast í þessu þurrviðri, samkvæmt spánni“.

Þurrviðristíð (n, kvk) Þurrviðri um nokkurn tíma; þurrkatíð. „Enn virðist ekkert lát á þessri þurrviðristíð“.

Þurrætur (l) Þurr matur. „Fiskurinn er nú hálf þurrætur nema að hafa eitthvað *útálát*“. „Skyrið er skolli þurrætt þegar mjólkina vantar“.

Þurs (n, kk) A. Tröll; óvættur. B. Líking; óheflaður/*ótótlegur/illa tilhafður* maður. „Þú ert eins og þurs“.

Þursaberg (n, hk) Urð/skriða grjóthnullunga úr óslípuðu brotabergi, án finna fyllingarefnis og því oft erfið og hættuleg yfirferðar.

Þursabit (n, kk) *Tak*; slæmur bakverkur; vont giktarkast í baki. „Ég fékk svo ofboðslegt þursabit að ég gat ekki rétt úr mér allan daginn“.

Þursaháttur (n, kk) Þjösnaðpur; óhefluð framkoma. „Svona þursaháttur er engum til framdráttar“.

Þursalegur (l) Eins og þurs í háttum; heimskulegur; ruddalegur.

Þursaskegg (n, kk) Í huga og munn Kollsvíkinga og annarra Útvíknanna er þursaskegg sjávargróður sem oft kemur í net og rekur á fjörur (A). Einnig nefna þeir þursaskegg þræði þá sem kræklingurinn notar til festingar (B). En samkvæmt skilgreiningu plöntufræðinga og sumra annarra er þursaskegg starartegund sem vex á þurru landi (C). Að sjálfsögðu hafa Kollsvíkingar rétt fyrir sér í þessu sem öðru, en *fyrir kurteisissakir* verður beggja skýringa getið hér.

A. *Demestica aculeata*. Kerlingarhár; öðru nafni þursaskegg eða *þursi*. Brúnþörungur; oft 30-70 cm að hæð en getur orðið allt að 2 m. Festir sig við klappir og steina með öflugri festiflögu og uppaf henni er sívalur

stilkur. Uppaf stilknum greinist plantan á óreglulegan hátt, og eru greinarnar stinnar, grannar og flatvaxnar. Snemma á vorin myndast ljósbrúnir, fingerðir og greinóttir hárskúfar á greinunum sem detta aftur af í byrun sumars. Kerlingahár/pursaskegg er dökkbrúnt á litinn og getur orðið rauðbrúnt á haustin. Fullsprottið í byrjun sumars, en á haustin slitna greinarnar af svo eftir stendur stilkurinn. Algengt allt í kringum landið, frá neðri fjörumörkum niður á 20-30 metra dýpi. Getur lifað í 3-4 ár. Festir sig á steina, þaraleggi o.fl; rekur iðulega á fjörur og kemur sem skítur í net. „Þetta þangkyn má brúkast eins og marþráður og þar að auki gjöra nokkrir af því viskur að sópa með borð“ (BH; Grasnytjar). Norðmenn nefna þörunginn „rosstagl“ eða hrossatagl.

B. Brúskur kviðmegin á *kræklingsskel*; brúnir festiþræðir sem skelfiskurinn notar til festingar.

C. *Kobresia myosuroides*. Fjölær jurtt af stararætt. Vex á þurru stöðum, þúfnatoppum, börðum, brekkum og þúfum; frá láglendi upp á fjöll. Stráin eru í þéttum toppum með þéttstæðum ljósbrúnum 3cm löngum slíðrum neðst. Blómin nakin í 1,5-2cm löngu axi á stráendanum. Aldinið er ljósbrúnt, gljándi með stuttri trjónu. Blöðin þráðmjó; sívöl utan en grópuð. Vex um allt land; m.a. í Kollsvík.

Pursaskítur (n, kk) Niðrandi heiti á pursaskeggi, en það þykir hvítleitt þegar mikið af því rekur í net. „Þar sem netin höfðu lent á sandbletti voru þau upprúlluð að pursaskít og öðrum óþverra“.

Þursi (n, kk) A. Jötunn; tröll. B. Pursaskegg. „Fjári er mikið af þursa í netunum núna“! C. Þurs; ruddi; rustalegur maður. „En þursinn heimskur þegja hlýtur/ sem þrjóskast við að læra“ (HP; Heilræðavísur).

Þus (n, hk) Blaður; fjargviðri; skammir; aðfinnslur. „Hann sagðist lítið hlusta á þusið í nágrennanum“.

Þusa (s) Masa; fjargviðrast; skammast. „Það þýðir ekkert að þusa um þetta; öllum geta orðið á mistök“!

Þú lýgur eins og þú ert langur til (orðtak) Þú lýgur þessu öllu; þetta er *helber lygi*. Sjá *ljúga eins og (einhver) er langur til*.

Þú mátt hengja þig uppá það (orðatiltæki) Þú getur treyst því; það er öruggt; *það máttu bóka*.

Þú nýtur þess guð að ég næ ekki til þín (orðatiltæki) Stundum viðhaft þegar manni finnst allt andsnúið sem við er að fást, og kennir þeim um sem öllu stýrir. Tilvitnun í þjóðsögu um kerlingu í koti sem *fékk ofani* þegar hæst stóð heyskapurinn.

Þúa (s) Nota ávarpsorðið „þú“ sem annarrarpersónufornafn, en ekki „þér“. Sjá *þéringar*.

Þúfa (n, kvk) Gróin upphækkun í votlendismóa/mýrlendi, sem orðið hefur til vegna frostlyftingar í jarðvegi. Fyrrum þótti bændum ágætt að tún væru þýfð, þar sem meira yfirborð gaf meiri hey, auk þess sem þægilegt var að klína skít á þúfnakollana til áburðar. Eftir tilkomu véla til sláttar var þúfum sagt stríð á hendur, enda illa hægt að slá þýfð tún með greiðusláttuvél. Mýrlendi í Kollsvík er mjög þýft að eðlisfari, þó mikið af því hafi verið ræst fram og sléttað.

Þúfnakraðak / Þúfnakargi (n, kk) Mjög þýft landslag. „Það er vonlaust að slá þetta þúfnakraðak með vél“.

Þúfnakollur (n, kk) Efri hlutinn á þúfu. „Gamla túnið sléttuðu bræðurnir með því að skera ofan af þúfnakollunum og fylla í skvompurnar“.

Þúfnasléttun (n, kvk) Það að slétta þýft land. Fyrstu túnin voru sléttuð með handverkfærum.

Þúfnavag (n, hk) Sérstakt göngulag sem hendaði ágætlega við göngu í þýfðu landi og stórgryttu. Bandaríkjamenn gengu þannig þeir lentu á tunglinu, en Kollsvíkingar hafa notað þessa aðferð all lengi.

Þúfótt / Þýft (l) Landslag með miklu af þúfum. Báðar orðmyndir heyrðust notaðar í Kollsvík.

Þúfusteinbrjótur *Saxifraga caespitosa*. Algengt jurtt af steinbrjótsætt; finnst m.a. víða í Kollsvík; vex á melum, í giljum, skriðum og fjalllendi. Fjölær lágvaxin jurtt með þéttar stofnlægar blaðhvírfingar. Blómin eru fimmdeild; 8-12 mm í þvermál; krónublöðin hvít eða rjómagul. Laufblöðin er 3-sepótt að framanog blaðsprotarnir mynda oft þéttar smáþúfur.

Þúfutittlingur (n, kk) *Anthus pratensis*. Grátittlingur; lítill spörfugl af erluætt. Algengur farfugl um allt land, m.a. í Kollsvík. Brúngulur; um 15 cm að lengd; 25-25 grömm og vænghaf 22-25 cm. Verpur 5-6 eggjum í holum, urðum eða glufum, í vandaða hreiðurkórðu; oft tvisvar á sumri.

Þúst (n, kvk) Þúfa; upphækkun; ójafna.

Þústa (n, kvk) Þúst; stór þúfa; lítill hæð. „Mér sýndist tófan leggjast niður á bakvið þústina þarna“.

Þústna (s) Um samkomulag/sambúð; versna. „Eitthvað er nú farið að þústna samkomulagið milli bæjanna“.

Þústa/þústna að (orðtak) Harðna á dalnum; þrengja í bú; *knífa að*. „Það er gott að eiga fyrningar þegar þústnar að“.

Þúsundþjalasmiður (n, kk) Sá sem þykir einstaklega handlaginn; sá sem þykir mjög útsjónasamur, listrænn og fær í öllu handverki.

Þvaðra (s) Blaðra; bulla; segja vitleysu. „Um hvað var hann eiginlega að þvaðra“?

Þvaður (n, hk) Blaður; bull; kjaftæði. „Óttalegt þvaður er oft í þessum þingmönnum“.

Þvag (n, hk) Hland. „Kasta þvagi“ merkir að pissa.

Þvaga (n, kvk) A. Óreglulegur þéttur hópur; öngþveiti; mergð. B. Eldra heiti á gólf tusku/þvegli; því sem þvegið er með.

Þvagl og stagl (orðtak) Bull; þvæla; rugl; blaður. „Hann sagði mest lítið af viti; mestmegnis þvagl og stagl“!

Þvagteppa (n, kvk) Eldra heiti á því sem nú er nefnt þvaghærasýking.

Þvagla (s) Þvæla; stagla; bulla; þvaðra. „Hann var að þvagla með hinar ótrúlegustu afsakanir“!

Þvali (n, kk) Raki, einkum á yfirborði. „Einhver þvali er enn á jörðu“.

Þvalur (l) Rakur; lítilllega blautur. „Það er dálítið þvalt ennþá á jörðu“. „Þú ert þvalur í lófunum“.

Þvara (n, kvk) Sleif; spaði til að hræra með.

Þvarg (n, hk) Þras; rifrildi; hávaði. „Fundurinn leystist upp í óstjórn og þvarg“.

Þvarga / Þvargast (s) Jagast; rífast; þrasa. „Hættið nú að þvarga um þetta; það var engum að kenna að lúðan slapp“! „Ég nenni nú ekki að þvargast lengur í þessu“.

Þvegin fjara (orðtak) Enginn þari til fjörubeitar. „Það er gjörsamlega þvegin fjaran eftir brimið í gær“.

Þveginn og kembdur (orðtak) Þveginn og greiddur. „Ég ætlaði ekki að þekkja hann; svona þveginn og kembdan“!

Þvengja (s) Sauma/festa þveng í skó. „Tvær gerðir voru af roðskóm. Á annarri voru þeir saumaðir saman í tá og hæl, en á hinnari var aðeins saumur á tanni, en *þvengjað* í hæl, og var það algengara“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild GG o.fl.).

Þvengjalengja (n, kvk) Áberandi há og horuð manneskja; það sem er mjög langt og mjótt. „Óttaleg þvengjalengja ertu orðin stelpa! Þú þarft að fara að fá eitthvað utaná beinin“.

Þvengjanál (n, kvk) Nál til að varpa með skinnskó og *roðskó* (sjá þar).

Þvengjaskinn (n, hk) Gæra /skinn sem notað er í þvengi/ólar; sjá *gæra*.

Þvengmjór (l) Mjög grannur; mjósleginn. „Sumir strákarnir voru svo þvengmjóir að þeir gátu skriðið gegnum *örþröngt* opið í jötuendanum“.

Þvengur (n, kk) Ól; skinnþráður. Áður en bönd úr hampi og gerviefnum urðu algeng gengdu þvengir mikilvægu hlutverki. T.d. voru þeir notaðir sem skóreimar. „Gærurnar voru rakaðar, fljótlega eftir að fænu hafði verið *lógad*. Stundum voru þær rakaðar samdægurs að kvöldi, eftir að slátrun var lokið. Í Búalögum er það talið *meðalmannsverk* að *slátra* 10 sauðum og raka gærurnar að kvöldi. Notaður var *flugbeittur* hnifur úr *ljáblaði* til að raka gæruna. Margir gerðu það á beru hnenu. Sagt var að fljótustu menn væru *stundarfjórðung* að raka eina gæru. Stundum var flegið þannig að skinnið var látið halda sér sem heill belgur að sem mestu leyti. Þegar búið var að raka voru belgirnir fylltir með heyi og hengdir upp í eldhúsi. Þar voru þeir látnir hanga og þorna. Síðan voru þeir teknir niður og *eltir*. Þegar þurrkað skinn var elt var það núið og hreyft milli handa sér eða undir fótunum. Þá komu fljótlega brot í það þar sem skinnið var að verða mjúkt. Þá var haldið áfram að núa, böggla, snúa, vinda og teygja skinnið, þangað til hvergi var orðinn eftir harður blettur og allt skinnið var orðið *lungamjúkt*. Það hét *eltiskinn*. *Skinnbelgir* voru notaðir mikið undir mat; bæði kæfu, smjör, tólg og fleira. (Einnig í baujur/belgi). *Eltiskinn* var haft í karlmannabuxur á 17. og 18. öld. Það var líka notað í skjóður og í *skinnþvengi* í skó og *bryddingar* á skó. Annars voru skinn af sauðkindum, *sauðskinn*, notuð í skó eins og þau komu fyrir, en *sauðskinnsskór* voru mikið notaðir áður fyrr og langt fram á 20. öld. Annars var skinn til skógerðar, sem hét *skæðaskinn*, oft blásteinslitað á síðustu áratugum, en til þess var notaður *blásteinn* (koparsúlfat) uppleystur í vatni. Sjóklæðnaður var allur úr sauðskinni áður fyrr (sjá *skinnklæði*). Skinn í sjóklæði og annan skinnfatnað voru verkuð með því að bera í þau lýsi, hangikjötsflot eða kúarjóna meðan verið var að elta þau. Lykt var af *lýsisbornu* skinnunum, en ekki af þeim sem *flotið* og rjóminn var borið í. *Þvengjaskinn* var búið til úr þunnum skinnum; yfirleitt lélugustu bjórnum. Þvengjaskinnið var stundum rakað en oftar var ullin *rotuð* af því með því að láta það liggja í hlýju í nokkra daga. Þá losnaði ullin af því og engin hnífsvör komu í það, eins og stundum gerðist við raksturinn. Þvengjaskinnið var alltaf strekkt á sléttum fleti og neglt niður á öllum jöðrum. Það hét að *spýta* skinnið. Þá varð það *rennislétt* og hart þegar það þornaði og var geymt þannig. Mjóar ræmur voru ristar af skinninu og þær bleyttar og teygðar. Þannig voru *þvengirnir* búnir til.

Sauðskinnsskór og annar skinnfatnaður var saumaður með *togþræði* (sjá *tóvinna*). Sauðskinnsskórnið voru stundum *verptir*, en þá var skinnþvengur dreginn kringum allt opið á skónum og dregið saman með þvengnum, sem lá yfir jaðar skóvarpsins milli hverra tveggja gata. Verptir skór voru með *hælpvengjum* og *ristarböndum*. Oft voru menn á *skinnleistum* innan í skónum til að verjast bleytu. Á ferðalögum voru menn stundum í belgjum af *veturgömlum* kindum; sínnum á hvorum fæti, og leðurskór saumaðir neðan á belgina.

Spariskór voru gerðir úr *sortulituðu* sauðskinni og bryddað kringum opið með hvítum eltiskinnsbryddingum. Þessir skór voru með hvítum hælþvengjum. Sauðskinnsskór fóru vel á fæti, en endingin var stutt. Þeir urðu harðir og flughálar á grasi í þurrkum, og voru þá látnir liggja í bleyti yfir nóttina. Skópþvengir urðu að vera sterkir, því mikið reyndi á þá þegar fast var spyrnt við fæti.

Hrútsþungar undan fullorðnum hrútum voru oft skornir af þannig að mikið skinn af kviðnum var látið fylgja þvengnum. *Pungurinn* var síðan rakaður; tekið innan úr honum og hann troðinn út með heyi. Um leið og troðið var í hann var hann teygður og lagaður til, eins og hann átti að verða. Síðan var hann þurrkaður, þangað til skinnið var orðið glerhart og glært, en að því búnu eltur vel og lengi, þangað til hann var orðinn mjúkur. Þá var komin *skinnskjóða* sem var til margra hluta nýtsamleg. Margir höfðu hann undir neftóbak, og var hann þá brotinn saman í opið og vafinn upp til að loka honum. Stundum var dreginn þvengur í opið á þvengnum og hann notaðu undir peninga og ýmsa smáhluti. (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin).

Þver (l) A. Sem er þvert yfir. „Hópurinn hljóp yfir þveran dalinn“. B. Öndverður; *þversum*; *einþykkur*; þrjóskur. „Það er erfitt að kenna þér ef þú ert svona þver“.

Þver fyrir (orðtak) Stífur á móti; leggst gegn. „Hann er þver fyrir í þessu máli“.

Þver og endilangur (orðtak) Útum allt. „Við flengdum um vikina þvera og endilanga án þess að verða varir“.

Þverari en andskotinn (orðtak) Mjög þrjóskur; framúr hófi þver. „Það er bara tímasóun að *tala um fyrir* honum; hann er þverari en andskotinn“.

Þverband (n, hk) Band í báti; viðarrenningur til styrkingar sem liggur innaná súðinni og þvert á hana.

Þverbíti (n, kk) Þverslá; biti sem liggur láréttur/þversum, t.d. sem burðarviður í húsi.

Þverbrestur (n, kk) A. Sprunga sem liggur þvert í gegnum viðinn. B. Líking; galli/rökleysa í málflutningi/félagsskap, veila í manneskju. „Alltaf virðast einhverjir þverbrestir vera í borgarsamfélögum“.

Þverbrjóta (s) A. Brjóta eitthvað þversum. B. Brjóta algerlega. „Hér hafa reglur verið þverbrotnar“!

Þverfingur (n, kk) Lengdareining; um 17-20 mm; heyrðist eingöngu notað á seinni árum um millibil milli *spela* í grindum fjárhúsa.

Þverfirðis (ao) Þvert yfir fjörð. „Mun fljótlega hefur oft verið áður fyrr að komast í kaupstað á Eyrum með því að sigla á báti fyrir Blakk og síðan þverfirðis, í stað þess að fara landleið yfir Háls og fyrir Fjörð“.

Þverfóta (s) Feta sig út á hlið eftir mjörri syllu í klettum eða eftir tæpri götu í brattri hlið.

Þverfótarbreiður (l) Eins og þver fótur að breidd. „Þarna er fremur tæp hilla í bjarginu, varla meira en þverfótarbreið á kafla. En bergið er öruggt og góðar handfestur“.

Þvergarður (n, kk) A. Hlaðinn garður sem liggur þvert á aðra garða. B. Líking; *þverhaus*; *þvergirðingur*. „Hann getur verið bölvður þvergarður í svona málum“.

Þvergata (n, kvk) Gata sem liggur þvert á aðra.

Þvergeil (n, kvk) Geil, t.d. í heystabba í hlöðu, sem liggur þvert á megingeilina.

Þvergil (n, hk) Gil sem gengur þvert á lægd/dal. Þvergil er örnefni á gili í Vörðubrekku í landi Geitagils.

Þvergirða (s) Girða þversum/ þvert yfir. „Ég neyddist til að þvergirða í gjána til að fé færi ekki í svelt“.

Þvergirðingur (n, kk) A. Þvermóðskufullur maður; þverhaus. „Hann hefur þótt óttalegur þvergirðingur í þessum málum“. B. *Þverhausaháttur*; *þvergirðingsháttur*. „Með þessum þvergirðingi þokast lítið áleiðis“.

Þvergirðingsháttur (n, kk) Þverhausaháttur; þverska. „Málið komst ekkert áfram vegna þvergirðingsháttar stjórnarandstöðunnar“.

Þvergirðingslegur (l) Eins og þvergirðingur. „Vertu nú ekki svona skratti þvegirðingslegur. Það sakar ekki að lána honum bílinn í dagstund“.

Þvergirt fyrir (orðtak) Kom ekki til greina/mála; ófær leið; synjað fyrir. „Er alveg þvergirt fyrir að þú getir komið svona einföldum hlut inn í þinn þykka haus“?!

Þverhandarbreidd (n, kvk) Lengdarmál; jafn breitt og þver hönd með fingur saman; 10-12 cm. „Um þverhandarbreið rifa var höfð milli stafs og hurðar“.

Þverhandarbreiður / Þverhandarþykkur (l) Þverhönd að breidd/þykkt. „Stallurinn er varla meira en þverhandarbreiður“.

Þverhandarviður (l) Sem þverhönd á vídd. „Hákarlasókn var um þverhönd að vídd, við *agnhaldið*“.

Þverhandarþykkt (n, kvk) Jafn þykkt og mannshönd er breið; þverhandarbreidd að þykkt.

- Þverhaus** (n, kk) *Þvergirðingur*; niðrandi heiti annarra á þeim sem stendur fast á sínum skoðunum. „Mér er slétt sama um að vera kallaður þverhaus; ég samþykki bara ekki hvaða *staðleysu* sem er“!
- Þverhausaháttur** (n, kk) Þverska; þumbaraháttur. „Svona þverhausaháttur kemur þér bara í vandræði“. Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Þverhausast** (s) *Þverskallast*; sýna *þvermóðsku/þvergirðingshátt*; vera þver/þrákelkinn/stífur. „Hann ætlar enn að þverhausast í þessu máli“!
- Þverhnípi** (n, hk) Standberg; lóðrétt bjarg, án verulegra ganga/hillna. „Þarna er þverhnípi af brún í fjöru“.
- Þverhníptur** (l) Um bjarg/berg/klett; nánast lóðréttur og án mikilla stalla. „Heitir þar Strengberg, enda eru Hnífarnir þar þverhníptir af brún í sjó“ (HÖ; Fjaran).
- Þverhnútur** (n, kk) Réttur hnútur. Getur merkt einfaldan hnút á einum legg eða tvöfalt rétt bragð þegar tveir endar eru hnýttir saman.
- Þverhnýta** (s) Hnýta þverhnút. „Ég þverhnýtti teinana saman, til bráðabirgða“.
- Þverhönd** (n, kvk) Gróf mælieining; þvermál mannshandar. U.þ.b. 10-12 cm.
- Þverkálfur** (n, kk) *Þverhaus*; *þvergirðingur*; *þrákálfur*. Kálfar eru oft tregir í taumi.
- Þverkrækja** (s) Um fiskveiðar; þverhúkka fisk á færi. „Þarna tókst mér að þverkrækja þaraþyrskling“!
- Þverkræktur** (l) Þverhúkkaður; kræktur í bol en ekki kjaft.
- Þverkubbast** (s) Brotna þversum. „Snjóþunginn var svo mikill að sperrurnar þverkubbuðust í sundur“.
- Þverlundaður** (l) Með aðrar skoðanir en aðrir; óþjáll í samskiptum.
- Þvermál** (n, hk) Lengd þvert yfir.
- Þvermið** (n, hk) Mið sem er þvert á *aðalmið*, en í skurðpunkti þessara hugsuðu lína er mið; fiskimið.
- Þvermóðska** (n, kvk) Andstaða/andóf við því sem aðrir ætlast til. „Vertu nú ekki með þessa þvermóðsku drengur; þú ferð í sparifötin ef þú ætlar á samkomuna“!
- Þvermóðskufullur** (l) *Þvergirðingslegur*; þver; andsnúinn; *situr fast við sinn keip*.
- Þvermóðskulega** (ao) Með þvermóðsku; þrákelknislega.
- Þverneita** (s) Neita alfarið; viðurkenna alls ekki. „Hann þverneitaði að hafa stolið vasahnífnum“.
- Þverpoki** (n, kk) Poki sem lagður er þvert yfir hestbak til flutninga. Eingöngu notað núorðið í orðtakinu að *reiða ekki vitið í þverpokum*; sjá þar.
- Þverpóstur** (n, kk) Þverslá í glugga; láréttur gluggapóstur.
- Þverra** (s) *Ganga til þurrðar*; minnka. „Heldur þverr úthaldið með aldrinum“. „Vatnið þvarr úr brunnum“.
- Þverreisa** (s) Reisa siglu og draga upp þversegl á báti. „Það var ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var, en það var að reisa mastrið og draga upp þversegl sem var í þá daga í flestum bátum í Kollsvík“ (G.J.H; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.O. skrás; Árb.Barð 2004).
- Þverrifa** (orðtak) Gæluorð yfir munn. „Ég held að þessi fýr ætti nú bara að loka á sér þverrifunni“!
- Þvers** (ao) Þversum; þvert yfir. „Það passar að saga fjölinu þvers, nálægt miðju“.
- Þvers og kruss** (orðtak) Í allar áttir; útum allt. „Við sigldum þvers og kruss um svæðið en baujan fannst ekki“. „Sunnanvert í holtinu milli Breiðalækjar og Steingrímslækjar eru áberandi grjótgarðar þvers og kruss“ (HÖ; Fjaran).
- Þvers yfir** (orðtak) Þvert yfir; þversum. „Við lögðum slá þvers yfir bátinn og settum sig í hana báðumegin“.
- Þversagnakennt** (l) Sem stangast á. „Heldur fannst mér frásögnin af þessu þversagnakennd“.
- Þversegl** (n, hk) Segl sem er hérumbil þversum á båt lengdina, en þó hægt að hagræða því til beggja handa. „Það var ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var, en það var að reisa mastrið og draga upp þversegl sem var í þá daga í flestum bátum í Kollsvík“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). (Sjá *sigling*, *segl* og *sprytsegl*). Þversegl var á skipum landnámsmanna og um allar miðaldir. Það var ekki fyrr en á 18.öld að annar seglabúnaður *ruddi sér verulega til rúms*.
- Þverska** (n, kvk) *Þverhausaháttur*; *þumbaraháttur*; mótþrói. „Árans þverskan í karlinum; hann neitar að koma“.
- Þverskallast við** (orðtak) Neita að hlýða beiðni/fyrirmælum; gera öfugt við það sem ætlast er til; *móast/þráast við*; *standa fast á sínu*. „Það þýðir víst ekkert að þverskallast við því sem yfirvaldið býður“.
- Þverskast** (s) *Þráast*; sýna mótþróa; vera mjög *stífur á meiningunni*. „Mér þýddi ekkert að þverskast lengur eftir að meirihluti varð ljós fyrir þessu“.

Þverskerasög / Þverskeri (n, kk) Sög sem hentar til að saga við þversum á æðar/ saga boli þvert yfir. Þverskeri er með tönnum þvert útúr blaðinu; sem mikið er lagt til hliða og skerptar báðumegin í eggina. Þær eru misjafnlega *þéttenttar/gistenntar/grófar*, og henta því misjafnlega á einstakar efnisgerðir og -þykktir.

Þverskips (ao) Þversum yfir skip/bát. „Hnísan var greidd úr netunum og henni komið fyrir þverskips“.

Þverskorinn (l) Skorinn þversum. „Alltaf er nú gott að fá þverskorinn bútung“!

Þverskublaður / Þverskuhjal / Þverskukjafstæði / Þverskuraus (n, hk) Tal sem þykir lýsa þversku/þvergirðingshætti/þvermóðsku/einþykkju/sérvisku. „ég nenni ekki lengur að hlusta á þverskuhjalið í honum“! „Þetta er ekkert nema þverskukjafstæði í þér; reyndu nú að taka einhverjum sönsum“!

Þverskufullur / Þverskur (l) Þvermóðskufullur; þráast við; situr við sinn keip; ekki tilbúinn að samþykkja skoðanir/vilja annarra átakalaust. „Helvíti geturðu nú alltaf verið þverskur! Sérðu ekki að það er bæði styttra og auðveldara að fara hina leiðina“?!

Þverskuhaus (n, kk) *Þverhaus; þvergirðingur*; mjög þrjóskur/þver maður. „Ég reyni ekki lengur að þrasa við þann þverskuhaus“!

Þverskurður / Þversnið (n, kk) Snið tekið þvert yfir.

Þverslá (n, kvk) Þverbiti; slá/bití sem liggur þversum/lárétt í t.d. grind/gólfi/lofti húsbýggingar.

Þverstykkja (l) Hluta í sundur á þverveginn. „Alltaf finnst mér nýr fiskur bestur þverstykkjaður í pottinn“.

Þverstöðuhverfill (n, kk) Nýyrði, smíðað af Valdimar Össurarsyni frá Láganúpi um þá grein orkutækni sem uppfinning hans heyrir til; hverfill sem hefur meginás þvert á straumstefnu og stór blöð sem nýta straumþungann til orkuvinnslu. Sjávarorkutækni er ný tæknigrein á Íslandi og því vantar mörg nýyrði.

Þversum / Þvertum (ao) A. Þvert yfir; hornrétt. Þvertum var oft notað áður, en heyrir sjaldnar nú. „Kassinn með dráttarvélinni var það langur að hafa var hann þversum yfir bátinn“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG). B. Þrjóskur/stífur í skoðunum/afstöðu. „Hann er ekki alltaf sammála öðrum í stjórninni og getur verið afskaplega þversum“. „Það voru tvö rúm á loftinu þvertum, og þil á milli rúmana“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Þversögn (n, kvk) Þverstæða; mótsögn; fullyrðing sem stenst illa í öðru tilliti. „Í þessu felst þversögn“.

Þvert á (orðtak) A. Þversum; hornrétt á. „Vindurinn stóð þvert á garðinn og tætti úr heynu“. B. Öfugt við. „Þeir ætla að hækka skattinn árans *þrælbeinin*; þvert á kosningaloforðin“.

Þvert á móti (orðtak) Alveg í hina áttina; alveg andstætt. „Þetta þótti honum ekki leiðinlegt; þvert á móti naut hann þess greinilega af öllu hjarta“.

Þvert með (orðtak) Þvert á/yfir. „Þessi kraftur fór þvert með vindátt. Það sást á brakinu úr húsunun, sem hafði fokið allt að 200 faðma frá bænum“ (Sturla Einarsson; um snjóflóðið í Kollsvík 3.des. 1857).

Þvert ofaní (orðtak) Algerlega gegn. „Hann byrjaði strax að vinna; þvert ofaní ráðleggingar lækna“.

Þvert tekið (orðtak) Neitað. „Ég bauð honum fylgd en því boði var þvert tekið“.

Þvert nei (orðtak) Alger neitun/synjun. „Ég fékk bara þvert nei þegar ég bað hann leyfis“.

Þvert um geð (orðtak) Á móti skapi. „Ég féllst á þetta, þó mér væri það eiginlega þvert um geð“.

Þvertaka fyrir (orðtak) Synja/neita algerlega; gefa engan kost á. „Hann þvertók fyrir að hann ætti kindina“.

Þvertré (n, hk) A. Slá sem liggur þvert á aðrar. „Þvertréð er ofarlega á krossinum, og þar á kristlíkneski“. B. Þverbiti; þverslá; máttarviður sem liggur lárétt í t.d. húsbýggingu. C. Þvert á æðar/trefjar í viði. „Það getur verið erfitt að skera þvertré með bitlitlum hníf“.

Þvertum (ao) Þversum. „Það voru tvö rúm á loftinu; þvertum, og hátt þil á milli rúmana“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Þverúð (n, kvk) Þvermóðska; þverska; mótþrói. „Bölvuð þverúð er þetta í karlinum“!

Þverveggur (n, kk) Veggur sem liggur þversum í byggingu.

Þveröfugt (l) Alveg á hinn veginn; öndvert við. „Hann er vís til að gera þveröfugt við það sem honum er sagt“!

Þvesti (n, hk) Magurt hvalkjöt; ketið innst af hval, innanvið húð, spik, undanfláttu og rengi.

Þvinga (n, kvk) Áhald til að klemma/þvinga hluti saman; klemma.

Þvinga (s) Neyða; knýja; þjarma. „Ég læt engan þvinga mig til að skipta um skoðun í þessu efni“!

Þvinga um (orðtak) *Legga að* einhverjum að gera eitthvað; pína til; heimta af. „Ég er hræddur um að fljótlega þurfi ég að þvinga þig um svör“. Ég vil ekki vera að þvinga hann um bókina meðan hún er ólesin“.

Þvingun (n, kvk) Nauðung. „Mér fannst dálítill þvingun að þessari árans slaufu“.

Því? (fn) Hví?; hversvegna. „Því skyldi hundurinn vera að gelta“? „Því ertu nú að þessu veseni“? Mikið notað af eldri kynslóð Kollsvíkinga á síðari hluta 20. aldar.

Því (fn) Þeim mun; sem því munar. „...allir munu geta haldið skepnum sínum í sæmilegu standi, verði tíð ekki því lakari“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Því er (nú) (fjandans) verr og miður / Því miður / Því er (nú) verr (orðtök) Það er ekki svo gott; mér þykir fyrir því en... „Ég knúði þar nú dyra og komst þar óðar inn./ erindi mitt faktornum ég sagði./ „Því er nú verr og miður, ég verð ei bóndi þinn“./ „Hvað veldur því“? ég segi nú að bragði“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin). „Ég er alveg búinn að steingleyma þessari sögu; því er nú fjandans verr og miður“.

Því fyrr því betra (orðtak) Betra eftir því sem fyrr er. „Komdu þegar þú getur; því fyrr því betra“.

Því marki brenndur (orðtak) Hefur þann ágalla/ósið. „Hann var manna duglegastur við vinnu, en var þó því marki brenndur að geta ómögulega vaknað á sama tíma og aðrir“. Vísar til *brennimerkinga* á reka eða fé.

Því máttu trúa (orðatiltæki) Það er satt; þú þarft ekki að efast um það. „Hafi hann sagt þetta þá stendur hann við það; því máttu trúa“!

Því sem næst (orðtak) *Hér um bil*; nærri því; *má heita*; *nærri lagi*. „Plógurinn gróf sig því sem næst á kaf í botninn“.

Því/þaðanef síður (orðtak) Enn síður. „Maður var svo fárveikur að maður reisti varla haus frá kodda, og því síður að maður kæmist til gegninga“.

Því um líkt (orðtak) Svoleiðis; þannig. „Þarna var nóg af þarapýrsklingi, ufsatittum, marhnút og því um líku; en ekkert af góðum fiski“.

Því verður ekki í móti mælt (orðtak) Ekki er hægt að mótmæla því; það eru sannindi.

Því verr duga/gefast heimskra manna ráð sem fleiri koma saman (orðatiltæki) Speki sem, samkvæmt Laxdælu, er sögð af Ólafi Höskuldssyni sem var ekki sammála meirihluta skipshafnar. Hann mælti þetta við Örn stýrimann, og e.t.v. er það meira en tilviljun að stýrimaður Kolls hét sama nafni samkvæmt munnmælum um Arnarboða. Töluvert var gripið til þessara gömlu sanninda í Kollsvík; enda alltaf í fullu gildi. Það er með mestu ólíkindum hvílík vitleysa getur orðið til þegar margt annars skynsam fólki kemur saman; byrjar að setja saman lausn/niðurstöðu sem hefur einhvern meingalla; vindur sífellt uppá vitleysuna án þess að nokkur finni að; og endar með fáránlegheitum.

Þvílík verkun! (orðtak) Upphrópun þess sem ofbýður umgengni/viðskilnaður/útgangur.

Þvílíkur (l) Slíkur; *viðlíka*; *álíka*. „Þvílíkur andskotans aulaháttur er þetta“! Ég hef nú bara aldrei séð slíkt og þvílíkt á minni lífsfæddri ævi“! „Þessi vetur var með afbrigðum góður, svo elstu menn muna vart annan þvílíkan“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1929).

Þvínær (ao) Nærri því. „Þegar plógurinn kom til botns og farið var að draga hann gróf hann sig strax þvínær á kaf í sand...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Þvísemnæst (ao) Mjög nærri því; *hérumbil*. „Tunnan er þvísemnæst full“. Snjór er alveg horfinn, eða þvísemnæst“. Notkun og áherslur þessa samsetta orðs eu með þeim hætti að á það verður að líta sem eitt orð, líkt og t.d. „*þvílíkur*“; „*þvínær*“ o.fl. slík

Þvíumlíkt (l) Slíkt; þvílíkt. „Þetta eru meiri stillurnar dag eftir dag; ég man bara ekki neitt þvíumlíkt“.

Þvo (s) Þrifa uppúr vatni. „Þvoðirðu þér örugglega bakvið eyrun“?

Þvo hendur sínar af (einhverju) (orðtak) Hreinsa sig af einhverju málefni; fría sig af afskiptum. Vísar til frásagnar biblíunnar af því að Pontíus Pílatús þvoði hendur sínar og sagðist „sýkn af blóði“ Jesú kristis.

Þvo innanúr (orðtak) Þvo innmat úr skepnu; t.d. vambir.

Þvo sér í framan (orðtak) Þvo andlit sitt.

Þvo sér um hendur (orðtak) Þvo hendur sínar.

Þvo upp (orðtak) Þvo leirtau/matarílát.

Þvo/skola úr (orðtak) Skola; þvo. „Það veitti ekki af að skola aðeins úr húfunni minni“.

Þvogl (n, hk) Ógreinilegt tal; þvaður.

Þvogla (s) Tala ógreinilega/bælt; þvaðra. „Ég heyri ekkert hvað þú ert að þvogla; talaðu skýrar“!

Þvoglumæltur (l) Óskýr í tali; drafandi.

Þvottabali (n, kk) Stórt ílát sem tau, ull, fólki og fleira var þvegið í fyrrum. „Allt hafði verið undirbúið undir komu skipbrotsmannanna; þeir voru settir í heitt vað í stórum þvottabala, því ekki voru baðker almennt á bæjum í þá daga“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Þvottabretti (n, hk) Flatt áhald til að þvo föt, meðan þvegið var í höndum. Brettinu var stungið hallandi ofaní þvottabalann og þvottinum nuddað við rifflur þess, til að ná óhreinindum úr. „Allan þvott þurfti að þvo á bretti; bera svo í körfu út í brunnhús og skola hann þar og vinda í höndum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). „Auðvitað þurfti að þvo þvottinn á bretti inni í eldhúsi, og sjóða hvíta tauið á eldavelinni. Skola svo þvottinn úti í læk, og gat það verið kaldsamt á vetrum“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

Þvottahjallur (n, kk) Hjallur þar sem þvottur er hengdur upp til þerris. Þvottahjallar voru nánast á hverjum bæ fyrir daga rafmagnsþurrkara. Auk þvotta var þar hengdur upp fiskur og gráspeppa.

Þvottakeppur (n, kk) Klappa; áhald til þvotta, einkum til að þvo sokka. Tréspaði með handfangi í enda.

Þvottapottur (n, kk) Stór pottur til þvotta á fötum, ull o.fl. „Þegar búíð var að byggja verkfærahúsið fór ég með pabba að sækja þvottapott sem hann fékk hjá Manga og Guðnýju á Hlaðseyri. Pottinum var komið fyrir í þvottahúsinu og hjá honum var kolabingur. Kol og eldiviður var sett í eldhólfið og hitað vatn sem borið var innanúr bæ. Potturinn nýttist á haustin til suðu á sláturmat sem síðan fór í súr, og til fataþvotta, en einnig var hitað í honum baðvatn fyrir heimilisfólkið. Því var hellt yfir í steypa þró í hinu horni þvottahússins. Þó þetta væri mikil framför frá hinum hefðbundna þvotti úr vaskafati, þá var óneitanlega kalsamt stundum að koma uppúr baðinu á frostköldum vetrardegi, og mikilvægt að þurrka sig fljótt og hlaupta inn í bæ“ (VÖ).

Þvottar „Allan þvott þurfti að þvo á bretti og bera svo í körfu út í brunnhús og skola hann þar og vinda í höndunum. Má nærri geta að það var ekki svo lítið verk á svo fjölmennu heimili“ (HFG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG)

Þvottatuska / Þvottaklútur (n, kvk) Mjaltaklútur; klútur sem notaður er til að þvo júgur kúa fyrir mjaltir. Mikilvægt er að vanda júgurþvott, bæði vegna hreinlætis og til að kýrnar *selji* betur; þ.e. séu *lausmilkari*.

Þvottavinda (n, kvk) Tæki til að ná mestu bleytunni úr þvotti. „Handsnúnar þvottavindur voru á hverjum bæ áður en þeytivindur þvottavéla komu til sögunnar. Á Láganúpi var ein slík, og var henni fest á þvertré við símastaur á hlaðinu. Oft vorum við strákarnir fengnir til að fara út með þvottinn. Annar renndi þá hverju stykkinu eftir annað í gegnum vinduna meðan hinn sneri. Þurfti að gæta sín að puttar lentu ekki á milli valsanna; það var vont. Síðan var þvotturinn hengdur út í hjall eða á útisnúrur“ (VÖ).

Þvottur (n, kk) A. Það að þvo/lauga. „Þvottur uppá gamla mátann var oft argasta púlvinna“. B. Það sem þvegið er. „Viltu fara og hengja þvottinn út á snúru“?

Þvæla (n, kvk) Bull; kjaftæði; staðlausir stafir. „Ég hef sjaldan heyrt álíka andskotans þvælu“!

Þvæla (s) A. Þvo óhreinindi úr, með því að gutla ull/efni fram og tilbaka í vatni/sjó/keytu. „Á þessum böndum var pokanum þvælt sitt á hvað í sjónum, til þess að skola burt leir og sand. Að því búnu var pokanum lyft og steyp t úr honum skelinni inn í bátinn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Þá var ullin sett í pottinn og þvæld í nokkurn tíma; síðan tekin upp í körfu og skoluð vel í læknum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). B. Bulla; rugla. „Hann var að þvæla um eitthvað sem ekkert kom málinu við“.

Þvælast (s) Flækjast; ráfa. „Þarna sigu þeir Aðalsteinn í Breiðuvík og Júlíus á Grundum niður fyrir miðja kletta; að ná í lamb sem þvælst hafði þarna niður“ (IG; Sagt til vegar I).

Þvælast fyrir (orðtak) Vera í vegi einhvers.

Þvældur (l) *Sjúksaður*; þreyttur; útkeyrður. „Bretarnir voru kaldir, hraktir, þvældir og sumir mjög blautir...“ Frásögn ÁH (ÓS; Utkall við Látrabjarg).

Þvæli (n, hk) A. Keyta sem ull er þvegin úr. B. Ull sem þvegin er úr keitu.

Þvælið (l) Erfitt; kostar umstang; flókið. „Það gæti orðið dálítið þvælið að eiga við þetta“.

Þvælingur (n, kk) Flakk; flækingur. „Það er töluverður þvælingur á fénu að reka það þessa leið“.

Þvælinn (l) Flókinn; erfiður viðfangs. „Svona stærðfræði fannst mér alltaf ansi þvælin“.

Þvælukjaftæði (n, hk) Algert bull; endaleysa. „Þvílíkt þvælukjaftæði hef ég sjaldan heyrt“!

Þvættingur (n, kk) Bull; þvæla; rugl. „Þetta er bara algjör þvættingur“!

Þybbast við (orðtak) Þrjúskast við; andmæla; standa í móti.

Þybbinn (l) Þéttholda; feitlaginn. „Maður er að verða alltof þybbinn“.

Þyngra/þungbærara/sorglegra en tárur taki (orðtak) Sorglegra en orð fá lýst; mjög þungbært. „Mér fellur það þyngra en tárur taki að flokkstjórnin skuli hafa tekið þessa ákvörðun“!

Þykir ekki góð latína (orðtak) Telst ekki vera til fyrirmyndar; er ekki vinsælt. „Hann fór að agnúast út í hersetuna, en það þykir ekki góð *latína* á þessum bæ“. Komið frá þeim tíma að latína var kennd í æðri skólum hérlendis, en misjafnt var hve menn náðu góðum tókum á henni.

- Þykir ekki trútt/örgrannt um** (orðtak) Grunur leikur á; líkur benda til. „Ekki þykir alveg trútt um að þarna hafi nokkuð verið smalað á þessu hausti“. „Ekki þótti örgrannt um að hann væri öfundaður af þessu“.
- Þykir gott** (orðtak) Er talið heppni/velgengni. „Það þykir gott ef menn ná einhverri tuggu í hús í þessari tíð“.
- Þykja** (s) A. Finnast; álíta. „Sérstaklega þótti honum Gummi smækka sig með því að taka við skrokknum af lambinu eftir að hann hafði tapað veðmálinu“ (PG; Veðmálið). B. Fyrtast; þykja miður. „Hún sagði ekki orð en kunnugir sáu að henni þótti“.
- Þykja (margt) að** (orðtak) Finnast rangt/skakkt/óréttlátt við. „Hvað með það þó ríkisstjórnin falli? Mér þykir allavegana ekki margt að því“!
- Þykja bregða fyrir** (orðtak) Sýnast/ virðast stundum vera. „Síðar þótti því bregða fyrir, þegar báðir komust á fullorðinsár, að Julli hefði ekki vaxið uppúr hlutverki uppalandans gagnvart Gumma“ (PG; Veðmálið).
- Þykja ekki eins leitt og lætur** (orðtak) Láta í ljós mikla reiði/eftirsjá/ mikil vonbrigði, án þess að mikið búi að baki. „Hann skammaði okkur fyrir að hrekkja karlinn, en glöggmt mátti greina að honum var ekki eins leitt og hann lét. Enda gat karlinn sjálfum sér um kennt“.
- Þykja ekki með öllu óleitt** (orðtak) Hafa gaman af; skemmta sér við. „Honum þótti það ekki með öllu óleitt að yfirvaldið gramsaði í fjósum og forarpyttum; hann vissi að bruggtækin væru óhult á sínum stað“.
- Þykja fyrir / Þykja miður** (orðtak) Falla þungt; vera hnugginn vegna; þykja slæmt. „Mér þykir fyrir því ef þetta hefur sært þig, og biðst afsökunar á því“. „Þetta þótti mér mjög miður“.
- Þykja fyrirsögn** (orðtak) Þykja merkilegt; þykja boða feigð. „Það hefði nú þótt fyrirsögn ef hann afi hefði fengist til að smakka þessa nýmóðins súsirétti; hráan fisk og þang“! Sjá; *segja fyrir*.
- Þykja gott í staupinu / Þykja góður sopinn / Vera gefinn fyrir sopann** (orðtök) Vera vinnhneygður; þykja gott að smakka áfengi. „Þetta var finasti karl, en dálítið þótti honum gott í staupinu“.
- Þykja gott og vel** (orðtak) Vera sáttur við/ ánægður með. „Auðvitað þykir honum það gott og vel meðan aðrir greiða þennan kostnað fyrir hann“!
- Þykja hart** (orðtak) Finnast illt við að búa; finnast erfitt að taka einhverju. „Mér þykir það ansi hart ef þeir ætla ekkert að hefла veginn meira á þessu sumri“.
- Þykja mergur/slægur/varið í** (orðtak) Vera hrifinn af; meta mikils; álíta innihaldsrikt/eftirsóknarvert. „Honum þótti ekki mikill mergur í þessum nýmóðins kenningum“. „Ekki þykir mér mikill slægur í þessum titlum sem hann var að sarga upp“. „Það er nú ekki mikið varið í svona berrassað kaffi“!
- Þykja mikið í munni** (orðtak) Hljóma virðulega/mikilfenglega. „Nú titlar hann sig hreppsjóra; honum þykir það líklegast meira í munni en að heita bara bóndi“.
- Þykja nóg um** (orðtak) Vera *nóg boðið*; ofbjóða; vilja ekki meira af slíku. „Mér þótti nóg um þetta þus og það hann að *hafa sig hægan*“.
- Þykja nóg komið / Þykja nóg um** (orðtök) Vera búinn að fá/sjá/heyra nóg; vera misboðið/ofboðið. „Þegar prestur hótaði því úr ræðustólnum að helvítisögnir biðu þeirra sem hima sætu, þótti mönnum nóg um“.
- Þykja skömm til koma** (orðtak) „Skammast sín fyrir; vera miður sín yfir. „Hann stærði sig lítið af þessari smalamennsku; þótti skömm til koma að hafa ekki náð öllu fénu“.
- Þykja súrt í brotið** (orðtak) Þykja ósanngjarnt/óréttlátt; vera vonsvikinn. „Mér þótti nokkuð súrt í brotið að fá ekki að fara með þeim“. Sjá *súrt í brotið*.
- Þykja (mikið/lítið) til koma/um** (orðtak) Þykja mikilfenglegt (lítillfjörlegt). „Ég sá þarna þyrlu í fyrsta skipti, og þótti allnokkuð til koma“. „Ekki fannst mér mikið til höfuðborgarinnar koma“. „Honum fannst lítið til um þetta tildur“.
- Þykja tíðindum sæta** (orðtak) Finnast frétt næmt. „Þetta hefði einhverntíma þótt tíðindum sæta“.
- Þykja varið í** (orðtak) Finnast gott/eftirsóknarvert/mikilfenglegt; kunna að meta. „Ég valdi úr spýtuhaugnum það sem mér þótti eitthvað varið í, en hjó hitt í brenni“. „Það þarf að halda vel að rekstrinum neðanvert; það er lítið varið í að það hlaupi niður í ganga“.
- Þykja vænt um** (orðtak) Bera hlýhug til; vera kært. „Að frátöldu sínu nánasta fólki þykir manni um fátt eins vænt og sinn heimastað“.
- Þykjast góður** (orðtak) *Prísa sig sælan*; telja sig hólpinn/heppinn. „Skítt með eggjafötuna; þú mátt þykjast góður að hafa sloppið sjálfur þegar syllan hrundi“.
- Þykjast (heldur) af** (orðtak) Hreykja sér af; vera upp með sér yfir. „Hann sagði drýgindalega frá þessu og þóttist heldur af“.

- Þykjast fær í flestan sjó** (orðtak) Telja sig alls búinn; þykjast reiðubúinn til að takast á við hvað sem er. „Strákur var kominn í strigaskóna og þóttist fær í flestan sjó“. Sjá *fær í flestan sjó*.
- Þykjast góðu bættur** (orðtak) Telja að tjón hafi bætt verið að fullu; telja sig hafa fengið bætur fyrir það sem var gott en tapaðist/skaðaðist. „Ég þóttist góðu bættur þegar hann gaf mér nýjan hnif fyrir þann sem hann týndi“.
- Þykjast hafa himinhöndum tekið** (orðtak) Telja sig mjög heppinn; vera mjög hamingjusamur/ánægður með. „Karlínn var yfir sig hrifinn að hafa heimt kindurnar, og þóttist hafa himinhöndum tekið“.
- Þykjast maður að meiri** (orðtak) Telja sig meiri mann/ virðulegri/göfurgri. „Ég þóttist *heldur en ekki* maður að meiri eftir að hafa farið niður á höfðann“.
- Þykjast (vera) maður með mönnum** (orðtak) *Líta stórt á sig; vera upp með sér; vera upplitsdjarfur*. „Strákurinn þykist heldur betur vera maður með mönnum eftir að hann fékk bílpróf“.
- Þykjusta** (n, kvk) Það að þykjast/látast/leika. „Strákurinn sagði að *í þykjustunni* væri hann kóngur“.
- Þykjustuleikur** (n, kk) Leikur barna í ímynduðum heimi. „Hafiði nú aðeins lægra í ykkar þykjustuleik“!
- Þykkhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; með áberandi sver horn.
- Þykkildi** (n, hk) Þykkur klumpur, t.d. í skinni. „Ekki veit ég hvaða þykkildi þetta er á handleggnum á mér“.
- Þykkja** (n, kvk) Þungur hugur; reiði. „... en þó kom það fyrir að honum rann í skap; og sat þá oft lengi í honum þykkjan“ (GiG; Frá ystu nesjum).
- Þykkja** (s) Gera þykkari. „Hér þyrfti að þykkja vegginn dálítið“.
- Þykkjulaust** (l) Án þykkju/reiði/móðgunar; reiðilaust. „Þetta er þykkjulaust að minni hálfu“.
- Þykkjusvipur** (n, kk) Reiðisvipur; svipbragð móðgunar/reiði.
- Þykkjuyrði** (n, hk) Þung orð; skammaryrði; reiðilestur.
- Þykkjuþungur** (l) Þungt í skapi; reiður. „Sumum þótti hann nokkuð þykkjuþungur í sinni ræðu“.
- Þykkna** (s) Verða þykkari/þéttari; þéttast; stíðna; gildna.
- Þykkna í** (orðtak) Um skaplyndi; verða reiður/fúll. „Nú var farið að þykkna all verulega í honum“.
- Þykkna í lofti** (orðtak) Dimma í lofti; verða þungskýjað; verða rigningarlegt.
- Þykkna/gildna undir belti** (orðtak) Verða barnshafandi/ólétt; vera með barni.
- Þykkna upp** (s) Þegar dregur ský upp á himinn. „Hann er að þykkna upp; best að drífa saman heyið“.
- Þykkni** (n, hk) A. Það sem er þykkt; hlaup; jukk; sulta. B. Lágský/skúraský á lofti. „Árans þykkni er hann að draga upp í suðrinu núna“!
- Þykkskýjað** (l) Þungt/þykkt í lofti; alskýjað.
- Þykkt** (n, kvk) A. Mælistefna efnis milli gagnstæðra flata. B. Óléttá; bumba vegna þungunar. „... lá Malla þá upp í loft og lá langband yfir brjóstið á henni, fyrir ofan þykktina; því hún ól barnið eftir nýárið og mátti ekki seinna vera að bjarga lífi hennar“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).
- Þykkt á** (orðtak) Þykkt lag af heyi eða öðru. „Þið verðið að breiða galtana betur. Þetta þornar ekki ef svona þykkt er á“. „Hann smurði kæfunni á brauðið og hafði vel þykkt á“.
- Þykkt í lofti** (orðtak) Skýjað; þungbúið veður. „Ekki líkar mér hvað er orðið þykkt í lofti“.
- Þykkur** (l) A. Á þykktina. „Veggurinn er þykkur á þessum kafla“. B. Þéttur. „Hárið var þykkt og mikið“.
- Þykkur um bóginn/hrygginn/lendina/sig** (orðtök) Lýsing á vaxtarlagi.
- Þykkvalúra** (n, kvk) *Sólkoli*, sjá þar.
- Þykkvalæri** (n, hk) Ofarlega á læri. „Eitthvað hefðu kerlingarnar hneykslast í eina tíð hefðu þær séð kvéntískuna í dag; hálmálið gapandi niður á nafla og pilsfaldar allir uppi á þykkvalæri“.
- Þykkviðri** (n, hk) Dimmt veðurútlit; þoka; dimmviðri. „Útsýni var ekki mikið í rigningunni og þykkviðrinu“.
- Þylja** (s) Romsa; tala samfellt. „Hann þuldi alla ferðasöguna og dró ekkert undan“.
- Þylja upp** (orðtak) Lesa upp /fara með í síbylju. „Hann gat þulið upp úrslit allra kosninga frá lýðveldisstofnun“.
- Þyngdarlög máll** (n, hk) Reglan um fall hluta. „Þessi bjáni sleppti bara fötunni; það var eins og hann hefði steingleymt þyngdarlögmálinu“!
- Þyngdarsvið** (n, hk) Sú algilda regla að massi dregur að sér annan massa í hlutfalli við fjarlægð milli þeirra. Þannig helst tunglið á sinni braut þar sem það er innan þyngdarsviða jarðar og tungls, og vegna hraða síns.

Þyngja (s) A. Verða þyngri. „Mér fannst um tíma eins og eitthvað þyngdi á færinu“. B. Verða veikari; elna sótt. „Hann var hressri um tíma í gærmorgun, en svo þyngdi honum aftur“. C. Auka sjó. „Heldur finnst mér hann vera farinn að þyngja þennan norðanvelting“.

Þyngja á (orðtak) A. Um úrkomu; bætast við; rigna/snjóa meira. „Hann er lítið að stytta upp; heldur þykir mér hann þyngja á, ef eitthvað er“. B. Um skakveiðar; þyngjast í skaki/drætti. „Nú þyngir rogamikið á allt í einu; skyldi lúða hafa hlaupið á snærið“?

Þyngra en tárur taki (orðtak) Sjá *þungbærra en tárur taki*.

Þyngslabrim / **Þyngslasjór** / **Þyngslanorðansjór** / **Þyngslavestansjór** (n, hk/kk) Mikill sjógangur.

Þyngslafærð (n, kvk) Þung/slæm færð; illfært. „Það er orðin þyngslafærð inn Fjörurnar“.

Þyngslahósti (n, kk) Djúpur/þungur hósti.

Þyngslarigning (n, kvk) Úrhellisrigning; mikil rigning. „Það er ennþá þyngslarigning“.

Þyngslaskúr (n, kvk) Rigningarskúr með mikilli/þéttri rigningu. „Það var útsynningur með þyngslaskúrum, svo við urðum að hlaupa í skjól öðru hvoru“.

Þyngsli (n, hk, fto) A. Þungi. „Þetta eru hetjans þyngsli“! B. Verkur. „Ég fékk einhver þyngsli fyrir brjóstið og þurfti bara að hvíla mig“.

Þynna (n, kvk) Blað; skífa; það sem er þunnt.

Þynna (s) Gera þunnt. „Þú mátt ekki þynna eggina of mikið“. „Það mætti þynna grautinn aðeins“.

Þynnka (n, kvk) A. Of þunnur grauttur, sulta eða annar matur. „Þessi grauttur varð nú hálfgerð þynnka hjá mér“. B. Þunnt skötubarð. „Það þynnsta af skötubarðinu; þynnkan/skötubynnkan, var sett í súr eins og hún kom fyrir; ósoðin, og etin á sumrin til svala“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). C. Manneskja sem ekki þykir stíga í vitið; *þunnildi*; bjálfi. „Hún er nú óttaleg þynnka blessunin, en afskaplega góð sál“.

Þyrill (n, kk) Áhald sem fyrrum var notað til að þeyta mjólk og rjóma, t.d. í flautir. Af því er dreigið heitið *flautapyrill*. Heitið er á síðari tímum notað um þyriluspaða.

Þyrila (n, kvk) Flugvél sem helst á lofti með skrúfuhverfli en ekki vængjum.

Þyrila (s) Þeyta; kasta. „Þú mátt ekki þyrila heyinu útum öll gólf“!

Þyrila/kasta ryki í augu (einhvers) (orðtak) Blekkja einhvern.

Þyrila upp moldviðri (orðtak) Blása upp málefni að ástæðulausu; *gera úlfalda úr mýflugum*. „Honum tókst að þyrila upp miklu moldviðri um þetta smámál, og gera það tortryggilegt“.

Þyrma (s) Hlífa; eira; drepa ekki; *taka til öslu*; *setja á*.

Þyrmir yfir (einhvern) (orðtak) Einhver er borinn ofurliði; einhver fær snögg veikindi/höfuðþyngsli. „Það þyrmði svo yfir mig þegar ég ætlaði að standa upp“.

Þyrnir í augum (orðtak) Um það sem manni er illa við/ það sem maður kann illa að meta. „Þessi ryðgaða drusla hefur löngum verið mér nokkur þyrnir í augum“.

Þyrnum stráð (orðtak) Með hindrunum. „Vegur dyggðarinnar er oft þyrnum stráður“.

Þyrpast að/saman (orðtak) Þjappa sér í kringum; hópast að. „Þessi orðaskipti höfðu nú vakið athygli þeirra sem næst stóðu, og þar sem allt benti til að þetta væri upphafið að skemmtilegum orðahnippingum þá þyrptust nú flestir réttarmenn að þeim félögum“ (PG; Veðmálið).

Þyrping (n, kvk) Hópur; þétt byggð. „Þarna stóðu nokkur hús í þyrpingu“.

Þyrrkingslegur (l) Uppþornaður; skorpinn. „Óttalega er gróðurinn að verða þyrrkingslegur í þurrkunum“.

Þyrringur / **Þyrrkingur** (n, kk) A. Uppþornun; skorpnun. „Það er að verða þyrrkingur í öllum gróðri í þessum langvarandi þurrkum“. „Einhver þyrrkingur er í hálsinum á mér“. B. Fálæti. „Einhver þyrringur er þar milli bæja“

Þyrsklingur / **Þyrsklingskvikindi** (n, kk/hk) Lítil þorskur, oft undir 30-40 cm; kóð; smælki. „Þeir fengu á færi sín smáuþsa, þyrskling, sandkola og skarkola“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru). „Við fengum bara nokkur þyrsklingskvikindi þarna“. Liggi þyrsklingur lengi í þara verður hann rauður, og nefnist þá *þarapyrsklingur*.

Þyrsta (s) Verða þyrstur. „Nú er mig farið að þyrsta allverulega“.

Þyrstur (l) Langar í vatn; þarf að drekka. „Mikið ansvíti var ég orðinn þyrstur eftir puðið“.

Þys (n, kk) Læti; kliður; hávaði. Sjá *ys og þys*.

Þysja (s) Þjóta; æða; ana. Undantekningarlítið einungis notað í þáttíð: „Við þustum niður í fjöru til að taka á móti bátnum í lendingunni“.

- Þytur** (n, kk) Hvinur; suða. „Hnegg hrossagauksins er þytur í stélfjöðrum hans“.
- Þý** (n, hk) A. Ófrjálst fólk; vinnufólk. B. Illþýði; óaldalýður.
- Þýða** (n, kvk) Blíða; vinahót. Dreigið af orðstofninum „þú“. Þíða í merkingunni hlýindi er með einföldu í
- Þýða** (s) A. Gera skiljanlegt; útskýra. „Hann þýddi fyrir okkur það sem hún sagði“. B. Hafa merkingu. „Veistu hvað þetta þýðir“? C. Hafa tilgang; stoða. „Það þýðir ekkert að reyna lendingu í svona veltingi“.
- Þýðast (einhvern)** (orðtak) Láta að vilja einhvers; vera einhverjum eftirlát(ur); taka blíðuhótum. „Vinnukonan vildi víst ekkert þýðast hann“.
- Þýðgengur** (l) A. Um hest; hefur mjúkt göngulag. B. Um vél; er hljóðlát í gangi; hefur jafnan gang.
- Þýðing** (n, kvk) A. Skýring; merking. „Þannig hljóðar þetta í íslenskri þýðingu“. B. Tilgangur; mikilvægi; gildi. „Ég held að þetta hafi takmarkaða þýðingu“.
- Þýðingarlaust / Þýðingarlítið** (l) Tilgangslaust/tilgangslítið; hefur enga/litla þýðingu/engan tilgang. „Það er alveg þýðingarlaust að reyna að ná kindunum fyrir en þær hafa róast aðeins“.
- Þýðingarleysi** (n, hk) Tilgangsleysi; óþarfi.
- Þýðingarlítið** (l) Hefur litla þýðingu; er tilgangslítið. „Mér finnst voða þýðingarlítið að mótmæla þessu“.
- Þýðingarmikill** (l) Mikilvægur; áriðandi; þarfur. „Þetta er þýðingarmikill áfangi“.
- Þýðir ekki** (orðtak) Er tilgangslaust; *hefur* ekkert *uppá* sig. „Það þýðir ekkert að reyna þetta“.
- Þýðlega** (ao) Með hægd/rólegheitum/blíðu.
- Þýðlyndur** (l) Ljúfur/vingjarnlegur í lund; skapgóður.
- Þýður** (l) Mjúkur; blíður; lipur.
- Þýður á manninn** (orðtak) Mildur í máli; mjúkmáll. „Hann var nokkru þýðari á manninn að þessu sinni“.
- Þýfður** (l) Svæði með mikið af þúfum. „Túnið var áður mjög þýft en það var sléttað með handverkfærum“. Orðið virðist bundið við svæðið; annarsstaðar er tíðara að nota „þýfinn“ eða „þúföttur“ í sömu merkingu. „Túnshalinn var mjög illslægur; þýfður og grýttur og því oft látinn bíða, ásamt Brekkunni og Urðunum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Þýfga** (s) A. Þjófkenna. B. Spyrja í þaula; ganga eftir svörum. „Hann er alltaf að þýfga mig um upplýsingar“.
- Þýfi** (n, hk) A. Þýft land; mikið af þúfum. B. Stolinn varningur; ránsfengur.
- Þýft** (l) Um landslag; með þéttum þúfum/miklu þýfi. „Þarna er þýft og útilokað að slá með vél“.
- Þýlyndi** (n, hk) Þræslund; undirgefni; undirlægjuháttur. „Mér er ekki tamt að sýna þannig þýlyndi“.
- Þýlyndur** (l) Sem sýnir þýlyndi.
- Þýtur í tálknunum á** (orðtak) Um manneskju sem skammast/þusar á áberandi hátt. „Það hvein víst heldur betur í tálknunum á kerlu þegar karlinn datt draugfullur innúr dyrunum“.
- Þæfa** (s) A. Hnoða; nudda; núa. „Nauðsynlegt er að þæfa ullarföt til að þau verði þéttari og skýli betur“. „Þegar búið var að vefa eða þrjóna voð eða flik þurfti að þæfa hana. Við *þófið* varð flíkin þétt í sér, þykk, skjólgóð og entist betur. Það sem átti að þæfa var þvegið úr *keytu* og síðan undin úr því mesta bleytan áður en þófið hófst. Sokkar og vettlingar voru þæfðir í höndum sér, en peysur, pils og brækur voru þæfð í trogum. Vaðmálsvoð var oft þæfð undir fótum sér, en til var það að tveir menn þæfðu vaðmál á milli sín í tunnu sem lá á hliðinni og var opin í báða enda. Þá spurttu þeir voðinni á milli sín innan í tunnunni“ (Stefán Aðalsteinsson; Sauðkindin, landið og þjóðin). Sjá *tóvinna*. B. Um málefni; jagast; nudda; deila; þjarka. „Ætla þeir endalaust að þæfa þetta mál“?
- Þæfingsfærð / Þæfingsófærð / Þæfingssnjór** Töluverð ófærð af snjó. „Það er komin þæfingsófærð í Skarðsbrekkuna“.
- Þæfingur** (n, kk) A. Ófærð; mikill snjór á vegi. „Það er töluverður þæfingur víða yfir Hænuvíkurhálsinn“. B. Nafn á sögufrægum hval sem Einar í Kollsvík lét sækja á haf út og tók viku að róa til lands. „Má segja að eftir atvikum hafi nafn það sem hvalnum var gefið átt vel við, en hann var nefndur Þæfingur“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Þæfið** (l) Erfítt; veitir fyrirstöðu. „Það er enn dálítið þæfið færi uppi á háfjallinu“.
- Þægð** (n, kvk) Greiði; það sem kemur sér vel fyrir annan. „Mér er engin þægð í því að þessir túristar traðki niður grasið í óslægjunni“!
- Þægðargrey / Þægðarkvikindi / Þægðarskepna / Þægðarskinn** (n, hk) Þæg/róleg skepna. „Ég get teymt nautið einn hérna á milli bæjanna. Þetta er hið mesta þægðarkvikindi“.

Þægilega (ao) Á þægilegan/lipurlegan hátt. „Þetta kemur þægilega á óvart“.

Þægilegheit (n, hk, fto) Þægindi; makindi. „Ég legg til að við drögum þennan skítastreng bara upp og hreinsum hann í þægilegheitum í landi, heldur en að hanga á honum í þessum veltingi“.

Þægilegur (l) Lipurlegur; hentugur; hagfelldur. „*Ansi hreint* er þetta þægilegur sófi“.

Þægindalítil / Þægindasnauður (l) Sem ekki er þægilegur; ekki með miklum þægindum. „Tófuhúsin voru þröng, köld og þægindalítil“.

Þægindi (n, hk, fto) Hagræði; hentugleiki; gæði. „Það geta stundum verið þægindi að því að hafa staf“.

Þægur (l) Auðsvipur; auðveldur viðfangs. „Ekki voru þær þægari en vanalega, þessar bykjur“!

Þægur í gang (orðtak) Um vél; auðveld í gangsetningu. „Farmallinn var misjafnlega þægur í gang“.

Þætta saman (orðtak) Splæsa/snúa þræði/þætti saman í band/kaðal.

Þætta sundur (orðtak) Snúa ofanaf/ rekja upp band/kaðal í *einþáttung/einþáttunga/þætti*.

Þöggun (n, kvk) Það að þagga niður umræðu um málefni.

Þögn (n, kvk) Hljóðleysi.

Þögn er betri en þarflaus ræða / Þögn er betri en þarflaus hjal (orðatiltæki) Auðskilin sammindi.

Þögn er heimskum hollust (orðatiltæki) Gagnsæ speki sem alltof sjaldan heyrir nú á dögum.

Þögn er sama og samþykki (orðatiltæki) Sú túlkun að sá sem ekki neitar sé samþykkur því sem um er rætt/ að er spurt. Reynist þó ekki algilt.

Þögull (l) Þegjandi; sem talar fátt. „Hann var þögull um þetta atriði“.

Þögull sem gröfin (orðtak) Segir ekkert, fremur en dauður væri.

Þökk (n, kvk) Þakklæti. „Hafðu bestu þakkir fyrir þetta“!

Þökuskeri (n, kk) Ristuspaði. „Þetta áhald er oftast nefnt ristuspaði en stundum þökuskeri“.

Þön (n, kvk) Það sem notað er til að þenja/glenna út. Notað t.d. um grind sem skinn er strekkt á. Einnig notað um tálk fisks. Sjá vera á *þönnum*.

Þönglabakki / Þönglabunki (n, kk) Bakki/bunki af þönglum í fjöru. „Það eru fjallháir þönglabakkar í fjörunni eftir brimið“.

Þöngulhaus (n, kk) A. Haus/festing á *þöngli/stórþara*. B. Líking; heimskur maður; bjálfi.

Þöngull (n, kk) Leggur þara sem slitnað hefur upp og rekið á fjöru eða komið í net; oft með áföstum *þöngulhaus*. Oft er þar áberandi leggur *Laminaria hyperborica*; *stórþara*, en einnig aðrar tegundir. „Við strákarnir gerðum okkur það stundum að leik að slást með þönglum“.

Þörf (n, kvk) Nauðsyn; það sem maður þarfnast; löngunartilfinning. „Ég hef enga þörf fyrir þetta“.

Æ / Æi / Æijæja (uh) Upphrópanir með ýmsa merkingu eftir því hvernig tónninn er. Æ getur þýtt að maður sé vonsvikinn; hafi fengið nóg; að maður finni til; að maður hafi gert mistök. Æijæja er oft notað sem andsvar í þeirri merkingu að manni komi það ekki á óvart sem sagt hefur verið. „Æ, ég veit það ekki“! „Æ, hvað ég er ánægður með þetta“! „Æ, teygðu þig nú í þetta fyrir mig“! Æ, hvað mér leiðist svona raus“!

Æ (ao) Ætíð; alltaf; sífellt. „Karlinn bölvæði æ hærra eftir hvert skammarskot“.

Æ betri (orðtak) Sífellt betri; batnandi. „Mér finnst hann verða æ betri með tímanum“.

Æ ofaní æ (orðtak) Sífellt; *syngt og heilagt*. „Hversvegna skyldu þeir alltaf gera sömu mistökin; æ ofaní æ“?!

Æ sér gjöf til gjalda (orðatiltæki) Vísar til þess að oft þarf að greiða í einhverju formi það sem gefið er. Æ merkir þarna einatt/ætíð/alltaf; sér = horfir.

Æð (n, kvk) A. Rás sem blóð fer um til líkamshluta og frá þeim. B. Hverskonar pípa eða rás, s.s. hitaveituæð; samgönguæð. C. Lag jarðefna, s.s. gullæð.

Æða (s) Ana; gana; þjóta; flaustra. „Hvert ert þú að æða“?

Æðaber (l) Sem æðar sjást greinilega á; sem ber greinilegar æðar.

Æðarbliki/bliki / Æðarkolla/kolla / Æðarhjón (n, kk) Karlkyns/kvenkyns æðarfugl / par æðarfugls.

Æðardúnn / Æðaregg (n, kk) Dúnn/egg æðarfugls. Æðarfugl hefur löngum verið hlunnindaskepna, enda var hvortveggi nýtt.

Æðarfugl / Æður (n, kk/kvk) Somateria mollissima. Stjór andartegund sem lifir við sjó. Algengur á norðurljóðum og kringum allt Ísland. Verpur iðulega í Kollsvík en er þar mjög ofsóttur af ref, mink og vargfugli. Fullvaxinn fugl verður um 2 kg að þynsi; 50-71 cm að lengd og vænghafið 80-108 cm.

Karlfuglinn/blikinn er mjög skrautlegur í varpbúningi; hvítur að ofan og svartur neðan; með svarta hettu; roðalitaða bringu og græna flekki í hnacka en vængir svartir með hvítum fjöðrum. Kvenfuglinn/kollan er brún að lit. Fuglinn er þungur á sér en góður sundfugl og kafari. Fæðan er kræklingur og önnur lindýr; einnig smásíli og marflær. Verpur nærri sjó; gjarnan í hölmum og grónum stöðum. Bændur sækjast eftir æðarvarpi enda geta þeir haft verulegar tekjur af dúntöku. Æðardúnn hefur gríðarlegt einangrunargildi. Til að laða fuglinn að eru gerð hreiðurstæði t.d. með kössum eða dekkjum og settar upp litríkar veifur og fuglahræður. Vakt þarf að hafa á varpinu til að halda vargi frá. Kollan verpur 4-6 eggjum í maí-júni. Hún fóðrar hreiðrið innan með æðardúni sem hún reytir af bringu sinni. Staðfugl á Íslandi; nær 10- 20 ára aldri.

Æðarhreiður / Æðarvarp / Æðarrækt (n, hk) Hreiður/varp/nytjar æðarfugls.

Æðarkóngur (n, kk) *Somateria spectabilis*. Stór andartegund sem um margt er lík æðarfugli en heldur minni og blikinn er öðruvísi að lit; þó jafnvel skrautlegri. Sést stundum sem flækingur með æðarfugli.

Æði (n, hk) A. Eðli, hegðun; háttalag. „Hann var talinn hinn vandaðasti maður *til orðs og ædis*“. B. Brjálsemi; vitfirring. „Það rann á hann eitthvert æði“.

Æði (ao) Mjög; afar. „Þetta er æði þungt“. Hann er að verða æði hvass“. „Sýna mun ég senn þess vott/ sveit í nýju ljósi“./ Að svo mæltu arkar brott/ æði snúðugt Rósi“ (JR; Rósarímur).

Æði ... (orðtak) Mjög ... Orðið æði var mikið notað til áhersluauka áður fyrri meðal Kollsvíkinga og sveitunga þeirra, og í ýmsum samsetningum: *Æðistór*; *æðilangur* tími; *æðitími*; *æðimikill* sjór; *æðimunur*; *æðimisjafnt*; *æðiseint*; *æðipungt*. „...það verður æði fámennnt heima hjá okkur í vetur“ Frásögn Maríu Torfadóttur (ÓG; Úr verbúðum í víking). „Var Magnús að herfa svæði neðan hússins, en þá var æði rakt land þar“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi). Orðið virðist hafa verið notað víða um land en sennilega lengur þarna en annarsstaðar.

Æðiþratt (l) Mjög þratt. „Blessaður hafðu stuðning af vað þarna í flesinu; þetta er æðiþratt og skriðurunnið“.

Æðibreiður (l) Mjög breður; allbreiður. „Mér fannst hrúturinn ansi rýr á lendina þó hann væri æðibreiður á herðakambinn“.

Æðibunugangur (n, kk) Asi; fyrirgangur; offors. „Hvaða æðibunugangur er nú í ykkur strákar?“

Æðdjúpt (l) Mjög djúpt. „Það er æðidjúpt þarna framanvið marbakkann“.

Æðierfitt (l) Mjög erfitt; illviðráðanlegt. „Það verður æðierfitt að koma fénu inn þar það þekkir sig ekki“.

Æðifallegur (l) Mjög fallegur. „Af Núpnum er æðifallegt útsýni yfir Kollsvíkina og suðureftir núpum“.

Æðifyrirtæki / Æðipuð / Æðiverk / Æðivinna (n, kk/hk/kvk) Viðamikill/erfitt verkefni; mikið brambolt/verk. „Það hefur verið æðifyrirtæki að flytja Láganúpshúsið frá Grundum“. „Þetta var æðipuð“. „Það verður æðiverk að klára þetta fyrir kvöldið“. „Það var æðivinna að ganga frá öllu slátrinu“.

Æðigamalt (l) Mjög gamalt; fornt. „Þetta orðatiltki er líklega æðigamalt í málinu“.

Æðiharður (l) Mjög/verulega harður. „Mánuðrinn var æðiharður, með snjóþyngslum og frosthörkum“.

Æðiheitt (l) Mjög heitt. „Það var orðið æðiheitt þarna í fjárhúsunum, og hálfgerð molla“.

Æðihátt (l) Mjög hátt; allhátt. „Bjargið er orðið æðihátt þegar kemur inná Hrutanef“.

Æðihratt (l) Mjög/verulega hratt. „Lægðin fer æðihratt yfir“.

Æðikippur / Æðiplamp / Æðispotti / Æðispölnur / Æðivegur (n, kk) Töluvert löng leið; mikil vegaleng; löng ganga. „Það er æðikippur; héðan og á Ísafjörð“! „Þetta er æðiplamp“. „Það er æðispölnur að fara með kúna til að halda henni undir naut“. „Eruði nógu vel skæddir og nestaðir? Það er nú æðivegur inn allt Víknafjall“!

Æðiilla (l) Mjög illa. „Hann kundi því æðiilla að menn væru að slúðra um málið á þennan hátt“.

Æðikaldur (l) Mjög kaldur; allkaldur. „Hann er orðinn æðikaldur“.

Æðilangt (l) Mjög langt; verulega langt. „Þetta er æðilangur spölnur; ertu ekki orðinn þreyttur“?

Æðilengi (l) Mjög lengi. „Mér þykir þeim dveljast æðilengi“!

Æðimargt (l) Allmargt; mjög margt; fjöldamargt. „Ég get nefnt æðimargt sem betur mætti fara“.

Æðimikill (l) Allmikill; mjög mikill; ærinn. „Hann hefur rífið upp æðimikinn vestansjó“.

Æðimunur (n, kk) Mikill mismunur. „Mér finnst æðimunur á því hvað þessi net eru fisknari en hin; ég bara *líki því ekki saman*“!

Æðinapur (l) Allkalt; mikill kuldi. „Búðu þig almennilega; hann er æðinapur eftir að hann hvessti“.

Æðinotalegt (l) Mjög þægilegt/makindalegt. „Það var orðið æðinotalegt í skýlinu þegar logað hafði í kaminunni nokkra stund“.

Æðikollur (n, kk) *Flautabyrill*; fljótfær maður; *flumbrari*. „Hann er alveg óútreiknanlegur æðikollur“.

- Æðisgenginn** (l) Vitfirrtur; æstur; ofsafenginn. „Þeir höguðu sér eins og æðisgengnir hálfvitar! Hafa þessir menn aldrei komið nálægt skepnum“? Á hippatímanum fékk orðið allt aðra og jákvæðari merkingu.
- Æðiskast** (n, hk) Tímabundin brjálsemi; tryllingur. „Það lá við að hún fengi æðiskast yfir þessu“.
- Æðislega** (ao) Stytting á brjálæðislega. Hefur á síðustu tímum fengið jákvæðari merkingu.
- Æðislegur** (l) Brjálæðislegur. Merkir „afburðagóður“ á síðustu árum.
- Æðistund / Æðitími** (n, kvk/kk) Langur tími; löng bið. „Það er orðin æðistund síðan þeir fóru; þeir hljóta nú að fara að koma“. „Það hefur æðitími farið í þetta“.
- Æðisver** (l) Allsver; mjög sver. „Tréð er æðisvert, þó það sé ekki langt“.
- Æðiþungt** (l) Allþungt; mikil þynsli. „Ég vissi að honum féll þetta æðiþungt“. „Kassinn var æðiþungur“.
- Æðrast** (s) Missa móðinn; hugfallast; guggna. „Hann æðrast nú ekki yfir hverju sem er“.
- Æðrulaus** (l) Án þess að fara á taugum; óttalaus; með jafnaðargeði.
- Æðruleysissvipur** (n, kk) Rólyndissvipur; svipur sem lýsir jafnaðargeði. „Hann setti upp æðruleysissvip og sagði að hann hefði nú *einhverntíma séð það svartara*“.
- Æðruorð** (n, hk) Það sem sagt er í æsingi/hugarvíli; upphrópanir. „Hann tók þessu öllu með jafnaðargeði og aldrei heyrði ég hann mæla eitt æðruorð“.
- Æðri** (l) Tignari; hærra settur að virðingu/völdum; meiri. „Hann þykist öllum æðri í þessum efnunum“!
- Æðri máttarvöld** (orðtak) Guðlegur máttur/kraftur; guð. „Þarna *gripu* æðri máttarvöld í *taumana*“.
- Æðri menntun** (orðtak) Sú villa að ein tegund menntunar sé mikilvægari en önnur. Oft notað um háskólanám.
- Æfa** (s) Þjálf; temja. „Ég er ekki æfður í þessu“.
- Æfa sig** (orðtak) Þjálf sig; temja sér; gera sér eðlislægt. „Við æfðum okkur í að taka í vörina og spýta“.
- Æfareiður / Æfur** (l) Mjög reiður; fokvondur; bálillur. „Hann varð æfareiður þegar hann heyrði af þessu“.
- Æfing** (n, kvk) Þjálfun; tamning. „Þetta puð var ágætis æfing fyrir morgundaginn“.
- Æfingin skapar meistarann** (orðatiltæki) Maður verður allajafna ekki framúrskarandi leikinn í neinu nema með þrotlausum æfingum. Viðhaft einnig um dagleg verk, sem verða mönnum auðveldari með æfingunni.
- Æfur** (l) Snarvitlaus/ frá sér af reiði/æsingi. „Hann varð víst alveg æfur þegar hann heyrði af þessu“.
- Ægibirta** (n, kvk) Skjannabirta; ofbirta; mikil birta. „Dragðu aðeinst fyrir gluggann; þessi ægibirta fer í höfuðið á mér“.
- Ægikjör** (n, hk, fto) Um sjóveður; rennibliða; pollslétt. „Flutningurinn var kominn vel á fjórða tonn og allt of mikill, nema í ægikjörum,, (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Ægilega** (ao) Mjög; afar. „Mér finnst þetta ægilega leiðinlegt að svona skuli fara“.
- Ægilegur** (l) Hrikalegur; skelfilegur. „Það getur verið ægilegur kraftur í brimöldunni“.
- Ægir** (n, kk) A. Sjór; haf. „Eins og sagt hefur verið lá Kollsvíkin gegnt opnu hafi. Svípmót hennar var bæði blítt og strítt. Lognkyrrir vordagar voru þar fagrir og unaðslegir, og þó einkum vorkvöldin fögru: Þegar sól var að síga í æginn og átti þar aðeins skamma dvöl, uns hún reis á ný úr djúpi, en hvarf svo um stund aftur undir Blakkinn“ (KJK; Kollsvíkurver). B. Heiti á galdrastaf sem, samkvæmt þjóðtrúnni, átti að geta komið upp um þjófa. Sjá *ægishjálmur*.
- Ægir (öllu) saman** (orðtak) Allt í bendu/haug/graut. „Það ægði öllu saman í gömlu sveitaverslununum, enda þurftu þær að bjóða fleiri vöruflokkum en allar verslanir stórborgar í litlum húsakynnum“. Hefur líklega í upphafi verið „agar saman“, þ.e. rennur saman; líkingamál um rennandi læki sem sameinast.
- Ægisandur** (n, kk) Djúpur/mikill sandur; botnlaus sandur. „Það er best að hreyfa lítið við þessum ægisandi“.
- Ægishjálmur** (n, kk) A. Hjálmur sem vekur andstæðingum ótta. B. Töfratákn sem, samkvæmt þjóðtrúnni, átti að vera manni vörn. Sjá *ægir*.
- Ægja** (s) A. Af orðstofninum „ógur“; ógna; skelfa. „Mig ægir við þessari tilhugsun“. B. Af orðstofninum „aga“; blandast. „Í geymslunni ægði öllu saman“.
- Ægja við** (orðtak) Finnast ógnandi; vera hræddur við. „Mig ægir við þeirri tilhugsun að fara þetta aftur“.
- Æja** (s) A. Nema staðar um stund; hvíla sig á ferðalagi. „Við áðum stutta stund í Hafnarlautunum áður en við héldum áfram inn heiðina“. B. Segja æ; kveinka sér. „Það þýðir ekkert að æja undan þessu; þetta þurfum við að klára“.
- Æjá / Æjú / Æjæja** (u) Meiningarlausar upphrópanir/andsvör; stundum með i á eftir æinu. Oft áhersla á æið.

Æki (n, hk) Ökutæki; einkanlega átt við hlaðinn vagn. Lítið notað í Kollsvík.

Æla (n, kvk) Spýja; gubb; það sem kemur uppúr manni sem ælir. „Komdu nú ælunni útfyrir borðstokkinn“!

Æla (s) Spúa; gubba; *leggja lóðir; tala við Jónas*. „Þarftu eitthvað að æla? Þú mátt nota austurstrogið“.

Æla lifur og lungum / Æla eins og múkki (orðtak) *Æla/spúa* mikið/kröftuglega; *kúgast* mikið. „Maður varð oft *drullusjóveikur* í fyrsta róðrinum hvert sumar, jafnvel nokkrum þeim fyrstu, en *jafnaði sig* fljótt úr því. Einkum var *klíjugjarnt* í miklum *ruglandaveltingi* og þegar dregin voru legin net með mikilli *ýldu*“.

Ælingi (n, kk) A. Smáfiskur; kóð. B. Í líkingamáli; aumingi; afturúrkreistingur. „Þessi blessaður ælingi er ekki til erfðisvinnu“. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). C. Á Ströndum mun orðið hafa merkt „gемlingur“ eða „vetrungur“. Í orðasafni sínu hefur Björn M. Ólsen eftir Jóhanni Jóhanssyni bónda á Gjögri, seint á 19.öld: „Hefurðu sjeð tvo ælingja; ýluspræklóttan og skjömpóttann, með klömponum“? Sem merkir: „Hefurðu séð tvo gемlinga; bíldóttan og flekkóttan, hjá klettunum“? Ekki var þetta að öllu samhljóða máli Kollsvíkinga, en þar er þó talað um ælingja í annarri merkingu; *spræklóttur* er til sem litarheiti og einnig *skjömbóttur*.

Ælufata / Ælustampur (n, kvk/kk) Ílát sem sá hefur hjá sér sem þarf að æla/ sem er óglatt. „Þú verður sjálfur að hreinsa ælustampinn“.

Æluföt / Ælugalli / Ælujakki / Æluhúfa / Æluskór Fatnaður sem notaður hefur verið til eggjaferða og orðið hafa fyrir *múkkaælu*. „Þessi ælugalli þyrfti að komast fljótlega í þvott“. „Ætlarðu að fara í þessa æluskó“?

Ælupest (n, kvk) Gubbapest; veikindi sem mikill uppgangur fylgir. „Ég fékk einhverja bölvada ælupest“.

Ælutilfinning (n, kvk) *Velgja; flökurleiki*; viðbjóður. „Ég varð ekkert sjóveikur, en þegar ég fæ sjóriðu í landi fylgir því einhver ælutilfinning“.

Æmt (n, hk) *Muml*; lítið/bælt hljóð. „Ekki heyrðist æmt í honum þó naglinn stæði í gegnum ristina“.

Æmta (s) Gefa frá sér hljóð; veina. „Strákurinn æmti bara ekki neitt þegar hann fékk sprautuna“. „Það heyrst *hvorki æmt né skræmt* þegar nauðsynjar hækka en allt ætlar vitlaust að verða ef vinið er skattlagt örlítið“.

Æmta hvorki né skræmta (orðtak) Þegja; gfa ekki frá sér hljóð. „Þið megið hvorki æmta né skræmta ef tófan lætur sjá sig“!

Ænei (uh) Áhersluneitun. Stndum þó fremur haft til mildunar á neitun. „Ænei, ég nenni því ekki núna“.

Æpa (s) Hrópa/öskra hátt. „En þeir gömlu sögðu nú ýmislegt, og sérstaklega Gísli gamli. Hann kom æpandi á móti syni sínum og sagði: „Ja, þetta áttir þú ekki að gera: Þú áttir að sigla; halda á að sigla. Þá hefðir þú haft lagið upp“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Æpa hásan (orðtak) Kalla þar til maður verður hás. „Hvar í ósömanum varstu; ég er búinn að æpa mig hásan“.

Æpandi ósamræmi (orðtak) „Næst staðnæmumst við hjá Nónvörðu, en hún var eyktamark frá Grundum sem var býli niður við sjóinn. Þar standa hlið við hlið, gamli og nýi tíminn; varðan og sjónvarpsloftnet frá Láganúpi í æpandi ósamræmi“ (IG; Sagt til vegar I).

Ær (n, kvk) Sauðkind; rolla; kind. „Hann er með á annað hundrað ær“. „Ég sá hvíta kollotta á með tveimur, stuttu ofanvið veginn“. Í Rauðasandsshreppi í lok 20.aldar var sjaldnar talað um „á“ en „kind“, þó því hafi líklega verið öfugt farið í flestum landslutum. Sjá einnig *gamalær*. „Ám er gefið fram á burð allvíðast, og aldar inni frá því um hátíðar og framundir apríllök“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Ær (l) A. Brjáláður; óður; vitstola; frávita. „Hann var alveg að verða ær af óþolinmæði“. Við skulum ganga sæmilega frá þessu, svo verkstjórinn verði nú ekki alveg ær“. B. Síðari liður orða sem lýsa árafjölda, t.d. fjölær, tvíær, einær.

Ær og kýr (orðtak) Í mannlýsingum; gervallt; einkenni. „Íðjusemi og vandvirkni voru hans ær og kýr“.

Æra (n, kvk) Heiður; sómi; virðing; heiðarleiki. „Maður vill helst ekki missa æruna fyrir svona lítilræði“. Sjá *lofa uppá æru og trú*.

Æra (s) Gera brjáláðan/vitlausan/frávita. „Lækkaðu nú í útvarpinu; þetta bítlagarg er alveg að æra mig“!

Æra óstöðugan (orðtak) Um einhvern fáránleika/fjölda sem er óskaplega pirrandi. „Þetta eilífa slaður um boltaspark í öllum fjölmiðlum getur alveg nægt til að æra óstöðugan“. Sjá *til að æra óstöðugan*.

Æra uppúr (orðtak) Láta einhvern, e.t.v. með ögrunum og/eða glensi, segja hluti sem ekki væru annars sagðir. „Alltaf tekst þeim að æra einhverja heimskulega yfirlýsingu uppúr þessum *pótintáta*“.

Ærandi hávaði (orðtak) Mikill hávaði/skarkali. „Í salnum var orðinn slíkur ærandi hávaði að ekki *heyrðist mannsins mál*“.

- Ærast** (s) Verða brjálaður/ viti sínu fjær. „Næst gerist sá sögulegi atburður að hestar Einars í Kollsvík ærast eitt sinn, og hlaupa að heiman er verið var að reka þá að vatnsbóli heima í Kollsvík“ (TÓ; Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík).
- Ærbók** (n, kvk) *Ærtal*; bók sem í er fært allt sem varðar einstakar kindur á sauðfjárbúi. Misjafnt var hve vel menn færðu sínar ærbækur; sumir höfðu hana einungis í sínu höfði og komust vel af með það. Þeir sem vildu stunda sauðfjárrækt af alvöru, til að rækta upp frjósaman og heilbrigðan bústofn og hámarka afrakstur búans, héldu nákvæmar ærbækur. Fyrrum var fremur talað um ærtal en ærbók.
- Ærblað** (n,hk) Blað eða stílabók sem höfð var með í tilhley핑ingar að vetri, og fært inn hvaða og hvenær hrútur lembdi ær, og í merkingar lamba að vori til að bóka númer, móður, lit o.fl. Fært var úr ærblaði í *ærbók/ærtal*.
- Ærfóður** (n, hk) Fóður sem áætlað var hverri kind til vetrarfóðrunar, en það var mjög mismunandi eftir því hve vel jörðum nýttist haga- og fjörubeit að vetri. Því var venja við forðagæslu að hausti, að mæla fremur heyforða í kýrfóðrum og áætla síðan ásetning fjár eftir aðstæðum.
- Ærgildi** (n, hk) Virði hvernar kindar; mælieining fyrir framfærslugetu jarðar; eining í útreikningi afurðaverðs/ greiðslumarks/beingreiðslu. „Að fornu voru 6 ærgildi í *kúgildinu*, en nú eru þau talin 20“.
- Ærhornarispur** (n, kvk) Illa sleginn völlur þar sem mikið ber á stökum ljáförum með óslegnum toppum inn á milli. „Hörmung er nú að sjá þessar ærhornarispur hjá þér“!
- Ærið tilefni** (orðtak) Næg/mikil ástæða. „Þetta væri honum líklega ærið tilefni til að *fá sér í staupinu*“!
- Æringi** (n, kk) Háðfugl; spilagosi. „Kitti í Botni var glaðlyndur karl og átti það til að vera hinn mesti æringi“.
- Æringjaháttur / Æringsháttur** (n, kk) Ærslagangur; grín; fíflangangur. „Alltaf er sami æringshátturinn í karlinum“.
- Ærinn** (l) Mikill; fullmikill; nægur. Mikið notað áhersluorð. „Svípur formannsins var á þann veg, að nú skyldi hann og gnoðin sýna listir sínar til hins ýtrasta; enda sjáanlega *ærið tilefni*“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „... sandságangur ærinn (í Kollvík)“ (AM/PV Jarðabók).
- Ærket / Ærkjöt** (n, hk) Ket af fullorðinni kind. „Ansi finnst mér verðið lágt á ærketinu núna“!
- Ærlegheit** (n, hk, fto) Heiðarleiki. „Hann sýndi þó þau ærlegheit að skila þessu“.
- Ærlegur** (l) A. Heiðarlegur. B. Mikill. Var algengara sem slíkt áhersluorð: „Hann fékk ærlegar skammir“.
- Ærmiga** (n, kvk) Þunnt kaffi. „Eitthvað er nú mislukkað kaffið hjá mér; þetta er hálfgerð ærmiga“.
- Ærpeningur** (n, kk) Sauðfé. „Ég vil þó geta þess að ærpeningur á Lambavatni er þunnholda undan sumrinu; en á vorin eru þær í ágætu standi. Þeir fóðra því ær; og lömb sérstaklega, að mínu áliti best; einkum Egill. Undrar mig oft á því eldi er gemlingarnir hjá honum hafa fengið...“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1931).
- Ærskrokkur** (n, kk) Kindarskrokkur; ketskrokkur af fullorðinni kind.
- Ærsl** (n, kk) Læti/atgangur. „Það þýðir ekkert að reka féð með þessum ærslum“.
- Ærslabelgur / Ærslakálfur / Ærslaseggur** (n, kk) *Æringi*; sá sem ærslast; sá sem lætur illa/ hefur hátt. „Strákurinn er mikill ærslabelgur“.
- Ærslagangur** (n, kk) Fíflalæti; fyrirgangur; skrípalæti. „Óskaplegur ærslagangur er í ykkur strákar“!
- Ærslast** (s) Fíflast; leika sér; hafa uppi *ærslagang*. „Farið út strákar ef þið þurfið að ærslast svona mikið“! „Oft og tíðum ærslast var/ upp við Smiðjukofa./ Á Steinbólinu stelpurnar/ Stínu létu sofa“ (JHJ; Vísur úr Kollsvík).
- Ærtal** (n, kvk) *Ærbók*; fjárbók. Bókhald yfir hverja ær; hvenær hún *fékk*; með hvaða hrúti; hvenær hún *á tal*; hvað hún síðan *bar* mörgum lömbum; kyn þeirra, litur og eynamerki. Ærtal er mikilvæg stoð í því kynbótastarfi sem góður fjárbóndi þarf að stunda til að hámarka afurðir og halda heilbrigðum fjárstofni.
- Ærulaus** (l) Sem misst hefur æruna eða verið sviptur henni.
- Ærumeiðandi** (l) Sem vegur að æru/heiðri manns.
- Ærumeiðingar** (n, kvk, fto) Það sem er ærumeiðandi. „Hættið nú þessi kífi, áður en þetta fer úti einhverjar ærumeiðingar eða slagsmál“!
- Ærumissir** (n, kk) Það að missa æruna; almennar efasemdir um heiðarleika. „Það verður þá að hafa það þó þetta verði mér til álitshnekkis og ærumissis; ég bara fylgi minni sannfæringu“!
- Æruverðugur** (l) Sá sem á virðingu skilið; virðulegur. „Þetta er gömul og æruverðug bók“.
- Æs** (n, kvk) Gat á skóm, sem reim eða þvengur er dregin um. Sjá *ganga út í æsar*.

Æsa / Æsa upp (s/orðtak) Espa; gera órólegan/skapvondan. „Það er óþarfi að æsa sig útaf þessu“! „Vertu nú ekki að æsa karlinn svona upp; er hann ekki alveg nógu ruglaður fyrir“?!

Æsa/egna (einhvern) upp á móti sér (orðtak) Egna einhvern; fá einhvern til að rífast við sig; vera í andstöðu við einhvern. „Það er engum hollt að egna hann um of uppá móti sér“.

Æsast leikar (orðtak) Atburðarás verður hraðari; mikið fer að ske. „Þá fóru nú heldur að æsast leikar“.

Æsandi (s) Sem veldur æsingi/spenningi; spennandi.

Æsibyr (n, kk) Mikill meðbyr. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Æsifrétt (n, kvk) Frétt sem sögð er til að valda spennu/æsingi, en er e.t.v. ekki alveg sönn.

Æsing (n, kvk) Uppnám; geðshræring; reiði. „Hann sagði þetta í æsingu og án þess að hugsa“.

Æsingafundur (n, kk) Fundur þar sem æsingur/hiti er í fundarmönnum og ákaft deilt.

Æsingalaust (l) Án uppnáms; rólega. „Hann ræddi æsingalaust og af yfirvegum um þetta mikla hitamál“.

Æsingarmaður (n, kk) Sá sem auðveldlega verður æstur. „Hann er enginn æsingarmaður; heldur gengur að öllu með hægð og jafnaðargeði“.

Æsingur (n, kk) Hiti; reiði; skiptar skoðanir. „Það er æsingur í mörgum útaf skólamáluðum“.

Æsispennandi (l) Mjög spennandi/áhugaverður.

Æska (n, kvk) A. Það að vera ungur. „Ég var í æsku þegar þetta gerðist“. Sjá barnæska. B. Ungt fólk; börn. „Svo hleypur æskan unga/ óvissa dauðans leið/ ...“ (HP; Um dauðans óvissa tíma).

Æskilegur (l) Sem óskað er eftir; velkominn; ákjósanlegur. „Þetta finnst mér ekki æskileg þróun“.

Æskja (s) Óska eftir; biðja um. „Þeir gera þá athugasemd sem þess æskja“.

Æskuár (n, hk, fto) Bernskutími; ungdómsár; yngri ár. „Gummi var á æskuárum sínum nokkuð baldinn, eins og títt er um fjörmikla krakka“ (PG; Veðmálið).

Æskublómi (n, kk) Ferskleiki og unglegt útlit sem fylgir því sem er á fyrra skeiði lífs síns.

Æskubrek (orðtak) *Barnabrek*; það sem menn kunna að brjóta/gera af sér á barnsaldri.

Æskufjör / Æskugleði (n, hk) Lífsgleði og hreyfipörf á yngri árum.

Æskuheimili (n, hk) Það heimili sem maður elst upp á; heimili manns á barnsaldri.

Æskulýðsfélagsskapur (n, kk) Samfélag ungmenna; ungmennafélag. „Og það ber þess ljósastan vottinn að ungmennafélögin eru vakandi æskulýðsfélagsskapur, að samband þeirra hefur tekið til meðferðar mál sem frekast krefja æskumanninn um aðstoð sína“ (EG; Vakandi æska).

Æskulýðsmál / Æskulýðsstarf (n, hk) Málefni/starf ungs fólks/ barna; oft notað um málefni félagsstarfs ungmenna.

Æskulýður (n, kk) Ungt fólk yfirleitt; unglingar.

Æskumaður (n, kk) Ungmenni; ungur maður. „Stóðst það oft á endum að báðir komu jafnsnemma í Verið; bátsverjar og hinir fótfráu æskumenn, sem ekki víluðu fyrir sér að spretta úr spori undir leiðarlokin“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hér er því þörf fyrir æskumanninn að vera vakandi“ (EG; Vakandi æska). „Eyra heillar æskumanns/ unnar strengjakliður;/ enda löngum liggur hans/ leið til strandar niður“ (JR; Rósarímur).

Æskuvinur / Æskuvinkona (n, kk/kvk) Vinur/vinkona frá barns- eða unglingsárum.

Æstur (l) Í uppnámi; reiður; skelfdur; skömmóttur. „Vertu ekki svona æstur; segðu mér bara hvað er að“!

Æti (n, hk) Matur; fæða; það sem unnt er að borða/éta. „Þarna komst hrafinn heldur betur í æti“.

Ætiffill (n, kk) *Fífill*, sjá þar.

Ætihvönn (n, kvk) *Hvönn*, sjá þar.

Ætilegur (l) Ætur; sem unnt er að borða; girnilegur til matar. „Hvíslar þá ekki freistarinn í eyra honum að líklega eigi Gummi bróðir eitthvað ætilegt í skrínu sinni“ (PG; Veðmálið).

Ætisveppur (n, kk) A. Ætur sveppur; sveppur sem notaður er til matar. B. *Agaricus bisporus*; matkempa. Sveppur sem ræktaður er til matar og seldur í verslunum. Ræktaður hælendis en vex ekki í íslenskri náttúru.

Ætisögn (n, kvk) Ætileg arða; lítilsháttar af einhverju ætilegu. „Nú þyrftum við að fara að róa til fiskjar. Það verður að eiga einhverja ætisögn til vetrarins“.

Ætiþang / Ætiþari (n, hk/kk) Æt þangtegund; ætur þari. Nokkrar þangtegundir hafa verið nýttar til manndis, s.s. söl og marínkjarni. Stundum er heitið notað yfir klóþang eða blöðruþang. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal nefnir reimþara, kerlingareyra, marínkjarna og bjöllu, sem dæmi um ætiþara.

- Ætíð** (ao) Alltaf; sífellt. Þetta orð var að jafnaði notað í Kollsvík fyrrum, en samheitaorðið alltaf heyrðist sjaldnar. „... var þá skútan búin að losna fjórum sinnum yfir daginn, en ætíð þegar við ætluðum að fara að hífa inn, *fattaði* hún aftur“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). „Líði þér ætíð sem best“ (Bréf AK til VÖe í júní 1941).
- Ætla** (s) Ætlast/hyggjast fyrir. „Ég ætla að skreppa og sækja þetta“. B. Hyggja; ætlast til. „Ég ætla að þeir muni koma bráðlega“. C. Ráðstafa; gera ráð fyrir. „Það þarf að ætla þessum skepnum nægt fóður yfir veturinn“. „Ég ætla honum að sofa í betra rúminu“. „Afli þótti lítill og ætluðu menn á áhöfnin hefði viljað losna frá veiðunum“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). Fyrri tíma framburður var „attla“ og „öttluðu“, og var t.d. þannig í munni Guðbjartar Guðbjartssonar á Láganúpi og stundum barna hans einnig.
- Ætla (einhverjum) (eitthvað)** (orðtak) Telja/álíta að einhver muni gera eitthvað. „Ég ætla honum ekki þá heimsku að samþykkja svona lágt tilboð“.
- Ætla á** (orðtak) Treysta á; sjá fyrir; ímynda sér. „Það getur verið erfitt að ætla á hann; stundum kemur hann þegar maður á síst von á“.
- Ætla sér** (orðtak) Ætlast fyrir; áforma. „Ég ætla mér helst að ljúka þessu í dag“.
- Ætla sér af** (orðtak) Ofgera sér ekki; færast ekki of mikið í fang. „Hægðu nú á þér drengur! Þú verður að ætla þér af á úteftirleiðinni ef þú ætlar að reka féð aftur norður“.
- Ætla sér borð fyrir báru** (orðtak) Fara ekki í það ítrasta; gæta hófs; *ætla sér af*. Sjá *hafa borð fyrir báru*.
- Ætla sér ekki dul** (orðtak) Vilja ekki blekkja sjálfan sig; vilja ekki vera fávís. „Ég ætla mér ekki þá dul að hann reyni ekki að svara fyrir sig á einhvern hátt“.
- Ætla sér um of** (orðtak) *Færast of mikið í fang; gleypa sólina*; ætla að gera meira en raunhæft er.
- Ætla skal borð fyrir báru / Ætíð skal ætla borð fyrir báru** (orðatiltæki) Merkir bókstaflega að skynsamlegt sé að hlaða bát ekki meira en svo að hann hafi *friborð* til að taka við öldu og veltingi. Notað í líkingum um það að hafa vaðið fyrir neðan sig; að t.d. eiga afgang/varasjóð til að mæta óvæntum útgjöldum. Sjá *hafa borð fyrir báru*.
- Ætlar mig lifandi að drepa** (orðtak) Er að fara með mig; er mér mjög erfitt. „Þessi flensufjandi ætlar mig lifandi að drepa“. „Hættið nú þessum hávaða strákar; þið eruð mig alveg lifandi að drepa“.
- Ætlast ámeð/um** (orðtak) Giska á; meta. „Það er ómögulegt að telja féð á þessum hlaupum; við verðum að ætlast eitthvað á um fjöldann“. „Þú þarft að ætlast eitthvað á þetta með tímann, svo ég geti látið hann vita“. „Það er dálítið erfitt á að ætlast með fjöldann“. „Er nokkuð á að ætlast hvenær þú kemur til baka“?
- Ætlast fyrir (með)** (orðtök) Hyggjast fyrir; meina. „Hvað skyldi hann ætlast fyrir með þennan bílskrjóð“?
- Ætlast til** (orðtak) Vænta; gera kröfu um. „Ég ætla til að hann skili þessu“. „Þú ætlast þó ekki til að ég fari og sæki þetta fyrir þig“?!
- Ætlast til mikils af (einhverjum)** (orðtak) Vnta mikils af einhverjum. „Það er nú ekki hægt að ætlast til mikils af svona strákpjökkum“.
- Ætlunarverk** (n, hk) Það sem maður ætlar að gera.
- Ætt** (n, kvk) Kynstofn; hópur skyldra einstaklinga. Um getur verið að ræða ætt manna og kvenna sem eiga sameiginlegan förföður eða formóður, s.s. Kollsvíkurætt. Eða tegundir í lífríki sem eiga margt sameiginlegt líffræðilega. Eða tungumál sem eiga margt sameiginlegt/ sameiginlegan uppruna.
- Ættaður** (l) Kynjaður; af tiltekinni ætt; skyldur fólki á tilteknum stað. „Hann er ættaður af Ströndum“.
- Ættarfylgja** (n, kvk) Eign; kvilli; skapbrestur; draugur eða annað sem liggur í/fylgir ættum. Sjá *kynfylgja*.
- Ættareinkenni** (n, hk) Það sem þykir einkenna ætt/skyldmennahóp. Sjá *ættarhávaði* og *ættarskalli*.
- Ættargripur / Ættargull** (n, kk) Hlutur sem erfst hefur frá einu skyldmenni til annars í langan tíma.
- Ættarhávaði** (n, kk) Hugtak sem gjarnan þykir loða við margt fólk af Kollsvíkurætt og er þekkt innan ættarinnar sem *Kollsvíkurhávaði*, sjá þar.
- Ættarhöfðingi** (n, kk) Sá sem nýtur meistar virðingar í ætt; talsmaður skyldmennahóps.
- Ættarjörð / Ættaróðal / Ættarsetur** (n, kvk) Jörð sem verið hefur í eigu sömu ættar um langan tíma. „Segja má að allar jarðir í Kollsvík séu ættarjarðir Kollsvíkurættar; sér í lagi höfuðbólið Kollsvík, sem verið hefur í eigu ættarinnar frá búsetu Einars Jónssonar, ættföður Kollsvíkurættarinnar“. Heitið ættaróðal er að því leyti frábrugðið að um erfðir og eignarhald óðalsjarða giltu um tíma sérstök lög.
- Ættarmót** (n, hk) A. Ættarsvipur; svipmót sem þykir einkenna skyldmennahóp/ætt. B. Samkoma/mót skyldmenna. „Höfundur þessarar samantektar kom á fót ættarmótaþjónustu við félagsheimilið Þjósarver í Villingaholtshreppi; fyrstu þjónustustarfsemi af því tagi. Fullbókað var hvert sumar í áráraðir af slíku“.

Ættarnafn (n, hk) Sameiginlegt nafn sem einkennir skylda einstaklinga, oftast eftirnafn sem einhver tekur sér og aðrir tileinka sér. Þannig tók Jón Thoroddsen skáld frá Reykhólum fyrstur upp ættarnafn sitt sem fjölmenn ætt ber í dag; kenndi sig við föðurnafn föður síns, Þórðar Þóroddssonar beykis. Kollsvíkingar fyrir á tíð kenndu sig sumir við víkina og notuðu ættarnafnið Kolvíg. Enginn ber það í dag svo vitað sé.

Ættarskítur / Ættleri (n, kk) Sá sem er *illa í ætt skotið*/talinn lakari/óæðri en aðrir í hans ætt. „Ég ætla mig nú engan ættlera þó ég hætti að styðja þennan flokk“.

Ættarsómi (n, kk) Sá sem er sinni ætt til sóma/virðingar.

Ættarskalli / Ættarkollvik (n, kk/ hk, fto) Líkamseinkenni sem þykja prýða marga karlmenn af Kollsvíkurætt eru skallamyndun tiltölulega snemma á ævinni. Sumir nefna það há kollvik eða ættarkollvik, jafnvel eftir að flest hár eru horfin af hvirfli. Jafnan situr þó eftir krangi neðantil þó lítið fari fyrir ennistoppi. Undantekningar eru þó frá þessu einkenni.

Ættarskítur / Ættleri (n, kk) Sá sem er *illa í ætt skotið*/ til skammar fyrir ættina/ stingur í stúf í ættinni. „Mér er sama hvar menn eru í pólitík, en mér finns að sá sé árans ættarskítur sem hefur engar skoðanir á málum“!

Ættarsvipur / Ættareinkenni (n, hk) Einkenni/líkendi skyldmenna sömu ættar. „Sumir álíta að há kollvik, þykk neðrivör, töluverður hávaði og áberandi einþykkni sé ættareinkenni einhverra af Kollsvíkurætt“.

Ættartal / Ættartala / Ættbók (n, hk/kvk) Registur ættar; ættakning. T.d. Kollsvíkurætt Trausta Ólafssonar.

Ættartengsl (n, hk, fto) Ættfræðileg tenging/vensl skyldfólks.

Ættbálkur (n, kk) Ætt; stórfjölskylda.

Ættbogi (n, kk) Ætt; ættartré. „Út af hænunni Stínu átti ég mikinn ættboga af hænsnum.“ (SG; Alifuglarækt).

Ætterni (n, hk) Ættfræðilegur uppruni; staðsetning í ættum. „Veistu eitthvað um hans ætterni“?

Ætternissvipur (n, kk) Svipmót sem þykir lýsa skyldleika við ætt.

Ættfaðir (n, kk) Sá sem ætt er rakin til. „Einar Jónsson er óumdeildur ættfaðir Kollsvíkurættarinnar“.

Ættfróður (l) Fróður um ætt; fær í að rekja ættir fólks.

Ættfræði (n, kvk) Það viðfangsefni að rekja ættir fólks. „Ekki get ég talist *sterkur á svellinu* í ættfræði“.

Ættfæra (s) Rekja ættir; staðsetja í ætt. „Hann var ekki lengi að ættfæra hana“.

Ættgengur (l) Sem gengur í ættum/ leggst í ættir. „Þetta mun vera ættgengur sjúkdómur“.

Ættgöfugur (l) Kominn af höfðingaætt/ virtu fólki. Notað með lotingu áður fyrr, en nú fremur í háðstón.

Ætti ekki að opna munninn mikið / Ætti ekki að segja mikið (orðtök) Um það sem annar segir; ætti að þegja. „Ég held að hann ætti ekki að opna munninn mikið um sóðaskap hjá öðrum, fyrir en hann hefur lagað til í kringum sinn eigin bæ“.

Ættingi (n, kk) Skyldmenni; sá sem er af tiltekinni ætt. „Ég komst að því að hann er ættingi minn“.

Ættjarðarást (n, kvk) Væntumþykja í garð síns heimalands; ást á ættjörðini. Var mjög áberandi þegar sjálfstæðisbarátta Íslands stóð sem hæst; ekki síst í jarðvegi ungmennafélaganna og frumkvöðla þeirra. „Vaknaðu svanni og vaknaðu sveinn/ svo vormenn að megii ykkur kalla;/ hefjið upp fánann og heitið hver einn/ með honum að sigra eða falla./ Þá drengskap þið kveikið og ættjarðarást./ Sá eldlegi viti mun hvarvetna sjást“ (VÖe; Ísland).

Ættjarðarljóð (n, hk) Lofkvæði skálds til föðurlands síns eða heimaslóða.

Ættjörð (n, kvk) Heimaslóðir; heimaland; föðurland; föðurtún; móðurjörð.

Ættkvísl (n, kvk) Grein ættar.

Ættleiðing (n, kvk) Um það þegar foreldrar ganga barni í móður- og föðurstað og fá lagalegan rétt til þess.

Ættleri (n, kk) *Svarti sauðurinn* í ætt; sá sem þykir vera ætt sinni til minnkunar/skammar.

Ættliður (n, kk) Kynslóð; einstaklingar sömu ættar sem eru jafnlangt komnir frá ættföður/ættmóður, í kynslóðum talið.

Ættlægur (l) Sem liggur í ættum; sem einkennir ætt. T.d. erfðasjúkdómur.

Ættmenni (n, hk) Ættingi.

Ættmóðir (n, kvk) Kona sem ættir eru raktar til.

Ættrækinn (l) Sem heldur góðum samskiptum við skyldmenni sín.

Ætur (l) Sem unnt er að borða að skaðlausu. „Hvönnin er vel æt, en sumum finnst hún beisk á bragðið“.

Ætur biti (orðtak) Matarbiti. „Það er ár og dagur síðan ég smakkaði ætan bita“!

- Ævagamall** (l) Mjög gamall/forn; sem verið hefur marga mannsaldra.
- Ævarandi** (l) Sem varir að eilífu; sem alltaf er; sífelldur.
- Ævareiður** (l) Mjög reiður/illur/fúll. Merkir í raun að vera reiður alla ævi.
- Ævi** (n, kvk) Líftími; aldurskeið þess sem lifir. Orðstofnin er annarsvegar „æ“ sem merkir sífellt og hinsvegar „vara“ eða „vera“; semsé tíminn þegar maður er alltaf til.
- Æviár** (n, hk) Ár/hluti úr ævi/lífi einhvers.
- Ævifélagi** (n, kk) Félagssmaður í félagsskap um aldur og ævi. Það tíðkast í sumum félögum að valdir einstaklingar eru skráðir ævifélagar og þurfa þá e.t.v. ekki að greiða árgjöld eins og aðrir.
- Ævikvöld** (n, hk) Elli; efri ár; síðustu ár lífsins.
- Ævilok** (n, hk, fto) Dauði; andlát; endir ævinnar.
- Æviminning** / **Ævisaga** (n, kvk) Minning frá fyrri æviárum.
- Ævinlega** (ao) Alltaf, án undantekninga. „Milli jarðanna Kollsvíkur annars vegar og Grunda hins vegar skilur Áin, sem svo er ævinlega nefnd“ (Órnefnaskrá Kollsvíkur). Orðið var töluvert notað í máli Kollsvíkinga.
- Ævintýr** / **Ævintýri** (n, hk) A. Óvæntur/æsilegur atburður. „Við lentum þarna í nokkrum ævintýrum“. B. Smásaga með mjög lygilegum blæ. T.d. sögur sem Grimms bræður söfnuðu eða íslenskar þjóðsögur.
- Ævintýrlegur** (l) Sem líkist ævintýri. „Vorur við svo öll mætt til skólans að loknu þessu ævintýrlega jólafríi“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; heimferð frá Núpi).
- Æviskeið** (n, hk) Hluti úr ævi.
- Ævistarf** / **Ævistreð** (n, kk) Vinna á lífsleiðinni. „Garðar, tóftir og tún vitna um ævistreð dugnaðarbænda fyrri tíðar. Slíkar minjar á að varðveita eins vel og unnt er“.
- Æxla** (s) Frjóvga; láta vaxa; auka; styrkja.
- Æxlast** (s) Þróast; vindur fram. „Hlutirnir æxluðust þannig að ég fór í smíðina en hann leysti mig af í bústörfum á meðan“.
- Æxli** (n, hk) Hnútur/kýli á/i líkama. Getur verið t.d. graftaræxli eða krabbameinsæxli.
- Æxlun** (n, kvk) Getnaður; fjölgun einstaklinga.
- Æxlunarfæri** (n, hk, fto) Kynfæri; þau líffæri sem þarf til æxlunar, oftast önnur hjá kvenkyni en karlkyni.
- Öðlast** (s) Fá; eignast; áskotnast. „Ég hef aldrei öðlast neina þolinmæði fyrir því að láta traðka á mér“.
- Öðlingsdrengr** / **Öðlingsmaður** / **Öðlingspiltur** / **Öðlingur** (n, kk) Mjög vandaður/góður maður/drengr. „Ég hef sjaldan kynnst öðurm eins öðlingsdrengr“.
- Öðru hverju/hvoru** / **Öðruhverju** / **Öðruhvoru** (orðtak/ao) *Af og til; endrum og sinnum; annað slagið.* „Löðrið gekk yfir bátinn öðru hvoru. Þó tókst Árna að forða honum frá stærstu sjónum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Öðru megin** / **Öðrumegin** (orðtak/ao) *Annarsvegar; á annarri hliðinni.* „Þakið er sandblásið öðrumegin“.
- Öðru nær** / **Öðrunær** (orðtak/ao) Alls ekki; þvert á móti. „Hann hélt að þetta hefði gengið andskotalaust, en það var nú öðru nær. Það munaði öngvu að við misstum allan fjárhópinn niður í ganga“.
- Öðru sinni** / **Öðrusinni** (orðtak/ao) Í annað sinn/skipti. „Ég tek ekki eins létt á þessu ef það skeður öðru sinni“! „Hann reynir þetta ekki öðrusinni á næstunni“.
- Öðruhvorumegin** (fs) *Á annan hvorn vegin;* hvoru megin sem er. „Ég lýk þessu öðruhvorumegin við helgina“
- Öðrum fremur** (ortak) Fremur/heldur en aðrir; framar öðrum. „Hann hefur öðrum fremur fórnað sér fyrir þetta málefni“.
- Öðrum þræði** (orðtak) *Í aðra röndina;* meðal annars. „Um leið og kerlingin hneykslaðist yfir þessum
- Öðruvísi** (ao) Frábrugðið; á annan hátt/veg; með öðrum hætti. „Þetta mætti líka gera öðruvísi“.
- Öðruvísi mér áður brá** (orðatiltæki) Viðhaft þegar eitthvað hefur farið á þveröfugan veg en áður. „Kirkja þeirra í Saurbæ fauk fyrir nokkrum árum. Hafa þeir enga síðan, en fé skortir til kirkjubýggingar. Öðruvísi mér áður brá; þegar Markús Gíslason í Sauræ sótti við í tvær kirkjur til Noregs, í kringum árið 1180“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).
- Öðuskel** (n, kvk) *Aða;* stór ílöng skel/samloka sem festir sig með þráðum á steina o.fl. Rekur oft á fjörur áföst þarahausum og þykir herramannsmatur til átu. Skeljarnar voru stundum notaðar í kubbabú barna og munu áður fyrr stundum hafa verið notaðar sem skeiðar/spænir þegar annað var ekki við hendina. Sjá *aða*.

- Öfgafullur** (l) Róttækur; gengur langt í skoðunum; stækur; aðhyllist róttækar hugmyndir. „Hann er helst til öfgafullur í sínum skoðunum á þessu“.
- Öfgakennt** (l) Sem einkennist af öfgum; róttækt; ýkt.
- Öfgalaus** (l) Laus við öfgar/róttækni/ýkjur.
- Öfgamaður** (n, kk) Maður sem er róttækur/ sem tekur djúpt í árinna. „Ég er enginn öfgamaður í þessum efnunum“.
- Öfgar** (n, kvk, fto) Ýkjur; róttækni í skoðunum/ummælum. „Þetta kalla ég öfgar af versta tagi“! „Við skulum nú ekki fara út í neinar öfgar“.
- Öflugur** (l) Kröftugur; aflmikill; sterkur; máttugur. „Þarna fékkstu asskoti oflugan vinnumann“! „Hann er öflugur talsmaður landsbyggðarfólks“. „Eru máttarviðirnir nógu öflugir til að bera þetta“? „Það var komið öflugt norðurfall“.
- Öfugmælavísa** (n, kvk) A. Vísa þar sem staðreyndir eru afbakaðar. B. Líking um ranga fullyrðingu; „Þetta hljómar bara eins og öfugmælavísa í mínum eyrum“!
- Öfugmæli** (n, hk) Fullyrðing sem er þvert gegn því sem rétt er. „Þetta eru alger öfugmæli“.
- Öfugsnúinn** (l) A. Um það sem er/snýr öfugt eða andstætt viðureignar. Merkir í raun band sem spunnið er með rangri snúningsátt/ annarri snúningsátt en venja er til. „Mér finnst alltaf öfugsnúið að sitja hérna megin í bílnum eftir að ég hætti að aka sjálfur“. B. Andvígur „Hann var öfugsnúinn þessari hugmynd“.
- Öfugstraumur / Öfugstreymi** (n, kk/hk) A. Straumur sem gengur í öfuga átt við það sem eðlilegt getur talist. T.d. þegar norðurstraumur er á yfirborði sjávar vegna stífrar sunnanáttar, þegar í raun ætti að vera suðurfall. B. Straumur sem ekki er hentugur því sem á sjó er unnið, t.d. þegar net eða færi stendur undir bát vegna þess að fallskipti hafa orðið eða staðið er rangt að veiðum. „Það er ómögulegt að draga í þessu öfugstreymi; við skulum hleypa þessu niður og fara í hitt bólið“. C. Líkingamál um málefni sem gengur manni í óhag; andstreymi.
- Öfuggaháttur** (n, kk) Rangsnúinn hugsunarháttur; furðulegheit. „Mér finnst það óttalegur öfuggaháttur af stjórnmöldum að taka þann fiskveiðirétt af sjávarjörðum sem þær hafa haft frá landnámi og gefa hann einhverju *uppstríluðu hvítflibaliði* sem aldrei hefur migið í saltan sjó“!
- Öfuggi** (n, kk) A. Loðsilungur; þjóðsagnafiskur sem kvað hafa alla ugga öfugsnúna; vera loðinn; synda afturábak og vera baneitraður. Hefur ekki veðst í stöðuvötnum vestra, svo vitað sé til. B. Maður er þykir einstaklega kynlegur í háttum; þverhaus; niðingur.
- Öfugumegin** (ao) Ekki réttu megin við. „Þegar við vorum búin að færa bátinn ofar ... sáum við skip á siglingu inn fjörðinn. Það stefndi hinsvegar öfugumegin inn, miðað við Patreksföð“ (Guðrún Grímsdóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Öfugur** (l) A. Rangur; skakkur; hinsegin. „Það er öfugur skrófgangur á þessum bolta“. B. Æfur; bálillur. „Hann varð alveg öfugur af vonsku við þessa hrekki“.
- Öfug fæðing** (orðtak) Ungviði fæðist með afturhluta á undan höfði.
- Öfugur austnyrðingur** (orðtak)óviss merking.... (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Öfugur og snúinn** (orðtak) Mjög afundinn/fúll/andsnúinn. „Ég reyndi að *tala um fyrir* honum, en hann var alveg öfugur og snúinn í þessu máli“.
- Öfugur straumur** (orðtak) Mótstraumur. „En hann komst ekki norður víkina þegar *uppi var* öfugur straumur“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).
- Öfugþróun** (n, kvk) Þróun sem gengur gagnstætt því sem eðlilegt þykir; afturför.
- Öfund / Öfundskýki** (n, kvk) Það að öfunda/ sjá ofsjónum yfir gæfu/velgengni annarra. „Þetta er nú bara öfund“!
- Öfunda** (s) Sjá ofsjónum yfir gæfu/velgengni annarra. „Mikið öfunda ég hann stundum af þolinmæðinni“.
- Öfundarauga** (n, hk) Sjá *líta öfundarauga*.
- Öfundast út í** (orðtak) Sýna öfund yfir. „Það þýðir ekkert að öfundast úti aðra; það verður *hver að bjarga sér*“!
- Öfundsjúkur** (l) Sem öfundast út í eitthvað; sem sýnir öfund. „Hann er bara öfundsjúkur yfir þessu“!
- Öfundsverður** (l) Sem vert er að öfunda. „Hann er ekki öfundsverður af því að standa í þessu“.
- Öfundskýki** (n, kvk) Öfund. „Það vottar fyrir öfundskýki hjá nágroddum yfir nýja traktornum“.
- Öggulítill** (l) Agnarsmár; obbolítill; pínulítill. „Lyftu hallamálinu öggulítið í hægri endann“.

Ögn (n, kvk) Arða; smávegis. Oftast notað í merkingunni „dálítið“; til áhersluauka: „Ég er nú ögn þreyttur eftir smalamennskurnar“. „*Fjandans sú ögnin* að þarna væri nokkur kind“! „*Skammi sú ögnin* að ég veit þetta“. „*Fari bölvuð sú ögnin*; hér er ekkert nema ördeyðan“! „Við bíðum ögn lengur“. „Ég renndi færi á Blettunum en fékk öngva ögn“. „Féð hefur étið þetta fóður *upp til agna*“. „Láttu mig hafa ögn meira af sykrí“. „Við þurfum, held ég, að staldra ögn við hjá henni ömmu þinni, Halldóru Mikkalínu Halldórsdóttur“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).

-ögn (n, kvk, ending) *-lús*; viðskeyti nafnorða til að lýsa litlu magni. „Gefðu mér nú tóbaksögn í nefið“. Áttu nokkra sykurogn úti kaffið fyrir mig“?

Ögra (s) Espa; mana; stríða. „Þið ættuð nú ekki að vera ögra honum of mikið strákar; hann getur rokið upp“!

Ögrun (n, kvk) Það að ögra; stríðni; erting; áskorun. „Hann stóðst ekki þessa ögrun“.

Ögun (n, kvk) Það að aga/stjórna/temja; tamning; sjálfsstjórn.

Ögurstund (n, kvk) A. Raunveruleg merking; tíminn sem eitt sjávarfall stendur yfir. Orðstofninn er sami og „ægir“. B. Jafnan notað um mikilvæga tímasetningu. „Nú er komin ögurstund; nú verðum við að ákveða hvað við ætlum að gera“. Vísar e.t.v. til þess að stór skip eru jafnan sett til sjávar um háflæði til að þurfa ekki að basla þeim um útfiri. Því er mikilvægt að á flæðinni liggja fyrir hvort sjósetja skal. En e.t.v. vísar þetta til fallaskipta frammi á sjó; þegar veiðivonin er mest.

Ökkladjúpur (l) Nær upp í ökkla. „Það er ökkladjúpt vatn ofaná ísnum“.

Ökkladypt (n, kvk) Dýpt á vatni/snjó sem svarar því að nái upp á *ökklakúlu*.

Ökklakúla (n, kvk) Kúlan beggjamegin á ökkliðnum, sem sýnileg er á öllu fólki. „Ég fékk fjári leiðinlegt sár á innri ökklakúluna á hægra fæti, sem hefur ekki viljað gróa almennilega“.

Ökklasiður (l) Um fatnað; sem nær niður á ökkla.

Ökklasnjór (n, kk/ orðtak) Um snjódypt; snjór sem nær mönnum í ökkla.

Ökkli (n, kk) Liðurinn á fæti, milli fótar og mjóaleggjar. Sjá *ýmist í ökkla eða eyra*.

Ökufær (l) A. Um ökutæki; sem unnt er að aka; *í ökufæru standi*. B. Um bílstjóra; er fær um að aka. „Ég held að hann sé varla ökufær eftir partíð“.

Ökulag (n, hk) *Aksturslag*; háttur á akstri. „Hverskonar ökulag er það eiginlega að halda sig vitlausu megin á veginum“?!

Öl er innri maður / Öl sýnir innri mann (orðatiltæki) Ölvun breytir mönnum á ýmsan hátt. Upprunalega mun orðatiltækið vera; „öl er annar maður“.

Öld (n, kvk) A. Hundrað ár. B. Tímabil. T.d. bílaöld; enska öldin; óöld.

Öldin önnur (orðtak) Annar siður; aðrir tímar. „Þá var öldin önnur, þegar Kollsvíkin iðaði svo af lífi að þar var starfandi sérstakt ungmennafélag og sérstakur barnaskóli“. „Nú er öldin önnur; annar siður./ Hvað er upp og hvað er niður?“ (JR; Rósarímur).

Öldóttur (l) Ósléttur; með öldum; gáróttur; hryggjóttur.

Öldubarningur (n, kk) Róður í mikilli öldu. „Það var öldubarningur framá lægið“.

Öldubrjótur (n, kk) Það sem brýtur öldu/báru/sjó. „Í brimi sést glögg hve boðarnir eru góðir öldubrjótar“.

Öldudalur (n, kk) Lægð milli ölduhryggja.

Öldufaldur (n, kk) Ölduhryggur; efsti hluti öldu. „Nú var útilokað að sjá bát þótt nærri væri, nema svo hittist á að báðir æru uppi á öldufaldi samtímis“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Öldugangur (n, kk) Gutlandi; órói á sjó. „Bölvauður öldugangur er frá þessum stóru skipum; það er nú óþarfi hjá þeim að þvælast hér upp undir netalögnum“!

Öldugjálfur (n, hk) Smábára; gutlandi ölduhljóð. „Það er notalegt að sofna við öldugjálfríð frammi á legunni“.

Öldugutlandi / Öldukast (n, kk/hk) Nokkur sjór/veltingur; allnokkur bára. „Hann er að auka þennan öldugutlanda“. „Hann lagði inn eitthvað öldukast um miðjan daginn“.

Ölduhrókur (n, kk) Nýyrði í íslensku máli; búið til af Valdímar Össurarsyni frá Láganúpi og er heiti á uppfinningu hans; tæki til að virkja ölduorku til raforkuframleiðslu með færslu hreyfingar af fljóttandi baujum niður á ás sem snýst neðan yfirborðs. Heitið nær einnig yfir önnur tæki til sömu nota.

Ölduhryggur / Öldukambur (n, kk) Hátoppur öldu; báruhryggur; hæðin milli öldudala.

Ölduhæð (n, kvk) Mæld hæð öldu milli öldudals og öldutopps.

Öldukvika (n, kvk) Nokkur sjór. Oftast stytta í *kvika*.

Öldulítill (l) Sjólítill; tiltölulega sléttur sjór.

Öldungis (ao) Mjög; afar. Oft notað til áhersluauka. „Ég er nú svo öldungis hissa“. „Ég var bara öldungis grallaralaus í þessum efnum“. „Þarna var bara öldungis ekki neitt að hafa“. „Þetta er ekki öldungis rétt“.

Öldungur (n, kk) Gamalmenni; sá sem er aldraður/gamall.

Ölduorka (n, kvk) Orka í sjávaröldum. Ölduorka er gríðarlega umfangsmikil við Ísland, og líklega mesta orka landsins að umfangi, þó enn sé nýting hennar ekki hafin. Við suðurströndina er áætlað að um 68 kW orku séu í hverjum lengdarmetra meðalöldu, eða 68 MW á km.

Öldurót (n, hk) Allmikill sjór; brim. „Það er hætt við að hann seti einhvern skít í net í svona ölduróti“.

Öldusig (n, hk) Sver *undiralda*. „Eitthvað finnst mér hann vera að auka þetta öldusig“.

Öldusláttur (n, kk) Ókyrrð í sjó; nokkur sjógangur. „Það er erfitt að *hanga á* þessu í svona ölduslátti“. „Gengur brátt í illa átt;/ upphefst tími rýsju./ Ölduslátt með eðli grátt/ elur máttug vindagátt“ (JR; Rósarímur).

Öldustokkur (n, kk) Á bát; borðstokkur. Borðstokkur var þó einn notað í seinni tíð.

Öldusúgur (n, kk) Öldugangur/sog við ströndina; lárétt færsla sjávar við land í miklum sjógangi. Oftast stýtt í Súgur“ í máli Kollsvíkinga.

Öldutoppur (n, kk) *Ölduhryggur*; hæsti staður öldu/ölduhryggjar. „Mér sýndist ég sjá baujuna þarna á öldutoppi“.

Ölduvaðall (n, kk) Tíðar öldur en e.t.v. ekki mikill sjór. „Hvaðan kemur þessi ölduvaðall allt í einu“?

Ölduvirkjun (n, kvk) Virkjun sem nýtir orku haföldu til raforkuframleiðslu. Tæknin er í þróun og nokkur þróunarverkefni eru í tilraunakeyrslu víðsvegar um heiminn þó ekkert þeirra sé enn (2014) komið í rekstur. Ein slík virkjun er í þróun á Íslandi, af skrásetjara þessarar orðaskrár, upprunnin í Kollsvík.

Ölduvottur (n, kk) Lítilsháttar bára; sjólítið. „Það er dálítill ölduvottur, en *ekkert sem heitir*“.

Ölföng (n, hk, fto) Áfengi til drykkju. „Hann sagði að þeir ættu næg ölföng til að vera *mígandi fullir það sem eftir væri* vikunnar“.

Ölhneigður / Ölkær (l) *Vinhneigður*; fyrir *sopann*. „Nokkuð er hann orðinn ölkær í seinni tíð“.

Ölkelduvatn (n, hk) Kolsýruríkt vatn, sem inniheldur loftbólur af kolsýru og var talið heilsusamlegt til drykkjar. „Í Ölkelduskriðum austan í Stakkafellinu er vatnspúppretta og er vatnið mjög kolsýruríkt... Laus kolsýra kemur líka fram ofarlega í Dagmálaskriðunni, beint á móti túninu í Sauðlauksdal. Virðist hún koma þar upp um sprungu milli steina; þétt við lind eða lækjarfarveg, rétt þar sem graslendið tekur við í urðarfótunum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Öll él birtir upp um síðir (orðatiltæki) Ástand lagast einn, jafnvel þó illa líti út um tíma. Líkingin er oft notuð um andstreymi í lífi manna. Einnig; *oft kemur skin eftir skúr*.

Öll járn standa á (einhverjum) (orðtak) Einhver stendur í stríði/deilum/andsvörum við marga í einu; athygli allra beinist að einhverjum. „Nú standa öll járn á sýslumanninum; hann verður að *svara fyrir* þetta“. Vísar til orrustu; að margir ráðist að einum; að einhver *eigi við ofurefli að etja*.

Öll sund lokuð (orðtak) Engir kostir sjáanlegir; allt ómögulegt; *fokið í flest skjól*. „Honum fannst öll sund vera lokuð þegar bíllinn bilaði, en ég ákvað að skutla honum svo hann næði fluginu“. Líking úr sjómannamáli; allar leiðir orðnar ófærar, t.d. vegna brims eða ísa. Sjá *finnast/sýnast/virðast öll sund (vera) lokuð*.

Öll von úti (orðtak) Algert vonleysi; *allar bjargir bannaðar*; *öll sund lokuð*. „Þegar öll von virtist úti datt mér ráð í hug sem dugði“.

Öll vötn falla til Dýrafjarðar (orðatiltæki) Allt bendir/vísar í sömu átt; allar líkur eru á. „Mér sýnist öll vötn falla til Dýrafjarðar varðandi málalokin; þessi tillaga verður felld“. Vísar til atviks í Gísla sögu Súrssonar, þegar Vésteinn er á leið yfir Gemlufallsheiði til veislu í Haukadal, en hittir menn Gísla sem vara hann við því að halda áfram. Segir hann þá; „Satt eitt segið þið; og myndi ég aftur hafa horfið ef þið hefðuð hitt mig fyrir. En nú falla vötn öll til Dýrafjarðar og mun ég þangað ríða; enda er ég þess fús““.

Öllsömul (fn) Öll. „Komiði nú öllsömul blessuð og sæl“.

Öllu- (forskeyti) Heldur */ívið* meira/stærna/fleira o.fr. Mild stigbreyting lýsingaroðs. Oft þannig framborið að áherslulaust forskeytið rennur saman við lýsingarorðið og er því í raun eitt orð bæði. „Það er öllu meira í þessari fötu en hinni“. „Það er öllu bjartara yfir en í gær“.

Öllu gamni fylgir nokkur alvara (orðatiltæki) Auðskilin og mikið notuð speki.

Öllu má (nú) nafn gefa (orðtak) Þetta *stendur* varla *undir nafni*; þetta er lítið meira en nafnið. „Glæsileg varða segir þú. Ja öllu má nú nafn gefa; ég myndi frekar kalla þetta grjótrúst“!

- Öllu má (nú) ofbjóða/ofgera** (orðatiltæki) Svo mikið má leggja/reyna á alla hluti að þeir láti undan/bili.
- Öllu meira** (orðtak) Heldur meira; *sjónarmun* meira. „Þetta er öllu meiri sjór en var í gær“.
- Öllu tjaldað til** (orðtak) Allt notað sem tiltækt er. „Öllu var tjaldað til af fötum sem voru á heimilinu“ (Ólöf Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).
- Öllum geta orðið á mismæli / Öllum getur mismælst** (orðatiltæki) *Allir eiga leiðréttingu orða sinna*; öllum getur orðið það á að segja meiningu sína á rangan hátt.
- Öllum getur skjöplast** (orðtak) Öllum getur *orðið á*; allir geta haft rangt fyrir sér; allir geta gert mistök.
- Öllum getur yfirsést / Öllum kann yfir að sjást** (orðatiltæki) Allir geta gert mistök/yfirsjónir.
- Öllum kemur ellin á kné** (orðatiltæki) Allir þurfa að lúta fyrir elli og dauða, þó hrörnun sé misjöfn.
- Öllum lokið** (orðtak) *Yfirgengilega* hissa/hræddur/hneykslaður. „Kötturinn horfðist í augu við hundinn um stund, en þegar hundurinn nálgast var honum öllum lokið, og flúði“. Oft notað sem upphrópun: „Nú er mér öllum lokið“, þegar menn eru mjög hissa/hneykslaðir.
- Öllum orðum fylgir ábyrgð** (orðatiltæki) Menn þurfa alltaf að geta staðið við orð sín og skýrt þau.
- Öllum stundum** (orðtak) Alltaf; allar stundir. „Ég var öllum stundum að lesa þegar færi gafst til þess“.
- Ölmusa** (n, kvk) Gjöf til þess sem er í neyð; fátækrastrykur. „Ég sagði henni að þetta væri engin ölmusa, heldur uppgjör á smáræði sem bóndi hennar heitinn hefði átt hjá mér“.
- Ölmusufólk / Ölmusulýður** (n, hk/kk) Fólk sem þarf að þiggja styrki/gjafir sér til framfærslu. „Einhverja sleikju þarf nú til að fœðra allan þennan ölmusulýð í stjórnkerfinu“!
- Ölmusugjöf** (n, kvk) Ölmusa; gjöf til styrktar fátækum. „Þetta voru í raun ölmusugjafir“.
- Ölmusumaður** (n, kk) Sá sem þarf að lifa á gjöfum annarra. „Ég hef ekki hingað til verið ölmusumaður og vil helst ekki byrja á því núna“.
- Ölmususkepna** (n, kvk) Ölmusumaður; manneskja sem þarf að lifa á framfæri annarra; þurfalingur. „Ætli það sé nú ekki betra að hokra áfram og reyna að bjarga sér, heldur en að flytja á mölina og lifa eins og hálfdaud ölmususkepna úti í horni hjá einhverjum gróssera“!
- Öln** (n, kvk) *Alin*; lengd framhandles frá oldboga framá lengstu fingurgóma. Sjá *alin*.
- Ölnbogi** (n, kk) Fyrri heiti á því sem nú heitir *ölnbogi*.
- Ölóður** (l) Utan við sig af of mikilli vinneslu; ær af drykkjuskap.
- Ölæðisbull / Ölæðisrugl / Ölæðisþvaður** (n, hk) Órókrétt tal manns í vímu eftir drykkju.
- Öslugimbur / Ösluhrútur / Öslulamb** (n, kvk/kk/hk) Lamb sem talið er vænlegt til lífs. „Þetta eru asskoti *státnir* tvílembingar og vel ættaðir; þetta gætu líklega orðið öslulömb“.
- Ölvaður** (l) Drukkinn; hífaður; kenndur; brenglaður af vinneslu. „Þeir voru báðir all ölvaðir“.
- Ölvun** (n, kvk) Það að vera ölvaður; ástand ölvunar; drykkjuskapur.
- Ölæði** (n, hk) Víma; brjálsemi sem orsakast af vindrykkju. „Það afsakar ekkert þó þetta hafi verið gert í ölæði“!
- Ömmubarn** (n, hk) Barnabarn konu. „Hún hélt mikið uppá ömmubörnin“.
- Ömun** (n, kvk) Ami; leiði; skapraun. „Hann hafði alla tíð nokkra ömun að þessu viðurnefni“.
- Ömunarlega / Ömurlega** (ao) Skelfilega; hryllilega; mjög leiðinlega. „Þetta er ömunarlega leiðinlegt sarg“! „Eftir þetta ömurlega slys lögðust fyglingar af“.
- Ömurlegur** (l) Hryggilegur; sorglegur; átakanlegur; leiðinlegur. „Það var ömurleg sjón að sjá, þegar bjargræði margra heimila var mokað og dregið uppúr sandskaflum“ ... „Það er ömurlegt að hugsa til þess að ekkert skuli varðveitt, er geymi minjar gamla tímans“ (KJK; Kollsvíkurveir).
- Ömurleiki** (n, kk) Það að vera átakanlegur; hryggilegur; leiðinlegur; *ömurlegur*.
- Önd** (n, kvk) A. Fugl af andaætt, t.d. *stökkönd*. B. Andi; lífsandi; andardráttur. „Ég stóð á öndinni þegar ég kom upp á brekkubrúnina“. C. *Anddyri*; forstofa; inngangur í hús. Sjá *anddyri*.
- Öndun** (n, kvk) A. Andardráttur; neysla lífveru á súrefni. B. Loftrás t.d. að vél/brunahreyfli.
- Öndunarvegur** (n, kk) Loftrásin frá munni um barka niður í lungu.
- Öndvegi** (n, hk) A. Sæti húsráðanda, sem í skálum að fornu var staðsett gegnt dyrum/*anddyri* hússins. „Önd-“, merkir það sem er á móti; „vegur“ merkir leiðin inn í húsið. Öndvegið var mesti virðingarstaður hússins og því var sæti húsbónda gert eins veglegt og kostur var. Súlu við hlið þess voru gjarnan útskornar og nefndust öndvegissúlur. Líklega hafa þar í verið myndir og tákni þeirra guða sem húsbóndi tignaði. Mörg dæmi eru þess að landnámsmenn tækju þessar súlur með sér og létu þær jafnvel vísa sér til búsetu, sbr Ingólf Arnarson.

- Má vera að Kollur hafi verið að ávarpa súlur sínar þegar hann, að sögn Landnámu, blótaði Þór í sjávarháská. B. Almennt um virðingarstað. Sbr orðtakið að *setja (eitthvað) í öndvegi*.
- Öndvegis..** (forskeyti) Einstaklega góður; áhersluforskeyti með ýmsum nafnorðum. „Þetta er öndvegismatur“. „Hann var öndvegismaður í allri viðkynningu“.
- Öndvegisáhalð / Öndvegisverkfæri** (n, hk) Mjög gott/þéanlegt áhalð/verkfæri; vildarverkfæri.
- Öndvegisbátur / Öndvegisfleyta / Öndvegissjóskip** (n, kk/kvk/hk) Mjög góður bátur/ gott skip.
- Öndvegisfæða / Öndvegismatur** (n, kvk/kk) Mjög góður og hollur matur. „Bévítans gikkur geturðu verið; þessi hákarl er alveg öndvegisfæða“!
- Öndvegisgripur** (n, kk) Mjög þarfur/dýrmætur/mikilvægur gripur/hlutur. „Þessi haglabýssa er mikill öndvegisgripur, þó hún sé lítið notuð núorðið“.
- Öndvegismetall** (n, kk) Mjög góður drykkur. „Þetta er öndvegismetall þykir mér“.
- Öndvegisrit** (n, hk) Mjög gott ritverk.
- Öndvegisnáungi** (n, kk) *Sómamaður*; mikill ágætis karl. „Hann var mikill öndvegisnáungi blessaður“.
- Öndvegisskepna** (n, kvk) Kostagripur; efnisskepna. „Ég hef ekki átt meiri öndvegisskepnu en þennan hrút“.
- Öndvegissúla** (n, kvk) Öndvegissúlur voru tvær útskornar súlur sem stóðu sínhvorumegin við sæti húsráðanda í skálum fyrri tíðar, s.s. á landnámstíð. Sjá *öndvegi*.
- Öndvegisveðráttá** (n, kvk) Mjög gott veður/góð tíð. „Þetta er nú meiri öndvegisveðrattan, viku eftir viku“!
- Öndvegisþing** (n, hk) Þarfþing; mjög hentugur/góður hlutur. „Mikið öndvegisþing er þessi nýja vél“!
- Öndverður** (l) A. Sem er gagnstæður; mótsettur. „Hann var alveg á öndverðum meiddi við kerlinguna“. B. Upphaflegt; í byrjun. „Gróður virtist að koma mundi mjög snemma, en kuldakast á öndverðu vori dró þó mjög úr honum“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58). Sjá *í öndverðu*. C. Gagnstæður; á móti; andvígur. „Hann brást mjög öndverður við þessari tillögu, og sagði að þetta myndi aldrei geta gengið þannig til“.
- Öng** (n, kvk) Þrengsli. Sjaldan notað nútíldags nema í orðtakinu *í öngum sínum*.
- Öngla saman** (orðtak) *Nurla*; safna. „Mér tókst að öngla saman *slæðum* fyrir kálfana í þetta málið“.
- Öngla sér** (orðtak) Ná sér í; krækja í; fá. „Einversstaðar hefur maður önglað sér þessa pest“.
- Öngla (önglast) upp** (orðtak) Um aflabrögd; *slíta upp* einn og einn; *vera að*; *sarga upp*; fá fisk *annað veifið*; *særa upp*. „EKKI var hann viljugur yfir fallið, en samt önglaðist allta upp einn og einn“.
- Önglalat** (n, hk) Önglamót; öngulbeygja; áhalð til að rétta/laga öngla sem bognað hafa. Í einfaldasta formi er það lykka sem krókurinn er beygður í, stundum fest á *sprökukepp* eða *steinbítshnall*.
- Önglastokkur** (n, kk) *Lóðastokkur*; stokkur sem önglum á fiskilínu er raðað í; Tveir sívalir stautar og mjór spaði liggja samsíða en með millibili, og er kókunum raðað á stautana. *Lóðastokkur* var oft notað.
- Öngull** (n, kk) Krókur til fiskveiða, oftast úr járni, boginn og með agnhaldi stuttu frá hvössum oddi. Öngulleggurinn er hinumegin við buginn og á efri enda hans auga eða spaði, þar sem öngultaumnum er fest. Taumnum er fest í línu í hinn endann, sé hann ætlaður til línuveiða. Slíkir önglar eru vanalega beittir með girnilegri beitu, sem í dag er t.d. smokkfiskur eða síld. Sjá orðatiltækið *allt er betra en berir önglar*. Önglar til skakveiða eru í dag oft klæddir í litríka gúmmíbeitu og í öngulauga þeirra er sigurnagli til að taka af snúning.
- Öngulsár** (l) Óheppinn í veiðum; án veiði; *með öngulinn í rassinum*. „Dráttarmennirnir héldu áfram að þuma að fiskinum, en hinir skóku færi sín aumur og öngulsárir“ (GG; Skútuöldin).
- Öngultaumur** (n, kk) Taumur/þráður úr öngli í línu eða annan hluta veiðarfæris. „Öngultaumar voru heimagerðir; snúnir úr hampgarni með heimatilbúnum taumavindum“ (KJK; Kollsvíkurver). „Lóðastrengur var gerður úr tveimur þáttum franskrar línu, en franskar línur voru af þremur aðalþáttum. Þriðji þátturinn úr fransklínunni var rakinn niður í grenni þætti, og voru tveir slíkir snúnir saman í öngultauma“ (GG; Kollsvíkurver).
- Öngva ögn** (orðtak) Ekki neitt; alls ekki. „Ég held þú vitir öngva ögn um hvað þú ert að tala“! „Ég veit öngva ögn um þetta mál“.
- Öngvar** (ao) Engar. Þannig beyging tíðkaðist í Kollsvík fram á síðari hluta 20. aldar (t.d. alfarið hjá GG). „Ég hef öngvan grun um þetta“ „Heimamenn gjalda öngvan toll af því veri...“ (ÁM/PV; Jarðabók).
- Öngvanvegin / Á öngvan hátt** (ao/orðtak) Alls ekki; ekki á neinn hátt. „Það er öngvanvegin hægt að fullyrða neitt í þessu efni“. „Þú getur á öngvan hátt fullyrt neitt í þessum efnunum“.
- Öngvit** (n, hk) Ómegin; meðvitundarleysi.

Öngvitagjarnt (l) Gjarnt að falla í yfirið/verða *dolfallinn*; verða skelfingu lostinn/æpa. „Honum er örugglega ekki öngvitagjarnt fyrst hann kveinkaði sér ekki við þessa byltu“.

Öngvu að síður (orðtak) Engu að síður; samt; þrátt fyrir. „Sumarið var fremur óþurrkasamt, en öngu að síður náðum við þokkalegum heyskap“.

Öngvu bættari (orðtak) Ekki í betri stöðu. „Ég er öngvu bættari með svona bitlausan hníf en væri ég hníflaus“!

Öngvu lagi líkt (orðtak) Alls ekki rétt aðferð; furðulegt háttalag; gegnir furðu. „Nú er maður búinn að éta svo mikið að það er bara öngvu lagi líkt“.

Öngvu líkt (orðtak) Ekki líkt neinu; öðruvísi en allt annað. „Svona veðráttá er bara öngvu lík“.

Öngvum að trúá ekki er gott; öllum hálfu verra (orðatiltæki) Af tvennu illu er betra að vera tortrygginn en auðtrúa.

Öngvum er illt áskapað (orðatiltæki) Speki sem vísar til forlagatrúar/ þess að líf manna sé fyrirfram mótað við fæðingu; og þess að illska/mannvonska sé ekki neinum eðlislæg heldur sé hún áunnin/tileinkuð.

Öngþveiti (n, hk) Óreiða; ruglingur. „Það er útilokað að telja í réttinni í þessu öngþveiti“. „Taldi Ívar að... með sífellri sókn í veiðar hrognkelsi, gæti það ástand skapast að öngþveiti yrði á þessum miðum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Önn (n, kvk) A. Umhyggja; umönnun. Sjá *ala önn fyrir*. Ördstofninn er að „unna“; „annast“; „láta sér annt um“. B. Annríki; umsvif; starfi. T.d. vera *önnum kafinn*; önn í skóla; heyannir. Ördstofninn er sá sami og að „erja“; þ.e. vinna að uppskeru.

Önnum kafinn (orðtak) *Hefur* mikið að gera/ *mikið fyrir stafni*; hefur næg verkefni. „Hann var önnum kafinn við sláttinn“.

Önugheit / Önuglyndi (n, hk, fto) Ólund; fýla; slæmt skaplyndi; fúllyndi; ergelsi. „Mér er slétt sama um hans önugheit“!

Önuglega (ao) Öfugt; illa; slælega. „Mér fannst hálf önuglega að þessu staðið hjá þeim“.

Önuglegur (l) Umhendis; lélegur; illa viðeigandi. „Þetta er nú hálf önuglegur útbúnaður í svona verk“.

Önuglyndur (l) Sem oft þykir önugur.

Önugur (l) A. Um mann; fúll; með ólund; í slæmu skapi; argur. „Það er óþarfi að vera önugur við hann yfir þessu; hann *gerði sitt besta*“. B. Um verkefni; öfugsnúið; umhendis. „Mér finnst dálítið önuget að þurfa að draga strenginn undan straumi“.

Önuget (l) Öndvert; *umsnúið*. „Mér finnst það dálítið önuget að standa í þessu óþarfa vesensi“.

Ör (n, kvk) Píla; smáspjót sem skotið er af boga. Sjá *skera upp herör*.

Ör (n, hk) Þykkildi í húð þar sem sár hefur gróið.

Ör (l) A. Skjótur; fjörlegur; duglegur; bráður í skapi; *skiptir* fljótt *skapi*. B. Um fiskveiði; viljugur. „Fiskur var sæmilega ör, svo ekki var hugsað til landferðar. (ÖG; Þokuróður). „Þar kom brátt að fiskur gerðist mjög ör...“ (GG; Skútuöldin).

Ör á annars fé (orðtak) Gjafmildur á fjármuni annarra; lofar greiðslu frá öðrum.

Ör í lund/skapi (orðtak) *Skapbráður*; *uppstökkur*; *fljótillur*; *fyrting*.

Örbirgð (n, kvk) Mikil fátækt; það að eiga ekkert.

Örbirgðarbasl / Örbirgðarhokur (n, hk) Líf/búskapur/tilvera í fátækt.

Ördeyða (n, kvk) Enginn afli þar sem hans er allajafna von. „Það má heita algjör ördeyða þessa dagana“.

Örðuglega (ao) Með erfiðismonum; erfiðlega. „Það gekk örðuglega að finna baujuna“.

Örðugleikar (n, kk, fto) Erfiðleikar; tregða. „Einhverjir örðugleika hafa verið á þessu“.

Örðugur (l) Erfiður; tregur; torveldur. „Þetta gæti reynst okkur örðugur hjalli“.

Örðugt (l) Erfitt. „Það gæti orðið nokkuð örðugt að finna góða festu hér á brúninni“.

Öreigi (n, kk) Sá sem ekkert á; fátæklingur. Orðið er gamalt í málinu um eignalaust fólk, en fékk nýja merkingu í pólitík kommúnista, þar sem öreigar voru fórnarlömb kapitalista.

Örendi (n, hk) Úthald; geta. „Mér tókst að bíta sekknum hálfu leiðina áður en mig *þraut örendið*“.

Örendur (l) Andvana; dáinn; látinn; sem hættu er að anda.

Örfáir (l) Sárafáir; mjög fáir. „Við reyttum upp örfáa fiska yfir harðasta fallið“.

Örfljótur (l) Skotfljótur; mjög fljótur. „Ég ætla aðeins að skjótast; ég verð örfljótur“!

- Örfoka** (l) Um landsvæði; uppblásið; allur laus jarðvegur fokinn burt.
- Örgeðja** (l) Ör í skapi; uppstökkur; bráður. „Þeir fundu fljótt að hann var örgeðja og gengu á lagið“.
- Örgrannur** (l) Þráðmjór; mjög grannur. „Rennslið er ekki mikið í svona örgrönnu röri“.
- Örgrannt um** (orðtak) Grunlaust. „Mér er ekki örgrannt um að hér hafi orðið mistök“.
- Örgrunnur** (l) Mjög grunnur. „Sundið er örgrunnt um fjöru, og þá ekki fært“. „Mér er illa við að sigla svona örgrunnt með landinu“.
- Örk** (n, kvk) A. Stór kista. B. Skip Nóa, samkvæmt biblíufrásögn. C. Blað. Sbr pappírsörk.
- Örkuml** (n, hk) Limlestingar; skert hreyfigeta; örorka; mikið líkamslýti. „Það er skelfilegt að þurfa að búa við slíkt örkuml það sem eftir er“.
- Örkumla** (l) Haldinn örkumli/örorku.
- Örlla** (s) Gutla; votta fyrir hreyfingu á yfirborði sjávar. „Sunnan við sundið var launboði; þ.e. boði sem ekki örlaði á um fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Örlla á** (orðtak) *Bóla á*; sjást í; *móa fyrir*. „Eftir hlýindin sást örlla á hæstu holtum“.
- Örlagamyrkur** (n, hk) Niðdimmt/glórulaust myrkur. „Þarna inni var þvílíkt örlagamyrkur að maður sá ekki handa sinna skil“.
- Örlagavaldur** (n, kk) Sá sem breytir/ræður örlögum/framtíð einhvers.
- Örlagatrú** (n, kvk) *Forlagatrú*; trú á að mönnum séu sköpuð *örlög* um líf og dauða strax við fæðingu.
- Örlar ekki/varla á steini** (orðtak) Er ládautt/sjólaust/logn. „Það er ekki hægt að sitja í landi í svona *svartalogni*, þegar örlar ekki á steini“!
- Örlágt** (l) Um hljóð; mjög lágt; varla heyranlegt. „Útvarpið er svo örlágt stillt að ég heyri ekki fréttirnar“.
- Örlátur** (l) Gjafmildur; ósínkur. „Hann er vanalega ekki örlátur á hrósyrðin“.
- Örlúinn** (l) *Örþreyttur*; *kúguppgefinn*; *alveg af manni genginn*. „Ég var örlúinn eftir *plampið*“.
- Örlítill** (l) Mjög lítill; agnarlítill. „Mér finnst vera örlítill stærðarmunur á þeim“. „Örlítið er minni sjór núna“.
- Örlygshafnarbúi** (n, kk) Sá sem býr í Örlygshöfn. Hefð er fyrir endingu heita íbúa hinna ýmsu staða í Rauðasandshreppi. Þeir sem búa í Útvíkum eru víknmenn; á Rauðasandi búa Rauðsendingar; í innfirðinum fjarðamenn og í Örlygshöfn Örlygshafnarbúar. Barðstrendingar á Barðaströnd og Patreksfirðingar á Eyrum. Nánar tiltekið var talað um Kollsvíklinga; Breiðvíkinga; Látramenn; Hænvíklinga; Nesfólk; Tungumenn; Gilsfólk; Hnjótsfólk; Kvígindisdalsfólk; Skersfólk og Botnsmenn. „...meðan slátrun stóð yfir haust hvert gistu flestir í torfhúsi sem byggt hafði verið í því skyni og stóð rétt hjá sláturhúsinu; aðrir en Örlygshafnarbúar sem fóru hver heim til sín“ (PG; Veðmálið).
- Örlyndi** (n, hk) A. Gjafmildi; andstæða nisku. „Með þessu framlagi þótti hann sýna mikið örlyndi“ B. Brátt skap; fljóttillska. Heyrðist minna notað í þeirri merkingu vestra.
- Örlyndur** (l) Skapbráður; kvikur í skapferli; bráður. „Svona örlyndir menn þurfa að gæta sín á fundum“.
- Örlæti** (n, hk) Gjafmildi; það að vera örlátur. „Ég skildi ekkert í þessu örlæti í karlinum“.
- Örlög** (n, hk, fto) *Forlög*; það í lífi manns sem er fyrirfram ákveðið, t.d. af guðlegum/yfirnáttúrulegum öflum. Trúin er mjög gömul og virðist fléttast inn í öll trúarbrögð. Þannig voru t.d. örlög Krists óumflýjanleg samkvæmt Biblíunni. Í Grikklandi höfðu örlagagyðjurnar, Moirurnar, örlög manna í höndum sér; hjá Rómverjum nefndust þær *Parcae*. Í norrænni trú eru það skapanormirnar Urður, Verðandi og Skuld sem sitja við Urðarbrunn í Ásgarði, og spinna mönnum og ásum örlagaþræði. Sumir þóttust glöggir á að sjá örlög manna fyrir, t.d. spámenn, stjörnuspekingar og þeir sem *berdreymnir/draumspakir* eru. Sjá *feigur*; *forlagatrú*: *örlagatrú*; *skapadægur*; *enginn fær flúið sitt skapadægur*; *enginn má sköpum renna*; *skipta sköpum*.
- Örmagna** (l) *Protinn að kröftum*; orðinn máttlaus; *sprunginn*; *alveg búinn*; *lémagna*. „Ég var gjörsamlega örmagna eftir öll þessi hlaup“.
- Örmagnast** (s) Verða *protinn að kröftum*; *að niðurlotum kominn*; *springa*.
- Örmjór** (l) *Þráðmjór*; *þvengmjór*. „Músin hefur varla komist inn í gegnum rörið; það er svo örmjótt“.
- Örn** (n, kk) A. Tegund fugla; t.d. *haförn*. B. Mannsnafn. Munnmæli segja að Arnarboði heiti í höfuð stýrimanns Kolls landnámsmanns; þess sem bar ábyrgð á strandinu. Hafa þarf þó í huga að á skipum þeirra tíma var stýrimaður æðsti skipstjórnandi um borð, enda heitið „skipstjóri“ þá ekki til. Því má velta því fyrir sér hvort landnámsmaður Kollsvíkur hafi í raun heitið Örn. Hann hafi nefnt landnám sitt Kollsvík vegna fjallstins Núps sem er einkennandi fyrir hana. Sjálfur hafi hann fengið nafnið Örn Kollur, en títt var í þá daga

að kenna menn við staði sína. Þegar Landnáma var skrifuð 300 árum síðar, af ókunnugum manni í órafjarlægð, var einungis viðurnefnið fest á blað.

Örnefnafróður (l) Staðkunnugur; þekkir vel til örnefna. „Engan veit ég örnefnafróðari í Rauðasandshreppi á seinni tímum en Marínó Kristjánsson í Efri-Tungu. Hann gat þulið örnefni á flestum jörðum í Rauðasandshreppi, niður í smáatriði, og kunnir uppruna fjölmargra þeirra. Ekki nóg með það, heldur þekkti hann *urmul* örnefna í allri Barðastrandasýslu; sumpart vegna langrar reynslu af vegagerð víða“ (VÖ).

Örnefnaþekking (n, kvk) Þekking á örnefnum og sögnum sem þeim tengjast. „Örnefnaþekking hefur lengi verið á hröðu undanhaldi á Íslandi. Hrun í þeim menningargeira hófst fyrir alvöru með hruni byggða eftir miðja 19. öld og eyðingin stendur enn yfir. Þegar jörð fer úr ábúð eða skiptist algerlega um ábúendur er hætt á að tapist örnefni sem staður hefur haft, jafnvel frá upphafi byggðar. Ekki nóg með það; heldur tapast einnig sagnir sem staðnum tengjast, en þær eru mikilvægur hluti af menningararfleifð þjóðarinnar. Margar jarðir í Rauðasandshreppi hafa mætt þessum örlögum, og fjölgar sífellt. Mikilvæg brjóstvörn í þessu stríði er sú örnefnasöfnun sem þegar hefur farið fram á vegum Örnefnastofnunar og viðleitni heimamanna sem hafa taugar til sinna ættjarða. En jafnvel þó örnefni séu skráð er mikil hætt á ruglingi í staðsetningum. Ný tækni í kortagerð, loftmyndum og rafrænum staðsetningum býður upp á stóraukið öryggi í þessum efnum. Nú skortir einkum skilning stjórnvalda á þeirri hættu sem er á ferð; að hafin verði markvisst björgunarstarf við söfnun; korsetningu og vernd örnefna og miðlun örnefnaþekkingar. Það starf er í gangi í Kollsvík“ (VÖ)

Örnefni (n, hk) Nafn á stað í landslagi. Í þrengstu skilgreiningu er örnefni einungis það nafn sem staðurinn hefur haft „svo lengi sem elstu menn muna“, en í vaxandi mæli er farið að flokka þar með þau heiti sem staðir fá, sem sannanlega hafa ekki borið nafn áður. „Ég skal segja þér til örnefna og atvika sem rifjast upp á þessum leiðum“ (IG; Sagt til vegar I)

Örnefnaauðugt (l) Ríkt af örnefnum; mikið um örnefni. „Land þetta, sem er allvíðlent, er ekki mjög örnefnaauðugt“ (Magnfríður Ívarsd. Örnefni undir Skörðum)

Örnæli (n, hk) Litill fiskur; kóð. „Ég held við förum nú að kippa; hér fæst ekkert nema einstaka örnæli“.

Örnæliskóð / Örnælistittur / Örnælisseydi (n, kk/hk) Örsmár fiskur; *smákóð*. „Nú kippum við! Ég nenni ekki lengur að hanga á þessu og tína svona örnæliskóð af hverjum krók“!

Örorka (n, kvk) Nýlegt orð yfir það sem fyrr var nefnt fötlun eða *örkuml*.

Öróf (n, hk) Sjá *frá örófi alda*.

Örreytiskot (n, hk) *Reytingskot*; mjög rýr og lítil bújörð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Merkir í raun mjög landlitla jörð þar sem lítið er hægt að reyta í vetrarfóður.

Örsjaldan (l) Mjög sjaldan; afar fátítt. „Það kom örsjaldan fyrir í seinni tíð, að ekki greri uppúr sandsköflum á Láganúpstúni yfir sumarið“.

Örskammur / Örstuttur (l) Mjög stuttur. „Við hlóðum bátinn á örskömmum tíma“. „Þetta er bara örskammur spölu“. „Þarna í ganginum er slöður á östuttum kafla þar sem fara þarf mjög varlega“.

Örskot / Örskotsfjarlægð / Örskotshelgi (n, hk/kvk) Örskot og örskotsfjarlægð er notað um stutta vegalengd en merkir í raun þá vegalengd sem góð bogskytta getur skotið ör af boga. Örskotshelgi merkir það sama en á sér lagalegar stoðir. Maður sem samkvæmt lögum fyrri tíma hafði gerst sekur og verið dæmdur í útleið mátti dvelja á landareign sinni, en var rétturður í örskotshelgi innan landamerkjanna. Þannig var um sakamanninn Örn sem bjó að Vælugerði (nú Þingdal) í Flóa. Hann var veginn af Þormóði Þjóstarssyni þegar hann rak naut sín til beitar. Stóð Þormóður þá á Skotmannshól, þar sem eru landamerki. Höfundur þessa orðasafns fékk Bergstein Gissurarson fræðimann til að skjóta af hornboga af hólnum. Náði hann góðu skoti, en þó ekki því sem sagt er að örskotshelgi væri; eða 240 faðmar; um 400 metrar. Í Grágásarlögum segir að þá sem ekki megi grafa í kirkjugarði megi ekki heldur grafa nær kirkju eða bæ en sem nemur örskotshelgi frá kirkjugarði/tungarði. Þá er sá friðhelgur innan örskotshelgi sem er á leið til skips eftir að hann hefur verið dæmdur í *fjörbaugsgarð*.

Örskotssprettur (n, kk) Mjög fljótlegur sprettur; mjög hratt hlaup. „Hann hljóp fyrir ána á örskotsspretti“.

Örskotsspölu (n, kk) Stutt/fljótfarin vegalengd. „Ég verð fljótur; þetta er bara örskotsspöl hér frá“.

Örskotsstund (n, kvk) Mjög stuttur tími. „Ég þarf að skreppa frá í örskotsstund“.

Örsmátt (l) Örlítið; agnarsmátt. „Gættu þess að tína ekki þessum örsmáu skrufum“.

Örsnauður (l) *Bláfátækur*; eignalaus.

Örsnögg (l) Mjög snögg; leiftursnögg. „Afi tók vængbrotna fuglinn og kippti honum úr hálsliðnum með örsnögg átaki; sagði um leið að þetta hafi verið eina leiðin til að stytta kvalastríð hans“.

Örstund / Örstutt stund (n, kvk/ orðtak) Mjög stuttur tími; augnablik; smástund.

- Örstuttur** (l) Mjög stuttur; stubbur. „Örstutt var milli múkkahreiddursins og máfshreiddursins, en þar á milli virtist gilda strangt vopnahlé“.
- Örtröð** (n, kvk) Troðningur; mikil þrengsli. „Ég var feginn að sleppa úr þeirri örtröð sem þarna var“.
- Örtugur** (n, kk) Þyngdareing fyrir á tíð. Á tímabilinu frá 1300 til 1618 jafngilti örtugur tæpum 9 grömmum, en 10grömmum eftir það. Þrír örtugir voru í eyri; 25 í mörk og 50 í pundi.
- Örugglega** (ao) Tryggilega; með vissu. „Þetta er örugglega orðin næg festa“.
- Öruggur** (l) Tryggur; heldur; áreiðanlegur. „Heldurðu að þetta sé örugg festa“?
- Örva** (s) Hvetja; glæða; espa; hressa. „Kaffið örvar hugsunina“.
- Örvarboð** (n, hk) Herör; boð sem sent er milli bæja, ásamt ör. Örvarboð er eitt elsta form boðsendinga milli manna sem vitað er um. Frá grárrí forneskju tíðkaðist það meðal evrópskra þjóðflokka að höfðingi sendi boð „réttu boðleið“ milli bæja til að kalla saman fund eða dóm eða boða menn til stríðs. Boðið var skorið á örvarlegg eða ritað á blað/bókfell sem vafið var um örvarlegginn. Svipaður siður tíðkaðist með *þingboðsaxir*, sem m.a. voru notaðar á Íslandi framá 19.öld. Í gömlum lögbókum eru miklir og strangir bálkar um meðferð slíkra boða. Sjá *þingboð*, *þingboðsöxi*; *skera upp herör* og *rétt boðleið*.
- Örvasa** (l) Útslitinn; þrotinn að kröftum. „Vasa“ er líklega af sama stofni og „vasast“ og „vera“.
- Örvasa gamalmenni** (orðtak) Gamall einstaklingur sem orðinn er ófær til vinnu eða hreyfinga.
- Örvera** (n, kvk) Lífvera sem er svo smá að hún sést ekki án stækkunartækja.
- Örverpi** (n, hk) Upprunaleg merking er vanskapað fuglseggr sem er mikið minna en önnur. Einnig notað um óvanalega lítil dýr og sem gæluorð um lítil börn eða yngsta barn í systkinahópi. „Þetta er örverpið mitt“.
- Örvhentur** (l) Sem notar allajafna vinstri höndina fremur en þá hægri við vinnu/nákvæmnisverk; andstætt við *rétthentur*. Ásgeir Blöndal telur orðið runnið af gotneska orðinu „uzwandjan“ sem merkir að „snúa undan“. Líklega er þó nærtækara að það vísi í að sá örvhenti notar vinstri höndina til að leggja ör á streng og spenna boga. Á fyrri tímum þekktust örvhentir á því að þeir báru örvahylkið sér við vinstri hlið.
- Örvinglaður** (l) Ráðþrota; ráðvilltur; búinn að missa móðinn. „Skelfing hljóta menn að vera orðnir örvinglaðir þegar þeir grípa til svona úrræða“.
- Örvinglun** (n, kvk) Sturlun; ráðvilla. „Það greip kindana einhver örvinglun og hún setti sig bara beint framaf“. Sumstaðar er stafsetningin örvilnun, og kann það að vera upprunalegra; þ.e. að „hafa engan vilja“.
- Örvænt** (l) Útséð; útilokað. „Það er nú ekki alveg örvænt ennþá um að þessar kindur muni heimtast“.
- Örvænta** (s) Verða örvæntingarfullur; fyllast vonleysi.
- Örvænting** (n, kvk) Vonleysi; örvinglun; það að gefa upp alla von. „Í örvæntingu sinni íhugaði hann að grípa til *örþrifaráða*“.
- Örvæntingarfullur** (l) Fullur örvæntingar; svartsýnn; vonlaus.
- Öryggi** (n, hk) Trygging; það að vera hólpin/öruggur. „Mér fannst heilmikið öryggi að því að hafa spottann, þó ég þyrfti ekki að nota hann“.
- Öryggisatriði** (n, hk) Það sem lýtur að öryggi.
- Öryggislaus** (l) Sem ekki býr við öryggi; hræddur um sig.
- Öryggisleysi** (n, hk) Það að búa ekki við öryggi. „Sumum kann að finnast það öryggisleysi í dag, að búa svo langt frá þeirri þjónustu sem nú telst nauðsynleg“.
- Öryrki** (n, kk) Fötluð manneskja; örkumlamaður.
- Örþreyttur** (l) Útkeyrður; alveg búinn; farinn að kröftum. „Þegar karlarnir komu heim að Hvallátrum um kvöldið voru þeir allir hundblautir og örþreyttir“ (Hrafnkell Þórðarson; Útkall við Látrabjarg).
- Örþrifaráð** (n, hk) Síðasta úrræði; óyndisúrræði; úrræði sem stundum hefur slæmar afleiðingar. Merkir bókstaflega það úrræði sem menn grípa/þrifa þegar ekkert annað er í boði. „Þetta var örþrifaráð, en það dugði“.
- Örþrot** (n, hk) Örbirgð; algjör fátækt.
- Örþrota** (l) Sem hefur engin úrræði. „Ekki var óalgengt í hallærum fyrr á tíð að örþrota fólk úr öðrum byggðum leggði leið sína í verin til að leita lífsbjargar“.
- Örþröngur** (l) Mjög þröngur. „Sumir strákarnir gátu skriðið gegnum *örþröngt* opið í jötuendanum“.
- Örþunnur** (l) Mjög þunnur.
- Örþyrstur** (l) Mjög þyrstur; að drepast úr þorsta. „Réttu mér nú kútinn; ég er orðinn örþyrstur“.

- Öræfi** (n, hk, fto) Gróðursnautt/líflaust landsvæði. „Fjandann eru þessar kindur að þvælast hér uppi á öræfum“?! Bókstafleg merking er „ör-hæfi“, þ.e. land sem ekkert hefur.
- Ös** (n, kvk) Þyrping; þéttur hópur; læti í hópi. Stofnskylt „asi“.
- Öskra** (s) Æpa; orga; grenja hátt. „Ég heyrði ekkert hvað hann var að öskra þarna hinumegin í dalnum“.
- Öskrandi brim** (orðtak) *Hávaðabrim*; Mikill stórsjór. „Hann er búinn að rífa upp öskrandi norðanbrim“.
- Öskrandi grunn** (orðtak) Grunnsævi; boði. „Við þurfum að kippa aðeins frá; okkur hefur rekið hér uppá öskrandi grunn“.
- Öskrandi rok / Öskrandi hávaðarok / Öskrandi stormur** (orðtak) Aftakarok, einkum þegar því fylgir mikill hávaði af vindgnaudi og brimgný.
- Öskubakki** (n, kk) Ílát sem til skamms tíma þótti ómissandi á hverju heimili, meðan reykingar voru almennari en nú er. „Pabbi var búinn að brjóta nokkra öskubakka við það að slá úr pípu sinni, þegar honum hugkvæmdist að sækja sér öflugan *holustein* utanaf Hnífaflögu. Hann dugði áratugum saman“.
- Öskubylur** (n, kk) Mikill og dimmur skafmoldarbylur. „Það skall yfir *þreifandi sötöskubylur*“.
- Öskudagur** (n, kk) Miðvikudagur í 7. viku fyrir páska; fyrsti dagur lönguföstu/sjöviknaföstu. Venja var í Kollsvík sem annarsstaðar að börn saumuðu litla öskupoka með krók úr tituprjóni; létu í þá örlítið af ösku eða smásteinum og nældu á aðra þannig að þeir yrðu þess ekki varir. Áðurfyrr var þetta siður ungstúlkna sem höfðu hug á mannsefni. Markmiðið var að sá sem öskupoka fékk bæri hann yfir þröskuld, en þá taldist hann nokkuð bundinn þeirri sem pokann átti. Þetta á rætur í ævafornum siðum. Askan var táknið ídrunar. Á miðöldum var pálmaviðargreinum frá árinu áður brennt og askan notuð við athafnir í upphafi föstunnar.
- Öskudagsbræður** (n, kk, fto) Öskudagur var einn þeirra merkisdaga sem mörkuðu veðrabreytingar samkvæmt gamalli trú. „Sjálfsagt þótti að festa sér vel í minni veðurlag og veðrabreytingu á öskudaginn, þar sem talið var að hann ætti 18 bræður; þ.e. 18 eins daga yfir föstuna.“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).
- Öskubylur / Öskuél** (n, hk) Kóf; él með fingerðri snjókomu, líkt og öskufall. „Það gerði á okkur öskuél“. Sjá *blindöskubylur*.
- Öskufall** (n, hk) Fall ösku frá eldgosi. „Öskufall er mjög sjaldgæft á Vestfjörðum“.
- Öskugrár** (l) Grár að lit, eins og aska.
- Öskuhaugur / Öskuhóll** (n, kk) Sorphaugur bæjar, þar sem ösku hefur m.a. verið kastað. „Öskuhaugar gamalla bæja geyma e.t.v. heillegustu og réttustu sögu viðkomandi byggðar“.
- Öskuhólf / Öskustó** (n, hk/kvk) Hólf eldavélar, sem aska fellur í við bruna. Staður þar sem ösku er safnað, „Það þyrfti að fara að tæma öskuhólfið“. Sagt er að sá sé settur í öskustóna sem er afskiptur.
- Öskupoki** (n, kk) Poki sem að gömlum sið er hengdur á manneskju á öskudegi. Sjá *öskudagur*.
- Öskur** (n, hk) Org; hávært hljóð sem manneskja eða dýr gefur frá sér; baul.
- Öskurapi** (n, kk) A. Ættkvísl apa í Brasilíu. B. Líkingamál um manneskju sem öskrar.
- Öskureiður / Öskuvondur** (l) Mjög reiður. „Karlinn var öskuvondur yfir þessu uppátæki“.
- Öskuryk / Öskusalli** (n, hk/kk) Fíngerð aska.
- Öskupreifandi bylur** (orðtak) Blindbylur; blint kóf. „Við þurftum að stoppa þegar hann gerði öskupreifandi byl, svo ekkert sá útúr augum“.
- Ösla** (s) Vaða. „Ég öslaði út í bátinn og vatt mér um borð“.
- Ötull** (l) Duglegur. „Hann er ötull talsmaður þess að drifið verði í þessu“.
- Ötlunarverk** (n, hk) Viljaverk; það sem gert er vísvitandi. „Ég held að þetta hafi nú ekki verið ötlunarverk hjá honum; hann sagði að þú hefðir gengið fyrir hornið þegar hann skvetti úr koppnum“.
- Ötullega** (ao) Af dugnaði/einurð. „Hann vann ötullega að þessu verkefni í áraraðir“.
- Öxi** (n, kvk) Áhald sem notað hefur verið af mannkyni um milljónir ára. Að grunngerð er öxi haus með skerptu blaði, eða axarhaus, sem fest er á skaft til að auka slagkraft. Á steinöld var axarhausinn úr steini; á bronsöld úr bronsi, en í dag er hann úr hörðum málm. Gat er í hann fyrir skaftið; hvöss egg er ödrumegin og axarskalli hinumegin. Til eru margar gerðir og stærðir af öxum; bolöxi, viðaröxi, tálguöxi, bjúgöxi, saxbíla, blegða, ísöxi, klifuröxi og *skaröxi*. Fer gerðin eftir notagildinu; t.d. hvort öxina skal nýta til að fella tré; hola trjából; forma og slétta tré; búa til spor eða sæti; höggva menn í orrustu; hálshöggva mann eða skepnu; höggva vök í ís eða klifra í síluðum klettum. Beygingin á orðinu öxi hefur vafist fyrir mörgum; ekki síst langskólagentnu fólki nú á dögum. Í eintölu fallbeygist orðið þannig: öxi – exi – exi – axar.

Staða orðasafns 21.10.2018:

Yfir 49.000 orð og orðasambönd samtals; þar af yfir 4.800 orð sem ekki virðast eiga fordæmi í ritmálssafni Orðabókar HI; og að auki fjölmörg sjaldgæf orð sem eiga fá fordæmi í ritmálssafni Orðabókar HI

Ekki hefur enn verið gerður samanburður við talmálssafn OHÍ - Orðaskrá þessi er enn í vinnslu.

Heimildir

Orð og orðtök eru jöfnum höndum fengin úr reynslu og upplifun skrásetjara og úr tiltækum rituðum heimildum. Leitast hefur verið við að vitna í það fólk sem bjó á svæðinu og/eda tamdi sér málfar þar. Ýmis fróðleikur kemur frá þeim, en einnig öðrum heimildum. Getið er heimilda þar sem tilvitnir eru orðréttar. Aðrar setningar eru skáldaðar af skrásetjara.

Rit og aðrar heimildir:

Að hugsa til sín tófunu. Frás. Ásgeirs Erlendssonar; Þorleifur Bj. ritaði: lesb. Þjóðv. 1968
Að vaka og vinna. Ýmislegt af Hænuvíkurhjónum Ólafu Magnúsdóttur og Sigurbirni Guðjónssyni. Útg 2015.
Atli; eður ráðagjörðir yngismanns um búnað sinn. Séra Björn Halldórsson ritaði 1780; útg 1983.
Ágrip af æviferli Ólafs Tómasar Guðbjartssonar, skráð af honum sjálfum. Kolvíg útgáfa 2010.
Árbækur Barðastrandasýslu: Ýmsir höfundar.
Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. 9.árg. 1964; Ævisaga Hallbjörns Oddssonar.
Barðstrendingabók. Ritstj. Kristján Jónsson: Ýmsir höfundar. Útg. 1942.
Bónorðsförin. Kvæði ort af ÖG og DÓ vegna þorrablóts í Fagrahvammi um 1970.
Brimlending í Kollsvík. Grein Þórðar Jónssonar í Sjómannaþinginu í Víkingi 1957.
Einn á báti og illhvelið nærri. Höfundur Valdimar Össurason (eldri). Útg. 1955.
Fiskiróður. Össur Guðbjartsson, Láganúpi. Handrit.
Fjallskilareglugerð V-Barðastrandasýslu 1982.
Fjaran. Hilmar Össurason; lýsing fjörunnar í Láganúps- og Kollsvíkurlandi; handrit 2016.
Forðagæslubækur Rauðasands 1919-1958.
Fólkið, landið og sjórinn. Ritstjóri Birgir Þórisson. Útg; Útgáfufél. Búnaðarsamb. Vestfjarða 2011.
Frá Rauðasandi til Rússía. Höfundur Kristinn Guðmundsson frá Króki. Útg. 1974.
Frá ystu nesjum. Sagnasafn Gils Guðmundssonar; 2. útg. 1980.
Frásagnir af Einari Jónssyni í Kollsvík. Heimildarmenn Helga Einarisdóttir; Guðm. Jónsson og Trausti Ólafsson.
Frostgígur og myndun þeirra. Höfundur/kenningasmiður Valdimar Össurason frá Kollsvík; birt 2015.
Gerðabækur og sjóðbækur Rauðasandshrepps.
Glefsaf og minningabrot úr förum Össurar Guðbjartssonar á Láganúpi. Handrit, skrifað 1980-1999.
Grasnytjar. Höfundur séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal; Ritað 1781; Útg; 1983.
Guðshús í Barðastrandasýslu. Höfundur Lýður B. Björnsson. Samantekt á interenetinu.
Harðsótt heimferð í jólafrí (1944). Össur Guðbjartsson. Handrit.
Hákarlaskip í Rauðasandshreppi. Egill Ólafsson tók saman. Birt á vef MEÓH.
Hálfrættir í Kollsvíkurverri. Frásögn Guðm. Jóns Hákonarsonar; EÓ tók upp; Árb Barð 2004.
Í Kollsvíkurverri. Þorleifur Bjarnason ritaði. Blaðgrein í lesbók Þjóðviljans 1968.
Ísland. Kvæði eftir Valdimar Össurason eldri frá Kollsvík. Líklega um 1930.
Íslenskir þjóðhættir; Jónas Jónasson frá Hrafnagili; 4.útg; Opna 2010.
Íslenskir sjávarhættir. Safnað af Kristjáni Lúðvíkssyni. Útg. 1980-1986
Íslenskt orðtakasafn. Halldór Halldórsson prófessor ritaði. Útg. 1980
Jarðfræði; saga bergs og lands. Þorleifur Einarsson. Útg 1968.
Jarðamatsbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Útg. 1983
Jóna Valgerður Jónsdóttir; nokkrir æviþættir; óbirt handrit Jónínu Hafsteinsdóttur.
Jónsbók; lögbók Íslendinga. Rituð á 13. öld.
Kollsvíkurmót 2002. Óútgefin minningarbrot Guðbjartar Össurasonar.
Kollsvíkurver. Frás. Guðbjartar Guðbjartssonar. Egill Ólafsson t. saman. Birt á vef MEÓH.
Kollsvíkurver. Kristján Júlíus Kristjánsson. Ritgerð Kristjáns Friðgeirssonar um 1970.
Kollsvíkurætt. Skrásett af Trausta Ólafssyni. Útg. 1960.
Landamerkjabók Barðastrandasýslu. Byggð á ýmsum heimildum og skjölum; misgömlum.
Landnámabók. Ari fróði ritaði. Útg. Íslendingasagnaútgáfan 1949.
Látrabjarg. Skrásett af Magnúsi Gestssyni. Útg. 1971.
Ljós við Látraröst. Minningar Ásgeirs Erlendssonar. Einar Guðmundsson skráði. Útg. 1999.
Lóðir í Kollsvíkurverri. Guðbjartar Guðbjartsson Láganúpi.
Mannskaðinn í Kollsvík árið 1856; frásögn Sturlu Einarssonar, skráð af Össuri Guðbjartssyni
Minningargrein um Andrés Karlsson eftir Hinrik Bjarnason 1980.
Minningargrein um Andrés Karlsson eftir Össur Guðbjartsson 1980.
Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi. Ritst. af afkomendum. Útg. 1989.
Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar; safn 148 sjaldgæfra orða; e.t.v..skráð um 1970-80 (skýr;VÖ)
Róið úr Kollsvíkurverri 1914 og 1923. Lýsing Kristjáns Ólafssonar; Árbók Barð, 2016.
Rósarímur; höfundur Jón Rafnsson; útg 1965.
Saga daganna. Árni Björnsson. Útg. 1980.
Sagt til vegar. Ingvar Guðbjartsson, Kollsvík. Handrit.

Samvinnumál Rauðasandshrepps 40 ára 1948; Ívar Lárusson; Árb.Barð 1949.
 Sargon strandið; Þórður Jónsson á Látrum; Árb.Barð 1949.
 Sighvatsstóð. Össur Guðbjartsson, Láganúpi. Handrit.
 Síðasta undirbjargferð frá Kollsvík. Höfundur Torfi Össurarson, 1993.
 Sjósókn og sjávarfang. Jón Þ. Þór 2002.
 Skinnklæðagerð. Egill Ólafsson tók saman. Birt á vef MEÓH.
 Skipsströnd í Rauðasandshreppi. VÖ tók saman úr samnefndri skrá EÓ og fleiri heimildum.
 Skútuöldin. Gils Guðmundsson tók saman. Útg 1946.
 Slysavarnadeildin Bræðrabandið. Össur Guðbjartsson tók saman. Hdr um 1990.
 Smiður í fjórum löndum. Höfundur Finnur Ó. Thorlacius. Útg. 1961.
 Sonur bjargs og báru; saga Jóns Guðmundssonar frá Hvallátrum; Guðm. G. Hagalín 1968
 Sóknarlýsingar Vestfjarða, útg 1952; Sauðlauksdalsprestakall; séra Gísli Ólafsson 1840
 Stöðvaðir af kafbát. Frásögn SÖ í Þjóðviljagrein 1941.
 Sýslulýsingar 1744-1749. Sögufélagið bjó til prentunar. Útg 1657.
 Trýnaveður; frásögn í „Því gleymi ég aldrei“; Jochum Eggertsson
 Ungmennafjölög í Rauðasandshreppi; samantekt VÖe, handrit 1927, og ES, handrit. 1927
 Úr verbúðum í viking. Minningar Ólafs Guðmundssonar frá Breiðuvík
 Úr vesturbbyggðum Barðastrandasýslu. MG safnaði og ritaði eftir ýmsum heimildum; Skuggsjá 1973.
 Vakandi æska. Ritgerð Einars Guðbjartssonar Láganúpi, í handriti þar. Líklega rituð 1930-1940.
 Veðmálið. Frásögn Páls Guðbjartssonar af atburðum 1946; skrásett í febrúar 2003.
 Vermannaleikir. Pétur Jónsson tók saman. Byggðasafn Húnavetninga og Stranda, Reykjum, 2003.
 Verslunarsamtök um Rauðasandshrepp. Grein í Vísi eftir Sigurbjörn Guðjónsson 1967.
 Verstöðin Kollsvík. Nokkrar greinar í Sunnudagsblaði Þjóðviljans 1964; viðtöl JB við Kollsvíklinga.
 Vélvæðing í Rauðasandshreppi. Samantekt Ara Ívarssonar í Árbók Barðastrandasýslu 2012.
 Viðtal við Arinbjörn Guðbjartsson í Vísi 1968
 Viðtal við Hilmar Össurarson í DV 2000.
 Viðtal við Össur Guðbjartsson í Mbl. 1983.
 Viðtal við Össur Guðbjartsson í Tímanum 1969.
 Vísur úr Kollsvík, eftir Jónínu H. Jónsdóttur; handrit kringum 1990.
 Vornótt og hrap í Látrabjargi. Frás. Kristjáns J Kristjáns; Þórl. Bj. ritaði;lesb. Þjóðv. 1968
 Wrecksite. eu; vefsíða um skipsströnd viðsvegar um heim
 Yfirlit sjóslysa í Rauðasandshreppi eftir 1750. Trausti Ólafsson skrásetti; Árb.Barð. 2003
 Yfirlit um fuglalíf í Kollsvík, Einar T. Guðbjartsson. Ófullgert handrit 1938.
 Þakkargrein Arna Árnasonar í Ísafold 1913.
 Þjóðhættir og Þjóðtrú. ÞT skráði eftir Sigurði Þorsteinssyni frá Brunnhól A-Skaft.
 Þjóðsögur Jóns Árnasonar (Þjs JÁ) Útg. 1862.
 Þokuróður fyrir 44 árum. Össur Guðbjartsson; grein í jölablaði Víkings, 1953.
 Æskuminningar Ingvars Guðbjartssonar. Ritað af honum á efri árum.
 Örnefnaskrár Láganúps og Kollsvíkur. Örnefnastofnun safnaði. Útg. 1979.
 Einnig 27 ritgerðir Sigríðar Guðbjartsdóttur til Þjóðháttaeildar Þjóðminjasafnsins 1968-2012
 um ýmsa þætti þjóðhátta í Kollsvík og á Rauðasandi.

Heimildarmenn, tilvitnanir:

AÍ Ari Ívarsson. Uppalinn á Melanesi á Rauðasandi; ýtustjóri og vegaverkstjóri á Patreksfirði.
 AK Andrés Karlsson. Uppalinn á Stekkjarmel; sjómaður í Kollsvíkurveru og á Patreksfirði.
 AÞ Ari fróði Þorgilsson. Höfundur Landnámabókar.
 AE Ásgeir Erlendsson. Bóndi á Hvallátrum og ólst þar upp. Vitavörður og grenjaskytta.
 AH Árni Helgason. Uppalinn í Tröð. Bóndi í Neðri-Tungu. Síðast á Patreksfirði
 AM/PV Árni Magnússon og Páll Vídalín. Höfundar Jarðamatsbókarinnar.
 AÓ Ásbjörn Ólafsson. Bóndi í Skápadal og síðar smiður á Patreksfirði.
 AS Aðalsteinn Sveinsson. Bóndi í Breiðavík og síðan trillukarl á Patreksfirði. f.1902-d.1979.
 BÍ Bergþór Ívarsson. Uppalinn í Kirkjuhvammi á Rauðasandi.
 BH Björn Halldórsson. Prestur og vísindamaður í Sauðlauksdal 1749-1768.
 BS Bergsveinn Skúlason. Bóndi og fræðimaður í Breiðafirði.
 BÞ Birgir Þórisson. Sagnfræðingur; ólst upp á Hvalskeri.
 BÞv Búi Þorvaldsson. Uppalinn í Sauðlauksdal.
 DE Daniel Eggertsson. Bóndi á Hvallátrum og ólst þar upp. Mikill bjargmaður m.m.
 DÓ Dagbjörg Ólafsdóttir. Húsfreyja í Hænuvík og ólst þar upp. F 1924.
 EG Einar Guðbjartsson. Uppalinn í Kollsvík og var þar um tíma. Bjó síðast í Borgarnesi.
 EÓ Egill Ólafsson. Bóndi á Hnjóti og ólst þar upp. Minjasafnari og fræðimaður.
 ES Eyjólfur Sveinsson. Bóndi á Lambavatni og uppalinn þar. Barnakennari.
 FG Fríða Guðbjartsdóttir frá Láganúpi, síðar húsfreyja í Kvíngindisdal.
 GAMG Guðrún A.M. Guðbjartsdóttir frá Láganúpi, síðar húsfreyja í Reykjavík.
 GG Guðbjartur Guðbjartsson (1879-1970). Bóndi og sjómaður á Láganúpi og uppalinn þar. Notaði það málfar og þann framburð sem lengi hafði tíðkast, og var manna gleggstur á fé, veður, sjólag o.fl.
 GGr Guðrún Grímsdóttir. Uppalinn á Grundum. Húsfreyja í Borgarnesi og víðar.
 GJ Guðmundur Jónsson. Sonarsonur Einars Jónssonar í Kollsvík, síðar í Tungu.

GJH Guðmundur Jón Hákonarson. Bóndi og kaupfélagsstj. á Hnjóti; reri um tíma í Kollsvíkurveri og víðar.
 GiG Gils Guðmundsson. Rihöfundur og alþingismaður 1914-2005
 GÍÓI Séra Gísli Ólafsson, prestur í Sauðlauksdal 1820-1852
 GÖ Guðbjartur Össurarson. Uppalinn á Láganúpi; býr nú á Hornafirði.
 GnÖ Gunnar Össurarson. Uppalinn á Láganúpi og í Dýrafirði. Búsettur víða.
 HB Hinrik Bjarnason. Kennari og fjölmiðlamaður.
 HE Hafliði Eyjólfsson. Bóndi og formaður í Svefneyjum.
 HeE Helga Einarsdóttir. Fósturdóttir Einars Jónssonar í Kollsvík, síðar í Vatnsdal.
 HFG Henrietta Friða Guðbjartsdóttir. Uppalinn á Láganúpi; húsfreyja í Kvigindisdal.
 HH Halldór Halldórsson prófessor í Íslenskum málvísindum.
 HIH Hafliði Halldórsson, bóndi í Keflavík, á Hvallátrum og síðast smiður á Patreksf. f.1899-d.1987
 HK Halldóra Kristjánsdóttir. Uppalinn á Grundum; húsfreyja á Lambavatni og síðast Patr. f.
 HM Hildur Magnúsdóttir. Húsmóðir á Láganúpi og eiginkona GG.
 HO Hallbjörn Eðvarð Oddsson. Bóndi á Bakka Tálknafirði; reri í Láturdal 1901.
 HÖ Hilmar Össurarson. Uppalinn á Láganúpi; bóndi í Kollsvík; býr nú í Garðabæ.
 IG Ingvar Guðbjartsson. Bóndi í Kollsvík, uppalinn á Láganúpi. Bjó síðast í Reykjavík. Safnaði fágætum orðum.
 IN Ingivaldur Nikulásson. Skútuskipstjóri á Bíldudal og víðar.
 ÍH Ívar Halldórsson. Bóndi á Melanesi f 1909- d.1970
 ÍÍ Ívar Ívarsson. Bóndi í Kirkjuhvammi og ólst þar upp. Kaupfélagsstjóri o.fl.
 ÍL Ívar Lárusson (vantar uppl).
 JÁ Jón Árnason, fræðimaður, safnvörður og þjóðsagnasafnari f. 1819- d.1888.
 JB Jón Bjarnason, blm og ritstj. Sunnudagsblaðs Þjóðviljans; skráði viðtöl við Kollsvíklinga 1964
 JE Jochum Eggertsson. Skáld og bóndi. Reri í Láturdal 2 vertíðir í upphafi 20.aldar.
 JG Jón Guðjónsson. Uppalinn í Breiðuvík. Skútuskipstjóri á Patreksfirði.
 JHJ Jónína H. Jónsdóttir. Uppalinn í Kollsvík en bjó lengst af á Patreksfirði; listakona og skáld; f.1925-d.2008.
 JJ Jónas Jónsson frá Hrafnagili í Eyjafirði(1856-1918); safnaði þjóðhátalýsingum sem sumar eiga við í Kollsvík
 JR Jón Rafnsson kommúnisti og skáld (1899-1980). Orti Rósarímur um Rósinkrans Ívarsson frá Kirkjuhvammi.
 JT Jón Torfason. Bóndi í Kollsvík og formaður. Síðast á Patreksfirði.
 JVJ Jóna Valgerður Jónsdóttir (1878-1961). Fæddist og ólst upp á Hnjóti. Móðursystir HM.
 JÞÞ Jón Þ. Þór. Sagnfræðingur og kennari. Hefur stundað rannsóknir og ritsmiðar, m.a. varðandi útgerð fyrr á öldum.
 KJK Kristján Júlíus Kristjánsson. Uppalinn á Grundum; formaður í Kollsvíkurveri; bóndi og barnakennari í Efri-Tungu.
 KÓ Kristján Ólafsson. Reri sem hálfdrættingur 1914 í Kollsv.veri hjá Þorgrími Ólafssyni, og á eigin bát 1923-25.
 LK Lúðvík Kristjánsson. Fræðimaður og rithöfundur.
 MG Magnús Gestsson. Ættaður úr Dölum en kenndi lengi í Rhr. Fræðimaður og rithöfundur.
 MG Magnús Halldórsson Guðbjartssonar frá Láganúpi. Ólst upp í Kollsvík á sumrum.
 MT María Torfadóttir. Uppalinn í Kollsvík. Húsmóðir í Breiðuvík.
 ÓETh Ólafur E. Thoroddsen. Bóndi í Vatnsdal; skipstjóri og skipstjórnarkennari.
 ÓG Ólafur Guðmundsson. Uppalinn í Breiðuvík en hefur búið erlendis og í Reykjavík.
 ÓHE Ólafur H Einarsson 1891-1936. Bóndi í Stekkadal á Rauðasandi; forðagæslumaður o.fl.
 ÓM Ólafur Magnússon. Bóndi á Hnjóti og uppalinn þar. F. 1900 - d.1996.
 ÓÍÓ Ólafía Ólafsdóttir. Fædd í Kollsvík 1906, flutti að Vesturbotni 1914, síðar húsfreyja á Patreksfirði.
 ÓS Óttar Sveinsson. Höfundur bókarinnar Útkall við Látrabjarg.
 ÓTG Ólafur Tómas Guðbjartsson. Uppalinn í Kollsvík um miðja 19. öld og bjó lengi þar.
 MG Magnús Gestsson. Kennari í Rauðasandshreppi 1960-1970, ættaður úr Dölum.
 PG Páll Guðbjartsson. Uppalinn á Láganúpi, síðar m.a. forstjóri í Borgarnesi.
 PJ Pétur Jónsson frá Stökkum. Bóndi þar; fræðimaður og rithöfundur.
 RÍ Rósinkrans Ívarsson. Uppalinn í Kirkjuhvammi. Fræðimaður um sögu.
 SE Sigurvin Einarsson. F. í Stakkadal 1899; bóndi í Saurbæ og alþingismaður.
 StE Sturla Einarsson. F. 1830- d. 1922; af Kollsvíkurætt; bóndi og smiður á Brekkuvelli.
 SG Sigríður Guðbjartsdóttir. Uppalinn á Lambavatni; húsfreyja á Láganúpi, eiginkona ÖG. Hefur haldið til haga mörgum sérstæðum orðum sem voru altölud áður en fáheyrð nú,og ritað um þjóðhætti.
 SbG Sigurbjörn Guðjónsson. Bóndi í Hænuvík 1923-1956.
 ÓS Ólafur Sveinsson. Bóndi að Lambavatni; f. 1882-d. 1969.
 ST Sigríður Traustadóttir. Húsmóðir í Breiðuvík.
 SÖ Sigurvin Össurarson. Uppalinn á Láganúpi að hluta; síðar í Dýrafirði, en bjó í Reykjavík.
 TÓ Trausti Ólafsson. Jarðeðlisfræðingur, ættaður úr Kollsvík og höfundur Kollsvíkurættar.
 TÖ Torfi Össurarson. Uppalinn í Kollsvík en flutti þaðan ungur. Lengi bóndi á Felli í Dýrafirði.
 VP Valborg Pétursdóttir. Húsfreyja á Hvalskeri frá 1920, d. 1975. Dóttir PJ.
 VÖ Valdimar Össurarson. Uppalinn á Láganúpi; bjó í Örylgshöfn og víðar; nú í Keflavík; höfundur samantektarinnar
 VÖe Valdimar Össurarson eldri. Uppalinn á Láganúpi, síðar kennari víða um land.
 ÞE Þorleifur Einarsson. Jarðfræðingur; doktor í jarðfræði og prófessor við HÍ; f. 1931-d. 1999.
 ÞJ Þórður Jónsson. Bóndi á Hvallátrum og þar uppalinn. Hreppstj. og slysavarnafrömuður.
 ÞÓT Þórður Ó Thorlacius (1868-1931). Bóndi og barnakennari í Saurbæ. Oddviti, sýslunefndarmaður og forðagæslumaður.
 ÞT Þórður Tómasson. Fræðimaður og safnari að Skógum undir Eyjafjöllum.
 ÖG Össur Guðbjartsson 19.02.1927-30.04.1999). Bóndi á Láganúpi og uppalinn þar. Oddviti Rauðasandshrepps o.fl. Af honum nam skrásetjari flest nefnd orð varðandi veður o.fl.

Um heimildir

Lauslega var leitað í þau rit sem hafa verið hendi næst og þá helst eftir því orðavali sem líklegt má telja að sé haft beint eftir Kollsvíkingum og nágrönnum þeirra; orðum sem notuð hafa verið um langa hríð fyrir vestan og voru einkennandi fyrir málfar þar. Þar sem beinna tilvitnana er ekki getið er um að ræða orð sem ég hef fest mér í huga, viljandi eða ekki, úr málfari þess fólks sem ég hef verið samtíða á þessum slóðum. Einkanlega reyni ég að rifja upp málfar föðurafa míns, Guðbjartar Guðbjartssonar, sem ég tel að hafi manna helst verið laus við utanaðkomandi málmengun og hafði auk þess skömm á henni. Sakna ég þess nú að hafa ekki lagt mig meira eftir að halda til haga þeim málfarslegu gullkornum sem honum voru töm. Önnur slík orðalind var málfar móðurömmu minnar, Halldóru Kristjánsdóttur sem uppalin var á Grundum; bjó lengi á Efra-Lambavatni en var á Láganúpi á fyrstu árum minnar ævi. Til hennar má rekja mörg framansögð orð. Foreldrar mínir eiga hér einnig drjúgan hlut að máli; Sigríður Guðbjartsdóttir og Össur Guðbjartsson. Nokkrir aðrir einstaklingar sem ég hef umgengist voru fastheldnir á hið upprunalega málfar. Má þar nefna Ingvar Guðbjartsson föðurbróður minn sem lengi bjó í Kollsvík; Svavar Guðbjartsson móðurbróður minn sem bjó um tíma hjá mér í Miðgarði; Gunnar Össurarson sem var uppalinn í Kollsvík og mikill málamaður, en hjá honum bjó ég um tíma að Ási. Sömuleiðis Sigurvin bróðir hans, en hann fræddi mig um margt frá fyrri tíð. Óli Ingvarsson á Geitagili er sá af fyrri sveitungum mínum sem var manna fastheldnastur á hið gamla málfar, þó fleiri megi nefna s.s. Ásgeir Erlendsson á Látrum og Jón Hákonarson á Hnjóti. Jónsi var ekki einungis minnugur á orð heldur átti hann það til að móta málið sjálfur, oft á svo snilldarlegan hátt að orð og setningar urðu fleyg og sumt af því lifir enn. Hér eru margir enn ónefndir sem í huga mínum hafa talað inn á þessa skrá; flestir þeirra látnir nú. Þar má t.d. nefna Kristinn Ólafsson í Hænuvík, sem margt kunnið að segja í sínum fjölmörgu póstferðum; Ívar Ívarsson í Kirkjuhvammi, sem iðulega bar á bæi fótgangandi í sínu umboðsstarfi; Liða í Tungu; Bjarna í Hænuvík; Óla á Nesi; Þórð á Látrum; Árna í Tungu; Júlla og Dæju í Tungu; Marínó í Tungu; Kitta í Botni; Fríðu í Kvígindisdal og Þóri og Ástu frá Skeri. Einnig hina burtfluttu ættingja sem iðulega komu á heimaslóðir; t.d. systkinin Guðrúnu; Einar, Pál og Halldór Guðbjartsbörn. Eru þó enn flestir ónefndir af þeim sem báru uppi hinn mikla fjársjóð talaðs máls í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar, áður en byggð tók að hnigna til hruns. Ómeðvitað var þetta fólk burðarás menningar sem á djúpar, og að miklu leyti staðbundnar rætur. Vonandi geymist með þessari samantekt örlítið sýnishorn þessarar menningar, þó ófullburða sé. VÖ.

Málfræðilyklar:

n	nafnorð	l	lýsingarorð
s	sagnorð	ao	atviksorð
fs	forsetning	u	upphrópun
kk	karlkyn	kvk	kvenkyn
hk	hvorugkyn	fito	oftast notað í fleirtölu
m.gr	með greini		

Litamerkingar:

[Orð sem fá dæmi er um í orðasafni Orðabókar HÍ](#)
[Orð án tilgreindra dæma í Orðabók HÍ](#)
[Orð sem ekki finnast í Orðabók HÍ í viðk. merkingu](#)

Viðauki:

Sérstæð orð í máli Kollsvíkinga

Orð í orðasafninu sem ekki finnast í rafrænni Orðabók Háskóla Íslands

Adamsklæði (n, hk, fto) Fataleysi; nekt. „Henni brá dálítið þegar hann kom fram af baðinu á adamsklæðunum, grunlaus um að nokkur annar væri í húsinu“.

Aðalannatími (n, kk) Tíminn sem mest er að gera/starfa. „Vorið er aðalannatíminn í sveitum, og svo var einnig þegar ég var að alast upp“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Aðalbjargmaður (n, kk) Helsti bjargmaður/sigari/fyglingur. „... áður fyrr voru farnar bjargferðir héðan frá Kollsvík. Guðbjartur Ólafsson var þá aðalbjargmaðurinn. Fólk lifði þá mjög mikið á fugli“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Aðalbýli (n, hk) Helsta/stærsta býli/bújörð. „Í þeirri vík í Rauðasandshreppi er Kollsvík heitir, hafa um aldir verið tvö aðalbýli; Kollsvík og Láganúpur“ (GG; Kollsvíkurver).

Aðalfyglingapláss (n, kk) Sá staður í bjargflæmi þar sem mest var tekið af bjargfugli, meðan hann var nytjaður. „Melarnir voru aðalfyglingaplássid í Breiðavíkurbjargi...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Aðalklettur (n, kk) Megin-klettabelti í fjalli. „Ofanvið skriðuna, neðan aðalklettanna (í Hafnarmúla) er gangur sem hægt er að ganga eftir...“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Aðalkúabeit (n, kvk) Helsti kúa hagi. „Í Holtum og í Víkinni var aðalkúabeitin“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Aðalslátrun (n, kvk) Fyrri sauðfjárslátrun að hausti (á undan *seinnislátrun/samtíningi*). „Ég sendi ekki meira í aðalslátrun. Restin kemur þá bara í samtíninginn“.

Aðalverðlaun (n, hk, fto) Verðlaun sem veitt eru þeim sem *slagahæstur* er, þegar spiluð er félagsvist. „Oft var spiluð félagsvist á spilakvöldum í Fagrahvammi. Í lok kvöldsins voru veitt vegleg aðalverðlaun og mun óverulegri *skammarverðlaun*, en þó ekki þannig að óvirðing væri að“.

Aðalþaragarður (n, kk) Helsti/stærsti þaragarður/þarafláki á tilteknu landgrunni. „Þaragarðurinn lá í nokkuð beinni línu fyrir Víkinni og áfram suðureftir, en var jafnframt skemmra undan landi undan Hnífum og Hnífaflögu; að sama skapi sem þau teygðust lengra fram. Þó var ekki allsstaðar hrein sandgljá framan víð aðalþaragarðinn“ (KJK Kollsvíkurver).

Aðalþrekvirki (n, hk) Mesta afrek/átak. „Aðalþrekvirki fjelagsins (Baldurs) var að byrja á og vinna að veglagningu uppi í skriðunum milli Örlygshafnar og Sellátraness“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Aðfangadagshugvekja (n, kvk). Hugvekja (guðsorð) sem lesin er á aðfangadagskvöld. „Fyrir jólin voru steipt tólgarkerti; jólakertin, og lifði alltaf ljós á jólanóttina. Á eftir aðfangadagshugvekju var alltaf sungið; „Aðfangadagur dauða míns/ drottinn þá kemur að...““ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn HM).

Aðgæslufæri (n, hk) Þegar ekki er unnt að fara um nema með mikilli varúð. „Það er fljúgandi háлка í Hænuvíkurbrekkunum og víða aðgæslufæri“.

Aðkomubikkja (n, kvk) Skammaryrði um aðkomna kind/ær. „Þær urðu snarvitlausar þessar aðkomubikkjur þegar reynt var að koma þeim rétta leið heim“!

Aðlagnargjóra / Aðlaganarvottur (n, kk) Lítilsháttar *aðlögn*. „Aðeins eykur hann veltinginn í þessari aðlagnargjólu“. „Það var *blankalogn* allan daginn, nema smá aðlagnarvottur seinnipartinn“.

Aðlega (n, kvk) *Atlega*; taður við hlein sem hægt er að leggja báti að, þannig að menn og flutningur komist í og úr landi. Oftast undir bjargi og nefnt í tengslum við bjargferðir. „Niður úr Saxagjá liggja *lágsgöngur* á Ytri-Lundavelli; þar má síga í fjöru. Þarna er talin best aðlega undir Bjarginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur- og Saurbæjarbjargs).

Aðlögn (n, kvk) Álandsvindur eftir sólríkan dag; sólfarsvindur. Yfirleitt gætir sólfarsvinda lítið í Kollsvík, en þó getur aðlögn orðið all áberandi eftir sólríkan, heitan og stilltan dag. „Ekki brimaði að ráði þó aðlögn gerði því helst var það þegar að öðru leyti var stillt og gott veður“ (KJK; Kollsvíkurver). Sólfarsvindur í Patreksfirði var nefndur *innlögn* og hún getur orðið steitingshvöss.

Aðstöðugjaldsfótur / Aðstöðugjaldsprósenta (n, kk/kvk) Hlutfall/viðmiðun aðstöðugjalds. „Taldi oddviti ógerning á þessu ári að breyta aðstöðugjaldsfæti, þar sem það yrði að ákveða slíkt í febrúarmánuði“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Aðtak (n, hk) Aðfall. „Þessi orð voru notuð jöfnum höndum í mínu uppeldi, aðtak þó minna. Oft heyrðist sagt að hann myndi rigna með aðtakinu“ (VÖ).

Aðvera (n, kvk) Möguleiki; gerlegt. „Það engin aðvera að vinna við þessar aðstæður þó maður láti sig hafa það“.

Afbeitingur / Afbeitningur (n, kk) Beita sem búið er að nota til veiði, en kemur aftur upp á önglinum og þarf þá að losa af áður en aftur er beitt. „Ef þær (lóðirnar) voru þá jafnframt stokkaðar upp, var talað um að afbeita eða afslíta; einnig að afskeina lóðirnar, eða einungis að skeina þær. En beitan var þá kölluð afbeitingur eða afslit“ (LK; Ísl.sjávarhættir IV).

Afdalakerling (n, kvk) Kvenmaður sem býr í sveit (niðrandi merking). „Svo þegar útrásarvíkingarnir fóru að kaupa upp stóeignir í nálægum löndum þá virtist þjóðin sitja með stjórnur í augunum af aðdáana á snilli þessara manna; svo að þó að einhver afdalakerling skildi þetta ekki þá vottaði það bara hennar heimsku!“ (SG; Bankahrúnið; Þjhd.Þjms).

Afkolla/ Afhausa (s) *Kolla*; *hausa*; taka haus af steinbít í aðgerð (sjá *steinbítur*).

Aflaföng (n, hk, fto) Afli; veiði. „Á sjósókn þarf vart að minnast, því vart er báti hrundið úr vör til aflafanga núorðið“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Aflandsgjóra / Aflandsstormur / Aflandskul / Aflandssperringur / Aflandsstrambi / Aflandstætingur / Aflandsvindur (n, kvk/hk/kk) Vindur sem stendur af landi. Gat orðið til trafala við t.d. netadrátt og heimróður. „...síðdegis skall á aflandsstormur svo að engin tók voru á að sjá land eða ná því“ (Þakkir Árna Árnasonar í Kollsvík til skipstj. á Chieftain í Ísafold apríl 1913). „Frá Keflavík að Bjargtöngum var undanhald, en úr því var aflandsvindur“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003). „Það var þreytandi að hanga í netum á víkinni í þessum aflandssperringi“.

Aflandsstraumur (n, kk) Straumur sem liggur frá landi. Framanvið Kollsvík og aðrar Útvíkur myndast réttisælis hringiður frá Látraröstinni, eins og glögg má sjá á því hvernig sand leggur upp á fjörur. Þessar iður valda því að t.d. er alltaf suðurfall á Seljavíkinni, þar sem þessi áhrif eru mest. Þær valda því einnig að sumsstaðar verður aflandsstraumur, þó hans verði ekki verulega vart á yfirborði. Gera má ráð fyrir að hann sé að finna undan Hnífum; Bjarnarnúp og Bjargtöngum, sé sú kenning rétt að iða sé á hverri vík.

Afsinnugur (l) Sinnulaus; áhugalaus; frábitinn. „Mér hefur þótt hann óttalega afsinnugur um þetta“.

Afsláttarkind / Afsláttarær (n, kvk) Kind sem slátrað verður að hausti; gamalær; rippa; rytja. „Ég held að hún sé bara orðin afsláttarkind, enda búin að skila sínu blessunin“

Afspyrnuleiðinlegur / Afspyrnuhvímleður (l) Með eindæmum leiðinlegur/hvímleður. „Þessi eilífa rigningatið er orðin afspyrnuhvímleð“!

Afspyrnulélegur (l) Mjög lélegur/slæmur. „Aflabrögðin hafa verið afspyrnuléleg það sem af er vertíðinni“.

Afspyrnukalt (l) Mjög kalt. „Það hefur bara verið afspyrnukalt í veðri síðustu dagana“.

Afspyrnumikill (l) Mjög/afar mikill; yfiringulega mikill. „Ekki var nú aflinn neitt afspyrnumikill, en þetta er ágætis byrjun á vertíðinni“.

Aftakahvass (l) Um veðurhæð; svo hvass að veruleg fokhætta er. „Hann er orðinn svo aftakahvass að maður *ræður sér* varla óstuddur“.

Aftakaillviðri (n, hk) *Skaðræðisveður*; *manndrápsveður*. „Hann er að spá einhverju aftakaillviðri á morgun“.

Aftakanorðanbál (n, hk) Versta norðan hvassviðri; *skaðræðisveður* af norðri. „Þetta er bara aftakanorðanbál“!

Aftanfrá (ao) Að aftan; frá afturenda. „Það hefur aldrei gefist vel að mjólka kýrnar aftanfrá“! Orðið er almennt notað í einu lagi, líkt og t.d. aftantil og aftanundir, en er ekki skráð þannig í orðabækur.

Aftanmaður / Aftanskipmaður (n, kk) Maður sem rær aftantil á báti; sá sem er skipað aftantil í bát í róðri; vanalega formaður og austurrúmsmenn. „Þegar sexæringur var settur niður vestra hlunnaði *hálfdrættingur* eða annar *austurrúmsmaður*, en hinn bakaði að aftan ásamt *formanni*; *miðskipsmenn* ýttu og *studdu* um *róðurinn*, en *andófsmenn* *bökuðu* að framan. Menn fóru upp í skipið um leið og það flaut fram; fyrst aftanmennirnir, síðan miðskipsmenn og andófsmenn síðastir, sem þá einnig ýttu. Á sumum stöðum greip

formaður þá *stjaka* jafnskjótt og hann komst upp í skipið, en með honum hélt hann því réttu og stýrði því jafnframt út úr *vörinni*“ (ÓETh Vatnsdal; LK; Ísl. sjávarhættir III). „Venjulega renndi annar andófsmaðurinn í barkanum og oft annar aftanskipsmaður í skutnum.“ (PJ; Barðstrendingabók). Sjá *sjösetja*.

Aftanvið (ao) Fyrir aftan; aftanvert við. „Sæktu hlunninn þarna aftanvið bátinn“.

Aftanúrkreistingur / Afturúrkreistingur (n, kk) Lítið/vesælt lamb; væskill; aumingi; *væfla*. „Þessi aftanúrkreistingur er farinn að bjarga sér á spena“. „Annar eins afturúrkreisting hef ég nú sjaldan séð“.

Aftanvið (ao) Fyrir aftan; aftanvert við. „Gáðu að því þegar þú bakkar að enginn sé aftanvið bílinn“.

Aftekinn (l) A. Tekinn af lífi. B. Eyðilagður; aflagður. „Á þeim tíma var brú niðri við sjóinn í Örlygshöfn, sem illu heilli er nú aftekin...“ (ÁE; Ljós við Látraröst). C. Um sauðkind; rúin; búið að taka af. „Ég sá þarna tvær kindur afteknar og eina óafteknar“. Orðið er líklega ekki kunnugt annarsstaðar í þessari merkingu.

Aftekning / Aftekt (n, kvk) Rúningur sauðfjár. „Keppst var við að vera búinn að smala til aftektar og ganga frá ullinni fyrir slátt. Oftast var reynt að nota landlegudaga til smalamennsku og aftektar“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG). Orðin eru ekki finnanleg í orðabókum í þessari merkingu, heldur er þar aftekning í merkingunni niðurlagning eða dráp, og aftekt er þar einungis sem afgangur eða eftirteki í tengslum við kirkjueignir og annað góss. Í Kollsvík var mun oftar talað um að „taka af“ en „rýja“, þó ekki væri hið síðarnefnda óþekkt. Aftekt var jafnan notað, en aftekning heyrðist þó einnig. Sjá *smala til aftektar*.

Aftektadagur (n, kk) Dagur sem tekið er af/ rúíð. „Ef við förum á sjó í dag þurfum við að fresta aftektardeginum fram í næstu viku“.

Aftektarmaður (n, kk) Rúningsmaður; maður sem tekur ull af kind. „Við erum fljótir að taka af með svona mörgum vönum aftektarmönnum“.

Aftektarveður (n, hk) Veður til *aftektar*. „Ekki sýnist mér verða útlit fyrir aftektarveður á morgun“.

Afturúr (orðtak) Afturfyrir; fyrir aftan. „Þú þarft að herða þig til að dragast ekki afturúr“. „Timbrið stendur dálítið afturúr kerrunni, en ekki þó til skaða“.

Afturúrstandur (n, kk) Væskill; vesalingur; aumingi. Oftast notað í niðrandi merkingu um mann, en einnig um óduglega hrúta. „Sá afturúrstandur er búinn að drekka frá sér bæði vit og vini“.

Agnarangi / Agnarljúfur / Agnarþjakkur / Agnarskita / Agnarskott / Agnarskömm / Agnarspott / Agnarstubbur (n, kk/kvk) Gæluorð um lítinn krakka. „Varstu að detta agnaranginn minn“? „Komdu hérna agnarspottið“. Orðin voru töluvert notuð með þessu forskeyti, en einnig sem gæluorð án þess.

Akstursfær (l) Ökufær; fær um að aka. „Ég held að hvorki bíll né bílstjóri hafi verið akstursfær eftir þetta“.

Aksturslag (n, hk) Ökulag. „Mér sýndist nú á aksturslaginu að karlinn hefði eitthvað þegið í staupinu“!

Akútera (s) Samþykkja; vera meðmæltur; skrifa uppá. „Hann vildi ekki alveg akútera að hann bæri einn ábyrgð á þessari uppkomu“. „Ætli ég verði ekki að akútera mín mistök“.

Aladdinlampi (n, kk) Olíulampi af sérstakri gerð, sem fluttur var inn í kirngum 1960 og gekk almennt undir þessu heiti; a.m.k. í Rauðasandshreppi. Oliubyðan var úr glæru gleri, á glerfæti; lampaglasíð svert og kringum það hólklaga skermur, um 25 cm í þvermál. Þessir stofulampar veittu mikla birtu og hita.

Alláberandi (l) Verulega áberandi/sýnilegur. „Upptök Hrófár er gil sem heitir Urðargil; alláberandi gil uppi í brúninni“ (ÓÍÓ; Örn.skrá Vesturbots).

Allbirgur (l) Með góðar birgðir; vel vistaður. „Sumir voru svo rausnarlegir að þeir létu okkur hafa steinbítinn af hverjum háseta, svo við vorum allbirgir þarna“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri).

Allborubrattur (l) Ber sig nokkuð vel; nokkuð montinn/áræðinn. „Mér finnst hann nú allborubrattur ef hann heldur að hann hafi roð við mér í sjómanni“!

Allbreiður (l) Fremur/mjög breiður. „Lending í Kollsvíkurveri er í allbreiðum bás á milli Norðaríkletta og Syðriíkletta; þar sem Búðalækur rennur til sjávar. Framundan lendingunni er Lægið.“

Alldýrt (l) Nokkuð dýrt; verulega/talsvert dýrt. „Ég hefði nú kannski keypt þetta, en fannst það alldýrt þarna“.

Allefins (l) Nokkuð efins/vantrúaður; *hefur ekki mikla trú á*. „Ég er nú allefins um að þetta gangi hjá honum“.

Allferlegur (l) Mjög/fremur hræðilegur/stórskorinn/iskyggilegur. „Þvoðu þér nú í framan strákur; þú ert allferlegur, svona krímóttur til augnanna“!

Allfurðulegur (l) Mjög/fremur furðulegur/einkennilegur. „Mér þótti þetta allfurðulegt, og fór að skoða það betur. Þá kom í ljós hvernig í öllu lá“.

- Allhásjávað** (l) Tölvert mikið fallið að; allmikil flæði. „...sunnan við aðallendinguna er svokölluð Snorralending. til þess að hún njóti sín þarf þó að vera allhásjávað, þvert á móti því sem nú var“ (TÓ; Yfirlit sjóslýsa í Rauðasandshreppi. Árb.Barð. 2003).
- Allhrikalegt** (l) Mjög stórskorið; fremur ógnvekjandi. „Skápadalurinn er hömrum girtur og í botni hans er að sjá allhrikalegar klettmyndir“ (ÁÓ o.fl; Örn.skrá Skápadals).
- Allhættulegt** (l) Mjög fremur hættulegt/varasamt/iskyggilegt. „Það er stórvarasamt að fara þarna um hjallann í hálfu, og reyndar er leiðin öll allhættuleg við þannig aðstæður“.
- Allkjöftugur / Allyginn** (l) Fremur/heldur ósannsögull/lausmáll. „Mér finnst hann allkjöftugur um það sem mætti liggja í láginni“. „Sumum þykir hann allyginn, en það má alveg hafa gaman af honum“.
- Allkunnugur / Allkunnur** (l) Mjög kunnugur; þekkir mjög vel til. „Hinir formennirnir voru allkunnir fiskimiðum á Kollsvík og þekktu þar helstu boða og grynni; svo sem Djúpboða, Arnarboða, Leiðarboða og Þembu, sem allt eru blindsker á fiskislóð og brjóta ef um stórsjó er að ræða“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Allmjór** (l) Fremur/mjög mjór. „Hægt erð komast á Höfðann eftir Sveltisganginum, en hann er allmjór á köflum, og ekki fyrir lofthrædda“.
- Allrahanda / Allrahandanna** (l) Allskonar; af ýmsu tagi. „Í geymslunni var allrahandanna dót sem þangað hafði safnast“.
- Allrahlutavegna** (ao) Með tilliti til alls; af ýmsum/öllum ástæðum; *í öllu falli; allavegana*. „Það þarf allrahlutavegna að ná bölvuðu hvalhræinu úr fjörunni; þetta má ekki grotna þarna niður“.
- Allráðríkur** (l) Mjög/verulega ráðríkur/frekur/yfirgangssamur. „Þótti hann stundum allráðríkur og yfirgangssamur ef honum bauð svo við að horfa, og hirti þá stundum lítt um lög og rétt. En höfðingslund hafði hann til að bera, við sér minni menn og þá er bággt áttu“ (HeE; Frásagnir af Einari Jónsyni í Kollsvík).
- Allrækilega** (ao) Mjög vandlega/rösklega. „Ég leitaði allrækilega í þessum lautum; þar eru öngvar kindur“.
- Allseigur** (l) Mjög seigur; verulega seigur/ duglegur. A. Um kjöt: „Mér þykir þetta vera allseigt; það hlýtur að vera af gamalmáv en ekki unga“. B. Um manneskju: „Ári var strákurinn seigur að komast fyrir ærnar“.
- Allsennilega / Alltrúlega** (ao) Mjög sennilega/líklega. „Ég mun allsennilega þurfa meiri mannskap í þetta“. „Hann hefur alltrúlega farið að gá að kindunum sem eftir urðu“.
- Allsennilegt / Alltrúlegt** (l) Mjög líklegt. „Mér þætti allsennilegt að þetta yrði niðurstaðan“.
- Allt að fara/leggjast í karlaskap hjá (einhverjum) / Allt komið í karlaskap hjá (einhverjum)** (orðtök) Orðið erfitt/stírt hjá einhverjum; einhver orðinn of gamall/sinnulaus til aðgerða/verka. „Þessi búskapur hefur nú alltaf verið hokur hjá mér, en þetta er allt að fara í karlaskap hjá manni núorðið“. Heitið *karlaskapur* var líklega ekki notað utan Rauðasandshrepps, en þar var það allmikið í munni sumra framundir lok 20.aldar. T.d. notuðu Kollsvíkingar það nokkuð og Hafnarmenn s.s. Marínó í Tungu, Jónsi á Hnjóti og Óli á Gili.
- Allt er það eins; pumpuliðið hans Sveins** (orðatiltæki) Ekki eru þessir betri en hinir; *allt er það á eina/sömu bókina lært!* Upphrópun sem viðhöfð er þegar einhverjum lánast ekki betur en þeim sem fyrri voru, eða til að lýsa vanþóknun á hegðun/frammistöðu manna. Ekki skal hér fullyrt um uppruna málsáttarins. Í Kollsvík var hann töluvert notaður, og þá á þann sérstaka hátt að í stað orðsins „liðið“, eins og víðast hvar var haft, var einn notað „pumpuliðið“. Um rök fyrir því er engu fremur kunnugt.
- Allvandaður** (l) Verulega vandaður; vel gerður. „Kartöflugryfjur voru á flestum bæjum; margar allvandaðar“.
- Allvarasamt** (l) Mjög/fremur varasamt/hættulegt. „Ég tel allvarasamt að fara þarna um í þessari bleytu“.
- Allverulega** (ao) Mjög/fremur mikið. „Veðrið var sennilegt áðan, en það hefur versnað allverulega síðan“.
- Allvotlent** (l) Mjög mýrlent; blautt yfirferðar. „Stekkjarmýrar... voru allvotlendar“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Allþokkalega** (ao) *Vel sennilega; ágætlega*. „Honum gengur allþokkalega í náminu, held ég“.
- Allþreyttur** (l) Verulega þreyttur/lúinn. „Við vorum orðnir allþreyttir eftir þetta og lögðum af stað heim“.
- Almestur / Alminnstur / Alstærstur** (l, est) „Skriðan var sú almesta sem ég hef séð“. „Veðin í dag var með alminnsta móti“. „Þetta flóð er með þeim alstærstu sem verða“.
- Altént / Alltént** (ao) Alltaf; jafnan. „Við náðum þó alltént megninu af fénu þó eitthvað yrði eftir“. Framburðarbreyting frá „allt jafnt“.
- Amböguhnoð / Amböguþvæla** (n, hk/kvk) Bull; mikið orðabrengr í málfari eða kveðskap. „Mér finnst þetta hálfgerðt amböguhnoð, og lítið skáldlegt“. „Ég hef sjáldan heyrt þvílíka amböguþvælu“!
- Ambögusmiður** (n, kk) *Bögubósi*; sá sem talar oft rangt mál eða kemur illa orðum að sinni meiningu. Þá vilja orð koma aftur á bak útur mönnum. „Alltaf skaltu vera sami ambögusmiðurinn góði minn“!

Andans / Andansári / Andansvesen (ao) Mild blótsyrði; stytting úr „andskotans“. „Andans vesen er þetta, ég er að verða sykurlaus“. „Andansvesen er nú þetta“!

Andrekt (l) Barningur; straumur/vindur á móti þegar róið er. Ekki notað í seinni tíð, en vísar til hjóðdæmis (sjá *hnífandrekt*).

Andskotansekkisen (l) Áhersluorð/blótsyrði. „Andskotansekkisen gleymska var þetta hjá mér“! „Þetta var ljóta andskotansekkisen óheppnin“!

Andskotansgreivið (n, hk, m.gr.) Áhersluorð/blótsyrði. „Ætlar hún nú ekkert í gang andskotansgreivið“!

Andskotansnær (fs) Miklu nær; mun betra. „Honum hefði verið andskotansnær að koma hrútunum inná meðan þeir voru heimavið, frekar en þurfa að sækja þá lengst upp í lautir núna“!

Angagrey / Angaljúfur / Angalúra / Angalýja / Angakvikindi / Angakvöl / Anganóra / Angaskarn / Angaskinn / Angaskott / Angatetur / Angatötur (n, kk/kvk/hk) Gæluorð um barn/gæluþyr. „Komdu hérna angaljúfur“. „Hversvegna ertu að skæla, angalúran mín“? „Þú mátt nú ekki sneypa tíkina fyrir þetta; hún var nú að reyna að hjálpa til, angakvölin“. „Meiddirðu puttann angaskottið mitt“? Sum orðin nær eingöngu notuð með greini; önnur nær aldrei.

Angann ekkert (orðtak) Milt áhersluorð á ekkert. „Þetta var angann ekkert; bara *smáskeina*“.

Angans / Angansári / Angansvesen (u) Milt blótsyrði; stytting úr „andskotans“. „Þetta er ljóta angans ótíðin, dag eftir dag“. „Angansári er hann nú smár núna; stórfiskurinn ætlar bara ekkert að gefa sig til“!

Angansnær (fs) *Andskotansnær; fjdansnær*; mun betra; staðið nær. „Hvað eru þeir nú að sullast út í þessum árans veltingi?! Þeim hefði verið angansnær að hlusta á mig í gær; þá var þetta fina sjóveður“!

Angakornið (u) Milt blótsyrði; stytting úr „*andskotakornið*“. „Angakornið að við fengjum eina einustu *oddsnertu*, þó við *flengdum* um allan sjó“!

Angi (l) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Angi finnst mér leiðinlegt að heyra þessar fréttir af honum“! „Það var angi lírið að hafa á þeim miðum“.

Anginn (n, kk) Skrattinn; fjárin; milt blótsyrði. „Hvur anginn; nú eru kýrnar komnar í garðinn“!

Ankollí / Ankoti / Ankúri (n, kk) Upphrópun; áhersluorð; mildun á *andskoti*. „Ankollí er ég hræddur um að hann sé að fara að rigna“. „Ankúrans gleymska var þetta í mér“!

Annarslagið (ao) Öðru hvoru; við og við. „Maður fer út annarslagið og hugar að lambfé“.

Annesjaröst / Annesjastraumur (n, kvk/kk) Sjávarröst/sjávarstraumur við annes. Sjávarfallastraumur kringum Ísland er ekki hraður að jafnaði; líklega um 0,1-0,3 m/sek að jafnaði þegar harðast er. Þar sem nes gengur langt fram í strauminn verður hann mun hraðari, þar sem sami massi þarf að komast framhjá. Þannig hagar víða til við Vestfirði. Öflugasta annesjaröst landsins er Látraröst, þar sem straumur fer líklega í 4-7 m/sek þar sem hraðast verður; og sé þá mótvindur er röstin ófær nær öllum skipum. Við Blakknes er Blakknesröst, sem einnig getur orðið hröð og skeinuhætt. Fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum er öflugt straumasvæði sem nær iðulega langt til hafs. Þessi orka mun verða nýtt þegar víðeigandi tækni hefur verið þróuð. Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason hefur fyrstur manna þróað sjávarfallahverfil sem nýtist til þess.

Annesjavirkjun (n, kvk) Tæki eða tækjasamstæða sem nýtir orku annesjarasta til raforkuframleiðslu. Margir aðilarvíða um heim þróa tækni til nýtingar hröðustu sjávarfallastrauma í sundum. Unnt er að beita til þess hefðbundnum skrófuhverflum. Annesjarastir eru yfirleitt mun hægari og þar þarf aðra tækni. Hverflar Kollsvíkurfyrirtækisins Valorku eru (2018) komnar lengst í þeirri þróun á heimsvísu. Þeir eru þverstöðuhverflar á tveimur eða fleiri ásum. Þeir verða líklega langstærstu hverflar heims, enda þurfa þeir að smala saman dreifðri orku á hagkvæman hátt og með litlum snúningshraða. Virkjunin verður öll neðansjavar og er eina þekkta virkjanatæknin án nokkurra fyrirsjáanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa.

Ansanskekkisen (l) Milt blótsyrði/áhersluorð; töluvert mikið notað. „Ansanskekkisen þoka er þetta; ég hélt að við ættum að vera komnir að bólinu“!

Ansansvandráði / Ansansvesen (n, hk) Slæm uppákoma; vandráði; óæskileg fyrirhöfn. Oftast notað sem mild upphrópun. „Ansansvesen er þetta! Það tefur okkur töluvert að þurfa að skipta um dekk undir bílnum“.

Anskúrinn (n, kk, m.gr) Miltblótsyrði/áhersluorð; anskollinn; fjárin. „Anskúrinn hefur nú orðið af pípunni minni og tóbakinu“? Einnig *hver anskúrinn*.

Antípat (n, hk) Andúð; tortryggni; *ímugustur*. „Ég hef alltaf hálfgernt antípat á þessum gúrkum og viðlíka grænifóðri sem menn leyfa sér að nota í mannamat nú til dags“.

Appelsínulaski (n, kk) Það sem nú er oft kallað „bátur“; geiri úr appelsínu. „Gefðu mér laska af appelsínunni“.

Appelsínudjús (n, kk) Appelsínupykni til þynningar með vatni. „Kauptu einn brúsa af appelsínudjúsi“.

Arbæða (s) Vinna; starfa. „Hvað ert þú að arbæða þessa stundina“? Algeng sletta í máli Kollsvíkinga.

Arbæðislaun (n, hk, fto) Vinnulaun. „Mér fannst sanngjarn að strákurinn fengi eitthvað í arbæðislaun“.

Arfadvngja / Arfabœja / Arfabingur / Arfabreiða / Arfaflækja / Arfasæng (n, kvk) Þykk breiða af arfa; arfaflækja. „Skelfilegt er að sjá þessa arfabœju í rófubœðinu“. „Ég hef enga trú að hann fái kartöflur uppúr þessari arfasæng“.

Armæðuhjal (n, hk) Vonleysislegt tal; úrtölur; nöldur. „Ég hlusta ekki á neitt armæðuhjal; við *hristum* svona smámuni *fram úr erminni*“!

Arnarsjón (n, kvk) Mjög/einstaklega góð sjón. „Hann hefur slíka arnarsjón að engu er líkt“.

Arngerðarveður (n, hk) Þétt snjódrífa í logni og skammdegi. Orðið var lengi notað í Rauðasandshreppi, þó nú heyrist það varla. Það á þann uppruna að Arngerður nokkur var vinnukona á Geitagili á 19. öld. Hún eignaðist barn með húsbónda sínum, sem tók af henni barnið en sendi hana í vinnumennsku í Vatnsdal. Söknuðurinn varð til þess að hún strauk eitt kvöldið, meðan húslestur stóð, og hvarf. Mun hún hafa druknað þegar hún reyndi að komast fyrir Hafnarmúlann, sem þá var mikill farartálmi. (Heimild: MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu).

Artargrey / Artarskinn / Artarskarn (n, hk) Gæluorð um tryggnar hund og stundum um vinalega manneskju. „Hún er nú að reyna að gera sitt gagn og halda fê frá túnunum, artarskinnið“. „Hvolpurinn biður alltaf um að fara út til að gera stykkinn sín; hann er þó hreinlátur, artarskarnið“.

Artarlegheit (n, hk, fto) Góðmennska; *alúð*; hlýja; *ræktarsemi*. „Hún gerði þetta af miklum artarlegheitum“. „Þau hafa alla tíð sýnt okkur mikil artarlegheit“.

Artarsamur (l) Hugulsamur; umhyggjusamur; trygglyndur. „Alltaf ertu jafn artarsamur, kúturinn minn“.

Asafiski (n, hk) Mikil vild á fiski; mjög góð veiði. „Við þarna á Blettunum og lentum í asafiski“.

Asnagangur / Asnaháttur (n, kk) „Bölvaður asnaháttur var þetta í mér að gleyma markatönginni“!

Asskollí (n, kk) Upphrópun, afbökun úr andskoti. „Mikið asskollí var strákurinn fljótur að hlaupa“.

Asskotakornið (n, hk, m.gr) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Nei asskotakornið að ég trúi því“!

Ataður (l) *Útataður*; *klístraður*; skítugur. „Stakkurinn var allur ataður tjöru svo ég henti honum“.

Atlega (n, kvk) Staður við hlein sem hægt er að leggja að, s.s. í undirbjargsferðum.

Atvinnusveitarútsvar (n, hk) *Útsvar* sem maður greiðir til þess sveitarfélags sem hann hefur atvinnu í, en er síðar endurgreitt til lögheimilissveitarfélags. „Atvinnusveitarútsvör frá Patreksfirði, kr 9.915“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1948).

Auðmannaslekti (n, hk) Ríkisbubbar; peningamenn; fjáraflamenn. „Sumar *illar tungur* segja að Kollsvíkungum megi skipta í tvö horn. Annarsvegjar sé það auðmannaslekti sem efnast hefur á nirfilshætti og nurlí; er yfirleitt aðhaldssamt úr hófi og *gnýjarar* hinir mestu. Hinir séu þó langtum fjölmennari í Kollsvíkurætt, sem *ekki er sýnt um* meðferð fjár; *helst illa á því* og *eiga sjaldnast bót fyrir boruna*. Þeir eru manna hjálpsamastir og *hufflegastir*; enda safnast þeim lítill auður. Þessi skilgreining er þó *kjaftasögn* og ofúlkun; sannast sagna eru flestir *miðja vegu* í þessu litrófi; hafa nóg fyrir sig og sína og lifa í góðri sátt við sitt samfélag.

Augakúla (n, kvk) Auga; kúla augans með augasteini, glæru, sjónhimnu o.fl. „Öndvegishrúturinn Höttur fékk svo mikla ígerð í augað að á endanum gróf augakúluna algerlega úr. Hann lifði þó einn vetur með tóma augntóftina, en útbúinn var sérstakur leppur fyrir augað“.

Augnablikshugleiðing (n, kvk) Hugsun/hugleiðing sem varir mjög stutt. „Fyrir mér er vísnagerðin sem hver önnur *dæggradvöl*; þetta eru augnablikshugleiðingar. Það er gaman að leika sér og þetta er mín hugarleikfimi...“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Aukabrusi / Aukailát / Aukakútur (n, hk) Ílát til viðbótar þeim sem fyrirsjáanlega þarf að nota. „Slakaðu niður einhverju aukailát; mér sýnist að hér sé vel af eggjum“. „Það er rétt að hafa meðferðis aukabrusa af bensíni, ef okkur dettu í hug að fara eitthvað dýpra“.

Aukaendi / Aukaspotti (n, kk) Band/vaður sem haft er með í bjargferð, umfram það sem fyrirsjáanlega þarf að nota. „Við ættum að hafa með okkur einhvern aukaspotta ef við reynum að fara lengra niður“.

Aukafang / Aukakneppi (n, hk) Fang af heyi sem gefið er aukalega á garðann. „Þú mátt alveg gefa því aukafang á hvora jötu; þú tekur mun minni föng en ég“. „Ég gaf þeim dálítið aukakneppi“.

Aukagaffall / Aukakvísl (n, kvk) Heykvísl/gaffall sem er umfram. „Þú mátt alveg hjálpa okkur að setja á vagninn; ég tek þá meðferðis eina aukakvísl“.

Aukakind (n, kvk) Kind/ær umfram eðlilegan/væntanlegan fjölda; aðkomukind. „Ég er búinn að *tvítelja*, og ég *fæ það út* að það hljóti að vera aukakind í fénu“.

Aukaklæðnaður / Aukafatnaður (n, kk) Föt til skiptanna. „Það þurfti að þurrka föt eftir að við komum heim að Hvallátrum, enda orðið lítið um aukaklæðnað“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Aukasakka (n, kvk) *Varasakka*; sakka sem höfð er með í skakróður ef önnur slitnar af færi.

Aukasokkar (n, kk, fto) Sokkar sem hafðir eru aukalega, t.d. í ferð. „Ég setti aukasokka í bakpokann“.

Aukasteinn (n, kk) Netasteinn sem tekinn er með aukalega í róður; til vara ef steinn hefur losnað úr neti. „Erum við ekki örugglega með einhverja aukasteina“?

Aukatugga (n, kvk) Hey sem búfé er gefið umfram venjulega gjöf; *aukafang*; *aukakneppi*. „Gefðu nýbærinni aukatuggu af betra heyinu“.

Aulagangur / Aulaháttur / Aulaskapur (n, kk) Bjánagangur; afglöp. „Þvílíkan aulahátt hef ég aldrei vitað hjá fullorðnum mönnum“! „Fjandans aulagangur er þetta; ætla hann ekki að standa fyrir fénu“!?

Aulaglött (n, hk) Kjánalegt/óviðeigandi bros. „Hættu þessu aulaglotti; hefur þú aldrei orðið rassblautur“?!

Aumingjagóður (l) *Brjóstgóður*; hjartahlýr; réttir hjálparhönd hinum þurfandi. „Hún þykir aumingjagóð“.

Aurafár / Auralítill / Auratæpur (l) Fátækur; blankur. „Hann sagðist vera fremur auralítill þessa stundina“. „Ég greiði þetta í næstu viku; ég er dálítið auratæpur *eins og er*“.

Aurberg (n, hk) Þjappaður ísaldarleir; *móhella*. „Niður yfir mið túnin liggur mikill og djúpur árfarvegur, sorfínn um aldri niður í gegnum aurberg“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).

Aurdrulla (n, kvk) Fremur niðrandi orð um aur/aurbleytu. „Vegurinn er allur að vaðast upp í aurdrullu“.

Aurfles (n, hk) Stór sylla í bjargi, með áberandi aurflagi í yfirborði. „Það er dálítið af fugli þarna í aurflesinu“.

Austangjóra / Austangjóstur / Austangola / Austankaldi / Austankæla / Austannepja / Austannæðingur / Austanrok / Austansperra / Austansperringur / Austanstrekkingur / Austanveður / Austanvindur / Austanþræsingur (n, kvk/kk/hk) Austlægur vindur af ýmsum styrk. „Hann lagði árans austansperring útmeð Bjarginu“.

Austanvert við / Austanvið (orðtak/ao) Að austanverðu; fyrir austan. „Þeir voru að veiðum austanvið okkur“.

Axarboð (n, hk) Boð með *þingboðsöxi*. Sjá *boðleið*.

Axarkegg (n, hk) Lítil öxi. Þannig orðað í Kollsvík, en annarsstaðar „axarkjagg“. „Sæktu nú axarkeggið“.

Axlarfylla (s) Fylla upp í axlir á íláti; fylla ílát að u.þ.b. ¾ hlutum. „Þarna var krökkt af berjum. Það tók mig stuttan tíma að axlarfylla fötuna, en þá bilaði berjatínan“.

Axlarfylli (n, kvk) Magn í íláti sem búið er að *axlarfylla*. „Mjög var misjafnt hvernig mönnum *berjaðist*. Sumir tíndu allmikið upp í sig meðan aðrir stóðust þá freistingu. Voru þeir kannski búnir að fá *axlarfylli* meðan enn *sá í botn* hjá hinum fyrrnefndu“.

Axlasítt (l) Um höfuðhár; nær niður á axlir. „Ekki finnst mér nú þrýði að þessari nýju bitlatísku; að strákar séu að druslast með axlasítt hár. Svo maður tali nú ekki um óhljóðin sem fylgja þessu“!

Á jappi (orðtak) *Á stjákli; á vokki*. „Því er hrafninn á jappi þarna við dýið“““?

Á nippunni / Á nöfinni (orðtak) Á tæpaða vaði; með naumindum. „Það var alveg á nippunni að þetta tækist“. Líklega er nippa þarna sama og nibba; klettaneff, en einnig sagt á þennan hátt og með hörðum framburði.

Á útopnu (orðtak) Á fullri ferð; *á skurki*; hamast. „Hann var alveg á útopnu við að flaka steinbítinn áður en hann færi að skemmast“.

Á vakki / vappi/vokki (orðtak) Eigandi; á varðbergi; gangandi um. „Það er vissara að vera á vakki nálægt kindinni; henni gekk illa með burðinn síðast“. „Hrafninn er á einhverju vokki þarna frammi á Mýrum“.

Ábatavegur (n, kk) Gróðavegur; hagnaðarleið. „Búskapur með sauðfé er enginn ábatavegur; sér í lagi ekki í seinni tíð“.

Áðurfyrr / Áðurfyrr (ao) Áður; fyrrum. „Áðurfyrr munu hafa verið nokkuð aðrar áherslur í orðavali en nú er“. „Áðurfyrr var fólk vandvirkara í orðavali en nú til dags“. Hvorugt orðið finnst í orðabókum en voru einnig notuð sem heildstæð orð í Kollsvík. Að auki var notað *áður og fyrr meir og fyrrum*.

Áfærni (n, kvk) Löstun; álygar; rangar sakargiftir. „Það er bara áfærni að ég hafi gleymt að loka hliðinu; það hlýtur annar að hafa gert“. Almenn notað í Kollsvík en sést ekki í orðabókum. Orðabók Menningarsjóðs tilfærir að sögnin „að áfæra“ merki „að lasta“, sem kemur heim og saman við orðnotkun Kollsvíkinga.

Ágætisgrei / Ágætisnáungi (n, kk) Hrósyrdi um mann, en þó í nokkrum yfirlætistón. „Þetta er ágætisgrei og hörkuduglegur, en ósköp fákunnandi til allra búverka“.

Ágætisstand (n, hk) Gott/ágætt ástand. „Það skal hér tekið fram að á öllum bæjunum mega skepnur heita í ágætisstandi, eins og skýrslan ber með sér...“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1924).

Áhenging (n, kvk) Það að hengja á; upphenging. „Ketið var hengt í reykkofann á rár, en einnig voru reknir naglar í sperrur og skambbita til áhengingar“.

Álandsátt / **Álandsgjóra** / **Álandsgola** / **Álandsstormur** / **Álandsvindur** (n, hk/kk) Vindur sem stendur af hafi. Getur hraðað heimsiglingu en einnig aukið sjó og valdið hættu í landtöku. Álandsvindur getur vakið upp *áhladaða*. „Það liggur við þú þurfir að andæfa; hann er kominn með ansi stífa álandsgjólu“.

Áleguhæna (n, kvk) *Ungahæna*; hæna sem liggur á eggjum til útungunar. „Mundu eftir að gefa áleguhænni“.

Álfakálfur (n, kk) Auli; bjálfi; aulakálfur; heimskingi. „Ég hef ekkert að gera með slíka álfakálfa í vinnu“!

Álnarkefli / **Álnarlurkur** / **Álnarsprek** (n, hk/kk) Rekaviður sem er um alin að lengd.

Álkuvarp (n, hk) Varp álku. „Ekkert álkuvarp er í Álkuskútanum nú á dögum, en töluvert lundavarp...“ (HÖ; Fjaran).

Ályktunarbær (l) Um fund; fær um að gera ályktanir; ályktunarfær. „Ég sé ekki annað en að þessi fundur sé fyllilega ályktunarbær í þessu efni; hér er samankominn meirihluti félagsmanna“.

Ámálgun (n, kvk) Tilmæli; það sem fært er í tal; beiðni; ósk. „Leyfinu fylgdi ámálgun um það að koma landshlutnum alla leið til eigandans“.

Áransári (l) Milt blótsyrði eða til áherslu/áréttingar. „Áransári! Þarna datt golþorskur af slóðanum; rétt við borðið“! „Þetta er áransári mikill bátur“!

Áransekkisen (l) Bönnvaður; fjárans; béaður. „Eru nú ekki áransekkisen hrútarnir komnir norður í Hryggi“!

Áransgrei (n, hk, m.gr.) Áhersluorð. „Lúðan var komin alveg uppundir borðstokk þegar hún sleit sig af, áransgreiði“. „Hann steingleymdi að loka hliðinu áransgreiði“.

Áransnær (fs) *Andskotansnær; fbandansnær*; staðið nær; verið betra. „Mér hefði verið áransnær að *halda* betur til dagsins í gær; það er ekkert hægt að *hreyfa hey* í dag“.

Árdegisflæði (n, kvk) Flóð/flæði/aðfall sem verður að morgni eða fyrripart dags. „Við settum á flot á árdegisflæðinni og vorum komnir á miðin um tíuleytið“.

Árdegisróður (n, kk) Róður sem farinn er snemma morguns eða fyrrihluta dags.

Áróðurskjaftæði / **Áróðursþvæla** (n, hk) Niðrandi heiti á skoðanamyndandi efni/riti/dagblaði/texta/ræðu. „Ég nenni ekki að lesa þetta áróðurskjaftæði í leiðaranum“. „Andskotans áróðursþvæla er þetta nú“!

Árstíðabrigði (n, hk, fto) Mismunur/breyting milli árstíða, t.d. í veðurfari. „Nú sýnist mér loks ætla að verða einhver árstíðabrigði þetta vorið. Eitthvað er að draga úr þessum *kuldaþræsingi*“.

Ásetningsgimbur / **Ásetningshrútur** / **Ásetningsslamb** (n, kvk/kk/hk) Lömb sem tekin eru til lífs að hausti; *öslugimbur/ösluhrútur/öslulamb; lífgimbur/lífhrútur/líflamb*. „Þarna áttu trúlega ásetningshrút“.

Áttamálfar (n, hk) Málfar, oft staðbundið, yfir áttir og stefnur. „Eitt er nokkuð merkilegt í þessu áttamálfari, og það er að þó við förum suður til Reykjavíkur, þá förum við alltaf vestur þegar við komum til baka“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms). Í Kollsvík er mest talað um eina af höfuðáttunum fjórum, en það er norður. Allar hinar eiga sér staðgengil sem oft var meira notaður en þær sjálfar. **Norðan** (*nordan*) er helsti örlagavaldur um lífsskilyrði í Kollsvík; manna, dýra og ekki síst gróðurs. Í þeirri átt verður að jafnaði kaldast, hvassast, sjóþyngst og mest sandrok og uppblástur. Eftir langvarandi *norðanáhlaup* að vetrarlagi má búast við að sandskaflar séu komnir upp á tún víða *handantil* í vikinni, og jafnvel út á Strympur; *seltumósta* sé á steinum, húsum og öðru; *illfært* sé milli húsa og fyrir þau fennt; vegir frá vikinni séu *kolófærir*; fé hafi verið lengi á *innistöðu*; frosið sé í vatnsbólum og *þústnað* hafi að hjá *mannfólki*. Norðanátt að sumarlagi þýðir ógæftir til *sjóarins* og jafnvel *heyskaða* ef hvasst er. Talað var um norðangarra; norðanbelging; norðanrosa; norðansteiting o.s.frv. Hinsvegar getur norðanáttin einnig boðað *bötun*; bjartviðri og þurrka eftir rigningatið og óþurrka. Reki verður stundum mikill eftir norðanáttir. Þegar farið er frá Láganúpi til Kollsvíkurbæjar eða Stekkjarmels er farið norður og það er þar er fyrir norðan. **Vestur** er einnig nefnt „út“ í Kollsvík eins og víðar. „Hann er að *ganga úti*“, var sagt ef vindur snerist til vestanáttar frá sunnanátt, því þá var von um óþurrki linnti. Ekki síst á sjó var talað um út; *útsuður* og *útnorður*. Vestanvindáttin getur orðið all hörð, þó sjaldan sé hún jafn skæð eða þaulsætin og norðanáttin. Vestansjór verður oft síst minni en norðansjór, og geta þá verið grunnbrot um alla vikina og brim *upp um miðjar* hliðar í Blakknum. **Sunnanátt** er nefnd með sínu nafni þegar rætt er um veður, en öðru máli gegnir þegar hún á við stefnu í vikinni. Að fara til suðurs norðan úr vikinni er að fara *yfir*, eða *yfirum*; þeir sem eru sunnantil í vikinni eru *fyrir handan*; *handanmegin*; bæirnir sunnantil í vikinni (Láganúpur, Grundir og Grund) eru *handanbæir* og íbúarnir *handanbæjafólk*. Sunnanáttir eru oftast óþurrkasamar að sumri og auka snjóþyngsli að vetri, en þeim fylgja oft hlýindi, leysingar, *gróðrarskúrur* og gæftir til sjóar. **Austanátt** er eflaust sú átt sem minnst er rædd í Kollsvík, enda eru áhrif hennar minnst. *Austnorðan* vindátt er að öllum jafnaði öruggasti þurrkur sem völ er á; oftast með sólskini og bjartviðri og iðulega einnig góðum *gæftum*. Stundum var *áttleysan* best, einkum til sjós, en betra

var þó að hafa einhverja *flæsu* ef hey var flatt. (VÖ)

„Fremur lítið er um það hér í sveit að höfuðáttirnar séu nefndar í daglegu tali, heldur eru notuð heimatilbúin tákni sem munu hafa verið notuð í aldaradri. Á Rauðasandi þar sem ég er uppalin er aldrei talað um norður, suður, austur og vestur nema um meiri fjarlægðir sé að ræða; t.d. suður í Reykjavík eins og er víst sagt um allt land. Svo segjum við þá austur á land, norður á firði (t.d. Ísafj.) en alls ekki vestur á Látrabjarg, heldur út á Bjarg, yfir á Patreksfj. en aftur norður í Tálknafjörð. Aldrei austur á Barðaströnd heldur inn á Barðaströnd. Það er einnig sagt á Patreksfirði inn á Barðaströnd, en það fer kannske að breytast því Vegagerðin segir gjarnan að Kleifarheiði sé fær suður á Barðaströnd.

Svo eru það áttirnar hér í Kollsvíkinni: Hér er þó til norður, en ekki aðrar höfuðáttir. Við segjum norður í Kollsvík frá Láganúpi; það er í NA, en frá Kollsvík er farið yfir að Láganúpi. Bærir sunnan til í víkinni hétu handanbærir en hinir norðan til voru norðanbærir. Svo förum við fram í Vík sem er dalurinn hér fram af Kollsvíkinni og út á Víkina var róið til fiskjar. Við förum inn á Rauðasand og inn á Patreksfjörð; inn í Hænuvík (sem er næstum í austur) og út í Breiðuvík (suðvestur) og svo áfram út að Látrum. Svo eru aftur nefndar áttir í verðufari t.d. útsunnan er suðvestan og norðangarður er vitanlega hvöss norðanátt. Svo er hér talað um aðlögn (sem annarsstaðar er nefnd innlögn) í fjörðum í sterku sólskini þegar landið hitnar um miðjan daginn. Eitt er nokkuð merkilegt í þessu áttamálari og það er að þó við förum suður til Reykjavíkur þá förum við alltaf vestur þegar við komum til baka. Líka segjum við norður á Firði. t.d. Ísafjörð, en vestur þegar við komum til baka. Kannske er eitthvað fleira sem ég ekki man í bili“ (SG; Áttamálari; Þjhd.Þjms).

Ávið (fs) Til jafns við; í samjöfnuði við. „Hann rignir enn, en það er þó lítið ávið úrhellið í gær“.

Baðstjórn (n, kvk) Stjórnun *sauðfjorböðunar*. Til þess var starfandi *baðstjóri* á vegum hreppsnefndar.

Bakholdamikill (l) Sterkur; með mikla vöðva á baki og herðum. „Stelpurnar mínar“, sagði ég við Guðjón og skyrpti útúr mér söltum sjó. „Vorur þær svona fjandi bakholdamiklar; eins og þessi sem er að koma þarna“? Ég leit fram: Æðandi brotsjór kom á móti okkur og reis hátt“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Bakpokakútur (n, kk) Plastkútur sem getur fallið ofaní bakpoka. Fremur litlir kantaðir kútar undanmaurasýru hentuðu vel í slíkt. Voru bakpokakútar notaðir til að bera múkka- eða svartfuglseggi og fóru mjög þægilega á baki. Þeir tóku um 100 egg, eftir því hvernar tegundar þau voru.

Bakstur (n, hk) Basl; erfiðismunir; bjástur. „Ég var löðursveittur eftir allt þetta bakstur og basl“. „Það kostaði okkur allnokkuð bakstur að *bjarga* trénu frá sjó“.

Ballfær / Ballklár (l) Hæfur/tilbúinn til að fara á ball/dansleik; vel þrífinn/þveginn. „Þú ert varla ballfær fyrr en þú ert búinn að skrúbbast af þér mestu skítaskánirnar“. „Þá held ég að maður sé að verða ballklár“.

Bambuskarfa (n, kvk) Karfa fléttuð úr bambustágum. Bambuskörfur voru mikið notaðar undir fisk áður en plastlát leystu þær af hólmi. Mikið rak af þeim í Kollsvík og víðar, og voru þær mjög hentugar til gjafa á votheyi. Heyið var þá borið í þeim frá votheysgryfju að jötu. Mælieiningin var þá *svo og svo* margar körfur á jötuna, en átt var við nokkuð kúfaðar körfur.

Bandfesta (s) Festa með bandi/taum; tjóðra. „Ekki tókst honum að bandfesta heimasætuna“.

Bandstuðningur (n, kk) Um bjargferðir; stuðningur/hjálp af bandi/vað. „Það er kannski möguleiki að komast yfir *ófaruslefruna* með bandstuðningi“.

Bannvítans / Bannvítis (l/uh) Vægt blótsyrði/áhersluorð, oftast notað með nafnorði. „Ég hef sjaldan heyrt álika bannvítans endaleysu“! Sjá *benvítans/benvitis*.

Bardónur (n, kvk, fto) A. Band til að festa hluti niður, t.d. til varnar foki; sig. „Þú ert búinn að setja feikna bardónur á bátinn; hann ætti varla að fjúka úr þessu“. B. Rammgerð smíði; t.d. slagbrandar fyrir hurð eða *hrútabardónur* í hrútaskútu.

Barningsfærð (n, kvk) Þæfingur; erfitt færi. „Það var barningsfærð yfir *háhálsinn*“.

Barningssteinn (n, kk) Stór steinn nærri húsum sem nýttur er til að berja á harðfisk. Þetta heiti var almennt notað í Kollsvík, en virðist ekki þekkt annarsstaðar, sbr; „...hverju býli fylgdi fiskasteinn/barsmíðasteinn/börðusteinn/börslusteinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Barningstíð / Barningstíðarfar (n, kvk/hk) Erfitt/slæmt tíðarfar; harðindi. „Þetta fer að verða bölvuð barningstíð ef svona gengur áfram“.

Baunarækt (n, kvk) Ræktun bauna til manneldis. Var stunduð að einhverju marki á Rauðasandi um tíma. „Utan við Helgulind eru grasbakkar, nefndir Hvanngarðar. Líklega hefur verið þarna baunarækt“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhamms).

Bágt (n, hk) Gæluorð um minniháttar meiðslí/sárindi. „Á ég að kyssa á bágtið hjá þér stubbur minn“?

Bárugutlandi (n, kk) Nokkur sjógangur; *ófríður* við veiðar. „Hann reif upp dálitinn bárugutlanda með norðangolunni“.

Bárusláttur / Báraveltingur (n, kk) Veltingur; nokkur sjór; *ófriður*. „Bölvaður bárusláttur er þetta í koppalogni; þetta hlýtur að vera langt að komið“. „Það gerði dálítinn báravelting þega leið á daginn“.

Bárusláttur / Bárusperringur / Vindbárusperringur (n, kk) Allmikil vindbára, sem oft lifnar þegar gerir golukast þó sjólaust sé að öðru leyti. „Eitthvað er hann að auka bárusláttinn af vestri“. „Hann er að rífa upp einhvern bölvaðan vindbárusperring; það fara að verða leiðindi að hanga á netum ef hann eykur þetta meir“.

Bárutypingur (n, kk) Typingur; brött bára, en þó ekki stórsjór. „Hann er eitthvað að ganga niður með þennan bárutyping sýnist mér“.

Báruvottur (n, kk) Dálítill bára, en þó ekki til ama. „Ekki þýddi að sjóstja tunnubát ef einhver báruvottur var“.

Báthróf (n, hk) Naust; hlaðið geymsluhús eða tóft fyrir bát. „Sagt er að veiðistöð hafí verið við Bjarnanes og mikið er af báthrófum utan við nesið“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhamms). Dæmi orðabókar HÍ annarsstaðar af landinu sýna aðra merkingu, eða bátskrifli/lélegur bátur. Slík var ekki merking þess í Rauðasandshreppi.

Behollning (n, kvk) *Útgangur*; útlit; afkáralegur klæðnaður. „Hvers konar behollning er eiginlega á þér drengur? Þú ferð ekki út í náttfötunum þó þú sért með húfu!“ „Það var orðin frekar larfaleg behollning á karlinum þegar hann fór af þorrablótinu“.

Beinahjasl / Beinahjastur / Beinamusl / Beinarusl (n, hk) *Úrgangur* sem að uppistöðu er bein; beinflisar. „Hér er eitthvað beinahjarsl fyrir hundinn“. „Það situr eitthvað beinahjastur fast milli tanna á mér“. Óttalegt beinamusl er í þessum harðfiski“. Líklega hafa orðin áður verið notuð um fiskbein sem barin höfðu verið til skepnufóðurs.

Beinakjanni / Beinakjammi (n, kk) *Kjannaður/kollaður*/klofinn og hertur steinbítshaus; tveit kjannar sem hanga saman á granabeinum/kjaftabeinum (sjá *steinbítur*).

Beinfrost / Beingaddur (n, hk) Hörkufrost; heljarfrost. „Féð gerir lítið í fjöru í þessu beinfrosti“.

Beinfrysta / Beingadda (s) A. Um veðráttu; hlaupa í mjög mikið frost. „Hann er að beinfrysta um leið og hægir vindinn“. B. Verða mikið frosinn. „Það er hætt við að beingaddi í drykkjarilátunum núna“.

Beitarhefð (n, kvk) Hefð fyrir því að bóndi beiti fé sínu á jörð í eigu annars. „Þannig var hefð fyrir því að fé úr Kollsvík nýtti bithaga í Breiðuvík; einkum fé frá Láganúpi og Grundum“.

Beitarskortur (n, kk) Ekki næg beit fyrir sauðfé. „Kom allur fénaður á innistöður með desembermánuði, sem hélst sökum beitarskorts fram á fyrstu viku góu“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1937).

Beitningaraðstaða / Beitningarpláss / Beitningarskúr (n, kk) Staður þar sem lína er beitt.

Beitningartrilla (n, kvk) Búkki með snúningsborði, sem línubali er hafður á meðan lína er beitt í hann. Unnt er að snúa balanum og með því ná auknum hraða við beitninguna.

Beitningarvettlingar (n, kk, fto) Vettlingar sem henta til að hlífa höndum og ná betra taki á beitunni. Vanalega þunnir bandvettlingar.

Beitningarvinna (n, kvk) Vinna við beitningu fiskilínu.

Beitukutti (n, kk) A. Beituhnífur; kúfiskhnífur; hnífursem hentar til að ná innanúr kúskel og skera í hæfilega beitu. Hentugur beitukutti er með stuttu blaði og voru oft notaðir oddbrotnir hnifar. B. Líkingamál um oddbrotninn hníf. „Þessi vasahnífur er nú orðinn hálfgerður beitukutti“.

Beitupoki (n, kk) Þegar róið var með línu úr Kollsvíkurveri var beitt kúfiski, sem að mestu var sóttur inn í Skersbug. Hann var tíndur í strigapoka og geymdur lifandi í nokkra daga í sjó. „Nú vorum við með beitupokana í bátnum, svo tókum við salt eins mikið og hægt var“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Bekkfella (s) *Fella/setja inn* net í *fellingabekk* (sjá þar og *hrognkelsi*). Önnur aðferð var að *nálfella* netin.

Bekkfelling (n, kvk) Felling nets í bekk. Sjá *setja inn*.

Belgingsgola / Belgingskaldi / Belgingsvindur (n, kk) Allhvass/stífur vindur. „Hann var farinn að leggja upp belgingsgolu“. „Uppi á brúninni mætti okkur norðan belgingsvindur“.

Belgingsháttur (n, kk) Mont; spjátrungsháttur; stærilæti. „Þessi belgingsháttur er leiðinlegur til lengdar“.

Belgingshvass (l) Allhvass; nokkuð mikill vindur. „Búðu þig nú almennilega; hann er belgingshvass“!

Belgnef (n, hk) Sá hluti á lóðabelg sem hann er festur með í bandið/niðristöðuna. Í belgnefinu er oftast auga sem bundið er í.

Beljugrey / Beljukvikindi (n, kvk) Gæluorð um kú. „Það er ekki hægt að ætla beljukvikindinu að stökkva yfir lækinn; eins síðjúgra og stirð og hún nú er“!

Beltishali (n, kk) Endi rafabeltis af lúðu (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: ÞJ Hvallátrum).

- Bennaður / Bennvaður** (l) Mild blótsyrði; bölvvaður; fjárans; skrattans; béans. „Bennuð vandræði eru þetta; að hafa ekkert eggjalát við hendina“. „Bennvaður hrafninn hefur stolið frá mér skærunum“!
- Bensínbrúsi / Bensíndunkur / Bensínkútur** (n, kk) Ílát til að geyma og flytja bensín í. Mikilvægt er að unnt sé að loka tappanum þétt og tryggilega.
- Benvaður** (l) Bölvvaður; árans; *bönnvaður*. Vægt blótsyrði; notað enn af Kollsvíkingum til áhersluauka. „Benvaður hrúturinn hefur brotið jötufjölna“. „Benvaður hávaði er nú í ykkur strákar“!
- Benvítans** (n, kk, ef.m.gr.) Áhersluorð/ milt blótsyrði á undan nafnorði. „Benítans vandræði eru þetta“! „Ég missti af benvítans tófunni ofaní urð“!. Annarsstaðar þekktist „benvítis“ en það heyrðist ekki vestra.
- Berbeinóttur** (l) Svo grannholda að beinabygging er áberandi. „Óttalega er hún orðin berbeinótt og ræfilsleg hún Rauðka“. Orðið var notað í þessari mynd vestra, en annarsstaðar þekktist „berbeinaður“.
- Bergröðull** (n, kk) Klettaþil; vegghamrar. „En brátt hefur sig upp að nýju stakur bergröðull, uppmjór sem klakkur, og liggur niður hlíðarjaðarinn sem þunnur kambur, *frambryndur*, allt niður í fjöru, og endar í *strengbergi*. Má í raun heita *ógengur* um þvert, en hefur þó verið klifinn en þykir glæfraför“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).
- Bergskil** (n, hk, fto) Skil á milli láréttra berglaga í standbergi/bjargi/klettum. „Bergskilin sem Miðlandahilla er í, liggja um allt bjargið“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).
- Berjabox / Berjadolla / Berjadós** (n, hk/kvk) Lítið ílát sem ber eru tínd í. „Berjabox okkar strákanna voru oft tómar blikkdósir undan tóbaki eða mat. Minnstu berjadollurnar oru annaðhvort neftóbaksdósir eða flatar dósir undan reyktóbaki; með loki í endann. Þar fyrir ofan voru niðursuðudósir; stærri reyktóbaksdósir eða lítil gerbox. Næsta stig voru teningslaga, stór gerbox og þar fyrir ofan fötur með haldi. En þá voru menn komnir í „fullorðinsflokk“ í berjatínslunni“. „Berjadósinn var orðin *axlafull*“.
- Berjakoppar** (n, kk, fto) Gæluorð um ber, oftast þá í litlu magni. „Ég tíndi fáeina berjakoppa í nestisboxið ef þið vilduð smakka“. Sjá einnig *eggjakoppar*.
- Berjasía / Hratsía** (n, kvk) Sía/poki úr ofnu efni sem berjahrat er sett í eftir að ber hafa verið hökkuð. Hún er síðan hengd upp yfir ca eina nótt, til að láta saftina renna úr hratinu í ílát. Oft var notað sama grisjuefni í síuna eins og var í ketpokum eða taubleium, og tók það gjarnan varanlegan lit af saftinni.
- Berjast** (s) A. Eigast við í orrustu/stríði. B. Afra berja. „Okkur berjast mun betur í þessari ferð en hinni fyrri“. Orðið finnst ekki í orðabókum í síðari merkingunni, þó hin fyrri sé algeng.
- Berjaveður** (n, hk) Veður sem unnt er að nýta til berjatínslu. „Þetta er nú ekki heppilegt berjaveður, meðan hann gengur á með *þyngslaskúrum*“.
- Berrassað kaffi** (orðtak) Kaffi sem borið er fram án mjólkur og meðlætis. Orðtakið er upprunnið hjá Kristni Ólafssyni í Hænuvík. Hann var lengi landpóstur í Útvíkum og notaði þetta í fyrirlitningartón ef svo slysalega vildi til að honum voru bornar slíkar *trakteringar*. Venja var að bera fram vel útlátið *póstkaffi*“.
- Beygaldi / Beygur** (n, kk) Ótti; óhugur. „Það er alltaf einhver beygur í mér þegar ég fer þarna um í myrkri“. „Einhver ónota beygaldi læðist að manni við þessa tilhugsun“. Ekki er ljóst um uppruna orðsins, en e.t.v. vísar það til þess sem veldur beyg/hræðslu; „beygvaldi“, sem hefur breyst lítillega í framburði og notkun.
- Bésefans / Bésvítans / Bévíans / Bévítis / Bévíti / Bévítis** (upphrópun) Áhersluorð; nokkurskonar mildir blendingar af *bölvvaður*; *andskotans*. „Bésefans hávaði er nú í ykkur strákar; það heyrir ekki mannsins mál“! „Ég held þetta hljóti að vera bésvítans lygasaga“. „Bévíans vandræði eru þetta“. „Bévítis kvikindi; hann hækkaði sig fljótt þegar hann sá byssuna“!
- Bévítansári** (uh) Upphrópun til áhersluauka; vægt blótsyrði. „Það var bévítansári sárt að fá þetta ofaná fótinn“.
- Bikamyrrkur** (n, hk) Niðamyrrkur; svartamyrrkur. „Það varð bikamyrrkur í hlöðunni þegar slökknaði á ljósinu“.
- Biksvartaþoka / Bikapoka / Bikþoka** (n, kvk) Mjög dimm þoka. „Það skall á okkur þreifandi biksvartaþoka svo við tókum snarvitlausu stefnu“. „Við fengum bik af þoku inneftir...“ (ÓG; Úr verbúðum í viking).
- Bindindisstarf** (n, hk) Starf að bindindismálum; varnir gegn misnotkun áfengis og tóbaks. „Drukkið! Ég minnst þess ekki að ég sæi vín á manni í Verinu. Hér starfaði þá ungmennafélag sem Valdimar Össurason var driffjöldrin í. Hann gekkst fyrir bindindisstarfi; bæði á vín og tóbak, og mun enginn maður í sveitinni hafa notað vín eða tóbak“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Bindingalaus** (l) Án bindinga. „Skíði pantaði Einar frá Noregi; *furuskíði*, bindingalaus“ (IG; Æskuminningar).
- Biskupsþúfa** (n, kvk) Þúfa sem biskup hefur setið á. „Biskupsþúfa nefnist steinn í Kollsvíkurtúni; milli núverandi bæjarhúss og Gvendarbrunnns. Henni fylgja tvær sagnir fornar. Önnur er sú að undir henni eigi Kollur landnámsmaður að hafa fólgið vopn sín og sjóði. Þúfan er í sjónlínu við Kollsléiði á Blakkniðbunni, þar sem Kollur á að vera heygður. Ógæfa liggur við þúfunnier raskað eða í hana grafið. Hin sögnin segir

að á þúfinni hafi Guðmundur biskup góði áð, á leið sinni til að vígja Gvendarbrunn og af honum dragi þúfan nafn. Ekki er ólíklegt að biskup hafi haldið ræðu frá þúfunni yfir fylgdarliði sínu og heimamönnum, enda aðstaða til þess góð þarna á túnbrekkunni. Má vera að þar hafi hann minnst Kolls og hinna forgengilegu auðæfa hans“ (VÖ).

Bitjörð (n, kvk) Nægilegur gróður til beitar. „Það er að verða sæmileg bitjörð úti í Vatnadal; við rekum nokkrar lambær þangað á morgun“. „Ég get nú ekki séð mikla bitjörð á þessum berangri“.

Bíður sér ekki til batnaðar/bóta (orðtak) Nokkuð notað orðtak í Kollsvík. „Ég ætla að fara að fara að létta aðeins á haughúsinu; það bíður sér ekkert til batnaðar“. „Þú ættir nú að skreppa út með ruslið; það bíður sér ekki til bóta“. Orðið bötnuður er ekki þekkt í annarri notkun.

Bísa (s) Stela; *gripla*. „Nú hefur huldufólkið bísað gleraugunum mínum eina ferðina enn“. „Hann hefur bísað vasahnífnum mínum, árans *melurinn*“.

Bjargfé / Bjargfénaður / Bjargrolla (n, hk/kk/kvk) Sauðfé sem gengur í eða á Látrabjargi. „Bjargféð er undantekningarlaust vænt, en afföll geta þar orðið nokkur“. „Á seinni árum búakapar í Kollsvík var bjargrollum markvisst fækkað, enda fylgdi þeim gjarnan nokkuð umstang að hausti“.

Bjargfiðringur (n, kk) Eggjafiðringur; löngun til að fara í *bjargferð/eggjaferð*. „Á hverju vori greip mann þessi óviðráðandi bjargfiðringur. Við honum var ekki nema eitt læknisráð“.

Bjarggengið (l) Um sauðfé; það sem hefur/gengið til beitar í bjargi/Látrabjargi. „Alltaf skila þær góðum lömbum þær bjarggengnu; ef þær misfarast ekki“.

Bjarghlunnindi (n, hk, fto) Hlunnindi af bjargnyttjum. „Sem dæmi um hvað mikið var lagt upp úr þessum bjarghlunnindum skal ég segja þér sögu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Bjarghugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir um *bjargferð, eggjahugleiðingar*. „Mér skildist að þeir væru í einhverjum bjarghugleiðingum í dag“.

Bjarglega (n, kvk) Nægilega *lygnt* til að *leggja að* undir Látrabjargi til eggjatöku. „Mér sýnist að nú gæti verið komin bjarglega; það *lóar* ekki við hleinina“. Ef ekki hvítnaði við Straumsker í Kollsvík um fjöru voru taldar líkur á bjarglegu. Sama viðmið var í Breiðuvík; ef ekki hvítnaði í Fjarðarhorni var nokkuð örugg bjarglega.

Bjargleiðangur (n, kk) Ferðalag til eggja/fyglinga út á eða undir Látrabjarg; *bjargferð; undirbjargferð*. „Ég fór ekki með þeim í þennan bjargleiðangur“.

Bjargnibba (n, kvk) Nibba sem stendur upp/út úr bjargi/kletti. Traustar nibbur má oft nota til að bregða á eða festa vað/lásbandi. „Áður en lauk vorum við komnir það langt niður í Bjargið að þraut sextugan vað sem við höfðum fest um stein eða bjargnibbu á grasganginum, þar sem við byrjuðum fuglatekjuna“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Bjargreisa (n, kvk) Gæluheiti á *bjargferð/bjargleiðangri*. „Bjargreisan tók lengri tíma en áætlað var“.

Bjargskrúði (n, kk) Yfirhöfn bjargmanns í eggjatöku; *eggjaskyrta*. „Sigarinn steypir yfir sig bjargskrúðanum, sem er stór strigakuffl. Á honum eru op fyrir höfuð og handleggi; svo stór að inn um þau geti hann látið inná sig eggin. Hypjar hann svo kuflinum sem best uppá bakið og bindur hann svo með snæri að sér um mittið, svo að eggin hrynji ekki niður. Í þenna bakpoka komast um 150 egg. Ennfremur hefur hann poka undir egg á öðrum handleggnum“ (ES; Látrabjarg; Barðstrendingabók).

Bjargsmölun (n, kvk) Smölun Látrabjargs, Bæjarbjargs, Breiðavíkurbjargs og Keflavíkurbjargs. „Þeir ætla í Bjargsmölun á þriðjudaginn“.

Bjargtóg / Bjargvaður (n, kk) *Bjargfesti*; festi sem sigara er slakað í niður í bjarg til eggja eða *fyglinga*.

Bjargvegur (n, kk) Vegur sem farinn er til að komast á bjarg til að nytja það. „Út yfir framanverðan Múlann lá bjargvegurinn frá Breiðavík, fyrst út í Engidal en síðan út Flatir“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Bjarmalandsferð / Bjarmalandsleiðangur (n, kvk) Ferð í mikilli tvísýnu; óvissuferð. Uppruna orðisins má rekja til víkingatímans, en Bjarmaland nefndu víkingar héruðin í kringum Hvítahaf. Ferðir þangað voru hættulegar og tvísýnar og af því er líkingin dregin. Almennt notað í Kollsvík um slíkar ferðir, allt fram á þennan dag: „Þetta verður líklega einhver bjarmalandsferð hjá okkur“.

Bjarnarbæli (n, hk) Hættulegur staður; ljónagryfja. „Hann sagðist hafa fengið óbótaskammir þegar hann kom þar síðast; hann færi nú ekki að hætta sér í það bjarnarbæli á næstunni“.

Bjartimorgunn (n, kk) Bjart af degi. „Það var komið fram á bjartamorgunn þegar ég vaknaði“.

Bjartsýnishljóð / Bjartsýnistónn (n, hk/kk) Um það þegar aukinnar vonar/bjartsýni gætir í því sem sagt er. „Það er ekki mikið bjartsýnishljóð í bændum eftir þessar breytingar“. „Einhver bjartsýnistónn var kominn í hann um áragurinn“.

- Bjálfagangur / Bjálfaháttur / Bjánaskapur** (n, kk) Heimska; kjánaháttur. „Skelfingar bjálfagangur er nú í honum“! „Það er bjánaskapur að halda að þetta sé hægt“.
- Bjánagangur / Bjánaskapur** (n, kk) Aulaháttur; fíflagangur; kjánaskapur. „Hverskonar bjánagangur var í þeim að æða á sjó í svona veðurútliti“?!
- Bjánaglott** (n, hk) Óviðeigandi/aulalegt bros. „Það ætti að hverfa eitthvað af honum bjánaglottið þegar ég sýni honum þetta svart á hvítu“!
- Björgafl / Bjórþil** (n, hk) Hálfþil; hálfgafl; þríhyrnt þil í húsi, t.d. ofan hlaðinna veggja og dyra í gaflí húss. „Ég hlóð reykkofa uppúr gamalli sauðatóft í Ytragili, með björgaflí beggja vegna“. Bjór merkti að fornu þríhyrningslaga stykki; t.d. gafl í kænu. Bjór merkti í upphafi e.t.v. fleygur sem barið er á, og orðstofninn því sá sami og að „berja“ og e.t.v. einnig „bor“.
- Bjúgusneið** (n, kk) Sneið af bjúga. „Settu nú tvær bjúgusneiðar á diskinn fyrir mig“.
- Blaðlóm** (n, kvk) Lóm með blöðum/flipum báðumegin við liðinn, og eru blöðin skrúfuð/negld á undirlagið. Blaðlamir geta verið af margvíslegum stærðum og gerðum, og notaðar á t.d. hurðir, kassa, kistur, hlið o.fl.
- Blaðpinni** (n, kk) Nýyrði Valdimars Össurarsonar; eitt af nokkrum sem nauðsyn hefur reynst á, vegna fyrstu þróunar sjávarfallahverfla á Íslandi. Blaðpinni merkir tein/pinna/ás sem gengur því sem næst hornrétt út frá meginási hverfilsins, en á blaðpinnanum leikur blaðið þegar það opnast og lokast í straumnum til að fanga orku straumpungans. Margir blaðpinnar geta verið á sama meginás; tærð þeirra, lögun og halli getur verið með ýmsu móti; sem og festing blaðsins við þá“ (VÖ).
- Blaðstoppari** (n, kk) Sá hluti *sjávarfallahverfils* sem gegnir því hlutverki að stöðva snúning blaðsins um *blaðpinnann*, þegar blaðið er komið í opna stöðu. Orðið er nýyrði, tekið upp af Valdimar Össurarsyni vegna þróunar fyrstu íslensku hverflanna sem ætlaðir eru til nýtingar *sjávarfallaorku*. Í einkaleyfalýsingum og öðru máli er orðið stundum stýtt í „stoppari“.
- Blakkferð / Breiðsferð** (n, kvk) Eggjaferð/eggjaleiðangur í Blakk/Breið. „Við stefnum að Blakkferð á laugardaginn“. „Háfurinn er úti á brún, frá síðustu Breiðsferð“.
- Blammeringar** (n, kvk, fto) Svívirðingar; niðrandi ummæli; ákúrun. „Maður getur nú ekki vel setið þegjandi undir svona blammeringum; alveg sárasaklaus“!
- Blautlegur** (l) Um veðurlag; rigning; vætusamt; vott. „Hann er búinn að vera fjári blautlegur í tíðinni“. Virðist ekki hafa verið notað í þessari merkingu annarsstaðar.
- Blákantur** (n, kk) Mjög tæpt á kanti (t.d. vegkanti). „Honum var illa við að fara bílförin þar sem þau lágu á blákantinum“. Sjá *blábrún*.
- Blásarareim** (n, kvk) Kílreim sem færir afl yfir á blásara frá vél eða rafmótor.
- Blásarastokkur** (n, kk) Steyptur stokkur sem lofti er blásið um; hluti af súgþurrkunarkerfi í hlöðu.
- Blásnúningur** (n, kk) Háliggjandi; fallskipti; stuttur tíma straumleysu meðan *skiptir falli*.
- Blásteinn / Blásteinslútur** (n, kk) Koparsúlfið sem notað var til litunar á skinni. Sjá *gæra*. „Skinnin sem notuð voru til skinnklæðagerðar voru misjafnlega undirbúin. Sum voru blásteinslituð, og þótti það verja fúa“ (KJK; Kollsvíkurver). „Gætur sem nota átti í sjóklæði voru rakaðar með flugbeittum hníf; síðan lagðar í blásteinslút. Blásteinn var fluttur inn í föstu formi, en síðan leystur upp með vatni og notaður sem rotvarnarefni“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurveri; Niðjatal HM/GG).
- Blátungubroddur** (n, kk) Fremsti oddur tungunnar þegar hún er rekinn út úr munn. „Ég þorði ekki að smakka á þessu, en rak í það blátungubroddinn“.
- Blesmæltur** (l) Blestur í máli; smámæltur; getur ekki sagt „s“. „Hann var stórgáfaður, en áberandi blesmæltur“.
- Blettfaett** (l) Um lit á sauðfé; hvít með svarta(n) blett(i) á fótum. „Blettfóta er að bera uppi undir Hjöllum“.
- Bleytrullu / Bleytuslydda / Bleytuskítur** (n, kvk) Mjög blaut slydda; slydda sem bleytir mjög fót og annað; nærri rigning. „Þetta er ljóta bleytrullan; maður er innúr með það sama“! „Er ekkert að draga úr þessum bleytuskít“?
- Bleytuseil** (n, kvk) Mýrlent svæði; fen. „Björnsáll er mýrarfláki framan og ofanvið Prestavaðið... Þessar mýrar voru með miklum bleytuseilum og alófærar stórgripum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Bleytukóf / Bleytusviðringur** (n, hk) Skafmoldarbylur í frostlausu veðri, þannig að kófið bráðnar um leið og það sest á fót og hörund. „Maður verður blautari í þessu bölvuðu bleytukófi en í hellirigningu“. „Féð varð forblautt í bleytusviðringnum“.
- Blikklippur / Blikkskæri** (n, kvk/hk, fto) Verkfæri til að klippa blikkplötu, t.d. þakjárn. „Hvar lagði ég nú frá mér blikklippurnar“.

Blindaél / Blindél / Blinduél (n, hk) Blindhríð; blindbylur; svartaél; svo dimmt él að ekki/illa sést hvert gengið er. „Það gerði á okkur blindaél uppi á Aurtjörninni, svo við urðum hreinlega að stoppa“. „Við skulum hinkra aðeins með að fara af stað; hann er að koma með blindél“. „Hann er að skella á með blinduéli sýnist mér“.

Blindhríð / Blindhríðarbylur / Blindkóf / Blindukóf (n, hk) *Blindöskubylur*; fingert snjóköf, svo þétt að varla sést út úr augum. „Það var þvílíkt blindkóf að við urðum hreinlega að stoppa *trekk í trekk* til að lenda ekki útaf veginum“. „Við lentum í blindukófi þegar kom niður í brekkuna“.

Blindsvartapoka (n, kvk) Mjög dimm þoka; niðapoka. „Það er komin blindsvartapoka og náttmyrkur, svo við komum okkur saman um að fara eftir veginum að Breiðavík“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Blíðskaparhaust / Blíðskaparumar / Blíðskaparvetur / Blíðskaparvor (n, hk/kk) Árstíðir sem þykja mildari/betri/hlýrri/lygnari en í meðallagi. „Þetta hefur bara verið blíðskaparhaust, það sem af er“.

Blíðskapartíð / Blíðutíð (n, kvk) Langur blíðviðriskaflí. „Það má ýmislegt gera í svona blíðskapartíð“.

Blotaél / Blotaskítur (n, hk/kk) Slydduél. „Ég lenti í blotaéli á leiðinni og er alveg *eins og hundur af sundi dreginn*“. Það þýðir ekkert að láta fêð út í þennan blotaskít; við skulum *láta sjá* örlítið“.

Blóðbakki (n, kk) Grunnt ílát sem blóð úr kind er látið renna í þegar henni hefur verið slátrað, meðan hrært er rösklega í því. Í seinni tíð eru notuð plastföt, en áður hafa líklega verið notuð trog.

Blóðbrúsi (n, kk) Ílát sem blóð er kælt í. Meðan mjólkursala var í Kollsvík var mjólk geymt í mjólkurbrúsum sem kældir voru í upprettuvatni eins og mjólkín, t.d. í Kaldabrunninum.

Blóðforeldrar (n, hk, fto) Foreldrar barns, sem getið hafa það sjálf; ekki *kjörforeldrar kjörbarns*.

Blótsyrðabálkur / Blótsyrðaðflaumur / Blótsyrðaruna (n, kk) Ljótur *munnsöfnuður*; *samantvinnuð* blótsyrði. „Hann las yfir strákunum vel valinn blótsyrðabálk og skipaði þeim að fara til baka og sækja kindahópinn“. „Hann var víst ekki fagur blótsyrðaðflaumurinn, þegar karlinn datt kylliflatur í forina“.

Blússugopi / Blússuræfill (n, kk) Léleg blússa; rifinn/slitinn/þunnur vinnustakkur. „Hefurðu ekkert utanyfir þig annað en þennan blússuræfil“? „Þessi blússugopi er nú ansi skjóllitill í svona brunagaddi“.

Blýateinn / Blýapinur (n, kk) Neðri *teinn/þinur* á neti nefndist oft svo, meðan hann var þyngdur niður af litlum, blýhólkum; netablýi. Hólkarnir voru steiptir heima; *geymablý* brætt í *deiglu* og blýbráðin látin renna í mót á sérstakri *blýatöng*.

Blýatöng (n, kvk) Mót til að steypa netablý, fest framan á töng til hagræðis. Bráðnu blýi er rennt í lokað mótið; því dýft í vatn til kælingar og losað með því að opna töngina. Sumir áttu slíkar tengur á blómatíma grásleppuútgerðar í Rauðasandshreppi, og lánuðu gjarnan öðrum. Þá felldu flestir net sín sjálfir.

Blýbráð (n, kvk) Bráðið blý sem notað var m.a. til að steypa *netablý* á *blýapin* (sjá þar).

Blýfesta (n, kvk) Festa sem erfitt er að losa/losna úr. „Leggðu ekki of nálægt hleininni. Þar lenti ég einusinni í þvílíkri blýfestu að ég *flengreif* netið og þurfti að skera á *blýateininn*“.

Blýaflækja (n, kvk) Flækja sem verður í neti við það að eitt eða fleiri blý á blýapini/blýateini slæst inn í netið í lagningunni. Sjá *innísláttur* og *kubbaflækja/korkaflækja*.

Blöðruspark (n, hk) Knattspyrna; það að sparka bolta. „Ég hef aldrei skilið hversvegna fullorðið fólk *leggur sig niður við* þetta tilgangslausa blöðruspark“!

Boldangflík (n, kvk) Ruðamikil/ fyrirferðarmikil flík. „Þessi úlpa er boldangflík; og mikið helvíti er hún nú hlý og skjólgóð“.

Boldangstré (n, hk) Stórt rekatré. „Þarna var mikið sprek á fjörum og fáein boldangstré“.

Boldangsfiskur / Boldangsporskur (n, kk) Stór/vænn fiskur; auli; golþorskur. „Þú dregur hvern boldangsfiskinn eftir annan en ég fæ tóma aumingja“! „Þarna dró ég hvern boldangsporskinn eftir annan“.

Boltafjandi (n, kk) Niðrandi heiti á boltaíþróttum; töluvert notað af þeim stóra hópi Kollsvíkinga sem hefur lítinn áhuga eða skilning á þeirri íþrótt. Þar eru þó nokkrar undntekningar á í seinni tíð. „Ekki skil ég hvernig nokkur lifandi sála getur fengið sig til að eyða tíma yfir þessum boltafjanda siknt og heilagt“!

Boltatuðra (n, kvk) Gæluheiti á fót- eða handbolta. „Ég hef aldrei nennt að eltast langtímum saman við einhverja boltatuðru, og skil illa þá sem hafa gaman af svo tilgangslausu hoppi“.

Borðafullur (l) Bátur sem fengið hefur áfall og fyllst af sjó;*borðstokkafullur*. „Aftur veltur báturinn og er nú kjólréttur, en borðafullur“ (KJK; Kollsvíkurver). Orðið finnst ekki í orðabókum.

Borðfletta (s) Fletta/saga tré í borðvið. „Þessi bolur er beinn og kvistalaus; það má vel borðfletta honum“.

Borðstokkafylla (s) Fylla bát upp á borðstokka, svo hann marar í kafi. „Brotsjórinn óð með hleininni og framyfir skut bátsins, svo hann borðstokkafyllti á augabragði; áhöfn og farviðir köstuðust ýmist uppá hlein eða í sjóinn, en ekkert tapaðist þó“.

Borgarnef (n, hk) Lyktnáemi aðkomumanns á þá lykt sem fylgir sveitum og búskap, s.s. *ffósalykt* og *votheyslykt*. „Þú verður bara að setja nefklemmu á þitt borgarnef meðan þú gefur votheyið, en annars venst þetta fljótt“.

Botnfullur (l) Um ílát; með innihald sem hylur botninn. „*Berjadósinn* var rétt botnfull“.

Botnfylli / Botnhylur (n, kvk/kk) Það þegar komið er svo í ílát að botninn er hulinn/þakinn. „Í fyrstu berjaferðunum þótti manni það skítt að fá ekki nema botnfylli meðan eldri strákarnir voru komnir með hálf sín *berjabox*. En þeir *tindu* heldur ekki eins mikið *uppí sig*.“

Botngefa (s) Um bíl; stíga bensínjöfina í botn. „Það kom bölvuð bensínstífla í bílinn hér norður á vegi. Ég varð að botngefa honum í lágum gir til að koma honum heim“.

Botnkyrrð (n, kvk) Straumleysi við botn sjávar vegna viðnáms, þegar straumur er í efri lögum vegna t.d. sjávarfalla. Fallastraumur er alljafna mestur í yfirborði sjávar, en fer minnkandi til botns; minnkar örast næst botninum og þar er oft straumleysi/botnkyrrð. Í röstum er óreglan þó mun meiri, enda myndast þar tíðum iðuköst og *straumgöndlar*.

Botnlýjur / Botnrök (n, kvk/hk, fto) Hey sem er neðsti í galta og hefur dregið í sig raka úr jörðinni eða bleytu af yfirborðinu. Botnlýjurnar þurfa því jafnan meiri þurrk en annað hey í galtanum. Þær eru tíðum bornar útfyrir flekkinn eftir að galtinn hefur verið breiddur og þurrkaðar sér í lagi.

Botnrof (n, hk) „Skerðing botns frostgígs við það að ísferja hrífur með sér flökkuefni. Botnrof birtist t.d. sem gloppur í annars sléttum botni, þar sem vöntun er á efni; barmar óreglulegir og dýpt rofsins nokkuð jöfn í því öllu“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Nýyrði vegna jarðfræðikenningar sem upprunnin er í Kollsvík.

Bókarræfill / Bókarslitur (n, hk) Ræfrildi/hluti/lami af bók; léleg bók.

Bókarskrudda / Bókarskræða (n, kvk) Gælunafn á bók; gamalt rit. „Réttu mér bókarskrudduna þarna“.

Bólguvottur (n, kk) Lítilsháttar bólga/þroti. „Lambið bar sig merkilega vel eftir hrapíð. Mér fannst vera einhver bólguvottur í lærinu á því, en það *stakk* þó ekki mikið *við*“.

Bómosía (n, kvk) Bómullartau; þykkt voðfellt bómullarefni sem notað var t.d. í nærfatnað. Orðið var annarsstaðar skrifað bómesi eða bommesi (sjá t.d. ÁBM; Ísl.orðsifjabók). Ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Bónþægðargrey / Bónþægðarmaður (n, hk/kk) Sá sem er búngóður/bónþægur. Hið fyrra var oftast notað sem jákvætt gæluorð um greiðvikinn unglíng. „Hann kannski *stígur* ekki alltaf í *vitið*; en þetta er mesta bónþægðargrey og aldrei *hallar* hann *orði* við nokkurn mann“.

Bótasteinbítur (n, kk) Steinbítur sem veiddur er á miðinu Bótum; fram af Útvíkum. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimild KJK).

Brandhlaða (s) Hlaða steinvegg upp í topp; hlaða brandhleðslu. „Líklega hafa menn haldið þeirri venju að brandhlaða vegg lönngu eftir að ásaþök viku fyrir sperruþökum, enda var lögum hörgull á timbri í gafla en gnægð af grjóti“.

Brandhlaðinn (l) Um steinhlaðinn vegg; hlaðinn í topp uppundir mæni. „Aftari veggur kofans var brandhlaðinn en framveggurinn með hálfgafla“. Sjá *hlaða í brand*.

Brandhleðsla (n, kvk) Hleðsla steinveggjar á þann hátt að hleðslan nái upp í mæni/ uppundir mæniás. „Brandhleðsla er í báðum göflum Hesthússins, sem gæti bent til þess að í upphafi hafi verið ásaþak á því“.

Brandveggur (n, kk) A. Upphafleg merking; veggur sem *hlaðinn* er í *brand*. Sjá *brandur*; *brandhleðsla*. „Hesthúsið er með brandveggjum í báða gafla“. Vísar til þess að heitið „brandur“ var fyrrum haft um mæniás. B. Síðari tíma dönskusetta; eldhindrandi veggur í byggingu. Vísar til elds; „brand“.

Brauðbox (n, hk) A. Blikkbox sem brauð er bakað í. Fyrrum tíðkaðist að nýta blikkbox umdan ýmiskonar vöru, t.d. kakóbox eða „makkintosdósir“ sem brauðform, væru þau ekki við hendina. B. Lítil askja sem brauð eða brauðsneiðar eru gymdar í; t.d. *nestisbox*.

Brauðmusk (n, hk) Brauðmylsna. „Sópaðu brauðmuskinu ofaní hundadallinn“.

Brauðhófast (s) Ryðjast; ganga ógætlega um. „Vertu nú ekki að brauðhófast svona uppi á þakinu drengur“!

Breddugangur (n, kk) Yfirgangur og skammir; einkum af hendi kvenmanns. „Skárrí er það nú breddugangurinn í stelpunni“!

Bráða (s) Tjarga; tjörubera; mála bát upp úr tjöru eða biki (LK; Ísl. sjávarhættir II; heimild ÓM) (Sjá *tjarga*)

Bráðahætta (n, kvk) Aðsteðjandi hætta/vandi sem bregðast þarf strax við. „Mér sýnist að það sé engin bráðahætta á ferðinni, en það þarf að fylgjast vel með framvindunni“.

Bráðhast (n, hk) Mjög mikill flýtir; snarhast. „Ég sneri bátinum uppí brotið í bráðhasti“.

- Bráðhasta** (s) Kalla mjög að; mjög brýnt. „Þetta bráðhastar ekki, en gott væri að gera það sem fyrst“.
- Bráðhastandi** (l) Mjög brýnt/aðkallandi. „Ég kem strax ef þetta er bráðhastandi; annars á morgun“.
- Bráðhentugur** (l) Mjög hentugur/þarfur/þéanlegur. „Þessir skór eru bráðhentugir í bjargferðir“.
- Bráðhugguleg / Bráðlagleg** (l) Mjög lagleg/myndarleg/falleg. „Hún er bráðlagleg og *vel að sér*“.
- Bráðnauðsyn** (n, kvk) Það sem er mjög brýnt/nauðsynlegt. „Það er nú engin bráðnauðsyn að setja féð inn strax. Það hefur gott af að vera dálítið úti þó það beiti sér lítið“. „Mér finnst engin bráðnauðsyn á þessu“.
- Bráðsniðugur** (l) Mjög snjall/fyndinn. „Þetta er bráðsniðug uppfinning“. „Þeim fannst þetta bráðsniðugt“.
- Breða** (n, kvk) *Svarkur*; frekur/ráðrikur kvenmaður. „Vonandi losnum við við þessa breðu úr stjórn fljótlega“.
- Breiðavíkurmegin** (ao) Nær/tilheyrandi Breiðavík. „Minna er um múkkavarp í Breiðnum Breiðavíkurmegin“.
- Brekkulaus / Brekkulítil** (l) Um veg/gönguleið; án mikils halla. „Vegurinn um Dalverpi er *mest af* nokkuð beinn og brekkulítil“.
- Bremsusteinn** (n, kk) Steinn sem settur er við hjól á bíl til að hann renni ekki í brekku. „Karlínum gekk illa að taka af stað í brekku; þegar færa þurfti fótinn af bremsunni á inngjöfina. Fangaráð hans var að setja steina við hjólin áður en haldið var af stað, og víða mátti sjá slíka bremsusteina á póstleiðinni“.
- Brennisteinsfnykur / Brennisteinsfýla / Brennisteinslykt / Brennisteinsstækja / Brennisteinssvæla** (n, kk/kvk) Sterk lykt af brennisteini. „Ferleg brennisteinsstækja er nú af þessum freti; þetta er verra en *stankurinn* af fjandanum sjálfum“!
- Brennivínsraus** (n, hk) *Drykkjuslaður*; rugl/bull sem viðhaft er af drukkinni manneskju. „Ég held að þetta slúður sé nú bara eitthvað brennivínsraus sem varð til á þorablótinu“.
- Brestur** (n, kk) Aftasti hluti lúðustirtlu eftir að sporðurinn hefur verið skorinn af. „Þess voru dæmi að sá hluti fitleikans sem fylgdi bolnum þegar sporðurinn var skorinn frá, væri einungis nefndur brestur, en strabbi parturinn sem var áfastur blökunni“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heimld: Guðbj.Guðbjartsson).
- Breyskja af** (orðtak) Um dögg á jörð; þorna fljótt af í sterku sólskini. „Ég fer að setja heytætluna við traktorinn; hann breyskir fljótt af í þessu sólskini“.
- Breyskjuhiti / Breyskjusólskin / Breyskjuþurrkur** (n, kk) Hitasvækja; mjög hlýtt í veðri. „Grasið þornar af ljánum í þessum breyskjuhita“. „Gættu þess að brenna ekki í þessu breyskjusólskini“. „Líklega varður sami breyskjuþurrkurinn á morgun“.
- Brimaátt** (n, kvk) Vindátt sem helst er hætt við að brimi úr. „Öruggasta sunnið inn á lægið var Syðstaleiðin talin; hvort heldur brimaði af norðri eða vestri, en það voru brimaáttirnar“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Brimhrotti** (n, kk) Allmikill sjór; brim. „Þeir voru komnir á undan okkur og lentir þegar við komum upp á Lægið og þá var kominn brimhrotti talsverður“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ö. skrásetti; Árb.Barð 2004).
- Brimlag** (n, hk) Hegðun brims; sjólag í sverum sjó. „Nokkur stans verður á meðan brimlag er athugað“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Brimsvarrandi** (n, kk) Svarrabrim; mikið brim; hávaðabrim. „Það er alltaf sami brimsvarrandinn; dag eftir dag. Hann hlýtur nú að fara að linast á þessari norðanátt“. Annarsstaðar sagt „brimsvarri“
- Bringuhækil** (n, kk) Tota sem myndast á gæru sauðkindarskrokks við það að hækleri ristir frá framfótarliðum uppá bringuna úr báðum áttum; og í stefnu aftureftir miðjum kvið. Þegar rétt hafði verið rist fyrir varð til tota uppi á bringunni sem hækleri reif upp áður en skrokkurinn var fluttur af hæklunarbekknunum á fláningsgálga; til að fláningsmaður ætti auðveldara með sitt verk. „Hér hefur gleymst að rífa upp bringuhækilinn“!
- Briararí** (n, hk) Sama merking og *briarí*. (Báðar orðmyndir voru notaðar vestra í mínu minni; VÖ) Orðmyndin virðist þó ekki hafa verið notuð utan svæðisins. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). „Ykkur er það velkomið *geyin* mín; ég mun passa að þið séuð ekki að neinu fíkti eða briararí“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Brogað við** (orðtak) Bogið við; undarlegt. „Mér finnst eitthvað brogað við þessa ferðamenn sem æða hér um allar jarðir án þess að ræða við heimafolk“.
- Brotinhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; með brotið horn; *brotinhyrnd* (ef hornstúfur er eftir); *einhyrnd* (ef brotið við rót).
- Bróðernisbragur** (n, kk) Yfirbragð vináttu/kærleika/bróðernis; auðsýnd vináttu. „Mér fannst nú lítil bróðernisbragur á þessu skítkasti; hann hefði alveg mátt láta þetta ósagt“!
- Bróðurkærleikur** (n, kk) Sátt/hlýhugur á milli bræðra. „Menn gátu tekist á í orðum þarna í bragganum; þar var ekki alltf bróðurkærleikurinn allsráðandi“. Alltaf með þessari endingu vestra, en orðabækur sýna i-endingu.

Brugðningarstykki (n, hk) Stykki í hringprjónavél, til að prjóna brugðið. „Ég var búin að nefna hringprjónavél sem var til heima og þótti mikil framför. Í henni voru prjónaðir allir sokkar (nema grófar hosur og snjósokkar) og stundum vettlingar. Þessari prjónavél fylgdi svokallað brugðningarstykki sem féll ofan í hringinn og var þá hægt að prjóna brugðið í vélinni þó ekki nema í hring. Var það notað til að prjóna nærboli á börn og konur“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Brunaáburður / Brunasmýrsl (n, kk/hk) Krem/smyrsl sem borið er á brunasár til kælingar, mýkingar og sóthreinsunar. „Réttu mér brunaáburðinn þarna í skápnunum“.

Brunadæla (n, kvk) Slökkvidæla; tæki sem dælir vatni til slökkvistarfa. „Bensindrifin brunadæla var fengin í Rauðasandshrepp kringum 1980 og staðsett í hundahreinsunarrúsinu í Hnjótshólum“.

Brúkhæfilegt / Brúkanlegt / Brúkhæft / Brúklegt (l) Nothæft; nýtanlegt; sæmilegt. „Mér finnst nú bara að þessi ríkisstjórn sé varla brúkhæfileg eftir þessar *gloríur*“. „Þetta er vel brúkanleg peysa“. „Heyskapur er mun minni en í fyrra, en samt vel brúkanlegur“. „Þessi hnifur er varla brúkhæfur“. „Ég ætti kannski að finna mér einh verjar brúklegar buxur áður en ég fer á fundinn“.

Brúsaburður (n, kk) Burður mjólkurbrúsa frá stöðli í mjólkurkæli. „Kýr voru mjólkaðar á stöðli frammi í Túnshala á Láganúpi, um nokkurn tíma eftir að hafin var mjólkursala. Fyrst var seld mjólk úr tveimur kúm, Nótt og Búbót, en fljótlega var þeim fjölgað. Handmjólkað var, og mjólkin var síuð í 20 lítra mjólkurbrúsa við stöðulinn. Að mjóltum loknum var brúsinn borinn milli tveggja manna í kæli í gamla brunnhússtæðinu neðanvið Pallagarð. Þar hafði verið grafinn niður trékassi, og hvolfst öðrum yfir til varnar gegn sól. Ef lítið var í kúm, spöruðu menn sér þennan brúsaburð og báru mjókina að kælinum í fötum.“

Brúsabörur (n, kvk, fto) Hjólbörur, sérstaklega búnar til að aka mjólkurbrúsum. „Ég smíðaði tvíhjóra brúsabörur úr tré, til að létta brúsaburðinn frá fjósinu niður í mjólkurkælinn í Kaldabrunni. Þær voru ekki vel hentugar og voru ekki mikið notaðar“ (VÖ).

Bryðjugangur / Bryðjuháttur (n, kk) Fyrirgangur; brussugangur. „Skelfilegur bryðjugangur er þetta“!

Bræðingskrús (n, kvk) Dolla með bræðingi. „Lét þá formaður rétta sér bræðingskrús er með var, og makaði bræðingi á sprungurnar. Minnkaði lekinn svo við það að þeir gátu farið að renna“ (ÖG; Þokuróður). (óvist hvort heldur er bik eða hinn sami og hafður er með mat).

Brækjufýla / Brækjustybba (n, kvk) Þræsín og sterk lykt. „Opnaðu út meðan mörinn er að bráðna, til að losna við þessa brækjufýlu“. „Ekki setja dekkið á brennuna; það verður svo ferleg brækjustybba af því“.

Bræluskítur (n, kk) Bræla; slæmt sjóveður. „Það var bolvaður bræluskítur og ekkert veiðiveður“.

Bröndufæri (n, hk) Færi sem börn notuðu til að veiða bröndur á krók; dorg. Misjafnlega útbúið, en oft þannig að lítill krókur var festur, ásamt sökku og stundum floti, með stuttum grönnum þræði (oft netagarni) fremst á stutta stöng. Krókurinn var egndur, oft með ánamaðki, og síðan var dorgað með þessu í hyljum í lækjum, en fyrrum var allmikið af bröndu í öllum lækjum í Kollsvíkinni. Oft var sæmileg veiði, sem börn matreiddu stundum sjálf yfir fljótgerðum hlóðaeldi.

Bröndukvikindi (n, hk) Niðrandi/vorkennandi heiti á bröndu/lækjasilungi. „Minkfjandinn er búinn að drepa hvert einasta bröndukvikindi í Víkinni“.

Bröndunet (n, hk) Smáriðið net til veiða á bröndum í hyljum lækja. Oftast voru þau skorin úr loðnunót sem rekið hafði á fjöru; um 1 fet á dýpt og tvö á breidd; haldið á floti með korkum og við botn með steinum. Lögð frá bakka, en stundum með *tunnubáti*. Oft komu í þetta nokkur kvikindi eftir fárra klukkutíma legu.

Brönduveiðar (n, kvk) Veiðar sem börn stunduðu á bröndu í lækjum. Mikið var um bröndu í flestum lækjum í Kollsvík áður en minkur útrýmdi henni eftir 1980. Börn notuðu ýmsar aðferðir við veiðiskapinn. Bröndur voru gripnar undir steinum og bökkum; þær voru veiddar á stöng í hyljunum og í bröndunet. Oft var þeim sleppt aftur, en stærstu bröndurnar voru borðaðar og þóttu ágætur matur. Einnig var gripinn áll og étinn. Drengjum sem sendir voru eftir kúnum vildi oft dveljast við brönduveiðar á leiðinni, sem var illa séð.

Brösulega (ao) Illa; *böslulega*; *óhönduglega*. „Honum gengur eitthvað brösulega að vinna verkið“.

Burðuglega (ao) Björgulega; beysið; vel. „Hann ætti ekkert að reyna að smala þessu fé einn. Það tókst ekki svo burðuglega hjá honum síðast“!

Burgeisaháttur (n, kk) Mont; að láta sem stórbokki; *pótintáti*. „Skárri er það nú burgeisahátturinn; þykist ekki sjá mann þegar svona „meiri háttar menn“ eru nálægt“.

Burtferðarbiti (n, kk) „Burtferðar var biti minn / banakringla úr lambi“ (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Orðið finnst ekki í orðabókum í þessari mynd, en annarsstaðar þekktist „burtfararbiti“.

Butra (s) Bauka; baksa; dunda. „Hann er að butra við að bólstra stólgarminn“.

Búandkona (n, kvk) Bóndakona; kona sem stendur fyrir búi. „Búandkonur hafa alltaf sett svip á mannlífið. Með því orði er oftast vísað til ekkna, enda hefur karlrembusamfélagið íslenska alltaf talið karlinn sem

bústjóra, jafnvel þó konan sé öflugri bóndi. Jafnvel þó karlinn væri eilíflega fjarrstaddur í verum eða vinnumennsku var hann alltaf talinn fyrir búinu. Af búandkonum fyrri tíðar má nefna Guðrúnu Eggertsdóttur í Bæ, sem reynar hefur fengið harða dóma sögunnar fyrir fégræðgi sína“.

Búkloft (n, hk) Viðrekstur; fretur. „Skelfingar óþefur fylgir þessu búklofti; hvern fjandann settirðu ofan í þig“?

Búmannsbragur (n, kk) Bóndaháttur; siður/aðferð góðs bónda. „Mér finnst afskaplega lítill búmannsbragur að því að nenna ekki að smala sínum *eftirlegukindum* þegar til þeirra sést“!

Búskussaháttur (n, kk) Slæmt búskaparlag; sleifarlag/vanræksla við búskap. „Þetta finnst mér bölsvaður búskussaháttur hjá honum; að láta *kálfakvikindin* ganga úti fram í snjó“!

Bútungsfiskur (n, kk) *Smáfiskur*; kóð; undirmálsfiskur. „Hann var sémilega viljugur þarna. En mestmegnis var það bútungsfiskur“. Verkaður nefndist hann einnát bútungur.

Byljahætt Byljasamt (l) Um stað; hætt við sviptivindum/byljum. „Þarna er yfirleitt skjólsælt, en getur orðið byljahætt í vissum vindáttum“.

Býsna / Býsnar / Býsnarlega (ao) Allmjög; fremur. „Hann er að verða býsna kaldur í tíðinni“. „Þú stóðst þig býsnar vel í þessu fannst mér“. „Mér finnst þetta ekki býsnarlega mikið“.

Býsnafallegt / Býsnalaglegt (l) Mjög fallegt; all fallegt. „Þetta er býsnafallegt málverk“!

Býsnafast (l) Mjög/all fast; þéttingsfast. „Varaðu þig á krabbanum; hann getur bitið býsnafast“!

Býsnaánægður / Býsnafeginn / Býsnaglaður / Býsnakátur (l) Mjög/all ánægður/feinn/kátur.

Býsnafrost / Býsnakuldi (n, hk/kk) Mikið frost; mjög kalt í veðri.

Býsnafróður (l) Mjög/all fróður; veit mjög margt. „Hann er býsnafróður um þessa hluti“.

Býsnagerðarlegur / Býsnalaglegur / Býsnamyndarlegur (l) Mjög/all laglegur/myndarlegur.

Býsnaglökkur (l) Mjög glökkur. „Hann er býsnaglökkur á mörkin“.

Býsnagott (l) Mjög gott. „Þetta er óttaleg óvera, en það er býsnagott á bragðið“.

Býsnahált / Býsnasleipt (l) Mjög/all hált/sleipt. „Það er býsnahált í hjólförum í hlákunni“.

Býsnahátt (l) Mjög/all hátt. „Hann var kominn býsnahátt upp standinn þegar hann sneri við“.

Býsnakalt (l) Mjög/all kalt. „Klæddu þig almennilega; það er býsnakalt úti“!

Býsnakröftugur / Býsnaöflugur (l) Mjög/all kröftugur/öflugur. „Þetta var býsnakröftug blanda“. „Hann er býsnaöflugur við smalamennskur þó hann sé ekki hár í loftinu“.

Býsnalangt (l) Mjög/all langt. „Þetta var býsnalangt ferðalag“.

Býsnalítið (l) Mjög lítið. „Honum þótti býsnalítið koma í sinn hlut“.

Býsnamikill (l) Mjög/all mikill. „Þetta er býsnamikill afli á svona stuttum tíma“.

Býsnaminnugur (l) Mjög/all/furðu minnugur; man all vel. „Hún var býsnaminnug á svona hluti“.

Býsnasterkt (l) Mjög sterkt; all sterkt. „Hvað ertu með á pylunni? Þetta er býsnasterkt“!

Býsnastór (l) Mjög/all stór. „Þarna kemur býsnastór máfahópur, útundir Hreggnesa“.

Býsnastraumur (n, kk) Harður/mikill straumur. „Það er kominn býsnastraumur og flugrek“.

Býsnatæpur (l) Mjög tæpt; all tæpt. „Mér þótti þræðingurinn býsnatæpur á köflum“.

Býsnavel (l) Mjög vel; all vel. „Mér þótti þetta býsnavel gert, af svona litlum gutta“.

Býsnaþungur (l) Mjög/all/glettilega þungur. „Við skulum taka tveir á steininum; hann er býsnaþungur“.

Býsnaöflugur (l) Mjög/all öflugur. „Hann var býsnaöflugur við dráttinn“.

Bæjarbóndi / Bæjarhyski / Bæjarhöfðingi / Bæjarslekti / Bæjarveldi (n, kk/hk) Heiti sem höfð hafa verið um höfðingja þá sem setið hafa í Saurbæ á Rauðasandi og þeirra fjölskyldur. Í Saurbæ hafa löngum setið höfðingjar og stóreignafólk sem átti flestóll býli í Rauðasandshreppi og víðar. Þó erfitt sé fyrir nútímafólk að dæma liðna tíma, má ætla að oft hafi verið um hreina kúgun að ræða. Um það vitna t.d. sögur og heiti sem enn lifa.

Bælningur (n, kk) Mjög litlar öldur. (JT Kollsvík; LK; Ísl.sjávarhættir III). .

Böggingslega (ao) Klaufalega; óhönduglega. „Skelfing ferðu böggingslega að þessu“!

Böksulega (ao) Böslulega; klaufalega; illa. „Óttalega gengur þér böksulega að reima skóna þína drengur“.

Bölbænasöngur (n, kk) Miklar bölbænar. „Mér leiðist þessi eilífi bölbænasöngur! Viltu ekki heldur fara bara og lumbra ærlega á honum“?!

- Bölmóðshjal / Bölmóðsvol** (n, hk) *Svartagallsraus; vonleysishjal*. „Það gagnast ekkert bölmóðsvol núna; við verðum bara að hreinsa þessar netadulur og koma þeim aftur í sjóinn“!
- Bölmóðshjal / Bölmóðsvol** (n, hk) *Svartagallsraus; vonleysishjal*. „Það gagnast ekkert bölmóðsvol núna; við
- Dagbundið** (l) Um verk sem verður að vinna ákveðinn dag. „Þetta er nú ekki svo dagbundið að við getum ekki frestað því til morguns“. Orðið var almennt vestra en eina dæmið í Orðabók háskólans merkir „daglega“.
- Dagsmerki** (n, hk) Eyktamark. „Nónskegg er klettabrák, slétt upp en standar á, eins og Síðaskegg. Það var dagsmerki, og var borðað er sól var þar kl 3.00. Þetta merki var notað víðar af Sandinum“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).
- Damma** (s) Sigla sinn sjó; fara sína leið; ónýttast. „Þessir skór eru búnir að lifa sitt fegursta; ég held ég láti þá bara damma“. „Ég nennti ekki að eltast við þessa snarvitlauu skepnu; ég lét hana bara damma“.
- Dauðasjólaust** (l) Alveg sjólaust; engin undiralda. „Það er dálítið grád í golunni, en alveg dauðasjólaust“.
- Dauðatregur** (l) Um fiskirí; mjög dræmt; *naudatregur*. „Hann var dauðatregur nema rétt yfir *blásnúninginn*“.
- Dauðlerkaður** (l) Örþreyttur. „...þegar þeir komu að landi dauðlerkaðir með punghlaðinn bát...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Dauðsmannsgröf** (n, kvk) Legstaður manns. Notað í líkingum: „Hér er hljótt *eins og í dauðsmannsgröf*“.
- Dádera við** (orðtak) Dekra; þjóna; gæla; *láta með*. „Konfekt með kaffinu! Það er aldeilis dáderað við mann í dag“. „Það ætlar að dádera við okkur veðrið“!
- Dáderingar** (n, kvk, fto) Dekur; þjónusta; *snúningalipurð*. „Heldur eru það nú dáderingarnar! Farðu nú að hætta að bera fleiri tertur á borðið“!
- Dálkhelmingur / Meyjarhelmingur** (n, kk) Helmingar flatts og herts steinbíts (með gamla laginu). Dálkhelmingi fylgir hluti dálks/hryggs, en meyarhelmingi gotraufarugginn. „Steinbítur var borðaður nýr og saltaður, en þó oftast harður... Þegar honum var *sundrað* í tvennt var tekið í hvorn helming og rífið um hnéd. *Markið* fylgdi þá *dálkhelmingnum* ásamt sporði og bekugga. Kroppað var úr hryggjarliðunum og þar í kring; kallað að *vinna að markinu*. Konum var ætlaður *meyjarhelmingurinn*“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).
- Dámikill** (l) Nokkuð mikill; all verulegur. „Við fengum bara dámikinn afla þarna yfir snúninginn“.
- Dásemdartíð** (n, kvk) Einstaklega gott tíðarfar. „Þetta er nú meiri dásemdartíðin“.
- Dembúll** (n, kk) Höfuðfat; eingöngu notað um kuldahúfu með eyrnaskjólum sem ýmist var bundin undir kverk eða yfir hvirfil. Var m.a. haft yfir loðföðraðar skinnhúfur með þessu lagi.
- Dengilegur** (l) Dægilegur; efnilegur; til einhvers nýtur. „Mér sýnist hann ekki dengilegur þessi lambkægill. Það er óvíst að hann hjari“. „Hann er vel dengilegur drengurinn; varð hæstur í sínum bekk“!
- Défilári** (uh) Upphrópun/áhersluorð. „Mikið défilári er gott að setjast niður og pústa eftir þessi hlaup“.
- Déskotakornið** (n, hk, m.gr) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Þú ferð déskotakornið ekki að leggja af stað í þessum fjárans blindbyl“!
- Déskotans** (uh) Upphrópun; blótsyrði. „Déskotans hávaði er þetta; það heyrir ekki mannsins mál“!
- Déskotansekkisen** (l) Vægt blótsyrði/áhersluorð í lýsingum. „Lækkiði nú niðuri þessu déskotansekkisen bítlagargi strákar; þetta er að gera mann vitlausan“!
- Déskotansnær** (fs) *Andskotansnær; fñandansnær*; staðið nærri; farið betur. „Þér var déskotansnær að búa betur um egginn í byrginu eins og ég sagð þér; þá hefði hrafnskrattinn ekki komist í þetta“!
- Dimmanótt** (n, kvk) Nótt; náttmyrkur. „Við verðum að drífa í að klára þetta svo við verðum ekki alveg fram á dimmanótt“.
- Diskaskápur** (n, kk) Skápur sem matardiskar eru geymdir í. „Settu þetta upp í diskaskápinn“.
- Diskbarmur** (n, kk) Diskrönd; kantur á matardiski. „Viltu ekki losa þig við beinin af diskbarminum“?
- Diskúsjón** (n, kvk) Umræður; *vangaveltur*. „Hann var með einhverjar diskúsjónir á fundinum um tiltekna lausnir, en enginn tók verulega undir þær“.
- Distilleringar** (n, kvk, fto) Meðhöndlun; meðferð; útreið. „Ekki láí ég frambjóðandanum þó hann sé uppburðalitill eftir þær distilleringar sem hann fékk á fundinum“. „Það þarf sterk bein til að þola svona distilleringar“.
- Dífekt** (l) Bilað; gallað; ófullkomið. Úr ensku; „defect“. „Það var eitthvað dífekt við *karbaratorinn*“.
- Díselmótor / Díselvél** (n, kvk) Vél/sprenghreyfill sem gengur fyrir díselolíu. Orðin eru 'tlend að uppruna en voru borin fram með greinilegu e-hljóði í seinna atkvæði í máli Kollsvíkinga. Orðabók HÍ hefur þar í-hljóð.

- Djöfulsbeinið** (n, hk, m.gr) Blótsyrði. „Tófufjandinn er búinn að éta undan kollunni. Sú skal nú ekki kempa hærurnar, djöfulsbeinið“.
- Doktora** (s) Gæluorð um það að lækna; laga; gera við. „Mér tókst að doktora klukkuna“.
- Dómadagsandskotanskjafæði** (n, hk) Yfirgengilegt bull; rakalaus þvæla; staðlausir stafir. „Ég hef nú sjaldan á minni ævi heyrt annað eins dómadagsandskotanskjafæði og *þettað*; hvað á nú svona tal að *fyrirstilla*“?!
- Dómadagsbliða / Dómadagsveðurbliða** (n, kvk) Mjög/óvanalega stillt/kyrrt veður; rjómabliða. E t.v. líking við þá kyrrð sem menn ímynduðu sér að yrði eftir dómsdag. „Hún er nú bara með eindæmum, þessi dómadagsbliða dag eftir dag“.
- Dómadagshávaði / Dómadagslæti** (n, kk/hk) Óskapa/ógnarmikill/skelfilegur hávaði/fyrirgangur. „Verið nú ekki með þennan dómadagshávaða krakkar; hafðið ögn lægra meðan ég hlusta á fréttirnar“!
- Dómadagsmyrkur** (n, hk) Svartamyrkur; niðamyrkur. „Dómadagsmyrkur getur þetta verið; maður sér bara ekki handa sina skil“.
- Dómadagsrigning** (n, kvk) Mjög mikil rigning; *skýfall*; *úrheili*. „Varstu úti í þessri dómadagsrigningu“?
- Dómadagsrugl/ Dómadagsþvæla/ Dómadagsvitleysa/ Dómadagskjafæði/ Dómadagsbull** Yfirgengilega vitlaust hjal; kolvitlausar staðhæfingar. „Dómadagsrugl getur þetta verið í þér“!
- Dómadagsvesen / Dómadagsvandræðagangur** (n, hk) „Það er nú óþarfi að gera eitthvað dómadagsvesen út af þessu“. „Reynum nú að finna leiðir í þessuog hættum þessum dómadagsvandræðagangi og svartagallsrausi“.
- Draga seyminn** (orðtak) Um framburð í töluðu máli; hafa sérhljóða langan; teygja úr orði/orðum. „Sumir drógu mjög seyminn þegar þeir hóuðu á fé í fjarlægð“. Líkingin vísar til saumaskaps; til þess að draga langan tvinna (seym) í saumfari. Orðtakið er vanalega ritað með einföldu i í stað y eins og vera skyldi. Stafar það líklega af því að orðið „seymur“ hefur vikið fyrir „saumur“ áður en ritun varð almenn og samhæfð. Á síðari tímum hafa fræðimenn *lagt sig í framkróka* við að skýra orðtakið eftir öðrum leiðum en þessari; sem þó liggur í augum uppi. Sjá *seymur*.
- Draga sig til kojs / Ganga til kojs** (orðtök) Fara að hátt/sofa; koma sér í rúmið. „Nú er ég orðinn syfjaður. Ég held bara að maður fari að draga sig til kojs“. „Nú fer senn að verða tími á að ganga til kojs“.
- Draslaragangur / Draslaraháttur / Draslarari** (n, kk) Skortur á snyrtimennsku; slóðaskapur. „Óttalegur draslaragangur er þetta í karlinum; að geta ekki gengið frá áhöldunum eftir sig“! „Skelfing leiðist mér þetta draslarari, síkt og heilagt“!
- Draslarí** (n, hk) Sóðaskapur; rú og stú. „Skelfilegt draslarí er þetta hjá ykkur strákar; farið nú að taka til“!
- Dratthalagangur** (n, kk) *Sleðaháttur*; *slóðaskapur*; *leti*. „Þú kemur engu í verk með svona dratthalagangi“!
- Draugsíður** (l) Þungur á sér; *drumbsíður*; *rassíður*; *vögusíður*. „Ég er hræddur um að hrútarnir verði draugsíðir í rekstri norðuryfir Breið“.
- Draugslegur** (l) Seinfær; hægur; seinclátur. „Mér finnst hann alltof draugslegur við að koma þessu í verk“. Orðið virðist ekki hafa verið notað í þessari merkingu annarsstaðar, þó vel sé þekkt í annarri meiningu.
- Drápsauga / Drápsdý / Drápsfen / Drápspyttur / Drápsseil** (n, hk) Dý/kviksyndi sem hættulegt er skepnum. „Hér var stórhættulegt drápsfen áður en *ræst* var *fram*“. „Eftirlitið fölst í því að reka frá Mýrunum kvölds og morgna því mikið er af drápsdýjum í Láganúpsmýrum“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).
- Dráttarfólk** (n, hk) Undirsetumenn; fólk sem situr undir vað við bjargsig; fólk sem sér um að slaka sigara niður og draga hann upp. Í hópnum voru oft bæði karlar og konur; t.d. var það hluti starfs kvenna í seli á Seljadal að sitja undir vað á Látrabjargi. „Vaðurinn hefur nú verið rakinn frá brúninni og *hjólmaður kallar dráttarfólkið á vaðinn*. Fólkíð sest nú *flötum beinum* við vaðinn með nokkru millibili; allir sömu megin, en *hjólmaður* sest ofanvið hjólið og hefur viðspyrnu á *hjólgrindinni*. Hann *situr undir*, sem kallað er; lætur vaðinn renna yfir læri sér... *Vaðbergmaður/gægjumaður* er kominn á sinn stað...“ (MG; Látrabjarg).
- Dreifhuga** (l) Utanvið sig; annarshugar; með athyglisbrest. „Hann getur verið skýrasti náungi og snillingur með afbrigðum, en hann er svo dreifhuga að stundum fylgist hann ekkert með því sem honum er sagt“.
- Dreifhugi** (n, kk) Sá sem er mjög/oft dreifhuga. „Skelfilegur sauður geturðu nú verið. Það er til lítils að ræða yfirhöguð nokkuð við svona dreifhuga sem ekki geta fylgst með“!
- Drekkhleðsla** (n, kvk) Mjög mikil hleðsla báts af afla/farmi. „Með þessa drekkhleðslu lögðu þeir í Röstina“.
- Drepfrost** (n, hk) Hörkufrost; hættulega mikið frost. „Farðu í tvenna vettlinga og hafðu góða húfu; það er drepfrost og heldur að bæta í vindinn“.
- Drepniorka** (n, kvk) Osmósuorka; sjávarorka sem unnt er að virkja með því að aðskilja sjó og ferskvatn með dræpri himnu og nýta þrýstingsmun sem verður til við að ferskvatn leitar gegnum himnuna í saltvatnið. Tæknin er öll á tilraunastigi erlendis og virðist eiga mjög langt í land með að verða hagkvæm.

- Dreyrrijóður** (l) Blóðrauður; dreyrrauður. „Hann sat steinþegjandi undir þessum reiðilestri, en var orðinn dreyrrauður í framan. Loks kom að því að *blaðran sprakk*, og hann rak bylmingshögg í borðið“.
- Drifblaðra** (n, kvk) Vessafyllt blaðra sem myndast oft í skinni í lófa við sífellt nudd og álag, t.d. þegar unnið er lengi með hrifu, skóflu eða öðrum verkfærum. Óvanir fengu oft drifblöðrur eftir að byrjað var að vinna, enda skinnið þá mjúkt og illa varið. Drifblöðrur tæmast og springa ef þær eru látnar óhreyfðar og eftir nokkra vinnu myndar húðin sigglag sem ver hana. Það þótti því hálgerður *pempiuháttur* að hafa vettlinga til að verjast drifblöðrum meðan Íslendingar gátu enn valdið handverkfærum.
- Drjúgduglegur** (l) Nokkuð/fremur duglegur; duglegri en sýnist. „Hann er drjúgduglegur drengurinn“.
- Drulludammur / Drulludý / Drullufor / Drulluforað / Drullusvað** (n, kk) Dammur; forarpyttur; kviksyndi; drullupollur. „Nú er allt að vaðast upp í drullufor fyrir utan fjárhúsið“. „Það var ljóti drulludammurinn sem hundurinn lenti í“. „Ferlegur drulludammur er að verða hér utanvið fjárhúsdýrnar“.
- Drullugalli / Drullularfar / Drulluleppar** (n, kk) Mjög skítugur/óhrein fatnaður; skitagalli; skitaleppar. „Blessaður farðu úr drullulörfunum úti á stétt; helst þyrfti að pusa á þig einni vatnsfötu áður en þú verður í húsum hæfur“! „Ég held það megi nú bara setja þessa drulluleppa í eldinn eftir eggtdína“.
- Drullugur** (l) Skítugur; *ataður*; *forugur*. „Fjári er maður orðinn drullugur á höndunum eftir þetta“!
- Drullugur uppfyrir haus** (orðtak) Mjög ataður óhreinindum; allur óhrein. „Hvað í veröldinni voruð þið nú að gera; allir drullugir uppfyrir haus“?!
- Drulluhali** (n, kk) Drullusokkur; drulluhálestur; eitt lægsta stig mannvirðinga sem hinn skrautlegi mælikvarði mannlýsinga náði yfir í máli Útvíknamanna. „Ég sé ekki að þessi drulluhali geti nýst til nokkurs hlutar“.
- Drulluhaugur / Drullustampur** (n, kk) Niðrandi mannlýsingar. Drullustampur hefur líklega fyrrum verið heiti á íláti til að bera mykju úr fjósi, og á útá skíthaug/drulluhaug.
- Drullulofthræddur** (l) Mjög lofthræddur. „Hann viðurkenndi fúslega að hann væri drullulofthræddur, en lét sig hafa það að skriða yfir á nefið“.
- Drulluóánægður** (l) Mjög óánægður/vonsvikinn; þykir slæmt/*hundfúlt*; *skitóánægður*. „Ég er drulluóánægður með þessa niðurstöðu; og finnst það bara ræfildómur í þeim að *láta* þetta yfir sig ganga!“
- Drullupest** (n, kvk) Niðurgangur; ræpa; skita. „Ég held ég sé ögn að lagast af þessari drullupest“.
- Drulluslappur** (l) Mjög slappur/vesæll; veikur; með hita/slen. „Ætli ég sé ekki kominn með þessa fjandans pest; ég er eitthvað svo drulluslappur orðinn“.
- Drullusokksháttur** (n, kk) Leti; *ómennska*; *landeyðuháttur*. „Öðrum eins drullusokkshætti hef ég sjaldan kynnst! eru þessir menn á launum hjá almenningi eða hvað“?
- Drullusyfjaður** (l) Mjög syfjaður/svefnþurfi; *grútsyfjaður*. „Nú fyrst finn ég hvað ég er orðinn drullusyfjaður“.
- Drullupreyttur** (l) Útkeyrður; máttlítill af þreytu. „Þó hann væri drullupreyttur eftir vitjunina, settist hann upp á traktorinn um kvöldið og sló alla sléttuna“.
- Drumbsíður** (l) Seinn/hægur til; þungur á sér; *rassíður*; *vögusíður*; *draugsíður*;.. „Ég er hræddur um að maður verði eitthvað drumbsíður í fyrramálið, þegar maður vinnur svona fram á nótt“.
- Drunti** (n, kk) Fýlupoki; ólundarlegur maður. . (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Druntur** (n, kk) Fýla; ólund; ergelsi. „Það er einhver bannsettur druntur í honum þessa stundina“.
- Druntaralegur / Druntslegur** (l) Þegjandalegur; með ólund; füll. „Vertu nú ekki svona andskoti druntaralegur og drífðu þig með okkur“. „Það bætir lítið að vera eitthvað druntslegur“.
- Drykkjarstampur** (n, kk) Stampur, bali eða annað ílát með drykkjarvatni sem haft er hjá skepnum. „Milli básanna í gamla fjósinu á Láganúpi var drykkjarstampur; *treikvartunna* sem söguð hafði verið ofanvið miðju. Þar hjá var krani, en í miklum hörkum vildi frjósa í lögninni“.
- Drýgindahljóð** (n, hk) Íbyggni, mont; drýldni „Það er alltaf sama drýgindahljóðið, sé hann spurður um afla“.
- Drögur** (n, kvk, fto) A. Miklir sjóar/ stór grunnbrot með löngu bili á milli og sjór allur hvítfyssandi. „Það eru fjandi miklar dögur hér fram alla vikina“. B. Tré sem dregið er með hesti, þannig að fremri endi er á lofti. Orðið var einkum notað í fyrri merkingunni í Kollsvík, en hefur ekki heyrst notað þannig annarsstaðar.
- Drösullegur / Dröslulegur** (l) Druslulegur; illa útlítandi. „Ósköp ertu drösullegur til fara; hlauptu nú upp og skiptu um buxur“. „Þú getur ekki farið inneftir svona dröslulegur“.
- Duggunarögn** (n, kvk) Örlítið; smávegis; *agnarögn*. „Nei, bíddu nú duggunarögn hægur“! „Hér ekki nokkur duggunarögn“.
- Dugnaðarstrákur** (n, kk) Duglegur/knár/hraustur drengur. „Mér sýnist að þetta sé dugnaðarstrákur“.

- Dur** (n, kvk, fto) Dyr. „Hallaðu nú durunum drengur; það er dragsúgur hér inni“ „Stóð hann þá í durunum“.
- Duttlungafyrirbæri / Duttlungaskepna** (n, kvk) Mikill sérvitringur; fyrirtektarsöm persóna. „Hann er ekki óskynsamur maður, en meiri duttlungafyrirbæri hef ég ekki fyrirhitt“.
- Dúandi** (n, kk) Um sjólag; veltingur; *hífingur*; nokkur sjór. „Hann er að leggja upp einhvern dúanda núna; ætli við þurfum ekki að færa okkur grynna ef þetta eykst að ráði“.
- Dúdduskór** (n, kk, fto) *Túttuskór*, sjá þar. Í Rauðasandshreppi var heitið dúdduskór algengara.
- Dúkkuskot** (n, hk) Afvikinn staður í húsi fyrir dúkkuleiki. „Nauðsynlegt þótti að krakkarnir, einkum strákarnir, eignuðust dótakassa sem svo voru nefndir, en stelpur áttu gjarnan dúkkuskot. Það var smáhorn sem rýmt var í baðstofum og stelpurnar fengu sem heimili fyrir dúkkurnar sínar og þeirra húsgögn og stofupunt. Þar var sumstaðar býsna fint“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Dyggð** (n, kvk) Trúverðugleiki; gott siðferði; mannkostur. Var fyrrum alltaf borið fram hart í Kollsvík og er réttilegar skrifað með tveimur g-um en einu. Orðabók HÍ velur einfalt g en orðabók Menningarsjóðs tvöfalt.
- Dyggðablóð / Dyggðaskepna** (n, hk/kvk) Sá sem er dyggðugur/grandvar/trúr. „Alltaf er hún sama dyggðablóðið, þessi blessuð tík“.
- Dyggðaríkur / Dyggðugur** (l) Grandvar; heiðarlegur; trúr og fórnfús. „Ekki veit ég hvursu dyggðaríkir þeir menn eru sem þannig haga sér“.
- Dylgjurus** (n, hk) Dylgjur; ósannindi eða vafasamar og meiðandi fullyrðingar um manneskju, oft sagðar óljóst. „Hvar skyldi þetta dylgjurus vera upprunnið“?
- Dyndla / Dylla** (n, kvk) *Mark*; aftasti hluti stirtlu á steinbít, framanvið sporðinn, sem var skilinn eftir óskorinn við aðgerð með gamla laginu (sjá *steinbítur*).
- Dylluroð** (n, hk) Roð af aftari hluta steinbíts, sem notað var til að *reka í skó*. „Síður rifnaði út úr varpinu á skóm skó úr hnakkaroði en dylluroði“ (sjá *roðskór*).
- Dylluskór** (n, kk, fto) Roðskór úr aftari hluta steinbítroðsins (sjá *roðskór*).
- Dýjaáll** (n, kk) Samfelld röð dýja; *dýjafláki*. „Fremst á Engjum er dýjaáll sem heitir Hádegisáll...“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Dýjafláki** (n, kk) Mýrarstykki; seilar. „Drápsáll er mikill dýjafláki framanvið sléttunna á Láganúpi; nú nefndur Álar og hefur verið framræstur að verulegu leiti“.
- Dýjahilla** (n, kvk) Hilla/gangur/stallur í klettum, þakin votlendum jarðvegi. „Út úr Bæjargjá er ein hilla nefnd Lækjarhilla. Þetta er dýjahilla; efsta hillan neðan brúnar“ (ÍÍ; Örn.skrá Brattahlíðar).
- Dýjasvæði** (n, hk) Svæði með mörgum dýjum. „Nafnið Bugar er nú notað yfir allt dýjasvæðið sem áður nefndist Heimadý, en Bugar voru þá handasta dýið“.
- Dægilegheit** (n, hk, fto) Ágæti; kræsingar; mjög gott atlæti. Oft notað í öfugri merkingu í seinni tíð: „Það er heldur dægilegheitin frá þessari ríkisstjórn; nú ætla þeir enn að hækka skattana“!
- Döðlur / Döddlur** (n, kvk, fto) Þurrkaðir ávextir döðlupalma, sem vex á suðrænum slóðum. „Afi minn, GG á Láganúpi notaði ávallt framburðin „döddlur“, en oft átti hann einhverjar döddlur í sinni ágætu kistu.“ (VÖ).
- Eðalfæða** (n, kvk) Einstaklega góður og hollur matur. „Þessi hákarl er *hreint út sagt* eðalfæða“!
- Eðalmetall** (n, kk) Eðalvín; mjög gott/fint vín. „Þennan eðalmetal er ég búinn að eiga í skápnum í *ein* 20 ár“.
- Eðalnaungi** (n, kk) Einstaklega góður maður/vinur; öndvegisnáungi. „Hann er eðalnaungi; *út og í gegn*“.
- Eðlisbráður** (l) Bráður/fljótillur/skapstór að eðlisfari. „Hann er mesta *gæðasál*, en nokkuð eðlisbráður“.
- Eðlishægur** (l) Rólegur/hægfara að eðlisfari. „Hann er jafnan eðlishægur, en mesta furða hvað honum *vinnst*“.
- Edúment** (n, hk) Nytsamt áhald/tæki; góð uppfinning; *raritet*. „Þetta er alveg frábærlega snjallt edúment“.
Orðið finnst ekki í orðabókum, hvorki íslensku né granntungna, nema sem sambræðingur úr „education“ og „mentor“ eða „development“, o.þ.h. Sumir notuðu þetta mikið vestra.
- Ef að / Efað** (orðtak) Viðtengingin „ef“ var iðulega svo tengd orðinu „að“ í framburði, að í raun var um einn orð að ræða, og mikið notað í máli Kollsvíkinga; a.m.k. eftir miðja 20. öld, þar sem „ef“ hefði dugað. „Það verður lítið róíð á morgun efað þessi vindspá helst“ „*Bésefans* gamli mávurinn ætlar að leiða hópinn langt frá Byrginu; *veifaðu* betur, efað þeim skyldi snúast hugar“.
- Efasemdasál** (n, kvk) Sá sem efast; *vantrúarhundur*; efaheggjumaður. „Jafnvel mestu efasemdasálar létu sannfærast eftir að hafa *séð* þetta með *eigin augum*“.
- Efjuslagur** (n, kk) Erfiðisvinna í efju/for. „Þá upphófs mikill efjuslagur við að koma böndum á kúna og draga hana uppúr forinni“.

Efnisskepna (n, kvk) Kostagripur. „Leyfðu mér að þukla þennan *hrútkægil*; mér sýnist þetta vera efnisskepna“.

Eftiráskýringar (n, kvk, fto) Afsakanir; fyrirsláttur eftirá. „Það þýðir nú lítið að koma með svona eftiráskýringar“.

Eftirstraumsflæði (n, kvk) Háflæði í eftirstraumi. „Varið ykkur á flæðinni við forvaðann og athugið að eftirstraumsflæðin er býsna mikil“.

Eftirtelja (s) Telja eftir; sjá eftir og gera mikið úr því sem gert hefur verið, t.d. greiða. „Ég er ekkert að eftirtelja það, þó ég hafi sótt fyrir hann þessar kindur; hann átti það fyllilega skilið blessaður“.

Eggfles / Eggpláss (n, hk) Staður í klettum þar sem egg eru tínd til nytja. „Hér er ágætis eggfles“ „Víða framan í Breiðnum eru ágætis eggpláss“.

Eggjaburður (n, kk) Burður eggja frá eggjatökustað áleiðis upp bjarg/ til byggða. „Víða má taka egg með léttu móti í Stígsbrúnni, en eggjaburður er nokkuð erfiður, bæði á brún og upp Geldingsskorardalinn“.

Eggjabyrgi (n, hk) Geymlustaður á bjargbrún, sem útbúinn er til að geyma egg þar til þau verða sótt. Eggjabyrgi hafa verið nýtt skamms tíma í Útvíkum, og má sjá þau m.a. á Breiðsbrún; uppaf Mávakömbum í Blakk og á brún Geldingsskorardals, ofan Stígs. Umbúnaðurinn var nokkuð misjafn. Væru eingöngu geymd egg voru byrgin óveruleg; einungis útbúin grunn hola á þurrum stað; hlaðið í kring með hnullungum; eggjunum raðað í, þannig að kúfur yrði á; þurr mosi settur yfir og plast eftir að völ varð á því; síðan búið varlega að með grjóti og þunnum hellum, þannig að vargur nái ekki til. Til þess voru vaðir einnig nýttir ef þeir voru geymdir um tíma á brún. Byrgið á Geldingsskorardal er mun stærra og hefur verið vandaðra, en er líklega niður fallið fyrir löngu síðan. Tóftin ber með sér að þar hafa, auk eggja, verið geymdir vaðir og annar búnaður, þannig að það hefur einnig verið vaðbyrgi. Nokkru innar á dalnum, ofanvið Læki, mótur fyrir annarri tóft en hlutverk hennar er óljóst.

Eggjaferð / Eggjaleiðangur / Eggjatökufærð / Eggjatökuleiðangur (n, kvk) Ferð sem farin er til eggja/ til að sækja egg til matar. Eggjaferðir eru misjafnlega langar og misjafnlega fyrirhafnarsamar. Allt frá því að skjótast einn í hálf tíma *snag*, t.d. frá Láganúpi útá Undirhlíðanef eða í Smérhelli; til sólarhringslangra fjölmennra eggjaleiðangra undir eða í Bjarg. „Kemurðu með í eggjaleiðangur“? „Ég týndi húfunni í síðasta eggjatökuleiðangri“.

Eggjasnudd (n, hk) Gæluorð um eggjaferð. „Þeir eru einhversstaðar í eggjasnuddi“.

Eggjafiðringur (n, kk) Löngun til að fara í *eggjaferð*. „Er nú kominn einhver eggjafiðringur í þig“?

Eggjaháfur (n, kk) Verkfæri til að auðvelda eggjatöku við erfiðar aðstæður. „Eggjaháfur er léttbyggður. Skaftið er vanalega úr hrifuskafti eða bambus. Fremst á því er benslaður vírhringur og á honum poki fyrir ca 2 egg. Háfinn má nota til að ná á öruggan hátt eggjum sem annars væru utan seilingar, auk stuðnings. Eggjaháfur var einkum notaður við eggjatöku í Breið og hentaði þar vel, en var síður notaður í Blakk, og aldrei við töku svartfuglseggja. Orðið og verkfærið virðist hafa verið bundið við Kollsvík, og má líklega rekja hvorttveggja til Gylfa Guðbjartssonar, sem lengi stundaði eggjatöku í Breiðnum.“

Eggjahugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir um eggjaferð. „Eruð þið eitthvað í eggjahugleiðingum í dag“?

Eggjakappát (n, hk) Keppni um það hver getur borðað flest egg, stundum með einhverjum tímamörkum.

Eggjakeyrsla (n, kvk) Aksturshraði sem hlífir eggjum í flutningi. „Við þurfum að fara eggjakeyrslu í þessu *ruggi*; þar til kemur á betri veg“.

Eggjakútur (n, kk) Ílát af sérstakri gerð sem notuð eru við eggjatökur í björgum vestra. Oft eru þetta plastkútar með ígreiptu haldi, sem af hefur verið skorinn stúturinn með nægilega stóru gati til að þar megi koma niður hendi með tveimur eggjum. Oft voru notaðir í þetta kútar undan maurasýru. Þeir eru hæfilega stórir fyrir ca 90 fylseggi með stoppi, sem er hæfilegur burður fyrir einn og þægilegt að draga í klettunum. Borinn var sinn kútur í hvorri hönd og gjarnan hafður fatli/létti yfir herðarnar þegar langt var borið.

Eggjaferð / Eggjaleiðangur (n, kvk) Ferð sem farin er til eggja/ til að sækja egg til matar. Eggjaferðir eru misjafnlega langar og misjafnlega fyrirhafnarsamar. Allt frá því að skjótast einn í hálf tíma *snag*, t.d. frá Láganúpi útá Undirhlíðanef eða Smérhelli; til sólarhringslangra fjölmennra eggjaleiðangra undir eða í Bjarg.

Eggjaskaði (n, kk) Afföll af eggjum; brotinn hluti af eggjum. „Settu kútana í miðjan bílinn svo við verðum síður fyrir eggjaskaða í þessu *ruggi*“.

Eggjasnag / Eggjasnudd (n, hk) Bjargferðir í eggjatöku; stuttar *eggjaferðir*. „Ég hef líklega ekki tíma í eggjasnag í dag“ „Þeir eru einhversstaðar í eggjasnuddi“.

Eggjaskita / Eggjadrulla (n, kvk) Neikvætt orð um löngun til eggjaferða; óþarfur áhugi á eggjaferðum. „Er nú komin í ykkur eggjaskitan, eina ferðina enn“! „Það gengur ekki að trassa búverkin fyrir einhverja eggjadrullu“!

Eggjaskurmur (n, kk) Eggjaskurn. Eldra heiti sem nú heyrir sjaldan. „Það er alltaf betra að byrja að brjóta á eggjaskurminum í sverari endann á egginu; þar byrjar það oft fyrst að verða setið“.

Eggjaskyrta (n, kvk) Sérstakur stakkur sem sigari er íklæddur, og hentar til að safna inná sig eggjum. „Þegar sigið var til eggja fór sigmaður í strigastakk sem kallaðist eggjaskyrta á Látrabjargi, hvípa á Hornströndum en í Skagafirði ýmist sigmannsskyrta eða hempa og í Vestmannaeyjum eggjabura“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). „Nú fer sigmaðurinn í eggjaskyrta, sem er stór strigapoki. Á miðjum botni er gat fyrir höfuðið, og við botnhornin sitt hvorumegin eru göt fyrir handleggina. Úr miðju hálsmálinu að framan er rist rauf niur á brjósti, og lætur sigarinn eggin þar inná sig í pokann. Pokinn er dreginn saman með bandi efst á bakinu; bæði til að hann fari ekki útaf öxlunum og til að hann gúlpi á bakinu en ekki að framan. Eggin eiga að vera sem mest á bakinu á manninum. Snæri er bundið um pokann í mittið og pokanum hissað upp um leið og dreginn til baksins; þannig er eggjarýmið í pokanum allt á baki mannsins“ (MG; Látrabjarg).

Eggjaspanda (n, kvk) *Eggjafata*. „Réttu mér eggjaspöndu til að hafa á handleggnum þegar ég fer niður“.

Eggjatínsla (n, kvk) Það að tína egg/ safna eggjum saman. „Hann hélt áfram eggjatínslunni meðan ég raðaði í kútana“.

Eggjatökustaður (n, kk) Staður í klettum/bjargi þar sem tekin eru egg til nytja. „Eggjatökustaðir voru fjölmargir þegar ég tók sem mest þátt í eggjaferðum. Ég hef verið með í bjargferðum á a.m.k. 3 staði í Keflavíkurbjargi; 3 í Breiðavíkurbjargi; 7 í Bæjarbjargi; 20-30 í Látrabjargi; 3 í Bjarnarnúpi; 9 í Breið; 10-20 í Hnífum; 15-25 í Blakk; 3 í Gjögrahyrnu og nokkrum á öðrum stöðum á landinu. Í marga staðanna var farið árlega; stundum tvisvar á ári. Lang oftast var farið laus eða í lásam, en sumsstaðar sigið. (VÖ).

Eggjaveður (n, hk) Veður sem nýtist til eggjaferðar. „Ekki list mér alltof vel á eggjaveðri á morgun“.

Eggjavegur / Eggjaslóði (n, kk) Vegur/vegslóði sem farinn er til að komast til eggjatöku. „Fjandi er þetta slæmur eggjavegur; farðu aðeins hægar hérna“. „Af Núpnunum er eggjaslóði fram á Blakk“.

Eggland (n, hk) Svæði þar sem vænlegt er að fara til eggjatöku. „Mesta egglandið í Breiðnum er uppaf Landamerkjahlrygg og þar útaf“.

Eilífðarnöldur (n, hk) Sífellt suð/nöldur/tuð. „Mikið er maður þreyttur á þessu eilífðarnöldri“!

Eilífðaróttíð (n, kvk) Langvarandi óttíð sem manni finnst engan endi ætla að taka. „Það ætla bara ekki að verða lát á þessari eilífðaróttíð“!

Eilífðarrígning (n, kvk) Langvarandi rígning sem manni finnst endalaus. „Enn er þessi eilífðarrígning“!

Einfeldingur / Einfeldningur (n, kk) Fremur skilningsvana/fávís maður. „Óttalegur einfeldingur geturðu verið ef þú skilur þetta ekki“!

Einfeldingsháttur / Einfeldningsháttur (n, kk) Fávíska; heimska. „Það er bara einfeldingsháttur að halda að einhver geti smalað allt þetta svæði einsamall“!

Einhvað (fn) Eitthvað. „Einhvað skrátið hefur hér gerst“. „Sérðu einhvað til þeirra“?

Einhvur / Einhvurntíma / Einhvurnveginn / Einhvursstaðar / Einhvursvegna / Einhvurra hluta vegna (fn) Afbrigði af stofnmyndinni „einhver...“. Þessi framburður var nokkuð algengur vestra áðurfyrr, en heyrir sjaldnar nú. Orðmyndin „einhvursvegna“ virðist sérstæð fyrir Kollsvíkings: „Ég veit ekki hvursvegna þetta var gert svona, en einhvursvegna hlýtur það að hafa verið“.

Einjúgra (l) Um kind; með annað júgríð virkt/mjólkandi. „Hún mjólkar lömbunum vel þó hún sé einjúgra“.

Einkanagjöf / Einkunnargjöf (n, kvk) Mat á frammistöðu, oftast gefið upp í tölum eða umsögn. „Þann 17.apríl símaði ég hreppsnefndaroddvita og bað um yfirskoðun á fé Ólafs Ólafssonar Krókshúsum vegna persónulegrar ársár í minn garð, um að ég gerði mannamun við einkanagjöf“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1943).

Einmunasumar / Einmunasumarblíða (n, hk/kvk) Óvanalegt/einstakt góðviðrissumar. „Þetta er buið að vera einmunasumar; alveg hreint“! „Ég man bara ekki eftir annarri svona einmunasumarblíðu“!

Eins og andskotinn annar (orðtak) Áherslusetning um það sem einhver vinnur/gerir mjög rösklega. „Ég hljóp eins og andskotinn annar niður alla Brunnsbrekku, og náði að komast fyrir fjárhópinn“.

Einstrokks / Einsýlinders (l) Um vél/sprengihreyfil; með einum strokki/sýlinder. „Fyrsta ljósavélin á Láganúpi var einstrokks Onan; 12 volta bensínvél. Hún var í kompuni í Hjallinum og sett í gang með spotta“.

Einþáttungur (n, kk) Einfaldur þráður, þ.e. hvorki ofinn, spunninn, né tvinnuður. Einnig haft um einn þátt úr snúnu bandi eða snúnum vað. „Einþáttungur var þættur úr línunni og notaður til að hnýta á netasteinana“. Orðið finnst ekki í orðabókum í þessari merkingu, en er annarsstaðar notað um leikrit í einum þætti.

Eitilfreðin / Eitilfrosinn (l) Beinfreðinn; gaddfrosinn. „Það þarf að láta fiskinn þiðna aðeins meira; hann er enn eitilfrosinn og útilokað að skera hann“.

Eitilfrost (n, hk) Mikið frost, einkum átt við frosna jörð. „Það er ekki nema hálf skóflustunga niður á eitilfrost“.

Eitthvaðsvo (ao) Eitthvað svo; svo mjög/mikið. „Alltaf finnst manni eitthvaðsvo notalegt að koma aftur í heimahagana eftir langa fjarveru“. Orðhlutarnir eru svo samrunnir í framburði að í raun er um eitt orð að ræða, líkt og t.d. orðið „ennþá“.

Eitthvurt (ao) Eitthvert; einhvert. „Eitthvurt fóru þeir; en *hvurt*, veit ég ekki“. Töluvert notað, t.d. af eldra fólki uppúr miðri 20.öld. Heyrist sjaldan nú, og hefur vikið fyrir „einhvert/einhvert“.

Eiturbuna (n, kvk) Fyrsta bunan úr kaffikönnu eftir uppáhellingu með gamla laginu, en hún vildi verðaöðruvísi vegna lagsins á stútnum og var því gjarnan hellt í könnuna aftur. „Ég hellti uppá könnuna og tilkynnti að kaffið væri tilbúið. „Eiturbununa tek ég sjálfur, en gerið þið svo vel“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Eitursúr (l) Mjög/alltof súr. „Bestur er hvalurinn ef hann er svo eitursúr að hann hangir varla saman“.

Eitursterkur (l) Mjög bragðsterkur. „Þessi skrattans „sillipipar“ er eitursterkur andskoti“.

Ekkert mehe með það (orðtak) Ekkert múður/rövl um það; þýðir ekki að mótmæla því/ ræða það frekar. „Við þurfum að sækja okkur spotta og reyna að mjaka kúnni uppúr dýnu; það er ekkert mehe með það“!

Ekki (nokkur) tilsjón / Engin tilsjón (orðtök) Ekki nokkur kostur; ekkert vit í; ekki viðlit. „Við fórum uppundir Bæjarvöllinn, en það var ekki nokkur tilsjón að leggja uppað fyrir brimi“. „Það er engin tilsjón að smala af nokkru viti í svona niðapöku“.

Ekki velgott (orðtak) Ekki til fyrirmyndar; ekki það sem æskilegast væri. „Ekki er það velgott, en engan drepur það! Ætli það verði ekki að sulla þessu *ropvatni* í sig frekar en að drepast úr þorsta“.

Eldiskvíga (n, kvk) Kvígukálfur sem ákveðið er að ala upp í mjólkurkú. „Ég fékk hjá honum góða eldiskvígu“.

Eldiviðarhaugur (n, kk) Haugur/hrúga af viðarbúttum eða öðru brenni sem ætlað er sem eldiviður. „Eldiviðarhaugur var alltaf hjá þvottapottinum í Verkfærahúsinu, og stundum líka kolapöki“.

Eldunarkró (n, kvk) Útihlóðir; kró í veri sem eingöngu er notuð til að elda mat á hlóðum. „Nálægt búðunum voru krær sem voru eingöngu ætlaðar til að matreiða í. Ég man ekki eftir nema einum *útihlóðum*. Svo komu olíuvélar og síðar primusar, og þá var eldað inni í búðunum sjálfum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Elftingarte (n, hk) Te/seyði sem lagað er af klóelftingu/elftingu (*Equisetum arvense*). Elfting er gróplanta sem vex víða, og kann best við sig í rakri mold þar sem ekki er mikil samkeppni annarra jurta. Stongullinn verður um og yfir 10 cm hár; grænn með mjóum greinum. Gróstönglar vaxa stakir; eru ljósleitir og með sérkennilegan kólf efst. Þeir nefnast skollafingur og segir þjóðtrúin að þar teigi fingur satans sig uppúr jörðinni. Plantan fjölgar sér einnig með rótarskotum og hefur mikið rôtarkerfi. Ræturnar eru svartar með hvítum kjarna. Á þeim vaxa ber í sama lit; nefnd gvendarber. Einhver not voru af elftingu fyrrum, en Björn í Sauðlauksdal segir: „Þessi jurta er barkandi og græðandi; lögur hennar lækna lífsýki og jurtin sjálf, ef vel er marin milli steina og stungin í nef mannei eða lögð við enni, stillir nasablóð. Hún er eins svo tilbúin góð að leggja yfir sár, kviðslit og annað kostað á líkama... Elftingalögur, vini blandinn og heitur drukkinn, lækna innankostað; líka hósta og mæði. Til hins sama má og svo seyða jurtina í vatni og drekka það sem seyði. Klútur, í sama seyði vættur, er góður til að leggja yfir alla heita bólgu, þá batnar hún“ (BH; Grasnytjar). Börn í Kollsvík lögðu te úr ýmsum jurtum, og þar á meðal elftingu, án þess þó að nota í það vín eins og séra Björn leggur til. Elftingarte var fremur bragðdauft og því gott að sjóða annað með, s.s. blóðberg eða vallhumal. Skollafingur og gvendarber eru fyrirtaksmatur og þurfa enga matreiðslu.

Eltur (n, kvk, fto) Eltingaleikur; eftirför; það að elta við, t.d. kindur. „Ég lenti í þónokkrum eltum við þessar bykkjur“. „Eftir nokkrar eltur náði ég að króa lambið af við klettinn“.

Emilering (n, kvk) Húð eða litur sem brennd er á hlut. „Víða var emileringin sprungin“.

Endasplæs (n, hk) Frágangur á enda vaðs/kaðals/færis, þannig að endinn er þáttaður upp og þættirnir splæstir aftur fyrir sig, en með því er komið í veg fyrir trossun í endanum.

Endemiskjaftæði / Endemisrugl / Endemisþvæla Algert bull; vitleysa. „Ég hef nú sjaldan heyrt *álíka* endemisrugl á minni ævi“.

Endemisvitlaust (l) Arfavitlaust; frámunalega heimskulegt; geggjáð. „Þetta var náttúrulega svo endemisvitlaust hjá þér að leggja hnífinn frá þér uppá hvalbakinn; sérstaklega í vona typpingsfjanda“!

Endurþenkja (s) Hugsa að nýju; endurskoða. „Þetta breytir miklu; nú þurfum við að endurþenkja málin frá grunni“.

Enganveginn (ao) Alls ekki; *af og frá*. „Ég get enganveginn skilið hvernig þetta gerðist“.

Englahjal (n, hk) Tal engla. „Það var víst ekkert englahjal, sem þeir fengu að heyra þegar heim kom“!

- Englahland** (n, hk) Þunnt kaffi. „Bölvað englahland er þetta núna“! Einnig *vinnukonuvatn og nærbusnavatn*.
Heyrðist ekki utan Kollsvíkur, en annarsstaðar heyrðist notað orðið „englapiss“.
- Epjngur** (n, kk) Bjögur; aflögur; sveigja. „Það er einhver bölvður epjngur kominn í borðið; það er ekki lengur beint“.
- Epladjús** (n, kk) Eplapykkni; þykkur eplasafi til blöndunar. „Áttu nokkuð til lögg af epladjús“?
- Ergelsisraus** (n, hk) Nöldur/kvartanir/skammir í ergelsistóni. „Það þýðir ekkert að vera með svona ergelsisraus; þú verður að koma með rök fyrir þínu máli“!
- Ergelsistónn** (n, kk) Yfirbragð þess sem sagt er, þegar það byggir á þrasi og nöldri fremur en rökræðu. „Það var kominn einhver ergelsistónn í minnihlutann á fundinum“.
- Erkihálfviti/ Erkiffl / Erkiþjáni** (n, kk/hk) Mjög heimskur; víðáttuhálfviti. „Erkiffl getur maðurinn verið“!
- Erkiheimska / Erkiþviteysa** (n, kvk) Víðáttuheimska; alger vitleysa. „Það var auðvitað frámunaleg erkiheimska að ætla sér að reka kindurnar upp á þessum stað; það hefði aldrei gengið“!
- Errlaus** (l) Sem ekki er err í. „Allajafna var aldrei gripið í spil í errlausum mánuðum í Kollsvík“. „Oft kom það fyrir (í landlegum í Verinu), þótt ekki væri err í mánuðinum, að menn tóku upp spil sér til dægrastyttingar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Ertingur** (n, kk) Erting; pirringur; ónot. „Það er einhver bölvður ertingur hálsinum á mér ennþá“. Jafnan í karlkyni þar vestra en ekki kvenkyni, eins og annarsstaðar tíðkaðist.
- Eyddur í hafíð / Eyddur til hafsins** (orðtak) Skýjabakkinn í norðri er horfinn: „Hann er orðinn algjörlega eyddur til hafsins“. Þau *umskipti* voru oftast ávísun á það að norðanátt væri *gengin niður* og því jafnvel von á sunnanáttum með *vætutið* og *ópurrki*. Sjá einnig *bakki í hafíð*.
- Eyðileggingarárátta / Eyðileggingarnáttúra** (n, kvk) Sá ósiður að eyðileggja hluti að ástæðulausu og án tilgangs. „Það er furðuleg eyðileggingarárátta að brjóta rúður allsstaðar þar sem enginn sér til“. „Sumir eru illa haldnir af eyðileggingarnáttúrunni“.
- Eygt** (l) Um egg; farin að myndast augu. „Sum eggin voru stropuð, og tvö sá ég sem voru orðin eygd“. Orðið sést ekki í þessari merkingu í orðabókardæmum, en er þekkt sem lýsing á augnsvip og um göt/holu í efni.
- Eymdargól** (n, hk) A. Aumingjalegt væl/spangól t.d. hunds. B. Lýsing á slæmri tónlist.
- Eymdarhokur** (n, hk) Búskapur við mikla fátækt. „Margir flosnuðu upp frá sínu eymdarhokri inn til landsins í mestu harðindunum og leituðu þangað sem helst var bjargar von; í verin“.
- Eymunatíð / Eymunatíðarfar** (n, kvk/hk) Einmunatíð; einmunatíðarfar; tímabil einstaklega góðrar veðráttu. Oftar voru notuð orðin „einmunatíð“ og „einmunatíðarfar“ en þetta heyrðist einnig, enda merking sú sama.
- Eyrarferð** (n, kvk) Ferð víknamanna í kaupstaðinn á Vatneyri (Patreksfirði). Einnig talað um *kaupstaðarferð*, og í seinni tíð að *fara á Patró*.
- Eyrnanið** (n, hk) Óþolandi hljóð/hávaði/tónlist; það sem illbærilegt er að hlusta á. „Slökktu nú á þessu andkotans eyrnaniði; það er merkilegt að einhverjir skuli kalla þetta tónlist“!
- Eyrnaskítur** (n, kk) A. Eyrnamergur. B. Slæmska/verkur/bólga í eyrum. „Ég þarf að hafa góða húfu; það hefur einhver eyrnaskítur verið að hrjá mig í dag“.
- Evsustraumur** (n, kk) Harður straumur; hart sjávarfall. (Stofninn líklega „að ausa“; ausandi straumur; VÖ). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Éljahraglandi** (n, kk) Strjál snjócoma í hvössu veðri. „Við fengum bölvðaðan éljahraglanda alla leiðina“.
- Éljahrotti** (n, kk) Hörð él; éljaskítur. „Það gengur á með éljahrotta öðru hvoru en birtir inná milli“.
- Éljaskítur** (n, kk) Hörð él; éljahrotti. „Hann ætlar að halda þessum éljaskít allan daginn“.
- Éljóttur / Élóttur** (l) Éljagangur. „Hann er eitthvað að minnka ofankomuna og orðinn éljóttari, sýnist mér“. „Eitthvað er hann élóttur hér frammi á vikinni“. Notað jöfnum höndum; líklega upprunalegra án j.
- Éta þáttalega** (orðtak) Borða óskipulega/með *gleypugangi*; háma í sig (skýr. SG).
- Fanndrífa** (n, kvk) Snjódrífa; áköf snjócoma. „Það sást varla útúr augum í fanndrífunni“.
- Fara í Bug / Fara í beitufjöru** (orðtök) Fara úr Kollsvíkurverri inni Sersbug til að afla kúfisks í beitu. „Það var kallað að fara í Bug eða fara í beitufjöru, þegar grafið var eftir skelinni með berum höndum. “ (KJK; Kollsvíkurver) (Sjá *kúfiskur*).
- Fara til fyglina** (orðtak) Fara í leiðangur/sig til að snara bjargfugl. „Upp af Stóðum eru Gunnarshillur. Þangað var farið til fyglina“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Farandverslun (n, kvk) Verslun sem er færanleg; verslun þar sem verslunarmaðurinn flytur sinn vörlager og sölu á vænlegt markaðssvæði, eftir þörfum. Líklega hefur eina umfangsmikla farandverslun landsins verið sú sem Magnús Ólafsson í Vesturbotni (Mangi í Botni) stundaði á síðari hluta 20. aldar. Eftir að hann hætti sem brautryðjandi, ýstjóri og verkstjóri í vegagerð fékk Mangi sér stóra rútu; lét innréttu hana á hentugan hátt sem verslun og bústað og flakkaði svo á þessum ljósbláa bíl um allt Ísland með sinn vorulager og seldi; jafnt í kaupstöðum sem á afskekktum sveitabæjum. Enn í dag er „Magnús vítamín“ þekktur í flestum byggðarlögum, en bætiefni af öllum gerðum var hluti af hans fjölbreytta vöruúrvali, og hann þreyttist seint á að útskýra gagnsemi þeirra. Kaupmönnum um landið var fremur í nöp við þessa vinsælu farandverslun; töldu að hún hefði af þeim viðskipti. Urðu af því nokkur upphlaup, njósnastarfsemi og lögreglumál sem Magnús hafði mikið gaman af, enda vissi hann fátt skemmtilegra en þras og rökræður. Í verslun Magnúsar var mjög fjölbreytt vöruval; líklega mun fjölbreyttara en í stærstu stórmörkuðum landsins í dag; t.d. fatnaður, verkfæri, búsaðhöld, bætiefni, matvara, sælgæti o.fl. o.fl. Þar á meðal *mangakrem* og *mangabrjóstsýkur*. Magnús kom stundum út í Kollsvík, þó Beygján í Hæðinni væri þessum stóra bíl nokkuð þröng. Magnús var af Kollsvíkurætt; fæddur 1913 og lést 1998. Hann var stórhuga brautryðjandi á ýmsan hátt; framsýnni um margt en aðrir og fór sínar eigin leiðir. Auk farandverslunarinnar birtist framsýni hans t.d. í snjallri vegalagningu víða í Barðastrandasýslum; frumkvöðlastarfsemi í fiskeldi; stórhuga virkjanaframkvæmdum; hugmyndum um jarðgangagerð undir heiðar; stórfellt fiskeldi og jafnvel sjávarfallavirkjanir.

Farlúinn (l) Ferðamóður; þreyttur eftir langferð/erfiða ferð. „Ertu ekki farlúinn eftir þessa langferð“?

Fastmilk (l) Um kýr sem erfitt er að mjólka; gagnstætt við *lausmilk*. „Gott ráð við fastmilkur kýr er að þvo júgrin úr volgu vatni og mjólka með hægum og ákveðnum strokum“.

Fastsofandi (l) *Steinsofandi*; sefur vært. „Hann er enn fastsofandi, en ég get ýtt við honum ef þú vilt“.

Fatanið (n, hk) Slæm meðferð á fatnaði; mikið álag á föt. „*Múkkaeggjatekja* er hálfgerð fatanið, því þó maður sleppi vð að fá æluna á sig þá er maður skriðandi í lýsisbornu grasi og rífandi föt á nibbum“.

Fatahjallur (n, kk) Hjallur sem föt eru hengd í til þerris, uppi á snúrum. „á Hjallhól var fatahjallur“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Fatalt (l) Dauðadæmt; glatað; vonlaust; hættulegt; dæmt til að mistakast. „Það er alveg fatalt að reyna þetta í svona veðri“. Svipuð merking og notkun og stofnskylda orðið í ensku; „fatal“. Heyrðist nokkuð notað í máli sumra Kollsvíkinga uppúr miðri 20. öld og e.t.v. mun fyrr.

Fatapjónkur / Fatarlarfar / Fataleppar / Fatagarmar / Fataplögg / Fatarýjur / Fataræflar / Fatatau / Fatataskur (n, hk, fto) Gæluorð yfir föt; druslulegur/skítugur fatnaður. „Farðu nú úr þessum fatagörmum svo ég geti þvegið af þér“. „Gakktu nú frá fatapjónkunum þínum“! „Hvar eru nú fatararfarnir mínir“?

Fatatilur (n, kvk, fto) Föt; fatnaður; *rýjur*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Fatatirjur (n, kvk, fto) Fatnaður, einkum léleg föt; fatadruslur; *fatatilur*. „Ósköp eru nú þessar fatatirjur að verða snjáðar og druslulegar“!

Fábjánafans (n, kk) Hópur heimskra manna. „Það hefur þurft heilan fábjánafans til að semja svona *arfavitlausu* reglugerð“!

Fábjánagangur / Fábjánaháttur (n, kk) Frámunalega heimskulegur verknaður/hugsanagangur. „Hverskonar fábjánaháttur er þetta hjá þeim“?!

Fátækrafæða (n, kvk) Mjög lélegur/slæmur matur; *óæti*. „Það er ljóta fátækrafæðan þetta pastarusl“.

Fátækrajöfnunarfé (n, hk) Fjárveiting sem hreppar fengu frá ríkissjóði fyrrum, til að standa undir brýnustu velferðarmálum. Var einkonar fyrirrennari Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. „Fátækrajöfnunarfé árið 1942, kr 1.255“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1942).

Fávískukjafæði (n, hk) Heimskulegt tal; vitleysa; þvæla. „Ég tek nú ekki mark á svona fávískukjafæði“!

Fávitalega (ao) Heimskulega; bjánalega; fáránlega. „Mér fannst þarna fávitalega svarað“.

Feikidýr / Feiknadýr (l) Mjög dýr; rándýr. „Þið eigið ekki að vera að gefa mér svonalagað; var þetta ekki feikidýrt“? „Það getur orðið félaginu feiknadýrt að hafa menn á kaupum ef ekkert er að gera“.

Feiknahraði (n, kk) Mjög mikill hraði; ofsahraði. „Maður gat náð feiknahraða á þessu farartæki“.

Feilgrípa (s) Taka í misgripum; flaska á. „Ég feilgreip mig á brúsum og setti vatn á vélina í stað bensíns“.

Feitisdæla / Feitissprauta (n, kvk) Koppafeitissprauta; handdæla til að koma smurfeiti í smurkoppa.

Feldmjúkur (l) Mjúkur á feld; fláraður; ekki allur þar sem hann er séður. „Það er eins með hann og köttinn: Þó hann sýnist feldmjúkur þá eru klærnar ekki langt undan“.

Fellimöskvi (n, kk) Möskvi í jaðri nets sem gengur upp á þininn/teininn. Venjulega úr þólnari þræði en netmökvarnir sjálfir, enda mæðir töluvert á, í miklum sjógangi.

- Fellingagarn** (n, hk) Grannt en sterkt garn, notað m.a. til að fella net/ setja inn net.
- Fengin** (l) Um ær; með fangi; búið að hleypta til. „Ég hef þær í sérstakri stú sem fengnar eru og hleypi hrútnum til hinna“. Ekki verður séð að orðið hafi verið notað í þessari merkingu utan svæðisins.
- Ferðahugleiðingar** (n, kvk, fto) Áætlanir um ferð/ferðalag. „Eruð þið nokkuð í ferðahugleiðingum í dag; liggur ykkur nokkuð á heim strax“?
- Festarhari** (n, kk) Hjólmaður; maður sem *situr undir vað* næst *brúnahjóli* á bjargbrún, og vaktar merki frá sigaranum. Orðið er ekki notað í seinni tíð, en til fyrrtíðar notkunar bendir þessi gamla vísa sem ónefndur bjargmaður kvað á brún Látrabjargs forðum; „Festarhari hugrakkur;/ hraustur snar og fljótur;/ vertu bara vaðglöggur, / viðris skora njótur“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *skorarviðri*, sem er vindur sem stendur upp á bjargbrún.
- Festusteinn** (n, kk) Steinn nærri bjargbrún sem unnt er að nota fyrir *festu*. „Þarna er þessi finni festusteinn“!
- Féfirugur / Fégráðugur** (l) Ágjarn; vill græða peninga. „Mér fannst hann fjandi féfirugur þegar hann hækkaði verðið á druslunni, og sagði honum að hann gæti þá bara átt hana sjálfur“.
- Fíðra** (s) Verða loðinn af myglu; feyra. „Annars var mörflot notað út á allan fisk. Það átti að geyma mörinn og láta hann fíðra dálítið áður en farið var að hnoða“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).
- Fiktrass** (n, kk) Sá sem fiktar mikið/leggur sig í hættu. „Strákurinn er eldhress og hinn mesti fiktrass“.
- Fimmpundalína** (n, kvk) Lína af ákveðnum styrkleika. „Færi voru úr fimmpundalínum, frönskum“ (GG; Kollsvíkurver).
- Fimmróid** (l) Róid til fiskjar fimm sinnum sama daginn. „Fyrir kom að það var fimmróid“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).
- Firnadýpi** (n, hk) Regindýpi; mjög mikið dýpi. „Hérna réttu utan við kantinn er firnadýpi“.
- Fisfúinn** (l) *Grautfúinn; gegnfúinn*. „Það þýðir ekkert að nota þennan fisfúna drumb í hornstaur“.
- Fiskflís** (n, kvk) Ögn af fiski; lítilsháttar af harðfiski. „Réttu mér dálitla fiskflís ef þú tímur að sjá af henni“.
- Fiskikönguló** (n, kvk) *Dordingull*; húsakönguló; *veiðimaður*. „Þarna hangir fiskikönguló í sínu færi; stundum nefnd veiðimaður. Hún er svo nefnd vegna þess að hegðunin minnir á veiðar með færi“.
- Fiskipoki** (n, kk) Poki með fiski. „Við tókum saman ílát og annað sem við áttum að taka með okkur heim, og ekki máttum við gleyma fiskipokanum“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).
- Fiskmetiskös** (n, kvk) Hruga af *matfiski*. „Yfirbreiðslur höfðu lítið hlíft. Sandur hafði allsstaðar smogið undir og inn í fiskmetiskösina“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fiskstakkur / Fiskstæða / Saltfiskstæða** (n, kk/kvk) Stafla af saltfiski, sem raðað er reglubundið upp. „Mikil framför þótti þegar unnt var að geyma allar fiskstæður innandyra“.
- Fisktittur** (n, kk) Litill fiskur; smáfiskur. „Það var ekki nokkurn fisktitt að hafa uppi á grunnmiðum um margra áratuga skeið, en nú stendur á hverju járn ef slóði kemur í sjó“.
- Fisktutla** (n, kvk) Tægja/ögn af fiski. „Mig var farið að langa í fisk. Ég hafði ekki smakkað fisktutlu í *háa herrans tíð* í þessari sveit“.
- Fiskþykkt** (n, kvk) Þykkt á fiskholdi. „Flökin (af lúðunni) hengd upp og látin skelþorna; síðan voru þau rist þannig að skurður var skorinn inn í miðja fiskþykktina. “ (KJK; Kollsvíkurver).
- Fitubeit** (n, kvk) Beit sem saufé er sett á til að fita það fyrir slátrun. „Sighvatur lét sauð síga niður í Stóðin sem við hann eru kennd. Hann hafði hann þar yfir sumarið í fitubeit og seig eftir honum um haustið“.
- Fitudróg** (n, kvk) Fituögn; tægja/ögn af fitu/mör. „Eittsinn þótti ket ekki matur nema það væri sæmilega feitt. Nú eru menn hrifnastir af horketinu. Hvergi má sjást fitudróg í nokkrum mat“!
- Fiflagangur** (n, kk) *Bjánagangur*; heimska; kjánalegir tilburðir. „Auðvitað var það ekkert nema fiflagangur að reyna þetta“! „Hvað skyldi þessi fiflagangur eiga að ganga langt þarna í þinginu“?
- Fígúruháttur** (n, kk) Sýndarmennska; fiflagangur; ýkt/yfíborðskenned hegðun. „Alltaf er hann með þennan fígúruhátt ef kvenfólk er nálægt“.
- Fínheita** (ao) Ágætis; dýrindis; herlegheita. „Það þýðir nú lítið að mæta í smölun á einhverjum finheita blankskóm! Áttu ekkert almennilegt á lappirnar“?
- Fínviðri** (n, hk) (n, hk) Gott veður; þrýðisveður. „Það gerði mugguskratta hér í morgun, en eftir það hefur verið fínviðri og bjart“.
- Fírhólf** (n, hk) *Eldhólf* á kola-/olíueldavél. „Nú þurfum við að bíða eftir að fírhólfid kólni“.

Fítónsfart (n, kvk) Ógnarhraði; asi; hraðferð. „Hann skurkaði hér framhjá á þessari býsna fítónsfart; ég held að það hljóti að hafa orðið slys einhversstaðar“!

Fjalarstubbur / Fjalarstúfur (n, kk) Stutt fjöl/spýta. „*Mjaltakollurinn* var út fjalastubbum“.

Fjallarok (n, hk) Mjög snarpur vindur hlémeigin við fjöll. „... ég er að enda við að renna stýrinu fyrir þegar slær niður fjallaroki með þeim stærsta sjó sem ég hef fyrirhitt“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Fjallavegleysa (n, kvk) Ferðalag um fjöll utan vega. „Við hugsuðum okkur að fara fjallavegleysu útá Bjarg, en hverfum brátt frá því...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Fjallslægjur (n, kvk, fto) Útslægjur; hey sem fengið er af slægjum í úthaga, t.d. brok af tjörnum eða gras úr bjargflesjum. „Þetta er sorgarsagan um fjallslægjur á Vestfjörðum. Ef mýrarnar þorna er berglagið undir þeim svo opið að jarðvegurinn hverfur að mestu og eftir verður aðeins mosinn, þegar best lætur; annarsstaðar bara berar urðirnar“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Fjalltryggur (l) Mjög tryggur; óaðskiljanlegur. „Ég hef engan vitað fjalltryggari en þennan hund“.

Fjallvegasamgöngur (n, kvk, fto) „Fjallvegasamgöngur við Kollsvíkinga hélið útbreyttar til ársins 1955, að lokið var við bílveg alla leið yfir Hænuvíkurháls“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Fjandansári (ao) Áhersluorð með lýsingarorðum; mjög; gríðarlega. „Það var fjandansári sárt að horfa uppá lambið soppa framaf; eins og þetta var nú vænn hrútur“! „Þetta er fjandansári blautt enn“.

Fjandansekkisen (l) Áherslulýsingarorð með nafnorðum. „Það er fjandansekkisen vesen orðið að fá leyfi til að fiska í eigin landhelgi“! „Fjandansekkisen óheppni var að þetta þetta skyldi bila núna“.

Fjandansgreið (n, hk, m.gr.) Áhersluorð; milt blótsyrði. „Ég hélt ég væri búinn að króa lambið af, en þá setti það sig niður í næsta gang, fjandansgreið“! „Hann datt af króknum alveg uppi við borðið, fjandansgreið“!

Fjandansnær (orðtak) Áhersluorð; heldur; frekar. „Óttalegt *slugs* er á honum; honum væri fjandansnær að halda sig að heyskapnum svo hann klárist fyrir snjó“! „Mér hefði verið fjandansnær að taka skóna inn; þá væru þeir ekki forblautir núna“.

Fjandanssama (l) *Kæri kollóttan; gef skít í*; er alveg sama. „Mér er svosem fjandanssama þó þeir kúðri þessu; það kemur þeim sjálfum í koll“!

Fjandansögn / Fjandansú ögnin (n, kvk/ orðtak) Áhersluorð um ekki neitt. „Hann sagði að hér hefði hann séð tvær kindur, en fjandansögn sem hér er nokkuð fé“! „Við börðum hér um allan sjó, en fjandansú ögnin að við *yrðum* nokkursstaðar *varir*; allsstaðar sama *ördeyðan*“!

Fjárþúð (n, kvk) Fjánhús sem notað er sem verbúð að vori og sumri, en slík notkun var algeng í Útvíknaverum. „Skipbrotsmenn (skútunnar Telephone) fengu til umráða tvær allstórar fjárþúðir og höfðust þar við í nærfellt þrjár vikur“ (TÓ; Skipströnd í Rauðasandshreppi).

Fjárhúsgrindur (n, kvk, fto) Grindur undir sauðfé í fjárhúsi, til að skítur troðist niður í fjárhúskjallara. „Þetta timbur væri líkast til upplagt í fjárhúsgrindur“.

Fjárkrít / Fjárnit (n, kvk) Lituð krít sem seld er og notuð til að merkja kindur til aðgreiningar. Sjá *litamerkt*. Fjárkrít var t.d. ein vörutegunda sem voru á boðstólum í Gjögubúð.

Fjárskúfur (n, kk) Litill hárbúskur eða –burst, fremst á snoppu sauðfjár.

Fjósabuxur (n, kvk, fto) *Utanyfirbuxur*/buxur sem notaðar eru í fjósverk.

Fjósiferð (n, kvk) *Sinning* í fjósum/fjósi; *mjaltir*. Á Láganúpi voru um tíma tvö fjós, en orðið kann þó að vera mun eldra í þessari mynd. „Ætli ég gleypi ekki eitthvað í mig áður en kemur að fjósiferð“.

Fjósaföt / Fjósagalli / Fjósastakkur / Fjósaskupla (n, hk, fto/ kk/kvk) Hlíðarfatnaður sem notaður var af fjósafólki. Fjósastakkur var vinnublússa, en fjósaskupla var slæða/klútur sem fjósakonur notuðu á höfuðið við fjósgegningar til að verja hárið. Sjá *mjaltaföt/mjaltagalli*.

Fjósastígvél (n, hk, fto) Stígvél sem eru notuð í fjósverk. „Nú er komið gat á fjósastígvélin mín“.

Fjóshjólörur (n, kvk, fto) *Skítaborur*; hjólörur sem jafnan eru notaðar til að koma skít úr fjósi á haug.

Fjósúlpa (n, kvk) Yfirhöfn sem notuð er til gegninga í fjósi. „Nú þyrfti að fara að þvo fjósúlpuna mína“.

Fjærmið (n, hk) Það mið í landi sem fjær er, þegar miðað er við tvö mið af sjó. „Haugarnir eru fjærmið á samnefndum miðum, en Stekkavarðan er þá nærmið“.

Fjögranátta (l) Um legu línu/nets í sjó; hefur legið í fjóra sólarhringa. „Nú færur við trossuna einhvert annað! Það gengur ekki að draga þetta galtómt fjögranátta“!

Fjölmúlavél (n, kvk) Flókið/fjölhæft tæki. „Hann smíðaði þessa fjölmúlavél sem fáir skilja til fulls“. Orðið var notað þannig vestra, en er ekki að finna í orðabókum. Það er „fjölmúlavél“ sem ekki þekktist vestra.

Fjörugata (n, kvk) Gata/troðningur sem myndast við endurteknar ferðir fjárhópa í og úr fjörubeit. „Fjörugötur fjár á Láganúpi lágu vanalega annarsveggar úr fjárhúsum að hliði girðingar við sjó og hinsveggar með öllum Grundarbökkum, fyrir Garðsendann og upp Brunnsbrekku; upp á Hjalla“. Troðningur manna til verstöðva, t.d. af gamla bæjarhólum í Kollsvík niður í Ver, var oftast nefndur sjávargata, en sjaldnar fjörugata.

Fjörüilmur / Fjörulykt (n, kvk) Lykt sem berst úr fjöru í álandsvindi. Oftast blanda af sjávarseltulykt og þaralykt. Getur stundum stungið í nef ef þarabunkar ná að úldna í sólskini.

Fláningsbekkur (n, kk) Sérstakt borð sem útbúið er þannig að þægilegt er að flá á því. „Misjafnt er hvaða aðstöðu menn hafa við fláningu. Oft var slátrað á velli áður fyrr, og þá valinn hreinlegur grasbali til fláningar. Sumir komu sér upp fláningsbekkjum til að geta unnið standandi“.

Fláningsgálgi (n, kk) Gálgi með krókum sem skrokkur var hengdur á hækklunum til fláningar, þar sem hægara er að flá þegar fláningsmaður er standandi en á hnjánum. „Í sláturhúsinu á Gjögnum var fláningsgálgi“.

Flæðuglott (n, hk) Tilgerðarlegt bros þess sem vill koma sér í mjúkinn hjá öðrum. „Hann er þá búinn að setja upp sitt flæðuglott, blessaður frambjóðandinn“.

Fleinbra (s) Sérast; meiðast; fá sár. „Formaðurinn datt á stein í götunni og fleinbraði sig á enninu“.

Flengrifinn (l) Alveg rifinn; illa rifinn. „Eftir storminn voru *strengirnir* á Bótinni ýmist *samansúrraðir* eða svo *smekktfullir* af þaraskít að netið *flengrifnaði* í drætti“.

Flengrifna (s) Rifna/skemmast mjög mikið/illa; rofna sundur. „Við náðum hámerinni úr, en netið flengrifnaði á löngum kafla“. „Buxurnar voru þröngar og flengrifnuðu þegar hann beygði sig niður“.

Flengrifa (s) Rífa mjög mikið/illa; skaða mikið. „Við náum ekki að draga netið svona kjaftfullt af skít án þess að flengrifa það; við skulum fara í hinn endann“.

Flennibirta (n, kvk) Skær/mikil birta. „Maður blindast um stund þegar komið er út í svona flennibirtu“.

Flennifærð / Flennifæri (n, hk) Um vegi; mjög góð færð; *skrugufæri*. „Það er flennifæri suður alla hálsana“.

Fleyta kúskel (orðtak) Um mikið logn og algera ládeyðu. „Kjörin hafa verið slík alla vikuna að það hefur mátt fleyta kúskel við fjöruna alla daga“. Nokkuð algeng samlíking í Kollsvíkurvei, enda nærtæk.

Fleytisteinn (n, kk) Flöt steinvala sem heppileg er til að láta *fleyta kerlingar*.

Flinkheit (n, hk, fto) Handlagni; lagni; *sníðugheit*. „Ekki vantar í hann flinkheitin, drenginn“!

Flísfellur (s) Passar nákvæmlega; fellur eins og flís við rass.

Fljótþærnismistök (n, hk, fto) Mistök sem gerð eru í fljótþærni/asa. „Bölvuð fljótþærnismistök voru þetta“!

Fljótillur (l) Bráðgeðja; ör í skapi. „Nemendur skemmtu sér stundum við að hrekkja karlinn en hann var fljótillur ef honum þótti eitthvað“.

Fljótillska (n, kvk) Mikil reiði sem varir stutta stund; stundarbræði; stundarreiði. „Hann sá stundum eftir því sem hann hafði látið fjúka í einhverri fljótillsku“.

Fljótmiólkað (l) Fljött verið að mjólka. „Það er fljótmiólkað þegar flestar kýrnar eru í geldstöðu“.

Fljóttekið / Fljótínt (l) Fljött verið að taka/hreinsa egg af svæði. „Stallurinn er sléttur og breiður og þar er fljóttekið af eggjum“. „Það er fljótínt efti að maður er kominn á höfðann“.

Flokkahlaupari (n, kk) Sá sem styður einn stjórnmálaflokkinn eftir annan; *pólítískt viðrini*; gjarnan notað um þingmann sem skiptir um flokk. „Er hann enn að ferðbúast þessi flokkahlaupari“? Einnig heyrðist „flokkaflokkari“, en sjaldnar.

Flokkaritnefnd (n, kvk) Ritstjórn/ritnefnd blaðs, þannig að hver meðlimur sér um sinn efnisflokk. „Dvergur, hið skrifaða blað fjelagsins, hefur komið út á hverjum fundi. Fyrstu árin var ein ritnefnd yfir veturinn, en svo var komið á flokkaritnefnd og gafst það vel að sumu leiti“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Flotdolla / Flotkolla / Flotpottur / Flotspanda (n, kvk/kk) Ílát sem flot er brætt í og einnig oftast borið fram í; oftast lítil kastarhola/ lítil skafpottur. „Réttu mér flotpottinn“. „Taktu flotdolluna af vélinni ef flotið er bráðið“. „Handlangaðu hingað flotsþönduna“.

Flóðamörk (n, hk, fto) Sú hæðarlína í fjöru sem sjór fellur að á háflæði. „Við þurfum að koma trénu örugglega upp fyrir hæstu flóðamörk“.

Flóandi fullur (orðtak) Fleytifullur; yfirfullur; fullur svo útúr flóir. „Ekki hella svona flóandi fullt glasið“!

Flóðhey (n, hk) Hey af flæðiengjum. Einkum er slíkar engjar að finna á Rauðasandi, þar sem sjór gengur upp á gróið land á stærstu flæðum og skilur eftir allmikil næringarefni. Má segja að nýting þess sem fódurs hafi t.d. átt verulegan þátt í auði og velgengni Saurbæjar. Fyrir kom, í grasleysisárum seint á 20.öld, að hey var flutt úr Bæjarodda á Kollsvíkurbæi. Það þótti þó mun síðra fóður en túnataðan. „Að lokum ræð ég flestum þeim

til er gefa *flóðhey*; jafnvel þó vel verkist, að gefa með þeim steinefni; salt. Efnarannsókn hefir leitt í ljós einmitt steinefnavöntun í þessum heyjum“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Flóðmjólk (n, kvk) Mjög há nyt í mjólkurkú. „Það má ekkert minnka við hana fóðrið meðan hún er enn í þessari flóðmjólk“. „Það er orðið *knappt um* brúsa þegar svo margar eru í flóðmjólk“.

Flóðrigning (n, kvk) Hellirigning; rignir *eins og hellt sé úr fötu*. „Það er sama flóðrigningin ennþá, við skulum hinkra dálítið lengur með þetta“.

Flugrek (n, hk) Mikið rek á sjó; mikil drift. „Það þýðir ekkert að dýfa færi í sjó í þessu flugreki; við skulum bíða þangað til ferð að *kippa úr*“.

Flugumynd (n, kvk) Um það sem varla verður vart við: „Ég get ekki sagt að ég hafi séð hann undanfarið. Hann kemur hér í flugumynd; fær sér einn kaffibolla og er rokinn aftur“!

Flumbrari (n, kk) Sá sem flumbrar/flaustrar við verk. „Hann var talinn nokkur flumbrari, en vel gekk undan honum og hann var hrókur alls fagnaðar á vinnustað“.

Flumbur / Flumbrugangur (n, kk/hk) Óvandvirkni; fljótferni. „Skelfingar flumbur er þetta; hér er það vandvirknin sem gildir“! „Þessi flumbrugangur við smíðina er óviðunandi“.

Flútt (n, hk) Jöfn hæð/lengd. „Grunnbólið er í flútt við tangann“. Sjá *flúttu* og *í flútt við*.

Flúttu / Flúttu við (s/orðtak) Vera jafnt; bera saman. „Heyvagninn flúttuði við neðri brún töðugatsins, svo við gátum rennt heyinu inn án þess að lyfta því“. Dönskuletta; „flugte“; nokkuð notuð í Kollsvík.

Flys / Flus (n, kvk, fto) *Sköturoðsvefjur*; fótábúnaður úr sköturoði. „Í vefjur var einungis notað roð af stórrí skötu; flenju/gammskötu, og voru oftast tekin af henni nýrri. Roðið var lagt þannig á fótinn að totan, efsti hluti þess, kom fyrir tærnar og undir þær. Það huldi síðan fótinn að ofan og náði upp á legginn. Margbundið var um þessa vestfirsku sköturoðsvefju/flys/flus, sem einkum var höfð til hlífðar í slabbi við útverk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild m.a. ÁE).

Flæðarróður (n, kk) Fiskiróður sem hafinn er í flæði, sjá *róa í flæðina*. „Eins og áður er getið var ávallt róðið í flóð og fjöru. Flæðarróðrarnir voru betur þokkaðir, af ástæðum sem fyrr greinir“ (KJK; Kollsvíkurver).

Flæðivaðall (n, kk) Vaðall/áll sem sjávarfalla gætir í. „Nyrst er landið brattar hliðar, en er sunnar dregur myndast láglandi nokkuð meðfram vatni því sem er á láglandingu og fellur bæði úr og í og nefnist flæðivaðall“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Flækingskind / Flækingsfé / Flækings skjáta (n, kvk/hk) Kind/fé sem heimtist annarsstaðar en hennar/þess er von. „Stundum heimtist ein og ein flækingskind innan af Barðaströnd í Breiðavíkurrétt“. „Hér er komin einhver flækings skjáta frá kaffibrúsakörllum á Patró“.

Flækjufótur (n, kk) Sá sem er mjög *dettinn/hrösull*. „Varstu nú að detta í grjótinu og meiða þig; kelfilegur flækjufótur geturðu nú verið“!

Flækjugjarn (l) Um lina línu/tóg/færi/band sem gjarnara er að slást inni og flækjast en öðru sem stífara er. „Mikið sé ég eftir að hafa notað þessa hamplínu í netatein; hún er svo andskoti flækjugjörn“.

Flæmi (n, hk) A. Víðátta. „Það er handtak að smala allt þetta flæmi“. B. Stórt svæði í bjargi/klettum, sem oft má fara um og jafnvel nýta þar varp. Orðið er ekki notað annarsstaðar í þessari merkingu en í Bjarginu og grannbyggðum þess. „Utan við ritugjá er Eiríksflæmi. Það er rétt fyrir ofan vitann. Flæmi er hverfling inn í bjargið. Þar er ekki gras“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

Flökkuefni / Flökkuaur / Flökkusteinn / Flökkutorfa (n, kk) „Efni sem ís fleytir/ hefur fleytt úr botni frostgígs upp á frálagssvæði. Efnið getur verið af ýmsu tagi; frá aur og leir upp í allnokkra hnuggssteina og frá moldarhnúskum uppí allstórar torfur. Orðið „flökkusteinn“ hefur lengi verið notað um grjót á fjörum sem *borgarís* hefur borið frá Grænlandi, m.a. upp á Kollsvíkurfjörur, og einnig gengur undir heitinu *grænlandingur*. Segja má að hér sé um það sama að ræða; enda er flutningsmátinn um margt líkur þó uppruni sé annar“ (VÖ; frostgígur og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin..

Foj (l) Móðgaður; fúll. „Hún varð bara eitthvað foj þegar talið barst að kvenseminni í karlinum“.

Foj for satan (orðtak) Blótsyrði/upphrópun til að lýsa fyrirlitningu/vanþóknun. „Nú þykist þessi flokkur ætla að gera nákvæmlega það sem þeir *bölsótuðust* yfir þegar þeir voru í stjórnarandstöðu! Foj því for satan“!

Foraðsblautur (l) Forblautur; rennandi blautur. „Féð er foraðsblautt eftir slagveðrið“.

Foraðsblautt á / Forblautt á / Drullublautt á (orðtak) Mikil dögg í grasi; *kafblautt á*. „Það er ennþá forblautt á. Við breiðum sennilega ekki á næstunni“.

Foraðsbleyta (n, kvk) Mjög mikil bleyta; einkum notað um bleytu í grasi; mikið náttfall. „Það er enn sama foraðsbleytan; ég var að *þreifa á* rétt áðan“.

Foraðsrigning / Foraðsdemba / Forðaðsúrheili (n, kvk) Úrheillisrigning; skýfall. „Ég ætla að láta sjá aðeins með að setja fêð út; láta sjá hvort dregur ekki úr þessari foraðsrigningu“.

Foraðsdý / Foraðskelda / Foraðskviksyndi (n, kvk/hk) Drápsdý; botnlaust fen. „Garðurinn liggur fram hjallana og svo niður brekkuna í svoneft Garðsendadý sem var foraðskelda undir brekkunni“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). „Þarna á milli holtanna eru sumsstaðar stórhættuleg foraðskviksyndi“.

Foraðsslydda / Foraðsslydduél / Foraðshrið (n, kvk) Mikil og blaut slydda í hvasviðri. „Það er varla fært milli húsa í þessari foraðsslyddu“.

Forarsvakki (n, kk) *Mýrarsvakki; Forarveita*. „Fram af Löngumýri er Hreinlætisaugu; forarsvakki“ (SbG; Örn.skrá Hænuvíkur).

Forarvað (n, hk) Vað/leið yfir forarseil. „Á Réttarkrók var Svartavað á gmlu götunni úr Oddanum; forarvað ofarlega, rétt hjá Stórkrok“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).

Foráttustórhrið / Foráttubylur (n, kvk/kk) Glóruleas hriðarbylur, oftast bleytuhrið/slydda. „Það er glóruleas foráttubylur enn“. „Það setti á okkur þvílíka andskotans foráttustórhrið að við urðum gegnblautir“.

Forðagæsla / Forðagæsluetfirlit (n, kvk) Opinbert etfirlit með heyforða og búfjárhaldi. Forðagæslumenn voru til skamms tíma tveir í Rauðasandshreppi. Þeir fóru milli bæja að hausti; mældu fôðurforða bænda og gáfu álit um ásetning búfjár fyrir veturinn. Aftur komu þeir um síðvetrar til að meta hvernig fôðrast hefði og hvort forði nægði. Fyrrum var hreppnum skipt í forðagæslusvæði; þannig var Rauðisandur sérstakt umdæmi: „Því lengur sem ég skoða og set á, eða hef þetta forðagæsluetfirlit, því betur sannfærast ég um að fôðrun á öllum ofangreindum búpeningi fer batnandi frá ári til árs“ (ÓHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).

Forflytja (s) Flytja á milli staða. „Það tekur því ekki að forflytja blásarann yfir vikina fyrir þetta; við mokum þessu bara inni hlöðuna með höndum“.

Forhalaður (l) Bilaður; flæktur; áhlekkjaður. „Hér er netið eitthvað forhalað; kubburinn hefur slegist inni“.

Forholning (n, kvk) *Útgangur*; fyrirkomulag; klæðnaður. „Hverskonar forholning er á þér drengur; ertu í úthverfri peysunni, eða hvað“? „Það er ljóta forholningin á fjósin núna; Búbót hefur slitið niður halabandið og málað allt í kringum sig uppúr flórnum“!

Forkelast (s) Kvefast eða kólna um of. „Búðu þig betur ef þú vilt ekki forkelast“.

Forkunnarlaglegur / Forkunnarfallegur (l) Afburða fallegur. „Þetta er forkunnarlaglegur bátur“.

Formelta (s) Hafa bakflæði fæðu. Bakflæði nefna meltingarfræðingar það þegar neðstu vöðvar vélinda/*vælinda* eru svo slappir að fæða í maga nær að leita aftur upp í munn. Í Rauðasandshreppi var þetta nefnt að „formelta“ matinn; þ.e. ná e.t.v. að tryggja hann betur áður en honum væri aftur rennt ofaní maga. Orðið kann að vera upprunið hjá *nýyrðasmíðnum* GJH, og því ekki gamalt; en það lýsir jákvæðum og vísindalegum skilningi á fyrirbærinu. „Það er nauðsynlegt að formelta dálítið svona tormeltan mat“.

Formlegheit (n, hk, fto) Síðir; venjur; *ritual; prótókollur*. „Það er alveg óþarfi að vera með einhver formlegheit við þetta; notaðu bara *guðsgafflana* ef þér finnst það betra“.

Fornaldarhugsunarháttur (n, kk) Hugarfar/viðhorf sem tíðkaðist fyrr á tímum. „Menn eru helst til fastir í þeim fornaldarhugsunarhætti að landsins gæði séu einungis búskapur eða fiskirí“.

Fornuma (s) Móðga; fyrta; stuða. „Ég vildi ekki fornuma hann með því að *vanþakka* kaffið“.

Fornumaður (l) Móðgaður; füll; óánægður. „Hann er eitthvað fornumaður vegna þess að ég bauð honum ekki með“. „Ég er dálítið fornumaður útaf þessum úrslitum“.

Fornumast (s) Móðgast; fara í fylu. „Það er ástæðulaust að fornumast útaf svona smáræði“.

Forréttindapakki (n, hk) Forréttindahyski; skammaryrði um þá sem njóta betra atlætis en aðrir þjóðfélagsþegnar vegna stöðu sinnar, ættar eða annars; án þess að hafa heiðarlega til þess unnið. „Nú er hver einasti fiskittur í sjónum orðinn einkaeign einhvers forréttindapakks; jafnvel þeir sem synda um landhelgi annarra manna. Svona hafa þessir andskotar stýrt lagasetningu í landinu í gegnum árin“!

Fortekið (l) Útilokað; kemur ekki til greina. „Þeir sögðu þetta mjög ólíklegt; en ekki er það þó alveg fortekið“.

Forút (ao) Áfram; allt til enda; eins langt og séð verður. Bæði notað um stað og tíma. „Ég er nú farinn að halda að hann ætli að liggja í rigningum alveg forút“! Þau fáu dæmi sem finnast í orðabókum sýna eilítið aðra merkingu; þ.e. eingöngu „út“.

Forystukind (n, kvk) Kind sem hefur sérstakt viljaprek og er gjörn á að hafa forystu fyrir fjárhópi. Bæði kindur og kýr koma sér upp virðingarstiga (líkt og fuglar goggunnaröð). Forystukindur eru frekari, úrræðabetri og drotnunargjarnari en aðrar í hópnum. Oft leiða þær hópinn, t.d. í beitarekstrum og fjöruferðum; í heimferðum; í því að sækja í tún og öðru. Þessi eiginleiki gengur gjarnan í erfðir eins og fleira. Einatt var talað um forystukindur í Kollsvík en orðabækur nefna „forystuær“.

Fossandi úrhelli (orðtak) Fossrigning; úrhellisrigning. „Það gerði allt í einu slíkt fossandi úrhelli að vatnspollar mynduðust í hverri laut og holu“.

Fossblautt á (orðtak) Mjög blaut jörð; mjög mikil dögg í grasi; *forblautt á*. „Það er enn fossblautt á; við hreyfum ekki mikið hey í dag sýnist mér“.

Fossrigna (s) Rigna mjög mikið; hellirigna; rigna eins og hellt væri úr fötu. „Við vorum rétt komnir heim á Ormana þegar hann fór að fossrigna“.

Fossrigning / Fossdema (n, kvk) Mjög mikil rigning; *hellirigning; eins og hellt sé úr fötu*. „Þvílík andskotans fossrigning er þetta! Maður er *innúr* um leið“! „Ég hef nú sjaldan upplifað svona fossdembu“!

Fossvaðandi (n, kk) Mjög mikil bleyta á jörð/ í grasi. „Árans fossvaðandi hefur orðið úr þessu náttfalli; hann verður tíma að *þorna af* í þessu logni“! Sjá *vaðandi*.

Foxandi illur/vondur / Foxillur / Foxvondur (l) *Blóðillur*; fjúkandi reiður; *fokillur; fokvondur; saltvondur*. „Hann er foxillur yfir þessari meðferð“. „Ég er bara foxvondur yfir þessari fjandans vitleysu“! Líklega sama orðið og fokillur/fokvondur, en „s“ komið inni vegna framburðarhagræðis og til áhersluauka. „Andi“-endingin er líklega tilkomin til að auka hrynjandi og áherslu. „Hún varð foxandi vond við að heyra þetta“.

Fóðurbætisgeymsla (n, kvk) Geymsla fyrir fóðurbæti, þannig að hann sé öruggur bæði fyrir að skepnur komist ekki í hann og fyrir rakaskemmdum. „Kassinn undan Farmalnum var lengi notaður sem fóðurbætisgeymsla í hlöðunni á Láganúpi, en endaði ævina sem reykingskofi niðri í Kaldabrunni“.

Fóðurbætisjata (n, kvk) Aflangur stokkur sem settur er upp úti í girðingarhólfi til að gefa nýbornum kindum fóðurbæti; einkum tvílembum sem þurfa kjarnfóður til að mjólka lömbum sínum vel. Gerð úr borðviði.

Fóðurbætislán (n, hk) Lán sem veitt er bónda til kaupa á kraftfóðri/fóðurbæti, t.d. í erfðum heyskaparárum. „Greiðsla af fóðurbætislánum bænda frá 1955“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; hreppsnefndarfundur 16.01.1959; ritari S.J.Th. oddviti).

Fóðurbætisskál (n, kvk) Skál til að gefa einni skepnu fóðurbæti. „Oft þarf að gefa einni skepnu meiri næringu en annarri; svo sem tvílembdum, snemmbornum ám og nýbornum kúm, og var það tíðum gert með fóðurbæti. Til þess var hentugt að nota netakúlur úr áli, sem oft rak á fjörur fyrrum; þær voru teknar í sundur og tekinn af þeim hankinn.“

Fóðurmél (n, hk) Fóðurbæti; fóðurmjöl. „Gættu þess að sáldra ekki fóðurmélinu á hausana á fénu“!

Fóðurvöntun (n, kvk) Skortur á fóðri/heyi fyrir búfé. „Tilkynning um fóðurvöntun bónda“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Framanað (ao) Að framanverðu; framantil. „Mér finnst nú alltaf betra að koma framanað málunum“.

Framanaf (ao) Í byrjun/upphafi; á fyrri helmingi. „Framanaf ævinni fór maður í egg á hverju vori“.

Framanfrá (ao) Að framanverðu; réttu megin. „Gættu a þér þegar þú kemur að ljósavélinni framanfrá í þessu myrkri; að reka þig ekki í ásinn“.

Framaní (ao) Inni/uppi í að framanverðu. „Mér sýnist vera kind á hillunni framaní efri klettunum“.

Framantil (ao) Að framanverðu; framan við miðju. „Vertu frekar framantil í bátunum svo hann sitji réttari í sjónum á siglingu“.

Framanúr (ao) Úr/af að framanverðu. „Ég ætla að strjúka framanúr mér mesta skítinn“. „Það varð töluvert hrun framanúr klettunum“. „Þeir eru enn ókomnir framanúr Vatnadal“.

Framanvið (ao) Fyrir framan. „Tveir höfrungar fylgdu okkur og stukku framanvið bátinn“.

Framaf (ao) Framfyrir/niðurfyrir brúnina. „Farðu varlega að gemlingnum þarna á brúninni, svo hann stökkvi ekki framaf“. Alltaf notað samstætt í þessari merkingu, sem um eitt orð sé að ræða.

Framá (ao) Tvenn merking þegar orðið stendur sjálfstætt: Annarsvegar um bát: „Farðu framá með kollubandið“. Hinsvegar um áliðnar ástíðir: „Það er gott að eiga fyrningar þegar *kemur framá*“.

Frambrýndur (l) Um mann/klett/bjarg; með framstæðar/hvassar brúnir. „En brátt hefur sig upp að nýju stakur *bergröðull*, uppmjór sem klakkur, og liggur niður hlíðarjaðarinn sem þunnur kambur, frambrýndur, allt niður í fjöru, og endar í *strengbergi*. Má í raun heita *ógengur* um þvert, en hefur þó verið klifinn en þykir glæfraför“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Framfrá (ao) Í áttina frameftir; fremst. „Sumar kýrnar eru komnar niður að fjósi en aðrar eru ennþá framfrá“.

Framfyrir (ao) Framúr; fram fyrir. Orðið er almælt vestra eins og annarsstaðar, og notað sem eitt orð, líkt og t.d. framundir; framundan o.fl. „Duflíð er komið framfyrir bátinn“.

Frammeð (ao) Meðfram; með. „Við náðum landi á vogskorinni strönd, undir klettabelti. Við gengum frammeð því, að leita upp göngu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Framtil (ao) Fram að; þangað til. „Við unnum sleitulaust við þetta framtil miðnætis“.

Framtíðarkennslustaður (n, kk) Staður þar sem kennsla fer fram til frambúðar. „Össur Guðbjartsson gat þess að reynsla sín sem kennara af félagsheimilinu fyrir kennslustað væri góð, en ekki mætti reikna með því sem framtíðarkennslustað“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; alm.hreppsfundur 14.04.1959; ritari ÖG).

Framum (ao) A. Um stefnu; fram; frameftir; frá landi. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjær landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *útum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða inn yfir heiði/ inn í fjörð“ . „Við skulum sigla hér aðeins framum og reyna þar“. B. Framyfir. „Nú var komið framum hádegi og suðurfall“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Framvið / Frammivið (ao) Frammi hjá; fremst við. „Þarna eru kindur framvið Startjarnir“. „Járnkarlinn er líkast til frammivið Túnshalahliðið“.

Framvík (n, kvk) Fremri hluti víkur; sá hluti víkur sem nær er hálendinu og fjær sjónum. „Þegar Breiðavík var smöluð þá smöluðum við Kollvíkingar úr Fjarðarhorninu; niður Flosagil og Hjallagötur, en Hafnarmenn og Breiðvíkingar smöluðu niður framvíkina. Látramenn og Breiðvíkingar smöluðu Breiðavíkurver og útvíkina“.

Fransklína / Frönsk lína (orðtak) Fiskilína af þeirri gerð sem fransmenn notuðu þegar þeir veiddu hér íð land á skútum, en slíkar línur voru notaðar í veiðarfæri í verum Útvíkna. „Lóðastrengur var gerður úr tveimur þáttum franskra línu, en franskar línur voru af þremur aðalþáttum. Þriðji þátturinn úr fransklinunni var rakinn niður í grenni þætti, og voru tveir slíkir snúnir saman í öngultauma“ (GG; Kollsvíkurver).

Fratgepill (n, kk) Niðrandi uppnefni á manni. „Ég gef nú lítið fyrir það sem sá fratgepill er að gaspra“!

Frábógur (n, kk) Annar leggurinn þegar krusað var með landi í beitivindi, þ.e. þegar siglt var fjær landinu. Hinn leggurinn, í átt nær landi, nefndist *uppbógur*. „Var þá skipið á frábóg í á annan sólarhring“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Frálagssvæði (n, hk) „Svæði í gígdæld, uppi á bökkum frostgígs, þar sem flökkuefni sest eftir að hafa flotið með ís úr gígnum. Frálagssvæðið er það svæði sem ís getur flotið um í mestu vatnshæð, samfrosinn flökkuefni“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Fráskorið (l) A. *Afskorið*; skorið af/frá. Sjaldan notað í eiginlegri merkingu. B. Afleidd merking; útilokað; af og frá; kemur ekki til greina. „Það er alveg fráskorið með róðra í dag, sýnist mér“. „Það er nú kannski ekki alveg fráskorið að ég geti þetta“.

Frekjugangur (n, kk) Ásælni; heimtufrekja; gleypugangur. „Hættu þessum frekjugangi krakki“!

Frenjugangur / Frenjuháttur (n, kk) Frekja; óhemjugangur; yfiringangur. „Óttalegur frenjuháttur er þetta“!

Fréttalétt / Fréttalítið (l) Tíðindalítið; fátt fréttæmt að segja. „Af okkar slóðum er allt fremur fréttalétt“.

Fríþenkjarasálmur (n, kk) Ljóðabálkur, ortur til *fríþenkjara*. „Er sagt að Einar (Jónsson ættfaðir í Kollsvík)hafi verið kallaður vitur maður og lesinn, og búhöldur mikill. Við manntal 1820 er hann líka sagður vel lesinn og gáfaður maður, og svipað er jafnan um hann sagt. En Gísi Konráðsson segir enn fremur að litill mundi hann trúmaður, og læsi jafnan villurit það er kallast „Jesús og skynsemin“, og héldi mjög af því. Bjarni Þórðarson, skáld á Siglunesi, sem var trúmaður mikill, orti sálm til Einars, sen nefndist fríþenkjarasálmur. Tekur Gísli í þátt sinn 3 síðustu erindin, en ekki telur hann að Einar hafi svarað þessu“ (TÓ; Kollsvíkurætt).

Froðubakki / Froðuhrönn (n, kvk) Bakki/bunki af froðu meðframflæðarmáli eftir mikið brim. „Féð þurfti að vaða í gegnum froðubakka upp á miðjar síður, til að komast fram í fjöruna“. „Eftir langvarandi sveran norðangarð situr stundum eftir þykk froðuhrönn efst í fjöruborðinu þegar fellur út“.

Froðulaust (l) Um efni/jarðveg/hey; mjög laust í sér. „Heyið er enn froðulaust í hlöðunni; það á alveg eftir að síga“. „Gættu að þér þegar þú ferð yfir urðina; hún er alveg froðulaus“.

Froðukenndur / Froðulegur (l) Laus í sér; losaralegur; frauðkenndur. „Þessi víður er ónothæfur í þetta; hann er alltof linur og froðukenndur“. „Mér fannst þessi röksemdafærsla fremur froðukennd“.

Frosterða (s) Herða fisk þannig að hann fái á sig frost í upphafi herðingar. „Við þurfum endilega að ná okkur í steinbít meðan enn er kuldatið. Það er upplagt að frosterða hann núna“.

Frosterðing (n, kvk) Herðing fisks að haust- eða vetrarlagi, þannig að hann fái á sig frost í verkuninni.

Frosthertur (l) Um fisk sem nær að frjósa fljótlega eftir að hann er hengdur upp til herðingar. „Frosthertur fiskur verður oft bragðmeiri og mýkri en sá sem hertur er að sumarlagi“.

Frostlæða / Frostmóða (n, kvk) Þunn og staðbundin þokuslæða sem liggur stundum yfir landi í miklum frosthörkum og kyrru veðri. Þannig frostlæðu mátti t.d. sjá á Handanbæjarmýrunum frosta- og hafisveturinn 1967; t.d. yfir Hestkeldu og Álunum.

Fróðleiksbrunnur / Fróðleiksnáma / Fróðleiksuppspretta (n, kk/kvk) Uppspretta fróðleiks; fróðlegt rit; fróður maður. „Hann var botnlaus fróðleiksbrunnur“. „Þessi bók var mér hin mesta fróðleiksuppspretta“.

Frugguhey (n, hk) Hey með mikilli fruggu. „Við skulum ekki vera að gefa þennan *stabba*; þetta er hálfónýtt frugguhey“.

Frugguloft / Fruggumökkur (n, hk) Mikil frugga í andrúmslofti, t.d. í hlöðu. „Það er nú engin hollusta að vera lengi inni í þessu fruggulofti án þess að hafa *rýju* fyrir *vitunum*“. „Skelfingar fruggumökkur er nú úr þessu“!

Fruntaháttur (n, kk) Ruddaskapur; fantabrögð. „Svona aðfarir eru bara algjör fruntaháttur“!

Fræðingadót / Fræðingalið / Fræðingapakki (n, hk) Skammaryrði um það virðulega og sprenglærða fólk sem stundum vill hafa vit fyrir „fáfróðum“ sveitamönnum í ystu Íslandsbyggðum. „Þarna er þessu fræðingapakki rétt lýst“! „Það er nú ekki mark takandi á þessu fræðingadóti, frekar en fyrri daginn“! Ef mönnum var *mikið niðri fyrir* og þótti að sér vegið voru viðhöfð sterkari orð sem illa henta á prent.

Frærófa (n, kvk) Rófa á öðru ári. Sé rófa skilin eftir í jörð yfir vetur, eða sett niður að vori, þó sprettur upp af henni njóli sem síðan ber fræ.

Fuglabyrgi (n, hk) Byrgi á brún fuglabjargs til að geyma í fugl sem veiddur hefur verið. „Fuglabyrgi voru af sömu gerð og *vaðbyrgin* (sjá þar) og voru höfð til að geyma í fugl þegar ekki hafðist undan að flytja heim. En fuglinn þurfti að verja fyrir vörgum“. (MG; Látrabjarg; frás. Daniels Eggertssonar; Hafliða Halldórssonar o.fl.). Tóft af fuglabyrgi/vaðbyrgi má t.d. sjá ofan Stígs, undir Geldingskorardal.

Fuglahilla (n, kvk) Sylla í bjargi þar sem mikið verpur af bjargfugli. „Þórðarbrandshöfðahilla er fuglahilla undan Stígnum og stutt e farið eftir henni“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs)

Fuglaket (n, hk) Kjöt af fugli. Fuglaket var mikilvægur hluti hinnar fjölbreyttu fæðu í Kollsvík og öðrum Útvíkum. Kollsvíkingar fóru nokkuð í Bjargið með landeigendum eða í leyfi þeirra og öfluðu sér svartfugls, meðan fugl var þar snarður. Kollsvíkingar stunduðu það líka að *skjóta á fluginu*; þ.e. skjóta máf sem flýgur með Grundarbökkunum. Þá var til síðs um tíma að taka fýlsunga áður en hann fór á flug. Önnur fuglaveiði var t.d. sú að skjóta lunda með riffli í Álkuskútanum, og ekki skal svarið fyrir að *pokaendur* hafi ekki stundum sálast þegar byssumenn voru á ferli. Ef mikið aflaðist af fuglaketi var það saltað í tunnur, og var slíkur vetrarforði af máf síðast til á Láganúpi á 7. áratug 20. aldar. Fuglaket er hinn ágætsti matur, og var oftast soðin af því fuglasúpa.

Fuglamerkingaferð / Fuglamerkingaleiðangur (n, kvk/kk) Gönguferð sem farin er að vor- eða sumarlagi til að merkja unga ýmissa fuglategunda áður en þeir kæmust á flug. Börnum þóttu þessar ferðir mjög spennandi, og nutu samveru og fræðslu af fullorðnum auk skemmtunar í náttúrunni. Farið var víða um og handsamaðir og merktir þeir ungar sem náðust og voru nægilega bragglegir til merkingar. Búnaðurinn samanstóð af númeruðum álmerkjum af ýmsum stærðum; þræddum uppá plastslöngur; tóng til að klemma þá hæfilega um fuglsfætur; flatkjöftu ef hagræða þurfti merkinu blýanti til skrifa og stílabók eða pappaspjaldi til skrásetningar. Eftir heimkomu var allt skráð og sent til Náttúrufræðistofnunar. Oft bárust síðar tilkynningar um merкта fugla sem fundist höfðu; ýmist hérlendis eða í fjarlægum löndum. Sá sem lengst hefur stundað fuglamerkingar í Rauðasandshreppi er efalaust fræðimaðurinn og bóndinn Tryggvi Eyjólfsson á Lambavatni.

Fuglastallar / Fuglasylla (n, kvk) *Fuglahilla*; hilla/sylla í bjargi þar sem mikið verpur af bjargfugli. „Neðarlega í Lambhöfða eru tveir fuglastallar sem heita Gufur“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur). „Undirhlíðarhillur eru fuglasyllur milli Bæjarvallar og Undirhlíðar“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Fuglatekjupláss (n, hk) Staður í bjargi þar sem fugl var nytjaður áður fyrr. „Í Þorsteinshvammi var fugltekjupláss, en heldur óþægilegt vegna vatsrennslis úr berginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Fuglavaður (n, kk) Bjargvaður sem notaður er til að hífa kippur af fugli uppúr bjargi við bjargnytjar. „Til siga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir)“ (MG; Látrabjarg).

Fuglgammur (n, kk) Stór hvolflega skápur í bjargi þar sem fá mátti mikið af fugli meðan hann var nytjaður. „Melagammur er fuglgammur niður úr Melalykkjunni, og eru 30 faðmar úr henni í gamminn“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs)

Fuglmikið sig (orðtak) Bjargsig þar sem fá má mikið af fugli á sama sigstað. „Niðri í bjarginu er Sléttanefshilla niður af Sléttanefi. Er 60 faðma sig á hana af nefinu; eitt fuglmesta sig í Bjarginu“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).

- Fuglríkur** (l) Um fuglabjarg/varpstað. „Jötunsaugu eru allstórir strokklaga hellar, sem mjókka inn, með þunnum vegg á milli. Þeir eru mjög fuglríkir, en þröngir innst, svo þar verður að skriða“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).
- Fuglssvæði** (n, kk) Svæði í bjargi með miklu af bjargfugli. „Melalykkja er fuglssvæði eða höld, sem kallað var“ (Ólafur Þórarinnsson; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Fullburðugur** (l) Fullfær um. „Ég ætla ekkert að stjána við hann; hann er fullburðugur að gera þetta sjálfur“!
- Fullfrekur** (l) Helst til frekur/yfirgangssamur. „Nú þykir mér hann vera orðinn fullfrekur á saltíð“.
- Fullharka** (n, kvk) Um sjávarfall; með fullum þunga. „Lagt var þvert á straum, og hyllt var til að leggja lóðina í fullhörku á straum“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkverri; Niðjatal HM/GG).
- Fullheimta** (s) Alheimta; fá allt fé að hausti sem búist var við. „Nú tel ég mig vera búinn að fullheimta, eða því sem næst“. „Nú er að verða fullheimt af Bjarginu“. Algengara vestra en „alheimta“.
- Fullheyja** (s) Alhirða; koma öllu heyi af túnnum í hlöðu. „Hann er víst að verða búinn að fullheyja“.
- Fullhirt** (l) Búið að hirða öll hey af túni/jörð. „Það er fullhirt af Melstúnunum, en eitthvað eftir heima“.
- Fullhreinsað** (l) A. Búið að tína öll egg sem nást. „Það er fullhreinsað af Jónshöfðanum en eftir að fara í Árnastaðina“. B. Búið að hreinsa öll net í sjó; hey af túnnum eða annað.
- Fullreykt** (l) Um matvöru; búið að reykja nóg/ að fullu. „Það er hæpið að þetta sé fullreykt enþá; það væri til bóta að kveikja nokkrum sinnum undir því í viðbót“.
- Fullsmalað** (l) Búið að smala öllu fé. „Með þessu ætti Bjargið að vera fullsmalað“.
- Fullspenntur** (l) Með mestu spennu; á hæstu stillingu. „Ég greip með varúð í innsogið; annað var fullspennt, og vélin bætti við sig“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Fullteins** (ao) Jafnvel meira. „Mér sýnist að það rigni fullteins mikið í dag og í gær“. „Mér finnst heimaræktuðu kartöflurnar fullteins góðar og þær aðkeyptu; ef ekki bara miklu betri“. „Hann stóð sig fullteins vel“.
- Fullteinsgott** (l) Ráðlegt; jafn gott. „Ég held að þér sé fullteinsgott að vera ekkert að rífa kjaft, eftir þína frammistöðu“! „Er ekki fullteinsgott að fara þessa leið niður á hilluna“?
- Fullteinsmikið** (l) Jafnmikið eða meira. „Ég held að þetta sé fullteinsmikið af hrognum og í gær“
- Fulltilreynt** / **Fullreynt** (l) Gerðar allar tilraunir; gert það sem unnt er. „Það er nú ekki fulltilreynt með þetta fyrir en eftir nokkra daga“. „Mér finnst enn ekki fullreynt hvort þetta sé hægt“.
- Fulltínt** (l) Um eggjatöku; *fullhreinsað*; búið að tína þau egg sem nást. „Ég held að það megi heita fulltínt úr Stóðunum, þó lengi megi *snaga eftir* einu og einu egg“.
- Fullorpin** / **Fullverptur** (l) Um fuglategund; kominn í fullt varp; *alorpin*. Báðar orðmyndir heyrðust. „Langvían er fullorpin núna og það fyrsta byrjað að skemmast, en álkuegg gætu verið óskemmd“. „Það þýðir lítið að gá að eggjum þegar fuglinn er fullverptur og ekkert búið að hreinsa áður“!
- Fullvíst** (l) Öruggt; alveg víst. „Ég tel fullvíst að þetta verði svona“. „Það er ekki fullvíst enn hvort ég kemst“.
- Furðubrattur** (l) Hressari/heilbrigðari en búast hefði mátt við. „Mér finnst hann furðubrattur eftir allt þetta“.
- Furðurfljótur** / **Furðusnöggur** (l) Mjög fljótur/snar. „Hann var furðufljótur að jafna sig eftir þetta“. „Drengurinn var furðusnöggur að skjótast fyrir kindina“.
- Furðugepill** / **Furðugripur** / **Furðufugl** (n, kk) Skrýttinn/sérkennilegur náungi. „Hann var furðugepill, en ágætisgrey inni við skinnið“. „Þetta er meiri furðugripurinn“!
- Furðugripur** / **Furðufugl** (n, kk) Skrýttinn/sérkennilegur náungi. „Þetta er meiri furðugripurinn“!
- Furðulengi** (ao) Undarlega lengi. „Hann er búinn að vera furðulengi á leiðinni; mér stendur nú ekki á sama“.
- Furðukvikindi** / **Furðudýr** / **Furðuskepna** (n, hk) A. Furðulegt dýr. „Ekki vissi ég að svona furðukvikindi væri til“. B. Líking um einkennilegan mann. „Maður veit aldrei hvar maður hefur þessa furðuskepnu“.
- Furtaháttur** (n, kk) Bolabrögð; yfirgangur; kúgun. „Mér finnst þetta nú bara vera hreinn furtaháttur“.
- Furti** (n, kk) Hrotti; rusti; harðstjóri. „Hættu að haga þér eins og furti við yngri krakkana, drengur“!
- Fus** (n, hk) Kusk; rusl. „Það þyrfti að ryksuga þetta fus úr bílsætunum“.
- Fúabiti** / **Fúaraftur** (n, kk) Fúinn máttarviður/raftur í húsum; fúinn grindarbiti í fjárhúsi.
- Fúaspýta** / **Fúaspækja** (n, kvk) Fjöl/spýta sem orðin er áberandi fúin; *fúaspæk*. „Það þýðir ekkert að nota þessa fúaspækju í viðgerðina; hún brotnar *eins og skot*“.

Fúinnfótur (n, kk) Maður sem er orðinn stirður til gangs. „Ég fer ekki hratt yfir; eins mikill fúinnfótur og ég er núna orðinn. En einhverntíma fyrr á tíð hefði ég þó manað ykkur strákana í kapphlaup“.

Fúkka (s) Mygla; fúlna. „Á Fúkkateig hraktist yfirleitt og vildi hey fúkka“ (Sigurbjörn Guðjónsson; Örn.skrá Geitagils).

Fúlbeifarinn (l) Paulkunnugur; mjög æfður/vanur; útlærður. „Láttu hann um að gera við þetta; hann er fúlbeifarinn í því“ „Þú ert fúlbeifarinn í ensku; viltu ekki þýða þetta fyrir mig“?

Fyllingur (n, kk) Þel; mjúk og gisín ull innan við tog og þel á ærinni. „Gæta þarf þess við aftekt að klippa í fyllingnum en hvorki skemma ullina með því að klippa í hana né særa kindina“. Þetta var ætíð orðað þannig í Kollsvík, en annarsstaðar heyrðist talað um „fylling“.

Fyllt (l) Með góðan *filling*. „Mjög er mismunandi hve vel kindum er fyllt. Fyllingur batnar þegar kemur fram á miðsumar, en einnig er þetta einstaklingsbundið. Sumum kindum verður aldrei vel fyllt“.

Fyrirgrennslan (n, kvk) Fyrirspurnir; leit; rannsóknir. „Mín fyrirgrennslan um þetta hefur enn engu skilað“.

Fyrirmálsborið / Fyrirmálsfætt (l) Um lamb: A. Fætt/borið fyrir tal/ áður en fullri meðgöngu er lokið. B. Fætt/borið nokkru áður en sauðburður byrjar yfirleitt. „Þessi hrútur er fyrirmálsfæddur“.

Fyrirmálsfengin (l) Um kind; höfnuð af hrút snemma á fengitíma, þannig að lamb fæðist fyrir venjulegan sauðburðartíma. „Þessar útigangskindur voru allar fyrirmálsfengnar, enda hefur hrútin ekki drepist frá þeim fyrr en kom fram á harðasta veturinn“.

Fyrirmálgimbur / Fyrirmálshrútur / Fyrirmáls lamb (n, hk) A. Lamb sem fætt er fyrir *tal*; þ.e. eftir styttri meðgöngu en ætlað var. B. Lamb sem fætt er nokkru áður en sauðburður byrjar yfirleitt. „Það er ekki marka stærðina á þessari; þetta er fyrirmáls lamb“. Síðari merkingin var almennari í Kollsvík; a.m.k. í seinni tíð.

Fyrirmun (n, kvk) Bann; *meinloka*. „Ég skil ekkert í þessari fyrirmun í þér að gleyma að hespa karminum“.

Fyrirmyndaraðferð / Fyrirmyndarbragur (n, kvk/kk) Mjög góð aðferð/ gott yfirbragð. „Við urðum að gera þetta svona við þessar aðstæður, en þetta er engin fyrirmyndaraðferð“. „Mér fannst fyrirmyndarbragur á öllu því sem hann gerði í þessu efni“.

Fyrirmyndarbarn / Fyrirmyndardrengur / Fyrirmyndarstúlka (n, hk/kk/kvk) Mjög mannvænleg börn.

Fyrirmyndarbátur / Fyrirmyndarfleyta (n, kk) Mjög góður bátur; vel heppnuð bátasmíð.

Fyrirmyndarhandbragð (n, hk) Mjög gott handbragð; snilldarverk. „Hann velti kistlinum fyrir sér í nokkra stund og grannskoðaði hann, en sagði svo að sjaldan hefði hann séð slíkt fyrirmyndarhandbragð“.

Fyrirmyndarhleðsla (n, kvk) Mjög/listilega vel hlaðinn veggur.

Fyrirmyndarhleðslugrjót (n, hk) Mjög gott hleðslugrjót; grjót sem gott er að hlaða úr, þannig að vel fari og vel standi.

Fyrirmyndarhrútur (n, kk) Mjög laglegur/góðurhrútur; hrútur sem getur góð lömb/ er fjósamur/farsæll. „Hann var tvímælaust mesti fyrirmyndarhrútur sem ég hef nokkurntíma átt“.

Fyrirmyndarnáungi / Fyrirmyndarfólk / Fyrirmyndarkona / Fyrirmyndarkvenmaður / Fyrirmyndarmaður

Fyrirmyndarrithönd / Fyrirmyndarskrift (n, kvk) Skrift/riðhönd sem er til fyrirmyndar; mjög góð skrift.

Fyrirstraumur (n, kk) Stórstreymi sem verður næst á undan mesta stórstreymi á misserinu. Stærstu straumar ársins eru í kringum jafndægri á vori og hausti. Vorstórstreymið hafði meiri þýðingu vegna róðra, og nefnist *góuginur*. Á undan þeim var stór fyrirstraumur, en á eftir fylgdi stór eftirstraumur.

Fýlavarp (n, hk) Staður þar sem mikið af fýl verpur. „Það er skemmst af að segja að þarna var svo þétt af fýlavarp að varla varð stigið niður fæti milli eggja“. (ÖG; Sighvatsstóð).

Fýlseggjatekja (n, kvk) Tekja/taka fýlseggja/múkkaeggja. „Fýlseggjatekja í Blakknum virðist hafa aukist ár frá ári, eftir að fýl fór að fjölga þar verulega“.

Fýlufjandi / Fýluskítur (n, kk) Niðrandi heiti á finni rigningu/sudda. „Hann ætlar að halda þessum fýlufjanda dag eftir dag“. „Enn er sami fýluskíturinn og í gær. Hann verður fljótur að rofa til með norðanáttinni“.

Fýlungahilla (n, kvk) Sylla/stallur/gangur þar sem mikið verpur af múkka/fýlunga. „Miðhald er aðeins austar en Kóngshaldarhryggur; aðeins þó heimar, ekki alveg beint niðuraft. Það er aðallega fýlungahilla“ (AS; Örn.lýsing Breiðavíkur).

Fýlungaket (n, hk) Kjöt af fýlunga, en það var áður nýtt í Kollsvík. „Afi sagði að fýlungaketið hefði verið þolanlegur matur en með dálítíð sterkum keimi. Hann hefði ekki verið hrifinn af því“.

Fýlusuddi (n, kk) Suddi; *fýluveður*; *fýlviðri*. „Farðu nú í stakkinn svo þú blotnir ekki í þessum fýlusudda“.

- Fæðingarsylla** (n, kvk) Sylla/hilla í bjargi þar sem fugl hefur komið úr egg. „Bjargfuglinn bíður færís að komast fyrir á sinni fæðingarsyllu...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Fægiskófla** (n, kvk) Fægiskúffa; stuttur spaði til að sópa uppá ryki af gólfum. „Sæktu kúst og fægiskóflu“.
- Færafriður** (n, kk) Nægilegt bil milli færa til að ekki flækist. „Þú verður að gæta þess að hafa færafrið á milli okkar áður en þú rennir“.
- Fötugarmur** (n, kk) Léleg fata; *fötuskrifli*. „Það má kannski nota þennan götótta fötugarm undir egg“.
- Fötumjaltakerfi** (n, hk) Mjólkurvél sem byggir á því að kerfi loftlagna með undirþrýstingi liggur um fjósið. Hver kú er mjólkuð með sérstakri mjaltafötu með sogskipti sem tengdur er lögninni. Spenahylkjum er brugðið á spena kúarinnar og sogpúlsar í hylkjunum mjólka kúna. Mjólkin rennur síðan í fötuna, sem borin er á milli kúa þegar mjólkað er, og tæmd í mjólkurtank. Fötumjaltakerfi var á Láganúpi og í Kollsvík, meðan þar var mjólkurframléiðsla til sölu, en ekki *rörmjaltakerfi*.
- Fötuskaði** (n, kk) Tjón sem verður við það að eggjata hrapar/fýkur í eggjafæri. „Ég varð fyrir fötuskaða þarna á Höfðanum“.
- Gaddhörkufrost** (n, hk) Mjög mikill kuldi. „Féð er eirðarlaust í þessu gaddhörkufrosti, og beitir sér lítið“.
- Galtabotn** (n, kk) *Sátubotn*; neðsta lag af heyi í galta/sátu. Ef galtinn stóð á mólendi eða í langan tíma var hætt við að jarðraki drægist uppí þetta lag og það fruggaði. Því var stundum hægt að hirða galtann beint í hlöðu, en galtabotninn þurfti oft að rífa vel í sundur og þurrka betur.
- Galtað** (l) Um þurrhey; búið að bera upp í galta. „Ég náði að galta þetta á Grundatúninu áður en fór að rigna“.
- Galtafar** (n, hk) Gulnað far á túni eftir galta sem staðið hefur um tíma. „Það grær upp úr galtaförum“. Notað töluvert í Kollsvík en sést ekki í orðabók.
- Galtafjöldi / Galtaröð / Galtaskógur** (n, kk/kvk) Heiti yfir fjölda galta á sama svæði. „Það er ekki lítill galtafjöldi á þeim bænum“! „Á sléttunni voru fjórar galtaröðir“. „Alltaf er búmannlegt að líta yfir vel slegin tún með svona þéttum og vel upp bornum galtaskógi“.
- Galtahæra** (n, kvk) *Hæra* sem sett er yfir galta til að verja hann rigningu (sjá þar).
- Galtakríli** (n, hk) Lítill *galti*. „Ég rakaði dreifarnar og setti þær upp í galtakríli. Við hirðum það bara síðar“.
- Galtakúra** (n, kvk) Gæluorð á galta; lítill galti; *dryli*. „Við skulum reyna að koma þessu í einhverjar galtakúru fyrir rigninguna; það skemmist þá síður“.
- Galtanefna / Galtaómynd** (n, kvk) Illa upp settur/borinn galti. „Ég setti þetta upp í einhverjar galtanefnur; ég er ekki sérlega laginn við að bera upp í galta“. „Hver setti nú upp þessa galtaómynd“?!
- Gamalmáður** (n, kk) Gamall máður (hvítmáður eða svartbakur). „Það er vonlaust að ná færi á unganum ef gamalmáður er með í hópnum; hann lokkar ungan frá byrginu“.
- Gamansamt** (l) Erfitt; mikil áskorun. „Kindin er úti í enda á sveltinu; það getur orðið gamansamt að ná henni til baka“. „Það gæti orðið gamansamt að vitja um netin eftir þennan norðangarð“. Engin dæmi finnast annarsstaðar um orðið í þessari merkingu.
- Gambanfulleri** (n, hk) Hrikalegur drykkjuskapur; sjóðandi túr. „Þetta varð þvilíkt gambanfulleri að annað eins hefur ekki sést í *háa herrans tíð*“.
- Gangnahugur** (n, kk) Löngun til að komast í göngur. „Kominn var gangnahugur í alla, nokkru fyrir réttardag“.
- Gangnaskylda** (n, kvk) Skylda til smölunar; fjallskilaskylda. „Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila frá gangnaskyldu þótt gangnað berist honum ekki í tíma áður en fjallgöngur hefjast“ (Fjallskilareglugerð V-Barð, 1982).
- Gangslefra** (n, kvk) Mjög hallandi/afsleppur gangur í bjargi/klettum. „Haltu í spottann yfir gangslefruna“.
- Gangtími** (n, kk) Sá tími sem eðlilegt er að kyr beiði á eða beiði upp á. „Það þarf að passa vel uppá gangtímann á henni Sokku; hún er svo dulgeng að hún hefur stundum *gengið hjá*“.
- Gaphyrnd** (l) Um hornalag kúa; stórhyrnd og með áberandi gleitt á milli horna.
- Garðadyr** (n, kvk) Dyr á garða í fjárhúsi, en Kollsvíkingar nefna garða það sem sumsstaðar annarsstaðar er nefnt „kró“. „Vertu við garðadyrnar svo þær ryðjist ekki allar inn í einu“.
- Garðafjöldi** (n, kk) Fjöldi garða í fjárhúsi. „Garðafjöldi var misjafn í fjárhúsum. Melsfjárhúsin voru með fjóra stóra garða, en Láganúpsfjárhúsin sex smærri, áður en tveimur þeirra var breytt í fjós“.
- Garðahurð** (n, kvk) Hurð fyrir *garðadyrum* á fjárhúsi. „Garðahurðin er *snöruð* að innanverðu“.

Garðast (s) Um hey eða annað efni; rúllast saman/upp. „Það hvessti svo mikið þennan dag að heyið garðaðist upp í *göndla*; það sem ekki fauk í skurðina“. „Þessi peysa er ómöguleg. Hún garðast öll upp á bak þegar ég er að vinna“.

Garmahró / Garmaskinn / Garmaskarn / Garmaskítta (n, hk) Gæluorð í vorkunnartóni um manneskju eða skepnu. „Hann er orðinn fjári lélegur til heilsu, garmahróið“. „Varstu nú að meiða þig, garmaskinnið“?

Garrafjandi (n, kk) Vindasöm tíð; hvassviðri. „Hann ætlar seint að linna þessum garrafjanda“!

Garralæti (n, hk, fto) Skammir; offors. „Það er tilgangslaust að vera með garralæti og ofstopa“!

Gaspursháttur (n, kk) Glæfralegt tal; *glorraskapur*; *kjafiháttur*. „Mér finnst þessi *gaspursháttur* vera árans löstur á honum“.

Gaspurshjal (n, hk) *Gaspur*; kjaftæði; bull. „Hættum nú þessu árans gaspurshjali“.

Gatatöng (n, kvk) Töng til að gera göt á leður o.fl.; notuð til að gera göt í eyru búfjár svo unnt væri að setja í þau eynamerki. „Mundu eftir gatatónginni þegar þú ferð að merkja og bólusetja lömbin“.

Gaufast (s) Dunda; *rolast*; *læpast*; *hangsa*. „Afskaplega voruð þið lengi að gaufast heim með kýrnar drengir“.

Gáfumannsbragur (n, kk) Gáfuleg framkvæmd/hugsun/tillaga. „Mér fannst verulegur gáfumannsbragur á öllum hans hugmyndum í þessu efni“. „Ekki get ég sagt að sé gáfumannsbragur á þessari ríkisstjórn“!

Gáfumannsenni (n, hk) Hátt enni á manni, en það hefur þótt bera vott um miklar gáfur og/eða höfðingslund.

Gáfumerki (n, hk, fto) *Visdómsvottur*; merki um mikið vit. „Mér finnst það ekki mikil gáfumerki að leggja á fjallið á sléttum dekkjum og keðjulaus, í þessari færð“.

Gáleysislegt (l) Gáleysi; óvarfærið. „Það var gáleysislegt að gleyma að slökkva á kertinu í glugganum“.

Gegnfreðinn / Gegnfrosinn (l) Frosinn í gegn. „Settu nú á þig vettlinga áður en þú verður gegnfreðinn“.

Gegningatími (n, kk) Tími fyrir daglegar gegningar búfjár að vetraralagi; gjafir, mokstur, mjaltir, fara með hrút o.fl. Á Láganúpi hófust morgunmjaltir oft milli kl sjö og átta að morgni og þá var kúm gefið; mokaður flór; brynnt (áður en brynningarker komu) og mjólkað. Fé var látið út eftir mjaltirnar. Seinnipart dags var fé sett inn og því gefið og brynnt því fé sem var á innistöðu; hrútum og gemlingum. Kvöldmjaltir hófust um sjö til áttaleytið á kvöldin; brynning, mokstur, gjafir og mjaltir. Ýmis önnur störf þurfti að vinna samhliða reglulegum gegningum, s.s. fara með hrút; kempa kýr og klippa, dytta að grindum, halaböndum o.fl.; bera út moð; leysa hey; klippa klaufir; bera undir kýr; stinga skánir af grindum; lagfæra jötubönd o.fl.

Gegnumtekt (n, kvk) *Betrumbætur*; gagngerar endurbætur; alger hreinsun;/ *yfirhalning*. „Skúrinn sem staðið hafði á Stekkjarmel var fluttur inn í Hænuvík. Hann fékk góða gegnumtekt áður en hann hlaut nýtt hlutverk sem verkunarhús fyrir grásleppuúterðir Kollsvíkinga og Hænvíkinga“.

Geirhynd (l) Um horn sauðkindar; Tvennskona skilningur hefur verið lagður í orðið: A. Horn áberandi stutt og þrýhyrningslaga. B. Ljós horn með áberandi svörtum rákum/geirum.

Gelddýr / Geldtófa (n, hk/kvk) Hlaupadýr; ekki *grentófa*. „Ég náði þar tveimur grentófum og einu gelddýri“.

Geldkálfur / Geldneyti (n, hk) Stálpaður kálfur sem þó er ekki orðinn til nytja sem þarfanaut eða mjólkurkýr.

Geldstöðukýr (n, kvk) Kýr sem er geld fyrir burð eða er að geldast.

Gemlingafjöldi / Gemlingahópur / Gemlingastóð (n, kk/hk) „Þetta er svipaður gemlingafjöldi og í fyrra“.
„Hvar skyldi þetta gemlingastóð halda sig núna“?

Gemlingastía / Gemlingagarði / Gemlingakarmur (n, kvk/kk) Stía/garði/karmur gemlinga í fjárhúsum. Einnig nefndur *lambagarður/lambakarmur*, einkum fyrst haust, áður en lömbin stálpuðust. Talað var um lambastíu eða gemlingastíu, ef þeim nægði hluti af garða/karmi. „Ég setti fótbrotnu kindina í gemlingagarðann meðan hún er að jafna sig betur“.

Gemlingslamb (n, hk) Lamb undan gemlingi. „Þetta er furðu stór gimbur; af gemlingslambi að vera“.

Gemlingsræfill (n, kk) Gæluorð um gemling; lélegur/horaður gemlingur.

Gemlingsvitleysingur (n, kk) Niðrandi heiti um gemling, en þeir geta verið býsna erfiðir í smalamenskum ef fullorðnar kindur eru ekki nærri. „Þetta var stakur gemlingsvitleysingur; alveg gjörsamlega spinnvitlaus“!

Gepillinn (n, kk, m.gr) Áhersluorð/milt blótsyrði; fjandinn. „Gepillinn skyldi nú hafa orðið af gleraugunum mínum“? Einnig oft *hver gepillinn*, og gat þá staðið sjálfstætt.

Gerandi (l) Gerlegt; framkvæmanlegt. „Það er varla gerandi nokkrum manni að bjóða upp á svona vegi“.
„Heldurðu að það sé gerandi að komast niður á þessa hillu“?

Gerningahávaði (n, kk) Ærandi hávaði. „Þá komu yfir okkur tvær orrustuþotur; skríðandi með jörðinni; með þessum ærandi djöfulsins gerningahávaða og látum að það söng og hvein í nálægum fjöllum. Það er eins gott að hafa hlaðinn byssuhólkinn með í för, næst þegar maður fer í friðsamlegan spásserstúr“!

Gerringslegur (l) ...óljós merking.... (ekki útilokað að einhver misritun sé í orðinu) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Gervilegheit (n, hk, fto) Prúðmennska; mannkostir. „Þetta er bara gervilegheita kona sem hann hefur náð í“.

Gervitennur / Gervitönnur (n, kvk, fto) Falskar tennur; tanngarðar úr gerviefnum. „Hvar lagði ég nú gervitönnurnar mínar“

Geipimargt (l) Mjög/gríðarlega margt; fjölmargt. „Það var að sjá geipimargt fé frammi í víkinni“.

Geymisskór (n, kk) Pólskór; klemma, oft úr blýi eða kopar, til að festa rafleiðslu á pól rafgeymis. „Geymaskór“ í fleirtölu.

Geymissýra (n, kvk) Rafgeymasýra; blönduð *brennisteinssýra* sem notuð er á blýrafgeyma. „Það hafði hellst geymissýra niður á mig þegar ég var að bera geymirinn. Mig sakaði ekkert, en þegar ég háttaði sá ég að bómullarnærbuxurnar höfðu gufað upp að framanverðu. Í raun höfðu þær breyst í sprengibómull, eins og notuð er í skotfæri“.

Geymslukytra (n, kvk) Lítil geymsla. „Ekki voru húsakynninn stór; aðeins eldhús; lítið herbergi innaf því; auk geymslukytru“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Gildrulagning (n, kvk) Það að leggja gildirur fyrir veiðidýr/bráð. „Músagangur var eilíft vandamál í Gjöggraverslun. Jónsi velti því stundum upp að kvikindin yrðu til úr engu; í þeim eina tilgangi að gera bölvun. Það var eins og hvorkidygðu til eilífar viðgerðir og þéttingar á húsunum né sífæld gildrulagning“.

Gillemoj (n, hk) Safnorð með óvissan uppruna og aldur; notað um óskilgreindan hóp eða safn hluta. „Túristaskrattarnir höfðu skilið hliðið eftir opið, og bæði kálfahyski og túnrollur voru ekki sein á sér að nýta það. Ég hljóp til og rak allt heila helvítis gillemojð útaf með það sama; og túristahyskið með“!

Gimbrakofi (n, kk) Hús/kofi fyrir gimbrarlömb/gemlinga. „Fjárhúsin voru tvö, auk gimbrakofa, og stóðu þau niður við sjó“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Ginheilagt (l) Alveg/mjög heilagt/ósnertanlegt. „Tóbakspontan var honum ginheilög; hana lét hann aldrei frá sér nema hann hefði tóbaksdós í staðinn. Vasahnífurinn var einnig fast fylgifé“. Í Kollsvík var fremur notuð orðmyndin „ginheilagur“ en „ginnheilagur“ sem annarsstaðar tíðkaðist. Hið einfalda „n“ er nokkuð örugglega upprunaleg mynd. Orðið á líklega rætur aftur í ásatru eða trú á náttúruvætti. „Gin“ merkir það sem er mikið/mikilfenglegt, sbr nafnorðið „gin“ og sagnirnar að „gína yfir“; „gína við“, og „ginur“ sem eru miklar fjörur. Ginhelgi er því mikil helgi. Heilagir staðir voru ginheilagir, og goð ginheilög. Staðir sem ekki voru viðurkenndir sem heilagir, þrátt fyrir vilja einhvers, voru *skinheilagir/skinhelgir* (sjá þar).

Ginhelgi (n, kvk) Mikil helgi. Sjá *ginheilagt*. „Ég skil nú ekki að það sé svo mikil ginhelgi á þessu að engu megi breyta“!

Girðingarræfill (n, kk) Léleg/ónýt girðing; slitu af girðingu. „Kringum Sandahlíðina var lengi girðingarræfill“.

Girðingavinna (n, kvk) Vinna við girðingar. „Ætli við þurfum ekki að fara í einhvra girðingavinnu þarna“?

Gíra (s) Aka bíl; aka á mikilli ferð. Eitt af nýyrðum GJH, sem hafa síðan orðið hluti af mæltu máli í Rauðasandshreppi. „Hvur skyldi nú vera að gíra á þessum tíma“? Hús Jónsa á Hnjóti stóð þétt við þjóðveginn þar um.

Gjafagrind (n, kvk) Grind sem lögð er yfir hey í jötu til að kindur geti étið, en samt ekki slætt; þ.e. dregið heyið útúr jötunni og niður á grindur. „Hilmar notaði gjafagrindur nokkuð, og taldi þær gagnast vel“.

Gjafalóa (n, kvk) Hásetaspraka; lítil smálúða. „Gjafalóur voru stofnaðar, sem kallað var; tekinn af þeim haus og sitt flakið hvoru megin af hrygg; þannig að hvorri kápu fylgdi sitt rafabeltið. Kápurarnar voru síðan ristar og hertar. Var þeim skipt á milli hásetanna er öðrum afla hafði verið“ (PJ; Barðstrendingabók).

Gjafalúga / Fóðurlúga (n, kvk) Lúga ofanvið jötu hjá kúm eða sauðfé, en í gegnum hana er hey/fóður sett í jötuna. „Gjafalúgur voru við tvær jötur af þremur í gamla fjósinu á Láganúpi, og mátti því gefa um þær beint úr hlöðunni. Ingvar í Kollsvík smíðaði einnig fóðurlúgur í fjós sem hann gerði við Kollsvíkurbæinn“.

Gjærhluti (n, kk) Hluti af gjá. „Hægt er að komast út í nefið á milli gjærhlutanna, sem nefnast þar Hreggshöfði“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Gjarmót (n, hk) Grunn/ógreinileg gjá í kletta. „Dulan er ógreinilegt gjáarmót heiman Fjarðarhorns“.

Gjúðra (n, kvk) Lítill poki. „Gott er að hafa gjúðru í vasanum þegar eggjum er safnað saman í bjarginu, einkanlega í strjálum eggjum og miklum teygingum. Þægilegra er að koma gjúðrunni með sér í þröngri aðstöðu en eggjafötu. Í henni má líka koma *stoppi* á brún til frágangs á eggjum“ (VÖ)

- Glaðbrosandi** (l) Gleiðbrosandi; glaður á svip. „Pollinn sagði glaðbrosandi að nú væri komin fullorðinstönn“
- Glannakúnstugur** (l) Mjög skondinn/furðulegur. „Það kom glannakúnstugur svipur á hann þegar hann áttaði sig á hrekknum“.
- Glannasólskin** (n, hk) Mjög bjart sólskin.
- Glannatunglskin** (n, hk) Glampanði tunglskin; fullt tungl í heiðskýru veðri að nóttu. „Það var glannatunglskin, og því enginn vandi að rekja slóðina“.
- Glansderhúfa** (n, kvk) Derhúfa með glansandi deri; kasketi. „Þarna var það sem Össur bróðir kastaði nýrri glansderhúfu fram af í misgripum fyrir stein, þegar hann var að grýta fé úr Breiðnum“ (IG; Sagt til vegar I).
- Gleiðglottulegur** / **Gleiðgosalegur** (l) Montinn; *kjaftagleiður*. „Hversvegna ert þú svona gleiðglottulegur á svip“? „Það er ekki vist að þú verðir svona geiðgosalegur á landleiðinni“!
- Glíma um sýsluna** (orðtak) Athöfn sem virðist hafa verið bundin við Kollsvík, en sennilega mjög gömul hefð þar. „Það var alltaf regla í Kollsvík að þeir sem reru þar í fyrsta skipti í þeirri verstöð áttu að glíma um sýsluna og sá sem féll var útnefndur sýslumaður. Sýslan var fjaran frá flæðarmáli og upp í Syðrikletta sem kallaðir voru. Það var eins og gerðist í þá daga; þá voru hvergi klósett. Þetta svæði urðu menn að nota sem klósett. Svona viðvaningar; nýliðar, þeir áttu að glíma um hver væri sýslumaðurinn; yfirmaðurinn á þessu svæði og annast þrif á því. Innheimta síðan gjald fyrir hvern mann sem notaði svæðið; gengi þar örna sinna“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurvegi; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004).
- Gljásjúraður** (l) Þveginn/sjúraður svo glansar. „Þú veður ekki á skítugum skónum inn á gljásjúruð gólfinn“!
- Gloría** (n, kvk) Mistök; afglöp. „Hún fór kannski sæmilega af stað, þessi ríkisstjórn; en núna gerir hún hverja glóriuna á fætur annarri“! Orðið var einn notað í þessari merkingu vestra, en virðist þekkt annarsstaðar í merkingunni „dýrðarljómi“ eða „upphefð“.
- Glorralegur** (l) *Gassafenginn*; með hávaða/læti. „Skelfing getiði verið glorralegir strákar“!
- Glutra niður** / **glotra niður** (orðtak) Týna; týna niður. „Fljótt hallaði á verri veg eftir að skólinn glutraðist úr höndum hreppsúa“ . „Vestfirðingum hefur tekist að glotra niður sínum kraftmikla og sérstæða framburði“.
- Glóðarlampaútvarp** (n, hk) Útvarp sem nýtir glóðarlampa í stað transistora, en þau voru algeng á fyrstu dögum útvarps. Glóðarlampaútvörp voru í notkun í Kollsvík fram yfir 1960.
- Glóhitna** (s) Hitna mikið. „Það *skíðlogaði* uppúr torfinu og var farið að glóhitna í kofanum þegar ég opnaði“.
- Glópaháttur** (n, kk) Glópska; bjánagangur; aulaskapur. „Það var auðvitað hreinn glópaháttur í mér að gleyma bensínbrúsanum í landi“!
- Glóruvottur** (n, kk) Vottur af skímu/ljósi. „Það sést ekki glóruvottur út um glugga í þessu dimmviðri“
- Glúða á** (orðtak) Maka á; dreifa ótæpilega á (t.d. málningu, olíu o.fl.). „Ætli maður verði ekki að glúða einhverri málningu á þökin“. E.t.v. nýlegt í málinu.
- Glyss / Sólarglyss** (n, hk) Glampi; óþægileg birta; bjartur geisli í fjarska. „Skelfing er erfitt að aka á móti þessu sólarglyssi“. „Er einhver að kom innanað? Mér sýndist ég sjá eitthvað glyss uppi á Jökkladalshæð“.
- Glæfraskapur** (n, kk) Óvarkárni; hættuspil. „Það er bara glæfraskapur að fara í kletta í svona votviðri“!
- Glænapi** (n, kvk) Illa klæddur maður; kuldastrá. „Farðu í úlpu drengur; þú ert alveg eins og glænapi“! Líklega hefur þetta heiti upprunalega átt við klökugan fjallstind/klettanf.
- Glærahálka** (n, kvk) Mjög sleipt; slétt, sleipt svell. „Gáðu að þér! Það er glærahálka á leiðinni“.
- Glærasandur** (n, kk) Sandlæna/sandblettur í grunnnum sjó. „Það þýðir ekki að leggja netin hér fram á glærasand; þau verða þá fljót að fyllast af drullu. Við þurfum að stytta strenginn“.
- Glætuvottur** (n, kk) Örlítil bjarmi; smá skíma. „Einhver glætuvottur sýnist mér nú kominn til hafsins“.
- Gneip** (n, kvk) Hönd; hnefi. „Það er ekki hægt að borða fuglinn með hníf og gaffli; taktu bara stykkið og *stýfðu* það úr gneipinni“. „Hann sat bara niðurlútur og horfði í gneipar sér“. „Ekki dugir að sitja bara og horfa í gneipar sér; við þurfum að drífa okkur í verkið“.
- Gnýjari** (n, kk) Nirfill; maurapúki; okrari; sá sem þjarmar að. „Ekki hefði ég ímyndað mér að hann væri þvílíkur gnýjari; að heimta full laun fyrir að bjarga manneskju í neyð“!
- Go / Gobara** (uh) Afbrigði af hikorðinu „sko“ og upphrópuninni „sko bara“. Íðulega notað, þó *áhöld* kunni að vera um hvort þetta séu eiginleg og gild orð. „Go; ég skal segja þér...“. „Gobara karlinn! Þetta gat hann“!
- Gofr / Gofur** (n, hk) Hangs; gauf; dund. „Ég nenni nú ekki þessu gofri lengur“. „Óttalegt gofr er þetta; ætli þið ekki að klára þetta fyrir kvöldið“?! Báðar orðmyndir heyrðust notaðar, þó gofr væri algengara.
- Gofra** (n, kvk) Rola; væfla. „Hann stóð þarna eins og gofra og hafði ekki rænu á að stugga við fénu“!

- Gofra / Gofrast** (s) Gaufa; hangsa. „Þið eigið ekki að vera að gofra í lækjunum þegar þið sækið kýrnar, strákar“! „Ætlaðu að vera að gofrast í allan dag við að fletja þennan eina fiskitt“?!
- Gogg** (n, hk) Um slátt; snöp; sláttur þar sem lítið er að hafa/ erfitt er að slá. „Afi hélt áfram sínu goggi þar sem hann sá vænlega grastoppa, þó synirnir væru farir að stunda stórtækari heyskap með vélum“.
- Golusteytingur** (n, kk) Kaldi; þéttingshvas vindur. „Það verður árans golusteytingur norður yfir víkina“.
- Goluvottur** (n, kk) Litilsháttar gola; andvari. „Það var ekkert að veðri; smá goluvottur, en dauðasjólaust“.
- Gopast** (s) Flaka frá; gapa; pokast. „Við þurfum að bera nægt grjót á jaðrana á yfirbreiðslunni svo hún gopist ekki upp“. „Ullin er farin að gopast á bakinu á þessari; við þyrftum að losa hana við reyfið“.
- Gorgeirsseggur** (n, kk) Monthani; vindbelgur. „Ég var feginn að þurfa ekki að deila herbergi með þeim gorgeirsseggi“.
- Gornefur** (n, kk) Afæta; hrægammur; sá sem gerir sér mat úr óförum/bágindum annarra. „Ekki stóð á því að sýslumaður mætti á staðinn með hamarinn. Sá gornefur er ekki mikið í að leita sátta“! Vísar líklega til hrafns sem leggst á kind sem er afvelta eða föst í dýi, en hann kroppar gjarnan fyrst gat á kvið og vömb, þannig að gor kemur á nef hans.
- Gotuhimna** (n, kvk) Himna sem er utan um gotu/hrogn. „Sumir plokka gotuhimnuna af“.
- Gólfskrúbbur** (n, kk) Bursti með stífum hárum og með skaftfestingu; ætlaður til að skúra/skrúbbu gólf.
- Gólpa** (s) Gleypa; háma. „Vertu nú ekki að þefa af matnum; gólpaðu þetta bara í þig“!
- Graðhestamúsik** (n, kvk) Hávær og pirrandi tónlist, með hröðum takti, sem ekki fellur að smekk. „Lækkiði nú þessa andskotans graðhestamúsikk í útvarpinu; þetta gerir hvern mann vitlausan“!
- Graðnaut** (n, hk) Þarfanaut; naut sem ekki er geltur uxi. „Stundum þurfti að teyma kýr langar leiðir til að halda þeim undir naut, því ekki var graðnaut á hverjum bæ“.
- Grafinn sjór** (orðtak) Úfinn sjór; allnokkur sjór. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Grallaraháttur** (n, kk) Ærsl; glens; hrekkvísi. „Það ætlað seint að eldast af honum grallarahátturinn“!
- Grasafjallaferð / Grastínsla** (n, kvk) Ferð til að tína fjallagrös, en þau voru töluvert nýttjuð fyrrum. Einnig var talað um að „fara á grasafjall“ eða „fara til grasa“. „Þetta var í grasafjallaferð, seint á sumri...“ (Davíð Davíðsson frá Kóngsengjum; upptaka á Ísmús; 1970; um huldufólk í Vestubotni).
- Grasflóki** (n, kk) Grastoppur; sinuflóki. „... þegar hann ætlaði að horfa fram af bjarginu hafi hann stigið í holu sem var hulin í grasflókanum á bjargbrúninni...“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Grasfoldir** (n, kvk, fto) Þurrhent svæði þar sem gróið er uppúr mosa. „Það hagar þannig til á vjargbrúninni víðast hvar, að fyrst frá brúninni er töðugras og grasfoldir sem við köllum; svo taka við mosapembur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Grasgangur** (n, kk) Gróinn gangur/sylla í klettum, oftast fær. Virðist ekki þekkt annarsstaðar í þessari merkingu. „Melahvappshillur eru grasgangar og hægt að ganga á milli þeirra“ (DE; Örn.skrá Látrabjargs).
- Grashnjúskur / Grashnúskur** (n, kk) Grashnaus; gróin jarðvegsfylla. „Líklega hef ég aldrei verið hættara kominn í mínum mörgu bjargferðum en eitt sinn í Blakknesnibbu. Þá hafði ég þokað mér eftir tæpum grasgangi; sótt egg og var að skriða yfir stóran grashnúsk. Þá finn ég að hann losnar, og skiptir engum togum að hann þeytist niður hamravegginn um leið og ég næ að bjarga mér á fastan bakkann. Gangurinn varð ófær á eftir“ (VÖ). Báðar framburðarmyndir heyrast í Kollsvík og nágrenni, og báðar líklega jafnréttar; orðstofninn er annarsvegjar hnúkur en hinsvegjar hnjúkur. *Hnjúskur/hnúskur* er minni þúst eða þúfa.
- Grashöfði** (n, kk) Grasi vaxinn klettahöfði við sjó eða í klettum. „Utan við Gat og Forvaða tekur við samskonar stórgrýtisfjara út að grashöfða sem heitir Lambhöfði“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Graslent** (l) Uppgróið; gróið. „Stóra- og Litlató voru graslend drög niður af Holtum“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Grautarlap** (n, hk) Gæluorð um graut/ þunnan graut. „Mikið þykir mér nú betra að fá rötsterkt kaffi á morgnana en eitthvað grautarlap“.
- Grágófött** (l) Um lit á sauðfé; Grá ær með hvítan hvið, bringu og undir snoppu.
- Grágrýti** (n, hk) A. Blágrýti sem er grátt að lit vegna skófa og mosa. „Upp af Bugahjalla eru svo grágrýtisskriður, sem ná inn að svonefndum Smérteigum“ (Örn.skrá Geitagils; heim. Helgi Einarsson). Ekki vitað um þessa merkingu annarsstaðar. B. Bergtegund; alm. merking.
- Grákjálki** (n, kk) ...óviss merking... (líkl. gamall maður). (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Grámullulegur** (l) A. Um útlit manns; gugginn; föllur; veiklulegur. „Þú ert eitthvað grámullulegur í framan“. B. Um veður; þokuloft; mistur; dimmviðri. „Það er rigningarlaust, en óttalega er hann grámullulegur“.

Grámulluboka (n, kvk) Þokuloft; mistur; þokusúld. „Það er sama grámullubokan og í gær“.

Grámyglaður / Grúmyglaður (l) Grár af myglu; þakinn myglusvepp. „Ég henti þessu harðfiskstrengsli; það var orðið grúmyglað“ Grú- er fjöldi, sbr *grúu/aragrúu*.

Grásleppudrifa (n, kvk) Mjög stórgerð snjócoma í logni. Líkingin á að leggja áherslu á kornastærð.

Grásleppuganga (n, kvk) Ganga/fylking grásleppu upp á veiðislóð. „Það er vonandi að einhver grásleppuganga birtist í næsta straum; þetta er að verða ári *skrælt*“.

Grásleppulagnir / Grásleppumið (n, hk,m fto) Hrygningasvæði grásleppunnar. Bestu grásleppumiðin eru í gróskumiklum þaragörðum. Grásleppulagnir eru innmeð öllum Hænuvíkurhlíðum; utanfrá Þyrsklingahrygg og inná Hænuvík; frá Nesi inná Gjögga; í kantinum framundan Hænuvíkurhlíðum; í Bótinni í Kollsvík; undan Landamerkjahrygg og Fjarðarhorni og frá miðri Breiðavík suður á Kóra.

Grásleppukvikindi (n, hk) Gæluorð um grásleppu. „Ekki var mikið úr þessum streng að hafa; upprúllaður af smáþorski og örfá grásleppukvikindi“!

Grásleppurask / Grásleppuræksni / Grásleppuslang (n, hk, fto) Slóg, hold og hvelja af grásleppu, stundum notað niðurskorið sem skepnufóður. „Til fóðurdrýginda var fenu stundum gefin saltsild eða grásleppuslang. Meðan verstaða var í Kollsvík var því gefið fiskdálkar“.

Gráupplagt (l) Mjög *vel til fundið; kjörið; tilvalið*. „Það væri gráupplagt ef þú gætir leyft mér að fljóta með“.

Greiðubreidd / Greiðufar (n, hk) Slegin rák í túni eftir greiðusláttuvél. „Ég var búinn að slá nokkrar greiðubreiddir af sléttunni þegar *hlaupastelpan* brotnaði“.

Greiðutindur (n, kk) Tindur úr járn í sláttuvélargreiðu, sem greiðir leið grassins að ljónum og heldur við meðan hann sker það. Tveir tindar eru samfastir í einingu, en mynda allir heild í greiðunni.

Greindarskepna (n, kvk) Skynsöm skepna; dýr sem sýnir meiri hugsun/greind en önnur. „Hún er greindarskepna blessunin. Alltaf virðist hún vita hvað til stendur“.

Grendýr / Grentófa Tófa sem lagt hefur í greni; *grensmogin* tófa; ekki *hlaupadýr/geldtófa/gelddýr*. „Hann er búinn að skjóta þrjár grentófur og nokkur *hlaupadýr*“.

Grenjur (n, kvk, fto) Ákafur grátur; mikil org; hávær köll/öskur. „Hættu nú þessum grenjum stubburinn minn; þessi rispa er nú ekki lífshættuleg“! „Gafstu kúnum eitthvað annað fóður núna? Þær standa á grenjum og hreyfa ekki við heyinu“.

Grentófa (n, hk/kvk)

Grimmdarnorðanbál (n, hk) Hvass og frostkaldur *norðansveljandi*. „Enn er sama grimmdarnorðanbálið“!

Grindaskítur (n, kk) Skítur úr fé sem haft er á grindum í fjárhúsi, til aðgreiningar frá taði/skán. „Gindaskítur er hinn besti áburður, en hann er ónothæfur til að reykja við“.

Grisjusía (n, kvk) Sía úr grisju/ fínofnu efni til að sía t.d. hrogn fyrir söltun eða berjahrat fyrir söftun. „Í upphafi grásleppuveiða notuðu menn grisjusíur til að sía vökva úr hrognunum, eftir að himnur höfðu verið skildar frá í *grófsigt*. Síurnar voru gerðar úr sama efni og barnaleyjur sem þá tíðkuðust“.

Gríðarharður (l) Afar/mjög harður. „Veturinn var gríðarharður um þetta leyti“.

Gríðarhávaði (l) Mjög mikill hávaði. „Bjargið splundraðist á hleininni með gríðarhávaða“.

Grínaktugheit (n, hk, fto) Gamansemi; grallaraháttur. „Hann gerði þetta stundum af sínum grínaktugheitum“.

Grjóthreinsa (s) A. Hreinsa grjót úr túnnum og túnstæðum. „Á sumum bæjum hafa bændur lagt verulega vinnu í grjóthreinsun túna. Má þar nefna vinnu Ingvars á Stekkjarmel við hreinsun sléttunnar á Svaðrarholti og Ólafs á Nesi við ruðning og gjóthreinsun sléttu undir Hænuvíkurnúp“. B. Hreinsun hrungrjóts af vegum.

Grjótógur / Grjótægur (l) Yfirdrifinn; meira en nægilegur. „Mér sýnist að við höfum grjótóg efni í þetta“. „Það er grjótóg af fiski uppi í *harðalandi*, en auðvitað þarf að bera sig eftir björginni“. „Og með þessari vinnu hef ég grjótægna tíma fyrir tamninga og hestamennsku“ (MH; Mbl 04.01.2017).

Grjótsofa (s) Steinsofa; sofa djúpt. „Ég varð ekkert var við þetta í nótt; ég bara grjótsof eins og ég er vanur“.

Grjótsofandi (l) Steinsofandi; sefur djúpum svefni; *rotaður*. „Er hann ennþá grjótsofandi“?!

Grjótsofna (s) Sofna mjög fast/fljótt. „Ég held ég hafi bara grjótsofnað“.

Grjótsofnaður (l) Sofnaður mjög fast/ djúpum svefni. „Hann er grjótsofnaður þarna í lautinni“.

Grjótsofni (n, kk) Djúpur svefn; *rotsvefn*. „Það er nú alveg orðið tímabært að vekja manninn. Þvílíkan grjótsofni hef ég sjaldað vitað“!

Grjóttangi (n, kk) Grýttur tangi/skagi. „Merkin eru um grjóttanga miðja vegu á brún upp af Gorgán“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs)

Groddafjandi / Groddaskratti (n, kk) A. Efni, verkfæri, efni og annað sem þykir mjög gróft. „Vegslóðinn er varla ökufær; þetta er groddaskratti“. B. Drykkur, súpa sem þykir ólustugt. „Ekki veit ég hvað var í þessu, en þetta var alger groddafjandi og algerlega ódrekkandi“!

Groddaverkfæri (n, kk) Heldur grófgert verkfæri fyrir verkefnið. „Þetta getur illa lánast með svona groddaverkfæri; áttu enga almennilega *skrífsíu*“?

Gróðurryr (l) Með gisnum/óburðugum gróðri. „Melarnir voru yfirleitt þurrir, harðir og gróðurryrir“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Grunnbauja / Grunnbelgur / Grunnból / Djúpból (ao) Mismunandi heiti á bóli (floti) á neti eftir því hvort var nær eða fjær landi. Á sama hátt var rætt um *grunnmegin* og *djúpmegin*. „Það er komið norðurfall og því var ekki rétt af okkur að fara djúpmegin í strenginn. Við tókum grunnbólíð í næsta streng“. Einnig notað *grunnendi* og *djúpendi*.

Grunnrek (n, hk)(óviss skýring en þrennt virðist einkum koma til greina; rek af þara sem veltist eftir botninum og sest í net; fint rek sem ekki verður vart nema færi liggja í botni eða rek uppi á grunnni meðan þess gætir ekki dýpra frá landi) (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Grófsigt (n, hk) Sigt til verkunar á grásleppuhrognum. Í því voru himnur skildar frá með því að hrognunum var nuddað með *hrognaspaða/hræl* niður í gegnum sigtið, en himnurnar sátu eftir.

Grófsmalað (l) Um svæði; smalað að mestu leyti; *grófhreinsað*. „Það má segja að búið sé að grófsmala Bjargið. Enn er eftir að smala Stíginn og gá hvað getur leynst víðar niðri“.

Grúeygt (l) Um þroska eggs; komin greinileg augu í stropann og e.t.v. einnig goggur. „Ég hafði ekki lyst á þessu; ég ét það ekki grúeygt eins og þú“. Sjá *eygt* og *koleygt*.

Grúmaðkaður (l) Mjög maðkaður; iðandi í maðki; maðkaveita. „Fiskurinn var grúmaðkaður innan, þó ekki sæist á honum að utanverðu“. Forskeytið líklega komið af *grúa*.

Grúskítugur / Grútskítugur (l) Mjög skítugur. „Farðu nú úr útigallanum áður en þú kemur inn; þú ert grútskítugur“! „Þetta er enginn þvottur; þú ert ennþá grúskítugur í framan“! Grú- er skylt *grúí/aragrúí*. Báðar orðmyndir voru notaðar í Kollsvík.

Grúnsa (s) *Pussa*; slægja steinbít (sjá *steinbítur*).

Grútlínur / Grútmáttlaus / Grútslappur (l) Mjög kraftlaus/línur/aflvana. „Hann ræður ekkert við þetta; hann er svo grútlínur“! „Maður verður svo grútmáttlaus í þessari árans pest“.

Gryfjuplast (n, hk) Þolplast; gluggaplast; þykkt plast sem á tímabili var notað ofaná votheysgryfjur til að koma í veg fyrir að hiti hlypi uppúr og skemmdi þannig heyið. Sandpokum var raðað með veggjum á jaðrana.

Grynningafláki (n, kk) Svæði í sjó þar sem eru miklar grynningar og hættulegt að sigla um. „Nær samfelldur grynningafláki er frá heimanverðri Vatnadalsbót norður fyrir Grundagrjót. Þarf að sigla framanvið hann þegar farið er milli Breiðavíkur og Kollsvíkur; einkum ef lágsjávað er og *ylgja* í sjó“.

Grýlupoki (n, kk) Poki Grýlu; sem hún safnaði óþægum börnum í. „Í gegnum tíðina hefur grýlupokinn líklega notast á sama hátt gagnvart börnum og helvíti gagnvart fullorðnum. Þetta voru „verri staðirnir“ sem stuggur stóð af og enginn vildi lenda í. Annað byggt á þjóðtrú úr grárri forneskju og hitt á kristnidómnum“.

Græðiduft (n, hk) Duft sem stráð er í sár til að þerra það og sóttgreinsa. „Ingvar í Kollsvík var laginn við dýralækningar og átti í sínum meðalaskáp m.a. lítinn bauk með græðidufti. Þetta var nefnt pensilinduft og var úað yfir sár gegnum lítinn stút á plastglasinu, og síðan var bundið um. Virtist það virka mjög vel“.

Grænendingur (n, kk) A. Þarlendir íbúar; eskimóar og aðrir. B. *Flökkusteinn* sem víða finnst á fjörum, t.d. í Kollsvík, af allt öðru bergi en þar er. Þetta er grjót sem grænenskir skriðjökklar hafa skafið úr berggrunni þar og síðan borist neðan í *borgaris* sem bráðnað hefur á fjörum í Kollsvík“. Orðið virðist óþekkt annarsstaðar í þessari merkingu, en var notað þannig í Kollsvík.

Guðsbarnabliða / Guðsbarnaveður / Guðskaparveður (n, hk) Algjört logn; *stafalogn*; *rjómalogn*. „Það er sama guðsbarnabliðan, dag eftir dag“! „Nú er hann bara dottinn niður og komið guðskaparveður; ætli maður hleypi þá ekki skjátunum aðeins út“.

Guðsbarnalega (ao) Eins og guðs börn; skikkanlega; vel. „Hættið nú þessum fjárans látum strákar og reynið að haga ykkur guðsbarnalega“!

Guðsgafflar (n, kk, fto) Fingurnir. Orðið virðist hafa verið bundið við Vestfirði, og eingöngu notað um það hvernig matast var. „Vertu nú ekki að *potast* þetta með hnif og gaffli; það er langbest að taka þetta með guðsgöfflunum og *stýfa* úr *hnefa*“!

Guðskapartíð (n, kvk) Blíðutíð; einmunatíð. „Maður getur ekki treyst á að þessi guðskapartíð haldis endalaust“. Orðið gæti hafa orðið til sem afleiðing af „guðskaparveður“.

Guðsorðastagl (n, hk) Sífellt *klif* bibliútilvitnana og *guðsákalla*; *skinhelgi*. „Þó ekkert verði dregið í efa um einlægán kristindóm Kollsvíkinga og hollustu þeirra við sinnar tíðar lög og siði, þá má leiða að því líkum að í hinni krefjandi lífsbaráttu á þessum útkjálka hafi minna verið lagt uppúr skinhelgi, yfirborðsmennsku og þrjáli sem einkenni kristindóminn nærri höfðingjum og þvílíku slekti. Um leið og Kollsvíkingar héldu lengst allra Íslendinga í heiðri hina aldagömlu hefð einlægrar *sjóferðabænar* þá varðveittu þeir með sér orðið „guðsorðastagl“, sem hvergi finnst í öðrum orðasöfnum“.

Gufubrim (n, hk) Svo mikið brim að mikill sjóreykur myndast. „Hann er kominn með svern vestansjó; það er gufubrim norðurundir“.

Gufuruglaður (l) *Utan við sig*; mjög örökvis. „Mér finnst karlinn vera orðinn gufurruglaður í seinni tíð“.

Gulhnökkuð (l) Um lit á sauðfé; með áberandi gulan hnakka. „Hvaða mark er á þessari gulhnökkuðu þarna“?

Gulsnoppótt (l) Um lit á sauðfé; með áberandi gula snoppu. „Sérðu nokkursstaðar þá gulsnoppóttu“?

Gúmmítuðra (n, kvk) Gúmmibátur; gúmbátur. „Við fórum á gúmmítuðru frá Keflavík út á Langurðir“.

Gúndapottur (n, kk) Eldunartæki sem var nokkuð vinsælt og til á mörgum bæjum í Rauðasandshreppi í kringum 1965-75. Kringlóttur, tiltölulega flatur pottur eða panna úr blikki, með rafhitaelementi í botni og djúpu, kúptu loki með litlum glerglugga. Í þessum potti mátti sjóða; baka og hita. Á fyrstu árum rafvæðingar var þetta því notadrjúgt tæki, en þótti fljótt úrelt þegar ofneldavélar, mínútuþrill og annað kom til.

Gvendarbrunnsvatn (n, hk) Vatn úr Gvendarbrunni í Kollsvík. Gvendarbrunnur er uppspretta heimanundir Sandahlíð í Núpnum; efst á Sandflötum. „Hafði Guðmundur góði vígt hann á yfirreiðum sínum, enda er í honum afbragðsgott vatn er gjarnan var sótt handa sjúklingum og sængurkonum. (GT;VT; Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Sagt er að þegar Guðbjartur Ólafsson í Kollsvík lá banaleguna (d. 1879) hafi hann látið sækja sér vatn úr Gvendarbrunni í norðanverðu Kollsvíkurtúni. Er það til marks um þann átrúnað er menn höfðu á verkum Guðmundar“ (IG; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi, 1989) „Þegar skírnir fóru fram í Kollsvík var einatt sótt Gvendarbrunnsvatn“.

Gýgjarpus (n, hk) Tegund af sæsvepp, oft bleikur að lit eða hvítleitur. Kemur stundum upp á krókum neti eða rekur á fjörur. Ekki þekkt annarsstaðar með þessum framburði/rithætti.

Gæflyndisgrey / Gæflyndismaður (n, kk) Hæglátur/vingjarnlegur maður. „Þetta er nú gæflyndisgrey, þó hann stígi kannski ekki í vitið“. „Mér fannst hann vera gæflyndismaður í viðmóti“.

Gæflyndiskvikindi / Gæflyndisskepna (n, hk/kvk) Stíllt/róleleg/gæf skepna. „Hrafninn var orðinn mesta gæflyndiskvikindi og hræddist menn lítið“. „Alltaf er Gibba sama gæflyndisskepnan“.

Gægingur (n, kk) Hótfyndni; kaldhæðni. „Hann er með einhvern gæging eins og vant er“.

Gæruhvítur sjór (orðtak) Sjór í svo miklu roki að yfirborðið rýkur og verður eins og hvít, kemd sauðagæra. „Fram af Blakknum var stólpárok og gæruhvítur sjór“.

Gærurok (n, hk) Svo mikið rok að sjór rýkur/ verður hvítur. „Hann er að spæna upp norðan gærurok“.

Hafa antípat á (orðtak) Vera illa við; *hafa illan bifur á*; finnst fráhrindandi. „Hún sagðist hafa hálfgernt antípat á þessari nýju tækni“.

Hafa ekki/litla trú á / Hafa ótrú á (orðtök) „Eldri bændur höfðu megnustu ótrú á traktorssláttuvélum í byrjun, og þótti þær slá illa. Var enda von, þar sem fáir vellir voru sléttir“. „Ég hef enga trú á að það verði neitt úr þessari rigningarspá hjá þeim; hann er að koma upp bakka í hafið“.

Hafa fallið með sér (orðtak) Stilla róðra þannig af að fallið hjálpar til við róðurinn.

Hafa utaná sér / Hafa utanum sig / Hafa utanyfir sig (orðtök) Vera í utanyfirfatnaði/úlpu. „Hafðu eitthvað utaná þér; það er þónokkuð kalt núna“. „Ertu ekki í neinu utanum þig? Það er ekkert vit í að vera að *glænapast* svona“! „Habbdu nú eitthvað utanyfir þig ef þú ætlar að standa yfir fénu“! Mikið notað í Kollsvík til skamms tíma, en heyrst ekki í daglegu máli annarsstaðar.

Hafnarbúi / Hafnarmaður (n, kk) Manneskja sem býr í Örlygshöfn. Rauðasandshreppur skiptist í nokkur byggðasvæði eftir staðháttum (sjá *Rauðsendingur*) og er Örlygshöfn, eða Höfnin, eitt þeirra. „*Hafnarmenn sýrja ekki um þrísá*“.

Hafnarfé (n, hk) Sauðfé Hafnarbúa. „Það var óvanalega mikið um Hafnarfé í Breiðavíkurrétt núna“.

Hafnarmaður (n, kk) Maður úr Örlygshöfn. „Er við ömum á strandstaðinn voru þar nýkomnir þeir hafnarmenn er fyrr getur...“ (ÞJ; Sargon strandið; Árb.Barð 1949).

Hafnarmenn spyrja ekki um þrísá (orðatiltæki) Ekki er vitað að fullu um uppruna orðatiltækisins, en það mun vísa til þess að í Örlygshöfn eru bújarðir sumar góðar og þar hafa löngum setið efnaðir menn á sinnar tíðar vísu. Sagt er að þetta sé andsvar *hafnarmanns* við uppsettu verði kaupmanns á Eyrum. Hvað sem uppruna

líður, hefur þetta tilsvor orðið að orðatiltæki í Rauðasandshreppi. Er það gjarnan viðhaft þegar menn vilja sýna að verð sé ekki fyrirstaða í kaupum, eða þegar einhverjum blöskrar eyðslusemi annars.

Hafrableytti (n, hk) Réttur sem samanstendur af ósoðnum hafragrjónum, mjólk, rúsinum og lítilsháttar kanilsykri. „Barnaskóli Rauðasandshrepps var rekinn í Kollsvík einn vetur, líklega 1968-1969, og nemendur voru sumir í vist á Láganúpi og aðrir í Kollsvík. Hafrableytti var í uppáhaldi sem morgunmatur sumra þeirra“.

Hafravellingur (n, kk) Annað heiti á hafragraut. „Mikið væri nú gott að fá hafravelling með slátri“.

Haft / Haftband / Haftspotti A. Haft er notað almennt um hindrun/fyrirstöðu. B. Snærisspotti sem notaður er til að *hefta* kúr meðan þær eru mjólkaðar. „Hafðu með þér nýjan haftspotta fram í Túnshala þegar þú ferða að mjólka. Hinn er alveg ónýtur“. Fyrrum voru höft unnin úr togi.

Hafpoka / Hafpokubakki (n, kvk/kk) Poka sem liggur á sjónum en ekki á landi, eða er ekki komin inná land. „Það er rétt að hafa kompásinn við hendina ef hann skyldi slá þessum hafpokubakka eitthvað nær“.

Haga sér skikkanlega/ eins og maður/ guðsbarnalega (orðtak) Sýna stillingu /mannasiði í framkomu. „Mundu nú að haga þér skikkanlega í messunni“. Æi krakkar; getiði aldrei hagað ykkur guðsbarnalega“?

Hald (n, hk) A. Sigstaður; eggja-/fuglsvæði. Orðið mun ekki hafa verið notað annarsstaðar á landinu í þessari merkingu. „Fyrsta haldið vestanfrá er Ritugjá...“ Frásögn DE (MG; Látrabjarg). „Höld voru kallaðir staðirnir sem sigið var á“ “ (DE; Örn.skrá Látrabjargs). B. Trú; álit. „Það var hald manna að ástandið hefði ekki verið eðlilegt“ Frásögn GGr um Sargon-strandið (ÓS; Útkall við Látrabjarg). C. Hald á bolla eða öðru áhaldi. D. Það sem heldur örugglega. „Mér sýnist orðið vafasamt hald í þessum gamla vað“? „Sláðu spottanum um nibbuna; hún er öruggt hald“.

Haldbær (l) Traustur; *haldgóður*; sem hald er í. „Hann gat ekki gefið neina haldbæra skýringu á þessu“. „Fyrir svona ákvörðun þurfa menn að færa haldbær rök“.

Halldóruhæll (n, kk) Frágangur á hæl á þrjónuðum sokk; kennd við Halldóru Bjarnadóttur. „Ýmist voru hælur þrjónaðir sem „húfuhæll“ eða „Halldóruhæll“ sem var með stalli og heitinn eftir Halldóru Bjarnadóttur. „Húfuhæll“ var þrjónaður eins og táurtökur nema úrtökurnar styttri (mynd) þá var þrjónað í auka band þvert á „húfuna“ það var svo rakið úr eins og þegar var rakið úr fyrir þumli og teknar up lykkjurnar og þrjónaður framleisturinn. Svo var og er mælt band einu sinni eða tvisvar á ilinni; auka umferð undir ilinni“ (SG; Þrjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Halljúgra / Hallinjúgra (l) Um ær og kúr; misjúgra; sem hefur júgur stærra öðrumegin en hinumegin.

Hallærisbúskapur (n, kk) Slæmt ástand; skortur. „Óttalegur hallærisbúskapur er þetta hjá mér; að eiga ekki te fyrir þig“.

Haltukjaftribrjóstsykur (n, kk) Stór brjóstsykur sem seldur var um tíma og fluttist gjarnan vestur með sumardvalarbörnum á 7. áratug 20.aldar. Oft skipt í sundur með sykurtöng.

Haltukjafrikaramellur (n, kvk, fto) Stórar karamellur; *mangakaramellur*.

Hamrakleggi (n, kk) Sérstæður klettur. „Á einum stað í fjörinni, um miðjan hvamminn, er þó hamrakleggi, uppmjór, 2-3 mannhæðir; fer ekki í kaf á venjulegum flæðum...“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Handabakavinnubrögð (n, hk, fto) Röng/árangurslítil vinnubrögð; kjánalegt verklag. „Önnur eins handabakavinnubrögð hef ég ekki séð á minni lífsfæddri ævi“!

Handahlýr / Handkaldur (l) Kaldur/hlýr á höndum. „Handahlýr maður er hlýr viðkomu á höndum þó öðrum sé kalt; sumir nota jafnvel sjaldan vettlinga“. „Handkaldur maður hefur kaldar hendur, en þarf þó ekki að finna til kulda sjálfur“.

Handanbæir (n, kk, fto) Bæir handantil í víkinni (sjá *handan*). „Áin, sem svo heitir þó víða myndi hún kölluð lækur, skipti löndum milli Kollvíkurjarðarinnar og býla í sunnanverðri Víkinni. Það eru Grundir og Láganúpur, og voru þeir einatt kallaðir „Handanbæirnir“ “ (EG; Ábúendur Kollsvík; Niðjatal HM/GG).

Handanbæjafólk / Handanbæjarbóndi / Handanbæjarmaður Íbúar bæja í sunnanverðri Kollsvík; Láganúpi; Grundum eða Grund.

Handaneftir (ao) Sérstæð áttalýsing fyrir Kollsvík; að handan og á leið norðureftir. „Hann hljóp eftir fjárklippum yfir á Láganúp, en mér sýnist hann vera að koma þarna handaneftir Umvarpinu“.

Handanfrá (ao) Að handan; frá Láganúpi/Grundum í átt norður. „Það þarf að standa í Verinu, fyrir fénu sem kemur handanfrá“.

Handantil (ao) *Handan* megin; fyrir *handan*; *yfirfrá*. „Handantil í víkinni er mun sendnari jarðvegur“.

Handantilvið (ao) Hinumegin; handanvið; fyrir handan. „Árósnarnir eru handantilvið Nautholtið“.

- Handantún** (n, hk, fto) Tún/slægjur handantil í víkinni (sjá *handan*). „Handantúnin eru misjafnlega sprottin“.
- Handanvið** (ao) Hinumegin; fyrir handan. „Hafiði ekki hátt; grenið er bara hérna rétt handanvið hrygginn“.
- Handanum / Handanyfir** (ao) Sérstæð áttalýsing í Kollsvík; að handan (sunnan) og yfir það sem er í miðri víkinni áleiðis *norðureftir*. „Hver kemur þarna handanum veg“? „Komstu handanyfir Umvarp eða forstu Rifið“?
- Handfærakrókur** (n, kk) Öngull til skakveiða/handfæraveiða. „Við erum með gömul færi; hamplínu, 4ra punda blýlóð með hálfás sigurnagla; taumur einn faðmur og handfærakrókur“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurverri; Niðjatal HM/GG).
- Handskrúbbur** (n, kk) Skrúbbur/bursti með stífum hárum; ætlaður til að skrúbbu/þvo rækilega með höndum. „Við þyrftum að fá nýjan handskrúbb í bátinn; þessi er að verða ári sköllóttur“.
- Hangiketsbiti / Hangiketsflís / Hangiketsneið / Hangiketstutla / Hangiketsögn** (n, kvk) Dálítið/bitni af hangiketi. „Gefðu mér smá hangiketsflís í viðbót“. „Var ekki eftir einhver hangiketstutla frá þí í gær“?
- Hangiketsilmur / Hangiketslykt** (n, kk/kvk) Lykt af hangiketi. „Hann sagðist hafa fundið hangiketsilminn leggja á móti sér uppi á miðri Tunguheidi“.
- Hann sagði mér það hann Sveinn** (orðatiltæki) Viðhaft þegar einhver vill ekki gefa upp réttan heimildarmann fyrir sínum staðhæfingum/ sínu sveitaslúðri. Ekki skal fullyrt um aldur eða tilurð orðatiltækisins, enda getur sveinn verið hvaða karlmaður sem er. Þetta var hinsvegar gjarnan viðhaft af GJH, eins og fleiri snjallyrði, og var þá talið vísa til manns í útsveitinni sem talaði fátt og aldrei lastaði aðra. „Er burtu gekk ég þaðan þá sagði mér hann Sveinn;/ það sögðu líka menn á næstu bæjum:/ Í Hærri-Tungu væru þeir, heldur tveir en einn./ Að hugsa sér, og annar lá á gægjum!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Happanafn** (n, hk) Gæfuheiti; heiti sem ber vitni um happ eða væntir happs. „Fram í Grasaskerspöll gengur frá rfinu hlein sem heitir Lúða. Af hverju hún ber slíkt happanafn veit ég ekki, en þegar áður nefnd vör var gerð þar í gegn fannst rostungstönn; má vel vera að áður hafi hún gefið eitthvað meira og stærra“ (ÞJ; Örn.skrá Hvallátra).
- Harðakan / Harðaspan** (n, hk) Mikil ferð; harðasprettur; hraðakstur. „Þarna kemur hann hlaupandi á harðakani“. „Hann ók á harðaspani og reyndi að elta refnn uppi“.
- Harðarennslí** (n, hk) Harðasprettur; mjög hröð hlaup. „Féð er á harðarennslí fram allan dal“!
- Harðbakki** (n, kk) Harður bali; sandbali. „Hólar voru harðbakkar og þurfti því að slá þá í rekju“. (ÖG; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi). Orðið var þarna notað í upprunalegri merkingu, en nú er það einungis notað í líkingamálinu „þegar í harðbakkann slær“, og orðabókadæmi eru öll þannig.skipt
- Harðalahóll** (n, kk) Gróinn hóll með þéttum og þurrum jarðvegi. „Harðalahóll er fremst á Túninu, og heitir Skalli“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).
- Harðfiskhjallur** (n, kk) Hjallur til að herða steinbít, láta grásleppu síga o.fl. „Við Svavar fengum gamla sláturhúsið á Gjögurum; hann dró það útá bakkana með ýtunni og þar var því breytt í harðfiskhjall“. Orðið var aldrei notað með „s“ (harðfiskshjallur) í Kollsvík, líkt og orðabókardæmi eru um.
- Harðfiskhnallur** (n, kk) Létt sleggja til að berja harðfisk; mýkja hann til *átu*. „Hvar er nú harðfiskhnallurinn“.
- Harðfiskflís / Harðfisklús / Harðfiskögn** (n, kvk) Lítið eitt af harðfiski; smábíti af harðfiski. „Gefðu mér nú smá harðfisklús, fyrst þú ert að naga þetta“. „Ég hafði með mér harðfiskflís í nesti“.
- Harðfiskhjastur / Harðfiskmosk / Harðfiskmulningur** (n, hk/kk) Mulningur/uppsöp af harðfiski sem fellur til t.d. þegar hann er barinn. „Það þarf að sópa harðfiskmoskinu niður, svo hundurinn sé ekki að sleikja barningssteininn“.
- Harðfiskól** (n, kvk) Strengslí af harðfiski, oftast þá mjóslegið og rýrt. „Þessar harðfiskólar sem enn eru eftir eru varla mannamat; þvengmjóar og sumar grámyglaðar í þokkabót“.
- Harðfiskpoki** (n, kk) Poki með/ætlaður harðfiski. „Þessir áburðarpokar eru þvegnir og þurrir; ég ætla að nota þá fyrir harðfiskpoka“.
- Harðfiskroð** (n, hk) Roð af harðfiski. „Hér er ég búinn að snúa harðfiskroðið; réttu hundinum þetta“.
- Harðfisksleggja** (n, kvk) Handhæg sleggja til að berja harðfisk. „Nennirðu að skjótast og berja tvö harðfiskstrengslí? Harðfisksleggjan er á *barningssteininum* úti í Gili“.
- Harðfiskstrengslí** (n, hk) Flak/lengja af *harðfiski*; fullverkað en (oftast) óbarið. „Þiggðu með þér fáein harðfiskstrengslí í nesti“. „Viltu berja þrjú harðfiskstrengslí fyrir matinn? Lítil sleggjan er á steininum úti í Gili“. Orðið er mjög almennt notað vestra, og hefur alltaf verið.
- Harðfiskstutla / Harðfisktægja** (n, kvk) Tægja/flís af harðfiski. „Gefðu mér duggunarlitla harðfiskstutlu, fyrst þú ert þarna með strengslí“. „Það situr einhver harðfisktægja á milli tannanna á mér“.

- Harðhnakka** (s) Þruga; þjarma að; hnoða. „Nautið náði að harðhnakka honum þarna í girðingarhorninu og hefði getað farið illa ef hjálp hefði ekki borist strax“. Orðið var þannig framborið í Kollsvík. Orðabók HÍ nefnir dæmi um að „harðhnjaka“, sem virðist vera sömu merkingar.
- Harðindabúskapur** (n, kk) Um það þegar eitthvað skortir í heimilishaldi/búskap. „Manni finnst það hálfgerður harðindabúskapur að eiga ekki saltfisk uppá veturinn“.
- Harðindatíðarfar** (n, hk) Slæmt tíðarfar; vond tíð. „Hér hefur verið harðindatíðarfar eftir áramótin; frosthörkur nokkrar og norðanbeljandi, svo oftast er innistaða á fé“.
- Haugaleti** (n, kvk) Mikill ónytjungsháttur; algert aðgerðaleysi. „Ég hef sjaldan kynnst annarri eins haugaleti í nokkrum manni“!
- Haugarigning / Haugrigning** (n, kvk) Mjög mikil/gróf rigning; *hellirigning*. „Maður heldur sig helst innvið í svona haugarigningu“. „Þvílík haugrigning er þetta; það eru bara lækir á hlaðinu“!
- Haugarigna / Haugrigna** (s) Rigna ákaft og í mjög miklu magni; sérstaklega gróf/áköf rigning. „Hann er farinn að haugarigna aftur“! „Enn haugrignir hann; og bara engin skúraskil á milli“!
- Haugdrullugur / Haugskítugur** (l) *Grútskítugur; útataður; mjög forugur*. „Hvern skrattann varstu nú að *bardúsa* strákur? Þú ert haugdrullugur frá toppi til tåar“!
- Hauglatur** (l) Mjög latur; nennir alls ekki að vinna. „Hann er svo hauglatur að hann dregur varla andann“!
- Haugryðgaður** (l) Mjög mikið ryðgaður; kolryðgaður. „Það þýðir ekkert að mála járníð svona haugryðgað“.
- Haugsalta** (s) *Rígsalta; kakkсалта*; salta mjög mikið; salta svo mikið að hrúgur/kekkir af salti sitji ofaná.
- Haugsaltaður** (l) *Kakkсалтаður; rígsалтаður*; svo mikið saltaður að haugar/kekkir sitji ofaná. „Fiskurinn var haugsaltaður, svo ekki skemmdist hann þessvegna“.
- Hausagrind / Hausarekki / Hausaklefi** (n, kvk/kk) Þegar skotmaður í sláturhúsinu á Gjögurum hafði skorið haus frá búk, gekk hann frá honum í hausagrind, þar sem blóð rann úr strjúpanum. Síðan var tekið úr grindinni og hausunum raðað á hausarekka í hausaklefanum. Í grindinni og rekkunum hvíldi strjúpinn á galvaniseruðum vatnsrörum.
- Hausaskaft** (n, hk) Um 30-40 cm skaft/prik sem notað var til að halda sviðahaus yfir eldi, meðan enn var sviðið yfir olúeldi eða primus. Sjá *svið*.
- Hausasveðja / Hausunarhnífur / Hausunarsveðja** (n, kvk/kk) Stór blaðlangur og flugbeittur hnífur sem notaður er til að skera háls á skepnum eftir slátrun, og taka hausinn af eftir að blætt hefur. Einnig þekktist heitið blóðhnífur. „Skotmaður gekk ávallt tryggilega frá byssum, skotum og hausasveðju inni í læstri kompu í lok hvers sláturdags“.
- Haushæð** (n, kvk) Jafn hátt höfði manns. „Skútinn er í haushæð yfir ganginum innanverðum, og má nokkuð auðveldlega klórast upp í hann. Þar eru oft í kringum tuttugu langvíuegg“.
- Hausþvottur** (n, kk) Þvottur á höfði. „Ætli ég sé ekki orðinn þurfandi fyrir hausþvott, eftir að múkkafjandinn ældi yfir mig“.
- Háarheyskapur** (n, kk) Vinna við að slá og verka *há*, og koma henni í hlöðu. „Hér er búinn allur heyskapur nema háarheyskapur“.
- Háaustansteytingur** (n, kk) Hvassviðri af háaustri. „Árni var á leið til lands í háaustansteytingi...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hábakkaflæði** (n, kvk) Mjög stór flæði; oftast í stórstraumi og álandsvindi. „Nú er hábakkaflæði og stutt að setja niður“. Orðabækur kannast ekki við þessa framsetningu sem algeng er í Kollsvík, en tilgreina aftur á móti „hábakkaflóð“.
- Hádegismatur** (n, kk) Matur sem snæddur er í hádeginu. „Hádegismatur var venjulega aðalmáltíð dagsins. Heldur meira var í hann lagt en kvöldmat. Oftast var heitur kjöt- eða fiskréttur í aðalrétt og súpa, grautur eða skyr í eftirrétt, en þó var það ekki einhlítt“. Merkilegt er að orðið sést hvorki í Orðabók HÍ né Menningarsjóðs. Þar er tilgreindur „hádegisverður“ og „hádegismáltíð“ en hvorugt var notað í Kollsvík.
- Háeggjatími** (n, kk) Tíminn þegar eggjataka í björgum stendur sem hæst. „Stundum varð lítið um svefn hjá manni yfir háeggjatímann“.
- Háfjallaskafmold / Háfjallaskafmoldarbylur** (n, kvk/kk) Skafrenningur/skafbylur sem nær svo hátt í loft upp að tekur af fjallasýn. „Ég fer ekkert af stað í svona öskrandi roki og háfjallaskafmoldarbyl“.
- Háheyskapartími / Háheyskapur** (n, kk) Tíminn þegar heyskapur stendur sem hæst. „Ég á óhægt með að gera þetta núna, svona rétt um háheyskapinn“.

- Hákjölur** (n, kk) Þar sem hæst ber á vatnaskilum milli dala/víkna. „Dalverpi endar við Arnarvörður, en þar er hákjölurinn milli Keflavíkur og Sauðlauksdals“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).
- Hálfaftekin** (l) Um kind; tekið af (rúíð) til hálfis. „Þessi er ekki nema hálfaftekin hjá mér vegna þess að henni var illa *fyllt*“.
- Hálfankannalegur / Hálfasnalegur** (l) Um liðan/útlit; dálítið einkennilegur/aulalegur/ringlaður. „Ég er mikið að jafna mig af pestinni, en ég er enn hálfasnalegur í hausnum“.
- Hálfasnalega** (ao) Dálítið undarlega/illa/óvenjulega. „Mér hefur liðið hálfasnalega í höfðinu í dag. Ætli ég leggi mig ekki smástund“.
- Hálfáttavilltur** (l) Ekki alveg viss á áttum/stefnu. „Maður er fljótur að verða hálfáttavilltur í svona þoku“.
- Hálfdomm** (l) Dálítið vankaður/ annars hugar. „Maður er bara hálfdomm eftir svona tíðindi“.
- Hálfdrættingssteinbítur** (n, kk) Steinbítur sem hálfdrættingur dró. Honum var haldið til hliðar á skiptum og merktur með bita, þverskoru eða sniðskoru, sem var bara eitt hnífsbragð. (Sjá einnig *skipti*) (LK; Ísl. sjávarhættir; eftir DE og AE).
- Hálfendasleppt** (l) Dálítið snubbótt; hættir nokkuð snögglega/óvænt. „Mér fannst þetta leikatriði ágætt í sjálfu sér, en það var einhvernvegin hálfendasleppt“.
- Hálfeyrðarlaus** (l) Órólegur; festir illa hugann við viðfangsefni; óþreyjufullur. „Maður verður hálf eyrðarlaus að heyra ekkert frá þeim svona lengi“.
- Hálfhættulegur** (l) Nokkuð hættulegur; viðsjárverður. „Þessi steinn gæti orðið hálfhættulegur, þarna hjá niðurgöngunni. Er ekki hægt að ryðja honum niður“?
- Hálfkæringsháttur** (n, kk) *Briarari*; hálfgerð tilgangsleysi/sinnuleysi. „Ég ákvað þetta í hálfkæringshætti; án þess að íhuga það nokkuð niður í kjölinn“.
- Hálflassinn / Háflslappur** (l) Veiklulegur; dálítið veikur; *lumpulegur*. „Ég er eitthvað fjári skrýtinn í höfðinu og háflslappur; ætli maður sé ekki að fá þessa skollans pest“.
- Háflerkaður** (l) Nokkuð dasaður; með dálitla verki/strengi; dálítið meiddur. „Maður er enn háflerkaður eftir þessi átök í gær“.
- Hálfólystugt** (l) Dálítið fráhrindandi matur; ekki mjög lystugt/girnilegt. „Mér hefur alltaf fundist eggin hálfólystugt eftir að þau eru orðin mjög eygð“.
- Hálfóviðkunnanlegt** (l) Ekki mjög viðeigandi/kurteislegt. „Það er hálfóviðkunnanlegt að berja upp á svona *óguðlegum tíma* dags“.
- Hálfraðdlaus** (l) Dálítið rasslaus; ekki með fullan raddstyrk. „Maður er orðinn hálfraðdlaus af að öskrá á þessa bölvada húðarletingja sem lágu í berjum þegar þeir áttu að vera að smala“!
- Hálfrafulegur / Hálfutangarna** (l) Dálítið viðutan/annarshugar. „Manni finnst að maður sé hálfrafulegur í svona samkvæmum“. „Í fyrstu var ég á eftir í náminu, og hálfutangarna, en ég náði mér fljótt á strik“.
- Háflslasaður** (l) Töluvert meiddur. „Þeir voru mjög þrekaðir mennirnir þegar við loksins drógum þá upp, og sumir háflslasaðir“ (Björgvin Sigurbjörnsson; Útkall við Látrabjarg).
- Háflslæptur** (l) Dálítið eftir sig/ þreyttur. „Hann var háflslæptur eftir þetta, en jafnaði sig fljótt“.
- Háflsmalað** (l) Smalað/leitað eftir fé til hálfis; illa smalað. „Mér sýnist augljóst að þetta svæði hefur ekki verið nema háflsmalað“.
- Hálfstafa hús** (orðtak) Hús með hálfögflum. „Við komum inn í lítið hálfstafa hús sem pabbi hafði afhent okkur til afnota meðan við kærðum okkur um...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hálfptommuþjöl** (n, kvk) Borðviður/fjöl sem er hálf tomma að þykkt. „Þegar Gunnar Össurason byggði Láganúpshúsið 1974 útvegaði hann fjölmarga stóra trékassa frá tékkneska sendiráðinu, sem notaðir höfðu verið utanum sýningargripi o.fl. Úr þeim fékkst mikið af hálfptommuþjöllum til uppsláttar og klæðninga“.
- Hálfættingslegur** (l) Nokkuð reyttur; tættur; ruglingslegur. „Hann er að verða hálfættingslegur þessi bakki í hafið; ætli hann fari ekki að búast í rigningar“.
- Hálffundirfurðulegur** (l) Dálítið íbygginn/búralegur á svip; dálítið undarlegur í útliti/háttum. „Nér finnst hrafinn vera hálffundirfurðulegur; hoppandi þarna frammi við garðsendann. Hann skyldi þó ekki vera að *vokka yfir* kind sem farið hefur ofaní“?
- Hálföfugsnúið / Hálfönugt** (l) Dálítið neyðarlegt/örðugt/erfitt. „Mér finnst það fjandi öfugsnúið að þurfa að fara af ágætis fiski til að mæta á þennan árans fund“! „Þetta var hálfönugt viðureignar í þessu veðri“.
- Háliggjandi** (n, kk) *Blásnúningur*; *fallaskipti*; stuttur tími meðan skiptir sjávarfalli. „Hann gaf sig vel til um háliggjandann en svo *tregðaðist* fljótt aftur.“

- Hálkublettur / Hálkukafli** (n, kk) Svæði með mikilli mjög hálu svelli. „Það eru hálkublettir á þessum vanalegu stöðum á leiðinni“. „Varaðu þig á hálkukaflanum á Tunguhlíðinni“.
- Hálsræma** (n, kvk) *Ræma/kverkaskítur* í hálsi; eymsli og slímmyndun í hálsi, oftast vegna kvefs. „Það er einhver bölvuð hálsræma í mér; ég þori ekki öðru en *hafa um hálsinn*“.
- Hárafiskur** (n, kk) Fiskur sem í er mikið af hringormi, þannig að hann er horaður og vart matfiskur. Bæði var talað um *háraforsk* og *háraseinbít*. „... ef þú fengir ekki svo mikið sem grindhóraðan háraseinbít“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Háraveita** (n, kvk) Dýr með mikið hárlos; uppspretta hára. „Skelfingar háraveita er þessi köttur núna; það þyrfti að fara með hann út og kemba hann ærlega“.
- Hárrami** (n, kk) Hárahliðin á skinni. Orðið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur í þessari mynd, en Orðab.Mennsj gefur upp „hárhamur“ í sömu merkingu. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Hásetaspraka** (n, kvk) *Gjafalóa*; litil smálúða. „Gjafalóur voru stofnaðar, sem kallað var; tekinn af þeim haus og sitt flakið hvoru megin af hrygg; þannig að hvorri kápu fylgdi sitt rafabeltið. Kápurnar voru síðan ristar og hertar. Var þeim skipt á milli hásetanna er öðrum afla hafði verið skipt“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Háskaleiðangur** (n, kk) Mjög hættuleg ferð; háskaför. „Á Þorlákssmessu var farið að bjarga nokkrum kindum úr svelti í sjávarklettunum norður í Höfðum; níu talsins minnir mig; flestar frá Kitta í Hænuvík. Hafliði Halldórsson og pabbi snöruðu og gripu kindurnar og handlönguðu þær upp á brúnina til okkar hinna, en auk mín voru þarna Ingvar, Kitti og, að mig minnir, Guðbjartur bróðir eða Hilmar. Frost var í jörðu og víða skreipt í spori. Því má segja að þetta hafi verið háskaleiðangur“ (VÖ).
- Hávaðaskammir** (n, kvk, fto) Rostaskapur; rifrildi. „Ég er þá ekkert að hjálpa þér við smalamennsku ef ég fæ ekkert annað en hávaðaskammir fyrir“!
- Heiðbirta** (s) *Skellibirta; glannabirta*; alveg heiðskirt. „Ef skýjað var, og reif skyndilega úr suðurlofti svo heiðbirti í hásuðri í stutta stund, var norðan hvassviðri í aðsigi“ (ÓETh o.fl. LK; Íslsjávarhættir III).
- Heiðingi** (n, kk) A. Þurraður/hertur þorskhaus í heilu lagi, að því undanteknu að tálknin hafa verið ririn úr. „Stöku sinnum voru þorskhausar hertir án þess að rífa þá upp, að öðru leyti en því að taka úr þeim tálknið. Þesskonar hausar nefndust heiðingar. Ennfremur voru hausar hertir úpprifnir með tálkninu óhreyfðu; bumlungar þessi heiti munu ekki hafa þekkt nema á Vestfjörðum. Aðallega voru þetta litlir hausar og jafnan hertir á möl. Þeir voru helst ætlaðir skepnum, en þó kom fyrir að heiðingar væru rifnir til átu eins og kringluhausar, en sú gerð var algengust um Vestfjörðu“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). B. Heiðinn maður; notað áður fyrrum menn sem ekki trúðu á guð kristinna manna, samkvæmt ríkjandi sið.
- Heiðvirðilegur** (l) Heiðarlegur; æruverðugur; ekta. „Ekki veit ég hvað þeim gengur til; að ráðast svona að heiðvirðilegum bændum og gera þeim ókleyft að búa áfram“!
- Heilamálið** (n, hk, m,gr) Allt málið; málavextir í stuttu máli; kjarni málsins. „Nú þarf bara að finna í hverju þessi skekkja liggur; það er heilamálið“.
- Heilatímamann** (n, kk, m,gr, þf) Mjög mikinn tíma; allan tímann. „Hann hafði ruglað þessu öllu saman, svo ég var heilatímamann að sortera það“. Einatt í þolfalli og með greini.
- Heilaveginn** (n, kk, þf, m,gr) Mjög langt; alla leiðina. „Um leið og ég sleppti yrðlingnum var hann kominn heilaveginn í burtu; langleiðina uppá Hjalla“. „Nokkuð gengur nú báturinn hjá þeim; þeir eru strax komnir heilavegin úti hafsauga“!
- Heillast til** (orðtak) Hallast að; freistast til; vera hlynntur. „Ekki veit ég hvað af þessum kindum hefur orðið, en ég heillast til að halda að þær séu komnar aftur inn á Hlíðar“. „Ætli maður heillist nú ekki helst til að styðja Framsókn áfram, þó þeir eigi það líklega ekkert skilið“. Sjá einnig *hyllast til*.
- Heilsiginn** (l) Um fisk; látinn síga án flökunar/flatningar. „Heilsiginn grásleppa er einn mesti sælkeramatur sem nokkur maður getur látið innfyrir sínar varir, og öðruvísi var hún ekki látin síga í Útvíkum. Hér syðra eru menn svo langt gengnir í úrkynjaðri matargerð að þeir flaka grásleppuna áður en hún er hengd upp. Eftir signingu er ekkert eftir nema næfurþunn hveljan og innanum hana eldrauð sliksja af *þráadrullu*“!
- Heilsubótarfæða** (n, kvk) Matartegund sem hefur góð áhrif á heilsuna. „Egg eru alltaf heilsubótarfæða; hvort sem þau eru stropuð eða dálítið *eygð*“.
- Heilsubótarganga / Heilsubótarrölt** (n, kvk/hk) Gönguferð sem hefur heilsusamleg áhrif. „Vissulega er þetta nokkuð langt, en í svona góðu veðri er þetta bara heilsubótarrölt“.
- Heimagert** (l) Það sem gert er heima. „Mér finnst heimagert sulta alltaf mun betri en sú sem seld er í búðum“.
- Heimalningspeli** (n, kk) Peli sem notaður var til að gefa heimalningi mjólk að sjúga, en þeir gátu orðið all aðgangsharðir og frekir eftir því. „Tókstu nokkuð pelann barnsins í staðinn fyrir heimalningspelann“?

Heimamannabúð (n, kvk) Verbúð heimamanna í verstöð.

Heimangöngunemi (n, kk) Nemandi sem gengur til skóla síns, heiman frá sér. „Sagði hann að nú væru 3/5 menntaskólanema heimangöngunemar“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Heimantil / Heimantilvið / Heimanvert (ao) Heimar en; að heimanverðu; heimarlega. „Fjárreksturinn er kominn heimantil á Strympurnar“. „Lendingin er heimantilvið skerið“. „Heimanvert í Núpnunum er Gíslahilla neðst í klettunum“.

Heimanyfir (ao) Að heiman og yfir. „Við vorum komnir á bíl útundir Grenjalág, en hann kom gangandi til okkar heimanyfir Strympur“.

Heimáleið (ao) Í áttina heim; *heimleiðis*. Orðin „heim á leið“ voru jafnan notuð sem um eitt orð væri að ræða, með áherslu á fyrsta atkvæðið, líkt og t.d. „landleið“, „sjóleið“ eða „heimleið“. „Það fer óðum að dimma; ég held við förum bara að koma okkur heimáleið“. Meira notað en heimleiðis.

Heimmeð (ao) Heim *meðfram*. „Fjárhópurinn hélt sig *uppundir* klettum og fór á hlaupum heimmeð klettum í Núpnunum; ofanvið Bekkinn“.

Heimskautafrost / Heimskautakuldi (n, hk/kk) Fimbulfrost; mjög kalt í veðri. „Ekki linar hann neitt þetta heimskautafrost“. „Fénu verður lítið úr beit í þessum heimskautakulda“.

Heimskufjas / Heimskuhjal / Heimskukjafstæði / Heimskuraus / Heimskubvæla (n, hk/kvk) Það sem sagt er af hugsunarleysi/fáfræði; bull. „Vertu ekki með svona heimskukjafstæði; þú veist betur en þetta“!

Heimum / Heimyfir (ao) Heim til/yfir; í áttina heim. „Meðan við vorum að amstra með kindina dreifði reksturinn úr sér heimum alla Orma“. „Ég rak kýrnar heimyfir Umvarp“.

Heisigaffall (n, kk) Bóma á mastri skips, sem notuð er til hífingar. „Heisigaffallinn sóst líka til og frá meðan skipið veltist í brimrótinu, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Heldren (st) Styttling úr „heldur en“. Er svo oft borið fram þannig að telja má sjálfstætt orð.

Heldrimannasiður (n, kk) Háttur/siður/venja þeirra manna sem telja sig öðrum æðri, eða betri í mannsiðum; siður höfðingja. „Hann lyfti hatti í kveðjuskyni, að heldrimannasið““. Sjá einnig „*heilisa að heldrimannasið*“.

Heldur betur / Heldurbetur (orðtak) Áhersluauki; enn frekar; mjög mikið. Rann oftast saman í eitt orð. „Nú *fékk* hann heldurbetur fyrir ferðina“! „Það er heldur betur búið að rigna í dag“. Oft einungis notað „heldur“. „Heldur var hann *uppnúminn* yfir ferðalaginu“!

Heldurtil (orðak) Nokkuð um of; heldur of. „Ég setti heldurtil mikið í fötuna, svo það skvettist útúr á leiðinni“. Sjá *helst til; helsti*.

Helgrýskur (l) Bölvaður; fjárans; árans. „Þarna lék hún á mig helgrýsk túnrollan; hún faldi sig í melaskarðinu meðan ég rak hinar útaf“!

Helgubúfa (Sérn, kvk) Fornr örnefni á mörgum jörðum í Rauðasandshreppi. Ekki er vitað nú um ástæður nafngiftarinnar, en líklegt er að hún standi annaðhvort í sambandi við verndarvætti bæjarins; að þar hafi verið helgihald eða að þar hafi verið beðin ferðabæn. Til hins síðastnefnda bendir staðsetning sumra þessara þúfna, en þær eru við vegi t.d. í Keflavík; á Hvallátrum og innan Hlaðseyrar. Þó ekki sú sem er á Hnjóti. „Þar, neðst í túni; niður við lækinn, er Helgubúfa“ (ÖM; Örn.skrá Hnjóts).

Heljarbasl / Heljarinnar basl (n, hk/ orðtak) Mikil vandræði; miklir erfiðleikar; *roknabasl*. „Það var heljarbasl að ná netinu inn, með skít og öllu saman“. „Við lentum í heljarinnar basli með að koma Bæjarbónða niður af Bæjarvellinum aftur. Það endaði með því að hann var látinn síga niður í hnipri; með *harðlokuð* augun“.

Hella úr eyrunum (orðtak) Halla undir flatt. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Hellirigna (s) Rigna mjög mikið; *mígrigna*. „Fjári er hann að *ljókka* hratt; ég gæti trúað að hann yrði farinn að hellirigna strax um hádegisd“.

Hellublað / Hellubleðill (n, kvk) Lítil grjóthella. „Við röðuðum hellublöðum varlega ofaná eggjabyrgið“ „Tófugildran á Gildruásnum ofan við Hjallana, heima við túnið í Sauðlauksdal, var miklu eldri og vandlega hlaðin úr völdu grjóti. Þar lá agnið á tveim hellubleðlum uppi í turninum. Ef vigt agnsins var létt af bleðlunum, féllu báðar lokurnar niður, svo dýrin lokuðust inni“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Helluhlaðinn (l) Hlaðinn úr hellusteinum. „Uppi á Stórafellinu er listilega gerð varða; helluhlaðin eftir Guðbjart Guðbjartsson hleðslumeistara á Láganúpi. Varðan er lík sigurboganum franska, en tekur honum fram um margt. Neðantil eru tvær ferkantaðar súlur hlið við hlið; ofaná þær báðar er lögð stór hella og síðan hlaðinn þykkur bálkur ofaná hana. Öll hleðslan er svo regluleg og snyrtileg að undrum sætir. Sé horft í gegnum gatið á vörðunni, vísar það í átt til Grunda og Láganúpsvers. Hleðsluefnið er nærtækt, því stutt frá er hið forna hellutak Láganúpsmanna í Stórafelli“.

Hellumálun (n, kvk) Listmálun á grjóthellur. „Listakonan Sigríður Guðbjartsdóttir á Láganúpi (f.1930) er sú eina sem stundað hefur hellumálun á Íslandi, svo vitað sé“.

Hellumálverk (n, hk) Málverk á grjóthellur. Eftir Sigríði á Láganúpi liggja fjöldamörg hellumálverk“.

Helmótt / Gráhelmótt / Móhelmótt (l) Litur á sauðfé; Hvítt á skrokkinn en með svartan/gráan/mórauðan haus, afturfyrir eyru. Næði dökki liturinn niður á hálsinn var ærin *höttótt*.

Helsishnútur (n, kk) Hnútur til að hnýta helsti þannig að ekki herði að, en fljótlegt sé að losa. Hann er þannig að á enda bandsins er hnýttur einfaldur hnútur, en í hæfilegri fjarlægð (eftir svírastærð) er annar einfaldur hnútur sem hinum er smeygt í gegnum. Þannig voru t.d. kýr bundnar á bása.

Herjansári (l) Áhersluorð; milt blótsyrði: „Þetta er bara herjansári góður hákarl“. „Herjansári var að gleyma vasahnífnum heima“!

Herjansárimikill (l) Mjög /hrikalega/æði stór/mikill. „Það var herjansárimikill skaði að missa hrútinn“.

Herjansauli / Herjansþrjútur (n, kk) Blótsyrði af mildari gerðinni um mann. „Mér sýnist að þessir herjansaular hafi skilið eftir opið hliðið og allt pumpuliðið sé komið inná“! „Sá herjansþrjútur skal fá að heyra sitt skírnarnaf þegar ég hitti hann næst“!

Herjansekkisen (u) Blótsyrði/upphrópun í vægari kantinum. „Eru nú ekki herjansekkisen kálfarnir komnir allir inn í rabbabaragarðinn“!

Herlegheita (ao) Dýrindis; öndvegis. „Þau gáfu mér þessa herlegheita ljósakrónu í afmælisgjöf“.

Hestabruk (n, hk) Notkun hesta. Hestabruk var nokkuð í Útvíkum fyrir á tíð, þó ekki nýttist þessi þarfasti þjónn eins vel þar og víða annarsstaðar. Ástæða þess voru einkum hið grýtta og klettótta landslag, sem torsótt er yfirferðar á hestum, auk þess sem samgöngur fóru að verulegu leyti fram á sjó. Þá voru tún fæst tæk með hestaverkfærum eftir að þau urðu almenn. Hinsvegar nýttust hestar vel til flutninga á heyi, mó og fleiru heimavið, og skreiðarflutninga sumra vermannna. Menn fóru oftast gangandi milli bæja, þar sem það var oftast fljótlega, og fé smöluðu menn á göngu og hlaupum. Reiðhestar voru til á mörgum bæjum í Rauðasandshreppi, einkum á Rauðasandi, en mest var um áburðarhesta.

Hesthúsið á Hólum (n, hk, sérn.) Þó hér séu almenn ekki tilgreind sérnöfn, þykir rétt að tilgreina hér hesthúsið á Hólum í Láganúpslandi; þar sem fremur er um merkan fornmun að ræða en hvert annað hús. Hesthúsið á Hólum er lítill gluggalaus, steinhlaðinn torfkofi með skammbitasperrum og helluþaki; um 7 m² að flatarmáli, og stendur efst í Hólatúni; vestast í Kollsvíkinni. Hesthúsið er merkilegt af þeim orsökum að það er langsamlega elsta bygging á Íslandi til atvinnunota, sem verið hefur undir þaki og í samfelldri notkun frá upphafi. Það tilheyrði kotbýlinu Hólum sem byggðust úr Láganúpsjörðinni um 1650 og var eflaust byggt þá. Hóla og fleiri kotbýli lét jarðareigandinn, sem þá var Saurbæjarveldið, byggja til að tryggja formenn á skip sín í Láganúpsveri. Hólar fóru líklega í eyði um 1707 þegar Stórabóla geisaði. Hesthúsið hfur líklega alltaf verið notað ýmist sem hesthús eða fjós, framundir miðja 20. öld. Eftir það var það notað sem reykkofi. Unnið hefur verið að viðgerðum á því á síðustu árum.

Hevítamikill / Hevítansárimikill (l) Mjög stór/mikill. „Við fengum hevítamikinn lax í grunnendann á rauðmaganetinu“. „Hér hefur hevítansárimikill steinn rúllað niður á veginn“.

Heykarfa (n, kvk) *Karfa* sem notuð er til að bera hey. Oftast voru þetta *tágakörfur* sem rekið höfðu á fjörur, en í seinni tíð *plastkörfur*. „Þarna fann ég *prýðisgóða* heykörfu rekna“.

Heykort (l) Tæpur með heyfeng. „Eitt sinn þegar ég var vinnumaður hjá Ólafi heitnum Ásbjörnssyni í Botni, þá hafði verið *spretuleysissumar*, svo hann var heykort um haustið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Heymosk / Heysalli (n, hk/kk) Mjög fingert hey; fræg og rusl úr heyi. „Gættu þess að ekki hrynji heymosk niður á lugtina þegar þú berð föngin á jötuna“. „Það er útilokað að bera þennan heysalla í föngum, ég þarf körfu“.

Heyrnarleysi / Heyrnarskortur / Heyrnartregða (n, hk/kk) Slæm heyrn. „Það er helst að heyrnarleysið sé að бага mig í seinni tíð“. „Skelfingar heyrnarskortur er þetta í strákunum þarna uppi í hornabúi“! „Ég þarf víst að fara að huga að heyrnartæki ef þessi heyrnartregða ágerist“.

Héðanaf / Héðanífrá (ao) Héðan í frá; frá þessum tíma; *úr þessu*. „Héðanaf mun ég vara mig á þessum ansvítans hvítlauksréttum“. „Þessu verður ekki breytt héðanaf“. „Héðanífrá verður þessu breytt“. Héðan af er venjulega ritað í tveimur orðum, en notkun þess og áherslur vestra voru með þeim hætti að réttara er að telja þetta eitt samrunaorð, líkt og t.d. „alltaf“ og „héðanífrá“.

Héðanfrá (ao) Héðan. Oftast í setningum þar sem getið er um áfangastað. „Héðanfrá og inn á Patró er um sextíu kílómetra akstur“.

Héðanfráséð (l) Séð frá þessu sjónarhorni; séð héðan. „Héðanfráséð virðist þetta vera í lóði“.

Héraháttur (n, kk) *Gunguháttur; ninnuhræðsla*; heigulsháttur. „Mér finnst það mikill héraháttur að þora ekki að standa upp á fundum og segja sína meiningu“.

Hilluþræðingur (n, kk) Gata sem liggur eftir hillu/syllu í bjargi og er fær mönnum og fénaði. „Um Takaklett liggur hilluþræðingur úr Hryggjunum norður á Trumbur; ágætlega fær flestum“.

Himinánægja (n, kvk) Mikil ánægja/gleði. „Ég heyrði að það hafi ekki ríkt nein himinánægja með þetta“.

Himnaríkisblíða (n, kvk) Alger kyrrð í veðurfari og mjög bjart í veðri. „Þvílík himnaríkisblíða; dag eftir dag“!

Hindranalítið (l) Með fáum hindrunum; án teljandi erfiðleika. „Tófan fer um allt bjargið, hindranalítið“.

Hingaðkominn (ao) Kominn hingað. „Hingaðkomið kostar þetta mun meira en í borginni“. „Hingaðkominn hóf hann fljótlega að beita sér fyrir ýmsum framfarum“.

Hippsumhapps (n, hk) (Áhersluorð) Tilviljanakennt; með höppum og glöppum; undir hælinn lagt; hér og þar; við og við. „Það verður að vera regla á mjöltum. *Nytin* minnkar ef þær eru bara hippsumhapps“. „Hentu ekki af þér fötunum hippsumhapps um allt hús, drengur“! „Það er erfiðara að smala í svona góði tíð. Féð er hippsumhapps upp um öll fjöll“.

Hirðingaveður (n, hk) Veður sem nýtist til hirðingar á heyi. „Nú þyrfti að bæta á votheysgryfjuna í dag, en það er á mörkunum að þetta geti talist hirðingaveður. Við skulum sjá hvort hann þornar til seinnipartinn“.

Hirðuleysislega (ao) Án umhirðu; í reiðuleysi; kæruleysislega. „Óttalega er hann hirðuleysislega til fara“.

Hissa sig (orðtak) Furða sig; undrast. „Menn skyldu ekkert hissa sig á því þó þessi ríkisstjórn yrði fallin áður en veturinn er úti“. „Ég var að hissa mig á því að féð væri ekki komið heim, en þá lá það á bakvið húsin“.

Hitastigulsorka (n, hk) Eitt form sjávarorku; notkun hennar felst í því að virkja mun á hita hlýrra yfirborðslaga sjávar í hitabelti jarðar og kaldari djúpsjávar, með sömu tækni og notuðer í varmadælum. Nokkrar tilraunavirkjanir hafa verið prófaðar en ekki er í augnsýn að tæknin verði hagkvæm eða almenn í nánustu framtíð. Slíkar virkjanir koma líklega aldrei til álita við Ísland.

Hitastigulsvirkjun (n, kvk) Virkjun/tæki sem umbreytir hitamismun lagskipts sjávar í raforku. Nýyrði tekið í notkun af VÖ frá Láganúpi, en síðar notað m.a. af Alþingi í grg með þtl um sjávarorku (samþ. vor 2014).

Hjallabrysti (n, hk) Lág gróin klettabrík í aflíðandi brekku. Brekkurnar uppúr Keflavík *beggja vegna* eru brattar. Hjallabrysti og klettur eru í þeim víða, en ekki torfæru“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Hjallakast (n, hk) Slitróttir kletthjallar. „Upp úr Hvamminum er Hvammsgil og neðan við gilið eru hjallaköst með grasblettum sem heita Mariublettir“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Hjallaklasi (n, kk) Margir kletthjallar á sama svæði. „Hjallaklasi heim af Vandardal heitir Nónhögg“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

Hjallamót (n, hk, fto) Ógreinileg *hjallaköst*. „Í hlíðinni eru hjallar og hjallamót“ (KJK; Örn.skrá Tungu).

Hjallslá (n, kvk) Hjalltré; burðarviður sem liggur láréttur milli hjallstólpa, en á slánum hvíla rárnar/hjallrárnar. Hjalltré var almennt notað um þetta meðan slár hvíldu á steinstólpum, enda þá oft úr grönnum ósöguðum trjábolum, en oftar var talað um hjallslá eftir að hersla hófst í lokuðum hjöllum. (Sbr. *grindaslá*).

Hjallspíra (n, kvk) Rá sem hengt er uppá í hjalli; hjallrá. „Það þyrfti að fjölga hjallspírunum“ Orðið var notað til jafns við hjallrá vestra.

Hjaltadraugurinn (n, kk) Einhenti draugurinn; draugur í Rauðasandshreppi. Hjaltadraugurinn var þannig tilkominn að Hjalti Þorgeirsson (d. á Sjóundá 1917) reri undir Jökli um 1860. Þar átti hann glímu við hrotta nokkurn sem beið lægri hlut og hafði í heitingum við Hjalta. Mörgum árum síðar var Hjalti fjármaður í Saurbæ og varð þá eitt sinn fyrir áras draugs er hann var að reka fé til beitar. Eftir mikinn bardaga tókst honum að vinna á draugnum, enda vantaði á hann annan handlegginn. Vorið eftir fór Hjalti á vertíð út í Kollsvík. Á þeim tíma rak lík af stórvöxnum manni á Melanesi, og vantaði á það annan handlegginn. Þótti Hjalta þá ljóst hver draugurinn hefði verið. Er líkið var jarðað í Saurbæ fór Hjalti við jarðarförina. Áður en mokað var yfir náði hann í steinhellu mikla og lagði hana þversum ofaná kistuna, með þeim orðum að nú myndi þessi liggja þar sem hann væri kominn. Ekki varð hann draugsins var eftir þetta. (Endurs. úr bók MG; Úr vesturbyggðum Barðastrandasýslu).

Hjararbotinn (l) Um hurð, glugga, kistulok o.fl; með brotna löm; hangir á einni löm; lamaður. „Gætta að þegar þú opnar hurðina á syðsta karminum; hún er hjararbotin að ofanverðu“.

Hjartagrafa (s) Um viðarhögg til kolagerðar; grafa upp rætur trés. „Ef gert var til kola þótti lélegt að nota stöngla og lim; úr því varð ekki mikil kol. Því þótti nauðsynlegt að frafa eftir miðhnúti runnarins, sem nefndist að „hjartagrafa runnana“. Fengust þá meira en 2/3 kolanna úr því er var undir sverðinum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

- Hjasl** (n, hk) Úrgangur; léleg beit fyrir fé. „Það er nú lítið eftir á fatinu annað en hjaslið“. „Það er rétt að vísa fénu niður í fjöru; það gæti haft eitthvað hjasl í sig“.
- Hjassa** (s) Um dýr; gera þarfir sínar. Einkum var þetta notað um það þegar fresskettir þurftu að merkja með því að míga utan í hluti eða húsveggi. „Er nú kattarfjandinn búinn að hjassa í póstpokann“?
- Hjastra** (s) Tæta/spæna niður; kroppa óreglulega í. „Sagaðu nú sviðahausana úti; það er óþarfi að hjastra þetta niður í anddyrinu“. „Árans músin hefur komist að bjúgunum og var búin að hjastra í endann“.
- Hjástöðudrýli** (n, hk) Lítil *hjástöðugarða*. „Á hjallanum hemanvið lautina má sjá hjástöðudrýli“. Sjá *vörðudrýli*.
- Hjástöðugarða** (n, kvk) Varða sem hlaðin er meðan menn standa yfir fé/ halda fé til beitar. „Vörðum í grennd við Kollsvík má skipta í fjóra flokka: Vegavörður standa við hestavegi og hafa það hlutverk að víla mönnum leiðina, jafnvel þó vegurinn sé undir snjó. Þau mannvirki eru oft vönduð og urmull er af þeim við vegina. Miðavörður eru hlaðnar þar sem þörf er á, til að miða fiskimið, sjóleið eða innsiglingu. Dæmi um slíkar vörður eru t.d. Stekkavarðan á Strengberginu (fiskimið); Grynnsstasundsvarða á Blakknesi (sjóleið) og Snorravörður á Leirunum (innsigling). Eyktamarkavörður eru hlaðnar til að marka framvindu dagsins; eyktirnar. Dæmi um slíka vörðu er Nónvarðan, ofan Brunnsbrekku. Hjástöðuvörður voru hlaðnar þar sem staðið var yfir fé, meðan því var haldið til beitar. Gerðu menn þetta oftast meira sér til dundurs og til að halda á sér hita, en til gagns. Þannig vörður má víða sjá, t.d. Strympuvörðurnar ; vörðu við Pálslautina og vörðu í Sandslágarkjaftri“ (VÖ).
- Hjátrúarkjafæði / Hjátrúarrugl / Hjátrúarþvæla** (n, hk/kvk) Álit þeirra á hjátrú sem ekki telja sig haldna henni. „Vertu nú ekki að halda þessu hjátrúarkjafæði að stráknum“!
- Hjólattrilla** (n, kvk) Lítil kerra sem ýtt er með handafla, oft með fjórum litlum hjólum. „Vörurnar eru fluttar á hjólattrillu af lager fram í búðina“.
- Hjólborugrýtur** (n, kvk, fto) Niðrandi heiti á litlum hjólbörum. „Hjalti kvað mikinn mun á þessu verkfæri og hjólbörugrýtunum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hjólborukassi / Hjólborukjálki / Hjólboruhjól** (n, kk) Meginhlutar á hjólbörum; kassinn sem í er látið og slárnar sem bera hann uppi, frá og með handföngum fram á hjól. „Hjólborukassinn er orðinn fjári lélegur“.
- Hjónabandserfiðleikar** (n, kk, fto) Óhamingja í hjónabandi. „Einhverjir hjónabandserfiðleikar *ku* vera komnir upp á því heimili“.
- Hlammast** (s) A. Detta; falla. „Hann hlammaðist á rassinn á svellinu“. B. Ganga þunglamalega; hlunkast. „Ætli það sé ekki rétt að hlammast og sækja þessar *letibykkjur* sem skiluðu sér ekki heim“.
- Hlaða í brand** (orðtak) Um hleðslu steinhlaðins húss; hlaða gafl húss í strýtu; uppundir mæni/*mæniás*. „Hesthúsið gamla er hlaðið í brand í báða gafla þó ekki hafi verið á því ásaþak, a.m.k. ekki í seinni tíð“.
- Hlandauli** (n, kk) Bjáni; vitleysingur. „Það er nú svosem ekki hægt að búast við neinu gáfulegra frá þessum hlandaula“!
- Hlandbragð / Hlandkeimur** (n, hk/kk) Slæmt bragð/keimur, t.d. af ofþroskuðum eða frosnum krækiberjum. „Mér finnst kominn dálítill hlandkeimur af berjunum“.
- Hlandbuna / Hlandspræna** (n, kvk) Buna hlands þegar migið/pissað er. „Það má gá að sér þegar maður fer fyrir hornið, að lenda ekki í hlandbuninni frá karlinum“! „Það kemur ekki svo mikið sem hlandspræna úr þessari slöngu“!
- Hlandklossar** (n, kk, fto) Of stórir skór; illa útlítandi skór. (E.t.v. má rekja upprunann til þess þegar kaupstaðarskór fóru fyrst að verða almenningseign og sumir völdu þá að hafa þá vel rúma svo fleiri gætu notað þá. Gamansamir hefðu síðan bent á að skórnir væru svo rúmí til að míga mætti í þá til að halda á sér hita. Heitið hafði færst yfir á alla illa útlítandi skó þegar ég heyrði það notað. VÖ.) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Hlandkollublettur** (n, kk) Lítið svæði. „Hvaða skynsemi skyldi nú felast í því að hruga allri þjóðinni á einn hlandkollublett við Reykjavíkurtjörn“?! Orðið hefur lengi verið notað í Kollsvík. Gæti vísað til þess að vel grænkar á þeim bletti þar sem vanalega er skvett úr næturgagninu.
- Hlandsprengur** (n, kk) Asi; mikill flýtir. „Ég sá rolluskrottann stökkva inn í garðinn og hljóp í einum hlandspreng“. „Við vorum í hlandspreng að heyja fyrir rigninguna.“
- Hlandsprettur** (n, kk) Mjög hraður hlaupasprettur; áriðandi sprettur. „Ég hljóp í hlandspretti og náði að loka hliðinu áður en rollufjandinn kom að því“. „Þarna kemur hann hlaupandi á einhverjum hlandspretti“.
- Hlandvitlaus** (l) Skelfilegur auli; algjör hálfviti. „Mikið andskoti getur manngrýlan verið hlandvitlaus; heldurðu að hann leggi ekki meðfram landinu; þvert yfir öll net hjá öðrum“!

- Hlandbró / Hlandfor** (n, kvk) Forarbró; kjallari undir eða framanvið fjós til að safna hlandi, sem síðan er oft nýtt sem áburður á tún.
- Hlaupalega vaxinn** (orðtak) Líkamlega vel fallinn til að hlaupa; grannur og háfættur.
- Hlákuspá** (n, kvk) Spá um hlýindi/þýðu þegar allnokkur snjór er á jörð. „Ætli það sé ekki rétt að moka aðeins frá húsunum, ef þessi hlákuspá skyldi fara eftir“.
- Hlátraskellir / Hlátrasköll** (n, hk, fto) Háværar hlátursrokur. „Ég er dálítið þreyttur á að hlusta á þessa bjánalegu hlátraskelli þegar maður er að segja frá *háalvarlegum* málefnum“! „Kollsvíkingar hafa löngum verið víðfrægir fyrir sinn *Kollsvíkurhávaða*, en hluti af honum eru dynjandi hlátrasköll í góðra vina hópi“.
- Hláturskrimt** (n, hk) Bældur/lágvær/innilokaður hlátur. „Heyra mátti hláturskrimt frá Marinó ofanúr kojunni þegar Ívar sagði *skippersöguna*“.
- Hleðsluhella** (n, kvk) Steinhella sem heppileg er til vegghleðslu; þykk steinhella með góðum kanti. „Þarna í Jökkladalshæðinni er allmikið hellutak, en þó aðallega hleðsluhellur“.
- Hleinabreiða / Hleinafláki** (n, kvk) Samfelldar hleinar sem ganga út frá strandlengju. „Á þessari leið er samfelld hleinabreiða fyrir framan Rifið, en misjafnlega breið...“ (ÞJ; Örnefnaskrá Hvallátra). „Sunnanvert við Vogana er Straumsker; talsverður hleinafláki“.
- Hleinarbrún** (n, kvk) Brún/kantur á hlein. „Talsvert dýpi er í um 80 – 100 metra fjarlægð frá landi um flóð, en þar *snargrynnir* á hleinarbrún sem kemur upp um hverja fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Hlekkjaslit** (n, hk) Slit/bilun á hlekkjum í snjókeðju bíls. „Ekki vera að spóla í þessu; ef bíllinn dregur til hjól, þá þýðir það bara hlekkjaslit og vesen“.
- Hlekkjaslitinn** (l) Um bilaðar snjókeðjur á bíl, þannig að þverhlekkir eru slitnir og berjast upp í hjólskálina. „Hér fór einhver hjá rétt áðan á fullri ferð; hlekkjaslitinn og með ferlegum hávaða“.
- Hlemmifæri** (n, hk) Mjög góð færð/greið leið. „Það er hlemmifæri yfir háhálsinn en kolófært í Brekkunum“.
- Hlerahringur** (n, kk) Hringur í hlera, sem tekið er í til að opna hlerann. „Veriði nú ekki að skrölta í hlerahringnum strákar“!
- Hlerunartakki** (n, kk) Takki sem var á sumum símtækjum, til að rjúfa samband við taltrektina en halda um leið sambandi við heyrnartólið. Með því mátti *hlera* samtal á *línunni* án þess að heyrðist frá þeim sem hleraði.
- Hlessa sig** (orðtak) Undrast; furða sig. „Það þýðir víst lítið að hlessa sig á þessu; svona er það víst“.
- Hleypibotn** (n, kk) Botn á *hripum*, sem unnt er að opna og hleypa þannig noður innihaldinu í hripunum án þess að taka þau af klyfberanum, en í hripum var t.d. borið tað eða rask á tún; fiskur eða annað.
- Hliðarbræmsa** (n, kvk) Bræmsa á farartæki/vinnuvél sem hemlar á annarri hliðinni. „Gamli Farmall A var með tveimur bræmsupæðlum; hliðarbræmsum. Þannig að hemla mátti á öðru afturhjólí óháð hinu og þannig hafa betri stjórn á vélinni við vissar aðstæður. *Pæðlunum* mátti læsa saman með spaða, þannig að báðir ynnu saman ef stigið var á annan“.
- Hliðardilkur** (n, kk) Dilkur/stía í fjárrétt, til hliðar við stærri *dilk* eða *almennig*. „Við drögum líflömbin hér inni hliðardilkinn“.
- Hliðafé** (n, hk) Sauðfé sem gengur á Hænuvíkurhliðum; *hliðagengið* fé. „Alveg sker það sig úr, hliðaféð“.
- Hliðagengið** (l) Um kind/lamb; hefur verið/gengið yfir sumar í gróðursælum hliðum; *hliðafé*. „Það er ekki að undra þó þær hliðagengnu skili góðum fallþunga ár eftir ár; í sílgrænu kafgrasi allt sumarið“!
- Hliðarjaðar** (n, kk) Hliðarrætur; hliðarfótur; neðsti hluti hliðar. „Mér tókst að laumast með hliðarjaðrinum; framfyrir kindurnar, og húa þeim niður dalinn“.
- Hlutgengur / Hlutgildur** (l) Verður þess að fá heilan hlut í aflaskiptum. „Ég var að vísu ekki hlutgildur, en átti það sem ég náði.“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hlýrerek** (n, hk) Þegar hýra rekur á land í stórum stíl. Um það finnast þó ekki aðrar heimildir en þessi; „Ennfremur ber að geta þess að á útmánuðum, þegar ís fór með landi, hafði alltaf þó nokkuð hlaupið á land, oft lúða, þó nokkur björg, og var þessa reks miklu betur gætt en áður fyrr, til dæmis hlýrareks í Útvikum í góustraumunum (góuginum), en af þeirri fisktegund einni voru stundum stærðarkasir á Hvallátrum og Breiðavík... Með komu togaranna, svona um og eftir 1890, hurfu þessi hlunnindi (hlýrarekið) með öllu. Hlýrinn virtist koma upp að ströndinni samtímis eða með silungstegund er gekk í árnar á mótum febr, og marsmánaðar. Gengu torfurnar þétt með landi. Ef stórbrim var á, varð hlýrinn fyrir því að sandur fór í tálknin svo að hann barst með brimöldunni á land. (Sögn Sigmundar Hjálmarssonar, en hann var í Breiðavík árin 1860-1868. Hann fór sjálfur síðast í hlýrafjöru í Skápadal og Vesturbotni 1882...með þrjá hesta klyfjaða.. en af Brúðgumaskarði mátti sjá til 10 hestalesta, ýmist á leið í Útvíkur eða á heimleið). Þetta er ein

af mörgum matarholunum í Rauðasandshreppi til forna, sem gerðu almennan sult þar nær óþekktan...“ (BPv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hlöðubora / Hlöðugrýta (n, kvk) Lítil/þröng hlaða. „Hlöðuboran tók ekki mikið, svo á miðjum vetri varð hann að bera heyið í pokum úr stærri hlöðunni“. „Hann er nú fljótur að fylla þessa hlöðugrýtu“.

Hnaka (s) Um bát; taka niðri. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Hnakkaröð (n, hk) Röð af fremri hluta steinbíts, sem notað var til að *reka í skó*. „Síður rifnaði út úr varpinu á skóm skó úr hnakkaroði en dylluroði“ (sjá *roðskór*).

Hnakkmiði / Hnappmiði / Drekhnakki (n, kk) Dufl/ból sem fest er með færi í hnakka akkeris/dreka, til að unnt sé að ná því upp ef það festist eða ef legufæri/stjórafæri slitnar. Hnappmiði er sennilega hljóðbreyting á orðinu hnakkmiði sem er gamalt í málinu. Líklega hefur það fyrrnefnda verið meira notað í Útvikum. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimildir ÞJ og RÍ).

Hnalla niður (orðtak) A. Um bát; taka niðri; hnaka. B. Slá niður staur með sleggju/hnalli.

Hnausagaffall / Hnausakvísl (n, kk) Áhald/amboð sem ætlað er til að taka upp hnausa af jarðvegi/taði/mó og lyfta þeim um set; stutt sterk kvísl með mörgum álmum; rúnnuðum eða flötum, og oft höldu á skaftendanum **Hneykslunargjarn** (l) Vanur/gjarn á að hneykslast/ofbjóða. „Kjósendur hérlendis eru ekki eins viðkvæmir og hneykslunargjarnir gagnvart sínum þingmönnum og erlendis tíðkast“.

Hnédypt (n, kvk) Dýpt vatns/sjávar/snjóa; nær uppá hné á vöxnum manni. „Það er allmikill snjór kominn víða á leiðina, og nær sumsstaðar hnédypt“. Annarsstaðar virðist þekkt hnédypi.

Hnikað (l) Fært örlítið; mjakað. „Hann var *harðákveðinn* í þessu; hans ákvörðun varð ekki hnikað“.

Hnikra (s) Hnika; færa/mjaka örlítið til. „Getum við ekki hnikrað stóra steininum örlítið, svo hann verði betri undirstaða í veggnum“?

Hnjóska (n, kvk) Hnútur; hnýði; ójafna. „Fóturinn greri eftir brotið en eftir sat þó greinileg hnjóska“.

Hnífadraegt (l) Um siglingu; miðar ekki áfram vegna veðurs/straums; *tommar ekki á móti veðrinu*. Sögnin „ódrægt“ og „mótdraegt“ var þekkt annarsstaðar um barning móti straum-/vindreki en í Kollsvík virðist sambærileg lýsing vega „hnífadraegt“ þegar ekki gekk meira en hnífsblaðsþykkt í hverju áratogi. Hvorugt orðið heyrðist í seinni tíð að frátöldu þessu hljóðdæmi: „Þeir fóru af stað í ágætis veðri; voru komnir á mið og búnir að fá einhvern lítillsháttar fisk. Þá setti á suðaustan moldbyl og hvassviðri, og það var alveg hnífadraegt í land. Þeir fóru nú af stað og reyndu að berja á móti veðrinu. Þá var báran strax svo mikil að báturinn varði sig ekkert. Þá tóku þeir það ráð að sigla og ætluðu að reyna að hitta á Kópinn. Það var eina landvönin hjá þeim. En þegar þeir höfðu litla stund siglt þá sjá þeir enskan togara...“ (TÖ; upptaka á Íslmús 1978; um sjóhrakninga Valdimars bróður hans og þriggja annarra).

Hnífbrók (n, kvk) Bredda; stór hnífur. „Ég þyrfti að fara að brýna þessa hnífbrók, hún er alveg hætt að bíta“.

Hnífkutti (n, kk) Gæluorð yfir hníf; stuttur hnífur. „Réttu mér hnífkuttann“.

Hnoðskáld (n, hk) Fremur lélegt skáld; skáld sem þvingar vísu í formið, þannig að úr verður *leirburður/hnoð*.

Hnoðsnjór (n, kk) *Troðslusnjór*. Snjór sem klessist saman undan þrýstingi. Hnoðsnjór er vinsæll hjá börnum í snjókarlagerð, snjókast o.fl. Með leikni má aka bíl í nokkuð þykkum hnoðsnjó; hæfilega þéttum, og um hálsa og hliðar í Rauðasandshreppi óku menn oft mánuðum saman á þannig brautum, sem oft voru utan vega.

Hnusast í (orðtak) Frýnast í; snuðra í; garfa í; inna eftir. „Ég hef verið að hnusast í þessu máli að undanfögnu, og komist að ýmsu merkilegu“.

Hnutla (s) Mjólka kú; einkum þegar lítið er í henni eða í lok mjalta; *tutla; hreyta; totta*. „Ætli það verði nú ekki að hnutla eitthvað úr henni núna þó hún sé alveg að *geldast*“.

Hnútasnæri (n, hk) Snæri/lína/band alsett hnútum; snærisflækja. „Skelfilega leiðist mér þetta hnútasnæri sem hann notar til að loka hliðinu“.

Holalda (n, kvk) Stórt brot; holskefla. „Skipið rak upp að svokölluðum Bjarnaboða sem er þarna frammi á Læginu. Þar tók sig upp mikil holalda og hvolfdi skipinu. Fórst það með allri áhöfn“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Holklakaskán / Holklaki (n, kk) Klakaskán á lofti yfir ófrosnum jarðvegi; stafar af því að vatn þenst út þegar það frýs í jarðvegsyfirborði, svo það lyftist. Veldur vanalega einhverri bjögun í yfirborðinu, því þegar frostið fer úr nær jarðvegurinn sjaldnast að setjast í sömu skorður. Holklaki getur myndast í túnum á vorin og valdið slæmum kalskemmdum. „Hún er leiðinleg þessi holklakaskán á aurholtunum, þegar hún brotnar undan fæti“.

Hollning (n, kvk) Útgangur; verkun; ástand. „Hverskonar hollning er eiginlega á þér krakki?! Dastu ofan í drullupoll, eða hvað“? „Þetta var ljóta hollningin; kýrnar komnar í garðinn og búnar að eyðileggja rófubeðið“! Nokkuð notað fram á síðustu ár. Stytting á behollning (d. beholdning), sem einnig var notað.

Holtagirðing (n, kvk) Svæði með miklu af holtum, sem umlykur sléttara svæði. „Upp af Nautholti er graslendi, nefnt Balar, en upp frá því er holtagirðing; kölluð einu nafni Holt (ft)“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur).

Holtarönd (n, kvk) Jaðar á holtasvæði. „Holtabörð hét holtaröndin, þar sem mýrarnar tóku við“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Holukargi / Holukraðak (n, kk/hk) Mjög holótt svæði; bílvegur með þéttum holum. „Skyldu þeir ekkert ætla að hefja þennan andskotans holukarga allt sumarið“?!

Holugrjót / Holusteinn (n, hk) Holótt grjót/berg; steinn úr slíku bergi. Á Hnífaflögu og Grófum er mikið um sérkennilega holótt berg. Í því er mjúkt berg á milli harðari æða. Selta, frost og stormur ná með tímanum að mylja og blása út lina berginu, svo úr verður hið furðulegasta holuberg með misstórum holum og skilrúmum á milli þeirra; oft næfurþunnum. Birta og skuggar fullkomna svo enn frekar þessi listaverk; og köngulóin með sína vefi. Víða má finna samskonar berg, t.d. undir Hryggjum, en hvergi eins tilkomumikið og á Hnífunum. „Ansi fannstu þarna laglegan holustein“!

Horbykkja (n, kvk) Horrytja; horrolla; *horlæpa*; *horgrind*; mjög horuð kind; kind sem er að falli komin úr hor. „Ég get varla verið að setja þessa horbykkju á einn vetur enn, þó hún hafi skilað þokkalegum lömbum núna“.

Horket (n, hk) Ket af mjög horaðri kind. „Þetta horket er ekki mannamat; ekkert nema ólseigar sinar“.

Horlæpa (n, kvk) A. *Horbykkja*; *horgrind*; mjög mögur kind. B. Mjög horuð grásleppa „Það er nú eitthvað annað að taka innan úr þessum nýgengnu grásleppum en horlæpunum sem fyrir voru“.

Hornafé (n, hk) Leikfang í hornabúi; horn af hrútlambi notuð sem kindur. „Þar var hornafé, kjálkakýr, leggjahross og völuhænsn“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Hornaflækja (n, kvk) Um það þegar hrútar festast saman á hornum við það að kljást. „Það hafði orðið hornaflækja hjá hrútunum, sem honum tókst að leysa úr“.

Hornaklippur / Hornasax (n, kvk, fto/ hk) Öflugar járnklippur með löngu átaksskafti, sem notaðar eru til að *skella* horn af hausum lamba og fjár eftir slátrun. „Öflugt hornasax var til í slátruhúsinu á Gjögnum“.

Hornakylfa (n, kvk) Mjög stór horn á hrútlömbum. „Kindinni gekk illa með burðinn, enda ekki furða; lambið var með hrikastórar hornakylfur“.

Hornaskella (s) Saga/klippa horn af *sviðahaus*. „Ég hornaskelli ekki hausana strax, heldur læt fyrs standa salt í *strjúpanum* yfir nóttina“.

Hornbinda (s) Binda ær á hornum, t.d. meðan tekið er af henni (hún rúin) eða ef þarf að mjólka hana. Þegar tekið var af, var hver rúningsmaður með sitt *hornband* á stólpa; helst á vegg en ekki í horni; bundið á miðju, þannig að endarnir voru lausir og jafnlangir. Hyrndar kindur voru hornbundnar þannig að brugðið var sínum spotta útfyrir hvort horn um *hornrótina*; víxlað í kross á hnakka og útfyrir gagnstætt horn og síðan bundið saman á hnakkanum með lykkju. Kindur á Láganúpi voru flestar hyrndar framundir það síðasta, en kollóttar ær þurfti að málbinda. Væri nægur mannskapur *hélt* einn í, meðan kindin var rúin. Hrútar voru oftast bundnir í stíu sinni yfir veturinn, en það var þá með *löghelsi* en ekki hornbandi eða mál.

Hornflæktir (l) Um hrúta; kræktir saman á hornum. „Við fundum tvo hornflækta hrúta sem voru orðnir nokkuð aðþrengdir úr hungri“.

Horngrýtisári (n, kk) Milt blótsyrði/áhersluorð. „Horngrýtsári langar mig að skreppa hérna fram á vikina núna; það er varla hægt að horfa uppá þetta blankalogn liggjandi í landi, þó nóg sé að gera í heyskapnum“.

Hornsílaveiðar (n, kvk, fto) Veiðar á hornsíli til skemmtunar. „Hornsílaveiðar hafa mikið verið stundaðar af börnum í Kollsvík, einkum í Sandslágarvatni og Litlavatni“.

Hornstaur (n, kk) Hornstólpi; staur í horni girðingar. Hornstaur þarf að vera sterkari en aðrir staurar girðingarinnar og vel stagaður; enda strekkist girðingin á hann.

Hornstæði (n, hk) Festing/staður horns á höfði hyrndra dýra. „Sagaðu hornin ögn nær hornstæðinu svo minna fari fyrir sviðunum“. „Ósköp er sérkennilegt hornstæði á þessari kú“.

Horól / Horólarsteinbítur (n, kk) Mjög horaður steinbítur (LK; Ísl. sjávarhættir; eftir DE, ÁE og ÓTh).

Horslubb (n, hk) Hor/slím sem runnið hefur úr nefi. „Þurrkaðu nú af þér mesta horslubbið drengur, og greiddu hárlubbann áður en þú ferð í sparifötin“.

Hólkast / Smáhólkast (n, hk) Hóll sem gengur framúr öðru hálandi/hæðum. „... og þar neðar er Mjóna, á smáhólkasti; kví úr grjóti“ (ÍÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Hóstapest (n, kvk) Veikindi með hósta; hósti; *kverkaskitur*. „Ég ætla ekki að smita þig af þessari hóstapest“.

Hóstafjandi (n, kk) Skammaryrði um hósta. „Ég er bara alls ekki orðinn góður enn af þessum hóstafjanda“.

Hraðdýpka / Hraðgrynnna (s) Um sjávardýpi; dýpka/grynnast hratt eftir því sem siglt/róið er. „Við megum ekki leggja utar; hér fyrir framan snardýpkar við marbakkann“. Oftar notað *snardýpka/snargrynnast*. „Farðu nú að slá af; það hraðgrynnir hérna framundan rifinu“.

Hraðétinn (l) Sem fljótlegt er að borða/éta. „Bíddu bara rólegur meðan ég gleypi eitthvað í mig að borða; hann er nú ekki svo hraðétinn þessi harðfiskur“.

Hraðlestrarblað (n, hk) Blað til prófunar í *hraðlestri*.

Hraðlestrarreinkunn (n, kvk) Einkunn sem gefinn er eftir próf í *hraðlestri*.

Hraðlestrarpróf (n, hk) Próf í *hraðlestri*. Til þessa verkefnis voru notuð sérstök *hraðlestrarblöð* frá Námsgagnastofnun ríkisins“.

Hraðversna (s) Versna mjög hratt. Einkum notað um veður, sjólag eða færð. „Færðin er að hraðversna á þessum stað; ég átti í hálfgerðu basli á bakaleiðinni“.

Hrafnagarg / Hrafnakrunk / Hrafnskrunk (n, hk) Krunk í hrafni/hröfnun. „Skrpptu nú og athugaðu með þetta eilífa hrafnakrunk hérna uppi á Hjöllunum; þeir gætu verið að frýnast í afvelta kind“.

Hrafnager / Hrafnasveimur (n, hk/kk) Hópur af hröfnum á flugi yfir ákveðnu svæði. „Eitthvað finnst mér grunsamlegur þessi hrafnasveimur þarna frammi við Grænekeldu. Ég ætla að röltu og athuga hvort þarna hafi *farið ofan*“.

Hrafnablóð (n, hk) Blóð úr hrafni. „Sagan segir að Steinunn á Sjöundá hafi verið svo kjarklítið barn að til vandræða horfði. Henni hafi þá verið gefið hrafnablóð og að það hafi átt að vera þrjár dropar. Sagan segir að henni hafi verið gefið einum eða tveimur dropum of mikið og *á þann veg* var fengin skýring á því sem seinna kom fram; þessum morðum á Sjöundá. Ég heyrði Vigdísu fóstru mína tala um þessi mál við aðra gamla konu úr ættinni. Þær voru *þó nokkuð* trúaðar á svona“. (EG; viðtal á Ísmús 1968)

Hraglandaskítur (n, kk) Hryssingslegt/kuldalegt veður; hvasst með dálítilli úrkomu; oft í formi slyddu eða snjókomu. „Það er hálfgerður hraglandaskítur“.

Hrakningaferð / Hrakningaferðalag (n, kvk/hk) Ferðalag með miklum hrakningum. „Ekki var þurr þráður á okkur eftir þessa hrakningaferð“.

Hrakningsrekstur (n, kk) Hrakningasamur sauðfjárrekstur. „Ekkert lamb meiddist í þessum hrakningsrekstri, og heim komum við allir ellefu næsta dag“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hratsía (n, kvk) Grisja sem notuð er til að sía saft í gegnum þegar gerð er saft úr berjum. Berin eru þá marin/hökkuð í graut og hratið síað úr. Hratsían var síðan hengd yfir íláti um tíma meðan öll saft draup úr henni. Á síðari tímum var notuð sérstök saftpressa á rafmagnshrærvél.

Hraustleikanáungi (n, kk) Hraustur/öflugur maður; hreystimenni. „Ekki veit ég hvað þessi nýi háseti heitir, en þetta virðist hinn mesti hraustleikanáungi“.

Hraustleikaskepna (n, kvk) Öflug/hraust skepna. „Ég kalla þessa tvævetlu nokkra hraustleikaskepnu ef hún hefur hjarað yfir veturinn á þessum stað“.

Hráaétinn / Hráétinn (l) Fisk- eða fuglshræ sem marfló hefur étið allt hold úr. „Við látum ekki net liggja lengi á þessum miðum; hér er allt hráaétið á skömmum tíma“.

Hráagryfja (n, kvk) Staður á miðum þar sem mikið er um hráa/marfló. „Það þýðir ekkert að leggja hér grynnra á Bótinni; það er bölvuð hráagryfja“.

Hráalæpa / Hrávikindi / Hráarusl / Hrááýlda (n, kvk/hk) Heiti á grásleppu í neti sem hráí/marfló hefur lagst á og eyðilaggt. „Hér er hver hráalæpan við aðra; hér leggjum við ekki aftur“! „Netin voru illa farin eftir norðanáhlaupið; upprúlluð og stoppuð af hrááýldu“.

Hráaveita (n, kvk) Mikið/haugur af hráa. „Blessaður hentu þessum fiski strax útfyrir; hann er ekkert nema hráaveita“!

Hrákablautur (l) Mjög blautur/votur. „Það er vonlaust að setja heyið svona hrákablautt í gryfjuna. Við látum síga af því á vagninum framá seinnipart dagsins“.

Hrákasklumma (n, kvk) Hrákaskammtur. „Ekki vildi betur til en tóbakslituð hrákasklumman lenti á karlinum og klesstist öðrumegin á gleraugun. Reyndar sögðu sumir að vel hefði verið miðað“.

Hrákaslydda (n, kvk) Blaut slydda; slydduél sem bleytir fatnað og fénað. „Það þýðir ekkert að hafa féð úti í þessari hrákaslyddu“!

Hrákavinnubrögð (n, hk, fto) Slæm vinnubrögð; illa unnið verk. „Þarna hafði hefilstjórinn bara rutt í gegn án þess að ganga frá mokstrinum útfyrir kant. Ég hef sjaldan séð slík hrakavinnubrögð við mokstur“!

Hráslagagjóstur / Hráslaganæðingur (n, kk) Kaldur og rakur vindur, jafnvel með dálitlum rigningarslítingi eða slyddu; kaldur gegnumtrekkur í húsi. „Búðu þig almennilega; það er kominn árans hráslagagjóstur“.

Hreðugangur (n, kk) Hrakfarir; áföll. „Var hann aftur að slasa sig? Skelfilegur hreðugangur er þetta á manningum“!

Hreggkaldur (l) Um *nepju*/ kaldan vind. „Ári er hann hreggkaldur; ég held ég setji nú upp dembúlinn“.

Hreggnesi (n, kk) Klettanef sem gnæfir þar sem vindasamt er. Hreggnesi er örnefni á slíku nefi í norðari enda Hnífa. Margir Hreggnasar eru á Íslandi, en enginn þeirra hefur tvö e í nafni sínu eins og sá í Kollsvík. Án þess að fullyrt sé um hvor hátturinn sé upprunalegri, virðist hér vera um einstaka málvenju að ræða.

Hreinalygi / Hreinakjæftæði / Hreinapvæla / Hreinapvættingur (n, kvk/hk/kk) Algerlega ósatt; ekki minnsti fótur fyrir; algert bull. „Þessi flugufregn reyndist hreinalygi, við nánari athugun“. „Það er bara hreinapvæla að hann eigi einhvern þátt í þessu“!

Hreinasannleikur (n, kk) Fullkominn sannleikur; staðreynd að öllu leyti. „Ekki ætla ég að dæma hvort þetta er allt hreinasannleikur sem þarna stendur“. Líklega dregið af *hreinasatt*.

Hreinasatt (l) Dagsatt; alveg satt; staðreynd. „Ekki veit ég hvort þetta var allt hreinasatt hjá honum, en einhver fótur var nú fyrir því“. „Þetta er alveg hreinasatt sem ég er að segja þér“!

Hreinleita (s) Leita af sér allan grun; leita allsstaðar. „Kindurnar geta ekki verið í Vatnadalnum; ég er alveg búinn að hreinleita þar“.

Hreinmjólka (s) Hreyta/totta alla mjók úr júgri kýr; mjólka kú að fullu, þannig að ekkert sé eftir í júgrum. „Það er mikilvægt að hreinmjólka, svo júgurbólguþjandinn gjósi ekki upp aftur“.

Hreinskokað (l) Búið að *hreinmoka*. „Það er ekki alveg hreinskokað í Dalum, en þetta er orðið bilfært“.

Hreinskrúbba (s) Skrúbba/þrifa þar til hreint er. „Ég er búinn að hreinskrúbba hrognasigtíð“.

Hreinskrúbbaður (l) Búið að heinskrúbba. „Þá held ég að þú sért orðinn ballfær; svona hreinskrúbbaður“!

Hreinsunarróður (n, kk) Róður í þeim tilgangi að hreinsa þara og annan skít úr netum eftir brælu. „Ég held að þetta verði nú aðallega hreinsunarróður hjá okkur núna“.

Hreintínt (l) Um svæði; búið að hreintína. „Það verður aldrei hreintínt af álku á Urðunum“.

Hrella af (orðtak) Taka af; rýra. „Ég ætlaði að biðja þig um að lána mér örlítið af salti en ég sé að þú ert svo tæpur sjálfur að ég vil nú ekki vera að hrella neitt af því“.

Hreppssamfélag (n, hk) Samnefni yfir íbúa í tilteknum hreppi. „Rauðasandshreppur hefur orðið fyrir miklum búsifjum af heimskulegum stjórnunarháttum í nútímaþjóðfélaginu. Þetta hreppssamfélag sem fyrrum bjó að bestu landkostum sem hugsanlegir voru á Ísaskeri, hefur mátt sæta því að stjórnvöld stálu réttinum til sjálfsbjargar þegar kvótagreifum og góðvinum í fjarlægum landshlutum voru færðar veiðiheimildir sjávarjarða að gjöf; bændur fengu ekki að nýta landgæði sín og slátra sínu fé nema með afarkostum; sameiginleg verslun var drifin í þrot; skólinn var flæmdur úr byggðinni; samgönguleiðir voru láttnar drabbast niður; pósthjónusta varð hornreka og að síðustu var hreppssamfélagið neytt til að afsala sér sjálfstæði sínu“.

Hreppstjórakúllur (n, kvk, fto) Knallettur; litlar sprengikúllur sem seldar voru á sama hátt og flugeldar, á tímabili kringum 1970. Þær voru tæpur sentimetri í þvermál; pappi yst en púður innaní. Væri þeim kastað af krafti á fastan flöt, t.d. gólf, þá sprungu þær með nokkrum hveli. Voru nokkuð vinælar vestra og notaðar af börnum jafnt sem fullorðnum. Líkast til hafa þær verið bannaðar til sölu, enda hætta á að kuskíð gæti valdið augnskaða við sprenginguna.

Hreppstjóraskrift (n, kvk) Nýyrði, líklega fundið upp af GJH eins og fleiri; nafn á hinu sérkennilega skriftarlagi Þórðar Jónssonar á Hvallátrum. Skrift Þórðar einkenndist af oddmynduðum einhalla stöfum, sem ókunnugum sýndist e.t.v. fljótt á lirið allir eins. Þó var hún nokkuð vel skiljanleg og hafði sína áferðarfeegurð. Þórður skrifaði mikið, enda gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum um ævina.

Hrevstímenni (n, hk) Hraustmenni; þrekmikill/öflugur/polgóður maður. „Hann var annálað hrevstímenni“.

Hrifi (n, hk) Ræfrildi; slitur. „Það fannst ekkert af bókinni nema örlítið hrifi“. „Ég reyndi að skrapa saman eitthvað hrifi af taði til að reykja við“.

Hrifiislegt (l) Lélegt; tætingslegt. „Hún fer nú að verða fjári hrifiislegt, þessi úlpudrusla“.

Hrika (ao) Áhersluorð á undan lýsingarorði eða nafnorði. „Þarna hefur hrika bjarg fallið úr stálinu“. „Ég man ekki eftir að kind hafi áður farið svona hrika langt niður í klettana áður“.

Hrikamikill (l) Firna/býsna mikill; gríðarlegur. „Það hefur oltíð hrikamikið bjarg niður á Fjörurnar“.

Hringavél (n, kvk) Eldavél af gamalli gerð; kola- eða olúhитуð. „Fyrst þegar ég man eftir voru hringir á eldavélum. Þá voru þessir íhvolfu gömlu pottar.... „Kaffibrennslupotturinn var netakúla sem tekin var í sundur í miðju og notuð til að brenna á hringavélinni“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Hringormafiskur / Hringormaveita (n, kk/kvk) Fiskur með áberandi miklum hringormi; *ormaveita*; *hárafiskur*. „Hentu þessum hringormafiski í sjóinn“.

Hríðfenna / Hríðsnjó (s) Snjó ákaft og mikið í fremur hægum vindi. „Það er farið að hríðfenna“. „Við vorum ekki komnir langt þegar fór að hríðsnjó“.

Hríðfækkun (n, kvk) Mikil fækkun á stuttum tíma. „Hér hefur orðið hríðfækkun býla í byggð á örfáum árum“.

Hrísgrjónagratgur / Hrísgrjónavellingur / Hrísingrjónagratgur / Hrísingrjónavellingur / Rísingrjónagratgur (n, kk) Mjólkurgratgur úr hrísgrjónum, stundum með rúsinum. Algengur spónamatur; borðaður með kanilsykri og gjarnan slátri. Ekki skal hér sagt hvenær menn í Rauðasandshreppi fóru að bæta „in“ inn í heitið, eða hvað það var útbreitt, en sú orðmynd heyrðist alloft á síðari hluta 20. aldar; einkum þó sem uppskrúfað orðalag. Sama um það þegar h var sleppt í byrjun. „Hann svíkur engan hrísingrjónagratgurinn; allra síst svona hnausþykkur og með rúsinum“. „Gebbðu mér smáspón af rísingrjónagratgur“.

Hrísmél / Hrísmélsgratgur / Hrísmélsúpa (n, hk/kk) Mjöl úr hafragrjónum og gratgur eða súpa sem gerð eru úr því. Selt í Gjöggrabúð undir vörumerkinu „pama“ og kann enn að fást undir því. Síður var að gratgur væri borðaður á eftir aðalrétti, sem jafnan var á hádegi áður fyrr. Oftast var það hafragratgur eða grjónagratgur, en einstaka sinnum hrísmélsgratgur eða hrísmélsúpa; stundum með rúsinum. Oft var þá krækiberjasaft höfð sem útálát. Orðmyndin „mél“ var jafnan notuð í munnri þeirra Kollsvíkinga sem fæddir voru fyrir miðja 20. öld, en síðar hefur orðmyndin „mjöl“ orðið ofaná.

Hrísteinungur (n, kk) Sproti af hrís/fjalldrapa. „Sú saga gekk að á árunum 1859-1861 hafi margir bændur bjargað nautpeningi sínum á þessum slóðum (í Hrísmúlbrekku) með því að rífa upp yngstu hrísteinungana; kurla þá og berja með sleggju þar til þeir voru orðnir mjúkir og rakir af safanum í viðnum. Þetta var ekki einungis í Sauðlauksdal heldur um allan Patreksfjörð. Hve hart var sótt eftir þessu föðri skal þess getið að í frosthörku og skafrenningi varð leit að ungru stúlku er ekki kom fram úr hrísrifserfð. Fannst hún á hálsinum fyrir ofan Stóraleitið. Þar hafði hún liðið útaf eða örmagnast undir stórru hrísbyrði. Þegar stúlkan kom til sjálfs sín vildi hún ekki leysa af sér fatlana, heldur skjöggraði með baggann heim í Dal. Þessa vetur var gjöreyddur skógur í Veturlöndum og í Hrísmúlanum, en það voru þær einu skógarleifar er þá voru í Sauðlauksdal“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Hrognahræra (n, kvk) Hrogn sem búið er að hræra salti og e.t.v. einnig rotvarnarefnum úti, áður en þeim er hellt í hrognatunnuna. „Hér hefur karlinn hlaupið frá hrognahrærunni í balanum; skyldi honum hafa *orðið* svona *brátt í brók*“?

Hrognaklessa / Hrognasleikja (n, kvk) Lítið magn af hrognum, jafnan þá átt við grásleppuhrogn. „Ætli ég þurfi ekki að fara að Hænuvík og salta þessa hrognasleikju síðan í gær“.

Hroгнаostur / Hrognstappa (n, kvk) Sérstakur réttur úr grásleppuhrognum. Þannig gerður að hleypt var upp á stöppuðum hrognum örsnögg; þau sett í grisju og látin kólna á bakka undir fargi. Við þetta verður til þéttur og næringarríkur matur sem etinn var með bræðingi eða öðru viðbiti. Munnleg frásögn SÖ við VÖ, en hann sagði að móðir sín hafi útbúið þannig rétt þegar hann var ungur. Sagði þetta vera fremur þurrætt, en ekki bragðvont. „Grásleppan var látin síga, en hér var hún látin síga heil en ekki flökuð og kúluð eins og tíðkast víða. Tengdamóðir mín sagði mér að grásleppuhrognin hafi verið notuð í einskona hroгнаost en hvernig það var gert veit eða man ég ekkert. Nú hef ég aflað mér upplýsinga um gerð hroгнаostarins. Ég talaði við Torfa Össurarson sem er mikill sjór af fróðleik um gömul vinnubrögð. Hann er fæddur hér í Kollsvík 1904 en bjó í Dýrafirði mestan sinn starfsaldur. Osturinn var gerður þannig að hrognin voru stöppuð í ílát með hnalli (strokkbullunni sagði Torfi). Síðan voru himnur síðar frá og hrognin soðin stutt í potti. Salt. Síðan var þeim hellt í ílát og mig minnir að tengdamóðir mín segði að létt farg hafi verið sett ofan á. Kælt og síðan sneitt upp og notað með brauði eða kartöflum“ (SG; Sjávar- og strandnytjar; Þjhd.Þjms).

Hrognakútur / Hrognakægill (n, kk) Ílát sem grásleppuhrognin eru slægð í úti á sjó, til flutnings í land. Í upphafi grásleppuveiðanna fyrir 1970 notuðu menn plast- eða grisjupoka undir hrognin, en fljótlega kúta. Í seinni tíð hafa þetta verið plastkútar, misstórir en meðfærulegir, með loki sem unnt er að spenna/skrúfa fast á. Lítill kútur var kallaður kægill.

Hrognasigt (n, hk) Sigt til verkunar á grásleppuhrognum. „Þegar í land var komið var hellt úr *hrognastampinum/hrognakútunum* á *hrognasigt*íð. Það var ílangur ferhyrindur kassi úr lökkuðum fjöllum; með ryðfríu vírneti í botni, hæfilega grófu til að hrogn kæmust í gegnum möskvana. Langhliðar sigtisins náðu útfyrir rammann og hvíldu endar þeirra ofaná *hrognasíunni*. Þá var tekið til að sigta hrognin; hræra þeim varlega en ákveðið fram og til baka með *hrognaspáðanum/hrælunum*, þannig að hrognin gengju niðurúr sigtinu en himnurnar/hrognapokarnir yrðu eftir í því. Hrært var þangað til ekkert var eftir nema himnur og

drafli. Þá var sigtinu hallað lítillega og skafið undan því með hrælnum; síðan var þvegið vandlega úr. Nokkrar áhafnir gátu verið saman um hrognasigti, þar sem þær sigtuðu sjaldan samtímis.

Hrognasía (n, kvk) Sía til verkunar á grásleppuhrognum. „Hrognasía er ferhyrndur kassi úr lökkuðum fjöllum; oft um 80x180x15cm, sem stendur á fótum í þægilegri vinnuhæð. Í botni kassans er fingerð sía sem hrognin komast ekki í gegnum. Framanaf var *hænsnanet* í sigtisbotninum og yfir hana breidd grisja sem brugðið var uppá *naglatitti* í brúninni. Grisjuna þurfti að þvo vandlega efti hverja sigtun og var það töluverð vinna. Síðar fóru menn að nota nælönnet, sem var þá fest varanlega í sigtisbotninn og var auðveldara í þrifum. Hrognin eru fyrst sigtuð með *hrognasigti* til að ná úr þeim himnum. Síðan standa þau í sigtinu a.m.k. eitt *dægur*, meðan vökvinnur sigur af. Þá er hrognunum, sem nú eru nokkuð þéttur massi, mokað yfir í bala þar sem blandað er samanvið þau *hrognasalti* og rotvarnarefni í hæfilegum skömmtum og hrært vandlega saman með *hrognaspaða/hræl*. Síðan er hrærinni hellt í *hrognatunnur* og e.t.v. lítilsháttar af saltþækli með. Þær eru látnar standa yfir nokkurn tíma og þess gætt að *pækla* hæfilega þar til þau eru fullsöltuð. Þá er tunninni lokað vandlega og hún flutt til söluaðila.

Hrognaslyndra (n, kvk) Hrognabelgur/himna utanaf grásleppuhrognum. Vanalega stytt í *slyndra*. „Vatnslásinn var við það að stíflast af hrognaslyndrum“.

Hrognaspaði (n, kk) Hræll; spaði úr tré til að sigta grásleppuhrogn. Um eða yfir 50 cm langur; um 15 cm breiður í eggina og frá henni, en ofar tálgaður í þægilegt tvíhenduskaft. Eggjin tálguð í spiss. Sjá *hrognasigti*.

Hrognastampur / Hrognabali (n, kk) Bali/stampur til að hræra grásleppuhrogn saman við hrognasalt. Sjá *hrognasía*.

Hrognasöltun / Hrognaverkun (n, kvk) Verkun/vinnsla hrogna frá veiðum til fullverkaðra hrogna í tunnum. Grásleppuveiðar og hrognaverkun var allmikil aukabúgrein bænda og annarra í utanverðum Rauðasandshreppi frá því fyrir 1970 og framyfir 1980.

Hrognkelsbeita (n, kvk) Innyfli úr hrognkelsi, notuð sem beita. „Beita á lóðirnar þetta fysta vor var svokölluð hrognkelsbeita; þ.e. innyfli og hýði utan af hrognum, ásamt því sem í því loddum af hrognunum“ (Guðbjartur Guðbjartsson; veiðar í Kollsvíkurlveri; viðtal EÓ 1962).

Hrokagikkur / Hrokakjafur (n, kk) Sá sem er mjög hrokafullur; monthani. „Ég hlusta lítið á þann hrokagikk!“ „Það var kominn tími til að sá hrokakjafur fengi tiltal“!

Hrokfallabrim (n, hk) Um sjólag: „Í hrokfallabrimi er stutt á milli ólaga“ (JT Kollsvík; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Hrossastrá (n, hk) Hrossanál; *Juncus Arcticus*. „Þessi jurtt er algeng í Kollsvík og oftast nefnd hrossastrá meðal Kollsvíklinga, en þó hefur einnig heyrst heitið hrossanál“.

Hrotudrunur (n, kvk, fto) Háar hrotur sofandi manneskju. „Ferlegar hrotudrunur eru þetta! Ég held ég rúlli nú karlinum á hliðina áður en þakið kemur niður“.

Hrófatildurslegur (l) Um hús, kofa eða annan smíðisgrip; illa smíðaður; *klasturslegur*; veikbyggður. „Heldur fannst mér þessi *húskofi* hrófatildurslegur“.

Hrunskriða (n, kvk) Skriða eftir hrun úr fjalli/klettum. „Þarna við Helluna á Stígnum er hrunskriða, sem getur verið mjög varasöm yfirferðar ef hrun er nýlega afstaðið, og ekki komin í hana kindagata“.

Hrúgukraðak (n, hk) Mikill fjöldi af hrúgum á einum stað. „Þetta hrúgukraðak frammi á *útfari* er skíturinn úr sandmaðkinum. Undir hverri hrúgu má finna maðk“.

Hrútabardónur (n, kvk, fto) Rammgerðir battingar/bitar sem settir eru innanum hrútabáta eða á jötufjölinu til að taka við höggum og barsmíðum, en sér í lagi um fengitímamann verða hrútar órólegir og renna gjarnan af afli í það sem fyrir þeim er. Hér er rekinn ágætur lurkur í hrútabardónur“.

Hrútabragð (n, hk) Óbragð af keti af ógeltum hrúti, hafi honum verið slátrað of seint að hausti.

Hrútagarði / Hrútakarmur (n, kk) *Garði/karmur* í fjárhúsi með *hrútabáta* innst.

Hrútakeup / Hrútlán (n, hk) Lán hrúts til nota/kynbóta yfir fengitímamann. Nokkuð var um hrútakeup og hrútlán milli bæja í Rauðasandshreppi, og stundum lengra að; enda voru bændur áhugasamir um kynbætur á sínum fjárstofni.

Hrútasotti / Hrúтатаumur (n, kk) Bandsotti/taumur sem notaður er til að festa í horn/múl hrúts til að teyma hann um í fjárhúsi á fengitíma, eða á milli húsa. Um tíma eftir 1970 var féð á Láganúpi haft í fjárhúsunum á Melnum, en hrútarnir í fjárhúsunum á Láganúpi. Voru þeir þá teymdir á milli í hrúтатаumum.

Hrútgépill / Hrútkægill / Hrútskuddi (n, kk) Fremur smáfaxinn hrútur; gæluheiti á hrúti. „Ekki finnst mér þessi hrútgépill hafa staðið undir væntingum“. „Ætli maður setji ekki hrútkægilinn á; allavega þennan vetur“. „Hrútskuddinn stóð sig bara ágætlega í vetur; Ég held að hann eigi flesta tvílembingana“.

Hrútkvikindi (n, hk) Vorkenningarorð um hrút. „Það er ekki hægt að láta hrútkvikindin út fyrir en eitthvað er að hafa fyrir þau á jörð“.

Hryggilegur (l) Ömurlegur; sorglegur; slæmur. „Það er hryggilegur fjandi að hún skuli alltaf *drepa undan sér* þegar hún gengur í Breiðnum“. „Þetta var ömurlega hryggilegt slys; svona uppi í *harðalandi*“.

Hryggjahlutur (n, kk) Hlutur háseta á fyrri tíð, í formi steinbítshryggja. „Enn var það eitt sem hásetar, þeir er vinnumenn voru, fengu af afla sínum. Þeir áttu hryggina úr hlutarsteinbít sínum. Venjulega seldu þeir heimamönnum þar vestra hryggjahluti sína. Þar voru þeir notaðir til gripaföðurs og þóttu hverri töðu betri; einkanlega fyrir lömb. Töldu þeir þar mörkina (1/2 pundíð) af steinbítshryggjum jafngilda töðupundi. Lengi var verðið á hryggja-hundraðinu, tólfræðu, á túsíð; þ.e. 67 aura. Allt þetta til samans nam aldrei miklu, en það gladdi menn á þeim árum. Þá þekktist ekki háu tekjurnar eða mikla kaupíð“ (PJ; Barðstrendingabók).

Hrygningaslóð (n, kvk) Hrygningasvæði; svæði þar sem fiskur hrygnir. „Þarna djúpt frammi í Patreksfjarðarlóa virðast vera nokkuð miklar hrygningaslóðir sem Ólarnir fundu“.

Hryssingsfjandi / Hryssingur (n, kk) Kalt í veðri og hvasst. „Það er norðanhryssingur“. „Enn er sami hryssingsfjandinn og í gær; ekki veit ég við hvað þetta lendir“!

Hræriprik / Hrærispaði (n, hk/kk) Prik/spaði sem notaður er til að hræra upp í eða hræra saman, t.d. málningu. „Var ekki hér einhverstaðar hræriprik“? Hrærispaði var einnig stundum notað yfir *hrognaspaða* (sjá þar).

Hufflegheit (n, hk, fto) Kurteisi; vinalegt viðmót. „Þar voru okkur sýnd hin mestu hufflegheit“.

Hugleiðingavert (l) *Íhugunarvert; athugandi*. „Það væri nú alveg hugleiðingavert að smíða vatnshjól og setja það niður í röstina; nóg er orkan sem þar er, og ekki þyrfti miklar stíflur“.

Hugleysisrola (n, kvk) Aumingi; raggeit. „Það var ekki fyrir neinar hugleysisrolur að sækja þær ferðir“ (hákarlalegur). (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Hugsanagangur / Hugsanamáti (n, kk) Hugsanir; skoðanir; innræti; rökleiðsla. „Þetta er furðulegur hugsanagangur“ „Þetta var bara hrein og klár illkvittni; ég skil ekki svona hugsanamáta hjá mönnum sem eiga að heita komnir til vits og ára“! Orðið hugsanamáti var þekkt annarsstaðar með eintölu í fyrra lið, en þessi notkun Kollsvíkinga og nágranna virðist rökréttari fyrir þá sem hugsa margt.

Hugsanaskortur / Hugsanasljóleiki (n, kk) Hugsunarleysi; athugaleysi; yfirsjón. „Ekki veit ég hvaða hugsanaskortur þetta var í mér“! „Skelfingar hugsanasljóleiki er þetta í þeim“!

Hugtakaruglingur / Hugtakavilla (n, kk) Röng/villandi notkun hugtaka/heita/orða. „Skelfingar hugtakavilla er það að nefna farsímama gema, eða tala um það að fólk éti og hafi lappir eins og skepnur. Getur þetta nútímafólk ekki gert minnstu tilraun til að tala eðlilegt mál“?!

Hugulsamlega (ao) Með umhyggju/natni/alúð. „Hann pakkaði þessu hugulsamlega í mjúkar umbúðir og síðan í sterkan kassa“.

Hugvitsmannafélag (n, hk) Félagsskapur hugvitsmanna. „Kollsvíkingurinn Valdimar Össurason var einn stofnenda Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna á Íslandi árið 2008, og hefur verið formaður þessa stærsta hugvitsmannafélags landsins um árabíl“.

Hukla / Kerlingarhukla (n, kvk) Mjög niðrandi heiti á kvenmanni. „Mér gengur bara ekki að koma nokkru tauti við þessa kerlingarhuklu á skattstofunni!. Hún er bara kolvitlaus; í einu orði sagt“!

Hulka (s) Efast; hika. „Við skulum ekkert vera að hulka lengi yfir þessu; annaðhvort drifum við í því eða látum það alveg eiga sig“! Heyrðist í þessari mynd í Kollsvík. Líklega hljóðvilla af „hukla“, en þó óvíst meðan upprunaskýring er óljós á báðum orðmyndunum.

Hundafargan (n, hk) Fjöldi/ofgnótt af hundum. „Það þýðir ekkert að hafa allt þetta hundafargan með sér í smalamennskuna; þeir gera ekkert gagn og betra að láta Dalla einan um þetta“.

Hundagata / Hundagötuleið / Hundagötubræðingur (n, kvk) Óvanaleg/erfið/illfær leið; fráleit/fáranleg leið. „Ég nenni ekki að þræða ganginn aftur að spottanum, heldur fann ég þarna einhverja hundaleið alveg upp á brún“. „Ekki veit ég hvaða hundagötuleið þú ferð til að fá þessa niðurstöðu í málin“! „Þarna liggja einhverjir hundagötubræðingar framán brúninni inni hvappið, en *fjandans sú ögnin* að ég færi það“!

Hundaglamur (n, hk) Hundagelt; *glamur*/hávaði í hundum. „Viðskiljum hundana eftir heima; ég kæri mig ekki um neitt hundaglamur við svona smalamennskur“.

Hundahreinsunarhús / Hundalækningahús (n, kvk) Hús fyrir böðun og ormalyfsgjöf hunda. „Hundahreinsun var framkvæmd sameiginlega og reglulega á einum bæ fyrir hunda í Útvikum, Bæjum og Örlygshöfn, og skiptust bæirnir á um það. Hreinsunin var framkvæmd af dýralækni eða fulltrúa hans, og á síðustu áratugum þessa viðburðar var það Ólafur Magnússon á Hnjóti. Baðað var í stóru kerri eða bala og var líf og fjör meðan á því stóð. Brást ekki að einhver hundur týndist til fjalls og annar hlyti minniháttar skrámur. Um 1980 fékk Rauðasandshreppur Gunnar Össurason til að byggja sésmíðað hundahreinsunarhús í landi Hnjóts. Það hlaut

gæluheitið „Hótel hundur“ (líkl. upprunnið hjá GJH) og var síðar notað sem slökkvistöð hreppsins“. „Eftir nokkrar samræður var hreppsnefndin sammála um að leggja til að eitt hundalækningahús sé byggt í sameiningu til afnota fyrir alla hreppa læknishéraðsins“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; hreppsnefndarfundur 12.10.1958; ritari S.J.Th. oddviti)

Hundaklyfberaháttur (n, kk) Óþverraháttur; drullusokksháttur; niðingsháttur. „Svona lúalega framkomu get ég ekki kallað annað en helvískan hundaklyfberahátt“!

Hundaskítsveður / Hundaveður (n, hk) Skítaveður; mjög slæmt veður. „Þetta var ljóta helvítis hundaskítsveðrið! Hífandi rok og slyddudrulla, svo sá ekki út úr augum“! „Það var komið hálfgerð hundaveður þegar við komum heim á Hjallana“.

Hundatrunta (n, kvk) Neikvæð mannlýsing um þann sem er óþverralegur; hryssingslegur. Oftar notað um kvenmann en karl, en þó ekki einhlítt. „Hún gat átt það til að vera bölvuð hundatrunta við allt og alla, ef þannig lá á henni, þó þetta væri mesta *gæðablóð dagsdaglega*“.

Hundatruntulega (ao) Með hryssingi/illindum; *fúlmannlega*. „Þetta fannst mér hundatruntulega sagt“.

Hundatruntulegur (l) Hryssingslegur; meinyrtur; öngur. „Vertu nú ekki svona hundatruntulegur við hann bróður þinn“!

Hundlatur (l) Mjög latur/*drumbsíður*; *húðlatur*. „Ég er hundlatur að fara aftur af stað í dag; við sækjum þessar *skjátur* bara á morgun“.

Hundóbermi / Hundspott (n, hk) A. Skammaryrði um hund. „Er nú hundóbermið að elta lömbin“?! B. Niðrandi heiti á mönnum, lítið notað nú á dögum. „Spurning er hvernig heimurinn hefði orðið ef hundspottið hann Hitler hefði aldrei komist til valda“.

Hundsherðablað (n, hk) Lítil/*óhöndugleg* skeið. „Ég get ekki étið með þessu bévítans hundsherðablaði; fyrir hverskonar *snúinkjafi* skyldi þetta eiginlega vera smíðað“?!

Hundveikur (l) Mjög veikur/veiklulegur/slappur. „Ég hefði ekki verið í landi nema af því ég var hundveikur“.

Hungurfæða (n, kvk) Matur sem ekki er étinn nema hungurdaudi blasi við; *ómeti*. „Þessar déskotans gúrkur eru hálfgerð hungurfæða; enda lítið annað en fúlt og grænt vatn“!

Hungurgjöf (n, kvk) Of lítil föðurgjöf fyrir skepnur. „Það þýðir ekki að gefa þeim minna en fimm föng á jötuna á innistöðu; annað væri hungurgjöf“.

Hurðarhespa (n, kvk) Hespera/speldi til að halda hurð lokaðri. Vanalega spjald með ílöngu gati sem gengur upp á keng í stafnum, og svo er splittað að. „Hann kom með nýjar lamir og hurðarhespu“.

Húðarleti / Húðleti (n, kvk) Mjög mikil leti; alger *landeyðuháttur*. „Skelfileg húðleti er þetta í honum að ganga ekki frá verkfærunum“! „Ég kalla svona *háttalag* ekki annað en húðarleti“!

Húðarskammir / Húðskammir (n, kvk, fto) Miklar skammir; óbótaskammir. „Auðvitað fengum við húðskammir fyrir að stelast í klettana hinumegin við mörkin“.

Húðveltubrim (n, hk) Stórsjór. „Ég skil nú ekki í að nokkuð skip sé á sjó í svona húðveltubrimi“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var mikið notað vestra, t.d. af GG og ÖG Láganúpi.

Húfulag (n, hk) *Handarbakavinnubrögð*; *sleðaháttur*; *sleifarlag*. „Það verður nú lítið úr verki með þessu húfulagi“. „Nú er ljóta húfulagið á þessu; kálfafjandarnir hafa verið að djöflast í heynu“!

Húfugarmur / Húfujolla / Húfukæpa / Húfulæpa / Húfuræfill / Húfutetur / Húfuskuð (n, kk/ kvk/hk) Húfuræfill; gæluorð yfir fremur lítilfjörlegar húfur; pottlok. „Sérðu nokkuð húfugarminn minn“? „Hvar er nú húfukæpan mín“? „Ætli sé ekki rétt að hafa húfulæpuna í vasanum ef hann fer að rigna“. „Réttu mér húfuskuðið mitt“. Sjá einnig *skuðrildi*.

Húfuskaði / Húfuskaðaveður (n, kk/hk) Um það að tapa húfu í hvassviðri; þegar veðurhæð verður svo mikil að hætta sé á að missa húfu í veðrið. „Ég varð fyrir húfuskaða þarna á brúninni“. Hann er að gera húfuskaðaveður“

Húfuveður (n, hk) Svo kalt í veðri að húfu sé þörf. „Skratti er hann nú orðinn kaldur; þetta er bara húfuveður“!

Húrrandi laust (orðtak) Um mjög ótryggt berg í klettum/bjargi; hættulega laust; ekki trygg hand- eða fótfesta. „Blessaður vertu ekki að fara útá þessa urð; hún er öll húrrandi laus í sér“.

Húrrandi loft (orðtak) Um bjargsig; *loftsig* á löngum kafla; *gínandi loft*. „Þetta er vissulega girnilegur stallur þarna niðri, en ég gæti trúað að þangað niður sé húrrandi loft“.

Hvannarbrúskur (n, kk) Hvönn. „Ég kom mér vel fyrir í aðsetunni; sat við hvannarbrúsk og spyrnti í tvo aðra; hafði vaðinn um mittið og hélt fyrir framan“.

Hvannarfræ (n, hk) Fræ hvannar. „Mamma bað mig að koma með nokkur hvannarfræ til að sá í garðinum“.

Hvannarleggur (n, kk) Leggur hvannar; hvannaleggur. „Við dunduðum okkur við að skera út hólka og báta úr hvannarleggjum“. Fyrri liður einatt í eintölu þar vestra.

Hvasseygur / Hvasseitur (l) Um svipmót manns; harður; brúnaþungur; alvarlegur. „Heldur var hann hvasseitur á svip þegar hann fór að hitta þessa túrista, sem vaðið höfðu yfir óslægjuna“.

Hvassmæltur / Hvassyrstur (l) Í höstugum tóni; í ávitunartóni. „Hann var víst töluvert hvassmæltur og *kjarnyrstur* þegar hann *náði í skottið* á strákunum“.

Hvalbeinsklembur / Hvalbeinsklömbur (n, kvk) Tangir úr hvalbeini, til að draga nál í gegn þegar skinnklæði voru saumuð. Sjá *hvalbein*.

Hvap (n, hk) Fita; fitukennt hlaup. „Þú ert ekkert feitur! Þetta er bara bölvað hvap sem verður fljótt að hverfa þegar þú ferð að eltast við rolluskjáturarnar“.

Hveitikista (n, kvk) Kista í búi, sem í er geymt hveiti. Hveitikista var á Láganúpi framyfir 1960.

Hveitilús / Hveitiögn (n, kvk) Örlítið af hveiti/hveitiméli. „Einhverja hveitilús á ég eftir, en það er lítið“.

Hveitimél (n, hk) Hveiti. „Geturðu flutt fyrir mig einn sekk af hveitiméli úteftir“?

Hveitimélspoki / Hveitimélssekkur (n, kk) Poki undan hveiti; sekkur/poki af hveiti. „Tómir hveitimélspokar voru þvegnir með grænsápu til að ná stöfunum af, og svo saumaðir saman í lök og önnur rúmföt“.

Hvellsprunginn (l) Sprunginn með hveli. „Þessi ríkisstjórn verður hvellsprungin áður en árið er liðið“!

Hver/hver anskúrinn (orðtök) Upphrópun/áherslusetning. „Hver anskúrinn skyldi nú hafa orðið af þessum rolluskjátum“? „Hver anskúrinn! Eg vissi ekki að klukkan væri orðin svona margt“.

Hverfilgerð / Hverflategund (n, kvk) Afbrigði hverflategundar; tegund hverfla. „Valorka hannaði fjölda mismunandi hverfilgerða af þeirri hverflategund sem nýtt getur sjávarfallaorku“.

Hverfilgrind (n, kvk) Prófunargrind; grind/statíf sem hverfill er festur í; þannig að hann getur snúist, t.d. í prófunum. Nýyríði, tilkomið vegna þróana Valorku á fyrsta íslenska sjávarfallahverflinum.

Hverfillíkan (n, hk) Líkan af hverfli. „Valorka ehf hóf fyrstu prófanir sjávarorkuverfla með 2m hverfillíkani í Hornafirði haustið 2013“.

Hverflahönnun / Hverflasmíði (n, kvk) Hönnun/smíði hverfla. „Valorka er fyrsta og eina fyrirtækið á Íslandi sem fæst eingöngu við hverflahönnun og hverflasmíði; að því best er vitað“.

Hverskonar / Hverskyns / Hverslags (l) Hvaða; hvaða kyns/tegundar/háttar. „Ungahænan er laus á eggjunum og hverskonar hávaði getur fælt hana af“. „Hverskonar bjánagangur er þetta“?! „Ekki veit ég hverskyns fiskur þetta getur verið“. „Hverslags aulaháttur er þetta nú“?!

Hversdagsbuxur / Hversdagsföt / Hversdagsgarmar / Hversdagshúfa / Hversdagsjakki / Hversdagkjóll / Hversdagsklæðnaður / Hversdagslarfar / Hversdagspeysa / Hversdagsskór / Hversdagsskyrta / Hversdagssokkar (n, hk, fto) Föt sem notuð eru dags daglega; ekki *spariföt*. Einnig *hvunn dags-*.

Hversdagsprúður (l) Dagfarsprúður; vanalega rólegur/hæglátur/vinalegur. „Hann er hinn hversdagsprúðasti maður og hvers manns hugljúfi allsgáður, en verður oft hinn mesti berserkur með víni“.

Hviðóttur (l) Um veðurlag þar sem sterkar vindhviður koma úr annars kyrrara veðri. „Mjög hviðótt getur orðið sumsstaðar á Rauðasandinum“.

Hviðukast (n, hk) Mjög snörp vindhviða eða nokkrar hviður í senn; úr kyrrara veðri. „Hann gerði feikna hviðukast fyrir Blakkinn, svo sjór hvítnaði allt í kringum bátinn“.

Hviðustroka (n, kvk) Hvítur blettur á sjó, þar sem hvöss vindhviða þeytir löðri af yfirborðinu. „Það var rólegt við Magnúsarhelminn, en stuttu utar mátti sjá hverja hviðustrokuna eftir aðra leggja út frá Láturdalnum“.

Hvítimaleraður (l) Með hvíttri emaleringu/glerjun. „Það var búið að kveikja upp í ... lítilli hvítimaleraðri eldavél...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Hvítkrímóttur (l) Með snjógrímu í andliti, utan augu. „Hann var hvítkrímóttur og *fannbarinn* þegar hann kom heim úr gegningunum, enda glórulaust *moldarkóf*“.

Hvunn dagsbrúk (n, hk) Dagleg notkun; hversdagsnotkun. „Þessi blússa er ekki ætluð til hvunn dagsbrúks“.

Hvunn dagsbuxur / Hvunn dagsföt / Hvunn dagsgarmar / Hvunn dagshúfa / Hvunn dagsjakki / Hvunn dagkjóll / Hvunn dagsklæðnaður / Hvunn dagslarfar / Hvunn dagspeysa / Hvunn dagsskór / Hvunn dagsskyrta / Hvunn dagssokkar Föt sem gegnið er í á virkum dögum; ekki *spariföt*. Sjá einnig *hver dags-*.

Hvunn dagsgóður (l) Góður að jafnaði; liður oftast vel. „Ég fæ stundum þessi árans gigtarköst, þó að öðru leyti sé ég hvunn dagsgóður“.

- Hvunndagsskap** (n, hk) Daglegt skapferli; gott skap. „Reynum nú að stilla okkur aðeins og finna hvunndagsskapið“!
- Hvurgi** (ao) Hvergi. GG Láganúpi notaði þennan framburðarmáta og líkast til hefur hann verið mikið notaður í Kollsvík áður fyrr. „Ég sé kindurnar hvurgi niðri á Bökkunum“.
- Hvurnig / Hvurnin** (sp,fn) Hvurnig. „Hvurnin má það ver að féð hafi sloppið út“?
- Hvurskonar / Hvurslags** (l) Hvers konar; hverslags; stundum notað sem upphrópun. „Hvurslags andskotans læti eru þetta“! „Hvurslags; hvurslags; nú gleymdi ég mér alveg með að laga kaffið“!
- Hvursu** (sp,fn) Hve; hvað. „Hvursu langt förstu“? „Veistu hvursu mikið þetta var“?
- Hvælótt** (l) Um landslag með lautum; holótt. Ekki notað í seinni tíð. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Hyldýpisdý / Hyldýpisen / Hyldýpisaforað / Hyldýpismýri / Hyldýpispyttur** (n, hk/kvk/kk) Heiti á dýjum og mýrarsvæðum, þar sem mjög djúpt er á fast; oft nefnd „botnlaus“. „Þarna er botnlaus hyldýpismýri“.
- Hyldýpissgjá / Hyldýpissgjóta / Hyldýpishola / Hyldýpissprunga** (n, kvk) Heiti á mjög djúpum gjám og gjótum. „Saxagjá nefnist hyldýpissgjá sem nær af brún í fjöru, og skiptir löndum milli Látra og Saurbæjar“. „Þarna í brúninni hafði opnast hyldýpishola, sem mér sýndist gjörsamlega botnlaus“.
- Hylka í sig** (orðtak) Borða; eta; gófla; gleypa. „Svona; hylkaðu þetta í þig drengur og vertu ekki svona *genverðugur*“. „Ég ætla rétt að hylka í mig einhvern bita og svo kem ég“. Líklega dregið af „hólkur“
- Hylkast** (s) Vera of víður. „Skelfing leiðist mér fót sem hylkast svona utan á manni“! „Það þarf að klippa *bjálfang* aðeins til áður en hann er saumaður á *undirvaninginn*; annars hylkast hann bara af honum“.
- Hýðissvefn** (n, kk) Langur og djúpur/vær svefn. „Veraldarinnar hýðissvefn er þetta nú á manni! Er klukkan virkilega að verða níu“?!
- Hæðarendi** (n, kk) Endi á hæð í landslagi. „Kindurnar *settu sig neðan* þarna við hæðarendann“.
- Hæðarkast** (n, hk) Hæðarbunga í annars hallandi landslagi. „Stundum leynist kind á bakvið hæðarkastið“.
- Hægferðugur / Hægfer** (l) Sem fer hægt; hæggenur. „Maður er orðinn nokkuð hægfer með aldrinum“. „Hægferustu kindurnar drógust afturúr rekstrinum“.
- Hæglætismaður / Hæglætisnáungi / Hæglætispiltur** (n, kk) Stillingarmaður; rólyndisnáungi; meinhægðarmaður. „Mér fannst hann fremur viðkunnanlegur hæglætisnáungi“.
- Hæglætistið** (n, kvk) Tímabil hægra vinda; *logndagar*. „Það er enn sama hæglætistiðin; hvað sem verður“.
- Hægrifótarskór / Hægrifótarstígvél** (n, kk/hk) Skór/stígvél á hægri fót. „Ertu með tvö hægrifótarstígvél? Nú hafa strákaskrattarnir verið að atast í þér“.
- Hægrihandarvettlingur** (n, kk) Vettlingur á hægri hönd. „Settu upp hægrihandarvettling meðan þú tekur járníð úr eldinum; það er glóheitt“.
- Hægstraumshverfill** (n, kk) Eitt af nokkrum nýyrðum sem orðið hafa til vegna fyrstu íslensku uppfinninganna á sviðis sjávarorkutækni. Eini hverfillinn sem fengið hefur einkaleyfi á Íslandi er fundinn upp af Valdimar Össurarsyni frá Láganúpi. Hverfillinn er ætlaður til virkjunar hægstreymandi vatnsfalla eða sjávarstrauma af þeim straumhraða sem t.d. er í Blakknesröst“ (VÖ). Sjá *sjávarfallavirkjun, ölduhrókur, straumop* o.fl..
- Hægstraumur** (n, kk) Hægfara straumur. „Hverflar Valorku eru allir hannaðir til nýtingar á orku hægstraums; t.d. sjávarfallastrauma við annes eða straums fallvatna í hallalitlu landi, þar sem ekki er unnt að stífla“.
- Hægtvaxandi** (l) Að aukast hægt. „Hann spáir hægtvaxandi sunnanátt“.
- Hækiljárn** (n, hk) Járn með sérstöku lagi, til að hengja *ketskrokk* upp að lokinni slátrun. Tvennskonar hækiljárn voru notuð í Gjöggrasláturhúsi. Annarsvegjar flatt járn með göddum á báðum endum sem stungust í hækilana, og krókur uppúr því í miðju sem krækt var á braut; hinsvegjar og fyrr sívalt járn með göddum á hvorum enda, en sveigju á miðju sem krækt var á krók í *fláningsgálga*.
- Hækilkúla / Hækilbein** (n, kvk/kk) *Konungsnef*; Efsti hluti hælbeins á sauðfé, nautgripum og fleiri dýrum; áberandi kúla að aftanverðu; neðan lærleggs.
- Hænuvíkurmegin** (ao) Nær/tilheyrandi Hænuvík. „Mastrið á Fimmhundraðahæð telst vera Hænuvíkurmegin“.
- Hæruband / Hæruspotti** (n, hk/kk) Band í horni *hæru*, til að festa hana við galtann. „Það má alveg rekja þetta upp og nota í hæruspotta“.
- Höfðingjaslekti** (n, hk) Niðrandi heiti um áberandi/ráðandi fólk í samfélaginu. „Mér er nokk sama hvað þetta höfðingjaslekti vill. Kollvíkingar hafa hingað til látið skynsemina ráða en ekki vitleysuna í öðrum“!
- Höfuðandstæðingur** (n, kk) Helsti andstæðingur/andskoti/keppinautur. „Hann var höfuðandstæðingur minn í þessu máli, og lagðist af þunga gegn mínum tillögum“.

- Höfuðhlutur** (n, kk) Formannshlutur í Útvíkum. Þar var sú regla við líði um 1700 að formenn á bátum Guðrúnar Eggertsdóttur í Saurbæ fengu hausa af aflanum í formannshlut, en ekkert annað umfram venjulegan hásetahlut. „Í Norðurvíkum fangast mest steinbítur; lítill fiskur. So verður þá höfuðhluturinn (sem þar er formannskaup) æði lítill“ (ÁM/PV Jarðabók). Orðið er ekki að finna í þessari merkingu í OH.
- Höfuðkaldur** (l) Kalt á höfðinu. „Hafðu almennilegt á höfðinu; það er vont að verða höfuðkaldur í róðri“.
- Höfuðveila** (n, kvk) Lasleiki/veiki í höfði; höfuðverkur. „Henni finnst þessi höfuðveila heldur vera að ágerast“.
- Höldubrotinn / Höldulaus** Um pott; með brotna aðra hölduna; án höldu. „Gættu þín þegar þú hreyfir pottinn hann er höldubrotinn öðrumegin“.
- Hörkuágjöf** (n, kvk) Um siglingu; mikil ágjöf; mikið *pus*. „Við lentum í *skitaveltingi* og hörkuágjöf fyrir Blakkinn“.
- Hörkubarningur / Hörkubaks** (n, kk) A. Mjög erfiður róður gegn vindi/straumi „Það var stíf *norðankæla* með bullandi suðurfalli á landleiðinni, þannig að við lentum í hörkubarningi“. B. Líkingamál; erfiðleikar; átök. „Ég lenti í hörkubaksi með þessa hrútaanskota; þeir þverneituðu að rótast í áttina heim“!
- Hörkubasl** (n, hk) Mikið basl; miklir erfiðleikar; mikil áreynsla. „Það var hörkubasl að koma þessum *útigangsskepnunum* inn í hús“.
- Hörkubylur / Hörkuél** (n, h) Mikið/hart/dimmt él. „Hann gengur á með hörkuéljum“.
- Hörkufall / Hörkustraumur** (n, hk) Mjög hart/stíft sjávarfall; *bullandi/mígandi* straumur. „Það er lítil von á veiði í þessu hörkufalli“. „Hér er kominn hörkustraumur; færin eru öll á *glæ*“.
- Hörkunorðurfall** (n, hk) Um sjávarföll; norðurfall af fullum þunga. Norðurfall verður jafnan harðara en suðurfall. „Heldur hægði þegar við komum yfir á Kollsvíkina; nú stýrði ég suðurmeð og þótti hægt ganga með seglinu einu; enda komið hörkunorðurfall“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Hörkuskammir** (n, kvk, fto) Mjög miklar/harðar/háværar skammir/ávítur. „Ég gef fjandann í að ég aðstoði þig aftur við smalamennskur, ef ég fæ bara hörkuskammir fyrir það að þú látir fé hlaupa á milli lappanna á þér“!
- Hörkusmali** (n, kk) Mjög/afburða góður smalamaður; fljótur að hlaupa og útsjónarsamur við fé. „Mér sýnist að þessi strákur sé hörkusmali“.
- Hörkusteytingur** (n, kk) Mjög hvass vindur; mikill mótvindur og bára. „Það var hörkusteytingur hér suður Kollsvíkina, en undir Bjarnarnúpnunum var hann lofnægur, eða því sem næst“.
- Hörkustælur** (n, kvk, fto) Harðar deilur; *hörkurifrildi*. „Ég lenti bara í hörkustælum við hann útaf þessu“.
- Hörmungarandskoti** (n, kk) Blótsyrði, ýmist notað sérstætt eða sem áhersla með heitum. „Hörmungarandskoti er nú að sjá hvernig skepnurnar eru útlitandi hjá honum“! „Hörmungarandskotans vesen er með þetta skrifstofulið fyrir sunnan; það vinnur ekki nema hálfan daginn“!
- Hörmingaraumingi / Hörmungarvesalingur** (n, kk) Mjög aumur/vesæll maður. Oftast notað í niðrandi merkingu. „Mikill hörmungaraumingi getur þetta verið; að hafa ekki rænu á að koma heynu í hlöðu“!
- Hörmungarbúnaður / Hörmungarútbúnaður** (n, kk) Slæmur búnaður; skortur á góðum/réttum fatnaði/verkfærum/veiðarfærum/búnaði. „Hörmungarútbúnaður er þetta hjá ykkur; þið ætlið þó ekki í kletta með þennan *liðónýta* fúaspotta“?!
- Iðagrænn / Iðjagrænn / Iðgrænn** (l) Um tún; vel græn/sprottin. „Enn eru tún iðagræn í Kollsvík, þó búskap sé lokið fyrir nokkru“. Allar orðmyndir heyrðust notaðar vestra, en j-laust var einna helst hjá Kollsvíkum.
- Iðjuleysisdund / Iðjuleysisgauf** (n, hk) Fánýt tómsundaidja; það sem gert er til að drepa tímann. „Maður er að reyna að hafa ofanaf fyrir sér meðan ekki gefur á sjóinn, en þetta er bara hálf gert iðjuleysisgauf“.
- Iðraloft** (n, hk) Vindgangur; loft í meltingarvegi; viðrekstur; fretur. „Skelfingar iðraloft er nú að ryðjast úr þér maður; það fer að verða ólíft hérna inni“!
- Iðrapest** (n kvk) Magapest; slæmska/veikindi í maga. „Það ku vera að ganga einhver iðrapest“.
- Illgerningur** (n, kk) Mjög miklir erfiðleikar; það sem er illgerlegt. „Mér sýnist að það geti orðið illgerningur að ná kindinni úr þessu svelt“.
- Illhertur** (l) Um hnút; mjög *súrraður*/hertur. Um skrífnagla/ró; mjög hert. „Fjandi er hann illhertur, þessi hnútur eftir þorskinn“.
- Illhugur** (n, kk) Meinsemi; meinbægni; fjandsemi; slæmt viðmót. „Þetta var ekki af neinum illhug gert“.
- Illslægur** (l) Erfitt að slá. „Fyrst var slegið umhverfis bæinn, síðan fram eftir túninu; fram að Túnshala. Hann var mjög illslægur; þýfður og grýttur og því oft látinn bíða, ásamt Brekkunni og Urðunum“ (Össur Guðbjartsson; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Laganúpi). „Árnastilla er einn illslægasti blettu af Sauðlauksdalstúni í þurkatið. Anamaðkurinn, sem yfirleitt þykir bæta ræktað land með því að blanda og

losa jarðveginn, gerir í Sauðlauksdalstúni þau spjöll að drífa upp á yfirborðið hrúgum sem geta verið allt að 8 cm að hæð og þar eftir gildar. Þessar hrúgur eru nokkuð sundurlausar, en glerharðar í þurrkatíð, og stendur engin egg í ljá er borin er á þennan völl þá þurr er. Þegar vöknar í rót virðast þessi leirhnöð minnka og mykjast, samt verður ekkert hey af svona slægju sandlaust þó það sé margrakað upp og *skarpþurrkað*“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Illþolanlegur (l) Mjög erfitt að umbera; þrautleiðinlegur; óbærilegur. „Hitinn í hlöðunni er illþolanlegur“.

Indælisfólk / Indælis kona / Indælismaður / Indælismannekja / Indælis piltur / Indælisstúlka (n, hk, kvk, kk) Hrósrödi um sérlega gott fólk. „Hún var mesta indælis kona“.

Indælisveður (n, hk) Veðurbliða; mjög gott veður. „Það má nú einhvernvegin fást við heyskap í svona indælisveðri“!

Innaf (ao) Innfyrir; fyrir innan. „Ég hóaði í kindurnar á Aurtjörninni, og ég held að þær hafi hrokkið innaf“. Við lögðum strenginn innaf Magnúsarhelminum“.

Innaná (ao) Á innra byrði; að innanverðu. „Ári er mikil móða komin innaná úrglerið“.

Innaneftir (ao) Að innan og úteftir. „Við rekum féð innaneftir Lambaganginum og út í Lambahlíðardal“.

Innanfjarðarbátur (n, kk) Bátur sem stundar innanfjarðarveiðar/innanfjarðarfiskirí. „Stundum; einkum þegar skyndilega brældi á djúpmiðum, komu innanfjarðarbátarnir með meiri afla en þeir sem lengra reru“.

Innanfjarðarfiskirí (n, kvk) Veiðar inni í firði. „Fyrir kom að vel aflaðist á þessu innanfjarðarfiskirí“.

Innanundirfatnaður / Innanundirföt / Innanundirbuxur / Innanundirhúfa / Innanundirpeysa / Innanundirsokkar / Innanundirskyrta / Innanundirvettlingar Fatnaður sem borinn var innanundir öðrum af sama tagi; hinn innri þó oft þynnri og óverulegri. „Ertu ekki í neinum innanundirsokkum“?

Innansveitar (ao) Í sveitinni/hreppnum. „Tölverð útgerð var orðin frá Eyrum meðan jarðirnar voru enn innansveitar í Rauðasandshreppi“.

Innanúrtaka (n, kvk) Taka/brottnám innnyfla úr skrokk. „Ég vann um skeið við innarúrtöku í sláturhúsinu“.

Innari / Innri (l, mst) Sá sem er innar en annar. Í seinni tíð hefur sterkari beygingarmyndin „innri“ verið almennt notuð, en líklega er veikari beygingarmyndin „innari“ upprunalegri. Meðal Kollsvíkinga var algengt að tala um t.d. innari stíuna í fjárhúsi, eða innari strenginn á netamiðum. Sama var með *utari -ytri*, sjá þar

Inná (ao) Inn á tún; inni á túni. „Hún Grána er enn einusinni komin inná“. „Ætliði að hafa kindurnar inná í allan dag“? Orðið sést ekki í orðabókum en svo virðist sem boltafréttamenn hafi tileinkað sér þetta málfar Kollsvíkinga í seinni tíð.

Innávið / Innum (ao) *Inneftir; innum*; í áttina inn. „Við förum hliðina innávið; inn í Láturdal“. „Ég mætti honum á Hænuvíkurhálsinum á leið innávið. Hann hefur líklega snúið við á Núpnum“. Ertu á leið innum“?

Inndú / Inndúls (n, hk) *Innvols*; innmatur; innihald. „Það er mikill matur í inndúlsinu“. (Inndúls er úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Innfjarðarbúi / Innfjarðarmaður (n, kk) Íbúi á innfjarðarbæ, þ.e. bæ við innanverðan Patreksfjörð. „Innfjarðarbúar þurftu ekki að fara fjallvegi í kaupstað, en Raknadalshlíðin var öllum jafn leiðinleg“.

Innfjarðarbær (n, kk) Bær sem tilheyrir Innfirðinum í Rauðasandshreppi. „Innfjarðarbæirnir sáu um blótið í fyrra, ásamt Rauðsendingum“.

Innfjarðarfé (n, hk) Sauðfé *innfjarðarmanna*. „Það er stefnt að því að slátra innfjarðarfé á mánudaginn“.

Innfjarðarmið (n, hk, fto) Fiskimið inni í firði. „Sum innfjarðarmið þekki ég; einkum grásleppumiðin“.

Innfrá (ao) *Innanvið*; fyrir innan Hálsinn. „Þau skruppu inná Gjöggra. Við klárum þetta meðan þau eru innfrá“.

Innfyrir (ao) Í hvarf inneftir. „Ég horfði á eftir honum innfyrir Trumbuna“. „Komdu innfyrir“.

Inngjafarbyssa (n, kvk) Síðari tíma orð; *ormalyfsbyssa*; áhald sem notað er til að koma ormalyfi ofaní sauðfé; ýmist pípa til að færa töflu afturfyrir tungurætur eða dæla til að koma fljótandi lyfi á sama stað.

Innhallandi (l) Um það sem hallar inn/*innávið*. „Tóftarveggurinn er orðinn mjög innhallandi, og gæti verið hættulegur bæði skepnum og fólki“.

Innidráp (n, hk) Aflögð veiðiaðferð, en þá var svartflugl rekinn í aðhald eða kvíar í bjarginu og drepinn þar.

Innidroll / Innihangs / Inniseta (n, hk/kvk) Hangs/droll inni í húsi þegar veður er gott og/eða nóg er að gera útivið. „Ég held ykkur væri nær að kíkja upp í hornabú í svona veðri strákar, en vera að þessu innihangsi“!

Innilegheit (n, hk, fto) Innileiki; ástúð; blíða. „Það voru víst engin innilegheit þegar þeir fóru að ræða eignarhaldið á hrútnum“! „Þau hjón hafa ekki sýnt okkur annað en innileguheit og velvild“.

Innikakkað / Inniparrukað / Innisperrt (l) Lokað inni. „Hann er örlítið að laga veðrið, sýnist mér; ég ætla að láta féð aðeins út. Það er ómögulegt að hafa það svona innkakkað allan daginn“. „Ég held að þetta ullarátt komi ekki síst til ef féð er lengi inniparrukað“.

Innikökkun (n, kvk) Innlokun við þröngar/slæmar aðstæður. „Ég er ekkert fyrir svona innikökkun á fé þegar eitthvað viðlit er að beita því út“.

Innistöðutið (n, kvk) Svo slæmt tíðarfar að fé er iðulega á innistöðu, þar sem ekki er unnt að halda því til beitar.

Innivið (ao) Inni; inni í húsi. „Hann er ekki innivið eins og stendur, en ég skila þessu til hans“.

Innisláttur (n, kk) Um lykkju af netatein sem slegist hefur inni netið og flækt það. Oftast gerist það þegar notaðir eru kubbar eða blý uppá linum teinum. „Hér hefur orðið fjárans innisláttur“.

Innlagnarfjandi / Innlagnargjóra / Innlagnarskítur (n, kk/kvk) Önnur/niðrandi heiti á innlögn. „Við skulum klára að vitja hér frammi; það verður ekki betra þegar kominn er innlagnarfjandinn“.

Innlagnargutlandi / Innlagnartypingur / Innlagnarveltingur (n, kk) Slæmt sjólag vegna innlagnar. „Hann getur orðið fjandi krappur þessi innlagnartypingur“.

Innlagnarvottur (n, kk) Vottur að innlögn; upphaf innlagnar. „Er kominn einhver innlagnarvottur svona snemma dags“?

Innsandur (n, kk) Innri hluti Rauðasands og bæir sem þar eru. Oft var þá átt við bæi innanvið Saurbæ, en stundum þó aðeins miðað við bæi innan Bjarngötudals.

Innsetningabekkur (n, kk) *Fellingabekkur*; sérstakt áhald til að *setja inn/fella net* á tein með *rörfellingu*. Bekkurinn er statív/standur sem á er fest röri (um 0 40-50mm). Þegar sett er inn er byrjað á að bregða öllum *fellimöskvum* á öðrum jaðri netsins netsins upp á rörið; hluta þeirra er brugðið uppá það með *skutilbragði*. Síðan er *netateinnin/pinurinn* þræddur gegnum rörið, móti þeim sem setur inn, um leið og hann fellir hvern möskva eftir annan fram af rörinu og um teininn og hefur hnútana með vissu millibili. Sama aðferð er viðhöfð við hinn jaðar netsins og að lokum er *gert fyrir* endana með *augasplæsi* eða *endasplæsi*. Vestra var lengi til sérstakur lágur tréstóll með þessum búnaði áföstum, og gekk hann milli bæja eftir þörfum.

Innsetningagarn (n, hk) *Fellingagarn*; *netagarn*; garn sem notað er til að fella net, þ.e. festa net á tein/pin, oftast með nálarfellingu. Garnið er þá undið upp á netanál með sérstökum hætti; nálinni er síðan stungið í gegnum nokkra samliggjandi *jaðarmöskva* netsins í einu, sitt á hvað, og gerður hnútur á teininn/pininn með vissu millibili, þannig að slaki verður í netinu miðað við þininn.

Inntakslítið (l) Innihaldslítið; merkingarlaust; dauft. „Mér fannst þetta vera inntakslítið raus um allt og ekkert“.

Inntökuskiphöfn (n, kvk) Áhöfn á aðkomubáti í veri. „Vermannabúdir hafa þar (í Lágnúpsveri) tilforna 18 verið. Nú eru þar uppi 4ar sem þessar inntökuskiphafnir liggja við“ (ÁM/PV Jarðabók).

Innum (ao) Um stefnu; inn fjörð/vík. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjár landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynna/nær landi eða ofar í landinu; *utum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innnyfir heiði/ inn í fjörð“. „Það var kaldaskítu og veltingur úti á Flóanum, en lægði mikið hér innum“.

Innundir (ao) Inn undir. „Hægt er að sigla innundir Breiðavíkurkleifna, og út hinumegin“.

Innú (ao) Áttavísun; inn í fjörð, t.d. úr Kollsvík inn í Hænuvík/Örlygshöfn/Patreksfjörð. „Það er nokkur tími síðan hann fór innú; hann ætti að vera kominn á Gjöggra“.

Innú / Innúrblautur / Innúrvotur (l) Blautur inn að skinni; gegnvotur. „Ég varð gjörsamlega innú í þessari fossrigningu“. „Skiptu nú um föt áður en þú ferð; þú getur ekki farið aftur af stað svona innúrblautur“.

Innvið (ao) Inni hjá/við; innst við. „Náðu fyrir mig í þessa upphyrndu, þarna innvið gaflinn“.

Innviklun (n, kvk) Aðkoma/aðild (að máli/hópi). „Ég skýrði mína innviklun í þetta“.

Innvirðulegheit (n, hk, fto) Innileiki; virðing; yfirborðskennend kurteisi. „Mér finnst nú alveg óþarfi að sýna þessum slordónum einhver innvirðulegheit með *tiilatogum*, eins og þeir hafa komið fram“!

Innvísandi (l) Með vísun innávið. „Hér er komið aðfall; mér sýnist færið vera heldur innvísandi“.

Innvortisóþægindi / Innvortisseiðingur / Innvortisverkur (n, hk/kk) Óþægindatilfinning/verkur innvortis. „Einhver fjárans innvortisseiðingur er búinn að vera að hrella mig í dag“.

Innyfir / Inn yfir (ao/orðtak) Inneftir og yfir. „... og nú stóð svo á að skömmu eftir hinn umtalaða réttardag þurfti Gummi að reka sláturlömb sín inn yfir Hafnarfjall og til slátrunar á Gjögurum“ (PG; Veðmálið).

Irriterandi (s) Truflandi; ergilegt. „Andskoti er það irriterandi þegar þessir frambjóðendur gleyma lofordunum um leið og þeir eru sestir á þingstólana“!

- Irrur** (n, kvk, fto) Pirringur; erjur; misklið. „Þannig gekk á ýmsum irrum og stríðni milli manna í Kollsvíkurveri, eins og víðar í verstöðvum“ (ÖG; glefsur og minningabrot).
- Í blálökin** (orðtak) Í lökin; að síðustu; þegar er að enda. „Það kom svolítill hrota í blálökin á vertíðinni“.
- Í flútt við** (orðtak) Jafnt við; sem ber við/saman. „Hornstaurinn er ekki vel í flútt við girðinguna“. Sjá *flútt*.
- Í klúftir** (orðtak) Um snjó- vatnsdýpt; ekki dýpra en svo að varla hylur klaufir kinda á göngu. Klúftir eru efst í bilinu milli klaufa sama fótar. „Ekki er þetta djúpur snjór, varla nema í klúftir“.
- Ídíal** (l) Tilvalið; upplagt. „Það er alveg ídíal að nota *kruður* úti rauðgrautinn“.
- Íblástur** (n, kk) *Íganga* var vaxandi skýjafar af ríkjandi átt, og merki um að hún héldist. *Íblástur* táknaði nánst það sama; átti þó öllu heldur við um sjálft veðrið“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). Halldór Kiljan Laxness nam þetta orð í heimsókn sinni vestra og notaði það í Paradísarheimt.
- Ífærulaus** (l) Án ífæru. „Ífærulaus fer ég ekki aftur í róður; það er alveg nóg að tapa einni lúðu fyrir það“!
- Íganga / Ígangsvæður / Ígangsstórviðri** (n, hk) *Uppgangsveður*; óveður að breyta á; veður að versna mjög. „Íganga var vaxandi skýjafar af ríkjandi átt, og merki um að hún héldist“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÓETH; DE og ÓM). „Þú ferð ekkert af stað núna; það er ígangsvæður og ég vil ekki vita af þér uppi á fjöllum í glóruleusri stórhrið“!
- Ígulkerjaflækja** (n, kvk) Flækja sem verður í neti við það að eitt eða fleiri ígulker festast í því.
- Ígulkerjaplága** (n, kvk) Vandræði vegna mikillar fjölgunar ígulkerja á veiðislóð. Ígulkerjum getur fjölgað mjög hratt við vissar aðstæður og eru þau þá fljót að éta upp þaraskóg, þannig að það sem áður var gjöfult veiðistaður verður alger auðn, auk þess sem netaveiðar tefjast mjög vegna síendurtekinnar ígulkerjaflækju.
- Ígulkerjastagur / Ígulkerjavaðall** (n, kk) Mikið af ígulkerjum í netum þegar þau eru dregin. „Hér er ekkert nema andskotans ígulkerjastagur; ekki ein einasta grásleppa“!
- Íhaldsdindill / Íhaldsfroskur / Íhaldsgepill / Íhaldshækja / Íhaldskurfur / Íhaldspési / Íhaldsseggur / Íhaldsskarfur** (n, kk/kvk) Niðrandi heiti á íhaldsmanni/ manneskju sem styður sjálfstæðisflokkinn eða aðra hægri flokka. „Hann er kannski ágætisgreiðingur fyrir marga parta; en þetta er árans ekkisen íhaldsfroskur“. „Ætli allir viti ekki hvað sá íhaldsdindill kýs“!
- Íhaldskanna** (n, kvk) Gæluorð um kaffikönnu sem tekur langan tíma að hella úr. „Þú skrúfar tappann aðeins til hliðar og hellir. En þetta er árans íhaldskanna, svo hún gefur ekki mikið í einu“.
- Íhlaup / Íhlaupaverk / Íhlaupaverkefni / Íhlaupavinna** (n, hk, fto/ hk/kvk) Verk sem sinnt er í stuttan tíma inn á milli annarra verka. „Þetta vinnst fremur hægt þegar það er einungis gert í íhlaupum“. „Ég sinnti þessu um tíma sem íhlaupaverkefni, en svo mátti ég ekki vera að því lengur“. „Ég hef þessa flækju fyrir íhlaupaverk“.
- Ílagagóður/ílagamikill** (l) Heldur mikill; vel úti látinn. „Þessi skammtur er nú helst til ílagamikill fyrir mig“.
- Ílátafátækur / Ílátatæpur** (l) Vantar fleiri ílát. „Mér sýnist að við séum að verða nokkuð ílátafátækir“. „Hafðu pokana með; það er slæmt að verða ílátatæpur ef eitthvað er að hafa“.
- Ímyndunarkjafaði / Ímyndunarþvæla** (n, hk/kvk). *Tilbúningur*; bull; *staðlausir stafir*. „Þetta var tóm ímyndunarkjafaði í honum“! „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona ímyndunarþvælu“!
- Ísaldarholt / Ísaldarkambur** (n, hk) Malarholt/malarkambur neðst í vikum og dölum sem ísaldarjökullinn hefur skilið eftir sig og víða má sjá í Rauðasandshreppi sem annarsstaðar. Holt þessi og kambur eru gjarnan rík af mól, sem jafnvel er þvegin af vatni og því er þar að finna gott efni í steinsteypu og önnur mannvirki. Nöfn tengd ísöld eru vitaskuld ekki eldra en vitneskja manna um hana, en á svæðinu hafa menn fylgst með vísindakeningum og yfirfært þær á sitt umhverfi þó hugtökin væru svæðisbundin. „Breiðsholt og Gjögurholt eru ágæt dæmi um ísaldarholt“.
- Ísaldarmenjar / Ísaldarmyndun / Ísaldarframburður / Ísaldarhryggur / Ísaldarjökull / Ísaldarleir / Ísaldarruðningur / Ísaldarset** Hugtök sem notuð hafa verið á seinni tíð til að lýsa ummerkjum/jarðlögum frá ísöld, en allt landslag í Kollsvík og nágrenni er einkum mótað af ísaldarjökli fyrir meira en 10 þúsund árum. Talið er þó að þetta svæði hafi fyrr orðið íslost en mörg önnur. „Neðst í gryfjunni var komið niður á glerhart ísaldarset“. Sjá einnig *ísaldarholt*, *ísaldarkambur* og *frostgígur*.
- Ísólingaband** (n, hk) Einangrunarband. Var nokkuð almennt notað eftir að raflagnir fóru að koma fyrst í hús í Rauðasandshreppi. Ísólingaband var í fyrstu eingöngu svartur lím- og tjöruborinn strigaborði.
- Ísferja** (n, kvk) „Ísklumpur sem samfrosinn er flökkuefni og laus frá botni. Getur bæði átt við þá myndunarsögu frostgíga sem hér er lýst, sem og borgaris sem flytur flökkusteina t.d. úr berggrunni Grænlands upp á landgrunn og fjörur Íslands“ (VÖ; frostgígur og myndun þeirra). Notað í Kollsvík vegna jarðfræðikenningar um frostgíga sem þar er upprunnin.

Ítroðsluaðferð (n, kvk) Vinnulag þar sem troðið er í með afli. „Svona ítroðsluaðferðir gagnast ekki á eggjakútana; þetta endar allt með ósköpum“.

Jaðarmöskvi (n, kk) Möskvi á jaðri nets. Jaðarmöskvar nets eru oft úr sterkara efni en netið sjálft, enda eru þeir notaðir til að fella/festa netið á teininn/þininn. Sjá *innsetningarnál*.

Jafnákveðinn (l) Eins ákveðinn. „Ég er enn jafnákveðinn í að fara þetta“.

Jafneinstakur (l) Eins merkilegur/einstakur/sérstakur. „hans skarð verður erfitt að fylla; jafneinstakur og hann var í þessum efnunum“.

Jafnjúgra (l) Um spendýr; með jafnsíð/jafnstór júgur; ekki *misjúgra*. „Þetta er fallestasta *fyrstakálfskvi*; vel byggð og jafnjúgra“.

Jafnkunnur (l) Eins kunnugur; þekkir eins vel til. „Guðbjartur Torfason er jafnkunnur öllum staðháttum hér og við, og á engan hátt ófærari til sjómenskulegra aðgerða en við“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Jafnóhrjálegur / Jafnótótlegur (l) Eins lélegur/illa útlítandi. „Kofagarmurinn getur varla staðið mikið lengur uppi; jafnóhrjálegur og hann er orðinn“. „Ég held ég hafi aldrei séð neinn jafnótótlegan og þennan prestræfil við skírnina. Niðurundan krimpaðri hempunni gægðust grútskítug búmmístígvél; hendurnar voru grómteknar af skít og um einn fingurinn flaksaðist kolsvart sárabindi. Skírnin tókst samt slysalaust, og ekki veit ég annað en barnið hafi orðið til fyrirmyndar í alla staði“.

Jafnséður (l) Eins glúrin/klókur/fyrirhyggjusamur. „Enginn er jafnséður í fjármálum og hann“.

Jahér / Jahérna / Jahérnahér / Jahverárin / Jahverskollinn / Jahverþremillinn / Jahvurandskotinn
Upphrópanir, oftast í byrjun setningar, sem lýsa mikilli undrun yfir því sem kemur á óvart. „Jahérna; þetta hafði ég ekki hugmynd um“! „Jahvurandskotinn; þessu bjóst ég síst við af honum“!

Jakkagarmur / Jakkalarfur (n, kk) Gæluheiti á jakka. „Ætli þurfi ekki kannski að burstu þennan jakkagarm“. „Hvar skyldi nú vera jakkalarfurinn minn“?

Jammogjæja / Jammogjæjapá (uh) Afbrigði af hikorðinu *jæja*. Án merkingar, en gjarnan notað annaðhvort sem aðdragandi að setning sem er fyrirboði athafna, eða sérstætt sem andsvar eða dæs. „Jammogjæjapá; ætli við þurfum ekki að fara að *hafa okkur* í þetta“.

Japp (n, hk) Það að tvístíga; stapp. „Það er eitthvað bannsett japp í henni Búkollu; eins og henni líði illa“.

Jappa (s) Tvístíga. „Vertu nú ekki að jappa lengur þarna í dyrunum; komdu innfyrr og sestu niður“. Virðist ekki þekkt utan svæðisins í þeirri merkingu. Einnig notað í afleiddri merkingu um að þrástaga á einhverju. „Enn er hann að jappa á þessu sama“.

Jarðarberjareitur (n, kk) Gróðurreitir/vermireitir þar sem jarðarber eru ræktuð undir gleri/plasti. „Sigríður á Láganúpi var mikil ræktunarmanneskja. Jarðarberjareitur var í horni garðsins við gamla Láganúps hússins, og við hlið hans voru beð með rófum, næpum, gulrótum, hvítkáli, blómkáli, grænkáli, salati og fleiri nytjajurtum; ásamt fjólu, morgunfrú og fleiri skrautjurtum. Kartöflugardur var frammi á skurðbakknum“.

Jarðræktarverkefni (n, hk) Verkefni um að rækta jörð/ gera tún til nytja. Kollsvíkingar keytu traktor í samlagi árið 1945, og gerðu samning um notkun hans sem nefndist „Jarðræktarverkefni Kollsvíkinga“.

Jarðvöðulsháttur (n, kk) Yfirgangur; ruddaskapur; sóðaskapur. „Menn sáu lítt fyrir í jarðvöðulshættinum þegar framræsla og túnaræktun komst í afgangnum með tilkomu stórvirkra véla. Í atganginum týndust fjölmörg örnefni, álagablettir voru óvirtir og jafnvel tortímdust merkar fornminjar“.

Jarvöðull (n, kk) *Jarðvöðull* (sjá þar); klunni; ruddi í verklagi. Menn nota orðið ýmist með eða án „ð“, og rökstyðja má báðar orðmyndir. Líklega er sú ð-lausa jafnvel rökréttari, þar sem vísað sé til þess sem hart gengur fram í orrustu (jöru) án tillits til afleiðinga; samnefni við berserkur eða stríðskappi. „Skelfilegur jarvöðull geturðu nú verið“!

Járnahaugur / Járnahrúga (n, kk/kvk) Haugur/hrúga af járn; ónýtt/lélegt tæki úr járn. „Þarna hafði verið grafið yfir einhvern járnahaug“. „Mér sýndist þetta fremur vera járnahrúga en bill; þetta kemst ekki langt“!

Jeminn / Jeminneini / Jeminneinisanni (u) Upphrópanir/jesúsanir sem algengar voru í munni viðkvæmra og hneykslunargjarnra, einkum kvenna. „Jeminneini; varstu að slasa þig“?

Jólaávestir (n, kk, fto) Ávestir sem neytt er um jólaleytið. „Mikið var lagt uppúr því að fá jólaávesti fyrir jólin. Verslun Sláturfélagsins Örlygs á Gjögnum fékk vanalega epli og appelsínur fyrir jól, þó ekki væri slíkt fánlegt endranær á fyrri tíð. Magnið var vanalega áætlað fyrirfram, og gert ráð fyrir hálfum og heilum kassa af hvoru á heimili til jafnaðar. Um aðra ávesti var ekki að ræða“.

Jólahreingerning (n, kvk) Gagnger þrif húsa fyrir jól. „Nokkrum dögum fyrir jól fór fram hin árlega jólahreingerning. Þá var húsið allt þrifið í hól og gólf. Mest hvíldi sú vinna á mömmu“.

Jólakaupstaðarferð (n, kvk) Ferð sveitafólks til jólainnkaupa í kaupstað. „Algennt var, ekki síst að vetrarlagi, að menn báru þungar klyfjar á eigin herðumyfir Hænuvíkurháls. T.d. þegar komið var úr jólakaupstaðarferð, en jafnan var farið í kaupstað fyrir jólin og þá keyptur ýmis varningur til hátíðarhaldsins“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Jólamessa (n, kvk) Messa á aðfangadagskvöldi. „Allir sátu hljóði og hlýddu á jálameßuna“.

Jólapoki (n, kk) Kramarhús sem sælgæti er sett í. Oft hengt upp á jólatréð og börnum síðan gefið í *jólatrésskemmtuninni*. „Ákveða varð hvað ætti að kaupa til að láta í jólapokana, og hverjir ættu að búa þá til. Stundum var ekki til efni í pokana. Þá voru teknar kápurar utanaf stílabókunum okkar, sem voru allavega litar, og notaðar sem efni í jólapokana.... Nú var runnin upp sú stund sem allir höfðu beðið eftir; bæði ungir og gamlir. Fyrst var gengið í kringum jólatréð og jólasálmar sungnir, og allir fengu jólapoka“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).

Jugga (einhverju) / Jugga til (s/orðtak) *Rórilla*; róa/ýta einhverju fram og til baka. „Billinn var þó ekki fastari en svo að með því að jugga honum fram og aftur tókst mér að losa hann úr festunni“. Samstofna enska orðinu „joggle“.

Jull / Julla (n,hk/ kvk) Mjög lítill bátur; bátshorn; skekta. Ýmist haft í hvorugkyni eða kvenkyni. „Hilmar smíðaði sér jullu úr krossviði, og var hún höfð á Stórvatninu um tíma“.

Jullár (n, kvk) Stutt ár sem höfð er á jullu. Orðið var oftast notað á þennan hátt, en ekki með u; „julluár“.

Júgurbólgustryndra (n, kvk) Þykkildi í mjólk sem kemur úr júgurbólgu smituðu júgri.

Júgurbólgustand / Júgurbólguvesen (n, hk) Prálát júgurbólga í kúm. Júgurbólga í kúm varð nokkuð vandamál á síðari árum kúabúskapar á Láganúpi, eins og víðar.

Jæja / Jæjapá / Jæjapið (u) Litla hikorðið jæja var töluvert notað í máli Kollsvíkinga, og þó það í sjálfu sér sé merkingarlaust þá fær það töluvert vægi eftir því hvernig það er sagt og hvar í orðaröðinni það stendur. Jæja getur verið sjálfstæð og innihaldsrík setning, eftir framburði, áherslum og tóntegund. Nefna má nokkra algenga notkun orðsins: a. Í byrjun samtals; til að rjúfa þögn og „gefa tóninn“. Oftast sagt rólega og langdregið með áherslu á æ. Jafnvel var notað lengra orð í staðinn; *jæjapá*, með áherslu í byrjun. Sumir notuðu bræðinginn *jæjapið*, þegar tveir eða fleiri voru viðstaddir. b. Sem andsvar í spurn, hrifningu eða eftirvæntingu, eftir óvæntar upplýsingar. Áherslan á æ, en nú í hækkuðum tóni. Þá var orðið stundum lengt í *nújæja*; með áherslu á æ, og það teygt. c. Andsvar sem lýsir vanþóknun eða vonbrigum við því sem sagt var. Áherslan á langt æ en nú í lækkaðri tóntegund. d. Andsvar í mikilli hneykslun eða forundran. Áherslan er á ja í endanum, og það jafnvel í tveimur eða fleiri tóntegundum í sama andsvari. Stundum var orðið slitið í sundur þegar viðbragðið var mikil og varð þá *jahja*, með áherslu á fyrri atkvæðið og það í hærri tóni. Var þá stutt yfir í annað andsvar; *jahér/jahérna/jahérnahér*, með áherslu á fyrsta atkvæði. e. Í formála að upphafi verks. Jæja er þá gjarnan sagt stundarhátt, með áherslu á fremra atkvæði en hitt einnig vel skýrt. f. Í samfelldri frásögn er orðið bæði notað í upphafi, til að hefja söguna, og einnig inni í sögunni til að brjóta hana upp og skipta um sviðsmyndir. Góðir sögumenn voru margir í Rauðasandshreppi og voru þeir gjarnan snillingar í notkun orðsins. Í upphafi sögu var tóntegund oft svipuð og lýst var í a-lið. Inni í sögunni voru tónar og áherslur orðsins fjölbreyttari; allt eftir því sem frásögnin gaf tilefni til. Oftast var áhersla á fremra atkvæðið og það ofar í tóntegund en það síðara. Stundum var síðara atkvæðið verulega hækkað í tóni, þó það væri áhersluminna. g. Upphröpun þegar eitthvað gerist sem beðið hefur verið eftir og mælandi orðinn *langeygur*. Var þá áherslan á seinna atkvæðið; það í lægri tóntegund; hækkaðri í endann og gjarnan langdregið. Fylgdi stundum setning, t.d.: „Jæja; það var kominn tími til“. h. Andsvar við beiðni; þegar látið er undan með semingi. Áherslan er þá á seinna atkvæðið og það í örlítið lægri tóni. Stundum notað *jæjapá*, og hin breytta tóntegund færð á síðasta atkvæðið. Þessi upptalning er alls ekki algild og þaðan af síður tæmandi fyrir þetta litla orð.

Kaðalbútur / Kaðalspotti / Kaðalstubbur (n, kk) Stuttur kaðall/vaður; kaðalendi; vaðstubbur. „Við skulum hafa með okkur þennan kaðalstubb frekar en ekki neitt, ef einhversstaðar þarf að halda við“.

Kaðlakista (n, kvk) Kista sem kaðlar eru geymdir í. „Fluglínutækin voru geymd í skúrnum á Melnum, en fyrirferðarmestar voru tvör stórar, hvítmálaðar kaðlakistur úr tré, með öflugum höldum til burðar“.

Kafaldsmolla / Kafaldsmugga (n, kvk) Mjög dimmt/þétt kafald í fremurhægu veðri eða logni. „Þegar fréttist um þennan fund rifjaðist upp fyrir fólki á Hnjóti og Geitagili, að snemma í janúar veturinn áður; í vestan hægviðri og kafaldsmollu. heyrðist mikið skipsflaut og stóð nokkurn tíma, seinni hluta dags“ (MG; Látrabjarg). „Um morguninn hafði verið kafaldsmugga“ (TÓ; Sjóslys í Rauðasandshreppi).

Kafaþoka (n, kvk) Niðapoka; kafaþoka; mjög þétt/dimm þoka. „Það verður erfitt að finna djúpþólið í þessari kafaþoku; við skulum bara taka grunnþólið þó hitt væri betra“.

Kafél (n, hk) Mjög dimmt él. Við sáum ekki spönn frá okkur í þessu kaféli, og gengum í kolvitlausu átt“.

Kafbeit (n, kvk) Mikil beit; vel gróið beitarland fyrir skepnur. „Féð sótti mjög í þessa kafbeit í klettunum“.

- Kafblautt á** (orðtak) Mikil bleyta á jörðu/grasi. „Það er kafblautt á ennþá. Maður hugsar ekkert til að breiða garðana fyrr en eftir hádegisd“.
- Kafbleyta** (n, kvk) Mikil bleyta. Einkum notað um mikla bleytu á jörðu. „Það hreyfir enginn hey í þessari kafbleytu“.
- Kaffibox / Kaffidallur** (n, kk) Box/ílát sem kaffiduft er geymt í, áður en lagað er úr því kaffi. „Gleymdu ekki að loka kaffidallinum“.
- Kaffidúkur** (n, kk) Lítil dúkur til að hafa á borðum, t.d. við kaffidrykkju. „Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka; bæði kaffidúka og ljósadúka þ.e. minni dúka til að hafa á borðum; löbera, púða, kommódujúka sem voru með sérstöku lagi...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).
- Kaffihland / Kaffilap** (n, hk) Mjög þunnt kaffi. „Skelfingar kaffihland varð nú úr þessu hjá mér“! „Það er nú eitthvað annað að drekka þetta en kaffilapið sem maður fær á sumum bæjum, sem ég ætla ekki að nefna; og berrassað í þökkabót“!
- Kaffikönnupoki** (n, kk) Poki í kaffikönnu sem notaður er við *uppáhellingu*. „Kaffikönnupokar voru áður saumaðir úr lérefsti eða, sem jafnvel þótti betra; úr skálm af bómullarnærbuxum. Þannig poka mátti þvo og nota mjög lengi“. Orðið finnst ekki í orðabókum. Annarsstaðar virðast menn hafa kallað þennan hlut kaffipoka, en í Kollsvík var kaffipoki eða kaffisekkur sá poki sem óbrenndar baunir voru keyptar í.
- Kaffilaus / Kaffilítill** (l) Skortur eða yfirvofandi skortur á kaffi. „Nú fer að líða að Gjöggraferð; við förum að verða kaffilítill eftir þennan gestagang“.
- Kaffiþorsti** (n, kk) Löngun í kaffi. „Það var nú útaf fyrir sig að hanga á brúninni; en kaffiþorstinn var alveg að gera útaf við mig“!
- Kaffiþurfi / Kaffiþyrstur** (l) Þurfandi fyrir kaffi; þyrstur í kaffi. „Mikið skelfing er ég nú orðinn kaffiþyrstur“!
- Kafsigla** (s) Sigla bát/skipi svo að hætta sé á að sökkvi. „Að þeir skuli ekki vera búnir að kafsigla dallinum fyrir löngu; eins og þeir hlaða hann djarft“!
- Kafsina** (n, kvk) Mikil sina á jörð; sinudyngjur. „Þarna á Stígnum er kafsina, enda ekki mikil beit“.
- Kakkaður / Kakkfullur** (l) Kjafullur; alveg fullur. „Netin frammi á víkinni voru svo kökkuð af drullu að við ætluðum ekki að ná þeim inn í bátinn“. „Dilkurinn er orðinn kakkfullur; þar kemst ekki lamb í viðbót“.
- Kakksalta** (s) Rígsalta; salta mjög mikið; salta svo mikið að hrúgur/kekkir af salti sitji ofaná. „Það má kakksalta fiskinn; verra er að vanti“.
- Kakksaltaður** (l) Svo mikið saltaður að haugar/kekkir sitji ofaná. „Efsta lagið kakksaltaði ég svo að hvergi sá í fiskinn“.
- Kakóbox** (n, hk) Box/dós sem kakó er keypt í. Kakóbox voru til margra hluta nytsamleg ílát eftir að innihaldið var búið úr þeim. T.d. sem *berjabox*, *kökubox* eða *brauðbox*.
- Kaldaskítur / Kaldaskratti / Kaldasperringur / Kaldaspæna / Kaldaþræsingur** Ýmis heiti á stífum vindi/kalda. „Hann er að leggja upp einhvern kaldaskratta“. „Árans kaldasperringur er þetta að verða“!
- Kaldibrunnur** (Sérn. kk) Kaldavermsl; uppspretta með köldu vatni. Kaldibrunnur er algengt örnefni á mörgum jörðum í Rauðasandshreppi og e.t.v. víðar. „Brunnsbrekka dregur nafn af læk, en nær bæ rétt við girðinguna er Kaldibrunnur“ (GG; Örn.skrá Láganúps). „Undan Kryppufæti er uppspretta sem heitir Kaldibrunnur“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).
- Kalítt** (n, hk) Masónít; þunnar, brúnar, pressaðar trefjaplötur sem notaðar voru víða til inniklæðninga íbúðahúsa eftir daga torfbæja. Kalítt var algengasta heiti þeirra vestra; masónít minna.
- Kalkhrjónungur / Kalkhrúður / Kalkskán / Kalkútfelling** (n, kk/hk/kvk) Heiti á útfellingum sem verða úr kalkríku vatni, eins og t.d. er á Láganúpi. „Með tíð og tíma sest kalkhrjónunungur innanum vatnslagnirnar og stíflar þær meira og minna“.
- Kalsagjóstur / Kalsagustur** (n, kk) Köld gola; kaldur vindur; *neþja*. „Láttu þér nú ekki varða kalt í þessum kalsagjóstri“! „Það er dálítill kalsagustur, en annars bjart og ekkert að veðri“.
- Kalsahraglandi / Kalsahrevtingur** (n, kk) Vægt slydduél með *kuldagjósti*. „Búðu þig vel fyrir smölunina; það er kominn leiðinda kalsahraglandi“. Fleiri orðasamsetningar voru viðhafðar með sama forskeyti.
- Kalsanæðingur / Kalsaskítur** (n, kk) Kaldur vindur; *næðingur*; *kuldagjóstur*. „Það er úkomulaust eins og er, en bölváður kalsaskítur og nauðsynlegt að klæða sig vel“. „Árans kalsanæðingur er þetta“!
- Kalsléttu / Kaltún** (n, kvk/hk) Sléttu/tún sem orðið hefur fyrir kalskemmdum. „Það tekur því varla að slá þessa kalsléttu“.

Kalúnera (s) Hreinsa hár af skinni með því að leggja það í heitt vatn og/eða með kalki. „Svínaslátrun var stunduð a.m.k. eitt haust í sláturhúsinu á Gjögnum. Í því skyni var smíðað stórt ker úr áli til að kalúnera skrokkana“.

Kamarferð (n, kvk) Ferð á kamarinn til páfatafls. „Ég er hræddur um að þessi brauðsúpa geti kostað einhverjar kamarferðir hjá þér, ef þú ætlar að fá þér þriðja diskinn“!

Kandísrófa (n, kvk) Rófa sem notuð er til að bræða í kandís. „Þetta húsrád til lækninga á kvefi var notað þegar við bræður vorum að alast upp á Láganúpi og rófurnar voru nefndar því nafni“ (VÖ). „Rófurnar voru skornar sundur (hráar) og tekinn þriðjungur innan úr miðjunni; látinn kandísmoli í holuna og látinn renna. Svo var safinn gefinn inn með skeið, þeim sem voru með kvef“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Kanilsykur (n, kk) Sykur sem blandaður er með kanilkryddi og notaður útá grjónagraut/velling. „Það þarf að blanda ögn meira af kanilsykri“. Jöfnum höndum var talað um kanil og kanilsykur þegar átt var við blandaðan kanil.

Kanthefta / Kantsaga (s) Hefla/saga af kanti á borðvið, plötu eða öðru. „Ég slípaði borðplötuna og kantheftaði hana alla“.

Kantskera (s) Skera/snyrta kanta/brúnir. „Við skulum láta torfið ganga aðeins útaf veggnum og kantskera það svo á eftir“.

Kantskorinn (l) Búið að kantskera/snyrta. „Alltaf er nú *settlegra* að sjá þetta svona vel kantskorið“.

Kappalinn / Kappfóðraður (l) Fóðraður/alinn mjög vel; hefur fengið nóg föður. „Hrúturinn var víst svo kappalinn hjá honum að hann gagnaðist lítið framan af“. „Féð hefur verið kappfóðrað í vetur“

Kappbúinn / Kappklæddur (l) Mjög vel búinn/ mikið klæddur. „Manni getur varla kólnað, svona kappklæddum“. „Mér varð fljótt alltof heitt, enda kappbúinn“.

Kappnógur / Kappnægur (l) Alveg nóg; yfirdrifið; *ærið*. „Þetta er nú kappnógur skammtur fyrir mig, ég *torga* þessu varla“. „Kindurnar höfðu haft kappnæga beit í sjálfheldunni, og voru vel á sig komnar“.

Kapptínsla (n, kvk) Keppni í tínslu berja/eggja. „Enginn lagði í kapptínslu við Bugga; hann var alltaf langfyrstur að fylla“. „Við byrjuðum sinn á hvorum enda urðarinnar og svo var kapptínsla þar til við mættumst á henni miðri“.

Karakálfur (n, kk) A. Nýborinn kálfur sem ekki hefur verið karaður. B. Meira notað í líkingum um mann sem er illa að sér; nýgræðing; heimskingja. „Hann er alger karakálfur í þessum efnunum“.

Karakerslaus (l) Skortir persónuleika/ sérkenni í hegðun. „Ég kann aldrei við þessi einsleitu og karakerslausu hvítu hænsni. Það má mikið vera ef eggin úr þeim eru ekki bragðlausari líka“!

Karbarator (n, kk) Blöndungur á bensínvél. „Einhver andskotans stífla er í karbaratornum *eina ferðina enn*“!

Karlafmánin / Karlanginn / Karlaulinn / Karlauminginn / Karlálftin / Karlbjálfinn / Karlfjandinn / Karlgarmurinn / Karlgepillinn / Karlfaskurinn / Karlfýlan / Karlhelvítið / Karlhólkurinn / Karlhlunkurinn / Karlhrotan / Karlhróið / Karluglan / Karlgreyið / **Karlkurfurinn / Karlkvikindið / Karlrassgatið / Karlrassinn / Karlrokkurinn / Karlryjan / Karlræfillinn / Karlpungurinn / Karlsauðurinn / Karlskarið / Karlskepnan / Karlskrattinn / Karlskrjóðurinn / Karlskröggurinn / Karlskuddinn / Karlskunkurinn / Karlskúmurinn / Karlskömmin / Karlttötrið / Karluglan / Karlvesalingurinn** Gæluorð um karlmenn í umtali; oft í góðlátlegri meiningu, en stundum neikvæðri. Einatt með greini. Blæmunur er á notkun eftir samhenginu. Karlanginn, karlauminginn, karlhróið og karlgarmurinn eru t.d. notuð í vorkenningskyni (oft án forskeytisins); karlálftin og karlhólkurinn ef um yfirsjón eða góðverk hefur verið að ræða en karlaulinn, karlfaskurinn, karlfjandinn, karlfýlan, karlhelvítið, karluglan og karlskúmurinn hafa neikvæðasta merkingu. Sambærileg gæluorð eru stundum notuð um kvenfólk í umtali, en þá með forskeytinu kerlingar- í stað karl-. Eðlilegt er þó að í svo fjölmennri verstöð sem Kollsvík var um aldaraðir hafi fleiri slík gæluorð verið notuð um karlmenn. Áðurfyrra þótti slík orðanotkun ekki hafa þá meiðandi merkingu sem viðkvæmni borgarsamfélagsins vill vera láta í dag. „Hvað skyldi hann meina með þessu, karlskúmurinn“? „Hvað var hann eiginlega að hugsa, karlgepillinn“?! „Ég held að karlrassinn geti átt sig fyrir mér“! „Ekki held ég að ég *stjani* meira við karlrassgatið en orðið er“! „Hann á það nú skilið karlkurfurinn, að fá þessa viðurkenningu eftir sitt *ævistred* í þágu annarra“. „Það verður nú að virða það við karlkvikindið að hann er allur af vilja gerður, þó þetta fari svona í handaskolum hjá honum“. „Ég *hálfvorkenni* honum, karlryjunni; að þurfa að búa við þetta bölvæð skass“. „Hvert ætlar karlafmánin eiginlega að fara með féð“?!

Karlaskapur (n, kk) Mannlýsing; þegar menn eru orðnir stirðir og ódrjúgir til einhverra verka. „Þetta er nú allt komið í karlaskap hjá mér núorðið; ár og dagur síðan ég fór ofan í kletta til eggja“.

Karmavillt (l) Um það þegar maður/ær fer í/opnar rangan karm á fjárhúsi. „Ég fór eitthvað karmavillt þegar ég hleypti fénu út; áttaði mig ekkert fyrr en gemlingaskrattarnir komu valhoppandi út“.

Karmdyr (n, kvk, fto) Dyr á karmi. „Stattu innanvið karmdyrnar svo gemlingarnir ryðjist ekki allir út í einu“.

Karmi (n, kk) *Fuglakippa* sjá þar. Notkun orðsins virðist hafa takmarkast við Útvíkurnar.

Kartöflubingur / **Kartöfluhrúga** (n, kk/kvk) Bingur/hrúga af kartöflum.

Kartöfludiskur / **Kartöflupottur** / **Kartöfluskál** (n, kk/kvk) Ílát sem kartöflur eru bornar fram í, eftir að soðnar hafa verið í kartöflupotti. „Réttu mér kartöfludiskinn“.

Kartöflufata / **Kartöfluilát** / **Kartöflukyrna** / **Kartöfluskál** / **Kartöfluspanda** (n, kvk/hk) Ílát sem notuð voru til að setja kartöflur í þegar þær voru teknar upp. Vanalega hafði hver *upptökumaður* hjá sér tvö ílát; annað stórt fyrir stærri kartöflurnar/ *matarkartöflur*, og hitt minna fyrir *myrið*. Stundum var það þriðja haft undir útsæðiskartöflur, en oftast voru þær flokkaðar frá þegar búið var að breiða til þurrks.

Kartöflugaffall / **Kartöfluklóra** / **Kartöflukvísl** (n, kvk) Kvísl til að taka upp kartöflur. Kartöfluklóra er sérstaklega til þess ætluð; með vinkilbeygða tinda sem höggvið er niður við kartöflugrasið. Kartöflugaffall er sama verkfærið og *hnausakvísl/hnausagaffall*; ýmist með sívölum eða flötum tindum; ætlaður fyrir ástig.

Kartöflupoki / **Kartöfluposi** / **Kartöflusekkur** / **Kartöfluskjatti** (n, kk) Poki undir kartöflur/poki með kartöflum. Sekkur er stór poki en skjatti eða posi er lítill.

Kasta kisum (orðtak) Um veður; setja yfir vindkviður, þó ekki meiri en þegar kattarfeldur strýkst við vanga. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur, en þó þekktist kisuvindur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Kasúldna (s) Verða mjög úldinn/ dragúldinn. „Nú er fiskslógið farið að kasúldna þarna í fótunni“.

Kattarafmán / **Kattaróbermi** / **Kattaróvæni** / **Kattarskarn** (n, hk) Gæluorð um kött. Orðið *óvæni*, eða *óvæmi*, er gamalt í málinu en sennilega ekki notað utan Kollsvíkur og þá í þessari samsetningu.

Kattarfjandi (n, kk) Skammaryrði um kött. „Er nú kattarfjandinn búinn að drepa máriuerluna sem varp í mókofatöttinni“?!

Kattarhland (n, hk) Þvag úr ketti. „Komdu árans kettinum úr hlöðunni; ég kæri mig ekkert um að fá kattahland í heyið“!

Kattarhola (n, kvk) Hola sem köttur fer um. Kattarholur eru til á a.m.k. þremur stöðum sem örnefni í Rauðasandshreppi. „Kattarhola nefnist hola í hlein rétt utanvið Þyrsklingahrygg, norðantil í Blakknesi. Á köttur að hafa farið þar inn og komið út á Kattarholuvegi í Keflavík“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur). „Neðst, undir miðju klettabelti Lambabrekku, er hola er Kattarhola nefnist. Á hún að liggja þvert í gegnum hálsinn og koma út í Gissurstúnunum í Kvígindisdalsbotninum“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Kattarplatur (n, hk) Matarskál kattar. „Settu fiskruslið í kattarplatrið. Ekki veitir henni af; *óvæninu atarna*“.

Kauðalega / **Kauðslega** (ao) A. Klaufalega; illa. „Mér fannst kauðalega farið að hlutunum“. B. Af óbilgirni/illgirni/meinsemi. „Hann kom kauðslega fram við blessaða konuna“.

Kauðalegur / **Kauðslegur** (l) A. Búralega/hallærislega klæddur. „Ósköp er karlinn alltaf kauðalegur til fara“. B. Illgjarn; kvikindislegur. „Mér finnst þetta bara kauðsleg framkoma“!

Kauðsháttur (n, kk) Illgirni; undirferli; mannvonska. „Mörgum fannst þetta kauðsháttur af honum“.

Kaunast (s) Meiðast; slasast. „Það sleppur enginn frá svona falli án þess að kaunast verulega, ef hann þá sleppur við örkuml eða bana“.

Kaupstaðarferð / **Kaupstaðarleiðangur** (n, kvk/kk) Eyrarferð; ferð í kaupstað. „Fönið var aðallega notaður sem hákarlaskip, en einnig sem skreiðarskip og flutningaskip í kaupstaðarferðum“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi). „Á sumrin voru kaupstaðarferðir eingöngu farnar á sjó“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK). „Ætli maður verði ekki að fara í kaupstaðarleiðangur til að nálgast þetta, þó ég hafi engan tíma til þess“.

Kaupstaðarnef (n, hk) Áberandi rautt nef. Nafngiftin vísar til þess að vínhvneigðir menn héldu sig gjarnan nærri vintunnum kaupmanna, en ein afleiðing drykkjuskapar er rauðleitt nef. Nokkuð notað í líkingum: „Skolli ertu kominn með myndarlegt kaupstaðarnef strákur; er þér kalt“?

Kálbrúskur / **Kálhnúskur** (n, kk) Hnúskur/brúskur/planta af skarfakáli. „Það er lítið hald í kálbrúskinum“. „Gættu þín að detta ekki um staksteina eða kálhnúska í hillunni“.

Kálfabeit (n, kvk) Bithagi fyrir kálfá. „Það er ágæt kálfabeit þarna í kringum seilarnar“.

Kálfabland / **Kálfamjól** (n, hk/kvk) Mjólkl blönduð undanrennu, vatni, fódurmjöli eða öðru, og gefið kálfum.

Kálfabytta / **Kálfadallur** / **Kálfafata** / **Kálfaspanda** (n, kk/kvk) Ílát sem kálfum er gefin mjólkl í, eða annað kálfafóður. „Jafnaðu þessum sopa í kálfadallana“. „Hvar er nú blessuð kálfaspandan“?

Kálfagarði / **Kálfakarmur** (n, kk) Karmur/garði í fjárhúsi/fjósi þar sem kálfar eru hafðir. „Það þyrfti að laga grindurnar í kálfagarðanum“. Hluta fjárhússins á Laganúpi var breytt í fjós og kálfagarða.

Kálfagerði (n, hk) Hólf/girðing sem kálfar eru geymdir í, án þess að þar sé mikil beit. „Hilmar kom upp kálfagerði framan við fjósið á Láganúpi þegar hann tók við búskap“.

Kálfagirðing / Kálfahólf (n, kvk/hk) Girðing/girðingarhólf sem kálfar eru hafðir í. „Ég ætla að fara með hey í kálfagirðinguna“.

Kálfahersing / Kálfahópur / Kálfaskari / Kálfastóð / Kálfastrolla (n, kvk/kk) Hópur af kálfum Ungnaut og kvígur voru gjarnan höfð í girðingu eða vel spröttum úthaga, og héldu sig oft saman í hóp. Var illa séð ef hópurinn komst inn á ræktuð og óslegin tún. „Nú hefur hliðið á Júlíamænum verið skilið eftir opið, og kálfastrollan er vaðandi um alla Grásteinsléttuna! *Bregðið nú undir ykkur betri fætinum* strákar“! „Eftir að mjólkursala hófst, fjölgaði mjög í kálfastóðinu“.

Kálfaket (n, hk) Kálfakjöt; ket af kálfum. „Kálfaket er herramannsmatur, ef rétt er eldað“.

Kálfaskól / Kálfaskólþ (n, hk) A. Eiginleg merking; vatnsblönduð mjólk sem kálfum er gefin þegar þeir er farnir að nærast eitthvað af grasi/heyi. B. Niðrandi heiti sumra á mjólkurbönduðu kaffi (því sem einhverjir nefna „latte“). „Þú þarft ekki að koma með mjólk fyrir mig. Eg drekk bara kaffi en ekki neitt kálfaskólþ“!

Kálfkvikindi / Kálfóbermi / Kálfpevi / Kálfpusi / Kálfskuddi / Kálftötur (í fleirtölukálfkvikindi) (n, hk) Gælurorð um kálf/kálfa. „Gleymdu nú ekki að gefa kálfkvikindinu dálítinn sopa“. „Kálfkvikindin þurfa að hafa eitthvað afdrep, ef gerir slæm veður“. „Vertu nú ekki með kálfpusann hérna uppi á stéttinni“.

Kálfaflátrun (n, kvk) Slátrun kálfa. Á seinni tímum hefur tíðkast að ala kálfa upp í nær tveggja ára aldur *til frálags í ungnautaket*, og á orðið við tímann sem sláturtíð þeirra stendur. Fyrum var kálfum of slátrað yngri.

Kálhilla (n, kvk) Hilla/gangur í klettum, þar sem mikið vex af skarvakáli. „Til að komast yfir á höfðann þurftum við að fara um nokkuð langa kálhillu“.

Kássufúinn (l) Grautfúinn; mjög *feyskinn*. „Grindasláin er orðin kássufúin og handónýtt“.

Kátlegheit (n, hk, fto) Furðuleg/brosleg uppákoma; kjánalæti; *undarlegheit*. „Ég kann enga skýringu á þessum kátlegheitum í karlinum, en hann verður að fá að hafa sína sérvisku fyrir sig“.

Keðjureykingamaður (n, kk) Maður sem keðjureykir/ reykir hverja sigarettuna á fætur annarri. „Það þýðir nú lítið að hafa einhverja síhóstandi og úthaldslausa keðjureykingamenn í svona smalamennskur“!

Keflahlunnur (n, kk) Hlunnur til að setja báta, með járnkefli á tréramma. Uppfinning Ásgeirs Erlendssonar á Hvallátrum (sjá *hlunnur*). „Upp úr þessum vangaveltum smíðaði ég keflahlunna úr járn og eik“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Kekkjaskyr (n, hk) Kekkjótt skyr; illa hrært skyr, með grófari kekkjum en *gráðhestaskyr*. „Ekki líkaði mér kekkjaskyrið hjá henni, en hveitikökurnar voru lygilega góðar“.

Kenderí (n, hk) Fyllerí; *altarisganga*. „Þeir eru að flækjast á milli bæja á kenderí, skilst mér“.

Kenjadýr / Kenjagripur / Kenjakrakki / Kenjakvikindi / Kenjaskepna (n, hk/kk) Kenjótt/fyrirtektarsöm manneskja/skepna; sérvitringur. „Þetta er óttalegur kenjagripur, þó hann sé að ýmsu leyti vel gefinn“. „Þessi langvía er stundum mesta kenjakvikindi“. Einnig stundum notað um vélar: „Vélin í bátnum var mesti kenjagripur“.

Kennsli (n, hk) Um skakveiðar; að verða var; fá sæmilega veiði. „Nafnið á miðinu (Bjarni Gíslason) er þannig til komið að menn létu reka þarna á skaki og fengu sæmilegt kennsli á þessum bletti...“ (IG; Sagt til vegar).

Kepphúfa (n, kvk) Hluti meltingarfæra jörturdýra; sá hluti keppsins sem nær er vélindanu. Orðið var einungis notað þegar vömbum var skipt og saumað fyrir þær við sláturgerð. „Saumaðu fyrir þessar kepphúfur“.

Kerlingahland (n, hk) Ónýtt/óætt krækiber, annaðhvort vegna ofþroska/elli eða vegna næturfrosts. „Ber hafa sumsstaðar frosið í nótt; í lautunum er ekkert nema kerlingahland“.

Kerlingarapparat / Kerlingarálka / Kerlingarbrýni / Kerlingarherfa / Kerlingarhrota / Kerlingarhukla / Kerlingarskass (n, kvk) Niðrandi heiti á kvenmanni. „Hún var að skamma mig fyrir þetta, kerlingarapparatíð; ég held hún ætti frekar að skamma karlinn sinn“! „Skratti ætlar hún að reynast erfið; þetta kerlingarbrýni á skattstofunni“! „Hún ætlar hreint ekki að geta skilið þetta; kerlingarhuklan“!

Kerrufóður / Kerrumatur (n, kk) Úrgangur/ ónýtt ket í sláturhúsi sem fer í kerru, til urðunar. Allmikið notað í sláturhúsinu á Gjögurum, en virðist ekki hafa verið mjög útbreitt. „Þessi *horskrokkur* er bara kerrumatur“.

Kersknisskálðskapur / Kersknisvísa (n, kk/ kvk) Skammarvísa; níðvísa; háðvísa. „Margir höfðu gaman af því að hnoða saman vísu í Verinu; þó getan til þess væri misjöfn. Mikið af þessu voru tækifærisvísur af ýmsu tagi og kersknisskálðskapur, en einnig prýðisgóðar formannavísur og annar skálðskapur“.

Kertaklemma (n, kvk) Lítil járnklemma með höldu fyrir lítið kerti á öðrum kjammanum; notuð sem festing fyrir kerti á *jólatré*. „Kertaklemmur lögðust af eftir að jólaseríur fyrir rafmagn komu til sögunnar, en voru notaðar, t.d. á Láganúpi fram yfir 1960“ (VÖ).

Ketafgangur (n, kk) Afgangur/leifar af ketmáltíð. „Það má hita þessa ketafganga í sósunni í kvöld“.

Ketarða / Ketdróg / Ketbiti / Ketnurta / Ketögn / Kettutla / Kettægja (n, kvk) Ögn/flís/smábiti af keti/kjöti. „Eftir að hann hafði kroppað af beinunum var ekki eina einustu ketörðu á þeim að finna“.

Ketát (n, hk) Neysla kets. „Mikið verður gott að fá saltfisk eftir allt þetta ketát um hátíðarnar“.

Ketbirgðir / Ketfjall (n, kvk, fto) Birgðir af keti/kjöti; offramleiðsla á keti.

Ketdiskur / Ketfat / Kettrog (n, kk/hk) Diskur/fat/trog með keti/ fyrir ket. „Þú ert nær ketdiskinum; skerðu smáflís fyrir mig“.

Ketfars / Kethakk / Ketkássa (n, hk) Kjöttfars/kjöthakk/kjörtkássa.

Ketfasta (n, kvk) Fasta þar sem kets er ekki neytt. „Í kaþólskum sið var ketfasta síðustu tvo daga fyrir upphaf páskaföstu“.

Ketfasta (s) Bindindi á ketneyslu.

Ketfat (n, hk) Fat með keti/ undir ket. „Réttu mér ketfatið“.

Ketflís (n, kvk) Sneið af keti/kjöti. „Gefðu mér tvær ketflísar. Það má alveg vera eitthvað ljóst með“.

Ketflutningar (n, hk, fto) Flutningar á keti/kjöti, t.d. frá sláturhúsi.

Ketfylling (n, kvk) Fylling af keti í annarskonar mat. „Hún bar fram minn uppáhaldsrétt; samanbrotnar eggjakökur með ketfyllingu“.

Ketgaffall (n, kk) Stór gaffall sem notaður er til að ná keti úr potti og til að hafa á ketfati.

Kethjastur / Ketmusli (n, hk) Tægjur/upsóp/sag af keti, þar sem ket hefur verið stykkjað/sagað niður. „Sópaðu þessu ketmusli saman og fleygðu því í hundinn“.

Kethnífur (n, kk) Kjöthnífur; hnífur sem hentar vel í ketskurð.

Ketilát (n, hk) Ílát undir ket; ílát með keti. „Ég nota þetta varla fyrir ketilát“.

Ketjafningur / Ketkássa (n, kvk) Marið/hakkað ket, sem soðið er sem þykkur grautur. Oft borðað með kartöflumús. Ketjafningur var af sumum talið finna orð.

KetkvarTEL / Kettunna (n, kvk) KvarTEL/tunna með keti/ fyrir ket. „Láttu standa vatn í ketkvarTELinu til að þetta það“.

Ketlæri (n, hk) Kjötlæri.

Ketmáltíð / Ketsoðning / Ketveisla (n, kvk) Máltíð kets; málsverður þar sem ket/kjöt er á borðum.

Ketmatur / Ketmeti (n, hk) Matur sem samanstendur einkum af kjöti/keti. „Maður hefur borðað svo mikið ketmeti yfir jólin að nú væri góð tilbreyting að fá fisk“.

Ketpoki (n, kk) Kjötpoki; grisjupoki sem ketskrokkum var pakkað í eftir slátrun. Snemma hvers morguns, áður en slátrun hófst, mætti hópur manna í Gjöggrasláturhúsi til að pakka keti frá deginum áður.

Ketpottur (n, kk) Pottur sem ket/kjöt er soðið í.

Ketréttur (n, kk) Kjötréttur.

Ketsax (n, hk) Sax sem notað er til að höggva ket í spað, til söltunar í saltket.

Ketskammtur (n, kk) Skammtur af keti/kjöti.

Ketskrokkur (n, kk) Kjötskrokkur; skrokkur af skepnu sem slátrað hefur verið.

Ketskrúbbur (n, kk) Skrúbbur sem notaður er til að þvo ketskrokk. Meðan slátrað var í nýrra sláturhúsinu á Gjöggrum var slíkur skrúbbur útbúinn þannig að sagaður var í tvennt langur handskrúbbur; borað gat í helminginn og þar í skrúfuð vatnsbyssa sem tengd var slöngu með rennandi vatni. Til venjulegra þvotta á ketskrokk var bundin grisja yfir hárin, en þau óvarin ef ná þurfti óhreinindum af.

Ketsög (n, kvk) Sög til að hluta ketskrokk í sundur. „Ári er nú ketsögin að verða tannlaus“.

Ketsöltun (n, kvk) Söltun kets/kjöts. „Ketsöltun er nákvæmnisverk, og misjafnt hvernig mönnum ferst það úr hendi. Illa saltað ket er fljótt að skemmast“.

Ketlingskvikindi (n, hk) Gæluorð um kettling. „Vertu nú ekki að djöflast lengur í kettlingskvikindinu“!

Ketþvottur (n, kk) Þvottur ketskrokks eftir slátrun. Ef hreinlega tekst til við fláningu og innanúrtöku þarfnast skrokkur yfirlétt ekki þvotta, en í nýrra sláturhúsinu á Gjöggrum voru skrokkar einatt þvegnir með ketskrúbb; einkum að innan og á hálsi eftir að hálsæðar höfðu verið skornar af.

Keyrslutími (n, kk) Tími sem vinnuvél er keyrð; vinnutími vélar. „Gjal fyrir vélina skal vera kr 15.00 á klst; reiknað fyrir keyrslutíma frá því að vélin kemur á vinnustað“ (Starfsreglur fyrir jarðræktarverkefni Kollsvíkinga 1945).

Keytufýla (n, kvk) Stæk lykt af hlandi/keytu. „Mér varð hálf ómótt af keytufýlunni þarna inni“.

Kiðagrey / Kiðakútur / Kiðalýja / Kiðaskinn / Kiðastubbur (n, hk/kk/kvk) Gæluorð í ávarpi við ungbörn. „Komdu hérna kiðakúturinn minn“. „Langar þig að ná í þetta, kiðastubbur“?

Kikkófær (l) Algerlega ófær; mjög mikil ófærð. „Fjörurnar eru gjörsamlega kikkófærar núna“.

Kindaket / Kindakjöt (n, hk) Ærket; ket af fullorðnu. „Ég nota þetta kindaket í kæfugerð“.

Kisulóra / Kisukvikindi (n, kvk) Gæluorð um kisu/kött. „Hvað er kisukvikindið nú að sniglast frammi á túni“?

Kíkishulstur / Kíkistaska (n, hk) Hulstur/taska utanum kíkí. „Hér er kíkistaskan tóm; einhver hefur gleymt að setja kíkinn á sinn stað“.

Kíkisól (n, kvk) Ól á kíkí til að bregða um hálsinn til öryggis.

Kíkisræfill (n, kk) Gæluorð um kíkí. „Það er víst eins gott að muna eftir að hafa kíkisræfilinn með“.

Kíttisbyssa (n, kvk) Kíttissprauta; áhald til að sprauta kítti/þéttiefni í rifur og samskeyti.

Kjaftablaður (n, hk) Kjaftæði; *munnræpa*; bull. „Ég hlusta ekki á svona rugl; þetta er ekkert annað en kjaftablaður“!

Kjaftaglúmur / Kjaftaskúmur (n, kk) Kjaftakvörn; málgefinn/lausmáll maður. „Það er ekki hægt að trúá þessum kjaftaglúmi fyrir nokkrum hlut“!

Kjaftabáttur (n, kk) Báttur í útvarpi/sjónvarpi þar sem mikið er talað/blaðrað. Einkum notað í niðrandi tón um þá sjálfhverfu blaðurþætti sem tröllríða fjölmiðlum, þar sem fáeinir fjölmiðlamenn á launum hjá almenningi blaðra hver við annan um eigin áhugamál með aulalegum hlátrasköllum og flissi.

Kjaftapvaður / Kjaftabras / Kjaftapvæla / Kjaftæði (n, kvk/hk) Algert rugl/bull; alger vitleysa; *haugalygi*. „Ég heyrði þessu fleygt, en ég býst við að það sé bara einhver kjaftapvæla“. „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona kjaftæði öllu lengur“!

Kjaftfylla (s) Yfirfylla; fylla alveg; troðfylla; pínsfylla. „Það þýðir ekki að kjaftfylla pokann; þú verður að ná að binda fyrir hann“! „Það gerði því lítt sandrok að Torfalækurinn kjaftfylltist af sandi“.

Kjaftíska (n, kvk) Kjaftæði; bull; þvæla; orðatiltæki sem ekki fær staðist og/eða hefur ekki tíðkast. „Hverskonar kjaftíska er þetta nú eiginlega“?!

Kjaftstopp (l) *Klumsa; eiga ekki til orð*. „Ég hélt að þeir væru að ljúga til um aflann, en þegar ég gáði í bátinn varð ég alveg kjaftstopp“. „Kerlingin hellti sér yfir karlinn með óbótaskömmum þegar hann kom heim, svo hann varð alveg kjaftstopp“.

Kjalfatta (s) Þetta skip með því að slá hamp (oft tólgar- eða tjöruborinn) inn á milli borða/planka í byrðingnum. Annarsstaðar neft að „kalfatta“. „Kom þá í ljós að kjalfatta þurfti allt skipið fyrir ofan sjólínu“ (EÓ; Fyrsta sjóferð Idu; Árb.Barð; 1959-67; frás. Árna Magnússonar).

Kjanna / Kolla (s) Kljúfa upp steinbítshaus í tvo helminga til herslu. „Steinbítshausinn var klofinn/kjannaður/kollaður upp; ýmist með hníf eða exi og undir honum hafðu hvalhryggjarliður ef til var. Haldið var með vinstri hendi undir neðri góm og hnakkabeinið klofið niður um miðju. Urðu þá til tveir jafnstórir *kjannar*. Einnig var hausinn klofinn að innanverðu við vinstra augað; hnakkabeinið skorið úr. Urðu þá kinnarnar eftir og héngu saman á *granabeininu*, en *kjaftabeinið* var áfast þeirri vinstri; allt kallað beinakjanni/beinakjammi.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETh).

Kjarnorka / Kjarnorkukítí (n, kvk/hk) Sérstök gerð af fljótharðnandi kítí sem seld var og nokkuð notuð, a.m.k. í Rauðasandshreppi, kringum 1960-80. Gráleitur einþættur massi sem smyrja mátti í rifur og göt á þunnum málmhlutum, s.s. pottum; harðnaði fljótlega og dugði um nokkurn tíma. Ekki ljóst nú hversvegna það var kennt við kjarnorku en vitanlega þekktu menn hana, og á Láganúpi voru til bækur um innri gerð mismunandi kjarnorkuofna til orkuframleiðslu.

Kjarnorkukona (n, kk) Afburða framtakssöm kona; dugnaðarforkur. „Í þessu reyndist hún kjarnorkukona“.

Kjálkakýr (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; stórgripakjálkar notaðir fyrir kýr. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé*, kjálkakýr, *leggjahross* og *völuhænsn*.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Kjánagangur / Kjánaháttur / Kjánaskapur (n, kk) Heimska; kjánaleg hegðun. „Hverskonar kjánagangur er þetta nú“?! „Þessi flumbrugangur skilar engu. Mér líkar ekki svona kjánaháttur“.

Kjurr / Kjur (l) Kyrr; hreyfingarlaus. „Vertu kjurr meðan ég næ flísinni“. „Tófan liggur alveg kjur á bakvið barðið“. „Láttu þetta alveg kjurrt sem ég er að vinna við“. „Draumur er til í sambandi við Selið. K.B.

dreyndi eitt sinn er hann hafði tekið hellu eina við Selið, að huldukona kom til hans og sagði: „Láttu vera kjúra helluna mína, eða þú skalt hafa verra af“ (Magnús Jónsson; Örn.skrá Raknadal).

Kjöta (s) Vinna ket til matar; t.d. hluta skrokka eða brytja í spað. „Hann var að vinna fram á kvöld við að kjöta fyrir nágrannan“. Var notað meðal sláturhúsmanna á Gjögurum, en ekki vitað um aldur.

Klaka uppá (orðtak) Hlú að; veita umhyggju. „Það væri nú *gustuk* að klaka dálítið meira uppá tíkarræfilinn meðan fótbrotið er að gróa“. Upphaflega er orðið „klaka“ notað um unga- eða fuglahljóð en heyrðist ekki í þeirri merkingu í Kollsvík. Hinsvegar var það notað í þessu samhengi, sem ekki heyrðist annarsstaðar.

Klakahrjónungur (n, kk) Grófur/upphleypur klaki/ís. „Fitin var einn samfelldur klakahrjónungur“.

Klakarunnið (l) Runnið/hlaupið í klaka. „En fyrir neðan var allt klakarunnið“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Klapparhnúta (n, kvk) Klöpp; klapparhorn; klakkur. „Fremst á Breiðaskeri er nokkru hærri klapparhnúta sem heitir Breiðaskersklakkur“ (HÖ; Fjaran).

Klaufaklipping / Klaufasnyrting (n, kvk) Það verk að klippa framanaf klaufum kúa. Klaufirnar vaxa, einkum að vetrarlagi þegar kýrin stendur á bás, og sér í lagi ef undirlag er mjúkt. Þá er nauðsynlegt að klippa framan af þeim, og var það oftast gert með beittum naglbít. „Búbót hlýtur að líða betur eftir klaufasnyrtinguna“.

Kláðaskoðunarmaður (n, kk) Sá sem framkvæmir *kláðaskoðun* á sauðfé. Til þess starfa fékk hreppsnefnd sérstaka menn. Síðar breyttist starfsheitið í *böðunarstjóri*, þegar böðun sauðfjár varð almenn.

Kláðasækinn (l) *Gjarn á að klæja; hættir til að hafa mikinn kláða*. „Fjandi er maður kláðasækinn þessa dagana; skyldi það vera eitthvað í fatnaðinum eða veðrinu“!

Kláðatílfinning / Kláði (n, kvk/kk) Pirringur sem vekur þörf á að nudda og klóra viðkomandi svæði. „Eftir að sárið greri hef ég verið með hálfgerðan erting og kláðatílfinningu í því“.

Kleinukaffi (n, hk) Kaffiveitingar þar sem kleinur eru bornar fram, oft nýbakaðar. „Það er heldur munur að fá kleinukaffið hjá þér en *berrassað kaffi* á ónefndum bæjum“!

Klessusnjór / Klessingur / Klessuskítur (n, kk) Blautur snjór/ slydda sem hleðst á það sem á fellur. „Það verður snyrtilegt ef hann frýstir í þennan klessusnjór“! „Skelfing verður féð óþrifalegt í þessum klessingi“. „Búðu þig almennilega; þessi klessuskítur bleytir þig annars alveg inn að beini“!

Klettaklakkur (n, kk) Sker; boði; grynning. „Þannig hagar til í Kollsvík að tveir klettaklakkar eru nokkuð fyrir framan lendinguna, og er lítið bil milli þeirra en þó vel árafritt, og var það kölluð miðleið“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurveri).

Klettaslefrur (n, kvk, fto) Sundurslitnir klettur; gjarnan aflíðandi með skriðum inn á milli. „Áframhald af Kjölnum til vinstri taka við klettaslefrur fram með Vatnadalnum; það heitir Ívarsegg“ (I.G. Sagt til vegar II).

Klettaslæfur (n, hk) *Klettaslefrur*; sundurslitnir klettur. „Bæjarkletturinn er klettaslæfur, mjög sprungið, því þarna var aðalgrjótrif í hinar mörgu byggingarframkvæmdir í Sauðlauksdal á fyrsta áratugnum eftir aldamótin (1900)“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Klettshorn (n, hk) Klettsendi. „Þegar ekki þótti einsýnt sjóveður á venjulegum róðrartíma, var það oft að formenn og fleiri söfnuðust saman til þess að „bræða veðrið“, sem svo var kallað. Oft var þessi ráðstefna sett og haldin á klettshorninu syðra á Norðariklettunum“ (KJK; Kollsvíkurver).

Klikkhaus (n, kk) Rugludallur; vitleysingur. „Skelfingar klikkhaus getur maðurinn verið; þvílík yfirsjón“!

Klittnaspor (n, hk) Saumur í klofi á skinnbrókum; sjá *skinnklæði*. „Var þá haldið áfram með leggsaum upp að klittnaspori“ (KJK; Kollsvíkurver).

Klofavarða (n, kvk) Steinhlaðin varða sem að neðanverðu er klofin; þ.e. hvílir á tveimur undirstöðum. „Myndarlegasta klofavarða sem fyrirfinnst gæti verið varðan á Stórafellinu, sem hlaðin er af Guðbjarti Guðbjartssyni hleðslumeistara frá Láganúpi. Hún er mjög reglulega hlaðin; breið með ferstrendum súlum; þykkum bálki að ofan og manngengu gati sem vísar til Láganúpsvers og Grunda“. Orði finnst ekki í orðabókum en var almennt notað vestra. Klofavörður við Þjóðvegi fengu oft það hlutverk að geyma kveðskap af misjöfnu tagi; sem gjarnan var stungið í sauðalegg.

Klofblautur / Klofvotur (l) Blautur í fætur og upp í klof. „Stór alda reið undir bátinn; mér tókst að halda honum réttum við sandinn, en það kostaði það að ég varð klofblautur“.

Klofrifna (s) Um buxur; rifna um saum í kofinu. „Buxurnar klofrifnuðu þegar ég glennti mig yfir lækinn“.

Klóakul (n, hk) Ofkæling/*kuldadofi* hunda á fótum, hliðstæð *naglakuli* á mannfólki. „Ósköp þarf tíkin að sleikja á sér lappirnar. Ætli hún sé ekki með klóakul, skarnið“.

Klóakaldur (l) Kaldur á nöglunum; *kaldur á klónum*; með *naglakul*. „Ertu orðinn dálítið klóakaldur stubburinn minn? Þér hefði verið nær að þiggja vettlingana“!

- Klórast** (s) *Krafla sig; klöngrast; skriflast.* „Ég náði að klórast upp í næsta gang og komst þaðan upp á brún“.
- Kluftir** (n, kvk, fto) Bilið milli klaufa sama fótár á klaufdýri, s.s. sauðkind og nautgrip. „Það er afskaplega snjólétt; varla upp í kluftir á fénu“.
- Klukkaður** (l) Um leiki: Eltingaleikur gengur út á það að einn á að elta hina og þegar hann nær einhverjum að snerta hann og segja „klukk“: Þá er sá „klukkaður“ og tekur við hlutverkinu að elta.
- Klukkulykill** (n, kk) Lykill til að trekkja/vinda upp klukku. „Hvar hefur klukkulykillinn verið settur?“
- Klukkustundargangur / Klukkutímaganga** (n, kk) Vegur/vegalengd sem tekur klukkutíma að ganga. „Þetta er nú vel klukkustundargangur frá Saurbæ, þó enginn setti slíkan smáspotta fyrir sig“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Ég held það sé rösk klukkutímaganga frá Láganúpi framá Hauga“.
- Klumbubein** (n, hk) Stórt bein fremst í þunnildi fisks, aftan við tálknin. Klumbubein ýsu eru mjög efnismikil og sumir dunduðu sér við að skera úr þeim litlar dýra- eða fuglastyttur. Orðið klumba var þekkt annarsstaðar en ekki klumbubein svo vitað sé.
- Klungurskafli** (n, kk) Ógreiðfær hluti af leið. „Þegar lömb voru hæfilega stálpuð var valinn fjárhópur rekinn útyfir Hnífa; úti Breið, til hagagöngu. Fara þurfti varlega í stórgrýttum klungurskafla við Bletthajallann, en síðan var fêð rekið útfyrir girðinguna í Urðarhryggnum, og hliðinu þar lokað“.
- Klungursleið** (n, kvk) Erfið/stórgrýtt/hættuleg leið, einkanlega notað um leiðir í klettum. „Prílaðirðu virkilega bandlaus upp þessa déskotans klungursleið“?!
- Klunnafótur / Klunnalöpp** (n, kk/kvk) Notað um það þegar maður hrasar fyrir klaufaskap. „Óttaleg klunnalöpp er nú á þér drengur; þú verður að gå niður fyrir tærnar á þér“!
- Klúðursbragur** (n, kk) Klaufalegt yfirbragð. „Óttalegur klúðursbragur er á þessari viðgerð“.
- Klúðurslega** (ao) Klaufalega; illa. „Þessi viðgerð finnst mér vera klúðurslega unnin“.
- Klæki** (n, kvk) Kænska; klókindi; útsjónarsemi. „Hann þóttist vera sárasaklaus, en ég sá það strax af klæki minni að eitthvað var brogað við hans frásögn“.
- Klömbruhleðsla** (n, kvk) Sérstakt lag við hleðslu torfveggis; með því að nota *klömbruhnaus*. Klömbruhleðslur voru ekki viðhafðar vestra, a.m.k. ekki í seinni tíð; enda grjót nærtækt og grjótveggir standa betur en torfveggir.
- Knalletta** (n, kvk) Hvellhetta; lítil sprengja. A. Hvelletta í haglaskoti, sem bógurinn skellur á og kveikir í púðri skotsins. „Uppi á lofti í gamla Traðarhúsinu fundum við poka af knallettum og öðru til skotahleðslu“. B. *Hreppstjórakúla* (sjá þar). C. Hvelletta hvellhettubyssu/knallettubyssu. Oftast raðað á borða eða plastring.
- Knallettubysa** (n, kvk) Hvellhettubysa; leikfang sem er eftirlíking skammbyssu; er með knallettum/hvellhettum með litlum púðurskammti sem gefa hvell þegar hamar skellur á þeim. Vinsælt leikfang sem barst í Kollsvíkina með Halldórssonum á 7. áratug 20. aldar.
- Knallettutöng** (n, kvk) Hvellhettutöng; töng til að þrykkja hvellhettu/knallettu í skothylki þegar það er hlaðið.
- Kneif / Kneifaröngull** (n, kvk) Öngull með ásteyptri síld. Slíkir önglar tíðkuðust á tímabili uppúr 1900, og voru þá gjarnan með spaða í stað auga, og öngultaumur (hvippa) var benslaður á legginn. Fyrr mun kneif hafa verið notað um öngla yfirleitt.
- Knúður** (n, kk) Hnúður; hnyðja. Vestfirskur framburður, t.d. GG. „Þarna er rekinn *trollknúður*“.
- Koj** (n, hk) Styttling á *koja*, og þá gjarnan notað um hvaða rúm sem er. „Ætli maður fari ekki bara að *draga sig til kofs, hvað úr hverju*“. „Þú ert að verða syfjaður; viltu ekki bara fara að *ganga til kofs*“
- Kolalok** (n, hk) Gæluorð um lítinn skarkola. „Ég hirti nokkur kolalok sem komu í netin í dag“.
- Kolbilað** (l) Um veður; snarvitlaust; kolvitlaust. „Hann er að renna á með kolbilað veður, sýnist mér“.
- Kolevgt** (l) Um þroska eggis; komin greinileg augu í stropann og e.t.v. einnig goggur. „Langvíuegginn voru sum orðin kolevgt, en álkuegginn voru öll ný“. Sjá *eygt* og *grúeygt*.
- Kolhertur** (l) Um fisk eða brauðmeti; fullhertur. „Úr mjölinu voru gerðar næfurþunnar flatkökur og kolhertar, svo þær mygluðu ekki þótt lengi væru geymdar“ (PJ; Barðstrendingabók).
- Kolla** (s) *Afkolla; afhausa*; taka haus af steinbít (sjá *steinbítur*).
- Kollblautur** (l) Blautur á höfði; *kollvotur*. „Settu nú upp sjóhattinn; þú verður annars fljótt kollblautur í þessu pusi“. „Það yfir drjúgt úr þokunni; ég er orðinn hálf kollblautur“.
- Kollsvíkingamót** (n, hk) Samkoma Kollsvíkinga. Nokkuð hefur verið um það í seinni tíð að *Kollsvíkingar* komi saman, sér til skemmtunar og til að halda kynnum. Þær samkomur eru ýmist haldnar í Kollsvík eða annarsstaðar. Með því eru um leið ræktuð tengsl fólks við Kollsvíkina og heiðruð minning forfedra.

Kollsvíkingur (n, kk) Sá/sú sem á ættir og/eda búsetu að rekja til Kollsvíkur í Rauðaandshreppi. Misjafnt er hve hópurinn er skilgreindur þröngt. Þegar t.d. var rætt um Kollsvíkinga í daglegu tali hreppsþúa var einungis átt við þá sem bjuggu í Kollsvík. En þegar rætt er um almenn tengsl manna við staðinn, þá nær Kollsvíkingshugtakið yfir allt fólk af Kollsvíkurætt, auk þeirra sem þar hafa átt búsetu lengur eða skemur.

Kollsvíkurbóndi (n, kk) Búskapur hefur verið í Kollsvík frá landnámi, þó hann liggi nú niðri vegna markaðsaðstæðna. Kollsvíkurbændur fyrri alda stunduðu ekki einungis landbúnað heldur ekki síður sjávarútveg. Sauðland er mjög gott; vetrarþétt bæði í úthaga og fjöru og slægjulönd ágæt. Fiskimið eru oftast stutt undan landi og lending oftast góð fyrir þá báta sem áður tíðkuðust. Kollsvíkurbændur þurftu því að vera jafn hæfir sjóarar og bændur; eiga bústofn og bát. Auk eignarjarðanna sjálfra; Láganúps og Kollsvíkur byggust smærri býli um lengri eða skemmri tíma; bændur sem höfðu viðurværi af sjósókn en höfðu lítinn bústofn með, ásamt slægjulandi fyrir hann. Af þeim urðu Grundir og Stekkjarmelur einna mestar bújarðir, en einnig voru í byggð um tíma Tröð, Grænamýri, Gestarmelur, Grund, Grundarbakkar og Hólar.

Kollsvíkurhávaði (n, kk) Hugtak sem orðið hefur til í munni þeirra sem umgangast fólk af Kollsvíkurætt; einkum þá grein sem alist hefur upp á ættjörðinni í seinni tíð.

Kollsvíkurland (n, hk) Sú landareign sem tilheyrir Kollsvík. „Kollsvíkurland nær inn að Þyrsklingahrygg“.

Kollsvíkurmaður (n, kk) Kollsvíkingur er það heiti sem allajafna er notað um þetta sérstaka fólk, en þessu brá fyrir: „Annars skiptir það ekki mestu máli; heldur hitt að ég reyni að skrásetja merkilegan atburð úr sjálfsbjargarlífi Kollsvíkurmanna, sem flest er úr minni liðið nú til dags“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík). „Eins lentu Kollsvíkurmenn oft bátum sínum í Hænuvíkinni eftir siglingu frá Patreksfirði, ef vont var í sjóinn útifyrir; og gengu heim út yfir Hænuvíkurháls“ (DÓ; Að vaka og vinna). „Kollsvíkurmenn byggðu allar búðir; áttu þær og leigðu vermönnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Kollsvíkurmegin (ao) Þeim megin landamerkja/Breiðs/Blakks sem Kollsvík er/ á land. „Alltaf finnst mér betra að fara Kollsvíkurmegin við Nibbuna en Hænuvíkurmegin; þar er bergið tæpara, blautara og lausara í sér“.

Kollsvíkurætt (n, kvk) Mikil ættbálkur sem rakinn er frá Einari Jónssyni. Hann fæddist á Hallsteinsnesi við Þorskafjörð 1759; flutti að Vatneyri um 1790 og var bóndi í Kollsvík frá 1798 til dauðadags 1836. Afkomendur Einars hafa búið í Kollsvík frá þeim tíma, þó langflestir af ættinni búi vitaskuld annarsstaðar á landinu, og reyndar víðsvegar um heimininn. Reyndar á ættin eldri rætur í Kollsvíkinni, því forfeður Guðrúnar Jónsdóttur, konu Einars, bjuggu í Kollsvík uppúr 1700, t.d. bræðurnir Bjarni Jónsson í Kollsvík og Halldór Jónsson á Láganúpi; tveir hinna kunnu Sellátrabraðra frá Tálknafirði. Einar Jónsson var stórbóndi og virðingarmaður á sinni tíð; átti hlut í einni fyrstu skútu sem til landsins kom; stundaði síðastur Íslendinga járnvinnslu úr mýrarrauða; var sækjandi í Sjöundármálum; átti bókina Fornótt, sem sumir töldu galdraskræðu; átti í útistöðum við galdramann í Arnarfirði vegna hvalhlutar og kvað niður sendingar frá honum. Hann þótti fylginn sér í viðskiptum og lét ógjarnan hlut sinn fyrir öðrum, en um leið sanngjarn höfðingsmaður. Stundum er það sagt einkenna fólk af kollsvíkurætt að það sé stíft á meiningunni og sjálfstætt í hugsun, en um leið sanngjarnt og hjálpfúst. Sumir hafa verið nefndir *þvergirðingar* og sérvitringar en sumir þykja manna mestir sáttamenn og félagsmálafrömuðir. Nokkuð þykir skiptast í tvö horn hvað peningavit snertir; nokkrir helstu auðmanna landsins eru af Kollsvíkurætt meðan öðrum helst ekki á nokkurri krónu. Óvíst er hvorum hamingjan fylgir að málum; en flestir fara þarna meðalveginn. Bókvit og fróðleiksfýsn þykir fylgja ættinni, og þá er þar mikið um hagleiksfólk, listafólk og skáld. Kollsvíkingar þykja yfirleitt fremur skýrmæltir og háværir í tali og ófeimnir að segja sína skoðun. Er af því komið sérstakt hugtak; svonefndur *kollsvíkurhávaði*. Upp og ofan er hvað menn eru fjárglöggi og fisknir, eins og gengur, en til þess var tekið að Guðbjartur Guðbjartsson á Láganúpi þekkti ekki einungis allar sínar kindur á langleið með nafni; heldur þekkti hann einnig allar kindur á nærliggjandi bæjum; þær sem á Breiðavíkurrétt komu. Lýkur hér palladómum um ættingjana, en um ættina má ýmislegt sjá í bók Trausta Ólafssonar; Kollsvíkurætt, sem út kom 1960, og í niðjatali Guðbjartar og Hildar frá Láganúpi sem út kom 1989.

Kolófærð (n, kvk) Mikil ófærð vegna sjóa. „Við vorum innilokuð í nokkra dga í kolófærð og illviðri“.

Kolrugla (s) Rugla alveg; snarrugla; gera alveg ringlaðan. „Þetta kolruglar mann bara í ríminu“.

Kolstífla (s) Stífla/þetta gjörsamlega. „Settu ekki of mikinn pappír í klósettið; þá kolstíflast lagnirnar“.

Kolstíflaður (l) Alveg stíflaður. „Skurðurinn er samanfallinn á kafla, og kolstíflaður“.

Kolsvartabylur / Kolsvartaél (n, kk/hk) Mjög dimmur bylur; *svartnættisbylur*; *svartaél*. „Ekki léttir hann enn í þennan kolsvartabyl“ „Hann skall á með kolsvartaéli eins og hendi væri veifað“.

Kolunga (s) Um egg; verða mjög ungað. „Það þýðir ekkert að fara í egg eftir að þau eru farin að kolunga“.

Kommahyski / Kommalýður (n, hk/kk) Niðrandi heiti á fólk sem aðhyllist hugsjónir kommúnista og/eda vill efla réttindi þeirra sem minnst mega sín með félagslegri samstöðu. Oftast er heitið notað af þeim sem aðhyllast einstaklingsframtak og láta sig jöfn kjör litlu skipta. „Þegar Láganúps húsið var í byggingu mun vel hafa verið fylgst með því af íhaldsklíkum syðra og leyniþjónustu Bandaríkjana; enda hafði Gunnar

Össurarason fengið til liðs við sig marga helstu vini sína, sem í þeirra augum töldust kjarni íslenska kommúnistahyðisins. Voru orrustuþotur af Keflavíkurlvelli tíðir gestir yfir Kollsvík um þann tíma“.

Kompásstokkur (n, kk) Kassi sem kompás báts er hafður í. Kompásinn er í ramböldum, þannig að hann getur verið nokkuð láréttur í veltingi, og er ysta hringnum fest í stokkinn innanverðan. Stokkurinn er hafður í barka bátsins, þar sem minnst hættu er á hnjaski í veiðiferð.

Kopareyva (n, hk) Eyra/hanki úr kopar á potti. „Konurnar ... komu töltandi til þabba ef gat kom á pott hjá þeim eða bilaði halda, og hann sauð í þetta. Smíðaði kannske ný kopareyru á þá“ (SG; Matarhefðir; Þjhd.Þjms).

Koppagrundir (n, kvk, fto) Víðáttur; eingöngu notað í orðtakinu „út um allar koppagrundir“ sem var mikið notað vestra um það sem fór víða.

Korkaflá / Korkateinn / Korkaþinur (n, kvk) Flotþinur; flotteinn efri þinurinn á neti; sem korkarnir (flotin) voru festir við; nú flotlína. „Hér hefur farið út flækja á korkaflánni“.

Korkaflækja / Kubbaflækja (n, kvk) Flækja í neti sem orðið hefur við það að komið hefur lykka á kubbatein í lagningu og einn eða fleiri kubbar slegist inn í netið við *innislátt*.

Kort (l) Lítið; þrotinn; á þrotum. „Ég er að verða ansi kort með kaffi og sykur“. Notað af sumum í Rauðasandshreppi framyfir 1970, t.d. GJH. Sjá einnig *heykort*.

Kotbragur / Kotbændabragur / Kotbændaháttur / Kotungsbragur (n, kk) Yfirbragð fátæktar/smábónða; fátækt; sparsemi. „Hann sýndi með þessu að enginn kotbændabragur var á þeim bæ“. „Það er enginn kotungsbragur á því býlinu“.

Kófsalli / Kófsnjór (n, kk) Mjög finkornaður snjór, sem rýkur auðveldlega í minnsta vindi. „Stöðugt skóf kófsalla framaf brúninni“. „Þessi kófsnjór fer allur af stað ef eitthvað hreyfir vind“.

Kófpoka (n, kvk) Þykk þoka; *svartaþoka*. „Hann er að velta inn einhverri bölvaðri kófpoku; það er víst útséð með þurrk það sem eftir er dagsins“.

Kólguloft (n, hk) Þungbúið veðurútlit; óveðursský á lofti. „Ekki veit ég hvað hann gerir í þetta kólguloft í vestrinu“.

Kómu (s, ft, fortíð) Komu. Eitt mikilvægt framburðareinkenni Kollsvíkinga var það að kringja o-hljóð í þátíðarmyndum sumra sagna. Segja t.d. „þeir kómu seint að“, eða „þeir *vóru* ekki lengi að finna féð“.

Kóngakaffi (n, hk) Kaffi með vísopa úti. Sumir áttu það til að bjóða góðum gestum uppá kóngakaffi. Þá var hellt í kaffið dálitlum sjúss af víni; líkleg oftast rommi, brennivíni eða koníaki. Ekki var þetta þó í boði á öllum bæjum.

Kóngshæð (n, kvk) Hæsta hæðin af þeim sem saman sjást. Kóngshæð nefnist hábunga fjallsins milli Kollsvíkur og Örlygshafnar; sunnan Tunguheiðarvegar. Nafnið hefur valdið mönnum heilabrotum, en beinast liggur við að álykta að nafnið sé dregið af hæð bungunnar. Frá Láganúpi séð ber hún hátt yfir aðrar nálægar.

Krabbaþverri / Krabbaskratti (n, kk) Krabbamein. „Hann er vís orðinn alveg heltekinn af þessum krabbaþverri, og ógæfulegt með útlitið“. „Þessi krabbaþverri spyr víst ekki að aldri“.

Krafsblað (n, hk) Blað sem nýtist til að rissa á/ teikna á/ krafsa á. „Er ekki eitthvað krafsblað við hendina, svo ég geti teiknað þetta upp fyrir þig“?

Kraftverk (n, hk) Heiti íbúa Rauðasandshrepps yfir virkjun/rafstöð; virðist ekki hafa verið notað annarsstaðar á landinu. „Á nokkrum bæjum í Rauðasandshreppi var komið upp litlum heimilisrafstöðvum löngu fyrir samveiturfarmagn, þær fyrstu fyrir 1930. Rafmagn frá þeim nægði fyrir ljós og eldavélar og sums staðar til upphitunar. „Ekki þjakaði minnimáttarkennd þá sem komu sér upp þessum örstöðvum því þeir kölluðu þetta „kraftverk“. Þó var til enn minna „kraftverk“ á Rauðasandi, það var pabbi minn sem kom sér því upp, það dugði fyrir útvarpsraflöður en ekki var það fyrirhafnarlaust. Pabbi tengdi dínámó við rennibekkinn sinn og svo var hægt að stíga bekkinn og hlaða batteriinn en það tók langan tíma. Þarna voru hlaðnar útvarpsraflöður á Lambavatnsbæjunum og stundum fleiri. Annars fóru menn með rafhlöður í „kraftverkin“ bæði að Brekku og í stærri vatnsvirkjanir en þá var yfir fjöll að fara“ (SG; Rafvæðing; Þjhd.Þjms).

Krakkaangi / Krakkaþrey / Krakakind / Krakakvikindi / Krakkalóra / Krakkaormur / Krakkarófa / Krakkaræfill (n, hk) Gæluheiti um krakka. „Það er ekki hægt að ætlast til þess að krakkakvikindin hangi svona lengi í skólabílum“. „Krakkalórunar eru loksins komnar í háttinn“. „Hvað skyldu krakkarófurnar hafa gert af stungurekinni“?

Krakkaskari / Krakkastóð (n, kk/hk) Barnahópur. „Ég ætla að klára að steikja kleinurnar áður en krakkaskarinn kemur inn“. „Þessir leikir voru leiknir í frímínútum í skólanum, en einnig kom krakkastóði oft saman á sunnudögum til leikja“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Kranakrans (n, kk) Handfang ofaná krana, til að skrúfa frá og fyrir vatn eða annað sem úr honum rennur.

- Kranavatn** (n, hk) Vatn sem kemur úr krana. „Það var ekki furða þó vélin þylði ekki frostið; þeir höfðu sett á hana blátært kranavatn án þess að setja í það frostlög“!
- Krankheit / Krankleiki** (n, kk) Veila; veiki; bilun. „Einhver krankheit hafa hrjád hann að undanfögnu“. „Ekki veit ég hvaða krankleiki er nú kominn upp í jeppanum“.
- Kransæðakítta** (n, hk) Nýyrði/slanguryrði um mat sem mikið er í af óhollum efnasamböndum sem valdið geta kransæðastíflu. „Það má víst ekki éta egginn lengur; nú eru þau sögð versta kransæðakítta sem fyrirfinnst“!
- Krapphyrnd** (l) Um hornalag á kind; með krappri sveigju. „Kreppa var áberandi krapphyrnd“.
- Kratabjálfi / Kratakvikindi** (n, kk/hk) Niðrandi heiti á stuðningsmanni Alþýðuflokksins. Á síðari hluta 20. aldar, og e.t.v. lengur, voru bændur í Rauðasandshreppi *upp til hópa* framsóknarmenn; enda beitti sá flokkur sér mjög í þeirra hagsmunamálum. Undantekningar voru þó á þessu, og á sumum bæjum naut t.d. sjálfstæðisflokkurinn stuðnings. Fáir, ef nokkrir, studdu alþýðuflokkinn í Rauðasandshreppi, en vitað var af einstaka manni í næstu byggðarlögum sem það gerði. Það töldu framsóknarmenn hina örgustu villutrú og *fundu* þeim flokki allt *til foráttu*; töldu jafnvel *ihaldsdindlana* betri af tvennu illu.
- Kratasnepill** (n, kk) Niðrandi heiti á Alþýðublaðinu, en það var oft efnislítið. Sjá *kratabjálfi* um viðhorfin.
- Kratíska** (n, kvk) Viðhorf sem framsóknarmenn, og e.t.v. fleiri, töldu túlka stefnu Alþýðuflokksins. Sú stefna var af framsóknarmönnum talin mjög fjandsamleg bændum, og lýsa litlum skilningi á búskap. „Vertu nú ekki að koma með einhverja bölvæða kratísku“!
- Krepjuél / Krepjuhríð / Krepjukafald** (n, hk/kvk) „Það var farið að hlýna í lofti, en þá skall yfir okkur ákaft krepjukafald, svo við urðum hundblautir inn að skinni á stuttum tíma“.
- Krepjusnjór** (n, kk) Krepja; fremur þýður snjór sem klessist. „Það er ágætt að aka í krepjusnjó; svo lengi sem hann verður ekki of þýður og hættir að halda bílnum á floti“.
- Kringlumjól / Kringlusúpa** (n, kvk) Súpa sem gerð er með því að sjóða krinlur uppúr mjól. Nokkuð algengur matur í Barnaskólanum í Örylgshöfn á fyrstu árum hans í Fagrahvammi.
- Kristinn kjammi / Heiðinn kjammi** Nöfn sem Útvíknarnamenn notuðu á hlutum flyðruhaus eftir að hann hafði verið klofinn upp. „Eftir að flyðruhausinn hafði verið klofinn upp voru höfuðkinnar nefndir *kjammur* eða *vangar*. Í Vestmannaeyjum var svartá kinninn nefnd *dráttarkinn* en sú hvíta *ískerukinn*. Í verstöðvum í nánd við Látrabjarg kallaðist hvíta kinninn heiðinn kjammi en sú svartá kristinn kjammi. Mikill matur var í höfuðkinnum af stórum flyðrum og þær voru því taldar afbragðs *beinfeiti*. Oftast voru þær soðnar nýjar; einnig *visaðar* eða *saltaðar*“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: Guðbj.Guðbjartsson Lágnúpi).
- Kroppbeit / Kroppjörð** (n, kvk) Kropp; litilsháttar bithagi. „Viða er kroppbeit uppi á heiðunum, þó þar sé bert yfir að líta“. „Vísaðu fénu hér fram á Foldin; þar gæti helst verið einhver kroppjörð í þessum klamma“.
- Krossbit** (l) Steinhissa; brugðið. Ég er nú alveg krossbit yfir þessari uppákomu“!
- Krossflaugadreki** (n, kk) *Krípur*; dreki/stjóri með fjórum flaugum. Notaður á bátum í Kollsvík og víðar. Orðabækur gefa upp „krossflaugastjóra“ o.fl. en þetta heiti var algengast í Kollsvík.
- Krókhyrnd** (l) Um hornalag á sauðfé; með horn sem hafa áberandi krappa beygju í endann.
- Kruðerí** (n, hk) Sætar kökur; fint meðlæti með kaffi. „Óþarfi að bera svona fint kruðerí á borð fyrir mig“.
- Krullóttur** (l, með linum framb) Hrokkinhærður; með áberandi hringaða liði/lokka í hári. „Fáir trúá því núna að ég hafi verið ljóshærður og afskaplega krullóttur sem barn; enda fá líkindi með því og sléttum skalla og gráum hákraga sem þrýðir minn haus í dag“.
- Krummakvikindið / Krummaskeppan / Krummatetrið** Gæluorð um hrafninn. Heimilishrafnar voru álitnir heimilisvinir, og yfirleitt lítið til þeirra með velþóknun þó útaf því gæti brugðið ef þeir lögðust á fé. Talið var gæfumerki að víkja einhverju æti að hrafninum: „Guð launar fyrir hrafninn“.
- Krumtöng** (n, kvk) Töng með kjaftinn í aðra stefnu en handföngin; vatnspumputöng.
- Krungtappi / Krumtappi** (n, kk) Sveifarás í sprengivél. Orðið er komið úr dönsku og vísar til þess að ásin er með miklum hlykkjum. Í máli manna vestra þótti „krungtappi“ rökréttara og varð alfarið notað; enda merkir orðið „krungur“ það sem er bogið.
- Krytjur** (n, kvk, fto) Litlir afgangar; molar; lítið magn. „Gáðu hvort einhverjar krytjur eru eftir af salti“.
- Kræklingsnot** (n, hk, fto) Nyttjar kræklings til matar. „Ég heyrði ekki mikið um skelfisksneyslu áður fyrr, en þegar ég var að alast upp voru nokkur kræklingsnot á einum bæ í sveitinni; Hvalskeri“ (SG; Sjávar- og fjörunytjar; Þjhd.Þjms). Kræklingur var nokkuð nýttur í Kollsvík, þegar hann rak á fjörur í hausum hrossaþara.
- Kubbabú** (n, hk) Leikur barna í Kollsvík að kuðungum og skeljum úr fjöru. Sett voru upp bú á völdum stað nærri bæ, t.d. í Ytragili á Láganúpi. Í þeim voru kuðungar hafðir fyrir kindur og beitukóngar fyrir hrúta;

kúfskeljar fyrir kýr og öðuskeljar fyrir hesta. *Meyjaröppur* voru lömbin; gimburkeljar kálfar; smyrslingskeljar folöld og olnbogaskeljar hænsni. Hús voru af ýmsu tagi; hola í barð; beygðar járnplötur eða vandaðri smíði. Slíkur búskapur var nokkuð annarrar gerðar en *hornabú*, en gat verið rekinn samtímis.

Kubbateinn / Kubbapínur (n, kk) Flotteinn/flotþínur/ efrí þínur á neti. Fyrir daga gerviefna voru bútar úr viði eða korki festir á teininn til að halda honum frá botni og netinu opnu, og er nafnið af því dregið. „Hér hefur árans kubbapínurinn slegist langt inni netið“!

Kukla (s) Stunda galdra/spádóma/særingar/fjölkyngi; hafa í frammi loddarabrögð; stunda sérhæfð verk án nægrar þekkingar. „Eitthvað hafði hann verið að kukla við lækningar, en með misjöfnum árangri“.

Kuldaherkjur (n, kvk, fto) Kípringur/herkjur í andliti; einkum í kringum munn, vegna kulda. „Hann var skjálfandi og blár af kulda og gat varla talað fyrir kuldaherkjum“.

Kuldanaðingur / Kuldaskítur / Kuldaskítsnaðingur (n, kk) *Nepja; skítakuldi*; bitur kuldi. „Það er enn sami kuldaskíturinn og í gær“. „Ég hefði haft hina húfuna hefði ég áttað mig á þessum kuldaskítsnaðingi“.

Kuldatíð / Kuldatíðarfar (n, kvk/hk) Tímabil kaldrar veðráttu. „Það er vonandi að nú sé að verða breyting á þessu kuldatíðarfar sem verið hefur“.

Kuldásúgur / Kuldatrekkur (n, kk) Kaldur súgur/gegnumtrekkur t.d. í húsi. „Hvaðan kemur þessi kuldatrekkur; er opin útihurðin“?

Kunningjaspjall (n, hk) Tal/samræður þeirra sem vel þekkjast. „Við áttum ágætt kunningjaspjall um þessi mál, en ekki var þetta formlegur fundur“.

Kutti (n, kk) Lítil hnífur, stundum búinn til úr skeftum stúf af ljáblaði. Orðið virðist annarsstaðar hafa verið borið fram og ritað linara; „kuti“, en var alltaf framborið hart í Kollsvík. (Sjá einnig *útbrotakutti*).

Kúalella / Kúaskítshlass / Kúaskán / Kúadella (n, kvk) Skítur úr nautgrip. Kúalella var oft notað fremur um linan kúaskít. „Það má oft finna maðk í beitu undir kúaskítshlassi“. „Kúaskán var notuð sem eldiviður“. „Steigstu í kúadellu“?

Kúastampur (n, kk) *Drykkjarstampur* hjá kúm; ílát sem haft er undir vatni hjá kúm. „Passaðu uppá að yfirfylla ekki kúastampinn“.

Kúðalegur (l) A. Lítil; ræfilslegur; aumingjalegur. „Skelfing er kálfurinn kúðalegur; það er eins og hann nærast illa“. B. Niðrandi lýsing á manni; *kauðslegur; lúalegur*; ómerkilegur; sviksamur. Heyrist þó sjaldan.

Kúfiskfjara (n, kvk) Fjara þar sem tíndur er kúfiskur, t.d. til beitu. „Í kúfiskfjörinni var sullast fram á miðjan daginn eftir“ (HO; *Ævisaga*; róíð úr *Láturdal*).

Kúfisklega (n, kvk) Mið þar sem kúfiskur er plægður upp. „Kúfisklegan undan Breiðavíkurrífi norðarlega. Þar var plægður upp kúfiskur þegar ég man fyrst eftir, en þótti erfið og ófengsæl beitutekja og lagðist þá niður“ (KJK; Kollsvíkurver).

Kúgi (n, kk) Sopi; teigur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Kúlða / Steinbítskúlða (n, kvk) *Kinnfiskur*. „Kinnfiskurinn/ kúlðan/steinbítskúlðan var víða rifin til átu úr hörðum hausnum. Dálítið var á reiki með kúlðuheitíð. Það gat átt við kinnbeinið ásamt fiskinum og einnig allan hausinn.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; AE; DE; ÖETH).

Kúmente (n, hk) Te sem lagað er úr kúmenfræjum eða bragðbætt með þeim. Kúmen (*Carum carvi*) vex ekki villt í Kollsvík, en þar eru hinsvegar breiður af *vallhumal* (*Achillea millefolium*), sem tilsýndar er áþekk planta. Hann var stundum notaður í te, sem ýmist var nefnt *vallhumalste* eða kúmente.

Kúskeljábíngur / Kúskeljahaugur (n, kk) Haugur/hrúga/hóll af kúskeljum. „Lengi eftir að útgerð lauk úr Kollsvíkurveri mátti enn sjá kúskeljahauga, þar sem skorið hafði verið út til beitu. Einkum ofan Norðaríkletta. Mikið af þessu hefur horfið við umferð ferðafólks“.

Kútaburður (n, kk) Burður eggjakúta frá eggjatökustað áleiðis heim. „Gott er að hafa léttu yfir axlir til að auðvelda kútaburðinn þegar um langa leið er að fara, eins og af Breiðsbrún eða upp Geldingskorardal“.

Kútaréttingar (n, kvk, fto) Handlöngun eggjakúta, t.d. á milli ganga í klettum eða af hlein í bát. „Það var munur að hafa svona öflugan mann í kútaréttingar, þó ekki væri hann mjög fær í klettum“.

Kútfylli (n, kvk) Fullur kútur. „Ég hafði kútfylli af höfðanum, og slatta í fötu í viðbót“.

Kúthald (n, hk) Hald/handfang á kút/eggjakút. „Árans kúthaldið gaf sig á leiðinni, svo þar fóru mörg egg“.

Kvalræðalaust / Kvalræðalítið (l) Án kvalræða; þjáningalítið. „Það er svosem kvalræðalaust að minni hálfu þó þessi háttur verði hafður á“. „Ætli það væri ekki kvalræðalítið fyrir rikissjóð að láta heflla þennan vegspotta einusinni eða tvisvar á ári“?!

- Kvalræðisgrei / Kvalræðiskvikindi** (n, hk) Vorkunnarorð um dýr eða vesælan mann. „Vertu nú ekki að skamma tíkina; hún gat ekki betur gert; kvalræðiskvikindið“!
- Kvarnarlækur** (n, kk) Lækur sem í er mylla/kvörn. „Kvarnarlækur er í Kollsvík, sem öðru nafni nefndist Myllulækur og einnig Brúarlækur, þar sem yfir hann lá þykk steinhella; og síðast Bæjarnlækur eftir að byggt var núverandi íbúðarhús“.
- Kvartel / Kvartil** (n, hk) A. Lítil tunna; 2 áttungar. B. Fylling tungls. Tungl er á 1. kvarteli þegar það er ljóst að ¼; á öðru þegar það er ½, og á síðasta kvarteli þegar það er ljóst að ¾.
- Kvartilsbútur** (n, kk) Bútur af einhverju, t.d. rjóli, sem er fjórðungur úr hring. „Árni seildist aftur niður með rúmbríkinni; tók upp rjólbitann; dró úr honum tvo toppa; rakti utanaf honum kvartilsbút sem hann skar af og stakk í vasann“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Kvartunna** (n, kvk) Tunna sem full er að einum fjórða. „Það var lítið í netunum eftir bræluna, enda voru þau kökkuð af skit; ætli þetta hafi ekki verið kvartunna af hrognum“.
- Kvefdrulla / Kveffjandi / Kvefskítur** (n, kvk/kk) Óvirðulegt heiti á kvefi. „Ég held að ég gæti verið að fá einhvern bölvadan kvefskít“ . „Hún er þræsín í manni þessi kvefdrulla“.
- Kverkmæli** (n, hk) Mál þeirra sem eru kverkmæltir. „Þess eru mörg dæmi að kverkmæli barna *eldist af*“.
- Kviðblautur / Kviðvotur** (l) Um sauðfé og aðrar skepnur; blautt undir kvið en þurrara efra. „Það er tveggjað að beita fénu í fjöru í þessu beinfrosti. Lausaparinn er gaddfreðinn og hætt við að það verði kviðblautt ef það fer framá hleinar“ . „Tikin var kviðvot af áfallinu, þegar hún kom inn í morgun“.
- Kvikindisafmán / Kvikindisforsmán / Kvikindisgrei / Kvikindisræfill / Kvikindisskarn** (n, hk) Greykivikindi; gæluorð um dýr. „Alltaf ertu jafn dugleg, kvikindisafmánn min“ . „Ekki vantar tryggðina í kvikindisgreiði“ . „Hér kemur biti fyrir þig, kvikindisræfillinn“ . „Það má ekki skamma hana, kvikindisskarnið; hún vildi nú bara hjálpa til“.
- Kviksyndisdý** (n, hk) Djúp dý; hættuleg fén. „Framan við Heimrimýrar eru kviksyndisdý sem heita Fljót, nánast í suður frá bæ“ (ÓETH; Örn.skrá Vatnsdals).
- Kvikuvottur** (n, kk) Um sjólag; nokkur kvika/undiralda. „Hann var lognhægur, en dálítill kvikuvottur sem jókst heldur þegar leið á daginn“.
- Kvistafjöl / Kvistaspyta / Kvistaviður** (n, kvk/kk) Fjöl/viður/smiðaeftir með mörgum kvistum. „Óttaleg kvistaspyta er þetta“! „Það er ekki hægt að kaupa svona kvistavið fullu verði“.
- Kvíarhilla** (n, kvk) Hilla í bjargi, þar sem fugl var áður *kvíaður*/ rekinn í kvíar til *innidráps*. „Neðarlega í Bjarginu (upp og útaf Stóruð) eru *Kvíarhillur*... Þær draga nafn af því að þar var fuglinn kvíaður, sem kallað var. Hlaðið var fyrir hillurnar og fuglinn tekinn fyrir innan“ (DE; Örefnaskrá Hvallátra).
- Kvíarveggur** (n, kk) Veggur kvíar/réttar. „Karlarnir stungu saman nefjum á kvíarveggnum; spáðu í veður og heimtur og þráttuðu um þyngd hrútlamba“.
- Kvíðavænlegur / Kviðvænlegur** (l) *Fyrirkviðanlegur*; ísýggilegur. „Þetta er heldur kvíðavænlegt útlit“.
- Kvígukvikindi** (n, hk) Gæluorð um kvígu. „Hann kemur að máli við mig eitt kvöld; hvort ég sé nú ekki fáanlegur til þess að fara út í sveit og grennslast eftir því hvort einhver væri nú ekki fáanlegur til að kaupa kvígukvikindið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).
- Kvíslarálma** (n, kvk) Tindur/gaddur á heykvisl. „Kvíslarálman gekk á kaf í öklann, og má enn sjá lítið ör eftir þá skeinu“.
- Kvíslarfótur / Kvíslarhnakkur** (n, kk) Hlutar brókarkvíslar, sjá *skinnklæði*. „Flestir munu þó hafa átt og notað brókarkvíslar. Þær voru í fjórum pörtum; *kvíslarfótur* rekinn ofan í jörðina; *kvíslarhnakkur* með hringlaga gati í miðjunni en *tappi* á fætinum gekk upp um. Önnur tvö göt voru á kvíslarhnakknum; sinn í hvorn enda frá *hliðarfleti*. Í þessi göt var *skálmsprekum* stungið og brókin færð á kvíslarnar. Ávallt snerust skálmarnar undan vindi og blés þá inn í brókina svo hún þornaði *næsta fljótt*, en mátti ekki *ofharðna*“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Kvæðavertíð** (n, kvk) Vertíð þar sem mikið er kveðið af rímum í landlegum, einkum eftir Sigurð Breiðfjörð og Úlfarsrímur (sjá *vermannaleikir*).
- Kvölddroll / Kvöldgauf / Kvöldgöltur** (n, hk) Gauf/droll/hangs þeirra sem nú eru nefndir „b-fólk“, langt framyfir venjulegan háttatíma annarra; seinlæti við að ganga til náða.
- Kvöldmiga** (n, kvk) Sú athöfn að kasta af sér vatni/ miga að kvöldlagi/ fyrir svefn. „Ég athuga hvernig kýrin hefur það um leið og ég fer út í kvöldmiguna“.
- Kyllra** (s) Um fluglag fugla; þegar þeir hægja á sér í miklum vindi eða uppstreymi; reygja haus aftur og setja niður fætur og annaðhvort standa kyrrir í loftinu eða láta sig síga niður á við meðan þeir skoða eitthvað af

forvitni, s.s. skotmenn í byrgi. „Máfurinn kyllraði sig rétt ofan við hausamótin á okkur og lá því vel við skoti“.

Kynjakvikindi / Kynjaskepna (n, hk/kvk) Furðudýr; einkennileg skepna. „Ég skal hengja mig uppá það að einhvert kynjakvikindi var að flækjast þarna á Rifinu í þokunni, þó þú hafir ekki séð það“!

Kyssa á bágtið/meiddið (orðtök) Hughreystingarorð við barn; kyssa á stað sem það hefur meitt sig. „Hættu nú að vola yfir þessu smáræði ljúfur; mamma skal kyssa á meiddið“. „Hann rétti mér hendina svo ég gæti kysst á bágtið“.

Kýmnikvæði / Kýmnikveðskapur / Kýmnivísa (n, kvk) Gamanvísa. „Mikið var um kýmnikveðskap í verinu, þar sem menn ljóðuðu hver á annan“.

Kæfingur (n, kk) Mikill og þéttur skafrenningur. „Það er stöðugur kæfingur í Hyrnunni og verður líklega fljótt ófært“.

Kæfubraud (n, hk) Braudsneið með kæfu sem álegg. „Ég setti fýlsegg og kæfubraud í nestisboxið“.

Kæfukind / Kæfurolla (n, kvk) Kind sem ákveðið hefur verið að nýta til kæfugerðar eftir slátrun. Helst voru það gamlar kindur sem ekki þóttu nýtilegar á annan hátt. Þyrfti að slátra ungu og vænu fé var það nýtt fremur í hangiket.

Kælugutlandi (n, kk) Vindbára; fremur lág, stutt og ör bára sem ýfð er upp af vindi. Getur komið úr annarri átt en kvikan sem undir liggur. „Er hann eitthvað að auka þennan kælugutlanda“?

Kæluskratti (n, kk) Stíf kæla sem orðin er til leiðinda við veiðar/róður eða annað verk; kald. „Mér sýnist að þessi kæluskratti sé að rífa upp bölvadan gutlanda. Maður fer ekki að nenna að hanga á þessu lengur“.

Kæluvottur (n, kk) Dálítill gola/kæla. „Einhver kæluvottur virðist vera hér suðurá“.

Kögglader (n, hk) Derhúfuder sem orðið er lúð og aflaga, þar sem styrking inni í því er sundurbrotin. Orðið gæti hafa orðið til í seinni tíð og gæti upprunans verið að leita hjá Jóni Hákonarsyni á Hnjóti sem var næmur og fundvís á hnitmiðaða orðasamsetningu. Orðið var þó almennt notað í utanverðum Rauðasndshreppi á síðustu áratugum 20. aldar. „Ekki lagaðist köggladerið hans Kitta við þessa samalamennsku“.

Kögglast við (orðtak) Bauka/myndast við að gera/vinna með höndum. „Ég er enginn snillingur í þessu, en ætli maður verði ekki að kögglast eitthvað við það, fyrst enginn annar er tiltækur“.

Körfustrá (n, hk) Tág úr tágakörfu, eins og notuð var almennt til burðar á fiski og heyi áður fyrr. Börn gerðu það af fíkti að skera bít af körfustrái og reykja eins og sígarettu, en reykurinn var býsna beiskur.

Körun (n, kvk) Athöfnin að *kara*/ sleikja slor af afkvæmi. „Alltaf er körunin dálítið flautursleg hjá henni Surtlu; hún má ekkert vera að því að sinna svoleiðis smáatriðum“.

Köttát (n, hk) Straumstillir fyrir rafal (*dýnamó* eða alternator) í bíl/traktor/báti. Úr ensku; „cut-out“. „Það getur stundum dugað að banka í köttátið til að koma hleðslunni aftur í gang“.

Köttfær / Köttliðugur (l) Mjög lipur í bjargi; vel bjargfær. „Ég hef sjaldan séð jafn köttliðugan mann í klettum“. Yfirleitt orðað þannig í Kollsvík þó sumir þættust leiðréttá það með *kattliðugur*. „Heyrt hefi ég þó að einn maður hafi klifið Skarfastapa... Hann var það sem kallað var köttfær (þ.e. fær sem köttur). Þykir það glæstast frægðarorð um klifurfærni vjargmanna“ (Ólafur Þórarinn; Örn.skrá Sjöundár).

Lagðmerkja (s) Merkja/auðkenna kind með ullarlagði af öðrum lit en hún sjálf ber. Gripið var til þess að lagðmerkja tímabundið, t.d. ömörkuð lömb í réttum sem mörkuð ær *helgaði sér* með réttu. Sé t.d. um hvít lamb að ræða er skorinn lítill ullarlagður af *mislitri* kind og hann hnýttur í ull lambsins efst á herðakambi.

Lagðmerkt (l) Sauðfé sem þurft hefur að *lagmerkja*.

Laggarskurður (n, kk) V-laga skurður/skora sem rist er í tré. „Frá hendi Jóns Íslendinga var um aldir yfir bæjardyrum í Sauðlauksdal planki; ca 3 álnir á lengd, 5,5, tommur á breidd, 1,5 tomma á þykkt; útskorinn með rósaverki á endum og milli orða. En á milli skrautsins stóð skorið með sléttum laggarskurði og með latínuletri: „Allir góðir menn velkomnir“. Þessi fjöl var tekin ofan er séra Magnús Gíslason endurbyggði bæinn ca 1860 og var eftir það við skemmudyr framyfir 1890, en hvarf þá, án þess menn viti hver olli hvarfinu. En böndin bárust að eldamennskukonum staðarins, en þeim var um það bil uppkveikjufátt, eins og gengur“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Lagningarflækja (n, kvk) Flækja nets í lagningu; hnútur/*innisláttur* sem kemur þegar net *forhalast* í lagningu. Meiri hætta var á lagningarflækjum meðan enn voru notaðir *netasteinar* eða *netabljý*, og meðan net voru *róin út*. Sjá *netalagning*.

Lambgarði / Lambakarmur (n, kk) Garði/karmur í fjárhúsi sem líflömb voru sett í að hausti, þegar hýst var. Einnig nefndur *gemlingagarður/gemlingakarmur*, einkum þegar líða tók frá hausti og lömbin stálpuðust. Talað var um lambastíu eða gemlingastíu, ef þeim nægði hluti af garða/karmi.

- Lambasprautu** (n, kvk) Sprautu sem notuð er til bólusetningar nýfæddra lamba gegn lambablóðsött, eftir að slík bólusetning var hafin. Í fyrstu voru sprautur úr málm og gleri, en síðar varð sprautuhús og bulla úr plasti. „Settu lambasprautuna í *merkjatöskuna* þegar þú ert búin að hreinsa hana“.
- Lambkvikindi / Lambkægill** (n, kk) *Lambkettlingur*; lítið/ræfilslegt lamb. „Ætli maður *setji* ekki þetta lambkvikindi á í vetur, fyrst það heimtist eftir slátrun“. „Hann er ekki *dengilegur* þessi lambkægill“.
- Lambsmóðir** (n, kvk) Móðir lambs. „Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin sér í dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau...“ (Fjallskilareglugerð V-Barð).
- Lampatæki / Lampaútvarp** (n, hk) Glóðarlampaútvarp; útvarpsviðtæki frá fyrstu dögum útvarpsútsendinga, en þau notuðu glóðarlampa í stað transistora sem síðar urðu algengir. „Elsta lampaútvarpíð í Kollsvík er gamalt Blaupunkt-tæki sem enn er til á Laganúpi. Við það þurfti bæði votabatteri og þurrabatteri“.
- Landeyðulegt** (l) Líkt landeyðu; letilegt. „Fjórir bæir bættust við á árinu með *sjónvarpsgláp* nú rétt fyrir jólin, með ærnum tilkostnaði umfram tækjakaupin. Fólk telur fénu ekki illa varið. En skelfing er það þó landeyðulegt að sjá sveitafólk *sitja auðum höndum* öll kvöld. En þetta kannske venst“ (ÞJ; Árb.Barð 1971).
- Landlegustund** (n, kvk) Stund meðan landlega er. „Hver landlegustund var notuð við heimilisstörf. Stundum var karlmaður allt sumarið við heyrinu og stundum var slegið niður róðri ef þurfti að þurrka mikið hey“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).
- Landnot** (n, hk, fto) Nyttar af landi í annarra eigu. „Um aldraðir tíðkaðist það að Kollsvíkingar, einkum Laganúpsbændur, hefðu landnot af Breiðavíkinni norðanverðri til beitar. Snemma á 20. öld hafði Guðbjartur Guðbjartsson fé þar á vorin, og var gengið daglega yfir Breiðinn til að fylgjast með burði. Svo kann að hafa verið um langa tíð“.
- Landpósttaska** (n, kvk) Taska *landpóstsins*. Landpóstur hafði vanalega tvo hluti í sínum fangri. Annað var vandaður stór strigapoki, þar sem í voru dagblöð, pinklar og annar fyrirferðarmikill flutningur. Hitt var sjálf landpósttaskan, en í henni voru sendibréf, *kröfubréf*, frímerki, peningar og annað fémæti. Þeirrar tösku gætti hann eins og sjáaldurs auga síns.
- Landshornaflandur** (n, hk) Flæklingur/flakk/ferðalög víða um land. „Ég skil nú ekkert í bændum sem liggja í einhverju bévítans landshornaflandri um hábjargræðistímam“!
- Landverk** (n, hk) Vinna við afla í landi. „Það verða drjúg hjá okkur landverkin, eftir svona góða veiði“. Samkvæmt dæmi orðabókar virðist orðið hafa annarsstaðar merkt venjuleg sveitastörf.
- Langeltur** (n, kvk, fto) Langar eltur; löng eftirfö; langur eltingarleikur. „Ég lenti í fjandans langeltum við mórauðu tvævetluna; hún *setti sig* fram allan Dalinn þegar kom niðurúr Vörðubrekkan“.
- Langferðugur / Langföruull** (l) Sem fer/ferðast langt. „Það er naumast að hrútaðvikindin hafa verið langferðugir; ef þeir eru komnir út í Breiðavík“! „Hann varð nokkuð langföruull á efri árum“. Langferðugur var jafnvel meira notað meðal Útvíknamanna.
- Langfreta** (s) Leysa vind mjög langdregið; freta/prumpa lengi samfellt. „Það er ósiður að langfreta svona við matarborði“!
- Langfretur** (n, kk) Óvenju langur fretur/viðrekstur; prump sem varir lengi. „Ekki var það nú langfreturinn! Hvern fjárátt varstu að éta“?
- Langhryggja** (s) Um siglingu báts; sigla þvert á stefnu öldunnar. „Það var árans veltungur; einkum þegar við þurftum að langhryggja þennan typping fyrir Blakkinn“.
- Langkvalinn / Langþjáður** (l) Búinn að kveljast/þjást lengi. „Ég hef verið langkvalinn af þessum árans tannverk“.
- Langlokukjafæði / Langlokupvæla** (n, hk/kvk) Niðrandi heiti á langloku. „Skelfingar langlokukjafæði er alltaf í þessum akademíupostulum“! „Þetta var bara innantóm langlokupvæla, sem ekkert var á að græða!“
- Langstykkjaður** (l) Um fiskimið; þvermið í fjallgarði, eftir því sem hann birtist fyrir annað fjall; t.d. lóðamið í Kollsvík; Kópur fyrir Blakk: „Djúpmið; Krossinn. Þvermið; Þórðarklettur í gamla bæinn í Kollsvík. Þar byrjaði sandurinn og hægt að leggja 45 lóðir suður á Grjótholt í Fjarðarhorni; þá langstykkjaður Kópurinn“. (Blöð IG, Kollsvík).
- Langttil** (ao) Mikiðstil; nærri alveg. „Fóðurbætirinn er langttil búinn“. „Klukkan er langttil gengin í miðnætti“. „Við vorum langttil komnir alla leið þegar þetta skeði“.
- Langvíugarg** (n, hk) Hljóð langvíu, en það er gargandi/ropandi aaaa.
- Langvíuhópur** (n, kk) Hópur af langvíu. „Mér finnst óvanalega mikið af langvíuhópum á sjónum; það virðist vera mikið af síli á ferðinni núna“.

Langvíukvikindi (n, hk) Gæluorð um langvíu. Þó engin langvía verpi í Kollsvíkurlöndum, þá berast þær iðulega þar upp á fjörur, t.d. eftir að hafa lent í fitu-/olíubrák eða örmagna eftir brim. Stundum var þá reynt að hlúa að þeim og koma þeim aftur á sjó. Langvía var heimilisdýr á Láganúpi um nokkuð langan tíma um 1970. Hún var alin á fiski sem skorinn var í lengjur, og undi sér vel meðal hunds og kattar og heimilisfólks, ýmist úti eða inni.

Langvíuflesja / Langvíupallur / Langvíustallur / Langvíuhilla (n, kvk) Stallur í bjargi með miklu af langvíu og langvíueggjum. „...sagt er að 70 egg séu á fermetra í langvíuflesjum“ (TÖ; Undirbjargssferð frá Kollsvík).

Lapparskarn / Lapparskratti (n, hk/kk) Gæluheiti á fæti. „Tíkinni er eitthvað illt í lapparskarninu, sýnist mér“. „Þú verður fljóttur að gefa fulla ferð strákur, þegar ég segi þér; og hafðu lapparskrattann á stillinum“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Lappastór (l) Með stóra fætur/ stórar lappir. „Ég passa ekki í þín stígvél; ég er svo lappastór“. Vanalega er talað um fætur á fólki en lappir á skepnum. Þó er stundum útaf því brugðið í umræðu um sjálfan sig.

Laufa (n, kvk) Lauf í spilum. „Nú spilum við laufu“. Oftast í hk en stundum svona; einnig stundum í kk; *laufi*.

Laufsög (n, kvk) Útsögunarsög; bogasög með mjóu blaði, ætluð til sögunar óreglulegra forma úr þunnum viði. „Við krakkarnir ... vorum ekki gömul þegar við fórum að saga út ýms muni. Laufsgir voru til 2-3 á bænum... Mynstur fengum við úr Familie Journalen og nokkur voru pöntuð beint frá Danmörku eins og útskurðarmynstrin. Svo söguðum við út dýr sem við fegnum t.d. úr Dýrafræðinni“ (SG; Handverk og smíði; Þjhd.Þjms).

Laumupúkast (s) Læðupokast; stelast; laumast; fara huldu höfði. „Eitthvað voru strákarnir að laumupúkast þegar þeir komu heim úr Hryggjunum“.

Laundryldinn (l) Drjúgur með sig; montinn án þess að sýna það mikið. „Karlinn var laundryldinn yfir sínum sniðugheitum“.

Laupur (n, kk) A. Fótur. „Ætli maður reyni ekki að staulast þetta, meðan lauparnir eru í lagi“. „Reyndu nú að hreyfa á þér árans laupana og hlauptu fyrir kindurnar“! Þessi notkun orðsins heyrðist notuð í Kollsvík og nágrenni, en hennar sér ekki stað annarsstaðar hérlendis og orðabækur kannast ekki við þetta. Hinsvegar er nokkur sönnun þessa t.d. í orðtakinu að *leggja upp laupana*. Líklegt er að orðið í þessari merkingu sé af sömu rót og sagnirnar að „hlaupa“ og „labba“; einnig orðið „labbakútur“, sem erfitt er að skýra á annan betri hátt. B. Ílát; kláfur. C. Hrafnshreiður. „Hrafninn er glúrin að velja stað fyrir laupinn sem erfitt er að komast að“. D. Óáreiðanlegur maður; lygalaupur. E. Hrúga. „Væri von á rigningu voru *kringluhausarnir* settir upp í smáa laupa...“ (LK; Ísl sjávarhættir).

Lausaþang / Lausaþari (n, hk/kk) *Rekþari*; þari sem slitnað hefur upp og rekið upp í fjöru. Getur verið góð fjörubeit fyrir fé ef hann er nýr, en annars þótti best ef það komst í *bitfjöru*.

Lausmilk (l) Um kýr sem gott er að mjólka; lausmjólka; gagnstætt við *fastmjólka/fastmilk*.

Lausgrýtisskriða (n, kvk) Skriða með/úr lausu grjóti. „Gættu þín í lausgrýtisskriðunni þarna; hún er fjandi brött og getur öll farið af stað ef ekki er varlega farið“.

Lágdrifskeyrsla / Laggirakeyrsla / Litlustangarakstur (n, kvk) Akstur ökutækis í lægra drifhlutfalli. Þegar jeppar urðu fyrst algengir á Íslandi voru þeir með milligir, þar sem velja mátti tvær hraðastillingar með sérstakri girstöng, sem var mun minni en girstöng aðalgirsins. Var keyrt í *laga drifinu* þegar þungt var fyrir; t.d. í ófærð, en venjulega í *háa drifinu* annars. „Það var bara lágdrifskeyrsla upp alla Skarðsbrekkuna“. „Nú sýnist mér að sé litlustangarakstur framundan“. „Þetta var laggirakeyrsla nánast alla leið“.

Láganúpsland (n, hk) Sú landareign sem tilheryrir Láganúpsjörðinni. „Láganúpsland nær *frameftir* Vatnadal, þar til kemur að veginum sem liggur frá Kollsvík inn Víknafjall“.

Láganúpsmegin (ao) Þeim megin landamerkjja/Ár/Breiðs sem Lágínúpur er/ á land. „Þar sem Landamerkjahlein er nokkru norðanvið þann stað sem Kjölurinn gengur framá Breiðsbrún, þá er var alltaf dálítið óljóst hvar landamerki lægju í klettum; þar sem er mesta eggjasvæðið í Breiðnum. Líkast til liggja þau þó stystu skálínu á milli; þannig að eggjasvæðið er *að megninu til* Láganúpsmegin“.

Lágbokubakki (n, kk) Bakki/veggur af lágboku. „Hann leggur þennan lágbokubakka upp með kvöldinu“.

Lágbokublettur (n, kk) Staðbundin lágboka. „Það er að sjá lágbokubletti hér norðurum Flóann“.

Lánleysisbragur (n, kk) Yfirbragð óheppni/ógæfu. „Það hefur verið óttalegur lánleysisbragur á þeirra útgerð alveg frá byrjun, en þessi óheppni kórónar allt saman“.

Lása sig (orðtak) Fara í lás. „Með því að fara fyrst niður Nafargjána í lás; fara síðan gang heimúr henni og setja þar fastan annan spotta, tókst mér að lása mig niður í Sighvatsstöðin; líklega fyrstum manna sem heimildir fara af“ (VÖ).

Lásasnag / Lásasnatt / Lásferð (n, hk) Bjargferð með notkun lása. „Þarna má ná allmiklu af eggjum með lásasnagi“. Þarna er ekki mikið samfelld eggland, en hægt að ná dálitlu með lásasnatti“. „Við töldum okkur ekki hafa mannskap í sig, og ákváðum að fara heldur lásferð í Brimnesgjótuna“.

Lásband / Lásspotti / Lásvaður (n, hk/kk) Band/vaður sem notað er til að fara í *lás* í klettum. „Mikið helvíti er þetta flott lásband“. „Ég skal bera lásspottann ef þú heldur á háfunum“. „Hreinsaðu vel undan lásvaðnum“.

Lásfesta (n, kvk) Festa fyrir lásband. Misjafnt er hvað notað er fyrir festu, og fór eftir því hvað tiltækt var þar sem leggja þurfti lásbandið. Stundum var brugðið um stórt grettistak á brúninni, eins og á Steinanefninu á Breiðnum. Stundum utanum stórt grasigróið klettanef, eins og ofanvið Gylfaganginn á Stígnum. Stundum á lítið nef niðri í klettum, eins og við neðri lásinn í Stóðunum. Stundum var brugðið utanum langan stein eða hellublað, og það svo rústað vel uppi á brúninni. Þannig var t.d. á öðrum Árnastaðnum. Stundum var rekinn niður hæll á brúninni og brugðið á, eins og við Gorgánsstallinn. Og stundum voru aðstæður þannig að ekki var völ á lásfestu, en þá þurfti *undirsetumaður* að *halda við* uppi á brúninni.

Lásganga (n, kvk) Leið í klettum/bjargi sem unnt er að komast með *lás*. „Niður úr Saxagjá liggja lásgöngur á Ytri Lundavelli; þar má síga í fjöru. Þarna er talin best *aðlega* undir Bjarginu“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur- og Saurbæjarbjargs).

Láta damma (orðtak) Láta ráðast; láta eiga sig; hafa óbreytt. „Ekki gengur að láta þetta damma svona; einhverja stjórn verður að hafa á því“.

Láta kjurrt/kyrrt / Láta liggja (orðtök) *Láta vera*; taka/snerta ekki; hreyfa ekki við. „Láttu þetta nú kjurrt drengur; skelfing ertu handóður“! „Við látum bara heyið liggja yfir nóttina; ég held hann ætli að hanga þurr framá morgundaginn“. „Láttu þetta kjurrt; ég á það“! Sjá einnig *láta kyrrt liggja*.

Láta kjurrt (orðtak) Ekki snerta/taka; ekki skipta sér af.

Láta kjurrt liggja (orðtak) Ekki vekja máls á; ekki ræða frekar. „Ég lét þetta kjurrt liggja til að *halda friðinn*“.

Láta sér vel líka / Láta sér vel tillíka (orðtak) Láta yfir sig ganga; láta sér standa á sama; láta sér í létu rúmi liggja. „Menn brugðust misjafnlega við þessari ræðu; sumir ruku á dyr en aðrir létu sér hún vel líka“. Oftar var notað orðtakið „láta sér vel tillíka“ í Kollsvík, en ekki sjást dæmi þess annarsstaðar.

Látramannabúnaður (n, kk) Notað (e.t.v. mjög tímabundið) um þann hátt að girða buxnaskálmar niður í ullarleista áður en haldið er í gönguferð, s.s. smalamennskur. Ekki notað í niðrandi merkingu, enda skynsamleg aðferð sem vafalítið hefur tíðkast víðar áður fyrr. En orðið var notað af Kollsvíkingum á síðari hluta 20.aldar, þar sem þeim fannst smalabúningur Látramanna sérstakur að þessu leyti.

Leggjahross (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; stórgripaleggir notaðir fyrir hesta. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé*, *kjálkakýr*, leggjahross og *völuhænsn*.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Leggjastoðir (n, kvk, fto) Gæluorð um fætur. „Hann sagðist ætla að staulast úteftir og standa fyrir, ef leggjastoðirnar svíkja hann ekki“.

Leiðindaaðstæður (n, kvk, fto) Leiðinlegar kringumstæður; slæm aðstaða. „Þetta voru leiðindaaðstæður; bleyta og dimmt, en frostlaust“ (Anna Hafldóttir; Útkall við Látrabjarg).

Leiðindabarningur (n, kk) Leiðinleg sigling á móti veðri/ í veltungi. „Hann hafði aukið norðanáttina töluvert meðan við drógum á Breiðavíkinni, svo við fengum leiðindabarning norður Kollsvíkina“.

Leiðindaderringur (n, kk) Hvítleið uppsteit/áreitni; leiður yfirgangur/hroki. „Hann var með leiðindaderring og sýndarmennsku; aðallega til að ganga í augun á stelpunum, held ég“.

Leiðindafæri (n, hk) Slæmt göngufæri; slæm færð. „Það er að verða leiðindafæri þar sem mest er skafmoldin“.

Leiðindagangur (n, kk) A. Það sem gengur leiðinlega/ fremur illa. „Það er hálfgerður leiðindagangur í þessum málum“. B. Höktandi/ójafn gangur vélar. „Mér finnst enn vera leiðindagangur í vélinni; það verður að vona að hún kjafri alla leiðina í land“.

Leiðindagaur / Leiðindapési (n, kk) Leiðinlegur maður; skítseiði. „Mér hefur alltaf fundist hann hálfgerður leiðindagaur“. „Það er nú meiri leiðindapésinn sem þarna hefur komist á þing“!

Leiðindaveltingur (n, kk) Töluverður sjöveltingur, þannig að leiðinlegt er að vera að veiðum. „Við förum nú að fara í land ef hann ætlar að halda þessum leiðindaveltingi“.

Leiðindatíð / Leiðindatíðarfar (n, kvk/hk) Tíðarfar/veðráttá sem veldur leiðindum/ergelsi, t.d. óþurrkur um heyskapartíð; ógæftir/veltingur um vertíð eða rigningar þegar smalað er. „Það er sama árans leiðindatíðin“!

Leiðindatuð / Leiðindarell / Leiðindarugl / Leiðindakjafthæði / Leiðindakjaftháttur / Leiðindakjaftavaðall / Leiðindapras / Leiðindapvaður (n, hk/kk) Niðrandi heiti á tali/ræðu sem þykir leiðinleg/ fer í taugarnar/veldur ergelsi. „Skelfing leiðist mér þetta leiðindarell alltaf hreint“! „Ég nenni nú ekki að hlusta á svona

leiðindakjastæði“! „Skelfing er það þreytandi svona leiðindaþvaður í fólki sem hefur ekki hundsvit á þessum málum“! Fleiri samsetningar heyrðust af þessu tagi.

Leirstorka (n, kvk) Klístur/skorpa sem situr eftir þegar leir þornar, t.d. eftir mikið sandfok. „Leirstorkan sat lengi áveðurs á girðingarstaurum næst Leirunum eftir áhlaupið“.

Lella (n, kvk) Leðja; for; *effa*. „Grindin brotnaði undan kálfunum svo þeir sátu í lellunni í kjallaranum“. Borið fram með hörðu elli.

Lellulegur (l) Líkur leðju/for/efju; seigfljótandi. „Hafragrauturinn verður svo leiðinlega lellulegur ef þú hrærir mjólkina úti“.

Lellubunnur (l) Seigfljótandi; þunnur eins og lella/efja. „Settu ekki of mikið af vatni í steypuhræruna; þá verður hún svo lellubunn og ónýt“.

Lengivel / Lengi vel (ao/orðtak) Löngum; um langan tíma. „Lengivel sást ekkert útúr augum, en svo fór aðeins að rofa til“. „Afi var lengi vel hress og vann mikið“ (S.G: Bréf til mömmu).

Leppalítill (l) Fáklaeddur; í fáum flíkum; klæðlítill. „Maður kófsvitnaði í sólarbeyskjunni, jafnvel þó maður væri orðinn leppalítill“.

Lera sig (til) (orðtak) Lagast; aðlagast. „Sumir voru ósáttir við þessa ákvörðun, en það lerar sig með tímanum“. „Netið var örliðið snúið þarna á kafla í lagningunni, en ég held að það leri sig til í sjónum“.

Lestarfjöl / Lestarplanki (n, kvk/kk) Þykkar fjalir sem um áratuga skeið rak iðulega á fjörur í Kollsvík og víðar. Notaðar sem skilrúm í lestum og á dekki togara áður en plastkassar og plastkór urðu algeng

Letibykkja (n, kvk) Mjög löt/seinfær/hæglát skepna/manneskja. „Skelfingar letibykkja er nú þessi kind“!

Lestrartilögn (n, kvk) Tilsögn/leiðbeining fullorðinna við börn varðandi lestur; einkum í byrjun, meðan þau eru að ná tökum á að þekka stafina; kveða að; stauta; lesa í samfellu og öðlast skilning á því sem lesið er. Einnig orðað að „láta stafa/stauta/eða lesa“. Sjá *prófblað*.

Léttaverk / Léttavinna (n, hk/kvk) Létt verk; auðveld vinna. „Það verður ekkert léttaverk að ná þessum gemlingum heim saftur“. „Ég skal glaður hafa *verkabýtti* við þig ef þú heldur að þetta sé einhver léttavinna“!

Limpulegur (l) Slappur; vesæll, *lumpinn*. „Óttalega ertu limpulegur *geyið* mitt; heldurðu að þú sért með hita“?

Lifandislangt (l) Um tíma; mjög langt. „Það er svo lifandislangt síðan að ég er búinn að gleyma þessu“

Liggja í þagnargildi / Liggja í þagnarrúmi (orðtak) Láta órátt/óumtalað. „Of lengi hafa þessi mál legið í þagnargildi“. „Ég held að þetta leiðindamál megi í þagnarrúmi liggja; allavegana frá minni hendi“. Þagnargildi er ígildi þagnar. Þagnarrúm er líklega ímyndað rúm í báti þar sem ekkert er talað.

Lilla / Lilli (n, kvk/kk) Gæluheiti á börnum eða mjög smávöxnum manneskjum. „Ætlar þú að líta eftir lilla í smástund“? Gæluorð barna festast stundum við persónur framá fullorðinsár í munni hinna nánustu, og þannig var ein gæðakona frá Láganúpi nefnd Lilla af sumum sínum skyldmönnum, alla sína ævi.

Lindalóð (n, kvk) Lóð þar sem lóðaðurinn er spunninn úr togi. „... og þegar kaupmenn létu til lengdar vanta fiskilínur í verslanir sínar eða siglingar tepptust vegna styrjalda... létu vestfirskir bændur spinna lóðapíni úr togi, og voru slíkar lóðir nefndar lindalóðir“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Lingreiddur (l) Með hárið illa greitt/ í flóka. „Ansi sýnist mér þú vera lingreiddur stubburinn minn; svo mættirðu líka þvo mestu móskuna úr andlitinu áður en þú ferð í kirkju“.

Linhreinn (l) Ekki vel hreinn; fremur óhreinn. „Nú þykir mér þú frekar linhreinn í framan stubburinn litli“.

Linjall (n, kk) Reglustrika; *réttskeið*. „Við skulum bera linjalinn á þetta og fá rétta línu“.

Linmennska (n, kvk) *Linkuháttur*; *dugleysi*. „Skelfileg linmennska er það að liggja í landi í svona veðri“.

Linumót / Linunarmót (n, hk) Um veðurlag; merki um að fari að draga úr (hvassviðri, frosti, úrkomu, byl, sjógangi o.fl.); vísbending um að sé að lagast/linast. „Það er lítið linunarmót á þessu *bálviðri* ennþá“. Ég sé ekkert linunarmót á þessari úrhellisrigningu“. „Ég sé bara ekkert linnumót á þessum rosa í bráðina“! „Það er bara ekki að sjá neitt linunarmót á þessum eilífa *strambaffanda*“! „Það er lítið linunarmót á þessu *bálviðri* ennþá“. „Það er ekkert linunarmót að sjá á þessari eilífu rigningartíð“!

Listafallegur (l) Mjög fallegur; aðdáunarverður. „Þetta er listafalleg smíði“.

Litlakasína (n, kvk) Spaðatvistur í spilinu kasínu.

Litlustangir (n, kvk) Litlar gírstangir á flestum gerðum jeppa áður fyrr. Önnur var til að skipta milli háa og lága drifsins og hin til að tengja eða aftengja framdrifið. „Nú þarftu að setja í litlustangirnar sýnist mér; þetta er að verða árans þæfingur“.

Litlustangaakstur / Litlustangaferð (n, kk/kvk) Akstur í þæfingsófærð, í lágdrifi og framdrifi. „Skyldi þetta verða litlustangaakstur alla leiðina“?! „Þetta var bara litlustangaferð inn allar Fjörurnar“.

Litlustangafærð (n, kvk) Erfið færð til aksturs; þörf á að aka í lága drifi og framdrifi. „Það var litlustangafærð yfir alla Aurtjörnina“.

Litmót (n, hk) *Svipmót*; vottur. „Mér sýnist lítið litmót á því að hann ætli að fara að drifa í þessu“.

Lifshættuför (n, kvk) Stórhættulegt ferðalag; háskaför. „... en hvorttveggja var að það hefði verið lifshættuför, og auk þess fullyrti bátsmaðurinn að enginn væri eftir á lífi, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Lífskjör (n, hk, fto) Langvarandi gott sjóveður. „Þá var það í þetta sinn að við rerum allir eins og vant var í lífskjörum“. (ÓTG; Ágrip af æviferli). Ekki finnast dæmi um þessa merkingu orðsins í orðabókum. Síðari tíma merking orðsins (aðstæður til afkomu) var ekki viðhöfð í Kollsvík fyrr en í seinni tíð.

Límsvikinn (l) Um hlut sem bilar vegna þess að líming gefur sig. „Þessir skór eru nú meira andskotans *ónýtið*; límsviknir og með ónýtar reimar“!

Línusöngur (n, kk) Sónn sem símalínur á staurum framkalla, þegar vindur þýtur um þær. Línusöngur má stundum heyra í grennd við línuna, en háværustur varð hann í húsum sem símalínan liggur í. Símalínan kom inn í Láganúphúsið eldra á miðri efri hlið. Þar sem línan kom utanúr Breiðavík yfir Breið og Strympur, var oft mikið vindgnaud á henni. Það leiddi línan inn í bæinn, þar sem timburpilið magnaði það. Gat söngurinn stundum orðið jafn hávæur og skipsflauta, en heimafólk kunni því yfirleitt ekki verr en öðrum vinalegum umhverfishljóðum.

Líri (n, kk) A. Gæluheiti á stórum þorski/ golþorski. „Þarna fékkstu heldur myndarlegan líra“! B. Stór/ruðamikill hlutur/trjábólur/staur/steinn/tuddi o.fl. „Þarna var rekinn heljarmikill líri“. Orðið var nokkuð notað í Kollsvík í þessari merkingu framundir 2000, en orðabækur telja að það hafi verið haft yfir skrofuunga. Svo var ekki í Kollsvík.

Lítillsvirðingartónn (n, kk) Tónn/hreimur lítillsvirðingar/virðingarleysis/fyrirlitningar. „Nokkuð fannst mér votta fyrir lítillsvirðingartóni í garð þingmanna þegar hann var að lýsa byggðapróuninni“.

Ljáhnoð (n, hk) Hnoð úr deigu járn. Í seinni tíð var átt við hnoð sem festu ljáblöð á bakka í greiðusláttuvél. Blöðin slitnuðu við notkun, en einnig brotnuðu þau þegar slegið var í malarbornu eða grýttu landi. Var þá greiðan oftast tekin undan og ljárinn úr henni; hnoðin boruð úr blaðbrotinu, og nýtt blað hnoðað á, með tveimur nýjum hnoðum.

Ljósglampi / Ljósglyss (n, hk) Snögg ljómun/lýsing. „Mér sýndist ég sjá ljósglampa þarna norður á Umvarpi“. „Öðruhvoru sást ljósglyss efst á Jökkladalshæðinni, þar sem *skruguveðrið* geisaði hvað harðast“.

Ljóta húfalagið (orðtak) Slæmt ástand; farið úrskaiðis. „Það er ljóta húfalagið á þessu sjónvarpi núna; ekkert nema kolruglaður nossari“! „Ljóta asskotans húfalagið á þessu; rollurnar hafa rutt úr hliðinu á Melnum“!

Ljúflingsgrei / Ljúflingskvikindi (n, hk) Ljúflingur; meinleysingi. „Strákurinn er mesta ljúflingsgrei“. „Mér fannst þessi tuddi bara mesta ljúflingskvikindi; ég veit ekki hvað menn voru að hræðast hann“.

Ljúflingsnáungi / Ljúflingspiltur (n, kk) Viðkunnanlegur maður/strákur. „Mér fannst hann bara ljúflingsnáungi“. „Hann var ljúflingspiltur og *kom sér vel við* alla“.

Ljúfur (n, kk) Gæluorð um krakka/mann. „Komdu hérna ljúfurinn minn og leyfðu mér að girða þig“.

Ljött er að heyra lúsina hósta! (orðatiltæki) Upphröpun sem viðhöfð var í kaldhæðni eða hneykslun yfir gorti eða hástemmdum lýsingum viðmælanda. „Ljött er nú að heyra lúsina hósta! Sagðist hann hafa staðið einn yfir öllu fénu fjögurra ára gamall“?

Loðbandspeysa (n, kvk) Lopapeysa. Stundum notað sem gæluorð. „Ég var *kappklæddur*; í loðbandspeysu, *föðurlandi* og tvennum sokkum; með *svellþykka* vettlinga á höndum og *dembúl* á höfði“.

Loðpurpa (n, kvk) Mygla. „Hér hefur keppur staðið uppúr sýrunni og komin einhver loðpurpa á hann“.

Loforðaflaumur (n, kk) Mikið af loforðum, sem ólíklegt er að staðið verði við. „Ekki vantar loforðaflauminn frá þessum frambjóðendum; það fer minna fyrir efndunum“!

Loforðagjálfur (n, kk) Mikið af loforðum; innantómt bjartsýnisraus. „Alltaf er það sama sagan með þessa þingmenn og samgöngumálin; ekkert nema innantómt loforðagjálfur“!

Lofrulla / Lofræða (n, kvk) Mikið hrós; væmið/óverðskuldað hól. „Heldur fannst mér þetta leiðinleg framboðsræða; mestmegnis lofrulla og málskrúð um eigið ágæti og ímynduð afrek flokksins“.

Lofsamlega (l) Blessunarlega; til allrar hamingju. „við erum svo lofsamlega laus við þessa pöbbameningu“.

Loftskák / Loftskör / Loftslá / Slá (n, kvk) Bríkin við loftsgat/niðurgöngu af tvílyftu húsi, við efstu tröppu stiga. „,,Ekki líst þér vel á hann í dag; það sé ég af tóbaksögninni“, sagði ég og skaut mér niður af loftskákinni“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Loftugur (l) *Upplyftugur*; hreykinn; upp með sér. „Hann var heldur loftugur yfir þessum árngri, sem von er“.

Lognhægur (l) Um veður; fremur/mjög hægur vindur; nánast logn; hægviðri; dúnalogn. „Hann er bara orðinn lognhægur allt í einu, eftir þessa spænu“. „Það var aldrei að það urðu *umskipti* í veðrinu! Hann er bara orðinn lognhægur allt í einu. En þetta gæti svosem *allt eins* verið *svikalogn*“.

Lognmolludagur (n, kk) Dagur hægviðris og e.t.v. raka, þegar hey þornar seint. „Heyið þornar seint í svona tíð; hver lognmolludagurinn eftir annan og sólarlaust“.

Loniættur (n, kvk, fto) Gleraugu; *brillur*. „Réttu mér loniættur mínar; þær eru á borðhorninu“.

Lonta (n, kvk) A. Branda; lækjasilungur; kóð. „Voruð þið að veiða lonta í Ánni drengir“? B. Nef. „Viltu ekki fá þér aðeins í lontuna“? „Snýttu nú á þér lontuna drengur; þú ert með horinn niður á höku“! Sést ekki annarsstaðar í síðarnefndu merkingunni.

Lontulegur (l) Slappur; linur; veikur. „Maður er enn fjandi lontulegur eftir pestina“.

Lorta (s) Gera þarfir sínar; kúka. „Ég held ég verði að bregða mér á kamarinn og lorta“.

Lorta (n, kvk) Magaverkur; lasleiki í maga. „Það er einhver bölvuð lorta í mér núna“.

Lóðajárn (n, hk) Járn í teinum sem m.a. var höggvið niður og smíðaðir úr því önglar til fiskveiða. (Nánari skýringu skortir) „Önglar voru lóðajárn nr 7; 200 önglar á lóð“ (GG; Kollsvíkurver).

Ludda / Luddast (s) Sniglast; lötra; ganga hægt. „Ætli ég reyni ekki að ludda á eftir fenu norðuyfir“. „Karlinn kom kjagandi eftir götunni, og hundurinn luddaði á eftir“. „Reyndu nú að luddast úr sporunum“!

Lullakstur / Lullkeyrsla (n, kk/kvk) Hægur akstur ökutækis. „Það var áans þæfingur yfir allan Hálsinn, og víða bara lullkeyrsla í lága drifinu“.

Lumbrufjandi / Lumbruskítur / Lumbruskrafti / Lumbruskömm (n, kk) *Pestarskítur; pestarfjandi; lumbra*; veikindi. „Ég er enn með einhvern lumbrufjanda“. „Skyldi ég nú vera að fá þennan lumbruskít“?

Lumbruvottur (n, kk) Væg einkenni umburðarpestar/veikninda. „Mér finnst eins og í mér sé lumbruvottur“.

Lummustafla (n, kk) Stafla/hrúga af lummum. „Hún var búin að baka fjallháa lummustafla“.

Lumpast (s) Lyppast; *slyttast*. „Ég var svo uppgefinn að ég lumpaðist niður á réttarvegginn“.

Lumpulegur (l) Veikur; slappur; *lympulegur*. „Mér fannst hann ennþá afskaplega lumpulegur“.

Lunkni / Lunkulegheit (n, kvk) Lempni; lagni; fortölur. „Þú gætir nú kannski fengið hann með þér í verkið, ef þú beitir dálitilli lunkni“. „Hér þurfum við að beita lunkulegheitum og þolinmæði“.

Lunkulega (l) Gætilega; með lagni/lemni. „Þú þarft að fara lunkulega að honum til að styggja hann ekki“

Luntaháttur / Luntaskapur (n, kk) *Durtsháttur*; fúllyndi; ókurteisi; leiðindi; fýla. „Hún á það síst skilið að þú sýnir henni þennan luntahátt“! „Hann sat heima af einskærum luntaskap“.

Lurðast (s) Slæpast; hengslast; mjakast. „Reyndu nú að lurðast til að hreyfa þig drengur! Ætlarðu að láta kindurnar sleppa“?

Lurkabrennari (n, kk) Lurkabrennsluofn; ofn til kyndingar, þar sem unnt er að brenna stórum lurkum/grófkurluðum trjám. Lurkabrennarar eru í raun arftakar hlóða og kamína fyrri tíma, en urðu á ný algengir í lok 20. aldar, með hækkandi raforkuverði og tíðum línubilunum.

Lúðra (n, kvk) Aumingi; ónyttjungur; heigull. „Ég ætla nú ekki að vera sú andskotans lúðra að ég taki svona svívirðingum þegjandi“!

Lúðrast (s) Vera niðurlútur/lúpulegur; lúta í lægra haldi. „Ríkisstjórnin lúðrast í hverju málinu á fætur öðru“. „Hundkvikindið lúðraðist heim og skammaðist sín fyrir að hafa hlaupið í féð“. Var notað eingöngu þannig í Kollsvík. Orðabækur nefna dæmu um að „lúðra“ en þar er orðið notað á annan hátt.

Lúrt (s) Neyðarlegt; kvikindislegt; súrt í brotið. „Mér þætti skratti lúrt að koma aftur í land með öngulinn í rassinum“. „Honum fannst það lúrt af karlinum að heimta heilan hlut fyrir bátlánið“. Orðið heyrðist einungis notað í þessari beygingarmynd. Líklega komið af d/e; „lure“. Orðabækur gefa upp stofnmyndina „lúra“, og að það væri í nefndum dæmum „lúrað“. Hér er því um sérstöðu að ræða hjá Kollsvíkingum.

Lúsabyr (n, kk) Um siglingu bát; byr sem framkallaður er með notkun lúsa. „Til að auka *meðbyr* þótti áhrifaríkt að *leita sér lúsa* og fleygja þeirri veiði aftur af skipinu. Aðrir létu lúsina á *þóftu* og veittu athygli skriði hennar; átti *byrinn* að koma úr sömu átt. Loks létu sumir lúsina í seglið. Með þessum aðferðum vonuðust menn eftir lúsabyr...“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heim; ÓETH).

Lúsaheppni / Lúsheppni (n, kvk) Heppni var gjarnan talin tengjast lúsum, sjá *lúsheppinn*. „Þvílík lúsaheppni var það að finna þennan eldspýtustokk“!

Lúsarlaun (n, hk, fto) Mjög lág vinnulaun. „Ekki veit ég til hvers maður er að strita fyrir þessi lúsarlaun“!

- Lúsarleita / Lúsleita** (s) *Paulleita*; leita mjög ítarlega. „Ekki veit ég hvar þessar kindur hafa getað verið; við vorum búnir að lúsarleita alla hlíðina“. „Ég lúsleitaði bréfið en fann enga villu í því“.
- Lúsheppinn** (l) Mjög heppinn/lánsamur *stálheppinn*. „Ég var lúsheppinn; að finna hnífinn aftur“. „Alltaf ertu jafn lúsheppinn; ertu aftur kominn með lúðu“? Þó lús væri hin mesta óværa á mönnum, þá var hún samt talin ómissandi og til gagns. M.a. boðaði hún heppni.
- Lygabrigsl** (n, hk, fto) Ásakanir um lygar/ósannindi. „Ég ætla ekki að sitja undir neinum lygabrigslum; hér eru fleiri sem geta staðfest þetta“! Sjá *brigs*.
- Lygahaugur / Lygalaupur / Lygamörður** (n, kk) Mjög lyginn/*hraðlyginn* maður. „Endemis lygahaugur getur maðurinn verið; ég hef aldrei sagt neitt í þessa átt“! „Ég myndi nú ekki leggja of mikið uppúr því sem þessi bölvaður lygamörður lætur frá sér“!
- Lympulegheit / Lymputilfinning** (n, hk, kvk) Slappleiki; aðkenning að veikindum. „Einhver árans lympulegheit eru í mér“. „Ég fékk yfir mig eins og lymputilfinningu, en það er liðið hjá núna“.
- Lyngsteinbítur** (n, kk) „Lyng var víða rífið til eldunar... Greiðsla fyrir lyngtöku fólst alls staðar í uppsátursgjaldinu nema í Kollsvíkurvei, en þar var hún einn harður steinbítur frá hverjum manni; lyngsteinbítur. Auk eldiviðarlyngs máttu menn slíta þar svo mikið lyng að nægði í bálk eða rúm“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Lystarmikill / Lystargóður** (l) Svangur; gráðugur; með góða matarlyst. „Nú myndi ég þiggja að fara að huga að nestinu. Ég er alltaf fremur lystarmikill eftir svona puð“.
- Lýðhjálp** (n, kvk) Samfélagsaðstoð. Orðið var notað í Rauðasandshreppi og kemur m.a. nokkrum sinnum fyrir í gerðabókum hreppsins.
- Lýsisbrák** (n, kvk) Brák af lýsi; lýsi sem flýtur á vatni. „Svo feitur varð silungurinn úr Stórvatni að þykk lýsisbrák sat eftir í pottinum þegar búið var að sjóða hann“.
- Læðutjásur / Læðuboka** (n, kvk, fto/ kvk) Þokulæða; sjólæða. „Einhverjar læðutjásur eru að smeygja sér inn þarna norðurundir“.
- Lægðakraðak / Lægðaveita** (n, hk/kvk) Um veðurfar; mikill lægðangangur; hver lægðin rekur aðra. „Það er ekki von á þurrki meðan þetta lægðakraðak gengur látlaust yfir“! „Það er bara engin linun á þessari eilífu lægðaveitu“!
- Læpuþunnur** (l) Mjög þunnur; aumingjalegur. „Mikið er grauturinn læpuþunnur“.
- Löber** (n, kk) Fremur mjór en langur dúkur til að hafa á borðum; oft mikið skreyttur/ísaumaður. „Mikið var saumað í sængur- og koddaver, dúka bæði kaffidúka og ljósadúka þ.e. minni dúka til að hafa á borðum, löbera, púða, kommóðudúka sem voru með sérstöku lagi...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).
- Magapest** (n, kvk) Magaveiki; veiki sem magaverkir fylgja; uppgangspest; niðurgangur. „Ég er hræddur um að ég fari lítið á sjóinn fyrr en þessi magapest lagast“.
- Magapláss / Magarúm** (n, hk) Pláss í maganum fyrir mat. „Nei takk; ómögulega meira fyrir mig; ég held ég eigi bara ekki meira magapláss þó ég feginn vildi“!
- Magnetta / Magnettukveikja** (n, kvk) *Smellikveikja*; segulkveikja sem var algeng t.d. í fyrstu báta- og traktorsvélunum. „Alltaf eru sömu vandræðin með bölvaða magnettuna; það er bara aldrei hægt að treysta þessu“! Kveikjur þessar voru fremur *vangæfar* og gat oft þurft að *skrifa* þeim til.
- Malargryfja** (n, kvk) Uppgröftur/lægð þar sem tekin hefur verið mól, t.d. til vegagerðar. „Víða voru opnaðar malargryfjur til að fá ofaniburð í vegina. T.d. var ein slík í Húsadal; önnur á Núpnunum og ein til á Aurtjörn“.
- Malli / Mallakútur** (n, kk) Gæluheiti á maga. „Er þér eitthvað illt í malanum, stúfurinn minn“? „Girtu nú uppum þig stubbur; þú ert með beran mallakútinn“.
- Malt** (n, hk) A. Bygg sem verkað hefur verið til ölgerðar. B. Bragð sem stundum kemur af mat sem geymdur er illa eða lengi án þess að úldna eða mygla, t.d. þegar fiskur nær að hitna í verkun. Þessi merking orðsins virðist ekki hafa verið þekkt víða. „Mér finnst eins og það sé komið eitthvað malt í brauðið“.
- Maltast** (s) Um fisk, brauð og aðra matvöru; breyta bragði; komast á stig úldunar/skemmda. „Við þurfum að flýta okkur að hengja fiskinn í hjallinn; hann er fljótur að maltast ef hann liggur svona í sólinni“.
- Maltbragð / Maltkeimur** (n, hk) Bragð af mat sem farinn er að *maltast* (sjá þar). „Það er komið leiðinda maltbragð af þessu“. „Er það ímyndun í mér, eða er kominn einhver maltkeimur af brauðinu“?
- Mangabryóstsykur** (n, kk) Bryóstsykur sem seldur var (og er e.t.v. enn) undir nafninu „brenndur bismark“. Gekkt undir nafninu mangabryóstsykur í Rauðasandshreppi og e.t.v. víðar, þar sem hann var ein þeirra fjölmörgu vörutegunda sem fengust í *farandverslun* Magnúsar í Vesturbotni. Minnir mig að Mangi hafi selt

þennan brjóstsykur í stórum pokum, ef ekki í lausri vigt, og að jafnvel hafi molarnir verið stærri en þeir sem fengust í pokum í öðrum verslunum.

Mangakaramellur (n, kvk, fto) Stórar karamellur sem Magnús í Vesturbotni seldi í farandverslun sinni.

Líklega sömu gerðar og þær sem sumir nefndu *haltukjafnikaramellur*.

Mangakrem (n, hk) Sárakremið „helosan“. Svo nefnt vegna þess að Magnús Ólafsson í Vesturbotni (Mangi í botni) seldi það í verslun sinni og farandverslun, en annars var það ófánlegt um tíma, a.m.k. þarna vestra. Mangakrem var selt í stórum túpum, og þótti einstaklega græðandi á sár manna og skepna, og þó milt.

Mannahallæri / Mannahrak (n, hk) Vantar mannskap/fólk til vinnu. „Það lítur út fyrir mannahallæri í slátruninni á morgun. gætir þú komið og bjargað málunum“?

Mannaskuld (n, kvk) Mannleg mistök; klaufaskapur; af mannavöldum. „Auðvitað er það bara mannskuld að leggja veginn um þessar snjóalautir“.

Mannavaður (n, kk) *Bjargvaður/sigvaður* sem notaður er af sigara við bjargsig. „Til siga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir)“ (MG; Látrabjarg).

Mannorðsmeiðandi (l) Slæmt fyrir mannorðið; setur blett á heiðurinn. „Það er mannorðsmeiðandi að taka þátt í svona ráðabruggi“.

Mannorðsmeiðingar (n, kvk, fto) Árásir á mannorð; illt/skaðlegt umtal. „Hann sagðist leggja það alveg að jöfnu við mannorðsmeiðingar að vera orðaður við þennan *ótætisflokk*“.

Mannskapsfrekur (l) Krefst mikils mannskaps/mannafla. „Bjargsig var nokkuð mannskapsfrekt; einkum ef langt var farið niður. Lásasnag var það hinsvegar ekki. Jafnvel gat einn maður komist langt niður í kletta og náð miklu af eggjum. Betra var þó að tveir væru, til að koma fengnum upp“.

Mannskapslega (ao) Karlmannlega; hraustlega. „Hann bar sig ári mannskapslega og sagðist bara *brattur*“.

Mannspillast (s) Blóta; formæla. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Manúrera (s) Hreyfa/færa til; hagræða; koma fyrir. „Setjið verkfærin þarna á bekkinn. Ég manúrera þeim svo á sinn stað“. „Með nokkrum erfiðismunum tókst loks að manúrera frystigámnum inn í salinn“.

Manúreringar (n, kvk, fto) Tilfærslur/hagræðingar hluta; uppröðun; bras. „Það kostaði allmiklar manúreringar að koma þessu öllu fyrir“.

Marabonkjaftæði (n, hk) Mikið málæði; endalaust bull. „Nú held ég að við ættum að fara að gera eitthvað, í staðinn fyrir að hanga endalaust yfir einhverju marabonkjaftæði sem engu skilar“!

Marabonsímtal (n, hk) Mjög/óþolandi langt símtal. Á tímum sveitasímanna gat notandi á einum bæ þurft að bíða all langan tíma eftir að notandi á öðrum bæ lyki símtali sínu, og þannig hefur orðið skapast. „Hverskonar skelfingar marabonsímtal ætla þetta eiginlega að verða hjá hreppstjóranum“?!

Marblaðra / Marbóla (n, kvk) Dökk blóðfyllt bóla/blaðra þar sem mar hefur komið í húð. „Vertu ekki að sprengja marbóluna, þá getur hlaupið illt í þetta“!

Margausa (s) Ausa mörgum sinnum. „Báturinn var árans ekkisen lekahrip, og þeir þurftu að margausa hann í þessum stutta róðri“.

Margbanna (s) Banna oft; margítraka bann. „Ég er búinn að margbanna ykkur að fíkta í klettunum“!

Marggæta (s) Gá/gæta/skoða oft/ mörgum sinnum. „Ég skil ekki í því að þessar kindur hafi leynst þarna í lautinni; ég var búinn að marggæta þar“!

Margítreka (s) Ítreka/endurtaka oft. „Ég margítrekaði það við hann að gæta sín á skerinu“.

Margliði (n, kk) Fiskur með þá vansköpun að hlykkir eru á hryggsúlunni aftanverðri. „Margliði nefnist fiskur sem er með hlykki milli sporðs og gotraufarugga. Sá sem dregur slíkan fisk fær eins mörg hundruð á vertíðinni og hlykkirnir eru margir (ÓETH; LK; Ísl.sjávarhættir V).

Marglyttusúpa / Marglyttuvaðall (n, kvk/kk) Mikið magn marglyttu í sjó; þétt ský af marglyttu. „Skelfileg marglyttusúpa er þetta að verða hér inni í firðinum“. „Það hefur ekkert uppá sig að leggja ofaní þennan marglyttuvaðal; netin fyllast strax af þessum óþverra“.

Margsamanhnýttur / Margsamansettur (l) Hnýttur/settur oft saman. „Spottinn er grautfúinn og margsamanhnýttur“. „Þú ferð ekki í *langsig* í margsamansettum vað“.

Margspyrja (s) Spyrja ítrekað; þráspyrja. „Ég margspurði hann eftir þessu en hann þvertók fyrir að hafa nokkurntíma heyrt á það minnst“.

Margurhver (l) Margir; margur maðurinn. „Margurhver hefði nú gefist upp fyrir löngu í hans sporum“.

Maríukjarni (n, kk) Marinkjarni; *Alaria esculenta*; brúnþörungur allstór sem algengur er framarlega á útfiri og var mikilvægur, bæði til fjörubeitar og stundm til manneldis. Þöngulhaus heldur jurttinni við klappir og stórgryti en blaðkan er stór og með flatrí og mikilli miðtaug. „Alltaf var beitt ef veður leyfði og þá staðið hjá yfir daginn. Beitt var í fjöru ef þari var og bitfjöru um stórstraum. Mest sótti fêð í sól og maríukjarna“ (ÖG; Vorverk og heyannir; Niðjatal HM/GG).

Mark (n, hk) Dylla; dyndla; sá hluti í *spyrðustæði* steinbíts sem ekki er skorinn upp við flatningu að gömlu lagi; aftasti hluti stirtlu steinbíts, framan við sporð. (sjá *steinbítur*). Orðið er til í ýmsum merkingum, en ekki er vitað til að þessi hafi þekkt utan Útvíkna, þar sem mest var verkað af steinbít.

Markatöng (n, kvk) Klippitöng/bítur til að marka lömb. „Afi notaði aldrei markatöng; honum fannst betra að nota vel brýndan vasahníf“.

Markhelmingur / Graðhelmingur / Dálkahelmingur (n, kk) Annar helmingur flakaðs steinbíts (sjá *steinbítur*). „Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem héngu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. Annar kallaðist *mejarhelmingur*; og honum fylgdi gotraufarugginn/*mejarugginn*, en hinum fylgdi bakugginn og markið; nefndist markhelmingur/*graðhelmingur/dálkahelmingur*. Ennfremur var talað um steinbítshelming eða aðeins *helming*... Yngsta aðferðin var að flaka hann og voru flökin þá kúluð eða skorin í tvö *strengsli* með *bandshaldi*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).

Maskínujárn / Maskínukrókur (n, hk/kk) *Skari*; áhald sem notað var til þess annarsvegar að krækja í lok og hringi á heitri kola-/olíueldavél án þess að brenna sig þegar hagræða þurfti þeim vegna mismunandi eldunaríláta eða annars. En einnig var áhaldið notað til að skara í kolum eða liðka fyrir oliurensli við kyndingu maskínunnar. Vanalega var skarinn úr sívölum járntein sem beygður var í krók í annan endann en með auga á hinum. Hékk oftast á krók yfir eldavelinni til geymslu. *Skari* var algengara nafn.

Matarsnarl (n, hk) Lítilsháttar matur; skyndiréttur. „Vertu ekkert að elda fyrir mig. Mér dugir eitthvað létt matarsnarl núna“. Oftast stytt í *snarl*.

Maurasýrufata / Maurasýrubrúsi (n, kvk/kk) Maurasýrufata var gjarnan um 20 l blikkfata undan smurolíu, sem götuð var á um þriðjungji loksins. Hún var fyllt að mestu af vatni, og síðan var um 1 lítra af maurasýru hellt varlega úti og hrist saman. Svo var blöndunni úðað yfir votheyið. Föturnar voru fljótar að 'tast í sundur í sýrunni, og þurfti iðulega að endurnýja þær. Óþynnt maurasýran var keypt í ca 30 lítra maurasýrubrúsum úr plasti.

Mái (n, kk) Kúfur; meirihluti; það mesta; það sem máð hefur verið af. „Heyið náðist ekki allt í hlöðu fyrir rigninguna, en ég held við höfum náð máanum af því“.

Mállýtanefnd (n, kvk) Nefnd sem fjallar um/ bætir slæmt málfar. „Dvergur hefur veitt mikla leikni og æfingu í að rita. Mállýtanefnd hefur starfað flesta veturnar“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Mávabyrgi (n, hk) Skotbyrgi þar sem mávur var *skotinn á fluginu*. „Mávabyrgi er á Grundabökkunum, þar sem Garðarnir enda. Þar var legið fyrir mávi í hæfilegum vindi. Einkum var skotinn ungfugl til matar“.

Mávaket / Mávsket (n, hk) Ket af máv. Mávur var mikið *skotinn á fluginu* í Kollsvík á 20.öld, einkum ungfugl, og hafður til matar. Mikið af honum var snætt nýtt, en annað saltað í tunnur. Voru þá bringur og læri skilin að, og *kranginn* saltaður einnig. Fyrrum var mávurinn plokkaður og *bumburinn* látinn fylgja ketinu, en í seinni tíð var fuglinn fleginn. Mávaket er herramannsmatur, og alls ekki síðra en gæsaket eða kjúklingur. Það fékk óorð á sig þegar salmonella tók að finnast í borgarmávi, sem lifði í klóaki og opnum ruslahaugum, en vestra lifði fuglinn á heilnæmara fæði og varð engum meint af neyslu hans. Mávurinn var jafnan soðinn, og oftast búin til af honum *mávasúpa*, sem er sælkeraréttur.

Mávaskita (n, kvk) Neikvætt orð yfir löngun til að skjóta máv á fluginu, en sumir töldu það mestu tímaeyðslu meðan aðrir réðu sér vart í góðum *mávastormi*. „Ansans ekkisen mávaskitan á ykkur alla tíð! Búiði ykkur nú almennilega; það er skítkalt að norpa þarna í Byrginu í þessum norðangarra“!

Mávaskot (n, hk) Haglaskot sem hentar til að skjóta máv. Menn deildu um það hvaða tegundir væru bestar og áreiðanlegastar, og komu þar tegundirnar Seller & Bellot og Ely Alphamax m.a. til álita. Hentugasta haglastærðin var álitin 4, af enskri mælieiningu. Á síðari tímum fóru menn að nota magnumskot, en með þeim náðist fuglinn á lengra færi. Hlaupvídd á byssum var yfirleitt 12, en Össur á Láganúpi átti byssu með hlaupvídd 16, sem gafst vel við mávaskytterí. Eftir langan dag á mávaskytterí lágu oft hrannir af tónum skotum eftir í Byrginu á Grundabökkum. Haglaskot og riffilskot voru meðal fjölmörgra vörutegunda sem oftast voru á boðstólum í kaupfélagi Sláturfélagsins Örlygs á Gjögurum.

Mávaskytta (n, kvk) Sá sem skýtur máv. „Þarna koma klyfjaðar mávaskyttur“.

Mávaskytterí (n, hk) Sú iðja að skjóta máv á fluginu. „Einar og Páll í Borgarnesi komu vestur í Kollsvík flest haust, og þótti þá fátt eftirsóknarerðara en sitja niðri við Garða á mávaskytterí í góðum *mávastormi*“.

Mávastormur (n, kk) Notað yfir vind af þeirri átt og vindstyrk þegar heppilegt er að „skjóta á fluginu“, þ.e. liggja í Byrginu við Garðana og skjóta máf sem flýgur þá lágt í norðanvindinum.

Mávasúpa / Fuglasúpa (n, kvk) Súpa sem soðin er af máv/mávsunga. Í hana var yfirleitt sett það sama og í ketsúpu. Ef fuglinn var *bráðfeitur* vildi oft safnast *smolt* á yfirborðið. Hjörtu fuglsins voru soðin með, ekki síður en læri, bringa og *krangi*.

Mávsvængur (n, kk) Vængur af máv. Mávsvængir voru mikilvægir í tvennu tilliti. Annarsvegjar voru á tímabili greidd verðlaun úr hreppsjóði fyrir fækkun vargfugls og var þá vængurinn sönnun fyrir því. Hinsvegjar voru mávsvængir notaðir til að *veifa*, en svo var það nefnt þegar útspenntu vængjapari var blakað af manni í skotbyrgi, líkt og þar væri mávur á lágflugi. Með þessu voru ungmávar lokkaðir í skotfæri. Það tókst iðulega ef ekki voru *gamalmávar* með í för, en þeir sáu í gegnum brelluna og reyndu að lokka þá yngri frá byrginu. Krakkar og unglingar voru stundum hafðir með til að veifa þegar skotið var á fluginu. Eftir að fyrsti fugl hafði verið skotinn var hann fremur hafður til að veifa með. Þeir sem síðar voru skotnir voru settir framanvið byrgið og á Garðana, líkt og þar væri mávahópur í lágflugi.

Með undrahætti / Með undrum (orðtak) Undarlegt. „Svo var smíðað utan um hann og svo var hann fluttur yfir fjörð að Sauðlauksdal og jarðaður þar en allt þótti þetta með eitthvað undrahætti“ (JVJ; Nokkrir ævifættir). „Lesendum sem mig þekkja telja það með undrum að ég segi frá bjargferð úr Kollsvík...“ (TÖ; Undirbjargferð frá Kollsvík).

Meðalfesta (n, kvk) „Í Kirkjuhvammi er nokkuð af heyjunum fyrir neðan meðaltestu og einnig hefir nokkuð af útibornum heyjum skemmt af regni“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).

Meginaðdráttarferð (n, kvk) Kaupstaðarferð þar sem aflað er helstu nauðsynja til langs tíma. „Venjulega voru farnar tvær meginaðdráttarferðir á ári. Var önnur ferðin farin snemma vors og þá var aðflutningurinn tilbúinn túnáburður, auk ýmissar matvöru til heimilisþarfa. Síðari ferðin var svo farin á haustin“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Megineldsneyti (n, hk) Það sem helst er nýtt sem eldsneyti. „Venjulega var tekið mað lítið eitt af kolum, sem þótti gott að geta gripið til ef sérlega þurfti að skerpa lítilla á eldi. Annars var megineldsneytið mór, allt fram yfir 1950“ (PG; Samgöngur og flutningar; Niðjatal HM/GG).

Mehe (n, hk) Múður; rövl; úrtölur. Var einvörðungu notað í orðtakinu „*ekkert mehe með það*“, sjá þar. Ekki verður fullyrt um það nú hvernig eða hvenær orðið er tilkomið eða hvað það var víða notað.

Meidd / Meiddi (n, hk) Gæluorð um meiðsli/ sáran stað; *bágt*. „Hættu nú að vola stúfur; mamma er búin að kyssa á meiddið“. „Ertu með meiddi á puttanum“?

Meinbagi (n, kk) Óhagræði; skaði; ami. „Ég læt þetta ógert ef honum er einhver meinbagi að því“. „Tíðarfarið hefur verið erfitt þennan mánuð, en ekki þó svo að til meinbaga hafi verið“.

Meinhægðararmingi / Meinhægðargrey / Meinhægðarmaður / Meinhægðarnáungi / Meinhægðarskinn (n, kk/hk) Meinlaus maður, og vísa sum orðin til lítilmagna. „Það er nú ekki vandamálið með hann; þetta er mesti meinhægðararmingi“. „Alltaf er þetta sama meinhægðarskinnið“.

Meinhægðartíð / Meinhægðarveðráttá / Meinhægðarveður (n, kvk/hk) Gott/meinlaust tíðarfar/veður. „Ég held að megi kalla þetta meinhægðartíð sem af er“. „Það var komið meinhægðarveður daginn eftir“

Meinskældinn (l) *Illskældinn*; semur meiðandi vísur/kvæði. „Hann getur gert prýðisgóðar vísur af öllu tagi. En á það líka til að vera beittur og meinskældinn“.

Meinþröng (l) Of þröng. „Búð í Kollsvíkurveri nefndis Meinþröng, og var það talið réttnefni“.

Melauga (n, hk) „Sérkennilegar holur í malarholt, sem fundust í barmi frostgíganna Smávatna í Vatnadal í júlí 2015“ (VÖ; frostgígar og myndun þeirra). Holurnar voru á a.m.k. tveimur aðskildum blettum í Smávötnunum. Efst á aurböndnu malarholi, á bletti sem var ca 4-5m í þvermál, voru um 15 holur í jarðveginn; hver um 30cm á breidd og um 10cm á dýpt; keilulaga. Á milli voru ávalir rimar. Engin augljós skýring var á þessu. Ekki var grafið í holurnar.

Melabarð (n, hk) Barð/harðbali/upphækkun/sandbarð í sandbornu landi, oftast með snöggum gróðri. „Mér sýnist að alltaf sé að blása meira úr melabarðinu“.

Melaföt / Melafit (n, kvk) Slétt svæði með snöggum gróðri í sandbornu landi. „Neðan núverandi fjárhúsa á Láganúpi eru sandbörð, en neðan þeirra slétt melafit, nefnd Fitin“.

Melaskarð (n, hk) Rofdæld í melafit/melabarð. Mikið er um melaskarð í Kollsvík, einkum ofan rífs nærri fjörunni. Þau má sjá norðan og neðan Kollsvíkurbæjar; milli Syðrikletta og Stekkjarmels og neðantil í Litlufit og Fit á Láganúpi. Melaskarð eru víða annarsstaðar í fyrrverandi og núverandi uppblásturssvæðum í Rauðasandshreppi, s.s. á Rauðasandi, Hvallátrum, Breiðavík, Örlygshöfn, Kvígindisdal og Hvalskeri.

Melskurðarvél / Melsláttuvél (n, kvk) Uppfinning úr Rauðasandshreppi. Landgræðsla ríkisins hefur, allt frá stofnun, staðið fyrir söfnun melfræs af mestu melasvæðunum, til sáningar í uppblásturssvæði. Melurinn var skorinn með höndum og var mannaflafrekur. Ólafur Egilsson fann upp sérstaka sláttuvél í kringum árið 1980, en með henni er unnt að slá melinn með traktor, mun hraðar en með höndum. Í stórum dráttum er vélin þannig að sláttuvélagreiða er fest á ámoksturstæki traktorsins, þannig að unnt er að stilla legu hennar stöðugt úr traktorssætinu. Ljárinn er knúinn af vökvarótorum. Ekki var tekið einkaleyfi fyrir uppfinningunni, og ekki er vitað hvort sammærilegur búnaður hefur verið fundinn upp erlendis.

Melsléttu (n, kvk) Sléttu sem nýtt er til heyskapar, og uppistaða gróðurs er melgresi. Melsléttu í Skersbug var lengi slegin og nýtt.

Menntadýrkun (n, kvk) Öfgafull aðdáun á skólagöngu. Borið hefur á slíkri hneigð í síauknum mæli í nútímasamfélagi. Með hugtakinu er ekki átt við eðlilega og nauðsynlega ásókn manna í að afla sér þekkingar og hæfa sig til starfa, heldur þá tilhneygingu að telja menntað og *langskólagengið* fólk að öllu leyti æðri þeim sem hafa færri prófgráður; jafnvel þó hinir síðarnefndu hafi aflað sér meiri þekkingar og færni með eigin námi. Nærtæk birtingarmynd menntadýrkunar birtist í kröfusetningu atvinnuauklýsinga, þar sem krafist er langskólagöngu og háskólaprófa að nauðsynjalausu. Nærtækasta dæmið um innihaldsleysi og skaðsemi menntadýrkunar er hinsvegar það að alltof margir sem nú skrifast útúr æðri skólum eru illa talandi og skrifandi á rétt íslenskt mál, sem stuðlar að hnignun tungumálsins.

Menntadýrkandi (n, kk) Sá sem stundar öfgafulla menntadýrkun. „Ekki er hér ætlunin að *kasta rýrð á gildi* menntunar; hún er nauðsynleg að vissu marki í nútímasamfélagi. Hinsvegar er sú *menntadýrkun* komin út í öfgar sem ávallt *upphéfur* hinn langskólagengna umfram hinn *sjálfmenntaða*; *burtséð frá* raunverulegri hæfni. Menntadýrkandanum hættir einnig til að gleyma því að með sérhæfingunni afsala menn sér þeirri viðtæku *þekkingarleit* sem sá getur stundað sem eyðir minni tíma í skólagöngu“.

Merkilegheitafyrirbæri (n, hk) Furðufyrirbæri; eftirtektarverður hlutur. „Alveg er þessi karl merkilegheitafyrirbæri; frekar vill hann dunda sér við að sækja eina og eina kind heldur en þiggja aðstoð til að ná þeim öllum í einu“!

Merkilegheitaskæpna (n, kvk) Mjög furðuleg/skynsöm skæpna. „Hundurinn var merkilegheitaskæpna. Hann virtist alltaf vita í hvaða átt hann átti að sækja kindurnar, þó hann sæi þær alls ekki“.

Merkisfyrirbæri (n, hk) Furðulegur/merkilegur maður/hlutur; *furðukvikindi*. „Alveg er hann merkisfyrirbæri; suma daga ekkert nema *landeyðuhátturinn*, en afkastar öllum mönnum meira þegar hann fer af stað“!

Merkjataska (n, kvk) *Spraututaska*; aska sem í var geymt það hafurtask sem þarf til að bólusetja, marka og merkja nýfædd lömb að vori. Taskan var gjarnan með axlaról, og í henni var m.a. bóluefni, sprauta, súlfatöflur, markatöng, merkjatöng, lambamerki, blýantur og minnisblað/minnisbók/*númerabók* til að skrá númer merks lambs.

Messudagasteinbítur (n, kk) Steinbítur veiddur í lok vertíðar. „Áður en vertíð lauk var fiskur oft orðinn tregur á línu. Var þá farið með færi í steinbíturóðra. Það var kallaður messudagasteinbítur sem þá veiddist. Var hann þá orðinn miklu feitari og betri til átu en sá sem veiðst hafði á línu fyrr að vorinu“ (KJK; Kollsvíkurver).

Metersbil (n, hk) Bil sem er einn meter/metri á breidd. „Það er alltof langt að hafa metersbil á milli korka“!

Metersbreiður (l) Einn meter/metri á breidd. „Hann útbjó metersbreiða dragskóflu úr *alúminu*“.

Metersbútur / Metersstubbur (n, kk) Bútur sem er einn meter/metri að lengd. „Þetta eru allt metersstubbur eða smærra“.

Metersdjúpur (l) Einn meter/metri að dýpt. „Hann ók þar inn í metersdjúpan skafl“.

Metershár (l) Einn meter/metri á hæð. „Hann lék sér að því að stökkva uppá metersháan stein, jafnfætis“.

Meterskefli / Metersspýta (n, hk/kvk) Kefli/spýta/rekaviður sem er meter/metri að lengd.

Meterslangur (l) Einn meter/metri að lengd. „Skerðu þetta niður í meterslanga spotta“.

Metingar (n, kvk, fto) Deilur um hvor/hver sé betri/stærri/öflugri o.s.frv.; samanburður af metnaði. „Hættiði nú þessum eilífu metingum útaf hrúttunum; þær eru hálf kjánalegar og skila öngri niðurstöðu“! Einatt í kvenkyni í fleirtölu en karlkyni í eintölu; sjá *metingur*.

Meyjarhelmingur (n, kk) Annar helmingur flatts *steinbíts*. „Síðan var fiskurinn rifinn meðfram bakugganum og var þar með kominn í tvo helminga sem héngu saman á *markinu/dyllunni/dyndlunni*. Annar kallaðist *meyjarhelmingur*; og honum fylgdi gotraufarugginn/*meyjarugginn*, en hinum fylgdi bakugginn og markið; nefndist *markhelmingur/graðhelmingur/dálkahelmingur*. Ennfremur var talað um steinbítshelming eða aðeins *helming*... Yngsta aðferðin var að flaka hann og voru flökin þá kúluð eða skorin í tvö *strengslu* með *bandshaldi*. (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; AE; DE; ÓETH).

Meyjarpappa (n, kvk) Lítill kuðungur af poppuætt (*naticidae*); samnefni nokkurra tegunda þeirrar ættar sem algengir eru á útfiri í Útvíkum og sitja þá gjarnan á stórum steinum eftir að fallið er út. Litir eru fjölbreytilegir; brúnn, grár, hvítur, hvít/brúnröndóttur og hálfgegnisær. Vinsælt var af börnum að tína þær meyjarpöppur sem lágu tómar í hrönnum í skeljasandinum og nota þær til leikja og skreytinga. T.d. má líma þær á öskjur svo úr verður listaverk, eða nota sem lömb í *kubbabúi*.

Meyjaruggi (n, kk) Gotraufaruggi á steinbít (sjá *meyjarhelmingur* og *steinbítur*).

Mélbolli (n, kk) Bolli af méli, t.d. þegar mælt er til baksturs.

Mélhnefi / Méllúka (n, kk/kvk) Hnefayfylli/lúkufylli af méli/mjöli. „Búkollu þykir ósköp gott að fá méllúku, enda á hún það sannarlega skilið“.

Mélkista (n, kvk) Kista sem mál var geymt í.

Mélkolla (n, kvk) Kolla/skál af méli. „Þrílemban þyrfti að fá dálitla mélkollu til að mjólka lömbunum“.

Mélvörn (n, kvk) Kvörn sem korn er malað í til málgerðar.

Miðdilkur (n, kk) Dilkur um miðjan vegg almennings í réttum. „Hafnarmenn notuðu vanalega miðilkinn í Breiðavíkurrétt“.

Miðdýpi (n, hk) Hálf leið frá yfirborði til botns. „Í grunnendann var korkaþinurinn nærri miðdýpi“.

Miðmætingur / Miðmætingssteinn (n, kk) Miðmætingur er sterkur *hanki* sem hafður er á *netaskilum*. Hann tengir saman tvö net og í hann er festur miðmætingssteinn, sem er 1 ½-2 kg að þyngd (sjá *hrognkelsi*).

Miðstil (ao) Um/til miðju; *til helminga*. „Ég setti upp milligerð, nokkurnvegin miðstil í karminum“.

Miðgangur / Miðhilla / Miðpallur / Miðstallur / Miðþræðingur (n, kk) Heiti til aðgreiningar á stöllum/göngum/þræðingum í bjargi/klettum. „Það má fara miðþræðinginn með aðgát“.

Miðhvapp (n, hk) Það svæði í bjargi sem er í miðju. „Það fæst oft vel af eggjum í miðhvappinu“.

Miðjaleið / Miðjavega / Miðjavegu (ao) Á miðri leið; mitt á milli. Ýmist í einu eða tveimur orðum eftir smekk. „Miðjaleið út að Breiðavík áttaði ég mig á að ég hafði gleymt kíkunum“. „Áin er miðjavega milli Kollsvíkur og Láganúps“. „Merkin eru um grjóttanga miðja vegu á brún upp af Gorgán“ (HH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Miðlungasni / Miðlungsaui / Miðlungsvitleysingur (n, kk) Meðalgreindur maður. „Þetta veit hver miðlungsaui“! „Hvaða miðlungsvitleysingur sem er hefði getað betur en þetta“!

Miðlungserfiður (l) Erfiður í meðallagi; ekki mjög erfiður. „Niður á höfðann er tvítugur lás; miðlungserfiður“.

Miðlungsgáfaður / Miðlungsgreindur (l) Gáfaður/greindur í meðallagi. „Þetta ætti nú að vera augljóst hverjum miðlungsgáfuðum manni“!

Miðlungsrannur / Miðlungserfiður / Miðlungsharður / Miðlungshár / Miðlungsterkur / Miðlungstór / Miðlungstrembinn / Miðlungssver / Miðlungsbungur / Miðlungsbýkkur (l) Í meðallagi varðandi viðeigandi lýsingar.

Miðlungshnullungur / Miðlungssteinn (n, kk) Meðalstór steinn; viðráðanlegur steinn.

Miðlungslega (n, kvk) Lega lóðar/nets yfir hóflega langan tíma/ venjulegan tíma. „Ég hef sjaldan vitað annan eins afla eftir miðlungslegu“.

Mikið skal til mikils þýða (orðatiltæki) Greiða þarf mikið fyrir dýran hlut. „Hún er treg til þess. Svo segir sagan að þar kom að ágirndin varð yfirsterkari og hún segir þetta: „Mikið skal til mikils þýða; leggðu mig á milli hnífa““ Síðan heitir þetta Hnífar (EG; Viðtal á Ísmús 1968; frásögn um örnefnið Hnífa).

Mikilstil / Mikistil / Mikiðstil (ao) *Mikið til*; að mestu leyti; megnið af; *langtil*. „Þó fiskafjöldinn yrði mikill þá var þetta mikilstil smælki“. „Saltið er mikistil búið úr kassanum“. „Hann er mikiðstil hættur að fenna“. Orðið er algengt í máli Kollsvíkinga, og oftast notað án greinilegs „ð“ eða „l“.

Minkaeyðir / Minkabani (n, kk) Maður sem veiðir mink. „Veiðistjóri réði Ólaf Sveisson Sellátranesi sem minkaeyði fyrir sveitina...“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Minkfjandi (n, kk) Villiminkur og það álit sem hann naut hjá Kollsvíkingum. „En svo átti minkfjandinn leið um og drap allar hænurnar mínar og sennilega andarungana...“ (SG; Alifuglarækt; Þjhd.Þjms).

Misalvarlega / Mishátíðlega (ao) Misjafnlega hátíðlega/alvarlega. „Menn tóku þessi tilmæli mishátíðlega“.

Misathugað (l) Illa ígrundað; rangt/skakkt ályktað. „Þetta var nú eitthvað misathugað hjá honum; gimbrin reyndist vera hrútur þegar betur var að gáð“!

Misáfjádur / Misáhugasamur (l) Misjafnlega áhugasamur/ákafur. „Bændur voru misáfjáðir í þessa nýju tækni“. „Maður er misáhugasamur um námið, eftir námsgeinum“.

- Misánægður** (l) Misjafnlega ánægður. „Menn voru misánægðir með kosningaúrslitin; eins og gengur“.
- Misdraga** (s) Draga kind/lamb í rangan dilk í rétt/sláturhúsi; *misgrípa sig á mörkum*; flokka kind ranglega/ til rangs eiganda. „Ég er hræddur um að þetta lamb hafi verið misdregið á réttinni; þetta er ekki frá mér“.
- Misdragast** (s) Vera misdregið. „Ég ætla að fara aðeins innanum féð í dilknum áður en rekið er norður; ef eitthvað skyldi hafa misdregist“.
- Misdrægur** (l) Um þann sem er misjafnlega fiskinn. „Hann er misdrægur, en kappsamur og stundum *errinn* þegar honum gengur miður en honum líkar“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).
- Misfagurt / Misfallegt** (l) Misjafnleg fagurt/fallegt. „Hann tautaði margt og misfallegt yfir vinnubrögðunum“.
- Misjúgra** (l) Um ær og kýr; *hallinjúgra*; með misjafnleg stór/síð júgur. „Hún Svört er orðin fjári misjúgra af því að lambið sýgur bara öðrumegin. Það þyrfti að draga niður úr henni til að hún fái ekki júgurbólgu“.
- Misorpinn** (l) Um fugl; byrjar varp á misjöfnum tíma. „Langvían getur verið mjög misorpin þarna“.
- Missaltur** (l) Misjafnlega saltur. „Bútungurinn er missaltur; eftir því hvort er sporðstykki eða hnakkastykki“.
- Missetin** (l) Um egg; misjafnlega setin/unguð/stropuð. „Eggin eru mjög missetin; varpið hefur verið óvanalega dreift núna“.
- Missvefnta** (l) Nær misjafnlega góðum svefni; sefur óeglulega. „Maður verður óttalega ruglaður; svona missvefta og þreyttur“. N í síðari hluta orðs heyrst aldrei, en rökrétt er að það sé skrifað.
- Mistalið** (l) Rangt talið. „Það reyndist vera mistalið í einum karminum; það vantar enga kind“.
- Mittismikill** (l) Mikill um sig; rassbreiður; feitlaginn. „Maður er sennilega orðinn of mittismikill núna til að fara um Gat á Forvaðanum undir Brekkuhlíðum“.
- Migrigna** (s) *Hellirigna*; rigna mjög mikið. „Við þurfum að drífa okkur að bæta á gryfjuna áður en hann fer að migrigna“. Sjá einnig *mígandi rigning*.
- Mínvegna** (ao) Fyrir mína parta; hvað mig *áhrærir*. „Vertu ekkert að setja hvítlauk í þetta mínvegna“. „Mínvegna mætti skera þetta stofnanafargan niður um helming eða meira“.
- Mjaðmasídd** (n, kvk) Sídd fatnaðar niður á/fyrir mitti. „Í skinnstakkinn fóru þrjú lambsskinn. Hann var hafður í mjaðmasídd og tekinn saman í mitti með bróklinda“ (IG; Róðrar úr Kollsvíkurvei; Niðjatal HM/GG).
- Mjaltaföt / Mjaltagalli** (n, hk, fto/ kk) Hlífðarfatnaður sem mjaltafólk notar við mjaltir. „Nú þyrfti að fara að þvo mjaltagallann minn“. Sjá *ffósaföt/ffósagalli*.
- Mjaltailát** (n, hk) Mjaltafata; ílát sem mjólkað er í. „Járnfatan er að byrja að ryðga og varla nothæf sem mjaltailát lengur“.
- Mjaltakollur** (n, kk) Mjaltastóll; lágur stóll/hnallur sem setið var á þegar handmjólkað var. „Það þarf að laga mjaltakollinn“.
- Mjaltavegur** (n, kk) Vegalengd sem fara þarf til að mjólka. „Um tíma voru kýrnar hafðar á uppi Hólum. Var þangað nokkru styttri mjaltavegur en í Túnshalann“.
- Mjatl** (n, hk) Smáskammtar; þíringur. „Ég veit ekki til hvers er verið að þessu vikulega mjatli; hversvegna þetta er ekki greitt í einu lagi fyrir árið“.
- Mjólkurleið** (n, kvk) Leið sem farin er með mjólkurflutninga. „Bragi taldi að ekki væri hægt að una við annað en það að fá mokaða mjólkurleiðina“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).
- Mjólkurskegg** (n, hk) Rönd af mjólk á efri vör eftir að drukkin hefur verið mjólk úr glasi/bolla. „Þurrkaðu nú af þér mjólkurskeggið góði minn, áður en þú ferð og þakkar fyrir þig“.
- Mjólkurspanda** (n, kvk) *Mjaltafata*; mjólkurskjóla; fata sem mjólkað er í. „Og ég vissi ekki fyrr en ég lá í flórnum og kollurinn og mjólkurspandan aftur á stétt“!
- Mjög / Mjögsvö** (ao) Afar; heldur; mikið. „Það rigndi mjög mikið“. Mjögsvö er mildara, og oft notað stakt sem játandi andsvar eða í stuttum setningum. „Þetta var mjögsvö góður matur“.
- Mjölsalli** (n, kk) Lítið eitt af mjöli. Oftst notað um dreif af mjöli sem kuskast hefur yfir borð, gólf eða annað.
- Mokél / Mokhríð** (n, hk/kvk) Él/hríð með gríðarmikilli ofankomu. „Við lentum í þvilíku mokéli á leiðinni yfir, að ekki sá handaskil, og lá við að hrúturinn kæmist ekki úr sporunum fyrir ófærð“.
- Mok / Mokaflí / Mokveiði** (n, hk/kk/kvk) *Rótarfiskiri*; mjög mikil veiði. „Það hefur verið mok á línuna“. „EKKI segi ég að þetta hafi verið mokveiði, en við getum ekkert kvartað“.
- Molakassi / Molasykurskassi** (n, kk) Kassi undan molasykri. Molasykur var seldur úr kaupfélögum í kössum úr hnauspykkum massívum pappa, ca 60x40x30cm að stærð. Þetta voru tvær skúffur, þar sem annari var

hvolft yfir hina. Molakassarnir nýtust mjög vel eftir að sykurinn hafði verið tekinn úr þeim, sem geymslulát undir hitt og þetta; enda niðsterkir meðan þeir ekki blotnuðu.

Molasykurskar / Molakar (n, hk) Ílát sem molasykur er borinn í á borð. „Geturðu sett í molasykurskarið fyrir mig?“ „Það þýðir ekkert að hafa molakarið á borðinu þegar strákar koma í kaffi!“

Molasykurslaus / Molalaus (l) Á enga mola; uppiskroppa með molasykur. „Nú fór í verra; éga er bara alveg molasykurslaus; geturðu notað stráskykur?“

Moldarbað (n, hk) Hænsni eiga það til, ef þau komast í opið moldarflag, að setjast niður og ausa jarðvegi yfir sig; inn í fiðrið og um hausinn. Á eftir hrista þau sig rækilega. Líklega losna þau þannig við óværu.

Moldarhnúskur (n, kk) Moldarhnaus; kökkur af mold. „Það þarf að berja vel í sundur moldarhnúskana“.

Moldarkóf (n, hk) Skafmoldarkóf; skafbylur. „Það setti yfir okkur svo þétt moldarkóf að ekki *sá útúr augum*“.

Moldarlaust / Moldarlítið (l) Engin/lítill skafmold; rennir ekki/lítið snjó með jörðu. „Á föstudagsmorguninn var veðrið vægara og moldarminna“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Mollusvækja (n, kvk) Hitakóf; mjög hlýtt og rakt í veðri. „Heyið þornar ekki í þessari mollusvækju“.

Morgunhundur / Morgunhani (n, kk) Sá sem fer snemma á fætur á morgnana; sá sem *tekur daginn snemma*. „Ég er svoddan morgunhundur, en ég er líka fjári *kvöldsvæfur*“.

Morgunmiga (n, kvk) Sú athöfn að kasta af sér vatni/ miga að morgni. „Mér fannst, þegar ég fór út í morgunmiguna, að hann væri farinn að *ljókka* ári mikið“.

Mosalýja / Mosalufsa / Mosatutla (n, kvk, fto) Slitru/tjásur af mosa. „Ef þú ferð að sækja nokkrar lyngklær fram í Víðilæki, þá mega fljóta með einhverjar þurrar mosalýjur. Þær eru ágætar til uppkveikju“.

Mosastopp (n, hk) Mosi sem notaður er sem *stopp* í eggjaílát. Þar sem sina var ekki tiltæk gátu menn þurft að nota mosa í stopp, en það þótti mun verra en *sinustopp* þar sem mosinn var plássfrekari og vildi molna. „Við sóttum eggin í byrgið á Breiðsbrún daginn eftir, en þurftum að nota mosastopp að hluta, þar sem ekki hafði verið tekið nóg af sinu með upp“.

Móaslægjur (n, kvk, fto) Þurrlendur slægjublettur í úthaga. „Hlíðin inn eftir, frá Hagagilsbrekkum, heitir Krákur. Þetta eru móaslægjur“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Móeyglótt (l) Um lit á sauðfé; hvítt á búk og haus en með mórauðan lit í kringum augu; misáberandi.

Mógrafarbakki (n, kk) Bakki á *mógröf*. Sjá *mór*.

Mógul (l) Litur á sauðfé; Mjög dökkur gulbrúnn litur á haus og fótum, og gul á lagðinn.

Móhöfðótt (l) Um sauðalit; ljós á skrokkinn en með mórauðan haus. Ef móliturinn náði niðureftir hálsi var talað um *móhöttótt*.

Mólokast (s) Gaufa; dunda; hangsa. Orðið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur í þessari mynd, en annarsstaðar þekktist „molloka“ í sömu merkingu. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Mórellulegur (l) Skólplitaður; gruggugur; ógreinilegur; óhreinn. „Ósköp eruð þið mórellulegir í framan eftir þetta moldarstúss í ykkur strákar; fariði nú og strjúkið framanúr ykkur fyrir matinn!“ „Vatnið í Ánni er enn mórellulegt eftir leysingarnar“.

Mórilla / Mórellulitur (n, kvk) Skolp; skolplitur; grugg. „Það kemur ekkert úr herjans krananum annað en mórilla“. „Það er enn dálítill mórellulitur á kranavatninu“.

Móskóttur / Móleitur (l) Brúnleitur; skítugur. „Ári er féð móskótt sem kemur af Stígnum núna“.

Móspræklótt (l) Litur á sauðfé. Hvítt en með staka fingerða mórauða lokka um allan skrokkinn.

Móstumökkur / Móstustrengur / Móstustrókur / Móstuský (n, kk/hk) Nöfn á slæmu skyggni sem verður á takmörkuðu svæði þegar norðanstormur þeytir seltu upp yfir sanda, bala, tún og hjalla. Yfir að líta er sem mjólkurlitir taumar renni af Rifinu og Leirunum meðfram Melaröndum, upp Fitina og yfir Láganúpstúnið.

Móstustorka / Móstubrynja / Móstuklessa / Móstuský (n, kvk/hk) Heiti á því sem eftir situr á yfirborði gróðurs, sanda, húsa, véla og annarra hluta eftir að móstumökkur/móstustrengur hefur gengið yfir það í nokkurn tíma. Eftir situr skán af seltu og fínkornuðum leir; misþykk eftir veðurhörkunni. Þetta þvæst þó að mestu af í næstu rigningum, en iðulega þarf að þvo glugga og annað í kjölfarið.

Mótorkassi (n, kk) Vélarkassi; kassi utanum vél í bát. „Vélin í Voninni var hálfgerður *kenjagripur*; einkum *magnettukveikjan*. Voru þeir bræður orðnir vel þjálfaðir að svipta ofanaf henni mótorkassanum og annaðhvort „*skrifa* henni *til*“ eða þurrka þræði og annan rafbúnað“.

Móur (n, kk) Mólendi; þýfð holt. „Norðan Hestkeldu er móur sem heitir Hestkeldumóur...“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps). „Stórimóur er niðuraf og sunnantil í Heiðardal. Upp af Stóramó er Rauðimóur, þar sem þúfurnar eru rauðar af finnungi“ (ÓM; Örn.skrá Hnjóts).

- Móvilla** (n, kvk) Misskilningur; *staðlausir stafir; svarthulavilla*. „Hér held ég að höfundurinn sé kominn í einhverja árans móvillu; þessir atburðir urðu með allt öðrum hætti en hann lýsir“. Líklega líking við að villast úti í móa.
- Mubla upp** (orðtak) Endurnýja húsgögn; setja upp húsgögn. „Það er heldur veldi á þessum stórbændum. Bara búið að mubla upp stofuna fyrir hátíðarnar“!
- Mugguél / Muggufjúk / Muggukafald** (n, hk) *Blint él í hæglætisveðri*. „Hann setti yfir fjandi dimmt mugguél á leiðinni“.
- Mugguloft** (n, hk) Dimmt í lofti vegna snjóuggu. „Það er mugguloft, svo ég greini ekki hvort féð er komið að húsunum“.
- Murða** (n, kvk) Ögn; eitthvað mjög smátt. Oftast notað í neikvæðum setningum: „Það er ekki murða eftir á diskinum“. „Það hefur skafið svo rækilega úr brekkunni að þar er núna ekki murða af snjó“. „Á tímabili þurfti að róa ansi langt *niður* á haf til að fá í soðið. Það var ekki murða af fiski á grunnslóð“.
- Múkkabjarg** (n, hk) Bjarg/klettur þar sem mikið verpur af múkka/fýl. „Ekki eru fuglabjörg í kringum Kollsvík, en hinsvegar eru þar múkkabjörg í Blakknum, Hnífum og Breið“.
- Múgafjöl** (n, kvk) Fjöl á endanum á greiðusláttuvélum; hefur það hlutverk að greina slegið gras frá óslægju“.
- Múkkaegg** (n, hk) Egg úr múkka; fýlsegg. „Jöfnum höndum var talað um fýlsegg og múkkaegg í Kollsvík“.
- Múkkaeggjabragð** (n, hk) Bragð eins og af múkkaeggjunum. „Það finnst vel múkkaeggjabragðið af kökunni“.
- Múkkaeggjasnag / Múkkaeggjasmatt** (n, hk) Ferðir/tilraunir til að ná í múkkaegg. „Hann skrapp út í Hnífabrún í eitthvað múkkaeggjasnag“. „Þarna var lítið um svartfugl, svo við enduðum í múkkaeggjasmatti“.
- Múkkaeggjatekja** (n, kvk) A. Söfnun múkkaeggja í klettum. B. Møguleiki á að fá múkkaegg. „Í gjánni getur verið þónokkur múkkaeggjatekja“.
- Múkkafýla** (n, kvk) Sterk lykt af fýl/múkka. „Það þyrfti kannski að þvo mestu múkkafýluna úr buxunum“.
- Múkkahreidur / Múkkabæli** (n, hk) Hreiður/bæli múkka. „Vertu ekki að teygja þig í eitt múkkahreidur“!
- Múkkalýsi / Múkkaspýja / Múkkaæla** (n, kvk) Æla múkka/fýls þegar hann telur sér ógnað. „Húfan ilmar dálítið af múkkalýsi“. „Ég fékk múkkaæluna beint framan í mig“.
- Múkkapláss** (n, hk) Staður þar sem mikið verpur af múkka. „Þarna er múkkapláss sem þarf að komast í“.
- Múkkastofn** (n, kk) Heildarfjöldi múkka/fýls. „Eftir 1990 virðist hafa orðið mikið hrun í múkkastofninum, a.m.k. í múkkabjörgum kringum Kollsvík. Þar kann mikil fjölgun tófu að eiga þátt að máli“.
- Múkkatími** (n, kk) Varp tími múkka/fýls. „Það passar að fara að gá að langvíunni strax eftir múkkatímann“.
- Múkkavarp** (n, hk) Varp múkka/fýls. „Múkkavarp er varla byrjað að ráði ennþá“.
- Múkkavertíð / Múkkaeggjaver tíð** (n, kvk) Sá tími sem unnt er að taka múkkaegg til neyslu; þ.e. frá byrjun varps, um 20. Maí, fram til þess að egg verða flest stropuð, eða nokkuð fyrir miðjan júní.
- Músafaraldur / Músagangur / Músaplága** (n, kk) Óvenju mikið um mýs í eða nálægt mannabústöðum. „Ég hef sjaldan vitað álíka músafaraldur“! „Það ætlar seint að linna þessari músaplágu í föðurbætisgeymslunni“.
- Múshjastur** (n, kk) Kusk og skítur sem mús skilur eftir sig þar sem hún hefur verið að naga/éta. „Nú er illt í efni; heldurðu að ég hafi ekki fundið nýlegt múshjastur aftanvið hveitisekkina“!
- Músamuðlingur** (n, kk) Muðlingur; ber sortulyngsins; hárautt þegar það er fullþroskað. Berin eru talin mikilvæg fæða músa. Þau eru ekki góð til átu hrá, en munu þó eitthvað hafa verið nýtt áður (sjá sortulyng).
- Myglast** (s) *Pírast; önglast*; safnast smám saman; þokast. „Það hefur myglast niður þónokkur snjó“! „Það er að myglast í sémilega upphæð í þessari söfnun“! „Færðin var þannig að við rétt mygluðumst áfram“.
- Myglufrugga** (n, kvk) Frugga sem kemur úr mjög mygluðu heyi; oftast nefnd einungis *frugga* en þetta heyrðist þó, t.d. til aðgreiningar frá sandmóstu og moldarryki sem einnig getur setið í heyi.
- Myglukleggi / Myglukökkur** (n, kk) Myglaður kökkur í heyi, oft vegna þess að þar hefur verið rök *ljámús* þegar heyið var *hirt*.
- Mykjureka / Mykjuskófla** (n, kvk) Fjósreka; fjósaskófla; flórreka. „Það þarf að þvo mykjuskófluna vel áður en hún er notuð í sementið“.
- Mylgringur** (n, kk) Píringur; myglingur; gisin snjókoma; smáskammtur af mat; lítið eitt af heyi eða annað sem kemur í mjög litlum skömmtum. „Það er varla hægt að kalla þetta snjókomu, þennan mylgring“.
- Myndakotra** (n, kvk) Púsluspil; þraut sem felst í að fella rétt saman mynd á spjaldi sem klippt hefur verið niður í búta; *kotra*. „Þessi myndakotra gæti verið ansi tímafrek og snúin“.

- Myndarbátur / Myndarskip** (n, kk/hk) Laglegur/ vel smíðaður bátur; fallett skip. „Mér sýndist þetta vera myndarbátur sem hann var að fá“.
- Myrfata** (n, kvk) Fata sem höfð er undir myr þegar kartöflur eru teknar upp úr garði.
- Mýrarstallur** (n, kk) Mýrasvæði milli hjalla í hallandi landi. „Álakeldur eru á mýrarstalli, slæmar yfirferðar og hættur fyrir fé“ (SJTh; Örn.skrá Sauðlauksdals).
- Mýrastykki** (n, hk) Mýrlent svæði; *dýjafláki*. „Mýrastykkið neðanvið Tröðina nefndist áður Heimadý, en í seinni tíð hefur nafnið Bugar verið notað yfir það, þó áður væru þeir aðeins syðstu dýin“.
- Mýrarsytra** (n, kvk) Lítilsháttar vatnsrennsli úr mýri/mýrarbletti. „Þarna á Breiðavíkurhjöllumnum eru sumsstaðar mýrarsytrur, og má vel drekka það vatn þó ekki sé það vel gott“.
- Mýrarvilpa** (n, kvk) Lítið mýrastykki/dýjasvæði. „Þurftirðu endilega að vaða úti mýrarvilpuna“?!
- Mæliprik** (n, hk) Prik sem notað er til mælinga eða til að flytja mælingu á milli staða. „Ég merkti á mæliprikið heppilega breidd á kartöflubeðinu og bil milli hola“.
- Mælitún** (n, hk) Tún sem mælt er, og slægjum skipt niður milli notenda. „Úr mælitúni ber jarðarparti þessum svokallaður Gíslapartur“ (Kaupsamningur Karls Kristjánssonar Stekkjarmel af Helga Gestarsyni Kollsvík).
- Mömmuhjal** (n, hk) Móðurgællur; það sem hjalað er við börn. „Þá var Árni í essinu sínu; en skipanir hans voru ekkert mömmuhjal“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).
- Mörghundruð** (n, hk, fto) Um það sem talið er í mörgum hundruðum. „Fyglingsarnir fíkra sig eftir örmjóum syllum með mörghundruð metra hengiflug fyrir neðan sig“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Mörklessa** (n, kvk) Klessa/klínungur af mör. „Ég skóf mestu mörklessurnar af borðinu eftir að ég hnoðaði mörinn, en það þarf að þrifa það betur“.
- Mörkunarleidangur** (n, kk) Ferð sem farin er til að marka lömb. „Á Láganúpi, líkt og á fleiri bæjum, bar fé á túnnum. Með nokkurra daga millibili var farið í mörkunar- og bólusetningarleidangur. Þá voru nýborin lömb handsömuð og þau mörkuð, merkt, bólusett og þeim gefið súlfalyf ef með þurfti. Einnig var hugað að heilbrigði þeirra, t.d. hvort þau nærðust eðlilega eða væru teppt vegna *skitu*. Hugað var að móðurinni, hvort hún mjólkaði lambinu; væri hraust og *jafnjúgra*“.
- Mörtafla / Mörvi** (n, kvk/kk) Flatur klumpur innmörs sem látinn er storkna þar til hann verður hnoðaður í mörva eða nýttur til sláturgerðar. Sjá *mör* og *mörflot*.
- Mörkvartel / Mörtonna** (n, hk/kvk) Kvartel/tunna sem mör er geymdur/saltaður í. „Hnoðmör var jafnan saltaður í kvartel eða áttung á Láganúpi framá 8.áratug 20.aldar. Gæta þurfti þess að hafa saltþækilinn vel sterkan og að mörtoflurnar væru örugglega á kafi í honum. Stundum var notað hellublað til að halda þeim á kafi. Væru þær uppúr vildu þær feyra, og einnig orðið mús að bráð“.
- Möskvaslitið** (l) Um net; slitnir leggir á milli möskva. „Þetta net er víða orðið möskvaslitið og druslulegt“.
- Nafaroddur** (n, kk) Oddur nafars/als. „Gættu þín á *heynálinni*; hún er hvöss eins og nafaroddur“.
- Nagladallur / Nagladolla / Nagladós / Naglakassi / Naglakolla / Naglaskál / Naglaskúffa / Naglastokkur** (n, kvk/kk) Ílát sem saumur er geymdur í. Til sveita þarf iðulega að nota saum/nagla við ýmiskonar skilyrði; oft úti í rigningu og snjó. Því var reynt að hafa naglana í íláti sem hvorki drafnaði í sundur, líkt og pappi, né ryðgaði, líkt og blikk. Stundum voru smíðaðir sérstakir naglastokkar úr tré, en oft voru líka notaðar skálar úr hálfum alúminíumkúlum/netakúlum. Fjölbreytileiki íláta endurspeglast í mörgum heitum þeirra.
- Nagladofinn** (l) Tilfinningalaus í fingurgómum vegna kulda. „Ertu nagladofinn? Þér var nær; að vilja ekki vettlingana sem ég bauð þér“! Notað þannig sem lýsingarorð, en orðabækur gefa það upp sem nafnorð.
- Naglagaddur** (n, kk) Útúrstandandi nagli. „Varaðu þig á þessum útúrstandandi naglagöddum í spýttunni“.
- Naglapakki** (n, kk) Pakki með saum. „Keyptu fyrir mig tvo naglapakka; annan treitömmu en hinn firtömmu“.
- Naglaspík** (n, kvk) Langur oddhvas nagli/saumur. „Réttu mér einhverja naglaspík svo ég geti fest þetta aftur“.
- Nasaskítur / Nefskítur** (n, kk) *Nasakvef*; nefrennsli; *hornös*. „Einhver nasaskítur er enn í mér“.
- Nauðungargerningur / Nauðungarsala** (n, kk) Samkomulag/sala sem samþykkt er af nauðsyn/ undir þvingun/ vegna fjárhagsörðugleika. „Afsalið var nauðungargerningur, í þeim tilgangi að forðast gjaldþrot“.
- Nauðviljugur** (l) Óviljugur; nauðbeygður; mjög tregur. „Ég gerði þetta nauðviljugur, fyrir þeirra þræbeidni“.
- Naugið** (l) Nauðsynlegt; nákvæmt. „Það er nú ekki svo naugið með miðið þegar skotið er úr haglabyssu“. „Ég *reiknaði* þetta ekki *naugið*“. Einatt borið fram með nokkuð lokuðu hljóði í miðju; j-hljóði eða linu g-hljóði; enda er orðstofninn „nægja“/“nægjanlegur“. Því verður sá ritháttur orðabóka að teljast rangur að rita orðið „nauði“; þ.e. án g. Vísar orðsifjabók í dönsku; „nøje“, sem er langsóttara en íslenski orðstofninn.
- Náfrost** (n, hk) Mikið frost; bítandi frost. „Þú ættir að búa þig vel, það er náfrost þó hann sé hægur“.

Nágrannaerjur / Nágrannakrytur (n, kvk, fto) Krytur/misklíð milli nágrannabæja. „Nágrannaerjur eru líklega hluti af hverju samfélagi, og í Rauðasandshreppi þekktust þær í mismiklum mæli. Aldrei ristur þær þó dýpra en svo að menn voru alltaf reiðubúnir að hjálpast að þegar mikið var í húfi“.

Nálarfella (s) Fella/setja inn net með *netanál* (sjá *fellingabekkur* og hrognkelsi). Önnur aðferð var að *bekkfella*.

Nálarfelling (n, kvk) Felling nets með *netanál*. „Sumir telja að síður dragist til á nálarfelldum netum en þeim sem sett eru inn í bekk“.

Nálarfell (l) Um net; fell/sett inn með *netanál*.

Nálarfelling (n, kvk) (Líkl:) Mjög lágvaxinn gróður; lélegar slægjur; *sauðnálarkritja*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Neðanað (ao) Að neðan; neðanfrá. „Mér sýnist fêð vera að koma neðanað; það hefur ráfað í fjöruna“.

Neðanáfestingur (n, kk) A. Eiginleg merking: Sokkur sem gamall frambolur hefur verið skorinn af og nýr þrjónaður í staðinn. B. Líking: Drullusokkur; ónytjungur; óvandaður maður. „Mér hefur nú alltaf fundist hann vera hálfgerður neðanáfestingur“. Eingöngu notað þannig í seinni tíð. Orðabækur gefa upp orðið neðanáfestingur; án á, en vestra var þetta notað svona.

Neðanfrá (ao) Að neðan; uppeftir. „Jarðklakinn eyðist ekki síður neðanfrá en *ofanfrá*“.

Neðanimóti (ao) Upp/neðan á móti brekku. „Fjári er tafsamt að vaða snjóinn svona neðanimóti“.

Neðansjávarvirkjun (n, kvk) Orkuver/virkjun sem er neðan yfirborðs sjávar. Slík virkjun gæti nýtt orku sjávarstrauma/sjávarfalla; ölduorku eða vindorku, eða blöndu þessara orkugjafa. Enn er engin neðansjávarvirkjun starfrækt við Ísland en eitt fyrirtæki á landinu fæst við þróun á því sviði. Það er Valorka ehf, sem byggir á hugmyndum Kollsvíkingsins Valdimars Össurarsonar.

Neðantil (ao) Að neðanverðu. „Ég ætla að fara neðantil við hópinn og reka hann upp í ganginn“.

Neðanvert við / Neðanvið (orðtak) Að neðanverðu; fyrir neðan. „Fornmaðurinn er neðanvert við Axlarhjallann“. „Neðanvið Umvarpið handanmegin eru Handanbæjarmýrar“

Neðanyfir (ao) Að neðan og yfir. „Sandur fýkur oft úr Rifinu; neðanyfir Leira og Fit; yfir tún og bæi á Láganúpi og jafnvel útyfir Hnífa og Breið“.

Nefndastúss (n, hk) Vinna við störf í nefndum og stjórnnum. Nokkuð notað orð á Láganúpsheimilinu um áratugaskeið, enda var Össura Guðbjartsson mikilvirkur í ýmsum stjórnnum og nefndum á sviði félagsmála og framfara. Hann var lengi hreppsnefndarmaður og oddviti í Rauðasandshreppi; sýslunefndarmaður í V-Barðastrandasýslu; fulltrúi í Stéttarsambandi bænda; fulltrúi á Búnaðarþingi; í forsvari framsóknarmanna á Vestfjörðum; hvatningarmaður að stofnun Orkubús Vestfjarða og í stjórn þar; í stjórn Sláturfélagsins Örlygs og um tíma kaupfélagsstjóri; kennari við barnaskóka Rauðasandshrepps; hvatamaður að stofnun héraðsskjalasafns; í stjórn sjúkrahúss o.fl.o.fl. Auk þess mkilhæfur bóndi og fjárræktarmaður.

Nefskeraegg (n, hk) Egg úr *nefskera*. „Nefskeraegg er helst að finna í klettaslefrum, en einnig á stöllum“.

Nefskeri (n, kk) Stuttnefja var í Látrabjargi og nágrenni aldrei kölluð annað en nefskeri, og er svo enn. Það heiti var ekki notað annarsstaðar.

Neftorta (n, kvk) Gæluheiti á nefi. „Nú hef ég gleymt klútnum mínum; áttu ekki eitthvað sem ég get snýtt úr neftortunni með“? Torta er víða þekkt sem gæluheiti á sitjanda/aftuenda/rassi, en þessi notkun er ekki þekkt utan Kollsvíkur og e.t.v. næstu bæja.

Neftóbaksdolla / Neftóbaksdrukka (n, kvk) Gler-, og síðar plastdrukka sem neftóbak var selt í um tíma. „Við röltum framundir Litlagil og týndum ber í tvær fullar neftóbaksdollur. Næst þurfum við eitthvað stærra ílát en neftóbaksdrukku“.

Neftóbaksponta (n, kvk) Tóbaksponta; ílát sem er sérsmíðað til geymslu á nefntóbaki, af stærð sem fer vel í vasa. Vönduð ponta er úr málm; perulaga og flöt; með stungnum tappa í mjórri endanum sem þægilegt er að skammta sér úr, og skrófuðum tappa á breiðari enda þar sem fyllt er á. Guðbjartur á Láganúpi átti forlata neftóbakspontu, sem hann notaði nokkuð mikið.

Neglingsfast (l) Um hlut sem erfitt er að losa; fast eins í góðri neglingu.. „Netið er neglingsfast í botni“.

Nepjugjola (n, kvk) Kaldur vindur; *kuldagjóstur*. „Klæddu þig almennilega; það er komin nepjugjola“.

Nestisbox / Nestisdallur / Nestiskassi / Nestisstokkur / Nestiskrína (kk/kvk) Kassi/stokkur undir nesti. Sjómenn fyrr á tíð höfðu ekkert nesti með sér á sjó; hvorki vott né þurrt. Á tímum Kollsvíkurvers tíðkaðist að hafa sýrublöndu með sér, en engan mat. Síðar, t.d. þegar farið var að gera út á grásleppu seint á 20.öld, fóru menn að hafa með sér vel útlátíð nesti á sjóinn; kaffi á hitabrusa og mjólk á flösku; smurbrauð með því; múkka- eða svartfuglsegg og e.t.v. harðfiskstrengsli. Enda var útivera þá nokkuð löng. Brauðið var í stokk/kassa, en svo var öllu komi fyrir í nestisgjúðru/nestistuðru.

Nestisgjúðra / Nestistuðra / Nestispoki / Nestisskjóða / Nestistaska (n, kvk/kk) Poki/skjóða undir nesti. „Teygðu þig nú í nestisgjúðruna þarna framí“. „Munið svo eftir nestistuðrunni þegar þið farið“.

Netabúnt (n, hk) Nokkur fjöldi neta saman í pakkningu; oftast þá átt við netaslöngur sem ekki hafa verið felldar á þin/tein.

Netadráttur (n, kk) Dráttur neta; vitjun um net. „Maður *hálflerkaður* eftir að hafa puðað í netadrætti *allan liðlangan daginn*“.

Netadrusla (n, kvk) Lélegt net. „Það þarf að skera þessar netadruslur af teinunum“.

Netafriður (n, kk) Friður vegna veðurs til að vitja um net. „Hann er nú að hvesa svo að það er ekki meira en svo að það sé netafriður lengur“.

Netahreinsun (n, kvk) Hreinsun skíts/þara/skeggs úr netum. Netahreinsun fór oft fram úti á sjó; ýmist um leið og net voru dregin eða með því að draga þau milli rúma í bátnum. Ef mjög mikið var af skít í netum voru þau tekin í land; strengurinn lagður á þurran bala og tveir hreinsuðu á milli sín. Þá voru þau oft látin bíða þar til þarinn var skrælnaður, svo hann molnaði úr.

Netafargan (n, hk) Gríðarlegt/ofboðslegt magn af netum. „Það er ekki furða þó stytta eitthvað upp í veiðinni þegar þetta ógnar netafargan er komið á þennan hlandkollublett! Það liggur við að megi hlaupa þurrum fótum eftir netabaujunum“!

Netafelling / Netainnsetning (n, kvk) Felling nets á þin/tein. Tvær megináferðir voru við *fellingu/innsetningu* neta; *nálarfelling* og *bekkfelling*. Sú fyrri er vandaðri og meira notuð nú til dags, en sú síðari er fljótlegri. Sjá *setja inn net*; *fella net*.

Netaflá / Netaflot / Netakorkur (n, kvk/hk/kk) *Flá*; *flot*; *korkur* sem notað er til að halda *flotteini/flotþin* á neti uppi í sjónum, og netinu opnu. Fyrstu flár voru tálgaðir tré- eða korkkubbar sem voru benslaðir við þininn. Síðar komu verksmiðjuframleiddir frauðkubbar með gati, sem þinurinn var þræddur í gegnum; síðan litlir hringir af harðplasti, en að lokum leysti *flotþinurinn/flotteinninn* flárnar/flotin/korkana af hólmi. Hann er ofinn af gerviefni sem hefur minni eðlisþyngd en sjórinn, og þar af leiðandi flotmagn.

Netagirðing (n, kvk) Mikill fjöldi af netum á sama svæði; *netagarður*; *netastagur*. „Ekki skil ég hvernig nokkuð *grásleppukvikindi* sleppur innfyrir þennan netagarð frammi í Flóanum“!

Netakubbur (n, kk) Netakorkur; korkur/flot sem festur var á flotþin neta til að halda því réttu í sjónum, fyrir tilkomu *flottógs*. „Það var töluverð framför þegar netakubbar urðu rúnnaðir; þeir köntuðu voru gjarnir á að flækjast og *ánetjast* í netinu“.

Netamæti / Netamætingur / Netaskil (n, hk, fto/ kk) Samsetning tveggja neta í *streng/trossu*. Frágangur neta var oftast þannig að á enda hvors þins var lykkja og milli efri og neðri lykkju öflugt *stag*. Lykkjur *steinapína* beggja neta voru bundnar saman á netaskilum með tvöföldum flagghnútt, og sömuleiðis lykkjur *kubbateinanna/korkateinanna*. Hefði annar *lagt ofaní* af slysi þótti sjálfsagðir mannsiðir að draga það net að næstu netaskilum; leysa í sundur og binda saman undir. Væri um vítavert gáleysi að ræða var aðkomunet þverskorið og hnýtt með þverhnútt undir hinu. Argasti glæpur þótti að *skera í sjó*; þ.e. að hnýta endana ekki saman. „Það hefur orðið einhver snúningur á strengnum í lagningunni. Við drögum að næstu netamætum og lögum þetta“. Orðið „netamætingur“ í et.kk er líklega eldra í málinu, en var notað af sumum til skamms tíma. „Hér er netamætingur; þá getum við lagfært snúðinn á þessu“.

Netastagur / Netabvarg (n, kk) Mikið af netum í sjó sem eru þétt saman. „Það er þvílíkur netastagur framundan Helminum að þar er *ekki drepanni niður fæti*“. Netabvarg er fremur notað í niðrandi merkingu. „Ekki undrar mig þó menn leggi hver yfir annan í þessu netabvargi; það er varla glenna á milli strengja“!

Netateinn / Netapinur (n, kk) Taug/lína sem notuð er sem *flotteinn/korkateinn* eða *steinapinur/blýteinn* á net. Oftast stýtt í *teinn* eða *þinur*, sjá þar.

Nethelgi (n, kvk) Svæði innan línu sem dregin er 60 faðma út frá stórstraumsfjöruborði, en í nethelgi ríkir eignarréttur landeiganda, t.d. gagnvart veiðum. Orðið var almennt notað í Kollsvík og nágrenni en annarsstaðar virðast hafa verið notuð orðin „netlög“ og „landhelgi“ um sama hugtak.

Neyma (s) Ná taki á; fingra. „Þetta er svo smátt að ég neymi það varla með berum fingurgómunum“.

Neyma af (orðtak) Taka örlítið af; klípa af. „Það er svo lítið eftir af tertunni að *það tekur því ekkert* að neyma af henni. Hana! Skelltu þessu bara í þig“!

Neyma við (orðtak) Snerta örlítið; nema við. „Galdurinn við að egna músafellu er að láta pinnan neyma nógu laust við agnhaldið“. „Sigla þarf þétt framhjá klakknum, en þó gæta þess að neyma ekki við hann“.

Niðaaandskotansþoka / Niðadéfilþoka (n, kvk) Köpuryrði um þoku sem glepur sýn. „Hann er að hella yfir einhverri niðaaandskotans þoku; það verður *óglæsilegt* að koma strengnum rétt í sjóinn aftur“! „Það var slík niðadéfilþoka þarna á fjallinu að maður varð bara að þræða kindagötur til að villast ekki“. Alltaf er spurning

hvað sé orð og hvað sé ekki orð, en í ljósi þess að þessi og annar eins samsetningur hraut oft af vörum Kollsíkinga; og í ljósi þess að orðabækur tilgreina samsett orð engu merkilegri, fær þetta að fljóta í registrið.

Niðdimma (s) Verða mjög dimmt. „Það þýðir lítið að fara af stað þegar farið er að niðdimma“.

Niðrifrá (ao) Fyrir neðan; þarna niðri. „Ég var niðrifrá; það er rekið feiknamikið tré í Bótinni“.

Niðrifyrir (ao) Í sjálfum sér. Eingöngu notað nú í orðtakinu að vera *mikið niðrifyrir*; vera æstur/*óðamála*. „Honum var svo mikið niðrifyrir að hann kom varla upp eiu einasta orði“.

Niðristöðusteinn (n, kk) Stjórasteinn; steinn í botnenda niðristöðu, sem enda steinaþinsins/blýþins nets eða enda fiskilínu er fest við (sjá *hrognkelsi* og *niðristaða*).

Niðrilega (n, kvk) A. Sjóskrýmsli sem liggur á hafsbotni, en kemur upp á sjö ára fresti. „Þetta var gríðarstórt sjóskrýmsli sem svam þarna í Patreksfirðinum; á að giska um tuttugu faðmar á lengd; með tvo fjallháa hnúka uppúr hryggnum; líkt og fjallið sem hann benti mér á og heitir Kryppa; rétt fremst í Örlygshöfninni. Hann sagði mér að hann hefði heyrt frá gamalli tíð, að þessi niðrilega kæmi upp á sjö ára fresti og hún hefði lítið um sig. En hættulegt mundi bátum að vera nálægt henni, því það væru dæmi til að hún hefði grandað bátum. Að öðru leyti gerði hún ekki neitt mein“ (MG; Úr Vesturbýggðum Barðastrandasýslu; frásögn GJH). B. Niðrilega þekktist einhversstaðar á landinu sem heiti á niðurstöðu veiðarfæra (sbr LK; Ísl.sjávarhættir)

Niðrí (ao) Týnt; finnst ekki. Óvíst er hvað þetta var útbreitt en Jón Hákonarson, kaupfélagsstjóri á Hnjóti og af Kollsvíkurrætt notaði þetta oft, t.d. ef hlutir eða pappírar fundust ekki: „Það er niðrí“. Ekki er vitað til að þetta hafi verið í notkun annarsstaðar í þessari merkingu. Jón hélt vel á lofti sérkennilegu máli.

Niðurámilli (ao) Niður í millum. „Ég tapaði vasahnífnum niðurámilli í fjárhúsinu og þurfti að rífa spel úr grindinni til að ná í hann“.

Niðurávið (ao) Í áttina niður. „Til að komast í Nafargjá úr ganginum þarf fyrst að fara niðurávið; niður brík sunnan við gjána“.

Niðurbrunnið (l) Brunnið niður. „Það hefur gleymst að slökkva á kertinu, svo það er alveg niðurbrunnið“.

Niðurburðarrúst (n, kvk) Lág grjótrúst þar sem *niðurburður* hefur verið festur niður með því að leggja steina ofan á hann, svo tófa geti síður dregið hann til“.

Niðurfreðinn / Niðurfrosinn (l) Frosinn fastur í klaka/ís á jörðinni. „Hurðin frá kofanum er alveg niðurfreðin“. „Ég sá hrífu liggjandi frammi á sléttu; hún er náttúrulega niðurfrosin núna“

Niðurfyrir (ao) Að ofan og neðar en viðmiðið; ofanfyrir. „Komum okkur í skjól niðurfyrir brúnina“.

Niðurgangspest (n, kvk) Umgangspes sem veldur niðurgangi/skitu. „Ég hef ekki enn fengið þessa niðurgangspes, en þeir eru víst margir sem til á kamrinum þessa dagana“.

Niðurgjöf (n, kvk) Slökun sigmanns eða annars niður í bjarg, sem stjórnað er af *undirsetumönnum* á brún. „Sigið gekk ágætlega, en niðurgjöfin hefði mátt vera töluvert liðugri“.

Niðurgróinn (l) Um hlut; gróið yfir; sokkinn í jörð. „*Skítadreifarinn* var síðast notaður sem *útijata* fyrir kálfa, og er orðinn nánast niðurgróinn við Grundahlíðið“.

Niðurímóti (ao) Niður; ofan; undan (halla). „Eftir að komið er uppá Kjöllinn fer strax að halla niðurímóti“.

Niðurrifskjafstaði / Niðurrifstal (n, hk) Neikvæð/skaðleg umræða; úrtölur. „Það er kannski ekki að furða þó landsbyggðin láti undan síga, eins og þetta niðurrifskjafstaði hefur fengið að vaða uppi í fjölmiðlum“!

Niðurskrifað (l) Ritað/skrifað niður; skrifað á blað eða annað. „Ég á þessa vísu einhversstaðar niðurskrifaða“.

Niðurtraðkaður (n, kk) Niðurtroðinn; marinn undir fótum. „Kálfarnir hafa komist inn í rófugarðinn og það sem ekki er étið er alt niurtraðkað og ónýtt“.

Niðurundir / Niðurvið / Niðrivíð (ao) Niðri hjá. „Það hefur hvítnað niðurundir sjó í nótt“. Ég skildi við féð niðurvið girðinguna“. „Kvíslarnar eru niðrivíð hlöðu“.

Niðurúr (ao) Alveg niður; niður í gegn. „Féð kom niður Flötina og hélt áfram niðurúr; það er ágætt að það snapi eitthvað í fjörinni“. „Mér sýnist að það sé fært þarna niðurúr ganginum“.

Ninnuhræðsla (n, kvk) Heigulsháttur gagnvart öðru fólki; minnimáttarkennd. „Það var einhver ninnuhræðsla í honum, svo hann þorði ekki að segja hvð honum bjó á brjósti“. Heimatilbúið orð í Kollsvík; til orðið á fyrrihluta 20. aldar. Staðbundin notkun um allan Rauðasandshrepp.

Niðþrengsli (n, hk, fto) Mjög mikil þrengsli; örtröð. „Það voru slík niðþrengsli þarna í salnum að maður varð dauðfeginn að komast út“! „Það er erfitt að athafna sig í þessum niðþrengslum“.

Nístingsgaddur / Nístingsfrost / Nístingskuldi / Nístingsnepja / Nístingssseljandi (n, hk) Mjög mikið frost; firnakuldi. „Hann hefur hlaupið í nístingsgadd í nótt“. „Mikið er notalegt að komast inn úr þessum nístingssseljanda“.

Nokkrusinni / Nokkurntíma (ao) Ekki í neinn tíma; í engan tíma. „Ég hafði aldrei nokkrusinni heyrt á þetta minnst“. „Hefurðu nokkurntíma prófað þetta“?

Nokkur (skapaður) hlutur / Nokkurhlutur (orðak) Áhersluliður í neitunarsetningum. „Ég vissi ekki nokkurn hlut hver það var...“ (TÖ; viðtal á Ísmú 1978). Til aukinnar áherslu var oft bætt við „skapaður“. „Ég var ekki nokkurn skapaðan hlut að stríða honum“. „Ég veit ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta“. Orðin „nokkur hlutur“ voru iðulega borin fram sem eitt orð væri; jafnvel oft svo að stöfum væri sleppt: „Þaðna var ekki nokkunlut að sjá“.

Nokkurhundruð (n, hk, fto) Nokkur hundruð. Iðulega framborið í einu orði og á því að ritast sem slíkt. „Í þessum rekstri var allmargt; líklega nokkurhundruð fjár“.

Nokkurnveginn / Nokkurnvegininn (ao) Um það bil; hér um bil. „Við vorum nokkurnveginn á miðinu“. Oftar framborið án þess að v heyrðist; „nokkurnveginn“. Einnig áttu sumir til að skjóta inn hikatkvæði; „nokkurnvegininn“. „Ég held að mér sé nokkurnvegininn að takast þetta“.

Norðan (ao) Norðan; norðanátt. Vestfirskur framburður (sjá áttir). Þennan þátt íslensks máls vantar í orðabækur, og er það til vansa.

Norðanaftök / Norðanstórbrim / Norðanstórsjór (n, hk, kk) Aftaka norðanbrim; mjög grófur norðansjór. „Skyldi hann ekkert ætla að fara að lina þessi norðanaftök“? „Enn er hann ekkert að gefa eftir með þennan norðanstórsjó. Það er ekki mikið fyrir féð að hafa í fjöru þessa dagana“.

Norðanbær (n, kk, fto) Bæirnir norðantil í Kollsvík; Kollsvíkurbærinn; Stekkjarmelur; Tröð og aðrir sem í byggð eru á hverjum tíma. „Bær sunnantil í vikinni hétu handanbær en hinir norðantil voru norðanbær“ (SG; Áttamálfar; Þjhd.Þjms).

Norðaneftir (ao) Að norðan og yfireftir/suðureftir. „Mér sýnist hann vera að koma norðaneftir Rifinu“.

Norðanfrá (ao) Að norðan; frá norðri. „Komstu gangandi norðanfrá“?

Norðangarri / Norðangassi (n, kk) *Norðangarður*; *norðanáhlaup*; hvöss norðanátt. „Hann er kominn með bölvaðan norðangassa“.

Norðangeljandi / Norðansveljandi / Norðannæðingur (n, kk) Allhvass *norðanvindur*; *norðankaldi*. „Það er enn sami norðangeljandinn“. „Ansi er hann kaldur í þessum norðansveljanda“!

Norðangutlandi (n, kk) Nokkur norðansjór, ekki þó rosi/garður. „Það var kominn leiðinda norðangutlandi þegar við drógum strengina við Kofuhleinarnar“.

Norðanhallt (ao) Þar sem hallar norðuraf. „Gáðu vel þarna norðanhallt á Blakknum; í Kjammanum“.

Norðanhroði (n, kk) Gróft brim af norðri. „Hann ætlar enn að halda þessum norðanhroða“.

Norðanlegur (l) Um veðurútlit; lítur út fyrir norðanátt; merki um norðanátt. „Veður var gott; austankaldi, dálítið frost og sjólaust, en norðanlegur til hafsins, (ÁE; Ljós við Látraröst).

Norðanátt / Norðanbál / Norðanbelgingur / Norðanblástur / Nordangardur / Norðangarri / Norðangjóra / Norðangjóstur / Norðanhvassviðri / Norðankaldi / Norðankalsi / Norðankæla / Norðannæðingur / Norðanofsi / Norðanrok / Norðansperra / Norðansperringur / Norðansteytingur / Norðanstormur / Norðanstórviðri / Norðanstrekkningur / Norðansvarri / Norðansveljandi / Norðanvindur / Norðanþræsingur. Norðanáttin er e.t.v. mesti áhrifavaldurinn í Kollsvík, a.m.k. varðandi búskap og útgerð á fyrri tíð. Henni fylgdu mestu kuldarnir; mesta brimið og mesta sandfokið, en einnig gat hún verið besti hugsanlegi þurrkurinn. Mikilvægt var að átta sig á fyrirboðum norðanáttar. Þar var öruggasta merkið *bakkinn til hafsins*. „Þegar mökkur var á Blakknesi og Kóp var von á norðanátt.“ (LK; Ísl.sjávarhættir III). „Tíðast var það norðanáttin sem hamlaði sjósókn. Norðanstormur gat oft blásið linnulaust dögum saman; jafnvel heila viku. Ýmsir töldu að norðanáttin varaði lengur ef hún byrjaði á vissum dögum; t.d. á þriðjudag eða föstudag“ (KJK; Kollsvíkurver). „Hann er að leggja upp árans norðansperru“. „Enn heldur hann sama norðansperringnum og í gær“.

Norðanrembingur / Norðanspæna / Norðanstrambi / Norðansvarri / Norðansveljandi / Norðansvæla / Norðanveður (n, kk) Norðanstormur; stífur norðanvindur. Norðanátt verður hvað köldust og hvössust í Kollsvík, og líklegust til að spilla gæftum á sjó. „Ekki slær hann neitt enn á þennan norðansvarra“. „Það var mjög tregt, og illt í sjóinn. Það lagði á norðanspænu með hálfgerðum brimhroða“ (GJH; Hálfdrætingur í Kollsvíkurveri).

Norðanspá (n, kvk) Veðurspá um eindregna norðanátt. „Ekki veit ég hvort þessi norðanspá gengur eftir“.

Norðantil (ao) Norðarlega í; að norðanverðu. „Er þetta ekki kind þarna norðantil í Höfðunum“?

Norðantilvið (fs) Fyrir norðan; norðanvið. „Það var rekið *boldangsmikið* tré norðantilvið Gatkletinn“.

Norðanundir (ao) Undir og norðanvið. „Það liggur eitthvað af timbri norðanundir fjárhúsvegnum“.

Norðanvið (ao) Fyrir norðan. „Á vorin var sett upp jata norðanvið Melsfjánhúsin til að hára lambfénu úti“.

Norðanyfir (ao) Að norðan og yfir. „Mér sýnist þau séu að koma gangandi norðanyfir Melarandir“.

Norðuraf (ao) Norður og yfir; handanvið til norðurs. „Fjárhópurinn er horfinn norðuraf Blakknum núna“.

Norðurá / Norðurávið (ao) Norður á við; til norðurs; í norðurátt. „Þeir tóku því bóg norðurá; eins nærri vindi og unnt var, þeir tóku því bóg norðurá, eins nærri vindi og unnt var“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Norðureftir (ao) Í áttina norður; að sunnan/handan. „Hann er norður í Kollsvík; ég skrepp norðureftir að sækja hann“.

Norðurfallsupptaka (n, kvk) Byrjun á *norðurfalli*. „Það sýnist með öllu ófært fyrir Blakk nú. Enda erum við hér á versta tíma norðurfallsupptakanna, en fára kosta er völ“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Norðurfyrir (ao) „Það fórr gríðarstórt skemmtiferðaskip fyrir víkina áðan. Nú er það komið norðurfyrir“.

Norðurmeð (ao) Norður og meðfram. „Við rákum féð norðurmeð sjó“.

Norðurrek (n, kvk) Rek báts eða annars með norðurfalli. „Ég fer dálítið suður fyrir miðið; það er komið eitthvað norðurrek“. Sjá *suðurrek*.

Norðurum (ao) *Norðurfyrir*. „Ætlar þú að hjálpa mér með reksturinn af Breiðavíkurrétt norðurum“?

Norðurundir (ao) Undir því sem er í norðurátt. „Það er ári mikið tré rekið norðurundir Hryggjum“.

Norðurfyrir (ao) Yfir til norðurs. „Féð hljóp upp í Gjárdalsskarð og er á hraðferð norðurfyrir“.

Nosturþrifinn (l) Mjög þrifinn; kattþrifinn. „Það er ekki óværan í hennar húsum; eins nosturþrifin og hún er“.

Nónbiti (n, kk) Málsverður sem snæddur var um *nónið*. „Þegar skugginn af Nónskegginu er kominn á grasteig er farið að borða nónbitann“ (ÓS; Örnefnaskrá Lambavatns).

Nónvarða (n, kvk) Varða sem er eyktamark. Nónvarða er á Hjallabruninni ofan Brunnsbrekku, og er hún eyktamark frá Grundum.

Nuð (n, hk) Tuð; nöldur; nudd. „Hann var alltaf að þessu endalaus nuði, þangað til ég lét þetta eftir“.

Nugg (n, hk) Núningur; nudd. „Það þarf að gæta þess að vaðurinn skemmist ekki af nuggi þar sem hann liggur yfir hvassa brún“.

Nurða / Nurta (n, kvk) Arða; ögn. „Músin hafði étið sigarettarnar svo í pakkanum sást ekki nurða af tóbaki“.

„Það er varla nokkur nurða í fjöru núna fyrir féð“. Bæði orðin heyrðust notuð í Kollsvík. Orðið „nurða“ sést ekki í orðabókum, en gæti hafa orðið til þar eða annarsstaðar við samruna orðanna „nurta“ og „arða“.

Nújæja / Nújæjabá (u) Upphrópanir sem venjulegast eru notuð sem andsvör. Nújæja er annaðhvort andsvar í undrun yfir því sem sagt er eða sem eftirgjöf við beiðni; nújæjabá er eingöngu notað í síðara tilfellinu.

Núllari (n, kk) *Dundari*; *gaufari*; sá sem fer sér hægt við vinnu; er afkastalítill. „Hann er óttalegur núllari karlgreyið, en alltaf er hann samt að“.

Númerabók (n, kvk) Bók sem í er skráð númer lambs eftir að það hefur verið markað og merkt að vori. Bókin var meðal innihalds í *merkjatösku*, og úr henni voru upplýsingarnar oft færðar í *ærbók*.

Núpsbrún (n, kvk) Klettabrún á núp. „Tvævetluskattinn sperraði sig inn Eyjaskorarnúp; þræddi núpsbrúnina og setti sig á rassaköstum niður gjána; ofaní Lambahlíð“!

Nytsemdarskepna (n, kvk) Gagnlegt húsdýr. „Dalli var frábær smalahundur og hin mesta nytsemdarskepna“.

Nýaftekin (l) Um kind; nýbúið að taka af/ rýja. „Ég sá þarna fjórar nýafteknar og tvær í reyfinu“.

Nýfennt (l) Nýsnjóað; nýfallinn snjór. „Það var nýfennt í slóðina, en hún var samt víða greinileg“.

Nýgræðingsháttur (n, kk) *Byrjendabragur*; *reynsluleysi*. „Skelfingar nýgræðingsháttur er nú þetta! Sagðistu ekki hafa gert þetta áður“?

Nýkaraður (l) A. Um lamb/kálf; nýbúið að kara/ sleikja slorið af. „Þarna var kind með tveimur nýkoroðum lömbum; ómörkuðum“. B. Líkingamál um *viðvaning*. „Ég held að menn ættu að láta það vera að þenja sig í ræðustól þingsins, svona nýkaraðir og *hlandvitlausir*“!

Nýstaðinn/nýstiginn upp / Nýuppstaðinn (orðtak) Nýlega kominn á fætur/ról. „Ég var þá nýuppstaðinn úr flensu“.

Næðingsfjandi (n, kk) Áhersluorð um næðing. „Manni er bara *hálfkalt* í þessum næðingsfjanda“.

Nægilega / Nægjanlega (ao) Nóg; sem dugir. „Ég held að það ætti nú að vera nægilega fallið út til að fara að vísa fénu í fjöruna“. „Það fer alveg að koma nægjanlega mikið á þennan vagn“.

Næpustýri (n, hk) Gæluorð um næpu. „Viljið þið ekki fá ykkur næpustýri strákar“?

Nærþjónkur (n, kvk, fto) Nærþjónkur. „Eitthvað er nú orðið fátæklegt af nærþjónkurum á þig núna“.

Næstefstur / Næsthæstur / Næstneðstur / Næstlægstur (l) Annar í röðinni *ofanfrá/ neðanfrá*. „Ég er búinn að tína í efsta og næstefsta gangi, en ætla að fara niður í þriðja gang“.

Næturflóð (n, hk) Flæði að næturlagi. „Við skulum setja bátinn aðeins hærra; ég hef grun um að næturflóðið gæti orðið aðeins hærra en flæðin í dag“.

Obbosi (u) Upphrópun sem gjarnan var notuð þegar börn voru tekin upp eða þeim lyft.

Oddafiskur (n, kk) Lúða sem veiðist á *flenniskuð*. „Á vorin var oft mikið af flenniskuði (hraunpussu, sæffli) í Látraröst og komu þá stundum tvö og þrjú á sama öngulinn í senn. Flyðra sem veiddist á flenniskuð var nefnd *oddafiskur* og var hlutarbót þess sem fyrir því happi varð“ (LK; Ísl.sjávarhættir III; eftir Ó.E.TH Vatnsdal).

Oddsnera (n, kvk) Það þegar fiskur snertir við beitu á krók þannig að veiðimaður telur sig finna það; verða varan. „Einhver oddsnera held ég að hafi verið hjá mér núna. Hann gæti verið að gefa sig til“. Einnig í neitunarsetningum um algert aflaleyti. „Skammi sú ögnin að hér sé nokkur oddsnera“! „Við reyndum á nokkrum stöðum, en það var hvergi oddsnera“.

Ofanafsleikjur (n, kvk, fto) A. Sláttur túns, þar sem einungis er slegið ofanaf grasinu en ekki við rót. B. Líkingamál; hroðvirknislega/illa unnið verk; taka efnis án þess að klára/hreinsa. „Ég kalla það ekkert annað en ofanafsleikjur; að sækja bara fjárhópa þar sem til þeirra sést en leita ekkert í lautunum“!

Ofaná (ao) Uppá; efst á. „Saxaðu fyrir mig gott fang til að setja ofaná galtann“. „Ég datt ofaná prýðishugmynd til lausnar á þessu vandamáli“.

Ofanáliggjandi (ao) Sem liggur ofaná. „Vélin er með ofanáliggjandi knastás“.

Ofanásetur (n, hk) Hluti af skinnbrókum; sjá *skinnklæði*. „Í hverja brók þurfti fjögur skinn; eitt í setskauta, helst kálfskinn; eitt í hvora brókarskálum og eitt í ofanásetur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Ofanbylur / Ofandrifa / Ofanfjúk / Ofankafald / Ofanhrið / Ofanmyglingur / Ofansáldur (n) Snjócoma að ofan, til aðgreiningar frá skafrenningi; *ofankoma*. Endingin vísar til þéttleika og snjógerðar.

Ofanfrá (fs) Að ofan; niðurímóti. „Það er farið í Sighvatsstöðin ofanfrá, þó þau nái niðurfyrirmiðja kletta“.

Ofanfyrir (ao) Niðurfyrir. „Það *snarhægði* um leið og við komum ofanfyrir brekkubrúnina“.

Ofaní (fs) A. Niður í. „Settu skærin ofaní skúffu“. „Ætlarðu alveg ofaní mig drengur“?! B. Um sauðfé sem festir sig í feni/dýi. „Nú er ég hræddur um að einhver sé ofaní; hrafnarnir láta mikið þarna við Hestkelduna“. Sjá *fara ofaní* og *föst ofaní*.

Ofaní dauður (l) Um sauðfé; hefur *farið ofaní* (dý/fen) og drepist. „Það eru nokkrar ofaní dauðar á þessu sumri“.

Ofaní dýfing (n, kvk) Það að dýfa einhverju ofaní. „Þeir skýra víst með ofaní dýfingu, eins og í sauðfjárböðun“.

Ofanímilli (fs) Niður á milli. „Ég missti peninginn ofanímilli sætanna í bílnum“.

Ofanímóti (fs) *Niðurímóti*; niður. „Það er ósköp notalegt og fljótlegt að röлта herna ofanímóti, en mosapemburnar eru fjárir leiðar þegar menn ganga fullklyfjaðir af eggjum hér neðan dalinn“.

Ofankletta (ao) Fyrir ofan kletta. „Ég smalaði hliðina ofankletta, en hann gekk fjöruna“.

Ofanleystur (l) Með buxurnar niðrum sig; ógirtur. „Þú ert dálítið ofanleystur ennþá anginn minn; biddu hann afa þinn að girða þig betur“.

Ofanmýra (ao) Fyrir ofan mýrar. „Þið skuluð fara með kýrnar upp á Umvarp; það er hægara að reka þær ofanmýra en í bleytuseylunum fyrir neðan“.

Ofanreiddur (l) Um *útslægjur* uppi á fjalli; reitt niður á hestum. „Mér var sagt af kunnugum að hjallinn hefði gefið af sér í bestu árum 100 hesta af heyi ofanreidda, ef hann var allur sleginn út í skækla“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Ofanum (ao) Niður um. „Hann mun hafa drukknað þegar hann fór ofanum ís á vatninu“. „Það hefur fennt dálítið ofanum gatið á þakinu“.

Ofanúr (fs) Niður úr. „Ef þið hættið ekki þessum óskapagangi strákar, þá er hætt við að hún Grýla fari að *finna til* sekkinn sinn og komi *askvaðandi* ofanúr fjöllum“!

Ofanvið (fs) Fyrir ofan. „Ofanvið Hjalla eru fyrst Flatir, en síðan Strympur og Ormar“.

Ofanfyrir (fs) Yfir. „Settu svo balann ofanfyfir fiskinn svo kvikindin fari ekki í hann“. „Nú *dettur ofanfyfir* mig; hver haldiði að sé nú að koma í heimsókn“?!

Ofbakað (l) Of mikið bakað brauð/bakkelsi. „Kakan varð dálítið ofbökuð hjá mér“.

Ofbarinn (l) Um harðfisk; of mikið barinn. „Það er verra að hafa harðfiskinn í nesti ef hann er ofbarinn“.

- Offermdur** (l) Um bát/skip; með of mikinn farm/flutning; hættulega hlaðinn/fermdur. „Sagt var að báturinn hefði verið offermdur, og ekki þolað ágjöfina“.
- Ofjandinn / Ofjárinn** (u) Mild áhersluorð, oftast í andsvari og sögð rólegri röddu þegar ekki liggur mikið við. „Nei ofjandinn; það held ég ekki“. „Ofjárinn; heldurðu að það geti verið?“
- Ofsafeginn** (l) Mjög/afar feginn/kátur. „Mikið yrði ég ofsafeginn ef þú hættir að klifa á þessu í smástund“!
- Ofstuðlað** (l) Um ljóð/kvæði; með of mörgum stuðlum eða höfðuðstöfum. „Þetta er ágæt vísa hjá þér þó hún sé ofstuðluð í síðustu hendu“. Rétt stuðluð ferskeytla er með tveimur stuðlum í tveimur hákveðum í fyrstu ljóðlínu/hendu og samhljóða höfuðstaf í fyrstu hákveðu annarrar ljóðlínu. Þriðja og fjórða ljóðlína eru einnig með innbyrðis sama ljóðstaf/stuðul. Algengast er að ofstuðlað sé með endurtekningu á höfuðstaf í sömu ljóðlínu.
- Oft tefur offlýtirinn** (orðatiltæki) Speki í sömu merkingu og *ekki er flas til fagnaðar*. (Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1919).
- Oggulítill** (l) Agnarlítill; pínulítill; agnarsmár; örlítill. „Þú getur alveg étið oggulítinn hringorm“! Nokkuð notað í Kollsvík. Líklega myndað með hljóðbreytingu á *aggalítill*; sjá þar.
- Orétt** (l) Andsvar þess sem tekur undir/samþykkir það sem sagt var; með áherslu á o. Líklega samruni orðanna „og það er rétt“. Nokkuð algengt viðkvæði í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar; ýmist stakt eða í upphafi frekara andsvars.
- Orffjöl** (n, kvk) Sá hluti orfs sem haldið er um efri hönd (vinstri hönd hjá rétthendum) þegar slegið er. Orffjölin er vanalega breiðari þar sem hún er felld í orfið, en mjókkar í annan jaðarinn frá því. Á einstaka orfi var grópað handfang þversum yst á orffjölinu, en annars var haldið um fjalarendann þegar slegið var. „Stakk hann efri enda orfsins upp að orffjöl upp í rassgatið á nautinu og þannig stýrði hann því að drullupytti sem var í nágrenninu“ (TÓ; upptaka á Íslmús 1978)
- Organistahella** (n, kvk) Grjóthella sem Helgi Árnason, þá organisti Breiðavíkurkirkju, notaði til að hækka sig í sæti. „Það var áletraður kassi utan um grágrýtishellu sem organisti kirkjunnar til fjölda ára hafði í kirkjunni til að hækka sig í sessi, en hann var lágvaxinn“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).
- Orkanáhlaup / Orkanhvellur / Orkanstórviðri** (n, hk, kk) Fárviðri; mikið óveður. „Það gerði orkanhvell um jólaleytið“. „Það var ekki að furða þó einhverjar þakplötur fykju í þessu orkanstórviðri“.
- Orkansmikill** (l) Mjög stór/umfangsmikill. „Þetta er orkansmikill jeppi“.
- Orkubolti** (n, kk) Kraftmikill/duglegur/öflugur maður. „hann er alveg magnaður orkubolti“!
- Orlof** (n, hk) A. Frí frá störfum. B. Leyfi til að gera; orð/beiðni um. „Ég gaf honum ekkert orlof til að hreyfa við þessu“! „Hann sagðist gera þetta í orlofi sinna húsbænda“. Orðið er ekki sýnilegt í orðabókum í þessari merkingu, en var notað þannig af sumum í Rauðasandshreppi fram eftir 20.öld. Orðstofninn er „orðlof“ (loforð); stofnaskýlt þýsku; „urlaub“.
- Ormagrýfja** (n, kvk) Óþverramál; samansafn vandræðamála/haturs; pandóruaskja. „Ég held að mörgum brygði við sem sæi ofan í þá ormagrýfju“.
- Ormapoki** (n, kk) Húðpoki sem myndast neðan á kjálkum kindar sem er illa haldin af *ormaveiki*.
- Óaftekin** (l) Enn í reyfi/ullu; ekki verið tekið af. „Þarna er ein óaftekin, frammi í réttinni“. „Við sáum nokkrar óafteknar kindur niðri í hlíðinni“. Líklega ekki þekkt annarsstaðar í þessari merkingu; annarsstaðar „óruín“.
- Óbehaganlegt** (l) Óþægilegt; *umhendis*. „Það er dálítið óbehaganlegt fyrir mig að gera þetta alveg strax“.
- Óbermilega** (ao) Ótótlega; rustalega. „Skelfing ertu óbermilega til fara drengur! Girtu þig að minnsta kosti“!
- Óðakjafta** (l) Óðamála; *bera ótt á; flaumósa*. „Hann var svo óðakjafta yfir þessu að kaffið kólnaði í bollanum“.
- Óeirðabelgur / Óeirðarmaður / Óeirðaseggur** (n, kk) Slagsmálahundur; óróaseggur; vandræðamaður. „Hann er alltaf sami óeirðabelgurinn með víni; eins og þetta er mikill ljúflingur dagsdaglega“.
- Óforskömmugheit / Óforskömmun** (n, hk, fto) Frekja; dónaskapur. „*Fyrr má nú vera óskömmunin*“!
- Óforstöndugur** (l) Óaðgætinn; heimskur. „Mér finnst hann afskaplega óforstöndugur í þessum efnum“.
- Óforsvaranlegt / Óforsvarandi** (l) Óafsakanlegt; ekki verjandi. „Það er óforsvaranlegt að láta barn aka dráttarvél yfir hálsa“! „Mér finnst gjörsamlega óforsvarandi af ráðherra að segja svona nokkuð“.
- Ófrelsi** (n, hk) A. Helsi; ánaud; höft. B. Kollsvíkingar og sumir aðrir í Rauðasandshreppi notuðu orðið í nokkuð óhlutbundnari merkingu en almennt gerðist; eða um einskonar álög/ofnautn. „Ertu enn að éta? Þetta er nú bara ófrelsi og ekkert annað“! Mikið notað þar enn en ekki annarsstaðar í þeirri merkingu.
- Ófyrirsjáll** (l) Ekki fyrirhyggjusamur; fljóttær. „Það voru samt ekki ófyrirsjálnir ævintýramenn sem þessa ákvörðun tóku“ (MG; Látrabjarg).

Ófærðarlítið (l) Lítil ófærð; sæmilega greiðfært. „Er sagt að presturinn í Sauðlauksdal hafi farið Prestahjalla ef hann fór til Breiðavíkur að vetrarlagi, því ófærðarlítið hafi verið á þessum hjalla; ekki fest snjó“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Ófæruseil (n, kvk) Seil/forardý sem erfitt/hættulegt er að fara yfir. „Norðan við Uxadýsál er ófæruseil sem nefnd er Svartaseil“ (Örnefnaskrá Láganúps). Orðið seil þekkist ekki í þessari merkingu nema í Kollsvík og nágrenni.

Ófæruslefra / Ófæruslöður (n, kvk/hk) Sundurslitinn gangur í klettum, sem er sæmilega fær báðumegin við. „Það er kannski möguleiki að komast yfir ófæruslefruna með *bandstuðningi*“.

Ófæruurð (n, kvk) *Urð/helurð* sem ófær er gangandi fólki og skepnum. „Þú þarft að fara niðurfyrir ófæruurðina“.

Ógegndaraflí / Ógegndarveiði (n, kk/kvk) Mokveiði; frábær aflbrögð. „Ekki get ég nú nefnt þetta ógegndarafla; en hann var vel við“. „Ég hef sjaldan vitað aðra eins ógegndarveiði; en hún var bara í blá grunnendann á netinu; alveg uppi í hleininni“!

Ógerðarlegt veður / Ógerðarveður (orðtak/ n, hk) Leiðinlegt veður. „Úti var slydda og kuldaþræsingur: Fremur ógerðarlegt veður“. Oft styt: „Þetta er bévítans ógerð“. „Bölvæð ógerðarveður er nú þetta“!

Ógerðarskítur / Ógerðarslydda / Ógerðarslydduskítur (n, kk/kvk) Él/snjókoma af blautri slyddu, sem klínist í fatnað, bleytir og kælir það sem hún fellur á. „Það er enn sami ógerðarskíturinn“! „Við lentum í ógerðarslydduskít þegar við komum niður Hafnarlautirnar“.

Ógerlegt (l) Óframkvæmanlegt; ómögulegt. „Það reyndist ógerlegt að ná ánni úr þessari sjálfheldu og því varð að skjóta hana niður“.

Ógervilegur / Ógjörvilegur (l) Ómyndarlegur; ekki álitlegur/aðlaðandi/vænlegur. „Þetta var alls ekki ógervileg stúlka“. Oftar með „e“ framburði í Kollsvík.

Ógjarnan (ao) Helst ekki. „Ég er kannski ekki allskostar ánægður með hann, en vil þó ógjarnan missa hann“. Orðið var alltaf með n í enda í máli Kollsvíkinga, en þannig rithátt er ekki að finna í orðabókum.

Ógnarafl / Ógnarkraftur (n, hk/kk) Gríðarlegt afl; fírna kraftur. „Maður á erfitt með að ímynda sér þá ógnarkrafta brimsins sem kastað hafa þessu bjargi hér upp“.

Ógnarfjöldi (n, kk) *Firn; akur; býsn; mýgrútur*. „Slíkan ógnarfjöldi af fólki sagðist hann aldrei hafa séð“.

Ógnarmargt (l) Mýmargt; fjölmargt; aragrúi. „Við verðum að fara að setja eitthvað útaf af fénu; það er ekki hægt að hafa svona ógnarmargt á túninu um langan tíma“.

Ógæftatið (n, kvk) Tímabil sem ekki gefur á sjó; landlega. „Það hefur verið samfelld ógæftatið í þrjár vikur“

Óhappagemlingur / Óhappagemsi (n, kk) Sá sem er mjög óheppinn; hrakfallabálkur. „Varstu að flumbra þig aftur? Skelfingar óhappagemsi geturðu verið, greyið mitt“!

Óheillaákvörðun / Óheillaráð / Óheillaskref / Óheillaspor / Óheillaverk (n, hk) Óráð; ekki góð ráðstöfun/aðgerð. Þetta reyndist óheillaákvörðun, og afdrifarík“. „Það var óheillaráð að loka Þræðingnum“. „Ég held að það hafi verið óheillaskref fyrir byggð í Rauðasandshreppi að sameina hann öðrum hreppum“.

Óhemjugangur / Óhemjuskapur (n, kk) Fyrirgangur; læti. „Skárri er það nú óhemjugangurinn! Ætlið þið að æra mig“? „Maður var nú bara hálf hræddur við óhemjuskapinn í kerlingunni“!

Óhræsisanginn / Óhræsisgreiði / Óhræsisetrið / Óhræsisöttrið / Óhræsisgarmurinn (n, m.gr.) Gæluorð í vorkunnartón um þann (mann/skepnu) á bág og e.t.v. hefur orðið eitthvað á. „Hann gat nú ekki vitað það óhræsisetrið að þú ættir þennan kökubita; hann var nú bara að hreinsa af borðinu“!

Óinnfærð (l) Um kind; ekki búíð að skrá í *arbók*. „Surtla er enn óinnfærð; hún fékk með Óðni í gær“.

Óknyttaormur (n, kk) Hrekkjalómur; strákur sem *skammað* hefur *sig upp*; óþekktarangi. „Hvar eru þessir bévítans óknyttaormar“?!

Ólánsbuxur / Ólánspeysa / Ólánsstyrta / Ólánskór / Ólánsstígvél (n, kvk) Fatnaður sem fer illa/ er óþægilegur/ passar ekki. „Mikið sé ég eftir að hafa keypt þessar ólánsbuxur; handa hvaða manntegund skyldi þetta vera framleitt“?! „Það er útilokað að vinna í þessari ólánsstyrtu; maður er eins og í spennitreyju“! „Skelfingar ólánsstígvél eru þetta! Þau eru níþröng um kálfann“.

Ólánsस्कinnið / Ólánsгarmurinn / Ólánsgreiði (n, m.gr) Gæluheiti um menn dýr í vorkunnartón. „Hann getur lítið að því gert ólánsस्कinnið, þó hann kunni ekki að halda á hrífu; þeir læra það líklega ekki í háskólanum“!

Ólánsveiðarfæri (n, hk) Lélegt/afkastalítið veiðarfæri; veiðarfæri sem illa fiskast á/ spillir veiði. „Þó Kollsvíkingar á síðustu öld hafi staðið í þeirri meiningu að línuveiðar hafi hafist rétt fyrir þáliðin aldamót,

benda ýmsar líkur til að á fyrri öldum hafi verið veitt með línu; þar sem annarsstaðar. hinsvegar hafi hún verið talin ólánsveiðarfæri þegar fiskgengd minnkaði, og menn helst viljað gleyma hennar tilveru“.

Ólgra (n, kvk) Ólga; það sem *ólgrar*. „Einhver árans ólgra er enn í vömbinni á mér“.

Ólíkindabragur (n, k) Yfirbragð lyga/ósennileika/ótrúlegheita. „Einhver ólíkindabragur fannst mér á þessari frásögn; mér er næst að halda að hann hafi logið þessu frá rötum“!

Ólíkindafrásögn / Ólíkindasaga (n, kvk) Ótrúleg frásögn/saga. „Mér fannst þetta hin mesta ólíkindafrásögn; svonalagað hefði aldrei getað gerst“.

Ólíkindaskepna (n, kvk) Dýr sem erfitt er að reida sig á; skepna með óútreiknanlega hegðun. „Grásleppan hefur alltaf verið mesta ólíkindaskepna; maður veit aldrei hvenær hún gefur sig til“. „Það þaf mannskap til að handsama þá gráu í Lambahlíðinni; þetta er mesta ólíkindaskepna“.

Ómunablíða / Ómunaveðurblíða (n, kvk) Meiri veðurblíða en menn muna eftir áður. „Hér hefur verið ómunablíða síðasta mánuðinn“.

Ónád (l) Ekki náð; ekki tekist að ná. „*Fjárheimtur* voru slæmar. Vetur kom snemma og harkalega; fé því víða um fjöll og ónád úr Bjarginu“ (ÞJ; Árb.Barð 1969).

Ónefndur (n, kk) Sá sem ekki er nefndur; nafnlaus. „Ónefndur sagði mér þetta í trúnaði“.

Ónotakrampi / Ónotapirringur / Ónotastingur / Ónotatak / Ónotaverkur (n, kk/hk) Líkamleg óþægindi af ýmsu tagi og misslæm. „Ég fékk ónotakrampa í kálfann eftir hlaupin“. „Einhver árans ónotapirringur hefur verið í auganu á mér í dag“. „Helvíti er að fá svona ónotatak í bakið“.

Ónytjungsbjálfi / Ónytjungsgrey / Ónytjungsraefill / Ónytjungstuska / Ónytjungur (n, kk/kvk) Maður sem er til lítils gagns; auli; væskill. „Þetta er ónytjungsbjálfi sem aldrei hefur nennt að vinna“.

Óofaníborinn (l) Um veg; ekki með ofaníborði/finni mól; ófrágenginn á yfirborði. „Annars er mikið af vegum í Rauðasandshreppi enn óofaníbornir; eru eins og ýtustjórar gengu frá þeim“ (KJK; Árb.Barð; 1957-58).

Óorpinn (l) Um fugl; ekki orpinn/verptur. „Það þýðir ekkert að fara núna á Þórðarbrandshöfðann; þar er bara álka, og hún er óorpin ennþá“.

Óperugaul (n, hk) Niðrandi heiti á óperusöng og jafnvel annarri klassískri sönglist. „Slökktu nú á þessu bévítans óperugauli í útvarpinu“! Lélegar útvarpsútsendingar og ofspilun þessháttar tónlistar hefur ekki aflað þessu listformi vinsælda, þó vissulega kunni margir að meta það.

Óradýpi (n, hk) *Firnadýpi*; mjög mikið dýpi. „Það þarf alllög færi á þessu óradýpi sem þarna er“.

Óráðsbull / Óráðsblaður / Óráðshjal / Óráðskjafæði / Óráðsraus / Óráðstal / Óráðspvaður / Óráðspvæla (n, hk, kvk) Algert bull; mjög heimskulegt/óábyrgt tal. „Skelfingar óráðsbull er þetta“! „Ég hlusta nú ekki á neitt óráðspvaður um þessa hluti“!

Óreglugemsi / Óreglumaður / Óreglupési / Óreglupevi (n, kk) Sá sem drekkur í óhófi; drykkjumaður. „Ég nenni ekki að hlusta á rausið í þessum óreglupésu lengur og sagðist ætla að fara að sofa“.

Óræktarblettur / Óræktarkargi / Óræktarmelur / Óræktarmói / Óræktarmýri / Óræktarstykki (n, kk/kvk) Svæði/skiki sem ekki er ræktaður/ erfitt er að rækta.

Óræktarhýjungur (n, kk) Lítilfjörlegt skegg, t.d. á unglungi. „Skaðu nú af þér þennan óræktarhýjung drengur; ég efast um að hann gagnist nokkuð á stelpurnar“!

Ósar (n, kk, fto) Upptök vatnsfalls. „Árósar heitir svæðið norðan Hestkeldu, sem Áin sækir mest vatn sitt til í upphafi“. Þessi upprunalega merking orðsins hefur varðveist í þessu örnefni, og er ekki vitað til að svo sé annarsstaðar. Gamalt orðtak segir „á skal að ósi stemma“, og þar er sama forna merkingin. Í almennu máli í dag hefur orðið allt aðra merkingu; þ.e. útfall ár til sjávar.

Ósétlað (l) Um deilumál; ekki komnar á sættir; ekki leitt til lykta. „Báðir ruku burt í fússi, svo þetta mál er enn ósétlað“.

Rétt ósestur (orðtak) Um það bil að setjast. „Hún var rétt ósest þegar hún sá að kaffið var ókomið á borðið“.

Ósínkur / Ósínjarn (l) Óspar; ekki nískur/sínjarn. „Hann var ósínkur á nestið sitt“. „Þeir eru oft ósínkir á annarra manna fé fyrir kosningar; blessaðir þingmennirnir“. Sínkur er af orðstofninum „sinn“.

Óslétta / Ósléttublettur (n, kvk/kk) Svæði/blettur sem ekki er vel slétt. „Gættu þín á ósléttublettinum framarlega á stykkinu; þar þarf að fara hægt um á vélinni“.

Óslægjujaðar / Óslægjukantur (n, kk) Jaðar/kantur svæðis óslegið er. „Ég leitaði að ungunum í óslægjujaðrinum“. „Við skulum girða spottakorn frá óslægjukantinum“.

Ósnvrtilega til fara (orðtak) Ekki snvrtilega klæddur. „Skelfing fannst mér hann ósnvrtilega til fara“!

Rétt ósofnaður (orðtak) Alveg að sofna. „Ég var rétt ósofnaður þegar mér *flaug* þetta í hug“.

Óspennandi (l) Sem lítið er varið í; leiðinlegur; ekki aðlaðandi. „Það er heldur óspennandi að hanga hér öllu lengur, þegar ekki er *oddsnerta* hvað þá annað. Við skulum kippa aðeins suðurávið“.

Ósætt á sjó (orðtak) Ekki hægt að vera á sjó. „Aftur á móti var ósætt á sjó þegar grunnbrot féll á Giljaboða og Pembu, að minnsta kosti með landtöku í Kollsvíkurverri í huga“ (KJK; Kollsvíkurver).

Ótræða (n, kvk) Ófæra; ekki fær gönguleið/tröð. „Þá var aldrei farið með stórgripi um sandinn undir Múlanum, heldur eftir hestagötu uppi í miðri hlíðinni. Hitt var oftast ótræða, nema það er sjór féll yfir“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Ótætisflokkur / Ótætislýður (n, kk) Slæmur hópur/stjórnmalaflokkur. „*Það skal nú úr því teygjan* áður en ég kys þann ótætisflokk; þeir mega éta sína hatta uppá það“! „Nú er þessi ótætislýður kominn aftur inná túnin“!

Óvarkærnislega (l) Óvarlega; léttúðlega. „Mér finnst þið fara óvarkærnislega á traktornum þarna í hallanum“.

Óvendilega (ao) Óvandlega; ekki vel; illa. „Þetta þykir mér frekar óvendilega gert“!

Óvenjugóður (l) Óvanalega góður. „Þetta eru óvenjugóðar appelsínur; annað en vatnsgjúgurnar síðast“.

Óvenjuharður (l) Óvanalega harður; gríðarharður. „Veturinn var ansi rysjóttur, en ekki held ég að hann hafi verið neitt óvenjuharður“.

Óvenjuhár (l) Óvanaulega hár. „Sjór hefur *flanað* óvenjuhátt í þessum stórstraumi“.

Óvenjukaldur (l) Óvanalega kaldur. „Vorið var óvenjukalt framanaf“.

Óvenjulítill (l) Óvanalega lítið; furðulítið. „Það er óvenjulítill spretta á þessari sléttu núna“.

Óvenjumikill (l) Óvanalega mikill. „Það hefur sest óvenjumikill snjór í Kinnina“.

Óvenjustór (l) Óvanalega stór. „Þarna veiddum við óvenjustóra grásleppu í sumar“.

Óviðunandi (l) Ekki viðunandi/hægt að búa við. „Mér finnst alveg óviðunandi að þetta finnist ekki í orðabók“!

Óvottaður / Óvottfestur (l) Ekki staðfestur af vitnum/vottum. „Þessi samningur er lítills virði ef hann er óvottfestur“.

Óþarfabruðl / Óþarfaeyðsla / Óþarfainnkaup / Óþarfaekostnaður / Óþarfaútgjöld / Óþarfaspreð (n, hk/kvk/kk) „Mér finnst það óþarfabruðl að kaupa þetta jólaskraut“! „Ég er ekki mikið fyrir svona óþarfainnkaup“. „Þetta eru auðvitað þínir peningar, en mér finnst þetta óþarfaspreð“!

Óþarfarask / Óþarfarót (n, hk) Umrót/jarðrask sem talið er nauðsynjalaust.

Óþarfatímaeyðsla / Óþarfatöf / Óþarfaverk (, kvk/hk) Famkvæmd sem talin er tefja/nauðsynjalaus.

Óþarfavesen (n, hk) Óþörf vinna/fyrirhöfn. „Vertu ekki með neitt óþarfa vesen útaf minni heimsókn“.

Óþekkjanlegur (l) Ekki þekkjanlegur; mjög breyttur. „Þú ert næstum óþekkjanlegur svona nýklliptur“!

Óþrifaél (n, hk) Snjóél með blautri slyddu sem klessist á og bleytir. „Ég lendi í þvílíku óþrifaéli að ég er eiginlega blautur innur“.

Óþrifalegt orðbragð (orðtak) Klúrt tal; skætingur; óviðeigandi ummæli. „Það er alveg óþarfi að viðhafa svona óþrifalegt orðbragð þó maður sé ósáttur“.

Óþrifatið (n, kvk) *Hrakviðristið*, oft með blota og frostum á víxl. „Það er enn ekki lát á þessari óþrifattið“.

Óþrifaveður (n, hk) Mikil og þétt slydda. „Við þurfum að drífa féð inn úr þessu óþrifaveðri“.

Óþverraél / Óþverraslydduél (n, hk) Niðrandi heiti á *slydduéli/bleytukafaldi*. „Við skulum bíða af okkur þetta óþverraél“. „Ég lendi í óþverraslydduéli þegar ég var *hálfnaður* heim“.

Óþverragepill / Óþverragerpi (n, hk) Niðrandi orð um mann; óþverri. „Það þyrfti að kjöldraga þennan óþverragepil; hverjum dettur svona ótugtarskapur í hug“?!“

Óþægðarbykkja / Óþægðargerpi / Óþægðarkvikindi (n, kvk/hk) Niðrandi heiti á kind sem reynst hefur mjög erfið í smölnun og/eða er strokgyörn; vanvirðir girðingar, jötubönd eða þ.h. „Hún er gjörsamlega óþolandi þessi óþægðarbykkja“! „Ég gafst upp við þetta óþægðargerpi og skildi hana eftir“.

Pabbabarn / Pabbadrengur / Pabbastelpan / Pabbastrákur (n, hk/kk/kvk) Um börn sem þykja verulega hænd að föður sínum. „Hún sagðist alltaf hafa verið mikil pabbastelpan og meira fyrir útiverkin en inniveru“

Páfagaukalærdómur (n, kk) Utanað-/utanbókarlærdómur án skilnings á efninu.

Páfaskák / Páfatafl (n, kvk/hk) Sá almenni verknaður að kúka/ *hafa hægðir* á klósetti, *kamri* eða í *guðsgrænni náttúrunni*. Dregið af því að *tefla við páfa*. Það orðasamband var þó mun meira notað en þessi nafnorð.

Pálegg (n, hk) Álegg; ostur, kæfa eða annað sem sett er á smurbrauð. Dönskuletta sem var sumum töm, en er líklega hvorki gamalt né almennt í máli Kollsvíkinga.

Pekilsaltaður (l) Saltaður í *pekil*/saltupplausn. „Rauðmaginn var stundum pekilsaltaður fyrir reykingu“.

Pekilsöltun (n, kvk) Söltun matvæla í *pekil*; ekki *þurrsöltun*. „Sumir velja pekilsöltun framyfir þurrsöltun“.

Pekilmælir (n, kk) Mælir til að mæla styrkleika pekils/saltlausnar, annaðhvort kvarðaður flotmælir eða kartafila af hæfilegri stærð sem í er stungið nagla.

Pelk / Hóstapelk (n, hk) Hósti; þrálátur hósti; *bopp*. „Mér list ekkert á pelkið í þér; hefurðu prófað að taka mixtúruna“? „Það heyrðist ekki mannsins mál fyrir hóstapelkinu í karlinum“.

Pelkja (s) A. Hósta. „Ég er búinn að vera pelkjandi í allan dag. gæti trúað að ég sé að kvefast“. B. Ganga; einkum við erfiðar aðstæður; í mótvindi eða ófærð. Hugsanlega stofnskylt við verkfærið pál, þannig að menn stingi fótum í fönn líkt og pál í jarðveg eða hósti með svipuðu hljóði og ef páll væri notaður. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar o.fl.).Notað í mæltu máli til þessa dags í Kollsvík en virðist ekki þekkt annarsstaðar. Merking orðsins er önnur í Orðab.Menn.sj. en þar þýðir það „að háma í sig“; sú var ekki merkingin vestra.

Pelsa (s) Síðari tíma orð um það að flá loðdýr sem alin hafa verið í búi, og gera söluvöru úr skinninu/pelsinum. Notað á þeim tímum þegar refarækt var í Kollsvík á 9.áratug 20.aldar.

Pempiuháttur / Pempíuskapur (n, kk) Ofurviðkvæmni; tilgerð; aumingjabragur. „Óttalegur pempíuháttur er þetta; að geta ekki snert á hrifu eða kvísl vettlingalaus“!

Perm (n, hk?) Áhald til útsaums: „Svo var áhald sem margar konur áttu sem hét perm. Það var rennt úr beini; a.m.k. það sem ég á (mynd), og notað til að gera göt þegar saumaður var svokallaður enskur saumur“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Pestardrulla / Pestarfjandi / Pestarfýla / Pestarmolla / Pestarskítur / Pestarstand (n, kvk/kk) Lýsandi orð yfir veikindi af *smítpestum*. „Það er að hellast í mig einhver pestardrulla“. „Ég er ekki orðinn góður af pestarskítinum enn“. „Það er eitthvað árans pestarstand þar á bæ“.

Pestargemlingur / Pestargemsi / Pestarungi (n, kk) *Pestsækin* manneskja. „Óttalegur pestargemlingur geturðu nú verið, greyið mitt“. „Hann er svoddan pestarungi grípur allan ófögnuð sem er á ferðinni“.

Pestarlossi (n, kk) ...óviss merking... (e.t.v. sama og pestargemlingur; VÖ) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Pestaróvera / Pestarvottur (n, kk) Væg einkenni *pestar*. „Einhver fjárans pestaróvera er þetta líklega“. „Ég er ekki frá því að þetta sé einhver pestarvotur“.

Pestsækinn (l) Hætt við að sýkjast af pestum/farsóttum. „Maður er orðinn svo skolli pestsækinn í seinni tíð“.

Peysufatasvunta (n, kvk) Svunta sem tilheyrði peysufötum kvenna. „Fyrir ein jól man ég eftir að hún saumaði mér kjól úr peysufatasvuntunni sinni“ (FG; Bernskuminningar; Niðjatal HM/GG).

Peysugarmur / Peysugopi / Peysulufsa / Peysuræfill (n, kk/kvk) Gæluorð um peysu. „Sérðu nokkuð hvar ég lagði af mér peysulufsuna mína“?

Pétursmold (n, kvk) Barnamold; kísilgúr. „Fremst í Hvangrörðum var á bletti hvít mold sem kölluð var pétursmold“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).

Pétursblettur / Pétursrák Svartur blettur aftan við auga ýsu og svört rák aftur eftir búknum. Sagt draga nafn af því að Pétur postuli vildi grípa ýsu og náði góðu taki þar sem bletturinn er, en ýsan rann samt úr greip hans og er rákin ummerki um það. Orðin finnast ekki í orðabókum en hafa, ásamt sögunni, lifað góðu lífi í munnlegri geymd Kollsvíkinga.

Pikkfastur (l) Alveg fastur; *þrælfastur*. Algengt í seinni tíð að nota um bíla sem gjarnan sátu fastir í ófærð yfir Hænuvíkunnáls eða aðra fjallvegi. Einnig um annað: „Kýrin *álpaðist* ofan í skurðinn og sat þar pikkföst“.

Pilla / Pillast (s) Tína; velja úr. „Ætlaðu að pilla þetta uppí þig með puttunum“? „Ætli við förum nú ekki bara að pillast *heimáleið*; þetta er orðið gott í dag“. St-endingin er þarna notuð eins og í „komast“, „drattast“ og víðar. Hún er stytting af „sig“ og var fyrrum „sik“, „komask“, „drattask“.

Pilludót / Pilludrasl / Pilluhaugur (n, hk/ kk, ft) Niðrandi heiti á töflum/ ofgnótt taflna. „Það er ekki nokkur lífsins leið að lifa á þessu pilludrasli alla sína hundstíð“! „Læknirinn lét mig hafa einhvern pilluhaug til að koma þessu í lag“.

Pinnfastur (l) Alveg fastur/festur; niðurnegldur, „Réttu mér kúbeinið; þetta er alveg pinnfast“.

Pisserí (n, hk) Klósett á almenningssalerni fyrir karlmenn að pissa í; *mígildi*; hlandskál. „Svo voru sett upp tvö dýrindis pissarí á strákaklósettinu í nýja skólanum; nú held ég að menn geti slysalaust migið standandi“! Líklega má eigna GJH heiðurinn af þessu nýyrði eins og fleirum, en orðið var almennt notað eftir byggingu nýs skóla í Fagrahvammi, ásamt orðinu *mígildi* sem e.t.v. er upprunnið hjá Þórði Jónssyni á Látrum.

Pitsa / Pitsufjandi (n, kvk/kk) Flatbaka; pítsa. Kollsvíkingar báru fæstir mikla virðingu fyrir þessum ítalska þjóðarrétti þegar pítsuæðið brast á héraendis síðla á 20. öld. „Það verður enginn vinnandi maður saddur af þessum pitsufjanda; næfurþunnum hveitibleðli með tómatsósulepju“!

- Pínsaddur** (l) Búinn að borða ærið nóg; pakksaddur. „Ekki meira fyrir mig, þakka þér fyrir; ég er alveg pínsaddur“.
- Pínsfullur** (l) *Sneisafullur; troðfullur; smekktfullur.* „Við setjum ekki meira í þennan dilk; hann er pínsfullur“.
- Pínsfylla** (s) *Kjaftfylla; troðfylla; yfirfylla; fleytifylla.* „Vertu ekki að pínsfylla fötuna; þá er bara erfiðara að koma henni upp á brún á handlegg“.
- Pínshlaðinn** (l) Um hleðslu á báti; hlaðinn eins og framast er unnt. „Mér finnst ekkert vit í því þegar menn eru að koma með bátana svo pínshlaðna í land að ekki megi slá af vél án þess að fljóti inn“.
- Pípubarningur / Pípuhláttur** (n, kk) Það að berja reykjarpípu í sterkan öskubakka til að ná úr henni ösku síðustu reykingar. Slíkur barningur gat verið langvarandi og hávaðasamur; einkanlega ef pípuköngurinn var orðinn þröngur og kolaður að innan. Veikari öskubakkar þöldu slíkt illa og því voru öskubakkar reykingamanna sterkbyggðir. Össur á Láganúpi notaði lengi vel holustein af Hnífunum fyrir öskubakka.
- Pípubræla / Pípusvæla / Pípureykur** (n, kk) Reykur/reykjarkóf úr reykjarpípu. „Bölvuð pípubræla er nú hérna inni; datt engum ykkar í hug að opna glugga“?!
- Pípuhreinsari** (n, kk) Mjór vír eða annað sem unnt er að nota til að hreinsa reykjargöng pípu af pípúsósu og öðrum óhreininum. Sérstakir pípuhreinsarar voru til skamms tíma seldir í búðum; vír sem í var snúið mjúku filti. Voru þeir einnig nokkuð notaðir í fönður af ýmsu tagi.
- Pípusósa** (n, kvk) Sterkur svartbrúnn lögur sem gjarnan safnaðist í reykjargöng reykjarpípu. Samanstóð líklega af munnvatni, tjöru og öðru sem féll út úr reyknum. Pípusósa var vanalega hellt út um munnstykki pípunnar, en stundum þurfti að hreinsa með pípuhreinsara.
- Pípusteinn** (n, kk) Kol sem safnast innanum pípuhausinn/pípukönginn við margendurtekna reykingar. Var stundum hreinsaður út með pípusköfu, vasahníf eða öðru áhaldi. En það þurfti að gera varlega því oft var köngurinn sjálfur orðinn veikari en pípusteinninn og sprakk þá út.
- Píputott** (n, kvk) Niðrandi orð yfir reykingar; það að reykja/totta pípu. „Maður er hálf feginn að vera laus við þetta píputott og vesenið sem því fylgir“. **Planlagt** (l) Skipulagt; áætlað. „Ég er ekki með neitt sérstakt planlagt um helgina“.
- Plankabútur / Plankastubbur / Plankastúfur** (n, kk) Bútur/endi af planku. „Þarna fann ég rekinn plankastubb úr rauðviði sem mætti nýta í ýmislegt“.
- Platras / Platrófa** (n, kk/kvk) Gæluheiti um þau sem plata/blekkja án þess að skaða mikið. „Nú léstu mig hlaupa í erindisleysu; platrasinn þinn“! „Hún á það til að vera skelfileg platrófa, með allt sitt ímyndunarafli“.
- Platur** (n, hk) Lítill diskur eða skál, einkum ætlað gæluþýrum. „Komdu hérna með platrið kattarins fyrir afgangana“. Stundum þó um aðra diska: „Réttu mér eitthvað platur undir lifrina“. Líklega sami stofn og í mörgum germönskum málum, s.s. „plate“ (e); gæti því verið mjög gamalt á svæðinu.
- Plökkunarhnífur / Plökkunarkutti** (n, kk) Hnífur sem notaður er til að plokka fugl. Hentugast er að nota blaðstuttan hníf sem fer vel í hendi, með hæfilega sljóri egg. „Notaðir voru sérstakir hnífur, kallaðir plökkunarkuttar. Þeir voru með sérstöku lagi og liprir í hendi; heimasmiðaðir, venjulega úr ljáblöðum“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Plomp** (n, hk) Gusugangur/skellur þegar hlutur fellur á yfirborð. „Bjargið féll í sjóinn fyrir framan okkur með miklu plompi og öldugangi“.
- Plógbátismaður** (n, kk) Maður í áhöfn plógbáts (sjá *spilbátur/plógbátur*). „Það gat skeð að plógurinn fengi festu aftur um stund. Annars fóru plógbátsmenn strax að hnakkabandinu og drógu plóginn upp“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Plussering** (n, kvk) Yfirbreiðsla, einkum segl yfir bát, ekrru eða þessháttar. Virðist ekki þekkt utan svæðisins.
- Plöntureitur** (n, kk) Lítið verndað og skjólsælt svæði þar sem plantað er litlum trjáplöntum sem síðar verða grisjaðar. „Um 1970 fengu Össur og Ingvar nokkrar trjáplöntur til að gera tilraun til ræktunar í Kollsvík. Þær voru settar niður í plöntureiti; annan í Urðunm framan Bæjarhólsins á Láganúpi og hinn hjá Kryppukarli í Kollsvík. Lenti í útideyfu að sinna þeim plöntum sem lifðu, og því rann þessi tilraun út í sandinn, en líklegt er að einhverjar plöntur hefðu spjarað sig ágætlega þarna í Urðunum með nægri vernd fyrir beit.“
- Plötubútur / Plöturæfill / Plötuskækil** (n, kk) Bútur/afklippa/ræfrildi af plötu, t.d. bárujármsplötu eða krossviðarplötu. „Það má vel nota þennan plötuskækil til að sviða hause á honum“.
- Pokadula / Pokagarmur / Pokakægill / Pokalús / Pokarytja / Pokaræfill / Pokapiási / Pokaskjatti / Pokaskaufi / Pokasnigill / Pokastertur / Pokataddi / Pokatuðra / Pokatuska** (n, kk) Gæluorð um poka; lítill poki. „Farangurinn kemst allur í þennan pokakægil“. „Hann sagði að þorri hefði ekki verið byrjaður þegar karlinn kom röltandi með pokatuðruna sína og bað um fáein strá; hann væri að verða heyllaus“.

- Pollhægur** (l) Mjög/alveg lygn. „Það var komin bölvuð *ffarðarbára* frammi, en uppundir var hann pollhægur“.
- Pollrólegur** (l) Alveg rólegur; slakur. „Hann var pollrólegur og deplaði ekki auga þegar hann var dreginn aftur upp í bátinn“.
- Pollslétt** (l) Sjólaust; *renniblíða*. „Það er ekki hægt að hanga í landi í svona pollsléttu: Nú *förum* við fram“.
- Pompúlerast** (s) Basla með. „Hann kemur þarna kjagandi og pompúlerast með einhverja dúnka“. Orðið virðist bundið við Rauðasandshrepp. Óviss uppruni, en e.t.v. tengt frönskum sjómönnum frá Pompól.
- Pommsa** (s) Detta; hlunkast. „Ég játa að ég *átti erfitt með mig* þegar karlinn pommsaði á rassinn í forinni“.
- Posagrýta / Posakægill / Posalús / Posapísl / Posapjási / Posasnigill / Posaskaufi / Posaskjatti / Posatuðra** (n, kk) Lítil poki; smásekur. „Þhu! Þeir létu mig hafa þennan ómyndar posaskjatta undir póstin. Þetta tekur varla öll bréfin; hvað þá heldur þessi ódæmi af Tímanum sem fara á hvern bæ“!
- Posjón** (n, kvk) Slatti; slumpur; skammtur. „Við þurfum að klára síðustu posjón af eggjunum fyrst“. Enkusletta, „portion“, sem töluvert var notuð í máli sumra Kollsvíkinga í lok búsetu þar.
- Postulínsdúkk** (n, kvk) Ofurviðkvæm manneskja. „Nú ég keyri bara eins og venjulega. Þessar postulínsdúkkur að sunnan geta þá bara haldið sig heima ef þær þola ekki landsbyggðavegina“!
- Pottaleppur** (n, kk) Efnisbútur sem notaður er til að verja fingur við bruna þegar tekið er á heitum potti.
- Póststeinn / Póstvarða** (n, kk/kvk) Síðari tíma heiti sem gárungar í Rauðasandshreppi gáfu lausum staksteinum sem sumstaðar mátti sjá á vegum í upphafi bílaaldar; einkum í brekkum. Tilkoma þeirra var sú að menn sem á fullorðinsaldri höfðu tekið bílpróf, en voru vanari hestum og traktorum, voru fremur óöruggir að taka af stað í brekkum þegar þar hafði verið þörf á að stoppa, s.s. til að binda upp keðjuhlekk eða kasta vatni. Var þá steinn, einn eða fleiri, settur aftan við hjól bílsins svo ekki rynni afturábak meðan kúplað var að; bremsu létt af og gefið inn. „Ég er ekki með þrjá fætur til að stjórna þessu öllu í einu“ sagði þáverandi landpóstur, en þáverandi kaupfélagsstjóra fannst við hæfi að nefna steina þessa í höfuðið á honum. Pósturinn notaði þetta úrræði nokkuð, en það gerðu einnig fleiri. Ef brösulega hafði gengið upp brekku mátti stundum sjá fjölda slíkra steina í henni á eftir“.
- Prakkarast** (s) *Bekkjast*; gera óleik/glennu; hrekkja; láta illa. „Nú hafa strákarnir enn verið að prakkarast“!
- Prinsipmaður** (n, kk) *Þverhaus*; *þvergirðingur*; á sem stendur fast á sínum skoðunum/framfylgir reglum í æsar. „Víst má kalla hann prinsipmann; þetta stendur víst svona í Biblíunni. En mér finnst þetta *þverhausaháttur*“!
- Prufukanna** (n, kvk) Kanna með svörtu millispjaldi sem var notuð til prófunar á jógurbólgu í mjólkurkúm. Dregin var buna af mjólk á spjalðið, og sátu kekkið á því ef mikil jógurbólga var. Áður var prófað með því að mjólka bunu í flórinn, en síðar voru teknar upp efnafræðilegar aðferðir.
- Prufusigling** (n, kvk) Sigling báts til prófunar, oft í byrjun sumars/vertíðar, eða eftir viðgerð. „Okkur strákunum var leyft að koma með í prufusiglinguna“.
- Prumplykt** (n, kvk) Lykt af freti/viðrekstri; *búkloft*; *viðrekstrarfýla*. Getur verið svæsin og ertandi í nefjum þeirra sem ekki eiga. „Út með þig og þína skollans ekkisen prumplykt; Hvað varstu eiginlega að éta“?!
- Prúskinn** (l) Kotroskinn; mannalegur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Prýðisdrengur / Prýðisnáungi / Prýðiskona / Prýðisstúlka** (n, kk/kvk) Lofsyrði um gott fólk/fýrirmyndarfólk. „Hann reyndist hinn mesti prýðisnáungi“.
- Prýðisgripur** (n, kk) Fyrirtaks gripur/-áhalð /-nautpeningur. „Þessi hrútur er alveg prýðisgripur“.
- Prýðisveður** (n, hk) Fínviðri; gott veður; blíðviðri. „Hér hefur verið prýðisveður í allan dag“.
- Puðvinna** (n, kvk) Strit; erfðisvinna. „Ég hef það alveg ágætt, en *skrokkskömm*in er orðin lítlfjörleg til puðvinnu eða langhlaupa“.
- Pumpustokkur / Pumpustöng / Pumpubulla** (n, kk/kvk) Hlutar dælu; svonefndrar *stokkpumpu* sem algeng var í bátum. Sjá þar.
- Punghlaðinn** (l) Drekkhlaðinn; mikið hlaðinn. „...þegar þeir komu að landi með punghlaðinn bát...“ (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Pungsvitna** (s) Svitna mjög mikið; verða rennsveittur. „Mér pungsvitnaði við að hamast svona í sólinni“.
- Punthandklæði** (n, hk) Dúkur; oftast útsaumaður, sem húsmæður hengdu gjarnan á vegg í eldhúsi; oft undir hillu með skrautmunum. „Svo var mikið saumað í punthandklæði oftast með kontorsting...“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms). Sumsstaðar tíðkaðist orðmyndin „puntuhandklæði“.
- Purpa** (n, kvk) Tægja; tuska; tjása. „Hér eru einhverjar purpur af fugli; skyldi kattarfjandinn nú hafa náð í maríuerluna í garðinum“?

Pússa (s) A. Slægja steinbit. „Næst kom til kasta *pussarans*, sem oft var hálfdrættingur, en verk hans var fólgið í að hreinsa allar innýflaleifar, munnamaga, lifraaragnir að framan en garnarendann að aftan og kera burt gotraufina, en í henni var oft skel og sandur sem tók bitið úr flatningshnífnum og óhreinkaði fiskinn. Var þetta kallað að *pússa* eða grúnsa“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV) (sjá *pússari* og *steinbitur*). B. Vinna óhönduglega/slæga. „Það dugir ekki að pússa þessu bara einhvervegin saman; þú verður að vanda þig“!

Pússari (n, kk) Sá sem slægir steinbit (sjá *pússa* og *steinbitur*).

Pússverk (n, hk) Illa unnið verk; ómyndar frágangur. „Þetta er ljóta pússverkið“.

Putalingur (n, kk) Gæluorð um smástrák. „Komdu hérna putalingur; það þarf að þurrka á þér nebbann“.

Puttaferðalangur / Puttalingur (n, kk) Sá sem ferðast „á puttanum“; þ.e. gangandi en með því að sníkja sér far með bílum. Gefur hann þá merki með því að veifa fingri á sína stefnu. „Það getur verið stórvarasamt að taka þessa puttalinga upp í bílinn“.

Púðurfýla / Púðurlykt / Púðurreykur / Púðursvæla (n, kvk/kk) Reykur/lykt af púðri/byssuskoti. „Púðurfýlan sat eins og ský í Byrginu og jók á veiðigleðina“.

Púðursnjór (n, kk) Mjög fingerður og léttur snjór; laus á jörðu og rokgjarn. „Það verður augalaus bylur þegar hann hreyfir þessum púðursnjó“. Oft stytt í *púður*.

Púl / Púlsvinna / Púlverk (n, hk/kvk) Erfiðisvinna; puð. „Það var púl að draga (línuna)“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurveri). „Maður svitnar mikið við svona púlverk í sólarbreykskjúnni“.

Púrra (s) Leggja varir að húð og blása, svo myndast prr-hljóð; stundum notað til að ærslast í börnum. „Viltu að ég þurri þig aftur í hálsakotið stubbur“? Annarsstaðar var notað um þetta orðið „purra“, skv orðabókum, en „purra upp“ merkir þar að hressa við. Um það notuðu Kollvíkingar orðtakið „porra upp“.

Pútugrey / Pútuskarn (n, hk) Gæluorð um hænu. „Óskaplega er hún orðin rytjuleg, pútugreyið“.

Pútuhópur / Pútuskari (n, kk) Hópur af hænsnum/púddum. „Er nú ekki allur herjans pútuskarinn kominn í moldarbað í rófubeðinu“?!

Rabarbaragarður (n, kk) Garður/reitur þar sem ræktaður er rabarbari. „Kýrnar eru uppi við rabarbaragarð“.

Rabarbari / Rabarbarablaðka / Rabarbarahnaus / Rabarbaraleggur Rabarbari (tröllasúra; Rheum rhabarbarum) og hlutar hans. Rabarbaragarður var við hvern bæ. Rabarbarinn var einkum nýttur í sultugerð, en einnig í grauta, kökur o.fl; og etinn nýr. Mikið er af oxalsýru í rabarbara sem gerir hann súran, og því sækja skepnur ekki í hann. Vestra tíðkaðist að tala um rabarbarahnaus en ekki rabarbararót eins og heyrir annarsstaðar. „Gott er að stinga rabarbararótina í sundur þegar hún eldist, og bera vel á af skít til að halda góðum vexti“.

Raddmikill / Raddsterkur (l) Með hljómmikla rödd. „Hann var raddmikill og mátti vel greina tautið í honum í land í logninu, þegar fiskur tapaðist við borðið“.

Radísubeð (n, kvk) Beð í matjurtagarði, þar sem radísur/hreðkur eru ræktaðar.

Rafhítun / Rafkynding / Rafmagnskynding / Rafmagnshitun (n, kvk) Rafkynding húsa varð fyrst möguleg í Kollsvík með tilkomu dísilrafstöðva laust fyrir 1970. Fram að þeim tíma höfðu íbúðarhús um nokkurra áratuga skeið verið kynt með olíueldavélum; en þar áður með viðar- og kolaofnum. Með rafmagnskyndingu komu önnur þægindi, s.s. rennandi heitt vatn úr krana og baðker.

Rafmagnskapall / Rafleiðsla / Rafmafnsleiðsla / Rafmagnssnúra / Rafmagnsvír (n, kk/kvk) Vír/leiðari sem oftast er einangraður, til flutnings á rafmagni. „Ég setti *ísóleringaband* á skemmdina í rafmagnssnúrunni“.

Rageitarháttur (n, kk) Heigulsháttur; aumingjadómur; bleyðuskapur. „Ég kalla það bölvaðan rageitarhátt ef hann þorir ekki að mæta mér og standa fyrir máli sínu“!

Rakettubúnt / Rakettupakki (n, kk) Búnt/pakki af rakettum. Gjarnan var keypt búnt af litlum rakettum fyrir hvert barnmargt heimili, og fáeinar stórar. Um tíma voru rakettur seldar á vegum Sláturfélagsins Örylgs.

Rakstrarfólk / Rakstrarmaður / Rakstrarkona (n, hk/kk/kvk) Fólk sem vinnur við rakstur túna. „Nú þyrfti ég að fá með mér öfluga rakstarmenn til að raka slæður á eftir vélinni“.

Rakstrarlag (n, hk) Aðferð við að að raka heyi með hrífu. „Þetta er ómögulegt rakstrarlag; að skilja eftir mikinn hluta af heyinu; það mætti halda að þið hefðuð aldrei snert á hrífu fyrr“!

Rakstursáhöld / Raktau (n, hk, fto/ hk) Rakvél, *rakbursti*, *rakbolli*, *rakspegill* og önnur áhöld sem maður notar þegar hann rakar sig.

Ramba á / Ramma á (orðtak) Finna; rekast á. „Einhvervegin rambaði ég á rétta leið í þokunni“.

Rambúkki (n, kk) A. Sterkur planki/battingur sem hafður er innaná jötum og milligerðum í hrústáti, til að hlífa viðkvæmari fjölum við eilífu stangi og hnibbi hrútanna; að þeir „smíði ekki allt í sundur“. B. Algengari

merking: Þungt tré sem til forna var notað í bardögum til að brjótast inn í virki óvina. C. Tré framúr stefni stríðsskipis, neðan sjólinu, til að laska óvinaskip sem siglt er á.

Rammkatólska (n, kvk) Mikil púpíska/kapólsk trú. „Á hólnum hafa staðið hús a.m.k. frá rammkatólsku“.

Rammsúr (l) Mjög súr; *gallsúr*. „Ég helli þessari mjólk niður; hún er orðin rammsúr“.

Rangsinna (l) Á villigötum; með rangar skoðanir; ruglaður. „Að flestu leyti kann ég ágætlega við þennan náunga, en mér finnst hann dálítið rangsinna í byggðamálunum“

Rangstæður (l) Er á röngum stað þegar verið er að smala fé eða standa fyrir því. „Þetta gat ekki farið öðruvísi fyrst karlþjóninn var rangstæður“! Notað í annarri merkingu í einhverjum boltaleikjum.

Rapporta / Rapportera (s) Gefa skýrslu; segja frá; gera grein fyrir. „É þarf sko ekkert að rapporta það fyrir neinum hvernig þetta vildi til; þetta bara fór svona, og *ekkert meira með það*“!

Rassast í / Rassakastast í (orðtök) Vesenast í; vinna með látum; hefja verk að óþörfu/ þannig að skaði hljótist af. „Við förum ekkert að rassast í þessu án þess að ráðgast við hann áður“. „Farðu nú og kallaðu á hundinn; hann er að rassakastast í fénu“.

Rassast með (orðtak) *Bramboltast/braudhófast/vesenast* með; fara með í óleyfi. „Voruð þið eitthvað að rassast með eldspýturnar strákar“?

Rassblautur (l) Blautur á rassinum eftir að setjast í bleytu, t.d. á blautan mosa. „Maður varð rassblautur eftir aðsetuna þarna í ganginum“.

Rassborulegur / Rassgatslegur (l) Þröngur fyrir það sem um er rætt. „Skelfing finnst mér þessi bill vera rassborulegur þegar eitthvað þarf að flytja“. „Rúmið fer nú að verða dálítið rassborulegt þegar strákurinn stækkar meira“. „Óskapslega eru þessir nýju uppþvottaburstar rassgatslegir; þetta er bölvæð rusl“!

Rassbögusmiður/ Rassbögumeistari (n, kk) Sá sem kemst iðulega illa að orði eða *klæmist* á orðum. „Skelfingar rassbögusmiður geturðu nú verið; hér á bæ segir þú ekki „mér langar“ heldur „mig langar““.

Rassbögustagl (n, hk) Talað/ritað mál með miklum málvillum; bull. „Ég hef sjaldan lesið annað eins rassbögustagl! Svona málleysur skrifa engir aðrir en hálærðir menn eða algerir tossar“!

Rassgatslegt (l) Umhendis/erfitt að nota/ *koma fyrir sig*; þröngt; lítið. „Mér finnst þessir háu bollar eitthvað svo valtir og rassgatslegir“.

Rassskellandi (l) *Blaðskellandi*; í miklum flaustri. „Þarna kemur einhver rassskellandi yfir víkina“.

Rasstorta (n, kvk) Afturendi; *gumpur*; rass; *rumpur*; *torta*. „Settistu á rasstortuna ofan í skítahlassið krakkakjáni?! Vintu þér strax úr buxunum svo ég geti þrifið þær“.

Rastarstrengur (n, kk) Mjótt svæði í annesjaröst; bogamyndað fyrir annesið og útfra því; þar sem *straumgöndull* veldur meiri straumhraða. Oft sýnilegt á yfirborði vegna meiri brotsjóa; einkum þegar fellur undir vind. Rastarstrengur sést stundum í Blakknesröst; í norðurfalli undir norðanátt og nokkrum sjó.

Rataháttur (n, kk) Aulagangur; glópska. „Ferlegur rataháttur er þetta í þér; að gleyma að loka fjárhúsunum“!

Rataskaft (n, hk) Kjánaleg mistök; aulaháttur; axarskaft. „Þetta var ljóta rataskaftið hjá mér“!

Rauðabergslag (n, hk) Rauðleitt millilag í stafla gosbergs; sjá *rauðaberg*. Hreinasta rauðabergslagið í grennd við Kollsvík er líklega í Pallanáum, norðantil á Bekk undir Hryggjunum.

Rauðagrjót (n, hk) Rautt millilag í blágrýtisklettum; glerjuð gosaska. „Rauðagil er allbrött skriða, og nokkuð í henni af rauðagrjóti...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Rauðamýrarforæði (n, hk) *Rauðamýrarseil*; mýrardrag með hættulegum rauðamýrardýjum. „Mýrin frá Engi inn að Byttulæk heitir Fagramýri; rauðamýrarforæði, en mikið gras“ (ÍÍ; Örn.skrá Saurbæjar).

Rauðamýrarlitur (n, kk) Rauðleitur litur. Oftast notað um lit á ljósleitu fé sem hafði greinilega sokkið að meira eða minna leyti í rauðamýri. „Þessi hefur greinilega *farið ofaní*; með rauðamýrarlit upp á bak“.

Rauðamýrarseil (n, kvk) Mýrardrag með *rauðamýri*. „... á milli hólmanna eru rotnar rauðamýrarseylar...“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Rauðmagafllís (n, kvk) Sneið af reyktum rauðmaga. Reyktur rauðmagi er yfirleitt notaður sem álegg á brauð á síðari tímum, eða eintómur sem sælgæti. Fyrrum var hann þverskorinn, og skar hver maður hrygg úr á sínum disk, en í seinni tíð er hann gjarnan skorinn af hrygg í sneiðar/flísar áður en borið er á borð. „Gefðu mér nú rauðmagafllís“.

Rauðmagahnútur (n, kk) Hnútur/flækja í neti, tilkominn vegna þess að rauðmagi hefur ánetjast, stungið sér oft í gegnum netið og flækt það. Rauðmagahnútar verða því oftari í grásleppunetum en rauðmaganetum, og getur orðið tafsamt að greiða þá ef um lítinn og fjörugan rauðmaga hefur verið að ræða.

Rauðmagakippa / Rauðmagaspyrða (n, kvk) Spyrða/kippa af rauðmaga, oftast 4 spyrtir saman, en stundum 5 eða 6. Var reynt að velja þá saman eftir stærð, þannig að ekki hallaðist á þegar spyrðan var hengt á rá.

Rauðmagakvikindi / Rauðmagastýri (n, hk) Gæluorð um rauðmaga. „Nennirðu að skera til þessi rauðmagastýri og koma þeim í salt“?

Rauðmagalagnir / Rauðmagamið (n, kvk/hk, fto) Netalagnir/mið í þaragarði, oftast á grunnsævi nærri landi. Ekki er alltaf jafn góð veiði af rauðmaga og grásleppu þó kjörsvæði séu þau sömu. Góðar rauðmagalagnir eru á Bótinni í Kollsvík. Einnig inn með Hænuvíkurhlíðum; við Bænjótu, Láturdal og Helma.

Rauðmagastrengur (n, kk) Nokkur rauðmaganet bundin saman enda í enda í streng/tengsli. Í hverjum streng eru oft 3-5 rauðmaganet. Einnig er stakt rauðmaganet oft haft í enda grásleppustrengs.

Rauðsendingur (n, kk) A. Íbúi í Rauðasandshreppi. Í raun réttir nefnist það fólk „Rauðasandshreppsþúar“, en til hægðarauka (og sumum til þirringa) er oft notað þetta heiti um íbúa þessa vestasta samfélags Evrópu. B. Heiti íbúa á Rauðasandi, sem er byggðahluti í Rauðasandshreppi. Samfélaginu í Rauðasandshreppi er skipt upp í svæði, og hefur svo verið eins langt aftur og menn vita gerst. Þessi svæði lúta öðrum lögmálum en hinir stjórnskipulegu hreppar og hinar trúarlegu sóknir. Hér ræður einkum landfræðileg skipting; lega hálsa og núpa og hagkvæmni fjármölnunar og annars samstarfs. Svæðin eru þessi (stuttheiti innan sviga, en þau voru gjarnan notuð): 1. Rauðisandur (Sandur), frá Stálfjalli að Bjargi. Til Sandsins töldust jaðarbæirnir Skor, Naustabrekka og Keflavík, þó stundum væru áhöld um þann síðastnefnda. Greiðari gangur er milli Melaness, Móbergs, Kirkjuhvamms, Saurbæjar, Stekkadals, Grafar, Stakka, Króks og Lambavatns. 2. Útvíkum (Víkum), frá Látrabjargi að Blakki. Víkurnar eru skýrt landfræðilega afmarkaðar og í byggð eru þrjár; Látravík, Breiðavík og Kollsvík. Fjölbýlt var löngum í hverri vík. T.d. voru á Látrum Heimabær, Húsabær, Miðbær og fleiri; tvíbýlt löngum í Breiðavík. Í Kollsvík eru Lágínúpur og Kollsvík, auk smærri býla um lengri og skemmti tíma. Í öllum Útvíkum voru mikil útver, og fylgdi þeim mikil byggð á fyrri tíð. Hin fjórða af Útvíkum er Seljavík sem er óbyggð. 3. Bæir er fábýlasta svæðið; frá Blakk að Gjögryhrynu. Til þeirra teljst byggð í Hænuvík og Sellátraness. 4. Örlygshöfn (Höfn) er svæðið frá Gjögryhrynu að Hafnarmúla. Þar er blómleg samliggjandi byggð, líkt og á Sandinum; helstu bæir Tunga, Geitagil og Hnjótur. 5. Innfjörður (Fjörður) nær yfir svæðið frá Hafnarmúla að Altarisbergi. Jarðir eru þar nokkrar en aðskildar; Kvígindisdalur, Sauðlauksdalur, Hvalsker, Skápadalur, Vesturbotn, Hlaðseyri og Raknadalur. 6. Eyrar er samfélagshutinn frá Altarisbergi að hreppaskilum í Tálknatá. Eina byggðin þar er á hinum samliggjandi jörðum Geirseyri og Vatneyri, en þar er reyndar þéttbýlið mest í hinum forna Rauðasandshreppi. Þar hefur risið upp kaupþún sem nafn dregur af firðinum í daglegu tali, með nokkurhundruð íbúa byggð og all fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Eyrar urðu stjórnskipulega sjálfstætt sveitarfélag frá Rauðasandshreppi árið 1907; Patrekshrepp, en 1994 voru hrepparnir aftur sameinaðir í sveitarfélagið Vesturbyggð, ásamt Barðaströnd og Bíldudal (sem þá var sameinaður Ketildalahreppi). Orðið Rauðsendingur merkir í máli heimamanna það að búa á Rauðasandi eftir þessari skiptingu, en í máli margra annarra það að búa í hinum forna Rauðasandshreppi.

Rauðskjömbótt (l) Með rauða flekki/rauðar skellur. „Hún Píla er öll rauðskjömbótt að neðanverðu; hún hýtur að hafa farið ofaní dý“. „Ári er þakið orði rauðskjömbótt; maður þyrfti að fara að mála það aftur“.

Rausnarbragur (n, kk) Höfðingsskapur; gjafmildi; sýnilegur vilji til að veita vel. „Þarna skorti ekki veisluföngin; þar var rausnarbragur á öllu“.

Ráðleysisfát / Ráðleysisflaustur (n, hk) Fát/flaustur sem kemur á menn sem ekki eru búnir að átta sig á aðstæðum og grípa til skipulegra úrræða, þegar atvik verða. „Þetta var í einhverju ráðleysisflaustri gert“.

Ráðleysisgauf / Ráðleysishik (n, hk) Hik/aðgerðarleysi manna sem skortir ákveðni/áræði.

Ráðleysisrugl (n, hk) Algert ráðleysi; mikið fyrirhyggjuleysi. „Svona háttalag er auðvitað ráðleysisrugl og ekkert annað“!

Ráfugangur / Ráfuháttur (n, kk) Aulaskapur; gleymaska; afglöp. „Ég skil ekki svona ráfugang“! „Endemis ráfuháttur er þetta; að gleyma söknum í landi“.

Rándýr / Ránfiskur / Ránfugl / Ránhveli (n, hk/kk) Dýr ofarlega í fæðukeðjunni sem drepa lifandi bráð sér til matar; einnig tamin dýr sem upprunalega voru þess eðlis. „Mínkfjandinn er vafalítið skæðasta rándýr sem nú lifir hér á landi, en háhyrningurinn er stórvirkasta ránhvelið hér við land“.

Refaskotbyrgi (n, hk) *Tófuhús*; hús þar sem legið var fyrir tófu með niðurburði. Orðið tófuhús var oft notað um þessi litlu hús, en áður mun einnig hafa tíðkast refaskotbyrgi, sem er líklega bundið við svæðið. „Þá er eftir að geta um refaskotbyrgi sem vitað er um a. m. k. sjó í Kollsvíkinni. Þar sem ég veit ekki til að þau séu annarsstaðar skráð þá held ég að ég megi til að bæta því hér við. Eitt byrgið er hér úti á Strengbergsbrúninni, alveg fram á blábrún svo tófan komst ekki framhjá nema fyrir ofan byrgið. Byrgin voru ekki meira en tæpur metri á lengd að innan máli, smá bálkur í endanum til að sitja á og rétt rými fyrir einn mann. Hlaðnir smá veggir og tyrft yfir. Dyr voru rétt hæfilegar til að skotmaður gæti skriðið um. Gjarnan var reynt að gera holu

niður í brúnina, svo þetta yrði sem lægst og bæri minna á því. Svo var niðurburðurinn; dauð kind eða slíkt, hafður í hæfilegu skotfæri og grjót sett yfir svo rebbi rífi þetta ekki allt í sig þegar enginn var í byrginu. Þetta byrgi átti Ólafur Ásbjörnsson afafróðir minn, sem bjó á Láganúpi um síðustu aldamót og sagt var að hann hefði verið vanur að leggja sig í rökkrinu og sofna og ef hann dreymdi tófu fór hann út í byrgið og náði þá venjulega tófunni. Annað byrgi var niðri við sjó, á svokölluðum Hreggnesa. Það munu Grundamenn hafa notað. Útbúnaður var sá sami á þessum byrgjum var eins og byggt fram á blábrún.

Svo var eitt byrgi á Kollsvíkurnúpnum og eitt á Sanddalsbrúnum rétt við Vallagjána. Eitt ævafornt er á brúninni við Katrínarstekk og annað frammi á brún við Þúfustekk. Enn eitt er á Melsendaklettunum fyrir norðan Kollsvíkurveið“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms). Þessi byrgi eru nokkru fleiri en að framan greinir. Eitt er t.d. undir Grenjalág og annað í Sandslágarkjafnum (VÖ).

Refaverðlaun (n, hk, fto) Þóknun frá hreppssjóði fyrir veiði á tófu/ref. Til að fá verðlaunin þurfti að framvísa skotti til oddvita hreppsins. „Refaverðlaun, Ásgeir Erlendsson, kr 60“ (Sjóðbók Rauðasandshrepps 1949).

Regindjúp / Regindýpi (n, hk) Mjög djúpt; mikið dýpi; *firnadýpi*. „Grásleppan skriður af regindýpi til að hrygna uppi í hleinum“.

Reginauli / Reginfífl (n, hk) Erkihálfviti; alger bjálfi. „Mikill andskotans reginauli getur *manngrýlan* verið“!

Reginfjarlægð (n, kvk) Órafjarlægð; langt í burtu. „Féð var í reginfjarlægð frá sem að þú sást það“.

Reginkjafteði / Reginvitleysa (n, kvk) Firra; alger vitleysa/heimska. „Þvílíkt reginkjafteði er þetta nú“! „Vertu nú ekki að segja svona reginvitleysu“.

Regnfatnaður (n, kk) Hlífar; sjógalli; rengalli. „Ég var í sæmilegum regnfatnaði og blotnaði ekki“.

Regulator (n, kk) Gangstillir. „Það þyrfti að stilla regulatorinn á ljósavélinni“.

Reiðingast (orðtak) Riðlast á; *traðjóna*; *brauðhófast*. „Verið nú ekki að reiðingast uppi á heyvagninum strákar; þið getið dottið niður“! „Við náðum að reiðingast yfir skaflinn, með því að setja í lágadrifið“.

Reikna naugið (orðtak) Reikna nákvæmlega. „Ég hef ekki reiknað þetta svo *naugið*; mér liggur ekkert á að fá þetta greitt alveg strax“. Sjá *naugið*.

Reikningshaus / Reikningsheili (n, kk) Maður sem er sérlega fær í reikningi/hugarreikningi. „Ívar í Kirkjuhvammi var annálaður reikningsheili, og gat lagt tölur hraðar saman á blaði en annar gæti með reiknivél“.

Reisa Góu (orðtak) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar). Óviss merking; orðtakið finnst ekki annarsstaðar. Kann að merkja velgjörðir eða ávarp í upphafi Góu: „Orðið góiblót bendir til mannfagnaðar seint að vetri að fornu en um hann er ekkert vitað með vissu. Ljóst er hinsvegar af heimildum frá öndverðri 18. öld að fagna átti góu á svipaðan hátt og þorra. Skyldi það fremur vera húsbóndinn en húsfreyjan, en víst er að dagurinn var eignaður húsfreyjunni. Heimildir geta um tilhald í mat á síðari öldum en hvergi nærri á við þorrakomu. Kann þar að ráða nokkru að gókoma lendar oftast á langaföstu. Nokkuð var ort um Góu á 17. - 19. öld sem dóttur þorra eða eiginkonu. Var þá stundum reynt í gamni að skjalla hana til að bæta veður. Svipaður kann að vera tilgangur þess gókumusiðar á norðaustanverðu landinu að góu var færður rauður ullarlagður (Árni Björnsson; Saga daganna; 2000).

Reisa kuttasköft (orðtak) Um róðrarlag: „Ef menn dattu aftur fyrir sig með fætur upp í loftið var það að reisa kuttasköft“ (Frásögn GG; Láganúpi; LK; Ísl. sjávarhættir III).

Reitlagður (l) Um fiskireit; þakinn steinum sem þurrkað er á. „Ekki var róið næsta dag, þótt veður leyfði. Þá þurfti ýmislegt að lagfæra útivið: rífa upp ruðninga, því þeir voru lengst af reitlagðir úr fremur smáu grjóti og með allskonar steinum umhverfis“ (KJK; Kollsvíkurveið).

Reka nefið í nóttina Fara út áður en hátaðer, líklega oftast til að gá til veðurs en e.t.v. einnig til að míga/ganga örna sinna. Orðtakið virðist ekki hafa verið notað utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Rekasveit (n, kvk) Hreppur þar sem reki á fjörur er mikill. „Rauðisandur yfir allt er rekasveit“ (ÁM/PV Jarðabók).

Rekjuspá (n, kvk) Veðurspá fyrir rigningu; *vætuspá*; *rigningspá*. „Hann er með eindregna rekjuspá fyrir næstu daga“.

Rekjutið (n, kvk) Regntími; tímabil rigninga/vætu; *úrkomusamt*. „Það gengur hægt með heyskapinn í þessari rekjutið“.

Rekleysa (n, kvk) Fallaskipti á sjó; snúningur; stans; bát eða annað rekur ekki. „Það fiskast þá aldrei herna ef ekki er í svona stillu og rekleysu“.

Rekuspík (n, kvk) Gæluheiti á reku/skóflu. „Hvar skyldi ég hafa lagt frá mér rekuspíkina“?

- Rekustunguþykktur** (l) Þykkt sem svarar lengd *rekublaðs/skóflublaðs; stunguþykkt; rekustunga*. „Í Svarðarholtinu er nærri rekustunguþykkt lurkalag; líklega myndað fyrir um 8 þúsund árum“.
- Rennbleyta** (s) Bleyta mjög mikið/alveg. „Passaðu að rennbleyta ekki bókina í þessari rigningu“.
- Renniskítur** (n, kk) Bráð *skita; veggsþýtingur; steinsmuga*. „Ég hef verið með einhverja helvítis *lumbru* í vömbinni í allan dag, og óstöðvandi renniskít“. Finnst ekki í orðabókum, fremur en ýmis önnur lýsandi heiti Víknamanna í meltingarfræðum.
- Remmufýla / Remmupest** (n, kvk) Mjög sterk/þræsin/römm lykt. „Mér finnst einhver remmufýla af þessu“ „Fereg remmupest er af þessu eplaediki þínu“!
- Reykfullur / Reykfylltur** (l) Fullur af reyk/reykjarkófi. „Ég þreifaði mig um reykfylltan kofann og fann krofið á nagla á innstu sperrunni“.
- Reykjavíkurvald** (n, hk) Heiti sem fólk í þessum hluta dreifbýlis (og e.t.v. víðar) hafði yfir stjórnarstofnanir staðsettar á Reykjavíkursvæðinu, sem oft á tíðum hafa mun minni skilning á þörfum og aðstæðum úti á landi en hag þéttbýsisins í næsta nágrenni. „Það koma þá *bommerturnar* frá Reykjavíkurvaldinu enn“!
- Revrilmur** (n, kk) Ilmur af reyr/ryrgresi. „Neðanúr Breiðshlíðinni barst reyrilmurinn upp á brúnina“.
- Réttarhleðsla / Réttarsmíði / Réttarviðgerð** (n, kvk) Upphleðsla/smíði/viðgerð á fjárrétt. „Guðbjartur á Láganúpi réðist í réttarhleðslu á Brunnsbrekku, með aðstoð sona sinna. Staðsetningin var ekki tilviljun, en þar um rennur fé sem rekið er af Breiðavíkurrétt, auk þess sem þarna var gnægð hleðslugrjóts við hendina“ „Ætli við þurfum ekki að fara út í Breiðavík í réttarviðgerðir fyrir gangnadag“.
- Réttartimbur** (n, kvk) Timbur sem nota skal við smíði/viðgerð fjárréttar. „Eitthvað sýndist þeim hafa rýrnað réttartimbrið sem var geymt í Bjarngötudalnum“.
- Réttlætisvottur** (n, kk) Ögn/vottur af réttlæti. „Það er ekki nokkur réttlætisvottur í því að fornum réttindum sjávarjarða sé stolið með einfaldri lagasetningu Reykjavíkurveldistins, og það fært í hendur kvótakónganna“!
- Réttókominn / Rétt ókominn** (l/orðtak) Um það bil að koma; nærri kominn. „Við vorum réttókomnir að baujunni þegar drapst á vélinni“. „Hann er ekki inni, en hann hlýtur að vera rétt ókominn í kaffið“.
- Réttskikkanlega** (ao) Með sæmilegu móti; til fyrirmyndar. „Vertu ekki með þennan *óskapagang* krakki! Hagaðu þér nú einusinni réttskikkanlega!“
- Réttso** (ao) Með naumindum; tæplega. „Ég náði réttso með fingrunum uppá brúnina“. „Hellirinn er réttso manngengur“. „Það var réttso að hann komst fyrir fjárhópinn“.
- Réttssæmilegt / Réttskikkanlegt Réttskaplegt** (l) Í góðu lagi/horfi. „Þetta er nú alveg réttssæmilegur afli yfir þennan tíma“. „Veðrið hefur verið svona réttskikkanlegt síðustu dagana“.
- Ribbaldalið / Ribbaldalyður** (n, kk) *Rumpulyður; ruslarylyður*; hópur óvandaðra manna. „Það þyrfti að taka þetta ribbaldalið og koma því fyrir á einhverri góðri urð eða syllu í Bjarginu. Þá væri þetta ekki að vinna neitt ógagn á meðan“!
- Ribbaldast** (s) Hafa í frammi ribbaldahátt/yfirgang/ofstopa. „Enn ætlar þessi ríkisstjórn að ribbaldast gegn viðkvæmstu byggðarlögunum á landsbyggðinni“!
- Rigningardemba / Rigningargusa / Rigningarskvetta** (n, kvk) Mikil rigning í stuttan tíma. „hann gerði á okkur bölvada rigningardemba á leiðinni, svo maður er hérumbil innur“!
- Rigningardropar** (n, kk, fto) Vottur af rigningu. „Það eru komnir einhverjir rigningardropar“.
- Rigningaraustur / Rigningarflóð** (n, hk) *Steypiregn; úrhellisrigning; ofansóp*. „Þvílíkur rigningaraustur er þetta“! „Er hann ekkert að stytta upp rigningarflóðið“?
- Rigningarflóð** (n, hk) *Steypiregn; úrhellisrigning*. „Er hann ekkert að stytta upp rigningarflóðið“?
- Rigningarfýla** (n, kvk) Fíngerð rigning eða grófur suddi; oft með vindi. „Það var strekkingsvindur á suðaustan og rigningarfýla“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Rigningarlegur** (l) Lítur út fyrir rigningu. „Hann er orðinn töluvert rigningarlegur; best að drífa saman heyið“.
- Rigningarskulfa** (n, kvk) *Demba; hellirigning; rigningarslagur*; ekki þó endilega í miklu hvasvði. „Hann setti yfir okkur slíka rigningarskulfa að við urðum *blautir inn að beini*“.
- Rigningarslag / Rigningarslagur** (n, hk/kk) Mjög mikil rigning. „Skömmu síðar gerði rigningarslag“ (ÁE; Ljós við Látraröst). Ekki vorum við komin langt þegar á okkur skall suðaustanbylur sem smám saman breyttist í rigningarslag“ (ÖG; Harðsótt heimferð í jólafri). Fyrir kom að notað var orðið „rigningarslagur“ í nefnifalli, og þá í karlkyni, en oftast var það í hvorugkyni. „Skyldi þessi rigningarslaur engan endi taka“?
- Rigningarslítingur** (n, kk) Lítil rigning; *dropar; slitur úr sér*. „Hann er enn með þennan rigningarslíting“.

- Rigningarspá** (n, kvk) Veðurspá um rigningu/óþurrk. „Er hann enn með þessa rigningarspá fyrir morgundaginn“?
- Rigningarúði** (n, kk) *Súld; úði; suddi*. „Mér finnst þetta vera dálítill rigningarúði, en ekki bara náttfall“.
- Rigs** (n, hk) *Sláttur; halasláttur; stærilæti*. „Ég þoli illa svona *kauda* sem viðhafa mont og rigs og eru of finir til að heilsa almúganum“.
- Riklingslúða** (n, kvk) Lúða sem vegur milli 7 og 10 kg. (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: Guðbj.Guðbjartsson).
- Riktuglega** (ao) Réttilega; með rétti. „Hann hélt því riktuglega fram að þetta væri ekkert að marka“.
- Rimafullur** (l) Um ílát; fullt upp að brún; fleytifullt. „Það þýðir ekki að hella glasið svona rimafullt“!
- Rimbaldast** (s) Róa/velta á; vega salt.. „Það þyrfti að binda bátinn betur frammar í kerruna svo hann sé ekki að rimbaldast svona mikið“.
- Rimpa** (n, kvk) Rytjuleg kind; *rytja; gæksni*. „Furðulegt hvað þessi gamla rimpa getur gert væn lömb“.
- Rindilshreiður** (n, hk) Hreiður músarrindils. „Aðeins einusinni höfum við fundið rindilshreiður“ (EG; Fuglalíf í Kollsvík).
- Rippa** (n, kvk) Rytjuleg/léleg kind. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Rissungi** (n, kk) Rituungi; ungfugl ritu. „Við skutum nokkra máva og einn rissunga“. Líklega hefur í orðinu verið tvöfalt u, en það heyrðist ekki í framburði. Notað frameftir 20.öldinni.
- Ritupláss** (n, hk) Varpsvæði ritu. „Í Hreggshöfða mátti fyrrum fá eitthvað af fugli, en síðar vað þar aðallega ritupláss og fýlunga“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Rígsalta** (s) Salta mjög mikið; *kakksalta*. „Það má ekki rígsalta bútunginn svona; hann verður bra glerharður“!
- Rígsaltaður** (l) Mjög mikið saltaður. „Grauturinn má hvorki vera saltlaus né rígsaltaður“.
- Rígsöltun** (n, kvk) Mikil söltun. „Ketið þolir ekki neina rígsöltun“.
- Rímnabáلكur** (n, kk) Samstæða af rímum sama efnis. „Hann þuldi heilu rímnabáلكana án nokkurs hiks“.
- Rjómadolla** (n, kvk) Ílát undir rjóma. Ekki verður fullyrt hvernig það hefur verið að gerð. Rjómi var fyrrum skilinn þannig úr mjólk að hún var látin standa í trogi og síðan var undanrenninni hellt undan meðan haldið var við rjómann í troginu. Rjómadollan hefur eflaust verið ílát sem rjóminn var geymdur í þar til hann var strokkaður, og þá líklega skilið sig enn betur. „Það voru smíðaðar hagldir, rokkar, askar, trog, rjómadollur og strokkar. Jón Torfason afi minn smíðaði flest ílát í sveitinni. Það voru glettilega fallegir askarnir útskornir. Hornspænis voru hér ekki algengir“ (H.M; Í Kollsv.veri; þáttur konunnar; Þorl.Bj; Sunnudbl.Þjóðv.1964).
- Roðavíka** (n, kvk) Síðasta vika vertíðar í Kollsvíkurveri var nefnd því nafni, en þá var vermatan (nestið) farið að ganga mjög til þurrðar. „Eflaust er það gamalt í málinu að síðasta vika vertíðarinnar var nefnd roðavíka, og bendir það til þess að þá hafi að mestu verið lifað á fiskmeti, bæði soðnu og þurrkuðu“ (KJK; Kollsvíkurver). „Roðavíka var gamalt nafn á síðustu vertíðarvikunni“. (Frásögn ÓETH.) (LK; Ísl. sjávarhættir II).
- Roðbeita / Roðkrækja** (s) Aðferð við beitningu, með fiskmeti sem agn; krækja önglinum í gegnum fisk og roð. Þannig helst beitan mjög vel á önglinum, en hinsvegar er erfiðara að afbeita heldur en ef einungis er stungið í gegnum fiskholdið. Því vildu t.d. bandarískir lúðuveiðimenn hér við land ekki roðkrækja fiskbeitu á lúðulóðir sínar. „Handfæraönglar voru oftast roðbeittir; en þá var oddinum stungið í gegnum fisk og roð; beitan hékk á bugnum. Þá var sagt að öngullinn væri oddbeittur. Þegar oddinum var stungið milli himnu og roðs svo beitan gekk niður í bug hét það að bugbeita“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).
- Roðskera** (s) Skera of djúpt í aðgerð á fiski, þannig að gangi í gegnum roðið. Þótti argur klaufaskapur.
- Roðskóa leið** (orðtak) Mælieining um lengd fjallvega: Í Útvíkum var talað um að fjallvegur væri *svo og svo* margra roðskóa leið; eftir því hve ætla þyrfti mörg þör af roðskóm til göngunnar. Roðskór entust stutt í því grýtta landslagi sem þarna er. „Víkna fjall, frá Kollvík að Naustabrekku, var talið 7 roðskóa leið“.
- Roðskóasaumur** (n, kk) Gerð *roðskóa* (sjá þar).
- Rokgræða** (s) Græða/þéna/hagnast mjög mikið. „Hann rokgræddi á þessum viðskiptum“.
- Rokkadrejari** (n, kk) Rennismiður sem smíðar m.a. rokka; stundar **rokkasmíði** (n, kvk) „Í föðurætt minni hafa verið góðir smíðir, mann fram af manni. T.d. var það Árni Jónsson, bróðir Gunnlaug langafa míns; í skráðum heimildum nefndur Árni rokkadrejari. Þessi rokkasmíði hélt nokkuð í ættinni, þú manst eftir öllum rokkunum sem hann pabbi smíðaði, ég held ég megi segja af snilld“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Roknabasl** (n, hk) Mikil vandræði; miklir erfiðleikar; *heljarbasl*. „Ég lenti í roknabasli með að halda fjárhópnum á götunni; margar vildu *taka sig útúr* og leita á brekkuna“.
- Roknabrim** (n, hk) Mjög mikið brim; *rótarbrim*. „Það er hætt við að netin verði féleg eftir svona roknabrim“!

Roknadrellir (n, kk) Mjög stór hlutur/skepna. „Nokkrir steinar hafa hrunið á veginn; einn þeirra roknadrellir sem verður ekki hreyfður svo glatt“.

Roknakjafstur (n, kk) Stólpakjafstur; mikð/hávært rifrildi. „Hann reif bara þennan roknakjafst og sagðist aldrei hafa fengið vasahnífinn lánaðan“!

Rokrassgat (n, hk) Vinda-/næðingssamur staður; rokrass. „Alltaf er þarna sama rokrassgatið“.

Rokseljast (s) Seljast mjög vel; vera seldur í miklu magni. „Eitthvað ætti það að hækka hrognaverðið ef hrognin eru farin að rokseljast útum allan heim“.

Rollufans (n, kk) Fjánhópur; oftast notað um hóp af túnrollum. „Það er þá kominn inná þessi árans rollufans, eina ferðina enn; það verður nú að fara að finna leiðina þeirra“!

Rollubykkja / Rollufjandi / Rollufrenja / Rollustirra (n, kk) Niðrandi heiti á kind; stundum hreytt um áleitna og pirrandi *túnrollu*. „É'ld þessi rollubykkja tóri nú ekki lengur en framá haustið“! „Skyldi rollufjandinn enn láta sig vaða undir girðinguna? Þá er að ná henni áður en hún hefur færi á að *líta niður*“.

Rolluhópur (n, kk) Fjánhópur; kindahópur. „Þarna stefnir einhver rolluhópur upp í hlíðina“.

Rollukvikindi (n, hk) Niðrandi, en þó stundum vorkennandi heiti á kind. „Ég nennti ekki að eltast við þessi fáu rollukvikindi lengst frammí í Dalbrekkum; mérsýndist þær ekki vera í mikilli ull“.

„Það er engin aðferð að *hundbeita* rollukvikindin“!

Rollulaust (l) Fjárlost; án kinda. „Ég held að þetta svæði megi núna teljast rollulaust, en hinsvegar gætu einhverjar leynst enn í lautum hér utar“.

Rolluskjáta / Rolluskita (n, kvk) Gæluheiti á kind. „Það eru einhverjar rolluskjátur ókomnar heim úr fjörunni“.

„Ætli maður leyfi henni ekki að hafa lambið þett árið, rolluskitunni“.

Rolluslátur (n, hk) Slátur af fullorðnu (fè). „Ég held ég sé ekkert að taka heim þetta rolluslátur núna“.

Rollustagur (n, kk) Fjöldi af kindum/rollum; fjánhópur. „Það er þá rollustagurinn á túninu; rétt einn ganginn“!

Rontulegur (l) Laslegur; slappur; illa fyrirkallaður. „Maður er enn fjái rontulegur eftir pestina“.

Rot (n, hk) A. Fúi; skemmd; það að rotna/ hafa rotnað. „Hér er komið dálítið rot í skinnið“. B. Meðvitundarleysi eftir högg eða annað. „Ég lá þarna um tíma í roti“. C. Mjög djúpur svefn; grjótsvefn.

Rotpyttur (n, kk) *Fúafen; drulludý*. „Sortaugu voru rotpyttir, en horfnir nú þar sem búið er að grafa. Þar var sorta tekin til litunar og þótti góð“ (ÍÍ; Örn.skrá Grafar).

Rotsvefn (n, kk) Grjótsvefn; mjög djúpur svefn. „Maður er hálf ruglaður eftir svona rotsvefn“.

Róa í samlagi (orðtak) Þegar menn fara í róður á einum báti, sem allajafna tilheyra öðrum áhöfnum. „Ekki var það alltaf á sama tíma sem flutt var í verið. Réði því oft veðráttu og fiskigengd á grunnmið. Oftast voru heimamenn búnir að róa nokkra róðra í samlögum, því hásetar þeirra voru oft lengra að“ (KJK; Kollsvíkurver).

Róa rimbu (orðtak) (líkl.) Barni skemmt með því að það situr og rær á hnjám fullorðins; gjarnan kveðin vísa í takt við þetta. (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar).

Rófusneið (n, kvk) Sneið af rófu. „Við sátum um það, þegar rófurnar voru skornar í pottinn, að fá sína rófusneiðina hvor“.

Rólegheitaakstur / Rólegheitakevrsla / Rólegheitadól / Rólegheitadund / Rólegheitaganga / Rólegheitarekstur / Rólegheitareölt / Rólegheitastarf / Rólegheitavinna / Rólegheitavítl (n, kk/kvk/hk) Það sem gert er með hæglaði/ í rólegheitum; hægar athafnir. „Þetta er klukkutíma rólegheitaakstur“. „Það er hætt við að þetta verði rólegheitarekstur; með þessa gömlu svona haltrandi“. „Það er ágætt að fást við svona rólegheitavítl í sólskininu, þegar ekki er annað aðkallandi fyrir stafni“.

Rólegheitamanneskja / Rólyndismanneskja / Rólegheitaskepna / Rólegheitamaður / Rólegheitafólk (n, kvk/kk/hk) Um þann/þá/þau/það sem taka lífinu með ró; æsa sig ekki yfir smámunum. „Það vill þér til happs að ég er rólegheitamanneskja, annars fengirðu á baukinn“! „Það þarf ekkert að binda þessa rólegheitaskepnu“.

Róluband / Rólufjöl (n, kvk) Hlutir *rólu*. Rólubnd er fest í láréttan bita í báða enda, með miklum slaka milli enda. Rólufjölín er með götum eða kríum í endum sem bandið liggur um, og er setið á henni, neðst í lykkju rólunnar.

Rólyndisskepna (n, kvk) Dýr sem er geðgott/rólegt/stíllt að eðlisfari. „Nótt var mesta rólyndisskepna, en nokkuð fastheldin á daglegar venjur, s.s. básinn sinn og réttan mjaltatíma“.

Rómanakjafstæði / Rómanarusl (n, hk) Ástarsögur; ástarsöguvella; álit þeirra sem ekki kunna að meta, á ástarsögum; og stundum „fagurbókmenntum“ yfirleitt. „Ég nenni ekki að lesa þetta rómanakjafstæði“!

Rósemdarskepna (n, kvk) Spök/róleg kind/kýr/hundur. „Þetta er rósemdarskepna, enda orðin ýmsu vön“.

- Rósemdarsvipur** (n, kk) Svipur sem lýsir hugarró/stillingu/hæglæti. „Hann leit á skemmdirnar með rósemdarsvip og bað okkur að fara varlegar næst“.
- Rótarbrim / Rótarsjór** (n, hk) Mjög mikið brim. „Hann hefur *rifið upp* rótarbrim yfir nóttina. Það held ég að strengirnir okkar verði *félegir* í næstu vitjun“.
- Rótarfiskirí** (n, kk/hk) Mikill afli; mokveiði. „Þarna lentum við í rótarfiskirí um tíma“.
- Rótarháttur** (n, kk) *Lúalegir* hrekkir; *kvikindisskapur*; *meinsemi*. „Mér finnst það bölvaður rótarháttur þegar þingmenn svíkja á fyrsta þingdegi þau mál sem þeir lofuðu kjósendum sínum“.
- Rótarhrekki** (n, kk) slæmur/illyrmislegur hrekki; óþverrabragð. „Mér finnst fulllangt gengið með svona rótarhrekki; þið hefðuð getað drepið manngreyið“!
- Rótarhugsunarháttur** (n, kk) Hugsun/fyrirætlun sem miðar að grófum hrekki; slæmar fyrirætlanir. „Svona rótarhugsunarháttur getur nú ekki talist vel kristilegur, en kannski er þetta honum jafngott eins og hann hefur komið fram“.
- Rótarkjaftháttur / Rótarkjafthæði** (n, kk/hk) Ruddalegt tal; haugalygi; mikil *áfærni*/ósannindi. „Ég hef nú sjaldan heyrt slíkan rótarkjafthátt“! „Þetta er ekkert annað en rótarkjafthæði“!
- Rótarkjafur / Stólpakjafur** (n, kk) Digurbarkalegt málfæri; rífrildi; gróf/hörð andsvör. „Það getur verið rótarkjafur á honum, þó þetta sé dagfarsprúður náungi“.
- Rórtartíasa** (n, kvk) Rórtarlýja; grasrót. Einkum notað um rætur í rofabörðum, sem orðnar eru berar og visnaðar.
- Róthitið/Rótnagað** (s) Um beitarland; mjög mikið bitið; bitið niður í rót. „Þegar mest var af fé í Kollsvík var orðið töluvert álag á úthögum og sumir blettir voru róthitnir“.
- Rubbi** (n, kk) Brimót; mikill sjór. „Það nýtist illa bitfjaran meðan hann heldur þessum rubba“.
- Ruddabrim / Ruddasjór** (n, kk) Mikið brim; stólpabrim. „Fjaran er alveg þvegin eftir þetta ruddabrim“.
- „Hann hefur rífið upp ruddasjó af vestan í nótt“.
- Ruddatíð** (n, kvk) Ótíð; rýsjótt/slæmt tíðarfar. „Það hefur verið hálfgerð ruddatíð yfir allan stauminn“.
- Ruðamikill** (l) Stór; þungur; digur; erfiður í *manureringum*. „Skápurinn er alltof ruðamikill. Hann kemst ekki í þetta skot“.
- „Þessar árar eru heldur ruðamiklar fyrir svona lítinn bát“.
- Orðið finnst ekki í orðabókum en var og er mjög tamt Kollsvíkingum. „Ruði“ merkti það sem var mikið um sig, t.d. svert rekatré (Orðab. Menn.sj.). Það orð er alveg horfið úr notkun en þetta afleidda orð lifir í máli Kollsvíkinga.
- Ruðja** (s) *Ryðja* (sjá þar). Sögnin að ryðja var iðulega framborin með u-hljóði af Kollsvíkingum og öðrum á svæðinu. Þetta var áberandi meðal eldra fólks á síðari hluta 20. aldar, en heyrir ekki lengur; enda ekki við það stutt af hinu einsleita skólakerfi. „Þeir þurftu að ruðja bátinn áður en lent var“. „Vegagerðin ætlar víst ekki að ruðja þessa útkjálkavegi oftar þennan veturinn“.
- Ruðja/ryðja úr sér** (orðtak) A. Halda (skammar-)ræðu; *segja sína meiningu*; skamma; segja frá í ákafa. „Þegar hann var búinn að ruðja úr sér með miklu offorsi sagði ég með hægð að hann gæti sjálfum sér um kennt“. B. Rigna; kasta éli. „Mér sýnist að hann sé byrjaður að ruðja úr sér þarna norðurundir“.
- Ruðningsholt** (n, hk) Holt úr jökulruðningi/jökulseti/jökulurð frá ísöld; holt sem augljóslega hefur verið rutt upp. „Brunnsbrekkan er ruðningsholt eða jadarurð frá lokum *ístímans*“.
- Ruslaralega** (ao) Óskipulega; í óreiðu/ belg og biðu; ruglingslega. „Afsakaðu hvað þetta er ruslaralega borið á borð hjá mér, en ég átti ekki von á gestum á þessum tíma“.
- Russa / Russuungi** (n, kvk) Annað heiti á fuglinum ritu, en einnig heyrðist notað ryssa. Skegla var hinsvegar lítt sem ekki notað um fuglinn vestra. „Kringum Kórana var mest rita, sem reyndar var í daglegu tali jafnan nefnd russa (russuungi). (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Rúgmél / Rúgmjöl** (n, hk) Mél úr rúgi/rúgkorni. Rúgur (*Secale cereale*) er korntegund af grasaætt. Úr korni hennar er malað rúgmél. Rúgur vex villtur í Litlu Asíu, en hefur verið ræktaður frá nýsteinöld. Hérlandis er rúgur sumsstaðar ræktaður í dag, einkum til beitar.
- Rúlluhlunnur** (n, kk) *Keflahlunnur*; *hlunnur* með járnrollum; líklega uppfinning Ásgeirs Erlendssonar á Hvallátrum: „Fljótlega eftir að við Þórður fengum Kóp (1932) fór ég að velta því fyrir mér á hvern hátt mætti gera setninginn úr sjá og á auðveldari. Upp úr þessum vangaveltum smíðaði ég keflahlunna úr járn og eik. Þeir reyndust vel, en entust ekki eins og skyldi, svo ég fór þá með teikningu af þeim í vélsmíðjuna Héðin, og brugðust þeir vel við og smíðuðu sterka og vandaða hlunna sem leystu *hvalbeinshlunnana* alveg af hólmi. Ekki varð ég þó ríkur af þessari uppfinningu, enda ekki til þess gert“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Rúsínubúð** (n, kvk) Krambúð; búð sem selur jafnt matvöru sem annan þurftavarning, líkt og var t.d. með kaupfélagsverslanir til sveita. Heitið er líklega fundið upp af Guðm. Jóni Hákonarsyni á Hnjóti, sem lengi

var kaupfélagsstjóri á Gjögnum, og mun vera glensheiti á þeirri búð. Hefur síðan verið notað af mörgum öðrum um aðrar slíkar verslanir. „Þetta fékk ég í rúsinubúðinni“.

Rússarúgbrauð (n, hk) Frambyggður rússajeppi af gerðinni UAZ.

Ryðblettur / Ryðgat / Ryðhaugur / Ryðhrúga (n, kk/hk/kvk) Skemmdir vegna ryðs/oxunar í járn.

Rykarða / Rykögn (n, kvk) Lítil arða/ögn af ryki. „Það má ekki vera rykarða á myndavélarlinsunni“.

Rykdust (n, hk) Smávegis af fingerðu ryki. „Hvaða rykdust er þetta á borðinu“?

Rykkóf / Rykmökkur / Rykský (n, hk/kk) Mikið ryk í lofti. „Rykkófið í hlíðinni var lengi að setjast, þar sem steinninn hafði komið niður“.

Rýrðarafli / Rýrðareftirtækja / Rýrðarfengur (n, kk/kvk) Lítil afli; lítil/léleg eftirtækja. „Það var hálfgerður rýrðarafli í þessum róðri“. „Þetta kalla ég rýrðareftirtækju úr Stígsferð“!

Rýrðarkvikindi / Rýrðarskepna / Rýrðarskjáta (n, kvk) Horuð/léleg kind/stelpa; grásleppulæpa. „Þetta er óttaleg rýrðarskepna; varla *setjandi* á annan vetur“. „Grásleppurnar núna eru óttaleg rýrðarkvikindi; orðnar svona *legnar*“.

Rýrðarpláss (n, hk) *Eggfles* þar sem lítið er að hafa. „Efstu gangarnir eru orðnir rýrðarpláss síðustu árin“

Rýrðarspretta (n, kvk) Léleg grasspretta; lítil gróska. „Það er rýrðarspretta á sandtúnnum í þessum þurrkum“.

Rýringslegur (l) Horaður; *pervisinn*; smávaxinn. „Skelfing er þetta rýringslegt hrútkvikindi“. „Aflinn var óttalega rýringslegur þennan daginn, enda hvergi *flóarfriður* í þessum *vindstramba*“.

Rýringur Rýringsrey / Rýringskvikindi (n, kk) Væskill; oftast horaður og pasturslítill maður, en gat einnig átt við lítið lamb að hausti. „Ég held að þessi rýringur eigi ekkert eftir nema að horfalla“.

Ræfilsskarn / Ræfilsevmingi / Ræfilsgrey / Ræfilskvikindi / Ræfilsskinn / Ræfilstuska / Ræfilstötur. Gæluorð sem notuð voru í vorkunnartóni um/við skepnur, t.d. oft um hunda, og sumt af því stundum í gælutón við barn. „Komdu hérna ræfilsskarnið og sæktu þetta bein í kjaftinn á þér“. „Ertu eitthvað stúrinn, ræfilstötrið mitt“.

Ræfla (n, kvk) Annað nafn á *rafabelti* af lúðu (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: STh Kvígindisdal).

Ræfrildi (n, hk) Drusla; leifar af nytjahlut/fatnaði/bók; ræfill. „Það var lengi til ræfrildi af þessari bók, en ég hef ekki séð það neitt nýslega“. „Þessi vinnustakkur er lítið annað en ræfrildi sem þyrfti að henda“.

Rækallansári (n, kk) Áhersluorð/milt blótsyrði; *skrambansári*; *býsna*. „Hann er farinn að rigna rækallans ári drjúgt“. „Rækallansárin hefur nú orðið af gleraugunum mínum“.

Ræksnastampur (n, kk) Ílát sem ræksnum/slógi er kastað í þegar slægt er í landi eða þegar slægt er á sjó og ræksni tekin í land til nýtingar.

Röggsemdarpiltur / Röggsemdarstúlka / Röggsemdarmaður / Röggsemdarkona / Röggsemdarhjón / Röggsemdarfólk (n, k/kvk/hk) Um fólk sem sýnir röggsemi/drift/dugnað/framtak.

Rökkurhugsanir (n, kvk, fto) Það sem hugsað er í myrkri/rökkri. Umræðuefni á fundi Umf Vestra 1918.

Rölthraði (n, kk) Hægur hraði. „Þetta er klukkustundar gangur á rölthraða; minna ef rösklega er gengið“.

Röskleikamaður / Rösklegheitamaður / Rösklegheitamanneskja / Rösklegheitanáungi / Rösklegheitapiltur (n, kk/kvk) Um duglegt/röst/framkvæmdasamt/drifandi fólk. „Svona rösklegheitamanneskja er ekki á hverju *strái*“! „Þetta virðist vera rösklegheitanáungi, þó lítið sé tilreynt ennþá“.

Sagarfar / Sagarsár (n, hk) „EKKI er nú sagarfarið vel beint hjá honum“. „Rektu fleyginn betur í sagarsárið“.

Sagargeifla / Sagargegg / Sagarspik (n, hk/kvk) Gæluheiti á sög. „Þessi sagargeifla er orðin nánast tannlaus“. „Ári er það orðið tannlaust þetta sagargegg; þetta verður strax ónýtt af að saga upp sviðahausa“. „Hvar lét ég nú frá mér sagarspikina“?

Salatbeði (n, hk) Beði í garði þar sem ræktað er salat til matar. „Eru nú hænsnin komin í salatbeðið“!

Saltfiskkassi (n, kk) Kassi sem fiskur er saltaður í. „Farið var í matfiskróðra á hverju sumri þegar tími og sjóveður leyfði. Fiskurinn var fluttur og saltaður í sterkan saltfiskkassa í mókofanum og síðar í verkfærahúsinu. Hann var síðan tekinn upp í smáskömmtum og útvatnaður í brunnhúsinu fyrir neyslu“.

Saltketsát (n, hk) Neysla á saltketi. „Nú væri tilbreyting að fá fisk eftir þetta hangikets- og saltketsát“.

Saltketsfat (n, hk) Fat/diskur sem saltket er fært uppá til að bera það á borð.

Saltketspottur (n, kk) Pottur sem saltket er soðið í. „Er farið að sjóða í saltfiskpottinum“?

Saltketskvartel / Saltketsstampur / Saltketstunna (n, hk/kk/kvk) Ílát sem saltket var gjarnan verkað og geymt í. „Mundu eftir að setja hlemminn á saltketskvartelið svo músin komist ekki í það“.

- Saltketsverkun** (n, kvk) Verkun saltkets; brytjun og söltun saltkets. „Ívar í Kirkjuhvammi var annálaður snillingur í saltketsverkun“.
- Saltreka / Saltskófla** (n, kvk) Reka/skófla til að moka salti. „Kastaðu einni saltreku aukalega yfir stæðuna“.
- Salttæpur** (l) Tæpur með salt; á lítið af salti. „Við vorum búnir að róa alla vikuna, og því orðnir mjög salttæpir,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Samankýldur / Samanþjappaður** (l) Pressaður/þvingaður saman. „Ég sat samankýldur uppi í hlöðurjáfrinu og tróð heyinu útundir þakið eins og framast var unnt“.
- Samanspyrtir / Samanvaldir / Samvaldir** (l) Í skammarsetningum; samskonar. „Þeir eru samanspyrtir hálfvitar; báðir tveir“! „Þarna er þessum stjórnvöldum rétt lýst; þetta eru samvaldir aular; allir hreint með tölu, og hananú“! Vísar til þess að velja þarf jafnþunga fiska saman í spyrdi.
- Samhyrndur** (l) Hornalag hrúts, þar sem hornin virðast samgróin við hornrótina.
- Samkomulagsatriði** (n, hk) Samningsþáttur; það sem semja má um. „Tilhögun greiðslunnar er bara samkomulagsatriði, eftir að verðið er árkeðið“.
- Samplokkað** (l) Um það þegar fiður af mismunandi grófleika er plokkað saman af fugli, án sorteringar. „Samplokkað fiður var einnig notað í yfirsængur, en þær voru þungar...“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Samráðslaust / Samráðslitið** (l) Án samráðs/ráðfæringa. „Þetta gerði hann samráðslaust og án minnar vitundar“!
- Samráðsleysi** (n, hk) Skortur á samráði/samtali/ráðfæringum. „Svona samráðsleysi kann ég ekki við“!
- Samræðuhæfur** (l) Hæfur til viðtals; unnt að tala við; hægt að *mæla máli*. „Hann var svo niðursokkinn í bókina að hann var ekki samræðuhæfur“.
- Samsetningur** (n, kk) A. Þegar skipsáhafnir setja saman upp (eða niður) bát í lendingu. Þessi notkun orðsins virðist ekki hafa verið þekkt utan svæðisins. „Oft var það að skipshafnir höfðu samsetning á bátum...“ (KJK; Kollsvíkurveg). „Bátana varð að setja upp á hverju kvöldi, og var þá venjulega hafður samsetningur af tveim til þremur bátum“ (KÓ; Róið úr Kollsvíkurvegi). B. Algengari merking; það sem sett/skeytt er saman; skáldskapur. „Þetta er ljóti samsetningurinn. Ég hef sjaldan séð annan eins leirburð“!
- Sandbugur / Sandbót** (n, kk) Bót/vík/vik með skeljasandsfjöru og skeljasandi í botni. „Innan við Sandoddann er sandbugur sem heitir Skersbugur“ (VP; Örn.skrá Hvalskers).
- Sandmósta** (n, kvk) *Seltumósta*; útfellingar úr foksandi á föstum hlutum. „Eftir sandstorm í Kollsvík var oftast töluverð sandmósta vindmegin á öllum hlutum. Hún samanstendur af salti og leir og er mjög tærandi“.
- Sandmúli** (n, kk) Múli/núpur sem gengur fram milli víkna eða dala og er áberandi orpinn skeljasandi. „Kvígindisdalur á land eftir gömlum máldögum inn að grjótgardi þeim sem er inn á sandmúlanum milli Kvígindisdals og Sauðlauksdals“ (Landamerkjabók Barðastrandasýslu).
- Sandoddi** (n, kk) Endi á sandrifi við sjó. „Vaðalseyrar nefndust sandoddarnir beggja megin Vaðalsins, enaðn við Rifið“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur). Sandoddi er einnig örnefi utan við Skersbug.
- Sandsbúi / Sandsmaður** (n, kk) Íbúi á Rauðasandi í Rauðasandshreppi. Sja *Rauðsendingur*. Oftast er notað heitið Rauðsendingur yfir þessa íbúa, en hinum tveimur heitunum brá þó stundum fyrir í máli heimamanna. „Sandsmenn hafa ekki komið frá sér mjólk í nokkra daga vegna ófærðar“.
- Sandsfé** (n, hk) Sauðfé á/af Rauðasandi. „Sjaldgæft er að Sandsfé heimtist á Breiðavíkurrétt“.
- Sannleikskorn / Sannleiksvottur** (n, kk) Örlítil sannleikur; flugufotur. „Einhvað sannleikskorn kann að vera í sögunni um Simbadýrið“.
- Satansári / Satansekisen** (u) Upphrópun/áhersluorð af meðalstyrkleika. „Satansári var að tapa sökkunni“!
- Sauðnálarkritja** (n, kvk) Mjög lágvaxinn gróður; vottur að grænni jörð að vori en vart orðin sauðbeit. „Það fer að grænka úr þessu; strax komin einhver sauðnálarkritja“.
- Sauðslegur / Sauðskur** (l) Hjárænulegur; gleyminn; annarshugar. „Skelfing geturðu verið sauðslegur að gleyma þessu“! „Hann man kannski eftir þessu, þó sauðskur sé“.
- Saumaklúbbskvöld** (n, hk) Samkoma saumaklúbbsins Stauts; haldin á heimili einhverrar félagskonu. Annarsstaðar munu slík kvöld hafa heitið saumakvöld, en í Rauðasandshreppi fönndruðu félagskonur við sitthvað annað en sauma; s.s. þrjónaskap, hekl, bastvinnu og annað. En einnig var mikið talað.
- Sá blái** (orðtak) Gæluheiti á steinbít. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heim; ÞJ).

Sámleitur / Sámlitaður / Sámslegur (l) Dökkleitur; skáldaður í framan af skít; *sámur*. „Óttalega ertu sámslegur í framan eftir þessa moldarvinnu. Farðu nú og þvoðu framanúr þér drengur“.

Sápuhristari / Sápugrind / Sápusigti (n, kk) Eldhúsahald; hylki úr vírgrind og með skafti úr sverum vír. Notað til að sápa vatn til uppþvotta á t.d. borðbúnaði. Hylkið var með smelltu loki úr samskonar vírgrind. Inn í það voru settir afgangar af handsápu/stangarsápu; síðan var hylkinu difið ofaní uppþvottavatnið og það hrist *duglega* þangaðtil nægilega sterk blanda var fengin. Notað á Láganúpi framundir það að uppþvottalögur fór að fást í verslunum; fyrir 1970.

Sáraáburður / Sárakrem / Sárasalvi / Sárasmýsl (n, kk/hk) Sótthreinsandi áburður sem borinn er í sár.

Sárafátækt (n, kvk) Mjög kröpp kjör; á horriminni; mikil neyð. „Hallærin komu verst niður á þeim sem kröppust höfðu kjörin og bjuggu við sárafátækt fyrir. Sjávarbyggðirnar höfðu meiri bjargarvon“.

Sáranauðsyn (n, kvk) Brýn nauðsyn/neyð. „Það er nú engin sáranauðsyn að komast á þennan fund í dag, en þið verðið að moka til að ég komi mjólkinni inn yfir á morgun“.

Sárindalítið (l) Án mikilla sárinda/ mikillar eftirsjár/sútar. „Það væri mér sárindalítið þó sá bjálfi næði ekki kjöri“!

Sef / Sefgresi (n, hk) Gróft, loðið gras; oftast að uppistöðu *þráðsef*. „Þarna á nefinu var loðið sefgresi...“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg). Sjá *þráðsef*.

Seglgarnshnota / Seglgarnsrjúpa / Seglgarnsrúlla (n, kvk) Rúlla af seglgarni. Oft undin þannig upp að hólrum var innaní, og þráðurinn dreginn útum gat úr því. „Veistu eitthvað um seglgarnsrúlluna“?

Seiglingsátak / Seiglingsbarátta / Seiglingserfiði / Seiglingspuð / Seiglingsvinna (n, hk/kvk) Töluvert átak/erfiði/puð; allmikil barátta/vinna. „Það var seiglingsátak hjá okkur þremur að hífa hann síðasta spólinn“. „Það er seiglingspuð að ná bjórnum af þessum Hlíðalömbum“.

Seiglingsdrjúgur (l) Alldrjúgur; allmikill; nokkuð mikill. „Við ættum nú að fara að hafa uppi; það er seiglingsdrjúg sigling í land“. „Alltaf er hann jafn seiglingsdrjúgur á *fótinn*, blessaður dalurinn“.

Seiglingskippur (n, kk) Nokkuð löng sigling. „Heldurðu að við höfum nóg bensín? Það er seiglingskippur niður á dýpri Skeggja“.

Seiglingsslatti (n, kk) Allnokkuð magn; dagóður slatti. „Þeir fengu seiglingsslatta í róðrinum“.

Seiglingsspotti / Seiglingsspödur (n, kk) Nokkuð drjúg vegalengd; alllangt. „Þetta er seiglingsspotti þarna inná brúnina“. „Fáðu þér nú vel að éta áðuren þú ferð; það er seiglingsspödur inn yfir heidina“.

Seigmilk (l) Um kýr; selur illa; erfitt/seinlegt að mjólka. „Nótt er sérvitur og seigmilk fyrir ókunnuga“.

Seinlæs (l) Sem les hægt; sem er ekki vel læs; *treglæs*. „Strákurinn er farinn að stauta sæmilega, miðað við aldur, þó hann sé dálítið seinlæs ennþá“.

Seinnismölun (n, kvk) Smölun/göngur/eftirleitir eftir fyrri smölun og réttir. „Ætli við þurfum ekki að fara í seinnismölun á Bjargið. Mig vantar enn þær sem ég vonaðist eftir af Geldingskorardalnum“.

Seisingarhnútur (n, kk) Sérstakur hnútur sem notaður var til að tengja tvo bjargvaði saman, enda í enda. „Sérstakur hnútur var hafður í þessu skyni; svokallaður seisingarhnútur. Voru þá endarnir báuðmegin við hnútinn benslaðir með mjóu snæri eða seglgarni við vaðinn“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sektarsvipur (n, kk) Svipur sem bendir til sakar/sektar; skömmustulegur svipur. „Tíkin tók við bitanum úr hendi hans með semingi, en leit síðan á mig með sektarsvip“.

Selskapsskepna (n, kvk) Dýr sem vill félagsskap/er mannelskt. „Eðarkollan sem afi hjó hálfdaða úr klaka niðri við sjó og móðir mín bjargaði frá vísu dauða taldi sig eftir það eina af heimilisfólkinu. Hún var mikil selskapsskepna og vildi helst vera þar sem annað fólk hélt sig, en kunni því illa að vera skilin ein eftir heima. Þá dýrkaði hún mjög klassíska tónlist, og kom sér vel fyrir framan við útvarpið ef slíkt var í boði“ (VÖ).

Seltumósta (n, kvk) *Sandmósta*; útfellingar úr foksandi á föstum hlutum. „Eftir sandstorm í Kollsvík var oftast töluverð seltumósta vindmegin á öllum hlutum. Hún samanstendur af salti og leir og er mjög tærandi“.

Seltustorka (n, kvk) Salt eða saltblanda sem situr eftir þegar saltvatn eða sjór þornar. „Mikið verður gott að komast í vatn og þvo af sér seltustorkuna eftir þessa ágjöf“!

Sementskústa / Sementskústur (s/ n, kk) Bera sementslög á húsvegg með hentugum bursta/kústi. Sementskústun getur verið góð vörn á steinsteypu, einkum ef hún er sjálf sementsrýr. Var því mikið notuð fyrir á árum meðan sement var sparað í steypu, og voru t.d. gömlu útihúsin á Láganúpi sementskústuð.

Semsagt / Sem sagt / Semsé / Sumsé (orðtak, uh) Hér um bil; nærri því; samasem. „Enn var það lágsjávað að báturinn tók sem sagt allur jafnt niðri, og dró það úr högginu“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík). „Saltið er sem sagt búið“. „Það er semsé ekkert eftir“. „Þú heldur sumsé að þetta geti gengið“.

- Setbað / Setbaðker** (n, hk) Stutt baðker, með stalli í öðrum enda; ætlað til að menn sitji á meðan þeir baðast. „Setbaðker var á seinni árum á klósettinu í gamla bænum á Láganúpi (rifinn eftir 1974). Ekki hefði verið unnt að hafa þar stærra bað vegna plássleysis í skúrbyggingunni. Fyrir þann tíma baðaði Láganúpsfólk sig um tíma í steypu baðkeri í verkfærahúsinu, en þar áður var notast við vaskafat og þvottapoka“.
- Setningsspil** (n, hk) Gangspil; spil sem notað er til setningar á bát. „Tvö setningsspil voru í Kollsvík frameftir 20.öld; eitt í Kollsvíkurvegi og annað ofanvið vörina í Láganúpslendingu“.
- Seymur** (n, kk) Saumur. Orðið er eingöngu notað núorðið í orðtakinu að *draga seyminn*, þ.e. segja eitthvað með áberandi langri áherslu á sérhljóða. Ekki fer á milli mála að það orðtak vísar til sauma; til þess að draga langan þráð í gegnum klæði. Með þeim rökum er þessa orðs getið sérstaklega hér.
- Sérgæðingsháttur** (n, kk) Sú tilhneyging að halda sig og sína betri/æðri/fullkonnari en aðra. „Þessi fjölskylda hefur komið sér fyrir í ráðandi stöðum samfélagsins af óverðskulduðum sérgæðingshátti“.
- Sérhver** (fn) Sérhver; sérhver. Nokkuð algeng framburðarmynd var áður fyrir. „Þetta getur sérhver maður séð“.
- Sérmunalega** (ao) *Sérdeilis*; sérstaklega; einstaklega; afar; mjög. „Mér fannst þetta sérmunalega *súrt í brotið*, og lét óánægju mína skýrt í ljósi“. „Þetta finnst mér sérmunalega fráleit aðgerð“!
- Sérmunalegur** (l) Sérstakur; einstakur; mjög mikill. „Þetta var alveg sérmunalegur klaufaskapur“! Oriðn „sérmunalega“ og „sérmunalegur“ voru nokkuð almennt notuð í máli Kollsvíkinga framundir þennan dag, en virðast ekki hafa þekkt annarsstaðar.
- Sérviskufugl / Sérviskugaur / Sérviskuhundur / Sérviskupúki** (n, kk) Sérvitringur; sá sem þykir helst til fylginn sér í skoðunum; mjög sjálfstæður í hugsun. „Þú færð þann sérviskufugl seint inn á þetta“. „Hann er óttalegur sérviskuhundur; það verður ekki af honum skafið“.
- Sérviskukjafaði / Sérviskurugl** (n, hk) Fullyrðing sem talin er byggð á sérvisku. „Þetta er nú bara eitthvað sérviskukjafaði, sem ekkert mark er á takandi“!
- Sétla** (s) Jafna; róa; friða. „Það verður að fara í að séttla þetta deilumál; það *biður sér ekki til bóta*“.
- Sétla málin** (orðtak) Jafna ágreining; lægja öldurnar; friða. „Hann reynir til að séttla málin milli bæjanna“.
- Sétlaður** (l) Um mál/ágreining; búið að sætta; komin niðurstaða í. „Við getum ekki slitið fundi fyrr en þessi álitamál hafa verið séttluð“.
- Sétla sig / Sétlast** (orðtak/s) Róast; færast friður/ró yfir. „Við látum féð vera í hólfinu meðan það er að séttla sig“. „Úr þessu spunnust töluverðar deilur sem voru lengi að séttlast“.
- Siglykkja** (n, kvk) Lykkja á enda sigvaðs, sem bundin er um sigmann þegar sigið er; *vaðarauga* (sjá þar).
- Sigmanshlutur** (n, kk) Þó sigari sé vanur og gættinn þá er hann í meiri áhættu en aðrir. Því fær hann aukahlut við skipti; sigmanshlut. Oftast er það heill hlutur, en þó misjafnt.
- Signingarhjallur** (n, kk) Hjallur sem einkum er notaður til að láta fisk síga. „Össur á Láganúpi reisti signingarhjall á brystinu utanvert við Kaldabrunn í kringum 1980“.
- Signingartíð** (n, hk/kvk) Veðurfar/tíðarfar sem hentar til að siginn fiskur verkist vel. „Það held ég að grásleppan fái góða signingartíð; hún verður klár eftir nokkra daga í viðbót í sveljandanum“.
- Sigt** (n, hk) Örlítið vatnsrennsli; sytra; vætl. „Í Harðatorfspytti er nú lítillsháttar sigt, en hefur líklega verið meiri lækur áður en Mýrarnar voru ræstar fram“. Orðið virðist ekki þekkjast annarsstaðar í þessari merkingu.
- Sigtóg / Sigvaður / Sigfesti** (n, kvk/kk) *Bjargtóg; bjargvaður; sigaband; sigafesti; festi; tóg; sigvaður; vaður; mannaðaður*. Ýmis heiti á festi þeirri sem notuð er til bjargsigs. Oftast var venja að tala um bjargtóg; bjargvað; sigtóg eða vað/sigvað. „Þar kom að bændur ákváðu, seinni hluta dags, að leggja upp að morgni, og varð þá uppi fótur og fit. Kvenfólkið tók til að útbúa nesti og taka til nauðsynjar. En karlmennirnir náðu í vaðina, sem geymdir voru á slám uppi undir rjáfri úti í hjalli. Hver bóndi áti nokkra vaði úr hæfilega gildum kaðli; mismunandi langa. Til síga voru ekki notaðir nema nýlegir og óskemmdir vaðir, en þeir sem voru farnir að slitna voru notaðir til að draga upp fugl þegar hann var tekinn (mannavaðir og fuglavaðir“ (MG; Látrabjarg).
- Sikringsnæla** (n, kvk) Öryggisnæla; *lásnæla*. Læst næla; notuð til að festa saman fataefni eða flíkur. Orðið er ekki í orðabókum en var almennasta heitið á þessum hlut í Kollsvík. „Réttu mér stóru sikringsnæluna“.
- Simbadýrið** (n, hk, sérnafn) Nafn á óvætti sem sagður er búa á Látraheiði og amaðist við ferðafólki áður fyrr. Kennt við Sigmund Hjálmarsson bónda á Hvalskerri sem lenti í átökum við það (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Sinfóniusarg** (l) Niðrandi heiti á klassískri tónlist. Tónlistarsmekkur fólks er mismunandi, og sigild tónlist hljómaði oft skelfilega í ófullkomnum útvörpum fyrri tíðar; jafnvel í þeirra eyrum sinna aðdáenda.
- Simfónn** (n, kk) Viðrekstur; fretur; *búklöft*. „Hver spilar svona listilega á simfónn hér í stofunni“?

Sinnhvorsvegur / Sinnhvorumegin (ao) Hvor sínu megin; sinn á hvora/hvorri hlið; báðumegin. Orðhlutana má skrifa hvern í sínu lagi, en hinsvegur er notkun og framburður oftast með því móti að um eitt orð sé að ræða. „Við förum sinnhvorsvegur við Stórafellið“. „Við tókum sinnhvorumegin á bátnum og mjökuðum honum upp“. Einnig haft í kvenkyni og hvorugkyni.

Sinubeðja / Sinudyngja / Sinuflóki / Sinuruddi / Sinusæng (n, kk) Samfelldur flóki af visnuðu grasi; mikið af sínu. „Túnin eru öll lögst í sinubeðju“. „Þetta er fljótt að verða ein sinusæng þegar ekki er slegið“.

Sinuruddi (n, kk) Fornslægja; hey sem inniheldur mikið af dauðri og næringarsnauðri sínu. „Við setjum þetta hey neðst í hlöðuna. Það er eitthvað í því af sinurudda“.

Sinustopp (n, hk) Sína sem notuð er sem stopp í eggjalát. Þurr ófúin sína er besta stopp sem hugsast getur, en stundum var ekki völ á henni, og þurfti jafnvel að nota *mosastopp*.

Sinutotti / Sinubrúskur / Sinutoppur (n, kk) Toppur/brúskur/vísk af sínu. „Sinubrúskar geta verið góðir og tryggir sem hald í klettum ef maður þekkir þá og grípur rétt í þá“. „Ef maður grípur vel niður í sinutottana og sparkar sér góð fótaför, þá má komast yfir þessa slefru með sæmilegu öryggi“.

Sirkla út (orðtak) Finna/reikna út; hnitmiða; áætla. „Ég held að ég sé búinn að sirkla út bestu leiðina til að komast í þetta fles“.

Sisona/ Sisvona / Rétt sisona (ao/orðtak) Svona; á þennan hátt; þannig. „Heilsan er sisona sæmileg, en ekki meira en það“. „Ég ætlaði, rétt sisvona, að hjálpa lambinu á fætur, en þá renndi móðirin í hnésbæturnar á mér“. Sjá einnig *tisona*; *tilsvona* og *til svona*.

Sitthvorumegin (ao) Hvor á sinni hlið; báðumegin. „Þá var tekið í það og plógurinn veginn inn yfir borðstokkinn. Síðan var tekið í tvö bönd er lágu sitthvorumegin úr plögnum niður í horn pokans“ (KJK; Kollsvíkurver).

Miðdagskaffi / Miðdegiskaffi / Síðdegiskaffi (n, hk) Kaffi sem drukkið er um miðjan dag, kl 15.30-16.00, oftast nefnt síðdegiskaffi. Venjulega kaffi, mjólk og fjölbreytt meðlæti af kökum og kaffibrauði.

Síargandi / Sírgargandi / Sígrenjandi / Síhljóðandi / Síæpandi / Síöskrandi (l) Einatt arngandi/gargandi/æpandi. „Krakkarnir hætta fljótlega að taka mark á foreldrum sem eru síargandi á þau“.

Síberjandi lóminn / Síkvartandi / Síkveinandi (orðtak/l) Sífellt að bera sig illa/ kvarta. „Í raun hafa þau það bara ágætt, þó þau séu síberjandi lóminn“.

Síbetlandi / Síbiðjandi / Sínuddandi / Sínöldrandi / Sísníkjandi (l) Sífellt að biðja/sníkja. „Ég kann ekki við að vera síbetlandi um að fá þetta lánað svo ég keypti mér það bara sjálfur“.

Síblaðrandi / Sígapandi / Sígasprandi / Síjaplandi / Síkjaftandi / Síklifandi / Símalandi / Sísuðandi / Síítalandi / Síþvaðrandi (l) Eilíft að blaðra/gaspra; klifa á; *samkjaftar ekki*. „Skelfing þoli ég illa þetta sígasprandi þak!“ „Hún er símalandi um þessa blessaða englabossa sína“. „Þú ert síblaðrandi um að þetta sé ekkert mál að komast upp á stallinn; sýndu nú hvað þú getur“!

Síblótandi / Síbölvasi / Síragnandi (l) Alltaf að blóta/bölva

Síboppandi / Síhóstandi / Síkjöltrandi (l) Sífellt hóstandi. „Ansi er þreytandi að vera svona síboppandi; það er eins og þessi kveffjandi ætli aldrei úr manni“!

Síborðandi / Síétandi / Sídrekkandi (l) Borðar mjög oft; alltaf að éta/drekka. „Ég fæa mér bara eitthvað seinna; maður getur ekki verið síétandi“.

Síðútlandi / Síðundandi / Sígaufandi (l) Sífellt að dunda við. „Hann er síðundandi við þessa bíldrúslu“.

Síemjandi / Síkvartandi (l) Hafa sífellt uppi *kvartanir/bölmóð*. „Maður er síkvartandi yfir vegunum, en þeir lagast lítið“.

Sífátandi / Sífiktandi (l) Sífellt að fikta/fáta í einhverju *til óþurftar*. „Vertu nú ekki sífátandi í stillingunum á útvarpinu; ég þarf að heyra veðrið á eftir“!

Sífretandi / Síprumpani / Sírekandi við (l/orðtak) Einatt að leysa vind/prumpa/ reka við. „Þetta er ókosturinn við rúgbrauðið; maður er sífretandi ef maður étur það í óhófi“!

Sígeispandi (l) Syfjaður; alltaf að geispa. „Það gengur ekki að rorra hér sígeispandi; best að hafa sig í bælið“.

Sígrátandi / Sígrenjandi / Sískælandi / Sívolandi / Sívælandi

Síhungraður / Sísaltinn / Sísvangur (l) Alltaf hungraður/svangur. „Heldur var naumt skammtað á bænum; við vorum síhungraðir meðan við vorum þarna í vinnu“.

Síkveðandi / Síraulandi / Sísyngjandi / Sítrallandi / Síönglandi (l) Sífellt að kveða/raula/syngja/tralla. „Ég man ekki eftir ömmu minni, Halldóru Kristjánsdóttur, öðruvísi en sísyngjandi. Hún kunni fírn af vísunum með“

lögum, og hafði góða söngródd. Sama var um dóttur hennar; Sigríði móður mína, þó hún gerði heldur minna af því“.

Síljúgandi / Síslúðrandi (l) Einatt að ljúga/bera út kjaftasögur. „Ég hlusta ekki á þetta síslúðrandi pakk“!

Sílogandi (l) Um ljósfæri/rafljós; alltaf kveikt. „Það er óþarfi að hafa sílogandi á útiljósinu“.

Símadama (n, kvk) Símastúlka; kona sem vinnur á skiptiborði á símsstöðeða hjá fyrirtæki. „Símadaman bað mig að bíða aðeins á línunni“.

Símafundur (n, kk) Fundur sem haldinn er í síma. Sveitasíminn gamli bauð uppá ýmsa möguleika; m.a. þann að hlera samtöl annarra. En einnig gátu notendur á sömu línu haldið fund; tveir, þrír eða fleiri.

Símalandi / Síblaðrandi (l) Sífellt talandi; *samkjaftar ekki*. „Hún er símalandi um þessa blessaða englabossa sína“. „Þú ert síblaðrandi um að það sé ekkert mál að komast upp klettinn; sýndu nú hvað þú getur“!

Símalaustr (l) *Dauður sími*; ekkert símasamband. „Það er þá símalaustr *eins og vant er*, eftir *skrugguveðrið*“.

Sípirraður / Síæstur (l) Mjög oft pirraður/æstur. „Maður er sípirraður yfir þessum bjálfum sem kunna ekki að leggja í rétta stefnu“! „Það *hefur ekkert uppá sig* að vera síæstur yfir þessu; það bætir lítið blóðþrýstinginn“.

Síplagaður / Síþjakaður / Síþjáður (l) Sífellt hrjáður/kvalinn; eilíft með verki/þjáningar. „Það er óskemmtilegt að vera síplagaður af tannverkjum“. „Það étur hvern mann að vera síþjakaður af áhyggjum“.

Sjálfbrynnari (n, kk) Brynningarskálar sem nú eru algengar; þar sem búfke skammtar sér sjálft vatnið, nefndust þessu nafni upphaflega í Rauðasandshreppi.

Sjálfstæðisár (n, hk) 1918; árið sem Ísland hlaut sjálfstæði. „Baldur var „heimtur úr helju“ aftur sjálfstæðisárið 8. des. 1918“ (VÖ; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Sjávarfallaverfill (n, kk) Vélbúnaður/hverfill til nýtingar á sjávarfallaorku. Fyrsti íslenski sjávarfallahverfillinn er fundinn upp af Kollsvíkingsi; höfundi þessarar samantektar. Sá hverfill var fyrsti íslenski hverfillinn til að hljóta einkaleyfi, og hlaut gullverðlaun International Inventors Awards árið 2011.

Sjávarfallavirkjun (n, kvk) Virkjun sem nýtir sjávarfallaorku. „Sú staðreynd að þetta er í fyrsta sinn sem þetta orð kemst í orðasafn, lýsir því e.t.v. best hve þróun orkutækni á Íslandi hefur hingað til verið illa sinnt. Gnægð sjávarfallaorku er að finna allt í kringum Ísland, en Íslendingum hefur ekki verið sýnt um að nýta hana fremur en síldina fyrrum. Kollsvíkingsar hafa nú komið fram með fyrstu tæknina til nýtingar á þessari gríðarmiklu orku sem í sjávarföllum býr. Með aðferðum Valorku á að vera unnt að virkja þessa orku án allra umhverfisáhrifa. Sjávarfallaorku er að finna víða við strendur heims. Sú staðreynd, ásamt vaxandi áherslum allra ríkja á endurnýjanlega orkuöflun, og að tækni Kollsvíkingsa er fremst á heimsvísu, þýðir að markaðsmöguleikarnir eru gríðarlegir. Hverflar Valorku hafa verið þróaðir í 5 mismunandi gerðum, auk þess sem unnið er að fyrstu blendingstækni öldu- og sjávarfallavirkjunar í heimi. Með sjóprófunum í Hornafirði í júlí 2013 hóf Valorka fyrstu prófanir sjávarorkutækni á Íslandi; tækni sem á eftir að verða uppistaða orkuframleiðslu komandi kynslóða, þar sem hefðbundnir orkukostir vatnsfalla- og jarðhitaorku verða fullnýttir á næstu áratugum með sömu þróun, sé nýleg rammaáætlun lögð til grundvallar“ (VÖ).

Sjávargos (n, hk) Nýyrði VÖ. E.t.v. væri réttara að nefna fyrirbærið „sjóargos“, samkvæmt þeim beygingarhætti sem alltaf var notaður í Kollsvík, en þessi fellur betur að því sem nú er almennast notað. „Sjávargos vera með þessum hætti: Lóðréttir strókar af sjó sem verða til við það að sjór þrýstist inn í lokaðan helli og uppúr gati á þaki hans. Sjávargos geta orðið á tveimur stöðum í Kollsvík vegna aðstæðna. Annar staðurinn er í Bekknum, norður undir Straumskeri undir Blakknum. Í miklum vestansjó og á flæði ganga öldur inn í sjávarhelli í Bekknum og spýtast upp um gat á þaki hans. Þau gos geta orðið tugir metra upp í loftið og sjást greinilega úr allri Víkinni. Hinn staðurinn er á hleinunum framundan Sandhelli í Hnífum utanverðum. Í henni er hellir með gati uppúr. Hleinin kemur uppúr á fjöru og í norðansjó geta orðið tilkomumikil gos uppúr gatinu. Orðið sjávarhellisgos er hér notað þar sem ekki hefur fundist annað hugtak yfir þetta náttúrufríbæri. Orðið var reyndar ekki notað í Kollsvík, heldur sagt sem svo; „Það er töluverður vestanrosi; sjór gegnur uppí miðjar hlíðar“, enda vissu heimamenn hvað við var átt. Kominn er tími til að þetta náttúrufríbæri fái viðeigandi og lýsandi heiti“ (VÖ). „Sumsstaðar breytast öldurnar í stórfengleg gos; marga tugi metra í loft upp, er falla inn í voga og skúta“ (KJK; Kollsvíkurver).

Sjávarorka (n, kvk) Orka sjávar, en helstu birtingarmyndir hennar eru *sjávarfallaorka*; *ölduorka*, *dreygniorka* og *hitastígulsorka*. Orðið er ekki að finna í orðabókum, enda hefur lítið verið hugað að nýtingu þessarar orku hérlandis þar til safnari þessa orðasjóðs stofnaði verkefni á því sviði árið 2009; Valorku ehf. Þau verkefni snúa að þróun *sjávarfallahverfla*, *ölduvirkjun* og rannsóknir á sjávarorku við Ísland. VÖ hefur leitt að því rök að sjávarorka sé í heild langstærsta orkulind landsins og hvatt stjórnvöld til að hefja rannsóknir og undirbúning nýtingar á henni. Sjá *sjávarorkurannsóknir*.

Sjávarorkunýting (n, kvk) Vinnsla og hagnýting sjávarorku í formi haföldu og strauma. VÖ hefur manna fyrstur unnið að þróun íslenskrar tækni til nýtingar á sjávarorku. Hugmyndavinna byrjaði á unga aldri en verkleg þróun sjávarfallahverfla hófst 2008 og VÖ stofnaði Valorku 2009 til að standa fyrir henni. Fjöldi nýrra hverfilgerða hefur komið fram og skilað góðum árangri í prófunum. Í byrjun er stefnt að nýtingu sjávarfallastrauma með hverflum staðsettum undir ölduhreyfingu og ofan *botnkýrrðar*. Enn hefur ekki fundist lausn á að beisla ölduorku, einkum vegna eyðingarmáttar brimsins þegar verst gegnir.

Sjávarorkurannsóknir (n, kvk, fto) Rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku. Engar slíkar rannsóknir hafa farið fram við Ísland, þó sjávarorka sé langmesta orkulind landsins; hrein og endurnýjanleg orka sem unnt er að nýta án allra umhverfisáhrifa. Að beiðni VÖ var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi um undirbúning slíkra rannsókna árið 2011. Allir flokkar voru málinu sammála og eftir að hafa velkst um í þinginu var tillagan samþykkt samhljóða vorið 2014. Hinsvegar eyðilagði þáverandi iðnaðarráðherra málið með því að skipa afturhalðssama hagsmunagæslumenn í nefnd sem um það fjallaði, en sniðgekk forgöngumenn þess. Slík er hagsmunagæsla orkurisa sem einokað hafa orkumarkaðinn til þessa. Síðari kynslóðir munu fella sinn dóm um þennan framgang; þær *eiga* hér mest í *húfi*.

Sjávarorkuver / Sjávarvirkjun (n, hk/kvk) Tæki sem umbreytir orku sjávar, t.d. ölduorku eða sjávarfallaorku, í raforku eða annað nýtanlegt orkuform. Ýmis þróun á sér stað í þessháttar tækni víðsvegar um heim, þó engin slík virkjun sé enn tengd helstu neyslunetum. Líklegt er að sjávarorka verði nýtt í stórum stíl innan fárra áratuga; enda er hún umfangsmikil og endurnýjanleg orkulind sem unnt er að nýta án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa. Valorka ehf er eina íslenska fyrirtækið sem stundar þróun á sjávarorkutækni.

Sjórapevsa (n, kvk) Duggarapevsa; notað í seinni tíð yfir bláar peysur úr ullarbandi, háar í hálsmálið, sem algengar voru í Rauðasandshreppi á síðari hluta 20. aldar.

Sjóarklettur (n, kk, fto) Sjávarklettur. „Skammt utanvið Garðsendann byrja lágir sjóarklettur; fyrst uppað Hreggenesanum, en svo hækka þeir við Undirhlíðarnefið, við norðurenda Hnífanna“.

Sjóarlöður (n, hk) Sjávarlöður; *ágjöf*. „Svo er Hreggnesi; klettanef á bersvæði, sem næðir mikið um og sjóarlöðrið eða gufan gengur upp að“ (Ól.Sveinss; Örn.skrá Naustabrekku).

Sjóbleyða (n, kvk) Sá sem er sjóhræddur/ þorir ekki að sækja sjó. „Atyrti hún Guðmund ráðsmannt sinn harðlega; kvað hann hina mestu sjóbleyðu sem hræddist hverja golu, og ætti varla skilið að stíga út í bát framfar“ (GíG; Frá ystu nesjum; drukknun Látramanna).

Sjóbratt (l) Mikill bratti í átt til sjávar. „Geldingsskorardalslækir liggja niðurundan Háhöldum og út undir Flaugarnef; *vætulækir*, en gras á milli og sjóbratt mjög“ (HÍH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).

Sjódrífa / Sjódrif (n, kvk) Sælöður; úði sem rýkur úr öldufaldi í roki. „Sjódrífan var svo mikil þarna í fjörunni að við urðum *kollvotir* við að bjarga trénu“. „En þegar þangað kom var veðurofsinn svo, að óstætt var og sjódrifið svo mikið að lítið sást frá sér“ (MG; Látrabjarg).

Sjóðbandvitlaus (l) Lýsing á mikilli reiði; brjálaður; kolvitlaus; *trompaður*; *umturnaður*. „Hann varð alveg sjóðbandvitlaus af vonsku þegar hann frétti af þessum tiltektum“.

Sjóferðahugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir/bollaleggingar um sjóferð. „Eruð þið í einhverjum sjóferðahugleiðingum? Ég held ég fari þá að berja eitthvað í nesti“.

Sjóndepurð (n, kvk) Slæm/döpur sjón. „Skírnarvatnið þótti hafa lækningamátt við sjóndepurð og annarri augnveiki“ (SG; Kirkjur; Þjhd.Þjms).

Sjónvarpsgreiða / Sjónvarpskapall / Kóaxkapall / Sjónvarpsmagnari (n, kvk) Tæki og tækjahlutar sem til þurfti svo unnt væri að ná sjónvarpsútsendingum í Útvíkum og víðar. Sjónvarpsgreiða var loftnetið sem merkið nam; það var svo sent til bæjar um sjónvarpskapal; skermaðan „kóaxkapal“ með kjarna, en til að merkið dofnaði ekki á hinum langa flutningi var það magnað með sjónvarpsmagnara. Sjá *sjónvarp*.

Sjósmár (l) Sjólítið. „Veður var suðvestan kafaldskóf, hægætisveður en ylgja; sjósmár“ : Um strand togarans Croupiers undir Blakk, líkl. haft eftir GG; (EÓ; skipsströnd í Rauðasandshreppi).

Sjóveðurslegur (l) Líkt sjóveðri; nærri því sjóveður. „Ekki sýndist mér hann mikið sjóveðurslegur þegar ég gekk hér útfyrir húshornið áðan“. „Spáin er ekki sjóveðursleg næstu dagana; bölvæður norðansveljandi“!

Sjóveðurspá (n, kvk) Spá um sjóveður. „Ekki líkaði mér alveg þessi sjóveðurspá hjá honum“.

Sjóveikiefni (n, hk) Það sem eykur mönnum sjóveiki. „Skelin var svo geymd í pokum þar sem sjór féll á hana, en þegar þetta fór að eldast drapst skelin og þetta varð úldið og blátt. Varð þetta ekta sjóveikiefni þegar lyktin af þessu blandaðist saman við þefinn af brókunum sem verkaðar voru með lýsi eða grút“ (Guðm. Jón Hákonarson; 13 ára hálfdrættingur í Kollsvíkurveri; E.Ó. skrásetti; Árb.Barð 2004).

Skaðbrunninn (l) Brunninn til skaða af eldi eða sól. „Hann varaði sig ekki á sólarsterkjunni og er skaðbrunninn á bakinu“. Orðabækur gefa upp myndina „skaðbrenndur“, sem ekki var notuð vestra.

- Skaðræðisbrim** (n, hk) Stólpabrim; öskrandi brim; mikill sjógangur. „Gætið nú að ykkur þarna undir klettunum; það er skaðræðisbrim og *flanið* getur kastast ansi hátt“.
- Skaðræðishávaði** (n, kk) Mjög mikill hávaði. „Steinninn skall niður á hleinina stutt frá okkur, með skaðræðishávaða. Við vorum í öruggu skjóli uppundir, en fundum fyrir flísum úr honum“.
- Skaðræðishiti** (n, kk) Brennandi hiti. „Skaðræðishiti er nú á kaffinu“!
- Skafaheiðrikja** (n, kvk) Algjörlega heiður himinn. „Hann rignir ekki úr svona skafaheiðrikju“
- Skafaheiðrikt** (l) Algerlega heiðrikt; ekki ský á himni.
- Skaflaskil** (n, kvk, fto) Bil/skil á milli snjóskafla. „Miðbrekkan er ein þykk snjódyngja; þar er ekki hægt að segja að séu nein skaflaskil“.
- Skafmoldarkóf** (n, hk) Þétt skafmold. „Mikið er gott að komast inn úr þessu skafmoldarkófi“. Sjá *moldarkóf*.
- Skafmoldarmökkur** (n, kk) Dimm og háreist skafmold. „Skafmoldarmökkurinn byrgði alla sýn“.
- Skaflbrún / Skafljaðar / Skaflrönd / Skaflpil** (n, kvk/kk) Hlutar skafs/snjóskafs. „Fannir hafa engar verið síðustu áratugina miðað við það sem algengt var á vetrum áður. T.d. lagði iðulega svo háa skafna sunnanvið Láganúpsbæinn að krakkar gerðu þar veglega snjóhella. Dyrnar í skaflpilinu voru svo háar að vel var gengt fullorðnum“.
- Skafmoldarbylur** (n, kk) Skaflbylur; skafhrið; hvass vindur með *ofankomu* og miklum skafrenningi. „Við lentum í bölvuðum skafmoldarbyl á Hálsinum; svo dimmum að það *sá ekki útúr augum* um tíma“.
- Skakklappalegur** (l) Ólaginn/ófímur í fótaborði; hrösuull. „Ári var maður eitthvað skakklappalegur í lásnum; Ég held maður sé bara farinn að eldast“!
- Skakkyrðast** (s) Deila; rífast; verða sundurorða; *fúkyrðast*. „Hann fór eitthvað að skakkyrðast yfir því að *hrognasigtíð* væri ekki á sínum stað, svo ég minnti hann á hver ætti það“.
- Skammargrey / Skammarkvikindi / Skammarræfill / Skammarskarn / Skammartuska / Skammarskinn** (n, hk/kk/kvk) Gæluheiti sem einkum eru höfð um kött, en stundum um aðrar skepnur einnig, og jafnvel í vorkunnartóni um börn. „Ég gat ekki verið að skamma *kattaróvænið*; henni er það ekki láandi skammarskarninu þó hún fari í fiskinn ef hann er skilinn eftir óvarinn“!
- Skammarkornið** (n, hk, m.gr) Áhersluorð í neikvæðum setningum: „Nei skammarkornið; heldurðu að þetta geti verið rétt“? „Ég held skammarkornið ekki“.
- Skammarkornið það ég veit / Skammi mig að ég veit / Skammi það ég veit** (orðtak) Ég get bara alls ekki munað (vitað) það. „Það slapp eitthvað af fé norður í Hryggi, en skammi mig að ég veit hvað það var margt“.
- Skammarskot** (n, hk) *Feilskot*; skot sem ekki hæfa. „Þetta eru nú orðin fjári mörg skammarskot í röð“.
- Skammarverðlaun** (n, hk, fto) Óvirðing sem þeim er sýnd sem tapar oftast, þegar spiluð er félagsvist. „Oft var spiluð félagsvist á spilakvöldum í Fagrahvammi. Í lok kvöldsins voru veitt vegleg *aðalverðlaun* og mun óverulegri skammarverðlaun, en þó ekki þannig að óvirðing væri að“.
- Skambbitasperra** (n, kvk) Sperra í húspaki, sem hefur skambbita sér til styrkingar, en liggur ekki á mæniási. „Í húspökum í Kollsvík á síðari tímum voru skambbitasperrur algengari en *ásapök*, þó þeu þekktust einnig“.
- Skammdegisvonleysi** (n, hk) Vonleysi/svartsýni sem grípur suma í mesta skammdeginu/ að vetrarlagi. „Þetta var ekkert skammdegisvonleysi, heldur gert þegar sól var hæst á lofti og bjartsýni á best með að njóta sín“ (ÞJ; Árb.Barð 1968).
- Skammfeila sig** (orðtak) A. Gera mistök; rugla; víxla. „Nú skammfeilaði ég mig alveg á þessu; ég setti lífrina ofaná mörinn í kassanum“. B. Skjóta skammarskot; skjóta framhjá. „Ég skammfeilaði mig illilega þarna“!
- Skammfeilaður** (l) Um taug/vað/rafstreng; trosnaður/skorinn/bilaður/veiklaður/leiðir út. „Þið yfirfarið vaðina vel áður en þið setjið mann í þá; hvort þeir eru einhversstaðar skammfeilaðir“. „Einhversstaðar er rafstrengurinn skammfeilaður; öryggið fyrir hæsnakofann brann yfir“.
- Skammi sú ögn (-in)** (orðtak) Ég bara veit alls ekkert um það. „Einhvern afla fengu þeir, en skammi sú ögn að ég veit hvað það var mikið“. „Skammi sú ögn að hér sé nokkur rigning; það er lítið að marka spána“!
- Skankaband** (n, hk) Lykkja/hringur úr grönnu garni/seglgarni sem brugðið er afturfyrir banakringluna á kjötskrokki strax eftir slátrun og verkun, og framfyrir völna á hvorum skanka/framfæti, til að skrokkurinn stirðni í þeim stellingum.
- Skaphundur / Skapofsamaður / Skapvargur** (n, kk) Sá sem er fljótur að reiðast heiftarlega/ verður bráðillur. „Hann er óttalegur skaphundur; fljótillur með afbrigðum“. „Það er vissara að fara gætilega í sakirnar við slíka skapofsamenn“.

Skaplegheita veður (orðtak) Ágætt/pokkalegt/meinlaust veður. „Það er komið skaplegheita veður, svo við ættum að leggja af stað bráðlega“.

Skarfaket (n, hk) Ket af skarfi. Skarfur var nokkuð skotinn til matar, líkt og mávur, fyrr á tíð; enda ágætur matflugl og matarmikill. Hann getur þó stundum verið *undirlagður* af hringormi.

Skarpheitur (l) Mjög heitur. „Til að bræða úr lögninni gat dugað að hella yfir hana skarpheitu vatni“. Varaðu þig á kaffinu; það er skarpheitt“.

Skarphygli (n, kvk) Glöggskyggni; athygli; skynsemi. „Enginn *stóð* honum á *sporði* um greind og skarphygli“.

Skarpnefjaður (l) Hvassnefjaður; með hvasst/þunnt nef. „Þetta er hin *gjörvulegasta* kona, en nokkuð *grannholda* og skarpnefjuð“.

Skarþorna (s) Þorna hratt; *breyskja af*. „Við skulum hinkra ögn með sláttinn; jörðin skarþornar fljótt í þessu *breyskjusólskinu*“.

Skarþurrkaður (l) Þurrkaður hratt/við skarpan hita. „Þegar vöknar í rót virðast þessi leirhnoð minnka og mýkjast, samt verður ekkert hey af svona slægju sandlaust þó það sé margrakað upp og *skarþurrkað*“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Skáldaður af óhreinindum/skít (orðtak) Mjög óhrein/skítugur; með skánir af óhreinindum. „Mikið *ankolli* ertu nú skáldaður af skít drengur; þér veitti víst ekki af góðu þrifabaði“! Svo virðist sem orðið „skáldaður“ hafi ekki þekkt víðar í þessari merkingu. Það var oftast notað í þessu orðasambandi. Annars merkti orðið „sköllóttur/hárlaus“. Mjög skítugt búfé virðist vera hárlaus, og kann merkingin þannig að hafa yfirferst.

Skálmsprek (n, hk, fto) Álmur á brókarkvísl, sjá *skinnklæði*. „Flestir munu þó hafa átt og notað brókarkvíslar. Þær voru í fjórum pörtum; *kvíslarfötur* rekinn ofan í jörðina; *kvíslarhnakkur* með hringlaga gati í miðjunni en *tappi* á fætinum gekk upp um. Önnur tvö göt voru á kvíslarhnakknum; sinn í hvorn enda frá *hliðarfleti*. Í þessi göt var *skálmsprekum* stungið og brókin færð á kvíslarnar. Ávallt snerust skálmarnar undan vindi og blés þá inn í brókina svo hún þornaði *næsta fljótt*, en mátti ekki *ofharðna*“ (KJK; Kollsvíkurver).

Skeggjajúði (n, kk) Sá sem er með áberandi eða tætingslegt skegg. „Kemur þá þessi skeggjajúði“. Sagt þannig í máli Kollsvíkinga og nágretta; annarsstaðar þekktist „skeggjúði“.

Skeggvari (n, kk) Lítill nestispoki. „Gleymdu svo ekki skeggvaranum“. Skeggvari mun annarsstaðar á landinu hafa verið notað um mal sem hékk aftan og framaná; með gati fyrir höfuð; einnig nefndur helsingjapoki.

Skeinisblaðsvirði (l) Verðgildi eins skeinisblaðs. „Mér finnst nú lítið til um þessa nýju stjórnarstefnu; held nú bara að hún sé ekki skeinisblaðsvirði“!

Skeinisblað / Skeinisbréf / Skeinispappír (n, hk) Bréf til að þurrka endaþarm eftir hægðir. „Þess var gætt að á kamrinum væri alltaf nóg af skeinispappír. Flokksmálagn Framsóknarmanna gegndi þar veigamiklu hlutverki, en einnig mátti nota umbúðir hans, þunnan pappírshólk, með sæmilegu móti. Á hinn bóginn var vonlaust að nota „Fakta om Sovietunionen“ sem stundum slæddist með í bunkanum. Það rit reyndist þó mjög gagnlegt þeim kamarnotendum sem voru að byrja að stauta sig framúr dönsku og alþjóðastjórnmálum“.

Skektuhorn (n, hk) Gæluheiti á lítilli skektu. „Hann lagði rauðmaganet og vitjaði um það á skektuhorninu“.

Skelfingarósköp (n, hk) Upphrópun/áhersluorð. „Mikil skelfingarósköp er þessi eilífa rigning nú leiðinleg“.

Skelfisksát (n, hk) Neysla á skelfiski. Hún hefur eflaust alltaf verið töluverð þar sem skelfiskur var á fjörum, og lífsbjörg í harðindum. „Vitað er að Sauðlauksdalskirkja verður mjög snemma eigandi að Hvalskeri og Skersbugnum og að þarna var mikið um að menn kæmu seinni hluta vetrar og að haustinu að afla sér þessarar bjargar. Skelfisksát var þá almennt um þessar slóðir. Til daemis var sett bænhús í kaþólskum sið vergna þess fólks er þarna safnaðist saman vor og haust“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Skeljasandslag (n, hk) Jarðvegslag af skeljasandi. „Allur neðri hluti Breiðavíkur.. er þakinn þykkur skeljasandslagi“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Skelkjast (s) Verða mjög hræddur/skelfdur. „Það er óþarfi að skelkjast þó gefi dálítið á herna í röstinni“.

Skellibylur (n, kk) *Kastvindur; kashviða*. Mjög snörp og hvöss vindhviða niður dalverpi eða vík í *aflandsvindi*. „Það liggur við að karlgarminum finnst það spennandi, eftir allt hans amstur og bardús, að eiga nú að upplifa einn af þessum frægu skellibyljum“ (G.Hagalín; Sonur bjargs og báru).

Skeltekja (n, kvk) Afli af skel þegar hennar var aflað til beitu. „Svona gekk þetta æ ogfan í æ; að draga plóginn og tæma pokana, uns sæmileg skeltekja var fengin og þreyta og svefnleysi fór að sækja á mannskapinn“ (KJK; Kollsvíkurver; sjá *kúskel*).

Skelþorna / Skelþurr (s/l) Þornað skán utaná en rakara inni. „Riklingurinn...var venjulega þurrkaður. Flökin hengd upp og látin *skelþorna*...“ (KJK; Kollsvíkurver).

Skemmri skírn / Skemmriskírn (orðtak/n, kvk) A. Skírn barns af óvígðum manni. Í kaþólskri kristni fyrir á öldum var álitíð mjög mikilvægt að allir yrðu skírðir fyrir andlátið til að einhver von væri til að þeir yrðu sáluhlópnir; einnig börn sem séð varð að myndu deyja fjótlega eftir fæðingu. Því varð hver fullorðinn maður að kunna faðirvor og trúarjátningu til að vera reiðubúinn að skíra skemmri skírn. Er kveðið á um það í kristinrétti hinum forna frá því kringum 1130. Konur máttu þó helst ekki skíra skemmri skírn, ef vól var á karlmanni til verksins. B. Líkingamál um verk sem vinna þarf í hasti, þó ekki verði það jafn vandað og vera skal; verk sem virðist flauturslega unnið. „Þeir voru búnir að mála húsið, en mér fannst vera óttaleg skemmriskírn á því“.

Skepnuhald / Skepnubúskapur (n, kk) Búskapur með sauðfé og/eða stórgripi, til aðgreiningar frá t.d. garðyrkjubúskap og ferðaþjónustu. „Í Rauðasandshreppi hefur frá örófi alda verið stundaður skepnubúskapur á hverri jörð, og sumsstaðar útræði að auki; allt framá 20. öld. Þá fóru að koma upp ýmsir aðrir atvinnuhættir“.

Skepnuheldur (l) Garður, girðing eða annað hölf sem skepnur komast ekki gegnum. „Á kambinum er hlaðinn túngarður sem stendur sumstaðar mjög vel. ...Fyrir ofan þennan garð voru hlaðnir veggir um kartöflugarða sem seinna standa það vel að þeir væru enn skepnuheldir með litlum lagfæringum“ (SG; Rústir; Þjhd.Þjms).

Skerjabálkur / Skerjafláki / Skerjaflös (n, kk) Mörg samliggjandi sker; samliggjandi hleinar. „Að norðanverðu er skerjabálkur sem kallast Bjarnarklakkar“ (HÖ; Fjaran). „Undan Hænuvíkurnúpnum innanhallt er mikil skerjaflös sem getur verið varasöm þegar siglt er grunnt með landi um hálfallið“.

Skerpiþjöl (n, kvk) Þjöl til að skerpa sagartennur; *þristrendingsþjöl*. „Þessi þjöl er nú varla orðin nokkur skerpiþjöl lengur; hún er orðin svo lúin“.

Skerpuróður (n, kk) Skarpur róður; hraður/ákafur róður. Notað þannig í Kollsvík, en annarsstaðar á landinu mun hafa tíðkast skerpingsróður eða að róa í skerpingi.

Skerpusólskin / Skerpuþurrkur (n, kk) Mjög góður þurrkur, þannig að hey þornar mjög fljótt (skarpt). „Fjandi verður heitt í bjarginu í þessu skerpusólskini“. „Það verður *likastil* framhald á þessum skerpuþurrki á morgun; eftir spánni“. Annarsstaðar mun hafa þekkt „skerpiþurrkur“.

Skerpusprettur (n, kk) Hraður sprettur; hratt en tiltölulega stutt hlaup. „Þetta var skerpusprettur, en ég hafði kvikindið að lokum“!

Skifta / Skiftast (s) Skipta / skiptast. Í öllum eldri skjölum Kollsvíkinga (fyrir ca 1950) er rithátturinn með f en ekki p eins og annarsstaðar var og nú er viðtekið. „Arður sem verða kann af rekstrinum skiftist árlega á hluthafa eftir hlutfjárupphæð þeirra“ (Samþykktir fyrir Jarðræktarverkefni Kollsvíkinga, 1945).

Skikkanlegheita (ao) Góður; rólegur; skynsamur. „Það er komið skikkanlegheita veður“.

Skikkast til (orðtak) Um veður/sjólög; lagast; batna; lygna. „Eitthvað sýnist mér þetta vera að skikkast aðeins til. Ég ætla allavegana að fara að hleypa fénu í vatn“.

Skikkelsisfólk / Skikkelsisgrey / Skikkelsisnáungi / Skikkelsismanneskja / Skikkelsispiltur / Skikkelsisskepna (n, hk/kk/kvk) Orð sem höfð eru til að lýsa mönnum og skepnum sem eru friðsöm/vingjarnleg/ ekki óstýrilát. „Strákurinn er mesta skikkelsisgrey“. „Mér fannst þetta bara skikkelsisnáungi“. „Þetta er mesta skikkelsisskepna“.

Skilasamur (l) Skilvís; reglusamur með skil/uppgjör/greiðslu. „Hann er mjög skilasamur“

Skilasemi (n, kvk) Skilvísi; reglusemi með skil/uppgjör/greiðslu. „Það má alltaf treysta hans skilasemi“.

Skilvindukarl (n, kk) Sá hluti skilvindu sem í raun skilur rjóma mjólkurinnar frá undanrennunni. Hylki með mörgum kónískum skífum sem snúast á miklum hraða. Þegar mjólkinn lendir á blöðunum þeytist þungri hluti hennar; undanrennan, lengra frá, meðan rjóminn, sem er léttari, sest nær miðju, og rennur sitt útum hvora rás.

Skilvindusónn / Skilvindusöngur (n, n, kk) Hátóna kliður sem heyrir í skilvindu þegar hún snýst á fullum hraða. Söngurinn kemur bæði frá girhjólum skilvindunnar og skilvindukarlinum, sem snýst með gríðarlegum hraða. Eftir að hætt er að snúa sveifinni er söngurinn nokkurn tíma að deyja út.

Skippast með (orðtak) Hafa í flimtingum; grínast með. „Það er nú ekki rétt að vera að skippast með svo alvarlega hluti“. Þessi framburðarháttur virðist hafa verið bundinn við þetta svæði; annarsstaðar ríkti framburðarhátturinn „skimpast með“ í sömu merkingu.

Skiptabelti / Skiptabeltissneið (n, hk, fto) *Rafabelti* sem hlutaskipt er á sérstakan hátt: „Áður en skipt var rafabeltunum voru tekin frá eitt eða tvö þau vænstu og þeim skipt á meðal skipverja. Voru þau kölluð skiptabelti. Fékk þar hver maður sinn deilda verð. Var síðan sest að snæðingi og voru menn glaðir og reifir eftir unna þraut. Getið var þess að sumir hefðu þá verið svo lystugir að þeir hefðu etið smjör við *skiptabeltissneiðinni* sinni“ (PJ; Barðstrendingabók). „Oft þrengdist í búi hjá vermönnum er að vertíðarlokum leið, enda var gamalt nafn hjá vermönnum á síðustu vertíðarvikunni. Nefndu þeir hana

Roðaviku“ (PJ; Barðstrendingabók). „Áður en skipt var voru tekin frá tvö stærstu *rafabeltin*, svokölluð *skiptabelti* sökum þess að þau voru skorin í sundur og þeim deilt á milli áhafnarinnar. Fékk hver skipverji eina *skiptabeltissneið* og vænan *riklingsbita*. Slíkur skammtur þótti koma sér vel í lok roðavikunnar. Skipverjar settust síðan allir að snæðingi. Þess er getið að sumir hafi verið svo lystugir að þeir hafi étið smjör með skiptabeltissneiðinni sinni. Að síðustu var hitað kaffi og sjaldan mun þá brennivínstár hafa brostið til að sæta með soðið“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; eftir ÓETH og ÞJ).

Skiptasneið (n, kvk) Glæðingur formanns í vertíðarlok, til viðbótar við *skiptabelti*. „Í verstöðvunum milli Látrabjargs og Patreksfjarðar var venja, þegar aflaskipti höfðu farið fram, að formaðurinn tók vænt rafabelti; sneiddi það niður og gaf hverjum háseta eina sneið; skiptasneið“ (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: ÓETH, Vatnsdal).

Skitugemlingur / Skitugemsi (n, kk) A. Gemlingur með skitu. B. Niðrandi heiti á manni sem þykir ótélegur í útliti og/eða framferði.

Skitulögg (n, kvk) A. Lítill sopi í bolla/ilát. „Ætli ég þiggi ekki smá skitulögg af kaffi hjá þér, fyrst þú ert með það á könnunni“. Líklega dregið af því að þó um lítið magn sé að ræða, óhreinkar það ilát. B. Gæluorð um barn. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Skitupest / Skitustand (n, kvk/hk) Niðurgangsveiki í búfæ eða fólki. „Ég er hræddur um að ég sé kominn með þessa skitupest“. „Eitthvað er það í rénun þetta árans skitustand á manni“.

Skituskarn / Skituskömm / Skituögn (n, kvk) Gæluorð um barn eða dýr. „Gefðu nú tíkargreyinu ketbeinið með því sem eftir er á því; hún hefur ekki fengið neitt eftir smalamennskuna, skituskömmin“. „Hann gerði sitt besta, skituskarnið. Hann getur auðvitað ekki hlaupið eins hratt og þeir sem lappalengri eru“.

Skítabára / Skítagutlandi / Skítasteytingur / Skítaveltingur (n, kk) Slæmt/leiðinlegt sjólag; erfitt að róa/sigla/ vera að veiðum. „Það var kominn skítagutlandi, og ekkert annað að gera en *hafu uppi* og koma sér í land“. „Við fengum vindinn á móti falllinu í röstinni og lentum í árans skítasteytingi“. „Það var andskotann *engin aðvera* að hanga á þessu í svona skítaveltingi. En mesta furða samt hvað *sargaðist upp*“.

Skítablettur / Skítaklessa / Skítaskella (n, kk/kvk) Óhreinindablettur; óþrifaklessa. „Hér er einhver skítablettur í buxunum“. „Það þyrfi að þvo mestu skítaskellurnar af þessu“.

Skítabrúnn (l) Brúnn að lit, eins og skítur. „Mér finnst þessi skítabrúni litur ekki fegra þetta mikið“.

Skítadreifari (n, kk) Mykjudreifari; tæki til að dreifa húsdýraáburði á tún. „Skítadreifarinn var mikið *þarfþing*, en ósköp óliðugur í meðförum og bilanagjarn“.

Skítaél / Skítahraglandi / Skítakóf (n, kk) Lýsingar á slæmu veðri sem veldur bleytu, kulda og jafnvel slæmu skyggni. „Við lentum í skítaéli“. „Búðu þig almennilega; það er skítahraglandi“! „Maður sá *ekki spönn frá rassi* í þessu skítakófi“!

Skítagalli / Skítaleppar (n, kk) Mjög óhrein/skítug föt; drullugalli. „Farðu úr skítagallanum úti; ég þvæ hann á eftir“. „Ég held ég drifi mig bara úr þessum skítaleppum; maður er varla í húsum hæfur“.

Skítagemlingur / Skítagemsi (n, kk) A. Gemlingur sem orðinn er *blakkur á lagð/ klepraður af skít* eftir inniveru og legu á taði. B. Oftast í líkingamáli í seinni tíð; niðrandi heiti á manni. „Ég hef nú lítið álit á þeim skítagemlingi“. „Þetta er óttalegur skítagemsi“!

Skítakuldi / Skítanæðingur (n, kk) Bitur kuldi; kuldanáðingur. „Klæddu þig almennilega; það er bölvaður skítakuldi“. „Það var skítanæðingur orðinn þarna á brúninni“. Einnig oft notað *kuldaskítur*.

Skítaköggull / Skítakökkur (n, kk) Köggull af skít; oftast átt við eina stungu af skít, t.d. þegar verið er að stinga út úr fjárhúsum. „Gaffallinn er ágætur til að kasta skítakekkjunum upp í börur“.

Skítamakari (n, kk) Sá sem vinnur verk sérlega illa; flumbrari; klastrari. „Hér hefur einhver andskotans skítamakari rekið krumlurnar í“! Skammaryrði sem stundum þurfti að grípa í.

Skítareka / Skítaskófla (n, kvk) *Fjósreka*; skófla sem notuð er til flórmoksturs.

Skítaskot (n, hk) A. Slæmt veður um stuttan tíma; stutt hret. „Hann er að ganga fjandi fljótt upp núna, en ég held að þetta verði lítið annað en skítaskot sem gengur fljótt yfir“. B. Um vél; feilpúst; missir neista í slagi og sprengir næst með hveli. „Ferleg skítaskot eru þetta í vélinn núna“!

Skítaskófla / Skítreka (n, kvk) Fjósaskófla; fjósreka; flórreka; mykjuskófla. „Þú ert þó ekki að nota skítaskófluna til að skafa *hússtétina*“?!

Skítastampur (n, kk) A. *Drullustampur*; ilát til að bera skítu úr fjósi út á haug fyrrum. B. Heyrist nú eingöngu í gróflega niðrandi lýsingum á manni eða bát.

Skítastígvél (n, hk, fto) Stígvél sem notuð eru í skítmokstur; mjög skítug stígvél. „Ég fer ekki á skítastígvélunum inn í slátursalinn“.

Skítaveltingur (n, kk) Um sjólag; mikill veltingur; allnokkur sjór.

Skítaþró (n, kvk) Þró sem saur er safnað í. Svo var m.a. nefnd þróin undir kamrinum á Láganúpi, sem enn stendur, þó kamarinn sé aflagður. Reglulega þurfti að tæma skítaþróna og var innihaldið jafnan nýtt sem áburður á tún og sléttur.

Skíthús / Skítkjallari (n, kk) Haughús; forarþró; kjallari undir fjárhúsi/fjosi sem skít er safnað í, en hann er síðan nýttur sem áburður á tún. „Skíthús voru ekki algeng við fjós á þeim tíma, og voru Láganúpsbændur með þeim fyrstu að tileinka sér þá nýjung“.

Skítlingur (n, kk) Gæluheiti á litlu/veikburða/vannærðu lambi, vísar e.t.v. til lambs með skitu. „Óttalegir skítlingar eru þetta hjá tvævetlunni þarna; skyldi hún ekki mjólka þeim nóg“? Stundum notað sem gæluorð við börn. „Komdu hérna skítlingurinn minn“.

Skítóánægður (l) Mjög óánægður/vonsvikinn; þykir mjög slæmt. „Ég er skítóánægður með þeirra frammistöðu í þessu máli“! Allmikið notað.

Skítsjá eftir (orðtak) Sjá mikið eftir; sakna mjög. „Ég skítsé eftir því að hafa ekki tekið kíkinn með“.

Skítsækinn / Skítsæll (l) Sem verður auðveldlega óhreinnskiptugur; sem sér fljótt á. „Þú ættir ekki að vera í þessum buxum í svona verki; þær eru svo skítsæknar“.

Skítsæmilegur (l) Þolanlegur; þokkalegur; *slarkandi*. „Ég er að verða skítsæmilegur í fætinum“. „Veðrið var ekki nema réttisvo skítsæmilegt; en við létum okkur hafa það“.

Skíttapa (s) Tapa með miklum mun; fá háðuglega útreið í keppni/slag/spili. „Þú ert búinn að skíttapa þessu“!

Skíttapaður (l) Sem búinn er að tapa stórt/ með miklum mun. „Þessi skák er skíttöpuð, er ég hrædur um“.

Skjaldindi (n, hk) Tálknop og tálknbogur á lúðu. (LK; Ísl.sjávarhættir; heim: KJK, E-Tungu).

Skjana uppá einhvern (orðtak) Orðtakið var ekki notað í seinni tíð í Kollsvík. Annarsstaðar þekktist orðtakið að „skjana uppá einhvern“, í merkingunni að sneiða að einhverjum; skensa einhvern. „Skjana“ er líklega af sömu rót og „skjön“, og „skensa“. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Skjannasólskin (n, hk) Glampanði sólskin; mikil sólarbirta. „Þetta er furðulegt veðurlag; grenjandi rigning fram á hádegi en eftir það skjannasólskin“!

Skjágrind (n, kvk) A. Eiginleg merking (horfin úr málinu); grind sem líknarbelgur var þaninn á í skjái (glugga). B. Afleidd mynd (almennt notuð vestra en líklega ekki annarsstaðar); ótraust mannvirki; hrófatildur. „Mér finnst nú þessi sjónvarpsloftnet vera óttalegar skjágrindur sem varla þoli hvassviðri“.

Skjágrindalegur (l) Veikbyggður; skjálfandi; sem hrikir í. „Ósköp finnst mér skjágrindaleg þessi fjágrind á vörubílum. Skyldi hún endast alla leið í sláturhúsið“?

Skjátuskinn (n, hk) Gælunafn um eitthvað aumkvunarvert eða lítið, annaðhvort stelpu eða dýr. „Komdu hérna skjátuskinnið og fáðu eitthvað í svanginn“.

Skjólago (l) Um landslag; skjólsælt fyrir fé. „Þetta svæði heitir Undirlendi. Það er grasi vaxið og skjólago.“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps).

Skjólótt / Skjólrikt / Skjólælt (l) Um stað/svæði; skýlt; gætir síður vinds/veðra en í kring. „Þetta svæði heitir Undirlendi. Þar er grasi vaxið og skjólago, enda er skjólótt og mishæðótt á Hnífunum og safnast þar oft mikil fönn í austanbyljum“ (GG; Örnefnaskrá Láganúps). Orðið finnst ekki í orðabókum en hefur verið notað í Kollsvík.

Skjönglast (s) Skenglast; skriplast; komast/fara með erfiðismunum/við illan leik. „Ætli ég reyni ekki að skjönglast fyrir Breiðinn og reka úr Fjarðarhorninu ef þú kemur niður niður Flosagil og stendur fyrir þar“.

Skoðunarvirði / Skoðunarinnar virði (l/orðtak) Vert skoðunar; athugandi; *skoðunarefni*. „Það væri nú alveg skoðunarvirði að ganga þarna út á brúnirnar; það getur alltaf leynst fé þar í lautunum“.

Skollansári (ao) Blótsyrði/áhersluorð í vægari flokknum. „Mér finnst skollansári slæmt að þurfa að skilja þessar kindur eftir“. Élið var bara skollansári dimmt; við saúm varla handaskil“.

Skollansekisen (ao) Bölvauður; árans. Milt blótsyrði. „Skollansekisen gleymaska var það að skilja kaffið eftir á borðinu; við verðum víst að láta vatnið nægja í þessum róðri“.

Skollansær (fs) *Andskotansær; fjanðansær*; verið betra. „Ég held að honum væri skollansær að hugsa um það sem að honum snýr, en vera ekki að gagnrýna aðra“!

Skolta (s) Kjafta frá; uppljóstra; blaðra. „Hann var eitthvað að skolta um búskapinn á næsta bæ“. „Hann er búinn að skolta leyndarmálinu um allar jarðir“. Mikið notað af J.Hák. o.fl.

Skondra / Skondrast (s) Ganga; trítla. „Ég ætla að skondra hérna norðuryfir víkina og heilsa uppá fólkið“. „Viltu ekki skondrast fyrir mig niðuri mjólkurhús og sækja í fötuna; hún er þarna á borðinu“.

Skoppandi (n, kk) Um sjólag; *veltingur*; *typpingur*; *bárusláttur*. „Heldur er hann að aukast þessi skoppandi þegar harðnar innlögnin“.

Skoppast (s) Skjótast; skreppa; hlaupa. „Skoppastu nú fyrir mig eftir mjólk í tankinn snöggvast“.

Skoraviðri (n, hk) Vindur sem stendur upp á bjargbrún. Ekki notað í seinni tíð, en til fyriritíðar notkunar bendir þessi gamla vísa sem ónefndur bjargmaður kvað á brún Látrabjargs forðum til brúnamannsins (*festarhara*); „Festarhari hugrakkur; / hraustur snar og fljótur; / vertu bara vaðglöggur, / viðris skora njótur“ (LK; Ísl.sjávarhættir V). Sjá einnig *festarhari*.

Skotalaus (l) Hefur engin skot. „Ég sé að ég er að verða skotalaus. Ætli maður fari þá ekki að hætta skytterfi þennan daginn“.

Skotglaður (l) Þykir gaman að skjóta úr byssu; *byssuóður*. „Ekki voru allir leikir svo skotglaðir, því líka voru smíðaðir flugdrekar og einnig bátar af ýmsu tagi“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Skothús / Skothúskofi (n, hk/kk) *Tófuhús*; lítið skýli þar sem legið var fyrir tófu. „Þarna á blábrúninni er mjög gamalt skothús sem notað var til skamms tíma. Þar var borið út hræ og legið fyrir tófu“ (IG; Sagt til vegar D). „... þarna í köldum skothúskofanum sat maður hálfu og heilu vetrarnæturnar og skalf sér til hita, meðan tunglið skein svo skotbjart var“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Skotklefi (n, kk) Klefi í sláturhúsi þar sem sláturfé er lógað. Sjá *banaklefi*.

Skotloka (n, kvk) Dyraloka; slagbrandur; renniloka. „Skotloka getur annað hvort verið með lausum slagbrandi, sem þá er rennt í kíl í dyrastafnum þegar lokað er, en hangir í spotta þegar opið er: Eða með slagbrandi sem rennur í spori á hurðinni; oftast í eitthvað móttak á stafnum“.

Skóaskipti / Skóskipti (n, hk, fto) Skipti á skófatnaði. „Ég ætla að hafa skóaskipti áður en ég legg af stað“.

Skóböðull (n, kk) Sá sem er fljótur að eyðileggja skó/skófrefur. „Óttalegur skóböðull geturðu verið“.

Skólaskoðun (n, kvk) Læknisskoðun skólabarna, sem í Rauðasandshreppi var yfirleitt framkvæmd í byrjun skólahalds að hausti. Þá kom héraðslæknir eða hjúkrunarkona og skoðaði heilsufar barna. M.a. var gert berklapróf sem fólst í því að líma plástur með séstöku efni á bringu barnsins og athuga eftir nokkra daga hvort roðnað hefði undan.

Skótúttur (n, kvk) Lélegir/*óþéanlegir* skór; niðrandi heiti á skóm. „Ég fékk lánaðar einhverjar ólánlegar skótúttur sem bæði þössuðu mér illa og héldu engri vætu“.

Skrallsamkoma (n, kvk) Niðrandi heiti á skemmtisamkomu; svallpartí. „Ég nenni ekki á svona skrallsamkomur“! Lint „l“.

Skralt (l) Fátæglegt; lítilfjörlegt; rýrt; fágæft; lítið um fóður/mat/veiði. „Fjári er þetta eitthvað skralt hér á grunninu; ættum við ekki að renna niður á Skeggja“? „Það fer að ferða ansi skralt með saltið bráðum; ég þyrfti að fá meira áður en við förum aftur í róður“. „Nú er mér fremur skralt um ráð“ Samsvarandi orð má finna í dönsku (skral = magur; lélegur) og lágbýsku (schral = magur; þurr; naumur). Algenget enn í munni Kollsvíkinga.

Skrambanskuldi / Skrambansóheppni / Skrambansólán / Skrambansótið / Skrambansrigning / Skrambansvindur / Skrambansveltingur / Skrambansvesen / Skrambansþoka Heiti með áhersluorðinu *skrambi*. Áhersluorðið er stundum stakt, en stundum svo samtvinnað heitinu að telja verður eitt orð.

Skrambihátt / Skrambiheitt / Skrambikalt / Skrambilangt / Skrambimikið / Skrambistutt / Skrambijungt Lýsingar með áhersluorðinu *skrambi*. Stundum stakt, en iðulega samtvinnað lýsingarorðinu eins og hér.

Skrattansári (ao) Áhersluorð. „Skrattansári er þetta nú góður matur“! „Mér er orðið skrattansári heitt“.

Skrattansnær (fs) *Andskotansnær*; *fjandansnær*; væri betra. „Mér hefði verið skrattansnær að koma trénu aðeins hærra upp; þá hefði það ekki flotið út á kvöldflæðinni“!

Skriflast (s) *Klórast*; komast við illan leik; *skjöktta*. „Það er engin *forsjón* í að skriflast yfir skriðurnar í þessum þurrkum, sérstaklega þegar engin er fjárgatan“.

Skrípalega (ao) Fáránlega; kjánalega. „Látiði nú ekki svona skripalega krakkar“!

Skrípafígúra / Skripamynd / Skripateikning (n, kvk) Mynd/teikning sem sýnir viðfangsefnið á afkárlegan hátt; skopmynd. „Hann hafði teiknað ýmsar skripafígúrar á blaðið, sem sumar minntu á fólk í sveitinni“.

Skroll (n, hk, harður frb.) Sérlega hávær og grófgerður hlátur; hrossahlátur. „Ég held að þeim hafi ekki orðið svefnsamt í næstu búðum, af skrollinu í karlinum“!

Skrolla (s, harður frb.) Hlæja með miklum hávaða/látum/tillþrifum; *skella uppúr*. „Það er nú ekki til síðs að skrolla svona í kirkjunni, þó prestinum verði á mismæli í ræðunni“!

- Skröllroka** (n, kvk) Samfelld roka/gusa af skrolli/hrossahlátri. „Hann rak upp þvílíka skrollroku þegar hann heyrði þetta, að ég hélt að þakið ætlaði ofan“!
- Skruggufærð / Skrugufæri** (n, kvk/hk) Um vegi; flennifæri; mjög góð færð. „Það er skrugufæri innýfir“.
- Skrúbbhaus / Skrúbbhár / Skrúbbskaft** (n, kk/hk) Hlutar *gólfskrúbbs*.
- Skrúbbur** (n, kk) Bursti með stífum hárum. „Það þyrfti að fara með skrúbbinn á gólfð eftir þetta“.
- Skrúfhyrnd** (l) Um hornalag sauðkindar; horn vaxin áberandi uppávið; *upphyrnd*.
- Skrúfsía** (n, kvk) Skrúfjárn. „Skrepptu út í Mókofa og náðu í skrúfsiuna fyrir mig“. Þetta var hið almenna heiti á skrúfjárninu í Kollsvík langt fram eftir 20. öld og því undarlegt að það finnst hvergi í orðabókum.
- Skrýppildi** (n, hk) Lítilfjörleg skepna; aumingi; ræfill. „Það er varla hægt að senda þetta skýppildi í sláturhús“.
- Skræfuháttur** (n, kk) Heigulsháttur; roluskapur; óþarfa hræðsla. „Skelfingar skræfuháttur er þetta í honum! Það er hreint ekkert orðið að sjóveðri núna“!
- Skrælast** (s) Um afla/feng; orðinn tregur. „Nú er þetta heldur farið að skrælast hjá okkur“.
- Skrælt** (l) Lítið að hafa; lítilfjörlegt; tregt. „Það var fjári skrælt hjá okkur í dag; ekki sömu uppgripin og í gær“.
- Skrælt um** (orðtak) Erfitt að fá; lítið um; fágætt. „Það er orðið skrælt um skötuna í dag; jafnvel á gömlum og grónum skötumíðum“. Annarsstaðar var notað í sama tilgangi orðtakið „skart um“, dregið af „skarður“; þ.e. skertur/rýrður. Hér er stofnorðið „skrældur“, sem í raun merkir það sama.
- Skrælt um góða kosti** (orðtak) *Fátt um góða kosti*. „Það er skrælt um góða kosti í þessari stöðu“.
- Skröggháttur** (n, kk) Hryssingur; grófgerð/stórkarlaleg framkoma. „Þetta finnst mér bara bölvaður skröggháttur í honum“!
- Skröggslega** (ao) Hryssingslega; önuget. „Ég hef kannski svarað þessu heldur skröggslega“.
- Skröggslegur** (l) Stórkarlalegur; grófur; hryssingslegur. „Mér fannst hann heldur skröggslegur við krakkagreyið; þetta var nú óviljaverk“.
- Skröll** (n, hk, fto) Hávaði; hávært gaspur, köll eða skröllahlátur. „Hættið nú þessum skröllum krakkar; þið fælið allt féð af túninu og gerið hundinn vitlausan“. „Hefurðu ekki heyrt skröllin hjá tröllunum í fjöllunum“? Ekki sjást dæmi um orðið í orðabókum en það var mönnum tamt á svæðinu. E.t.v. má setja þetta í samhengi við að til er sérstakt fyrirbæri sem nefnist „Kollsvíkurhávaði“ og þykir liggja þar í ættum.
- Skröllahlátur** (n, kk) Mjög hávær, langvarandi og grófur hlátur; tröllahlátur. „Ferlegur skröllahlátur er þetta“!
- Skröllroka** (n, kvk) Stutt en hávær hláturshviða. „Neðan úr stofunni barst glaðvær kliður upp á loftið, og innámilli háværar skröllrokur“.
- Skröttur** (n, kvk, fto) Skammaryrði um kindur sem þykja sérlega óþægar/erfiðar viðfangs. „Þær *sneru* á mig á hjallabrúninni og ég *mátti* elta þessar skröttur útyfir Sanddali áður en ég komst fyrir þær aftur“!
- Skufast** (s) Gaufast; slugsá; hangsa; gera klaufalega/silalega. „Ætliði að skufast við þetta í allan dag“?!
- Skurðendi** (n, kk) Endi á skurði. „Farðu nú og gefðu henni skottu þetta úti í skurðenda“. Annarsstaðar var „s“ í orðinu; „skurðsendi“, en ekki í Kollsvík.
- Skurfaður** (l) Skrámaður; meiddur; hruflaður. „Eitthvað var hann skurfaður eftir byltuna, en ekki alvarlega“.
- Skurfslegur** (l) Líkur *skurfi*. „Mér fannst þetta dálítið skurfslegar aðfarir“.
- Skurfur** (n, kk) Niðrandi heiti á karli; larfur; ódámur. „Hvað meinar skurfurinn með þessu“? Mun áðurfyrr hafa verið notað um skörðóttan hníf, og af því er líkingin dregin.
- Skúffelsi** (n, hk) Vonbrigði. „Það var heilmikið skúffelsi að komast ekki í þessa ferð“. „Auðvitað er það árans skúffelsi að róa alla þessa leið fyrir sáralítinn afla; en það verður að taka því eins og öðru hundsbiti“.
- Skúffukjafur** (n, kk) A. Skúffa; vansköpun/útlitiseinkenni þegar neðri kjálki stendur langt framundan þann efri. „Ferlegur skúffukjafur er á lambinu“. B. Uppnefni á manni með skúffukjaf.
- Skúfmagi** (n, kk) Magatota/botnlangi í fiski; fiskmagi ásamt magatotum hans. Skúfmagi var það heiti sem mér (VÖ) var kennt í Kollsvík, en í fiskabók Bjarna Sæmundssonar er notað heitið skúflangar. „Á takmörkunum milli maga og garna eru oft einn eða fleiri botnlangar; skúflangarnir (appendices pylorici)“ (BS; Fiskarnir).
- Skúralefsa** (n, kvk) Staðbundin rigningskúr. „Hann er að leiða einhverjar skúralefsur þarna norðurmeð Hæðinni“.
- Skúrksháttur** (n, kk) Illur/níðingslegur verknaður; illvirki; níðingskapur; grófir hrekkir; undirferli; svik. „Svona skúrksháttur má bara ekki líðast“! „Þetta er bara skúrksháttur af verstu gerð“!

Skvettlingur / Skvettugangur (n, kvk) Ágjöf; skvettur; sjógangur. „Við leggjum að innantil við hleinina; það er árans skvettlingur utanvið hana“ „Farðu í hlífar; það getur orðið skvettugangur í röstinni“.

Skvettlisti (n, kk) Listi eftir síðu báts; ofarlega að utanverðu, til að brjóta báru sem leitar upp með kinnungnum og varna því að hún skvettist inn í bátinn. Viðrist annarsstaðar verið með i; „skvettlisti“.

Skýldleikaræktun (n, kvk) Ræktun búfjár eða annarra skepna, þannig að mikil ættartengsl verði innbyrðis og skyldir einstaklingar eigi afkvæmi saman. Yfirleitt er mikil skýldleikaræktun talin óæskileg vegna hættu á erfðagöllum og úrkynjun, en þó má með henni kalla fljótt fram einstaka eiginleika. Var vestra með „un“ í enda, sem ekki mun hafa tíðkast annarsstaðar þó orðið sé annars algengt.

Skvinsamlegheita (ao) Gáfulegur; með yfirbragð skynsemi. „Mér fannst þetta bara skvinsamlegheita náungi“.

Skvrlap / Skvrlapja / Skvrsúpa / Skvrbynnka (n, hk) Mjög þunnt skyr; skyr hrært mikilli mjólk, sem oft var haft sem eftirmatur heits réttar, s.s. saltfisks, meðan venja var að borða tvíréttað á hádegi. „Skvrlapið er ári þunnt; en gott er það“ „Áttu dálitla skvrsúpu fyrir mig“?

Skvrmislegt (l) Um himnu/þynnu/fatnað; *skænislegt*; þunnt; brothætt. „Ekki er ég hissa á að þessi plasthlíf brotnaði; mér fannst hún óttalega skvrmisleg“ „Þú ferð ekki út í svona skvrmislegum klæðnaði“! Skvirmi er stofnskylt orðinu *skurmur/skurn*, og skvirmi mun áður hafa verið notað í merkingunni *skæmi*; t.d. um þunnan ís á vatni/pollu.

Skvrsleif (n, kvk) Sleif/þvara sem notuð er til að hræra/matbúa skyr. „Ég skal sleikja af skvrsleifinni“.

Skvrsleikja / Skvrsletta / Skvrsþónn (orðtak) Lítið eitt af skyri. „Ég myndi þiggja hjá þér dálitla skvrslettu á eftir“ „Gefðu mér dálitla skvrsleikju í viðbót“ „Mikið væri nú gott að fá skvrslettu á eftir þessu“.

Skvrugur (l) Með leifar/lit af skyri kringum munninn. „Þurrkaðu nú framan úr þér; þú ert dálítið skvrugur“.

Skýdróg / Skýlufsa (n, kvk) Tætla/snifsi af skýi; lítið ský. „Það er ekki skýdróg að sjá á himni“ „Furðulegt er að fá þessa dropa úr heiðskýru lofti; þegar hvergi er skýlufsu að sjá“!

Skýferð (n, kvk) *Far á skýjum*; um það þegar ský fjúka hratt undan háloftavindum. „Það er mikil skýferð núna“.

Skýjaband / Skýjarák / Skýjaröst (n, hk/kvk) Löng rák/runa/röst af skýjum.

Skýjakóf (n, hk) Þétt ský; skýjahula; staðbundinn lágskýjabakki. „Öðruhvora móaði fyrir sól í gegnum skýjakófið“ „Skýjakóf lá með Blakkbrúninni og kæfði uppá hana í golunni“.

Skýjaskin (n, hk) Nýyrði höfundar; endurvarp ljóss af skýi, svo sterkt að það er merkjannlegt á jörð og veldur skuggum. Skýjaskin getur orðið í dimmviðri, þegar sól brýst í gegn og lýsir upp lágský, sem aftur varpar birtu á jörðina neðanundir. Greinilegast er það kringum þéttbýli í skammdegismyrkri, þegar sterk birta berst uppí lágský sem varpa henni aftur niður, svo skuggar myndast á myrkvudu nærsvæði. Orðið varð til í huga VÖ að morgni aðfangadags 2016 í nágrenni Ásbrúar við Keflavík, þegar ratljóst varð og skuggamyndun vegna skýjaskins, þegar gengið var með hundinn í kyrru veðri og *snjófól* á jörðu.

Skýjaslitra / Skýjatjása (n, kvk) Vottur af skýi; tætt ský. „Einhverjar skýjaslitur er að sjá þarna í austrinu“ „Það er bara alger heiðríkja; hvergis skýjatjásu að sjá“.

Skýtjása / Skýtutla (n, kvk) Lítið ský; skýhnoðri. „Það sést varla skýtjása á himni“.

Skömmtunarstarf (n, hk) Vinna við skömmtun. Einkum notað á tímum innflutningshafta og skömmtunar á varningi, um starf þeirra sem fengust við þá umsýslu. Kemur iðulega fyrir í bókum Rauðasandshrepps; t.d. greiddi hreppurinn kr. 100 fyrir starfið árið 1960.

Sköturoðshnakkur (n, kk) Hnakkur sem gerður er að einhverju leyti úr sköturoði. „Á Rauðasandi voru saumaðir sköturoðsvettlingar og þeir hafðir utanyfir ullarvettlinga á vetrum við fjárgæslu. Þar var sagt um þann sem var síðastur við verk eða að búa sig, að hann lenti í *sköturoðshnakknum*“ (LK; Ísl. sjávarh. IV; heim; RÍ). Bendir til að einhverntíma hafi slík hnakkasmiði þekkt þar um slóðir.

Sköturoðsvefjur (n, kvk, fto) Flys; flus; fótabúnaður úr sköturoði. „Í vefjur var einungis notað roð af stórrí skötu; flenju/gammskötu, og voru oftast tekin af henni nýrri. Roðið var lagt þannig á fótinn að totan, efsti hluti þess, kom fyrir tærnar og undir þær. Það huldi síðan fótinn að ofan og náði upp á legginn. Margbundið var um þessa vestfirsku sköturoðsvefju/flys/flus, sem einkum var höfð til hlífðar í slabbi við útiverk“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild m.a. ÁE).

Sköturoðsvettlingar (n, kk, fto) Vettlingar gerðir úr sköturoði. „Á Rauðasandi voru saumaðir sköturoðsvettlingar og þeir hafðir utanyfir ullarvettlinga á vetrum við fjárgæslu. Þar var sagt um þann sem var síðastur við verk eða að búa sig, að hann lenti í *sköturoðshnakknum*“ (LK; Ísl. sjávarh. IV; heim; RÍ).

Slafra / Slafsa (s) Éta. Notað oftast í nokkuð niðrandi merkingu. „Reyndu nú að slafsa þetta í þig drengur; það er bara *gikksháttur* að éta ekki signa grásleppu“!

Slagahár (l) Hefur fengið marga *slagi* í spilum. „Í lok *spilakvölda* voru verðlaun veitt þeim sem slagahæst voru; sín *aðalverðlaun* fyrir karla og konur, og sömuleiðis tvenn *skammarverðlaun*“.

Slagveðursrigning / Slagveðursúrheili (n, kvk) Mjög mikil rigning/hellirigning/hellidemba þegar hvassviðri fylgir með. „Þoka var á og slagveðursrigning“ (SbG; Að vaka og vinna). „Við lentum í slagveðursúrheili“!

Slamsa (s) Háma; éta af græðgi. „Maður er fljótur að slamsa í sig tíu eggjum“.

Slandur (n, hk) Slúður; kjaftasaga. „Kanntu ekkert slandur að segja mér“?

Slapplegur (l) Linur; veiklulegur; slenjulegur. „Ári ertu eitthvað slapplegur í dag“.

Slarkróður (n, kk) Róður í slæmu sjólagi/veðri. „Svona slarkróðrar skila litlu miðað við áhættu og fyrirhöfn“.

Slattatunna (n, kvk) Hrognatunna sem ekki er full. „Við notum þessa slattatunnu til áfyllingar á aðrar“.

Slá fyrir heppni/lukku (orðtak) Verða lán/heppni. „Nú sló fyrir heppni hjá þér; þú hefur dottið úti ef ég hefði ekki gripið í þig“. „Við lentum í bilun uppi á Hálsi, en það sló fyrir lukku að pósturinn kom þar að og keyrði okkur heim“.

Sláturrétt (n, kvk) Fjárrétt í sláturhúsi. „Ég vann margar sláturtíðir við að draga í sláturréttinni“.

Slást við (orðtak) Fitna; bæta á sig holdum. „Kálfarnir verða fljótir að slást við í þessari beit“.

Sláturleyfi (n, hk) Leyfi stjórnvalds/yfirdýralæknis til að reka sláturhús. Á síðari hluta 20.aldar var allt opinbert eftirlit með matvælaframleiðslu mjög hert, bæði vegna heilbrigðissjónarmiða en ekki síður vegna markaðsstýringa af ýmsu tagi og hagsmunapots í stjórnkerfinu. Þannig voru sífellt gerðar strangari og kostnaðarsamari kröfur til lítilla sláturhúsa, s.s. Sláturfélagsins Örlygs; sem á endanum urðu til þess að ekki var lengur rekstrargrundvöllur fyrir sláturhúsinu.

Slátursuðupottur (n, kk) Pottur til að sjóða í slátur og annað. „En við megum til að rifja upp hvernig slátursuðupottar á Lambavatni voru. Mér er næst að halda að þeir hafi verið sérhannaðir fyrir Lambavatnsbæina. Þetta voru stórir kassalagaðir pottar sem pabbi smíðaði og náðu útyfir eldavélarnar. Þeir tóku, að mig minnir, 30-40 keppi í einu og veitti ekki af að gengi suðan, þar sem forðinn var um tvær stórar tunnur á hvorum bæ, fyrir utan lundabagga, bringukolla og slíkt“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90). „Á Láganúpi var löngum til stór slátursuðupottur úr pottjárn, ca 50 lítra og emaleraður innan minnir mig. Hann var með kúptum botni og bryggju á hliðum, ætlaður til notkunar á kolaeldavélum. Ég man þegar soðið var slátur í honum á hlóðum úti í Gili á Láganúpi, líklega eftir 1960. Mikið var soðið af slátri á haustin og sett í súrsun í tunnur, enda var þetta fyrir daga frýstingar“ (VÖ).

Sleðaháttur (n, kk) Seinagangur; *húfulag*; *sleifarlag*. „Verkið klárast ekki í dag með þessum sleðahætti“!

Sleftóg (n, kvk) Dráttartóg; taug sem notuð er til að draga einn bát með öðrum.

Slenjulegur (l) Veiklulegur; slappur; með slen/slenju. „Skratti er ég eitthvað slenjulegur eftir vökurnar í nótt“.

Sléttbotna / Sléttbotnaður (l) Með sléttan botn. „Þú ferð ekki í kletta á sléttbotnuðum gúmmiskóm“!

Slontur (n, kk) Hellir/skúti í sjávarklettum, með gati í þaki; þannig að þegar alda gengur inni hellinn þrýstist hún af afli upp um gatið og geta þá orðið sjávargos. „Í Saltvík við Skor eru hlrinar og klettur og inn í einn klettinn, nokkuð framarlega, hefur sjórinn grafið tvo skúta eða litla hella. Síðan hefur hann sprengt mjórri rauf í þakið að endilöngu. Þarna verða mikil læti þegar brimið skellur inn í þessa skýta og þrýstist síðan upp um rofið þakið. Þetta fyrirbæri heitir Slontur“ (AÍ; Örn.skrá Sjöundár).

Slorlamb / Slorket (n, hk) Kjöt af nýlega bornu lambi. Þótti ekki mannamat ef annað var í boði, en var sagt fátækramatur fyrrum.

Sludda (s) Gera með naumindum/erfiðismunum/ hangandi hendi; dragnast. „Ætli maður verði ekki að sludda þessu frá; þó ég nenni því varla“.

Sluddagangur / Sluddaháttur (n, kk) Sleifarlag; drullusokksháttur; seinagangur; leti. „Ég þoli ekki svona sluddagang“! „Þetta er ekkert annað en sluddaháttur; þeir bara nenna þessu ekki“!

Sluddast / Sluddast til (s) Geta eða ná naumlega; slarkast. „Hann rétt sluddaðist við að ná prófinu“. „Vélin sluddaðist í gang eftir nokkrar tilraunir“. „Gat hann nú ekki sluddast til að klára þetta almennilega“?!

Sluddaveður (n, hk) Hvöss slydduél; *ógerð*; *slyddurskítur*. „Féð gerir lítið úti í svona sluddaveðri“.

Slugsá / Slugsast (s) Hangsa, tefja, fara sér hægt. „Hann var ekkert að slugsá við verkin“. „Ætlarðu að slugsast við þetta í allan dag“?!

Slúðurgefinn (l) Sem gefinn er fyrir að slúðra/ bera út *slúðursögur*; *sögusmetta*; *kjaftakerling*.

Slúðurrófa / Slúðurseggur (n, kvk/kk) Manneskjur sem þykja slúðra ótæpilega. „Ég marka nú lítið sögunnar hjá þeim slúðursegg“!

Slyddudrulla / Slydduklessa / Slydduklíningur / Slydduóþverri / Slydduskítur / Slyddusori Hugtök sem lýsa viðhorfi til blautrar, kaldrar slyddu sem limist við húð og fót og veldur kulda og vosbúð hjá fólki og skepnum. „Flest er betra en slyddudrullan“.

Slydduhraglandi (n, kk) Lítilsháttar slydda í stífum kalda/vindi. „Maður blotnar drjúgt í þessum slydduhraglanda“.

Slyddubylur / Slyddudrifa / Slydduél / Slydduhrið / Slyddukafald / Slyddurigning / Slydduslagur / Slydduslítingur / Slydduvaðall / Slydduveður (n, kk) Mikið slydduél. „Það er varla fært með hrútinn milli húsa í þessum slydduslag“.

Slyttast (s) Hlunkast; ganga þunglamalega. „Ekki leist mér gæfulega á smalann; hann slyttist með okkur norður á hallinn, en þá settist hann á stein og sagðist vera búinn að fá nóg“.

Slægjublettur / Slægjuengi / Slægjuland / Slægjulaut / Slægjumýri / Slægjustykki / Slægjuflæs / Slægjutú (n, kk/hk/kvk) Laut sem slegin er. „Bollarnir eru lautir neðan við hábrún og voru slægjalautir“ (ÓÍÓ; Örn.skrá Vesturbots). Fyrir daga sáðsléttna og véla leituðu bændur víða fanga með föðuröflun. Heimátún voru oftast lítil og því var goggað víðast þar sem græna grastó var að hafa. Þannig var slegið brok í vötnum, s.s. í Ormaþjörnum, Gormi og Kjóavötnum frá Láganúpi; Hænuvíkurtó, Kollsvíkurtó, Víðilækir, Startjarnir og aðrir blettir í Vatnadal; einnig Flesið í Breiðnum og e.t.v. fleiri slægjuflæs. Slegnar voru Flár og Pokavöllur í Hænuvíkurhlíðum; Saxagjávöllur í Látrabjargi og Urðarvöllur á Gjöggrafjörum var svo mikilvægur slægjublettur að Sellátraness- og Tungubændur börðust vegna hans í Bardagalág.

Slægjupartur (n, kk) Hluti slægjulands. „Fyrir neðan Vallgeirana eru aðeins slægjupartar sem eru með ýmsum nöfnum“ (Helgi einarsson; Örn.lýsing Geitagils).

Slægta (s) Slátra; lóga; drepa. Var notað sem einskonar tæpitunga yfir slátrun; t.d. þegar íhugað var hvort þyrfti að lóga einhverjum kostagrip. „Það gæti þurft að slægta henni Nótt ef hún lagast ekki í fótunum“.

Slöðurmenni (n, hk) Óþokki; þrjótur; sá sem vantar gott innræti. „Ég fyrir lít svona slöðurmenni“! Líklega dregið af því að slöður merkir vöntun/geil.

Slönguskór (n, kk, fto) Svartir gúmmiskór; framleiddir úr gúmmislöngum, og mjög vinsæll skófatnaður á síðari helmingi 20. aldar. „Mér finnst hvítbotnuðu skórnir nokkuð þægilegri en slönguskór“.

Slöttungsaflí (n, kk) Reytingsaflí; sæmilegur aflí. „Ég fékk slöttungsafla báða dagana; ekki samt nein ósköp“.

Smalahugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir um smalamennsku. „Þýðir nokkuð að vera með einhverjar smalahugleiðingar í svona útliti“?

Smalast (s) Safnast; nást saman; um velgengi í smalamennsku. „Hvernig heldurðu að hafi smalast“? „Ég held að það hafi smalast nokkuð vel af Bjarginu núna“.

Smáferlíki / Smáflykki / Smáhlæs (n, hk) Eingöngu notað í neikvæðum líkingum, enda merkja orðin ferlíki og flykki jafnan það sem stórvaxið er (sjá þar). „Þetta skeljaskrímsli var ekkert smáferlíki“!

Smágrasblettur (n, kk) Lítil grasblettur. „Frá túninu liggja smágrasblettir suður með holtunum fyrir ofan túnið og að Helgubúfu“ (DE; Örn.skrá Hvallátra).

Smáhjallar (n, kk, fto) Lágir hjallar; slítið hjallabelti. „Að norðanverðu eru smáhjallar og heita þar Taglbrekkur“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).

Smáhnýðja (n, kvk) Lítil hnyðja/krykkja/trjárót. „Sögn gekk um að notuð hefði verið í bátinn einhver spýta eða smáhnýðja sem gömul kona á Látrum var búin að vara við“ (TÓ; Sjóslýs í Rauðasandshreppi).

Smáagast / Smákýta (s) Deila/munnhöggvast lítillaga. „Þeir rifust aldrei í illu, svo ég vissi; en sífellt voru þeir að smáagast“. „Ekki var óalgent að þeir væru að smákýta yfir þessu á réttunum“.

Smáag / Smákýtingur (n, hk/kk) Lítilsháttar rifrildi. „Þetta smáag jókst orð af orði, uppí hávaðarifrildi“.

Smáklettabrysti (n, hk) Lítil hjalli/klettur. „Grjóthjalli er upp af Litlahjalla; smáklettabrysti eða lítill hjalli“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Smákrytjur (n, kvk, fto) Litlar leifar; lítið magn; óvera. „Hér eru einhverjar smákrytjur af grasfræi eftir í pokahorninu“. „Safnið nú saman þessum smákrytjum af ull; þetta eru verðmæti þegar saman kemur“.

Smáoddi (n, kk) Lítil broddur. „Það voru bara smáoddar af grasinu sem stóðu upp úr klakanum“ (ÁH; Útkall við Látrabjarg).

Smáposi (n, kk) Lítil poki; pokaskjatti. „Þetta kemst ekkert í svona smáposa“, „Hann tindi grös í smáposa“.

Smáputi (n, kk) Lítil strákur; pottormur; smáfaxinn maður. „Það er mesta furða hvað svona smáputi getur“.

Smáskeina / Smáskráma / Smáskursl (n, kvk) Lítið sár; *skinnspretta*; lítið *skursl*. „Þetta er bara smáskeina sem grær fljótt“. „Það er óþarfi að búa um svona smáskursl“.

Smáskítirí / Smáskita / Smáskítta / Smáskítur (n, kk) Lítið; óverulegt; eftirhreytur; *sparðatíningur*. „Þessi smáskita af salti dugir alls ekki í þetta mikið af hrognum“. „Það er bara einhver smáskítur eftir“. „Það tekur því ekki að setja þetta smáskítta á heyvagn, ég set það í galta“.

Smátaddi (n, kk) Lítil poki; pokaskjatti. „Farðu nú fyrir mig í kistuna og sæktu smátadda af *ullartjásu* sem ég á þar“.

Smátangi / Smánes (n, hk) Lítið nes. „Niður af Kollumýri er smánes fram í voginn, sem heitir Litlanes. Þetta er smátangi“ (ÍH; Örn.skrá Melaness).

Smáþræðingur (n, kk) Lítil hilla í bjargi/klettum. „Ýmsir gangar og smáþræðingar eru ofanvið Stíg (í Keflavíkurbjargi) en flestir nafnlausir“ (HIH; Örn.skrá Keflavíkur).

Smekkmanneskja (n, kvk) Sú sem er *smekkvís*/ gerir hluti áferðarfallega að mati annarra.

Smellikveikja (n, kvk) Magnettukveikja; magnetta; segulkveikja. Kveikja sprengihreyfils sem ekki byggir á lágspennurás, heldur framleiðir vélin rafpúls með segli (oftast á svinghjólínu) sem fer hjá spólu. Rafpúlsinn er magnaður upp í sérstökum spennu á kveikjunni, og leiddur í kertið, þar sem hann veldur neista. Smellikveikjur voru oft vandræðagripir og óáreiðanlegar; þurfti oft að *skrifa* þeim *til* og þurrka kerfið.

Smergelmaskína / Smergelskífa / Smergelhjól (n, kvk/hk) Smergel; vél til að sverfa/slípa/raspa járn eða önnur efni. „Snúðu aðeins smergelmaskínunni fyrir mig, meðan ég brýni hnífinn“.

Smér (n, hk) Smjör. Var yfirleitt framborið og ritað þannig af innfæddum í Rauðasandshreppi. Þjóðtrúin segir að ekki megi éta smér við hangiketi því þá verði maður aldrei jarðeigandi. (JÁ; Þjs).

Smérbiti / Smérflís / Smérstykki / Smérklessa / Smérögn (n, kk/hk/kvk) Biti/stykki/klessa/ögn af sméri/smjöri.

Smérdallur / Smérdiskur / Smérkúpa / Smérskál / Smértunna (n, kk/kvk) Ílát sem smér/smjör er geymt í. „Réttu mér smérdallinn“.

Smérfjórðungur (n, kk) Mælieining smjérs/smjörs. Sjá *fjórðungur*.

Smérgerð (n, kvk) Framleiðsla smérs/smjörs með strokkun rjóma.

Smérhellir (n, kk) Hellir þar sem smér var geymt fyrrum. Hellir með því örnefni er heimantil í Hnífum; rétt neðanvið brún. Í lágunum ofan hans voru nokkrir stekkir. Líklegt er talið að hellirinn dragi nafn af því að þar hafi verið geymt smjör, enda hefur hann verið besta kæligeymsla sem völ er á. Það sést best á því að í honum er oft hjarnskafi langt frameftir sumri þó snjór sé horfinn til fjalla.

Smérhnífur (n, kk) Hnífur til að skera smjör/ smyrja smjöri. „Hananú; datt smérhnífurinn í gólfíð“!

Smérklípa (n, kvk) Lítil skammtur af sméri/smjöri; það sem klipið/skorið er af smérstykki til þess t.d. að smyrja brauðsneið. „Gefðu mér smá smérklípu ofaná sneiðina“.

Smérlaus / Smérlítill (l) Vantar smér/smjör. „Nú er bágt ástandið; ég er að verða smérlaus“!

Smérlíki (n, hk) Smjörlíki; margarín.

Smérpappír (n, kk) Pappír úr stinnu, hálfgegnisæju og vatnsfælnu efni, sem notaður er m.a. utanum smér/smjör og við bakstur.

Smérsalt (n, hk) Mjög finmalað salt, sem notað er m.a. til söltunar á smjöri, hrognum o.fl.

Smitpest / Smitpestarfjandi (n, kvk/kk) Smitandi veiki; umgangspest. „Þessi smitpest er víst að ganga“. „Nú er ég líkastil kominn með þennan smitpestarfjanda“.

Smitulogn (n, hk) Blankalogn eins langt og eygt verður. „Við fáum smitulogn alla leið“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Smíðakoffort (n, hk) Koffort sem í eru geymd verkfæri og smíðatól. „Erlendur á Hvallátrum sendi einn af vinnuönnnum sínum eftir smíðakoffortinu. Hann hét Gestur Jóseppson, og var síðar þurrabúðarmaður í Kollsvík (að Gestarmel)“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Smíðatimbur (n, hk) Viður sem nota má til smíða/ ætlaður er til smíða. „Uppi á bitum var geymt smíðatimbur“.

Smölunarleiðangur (n, kk) Ferðalag til að smala fé. „Við gerðum heilmikinn smölunarleiðangur inná Stíg“.

Snakillur / Snakvondur (l) Mjög reiður; viðskotailur; bregst illa við. „Hann varð snakillur þegar þetta var borið upp á hann“. „Það mátti ekki orðinu halla, þá varð hann snakvondur“.

Snaphagi (n, kk) Dálítill beit í úthaga. „Féð kemst þarna í dálítinn snaphaga, auk þess að vatna sér“.

Snapróður (n, kk) Róður sem lítið hefur fiskast í. „Þetta var nú hálfgerður snapróður hjá okkur í dag“.

- Snaraður** (l) A. Um hurð; lokuð með *snara*. „Farðu nú hinumegin og opnaðu *garðahurðina*; hún er snöruð að innanverðu“. B. Um fugl; veiddur með snöru. „Snaraður fugl var dreginn upp í kippum“.
- Snarbilaður / Snargeggjaður / Snarbrjáláður / Snarvitlaus** (l) Kolvitlaus; brjáláður; tröllheimskur. „Ertu alveg snarbilaður; þú stefnir beint á boðann“! „Þetta uppátæki ríkisins er alveg snargeggjað“. „Það þýðir ekkert að verða snarvitlaus þó strengurinn hafi verið skorinn. Þú vandar þig betur næst við lagninguna“.
- Snarbirta** (s) Birta skyndilega í lofti; birta snögglega til. „Nú sýnist mér hann vera að snarbirta til; meira að segja farið að glaðna fyrir sól“. „Það snarbirti í lofti þegar við komum suðurá Víkina“.
- Snargrynnu** (s) Grynnu mjög hratt; marbakki/brimstallar/kantur. „Talsvert dýpi er í um 80 – 100 metra fjarlægð frá landi um flód, en þar snargrynnir á hleinarbún sem kemur upp um hverja fjöru“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Snarhalda kjafti / Snarhalda sér saman** (orðtök) Steinþegja. „Ég held að sá *bullustrokkur* ætti að snarhalda kjafti; alltaf sami *slúðurberinn*“! „Nú skulum við snarhalda okkur saman; þarna kemur hann sjálfur“!
- Snarhasta** (s) Kalla mjög mikið að; vera brýnt. „Það snarhastar nú ekkert að svara svona vitleysu“.
- Snarhægja / Snarlygna / Snarlægja** (s) Um vind; lægja/hægja mjög skyndilega. „Það snarhægði um leið og styttaði upp“. „Mér finnst vindinn hafa snarlægt á stuttum tíma“.
- Snarhækka** (s) Hækka mjög ört/skyndilega. „Áburðurinn hefur snarhækkað í verði“. Við Undirhlíðarnef snarhækka sjávarklettarnir, en lækka aftur utar; nærri Hnífaflögu“.
- Snarlagast** (s) Batna/lagast mjög mikið/skyndilega. „Veðrið hefur snarlagast; ætli maður fari ekki að sýna fénu eitthvað út“.
- Snarléttu til/pokunni** (orðtak) Birta skyndilega upp el/snjókomu/rigningu/þoku; glaðna skyndilega til. „Hann er að snarléttu þokunni. Ansi hefur okkur rekið langt norður á Flóann“!
- Snarstyttu upp** (orðtak) Hætta skyndilega að rigna/snjóa. „Hann snarstytti upp þegar ég var kominn í regnkápuna“.
- Snarvenda** (n, kvk) Sérstök gerð vélar. Breyta má snúningsátt snarvendu í einu veffangi, frá áfram í afturábak.
- Snarvenda** (s) A. Breyta snúningsátt á *snarvendu*. B. Skipta skyndilega um skoðun. „Það má alveg segja að ég hafi snarvent í þessu máli; eftir að hafa heyrt rökin með og á móti“.
- Snarversna** (s) Versna mjög mikið/hratt; versna *til mikilla muna*. „Veðrið er að snarversna allt í einu; ég fer bara að láta féð inn“.
- Snasla** (s) Borða/éta í litlu magni; narta í; kroppa; bíta. „Féð er eitthvað að snasla í þennan rudda, en þetta er fjári lélegt föður“.
- Sneisafylla** (s) Fleytifylla; troðfylla; fylla alveg. „Við vorum fljótir að sneisafylla þau fáu ílát sem við höfðum“.
- Sneisafylltur** (l) Fleytifylltur; troðfylltur. „Hjólborurnar voru sneisafylltar af eldivið og kjagað með þær upp að Hesthúsi“.
- Snemmorpin** (l) Um fugl; verpir/*verpur* snemma. „Ári eru þetta snemmorpin langvíuegg; þau eru orðin *eygð*, þó múkkavarp sé varla byrjað“.
- Snerpuþurrkur** (n, kk) Mjög góður þurrkur; hlýr vindur og sólskin. „Það má einhvernvegin ná sæmilegum heyjum; með svona snerpuþurrk dag eftir dag“!
- Sneypast** (s) Hundast; skammast. „Ég held honum væri *skammarnær* að sneypast til að biðja fólk afsökunar á fíflaganinum en að hreykja sér af honum“!
- Sniglarákir / Sniglaslóðir** (n, kvk, fto) Glitrandi slímrákir sem stundum má sjá á hörðu yfirborði, s.s. klóppum, og eru eftir umferð snigla.
- Snitti** (n, hk) A. Kambur af rauðmaga eða grásleppu, en hann var gjarnan hirtur fyrrum og borðaður súrsaður. Orðið kann að hafa verið notað um annan afskurð áður fyrr. B. Snifsi; ögn. „Það er ekki snitti eftir af þessu“. Líklega líking við fyrrnefnda merkingu. C. Verklag; háttur; snið. „Við gerum þetta núna með þessu snitti og sjáum hvernig fer“. Orðið finnst ekki í þessari merkingu í orðabókum, en HÍ gefur upp merkinguna „tæki til að búa til skrufgang með“, sem einnig er þekkt í Kollsvík.
- Snjóalaut / Snjóadæld** (n, kvk) Laut/dæld sem gjarnan safnar í sig snjó. „Þú skalt reyna að fara eftir háholtinu til að forðast snjóalautirnar neðar“.
- Snjóastaður** (n, kk) Snjóþungur staður. „Með uppýtingu vega voru lagfærðir margir helstu snjóastaðirnir“.
- Snjódróg** (n, kvk) Vottur af snjó. „Það sést varla nokkur snjódróg í Kóngshæðinni lengur“.
- Snobbsamkoma** (n, kvk) Niðrandi heiti á samkomu fyrirfólks/ finni samkvæmum. „Ég held ég láti það alveg vera að mæta á svona snobbsamkomu“!

Snúinkjafta / Snúinkjaftur (n, kk) Sú/sá sem þykir kjöftugur/meinyrtur eða á annan hátt tala það sem öðrum ekki líkar. „Ég legg nú lítinn *trúnað* á það sem sá snúinkjaftur lætur útúr sér“!

Snúningalipurð (n, kvk) Það að vera *snúningalipur*; greiðvikni; *dáderingar*. „Hann er mesta gæðablóð þessi drengur. Og ekki skortir hann greiðvikni og snúningalipurð“.

Snúningastelpa (n, kvk) Stúlka sem vinnur ýmis létt verk á búi/heimili.

Snúrusími (n, kk) Sími með snúru milli símtækis og *handtóls*. Allir símar voru snúrusímar, fram til þess að þráðlausir símar fóru að tíðkast (um 1980). Orðið er að sjálfsgöngu ekki gamalt en varð útbreitt.

Snyrtilega (ao) Fallega; laglega; smekklega. „Það þarf að leggja snyrtilega á borðið fyrir veisluna“.

Snældubilaður / Snældubrjálaður / Snældugeggjaður / Snælduvitlaus (l) A. Um veður; Kolvitlaust; glórulaust. „Hann er að gera snældubrjálað veður“. B. Um mann; kolvitlaus; brjálaður. „Ertu alveg snældugeggjaður? Það er glórulaust að leggja á fjallið í þessu útliti“! „Karlinn varð alveg snælduvitlaus þegar hann frétti af þessu“.

Snældugeggjun (n, kvk) Algert brjálæði; frámunaleg vitleysa. „Ég hef sjaldan heyrt um álíka snældugeggjun“!

Snærahnýtingar (n, kvk, fto) Mikil notkun snærrispotta til að festa saman. „Hér þarf að fara að endursmíða dilkinn; þetta hangir bara aman á fúaspökum og snærahnýtingum“.

Snöfl (n, hk) Snúningar; dund; útréttingar; frágangur. „Ég þarf að skreppa á Patró á morgun í ýmiskonar snöfl“.

Snögghlýna (s) Hlýna skyndilega. „Hálfkan getur verið varasöm þegar snögghlýnar svona í veðri“.

Snögghægja (s) Hægja skyndilega. „Hann snögghægði þegar skúrinni létti“.

Snögglagast (s) Batna/lagast skyndilega. „Veðrið snögglagaðist eftir élið, svo við náðum að hlaupa heim“.

Snögglægja (s) Um veður/sjólæg; lægja skyndilega. „Hann hefur snögglægt þennan *vestangutlanda* sem var í morgun“. „Hann snögglægði aftur eftir élið; jafn skyndilega og það hafði skolið á“.

Snöggun (n, kvk) Söfnun eggja í strjálu varpi í bjargi. „Maður nennir ekki að fást við snöggun í Hnífunum þegar auðveldlega er hægt að komast í mikið samfelldara varp annarsstaðar“.

Soðhella (n, kvk) Hella í veri, sem *soðning* vermannna er færð uppá. Hella með því nafni má enn sjá í verstöðinni Stöð í Keflavík.

Soðningardiskur / Soðningarfat (n, kk/hk) *Platur*/diskur sem soðning er sett á þegar fært er uppúr *soðningarpotti*.

Soðningarróður (n, kk) Róður sem farinn er til að *sækja sér í soðið*; fiskiróður til að *fá sér í soðið*. „Við brugðum okkur í soðningarróður framá vikuna í veðurbliðunni“.

Sorabylur / Soraveður (n, kk/hk) Slæmt veður. Helst haft um þéttan *slyddubyl/slyddusora*. „Við skulum sjá hvort veðrið lagast ekki eitthvað; það er ástæðulaust að bleyta sig inn að skinni í þessu soraveðri“.

Sorpreki (n, kk) Reki af rusli/sorpi á fjörur. „Almennur hreppsfundur haldinn að Fagrahvammi beinir þeim ákveðnu tilmælum til hreppsnefndar Patrekshrepps að þannig sé unnið að sorpeyðingu staðarins að sorpreki sunnan fjarðarins valdi ekki óþrifnaði á fjörum eða öðru landi“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Sortabylur / Sortaél / Sortahríð / Sortakafald (n, kk) Mjög dimmt él. „Það var komið foráttubrim í lendingunni, enda hafði vindur nú snúist til suðvesturs og kominn sortabylur“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sortníðingur (n, kk) Sá sem borðar einungis eina sort/tegund af þeim réttum/kökum sem á borðum eru. „Þú mátt ekki vera þessi sortníðingur drengur þó þér þyki þessi kaka best; fáðu þér af hinum líka“!

Sovétsnepill (n, kk) Niðrandi heiti á blaði sem gefið var úr um tíma hérlendis og nefndist „Fréttur um Sovétríkin“; þýtt úr sænsku blaði; „Fakta om Sovjetunionen“. Gunnar Össurason, sem var einlægur vinstriáttur alla ævi, lét senda þetta blað til Láganúps um alllangan tíma. Þar var því vel tekið eins og öllu lesefni, án þess að valda pólitískum straumhvörfum. Það var í þægilegu broti til að lesa í rökkrinu á kamrinum en illa hannað til að brúka sem skeini, líkt og Tíminn. Landpósturinn; Kittí í Hænuvík, mun hafa valið blaðinu þetta óvirðulega heiti, en framsóknarmanninum þótti þungbært að bera slíkt útum sveitir.

Sóðakjaftur (n, kk) Manneskja sem hefur slæman *munnsöfnuð*/ talar illa um /við aðra. „Það var kominn tími til að hann fengi einhverja *ofanigjöf*; þessi sóðakjaftur“!

Sólarglæta (n, kvk) Vottur af sólskini; rof fyrir sólu; sólskinsblettur. „Hann er alveg stytur upp núna, og vottar jafnvel fyrir sólarglætu“.

Sóka fyrir (orðtak) Vera á höttunum eftir; sækjast eftir. „Hann hefur verið að sóka fyrir að fá Kollsvíkurrættina keypta, en hún hefur lítið verið í sölu“. „Maður reynir nú frekar að sóka fyrir stórþorski en svona moski“. Líklega komið úr dönsku; „söge efter“. Annarstaðar merkti orðtakið að annast/ sjá um.

Sósuspónn (n, kk) Dálítið af sósu; sósuskeið. „Gefðu mér nú smá sósuspón hér útá ketið“.

Sótbikasvartur (l) Kolsvartur. „Hann var sótbikasvartur á höndunum eftir viðgerðina“.

Sótbrunnið (l) Tært af sótfalli. „Þakið á Láganúpsbænum var úr alúminíumplötum, og var orðið all sótbrunnið kringum reykháfinn“.

Sótsvartabylur / Sótsvartaél / Sótsvartakafald / Sótsvartahríð / Sótsvartaskafmold (n, kk/hk/kvk) Mjög blind snjócoma/skafmold/hríð. „Hann skall yfir okkur með sótsvartaéli, svo við *töpuðum áttum*“.

Sótsvartamyrcur (n, hk) Niðamyrcur; algert myrcur. „Hafðu vasaljós; það er komið sótsvartamyrcur“.

Sóttækinn (l) Gjarn á að fá umgangspesir. „Enn er hann lagstur; meira hvað maðurinn er pestækinn“!

Sóttillur / Sótreiður / Sótvondur (l) *Bálvondur*; afar reiður. „Karlinn var sóttillur yfir þessu hirðuleysi unglinganna“. „Ég hef sjaldan séð hann svona sótvondan“!

Sótþráður (n, kk) Þráður, vættur í sótblandaðri terpentínu; notaður til að *þræða* stórvið. Þá er hann strengdur milli nagla og síðan teygður frá og sleppt. Við það kemur svart beint strik sem sagað er eftir“.

Sótpreifandiblindöskubylur / Sótþreifandiöskubylur (n, kk) Mjög dimmur og hvasv snjóbylur; dimmt skafmoldarkóf. „Við fengum á okkur þennan líka sótpreifandiblindöskubyl uppi á Aurtjörninni, svo við urðum hreinlega að stoppa og bíða hann af okkur“! „Það er kominn þvílíkur sótpreifandiöskubylur að ég held ég bíði smástund með að *fara í húsin*“.

Spaðket (n, hk) *Ket* sem búið er að brytja í spað/bita; ketbitar; saltket. „Þarna átti hann kvartel af spaðketi“.

Spaklega mælt / Spakmannlega mælt (orðtak) Viturlega sagt; gáfulegt. „Það var spakmannlega mælt af þér“!

Spandals (n, kk) Bruðl; óþarfa eyðsla; skaði. „Mér finnst það bévítans skandals að henda góðum ílátum“. Orðabækur gefa upp „spandas“, líklega í sömu merkingu, en þetta var sagt svona vestra.

Spanghyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með horn sem standa tiltölulega lítið bogin og samsíða upp og aftur af höfðinu. Geitur eru oft spanghyrndar en sauðkindur sjaldnar. Drgið af *spöng*.

Spanskreyr / Spanskreyrstöng (n, kvk) *Bambusstöng*. „Hann útbjó sér langan *eggjaháf* úr spanskreyrstöng“.

Sparihattur / Sparihúfa / Sparijakki / Sparikjöll / Sparipeysa / Sparipils / Sparisokkar / Spariskyrta / Sparitreyja / Spariúlpa / Sparivettlingar (n, kk/kvk/hk) Einstakir hlutar sparifatnaðar; finni fót en hversdagsklæðnaður.

Sparistell (n, hk) Borðbúnaður af vandaðri gerð, sem ætlaður er til notkunar í veislum en ekki *hvirndags*. Leirtau af samstæðri gerð og oftast með skreytingu, jafnvel gyllingu. „Hún fór að tína *sparistellið* út úr borðskápnunum, en ég harðbannaði henni að *hafa* neitt fyrir okkur“.

Spaugelsi (n, hk) Draugagangur; *undarlegheit*. „Það er þá eitthvað spaugelsi í sjónvarpinu eina ferðina enn“! Orðið er greinilega tökuorð úr dönsku.

Spaugilegheit (n, hk, fto) Fyndni; skopleg tilvik; *skringilegheit*. „Ýmis spaugilegheit gerðust í þessari ferð“.

Spásserskór (n, kk, fto) Gönguskór; *tramparar*. „Þetta eru *bráðhentugir* spásserskór, hvað sem útlitinu líður“.

Spásserstígvél (n, hk, fto) Göngustígvél; stígvél sem henta til gönguferða. „Mér finnst þessi brúnu stígvél svo ansi heppileg spásserstígvél. Ég nota helst ekki annað, hvort heldur er í smalamennskur eða bjargferðir“.

Spásserstúr (n, kk) *Labbitúr*; stutt gönguferð. „Við fáum okkur spásserstúr upp í garð“.

Spegilfægður / Spegilglansandi / Spegiljáandi / Spegilglitrandi (l) Gerður alveg sléttur með sléttun/slípun; ; rennisléttur; speglandi; gljáandi. „Það má nú einhvernveginn vera að veiðum á svona pollsléttum og spegilglitrandi sjó“!

Spegilglans / Spegilglit (n, kk/hk) Mjög slétt yfirborð. „Það er ekki alveg sami spegilglansinn á sjónum núna og var í gær“.

Spegilkyrr sjór / Spegilsléttur sjór (orðtök) Algerlega sjólaust og logn. „Það var smá ylja í röstinni, en þegar kom suður á vikina var spegilkyrr sjór“. „Það er nú einhver munirinn að dorga í svona spegilsléttu“!

Spegilkyrrð / Spegillogn / Spegilslétta (n, kvk/hk) Um sjólag; pollslétta; ládeyða. „Skelfilegt er að horfa uppá þessa spegilslétta dag eftir dag og þurfa að vera í landi“!

Spekingsskepna (n, kvk) Gáfuleg/hugsandi skepna. „Hrafninn er stundum hin mesta spekingsskepna“.

Spektarblóð / Spektargrey / Spektarmaður / Spektarskinn (n, kk) Rólegheita maður; *gæðablóð*. „Strákurinn er mesta spektargrey“. „Að öllu jöfnu er hann spektarmaður, en síður vildi ég fá hann upp á móti mér“. „Hann er mesta spektarskinn ef rétt er farið að honum“.

Spenafleiður / Spenahrúfl / Spenahrúður / Spenameiðsli / Spenamein / Spenasár / Spenaskemmd / Spenasprungna (n, hk) Meinsemd í spena. Oftast átt við kýrspena, enda er kúm hætt við slysum á

spenum og meiðsli þeirra oft viðkvæmari en annarra dýra vegna stöðugra mjalta. Kúm hættir til að *stíga sig*; þær sólbrenna á spenum og rífa spena á t.d. gaddavír.

Spensíð (l) Um kýr eða kind; með síða spena; *síðjúgra*.

Sperruklampi (n, kk) Klampi/styrking úr fjalarbút sem felldur er utaná sperrukjálkamætin efst.

Spéfugl / Spéspói (n, kk) Grínisti; sá sem gerir grín/háð; sá sem oft hefur gamanmál um hönd. „Hann er svoddan spéspói að maður veit aldrei hvenær hann er að tala í alvöru“. Vell spóans er ekki óáþekkt dillandi hlátri, og líklega er líkingin af því dregin.

Spísslag (n, hk) Oddlag; yddað. „Mér líkar ekki skór með svona spísslagi í tána“.

Spíssreka (n, kvk) Malarreka; reka/skófla sem hentar í mokstur á möl; með íhvolfu og oddmynduðu blaði.

Spítalamatur (n, kk) Uppnefni á þeim sem þarf sjúkrahúsvist. „Maður er bara hér um bíl spítalamatur eftir að hossast yfir þetta fjandans *holukraðak*; skyldu þeir vera búnir að friðlýsa þetta alveg“?!

Spjalda (s) Hnýta spjald í herðakamb sláturfjár til auðkenningar. „Nokkuð var um að sláturfjäreigendur spjölduðu fé áður en það kom í sláturhús eða í sláturhússrétt, til að geta fylgt hverjum skrokki eftir fram að kjötmati. Þurftu þá fláningsmenn að gæta þess að færa spjaldið yfir á hækiljárníð“.

Spjarafátækur / Spjaralítill (l) Hefur lítið af fötum til að fara í. „Þú ert að verða helst til spjarafátækur stubbur minn; þú stækkar svo ört“!

Spjótaglamur (n, hk) Hótanir; ógnanir; heitingar. „Það þýðir ekkert að nálgast svona mál með einhverju spjótaglamri; hér verður að fara samningaleiðina“!

Sponsbor (n, kk) Bor til að bora sponsgat á tunnu. „Hvar setti ég nú sponsborinn“?

Spottabasl / Spottadrasl (n, hk) Mikil notkun á bandspottum, t.d. til skammtímaviðgerða. „Skelfing leiðist mér þetta spottabasl; geta menn ekki gert almennilega við réttarræfilinn? Þeim finnst skárra að missa allt út“!

Spottalaus (l) Um bjargferðir; án stuðnings af vað/bandi; *bandlaus*; *vaðlaus*. „Það má vel komast spottalaus þarna á milli ganganna; það hef ég oft farið“.

Spraututaska (n, kvk) *Merkjataska*; taska sem höfð var meðferðis þegar farið var til bólusetningar og merkinga á lömbum, en það var gert nær daglega um sauðburðinn. Í töskunni voru m.a. bóluefni, sprauta, glas af súlfatöflum, markatöng, merkjatöng, eyrnamerki, penni og fjárblað til innfærslu á upplýsingum um lambið; númer sem það fékk og móður þess.

Sprekdót / Sprekrusl (n, hk) *Smáspýtur*; *spýtukubbar*; smælki af viði. „Ég safnaði einhverju sprekdóti þarna við reykkofann; til að hafa til *uppkveikju*“. „Það var ansann enginn reki; bara eitthvað sprekrusl í Bótinni“.

Sprenghlaup (n, hk, fto) Æðisgegnin hlaup; spretthlaup; *strekkur*. „Hann var örmagna eftir þessi sprenghlaup“.

Sprengidagsket / Sprengidagssaltket (n, hk) Saltket sem borðað er á sprengidag.

Sprengjufrost (n, hk) (Líklega) Hörkufrost sem veldur háværum sprengingum í mýrlendi. (Orðasafn IG)

Sprengsaddur (l) *Pakksaddur*; *belgfullur*; búinn að *éta á sig gat*. „EKKI meiri súpu takk; ég er sprengsaddur“.

Sprettulaust (l) Um tíðarfar; mjög hæg spretta. „Það er búið að vera sprettulaust vegna kulda og þurrka“.

Sprettuleysissumar (n, hk) Sumar þegar gras sprettur mjög illa; grasleysissumar. „Eitt sinn þegar ég var vinnumaður hjá Ólafi heitnum Ásbjörnssyni í Botni, þá hafði verið sprettuleysissumar, svo hann var *heykort* um haustið“ (MG; Úr Vesturbyggðum Barðastrandasýslu; frásögn Guðmundar Jónssonar).

Spræklur (n, kvk, fto) Dílar; smáblettir sem eru mjög frábrugðnir að lit en umhverfið. Helst var talað um spræklur varðandi lit á lambi, en einnig einnig í öðru efni: „Hann er að leggja upp einhvern norðankalda; mér sýnist einhverjar spræklur vera komnar þarna frammi á vikinni“.

Spvrja eftir sér (orðtak) Um þann sið sumra sveitamanna sem sjaldan fóru að heiman, að hringja ótt og títt heim til að láta vita um gang ferðalagsins; spyrja um gang bústarfa; fá upplýsingar og vita hvað þyrfti að útvega á heimilið. Þessir menn ólust upp við slæmar samgöngur fyrri tíma og erfíða aðdrætti; því lá í augum uppi að nota sér tækni símans í þessum tilgangi. Líklega er GJH á Hnjóti höfundur þessa sérkennilega orðtaks, en hann var hnyttinn í orðum og fundvís á það spaugilega í tilverunni. „Hann var varla kominn inn úr búðardyrnum þegar hann bað um að fá að hringja til að spyrja eftir sér“.

Spýjupest (n, kvk) Gubbupest; ælupest; veikindi með uppgangi. „Hann liggur bara heima með spýjupest“.

Spýtustubbur / Spýtustúfur (n, kk) Stutt spýta. „Þessi spýtustúfur dugir skammt til viðgerða“.

Spæna (n, kvk) Rok; svo mikið að rýkur úr brimöldu og Víkin er hvít á sjó út. „Hann hlýtur að fara að lægja þessa norðanspænu“.

Staflalöm (n, kvk) Löm á dyr, með stafla sem rekinn er í dyrastafinn, og á hann sest lamarblaðið á hurðinni. Önnur gerð af lömum var *blaðlöm*, sem er með blöðum báðumegin við liðinn.

Stafnlykkja (n, kvk) Lykkja í stefni báts. Í hana er krækt *spilvir* þegar bátur er settur með spili. Orðið sést ekki í orðabókum, en hýtur þó að hafa verið notað víðar en í Kollsvík.

Stafnréttur (l) Um stefnu/horf báts; snýr rétt við í lendingu eða til að mæta stórsjó. „Miklu skiptir að bátur sé stafnréttur þegar róið er upp. Þá er minni hætta á skakkaföllum“.

Stakkelsarmingi / Stakkelsaumingi / Stakkelsgrei / Stakkelshró / Stakkelskinn (orðtak) Vorkenningarorð í garð þess sem á bágt; dönskusetta sem sumum var töm. „Nú þykist kálfurinn vera orðinn svangur, stakkelsarminginn“. „Kastaðu kornlúku til fuglanna þarna úti; það er kalt á þessum stakkelsgreijum“.

Standhnítta (n, kvk) Nibba sem stendur upp úr bergi. „En þegar ég ætlaði að hlaupa fyrir kvíadyrnar datt ég um koll og kom með öxlina á standhníttu, en þær stóðu víðsvegar upp úr berginu“. (ÓTG; Ágrip af æviferli).

Stanghyrnd (l) Um hornalag sauðkindar; með áberandi beinvaxin horn (ekki *hringhyrnd/skeifhyrnd*); *upphyrnd*.

Stanka (s) Lykta mjög illa. „Farðu úr skítagallanum úti; þú stankar alveg“. „Sorpílatið er farið að stanka“.

Stankandi (l) Illa lyktandi; fúll. „Farðu nú í það drengur; þú ferð ekki á skemmtunina stankandi af fjósalykt“!

Stankur (n, kk) Megn ólykt; fnykur. „Stankinn leggur langar leiðir“. „Inni í greninu var ferlegur stankur“. Bæði orðin (stanka og stankur) virðast vera óþekkt í þessari merkingu utan svæðisins en voru þar altöluð.

Stappað (l) Þröngt; troðið. „Þa gengur ekki að hafa féð svona stappað í alltof þröngri stíu“. „Það var svo stappað af fólki á danskólfinu að menn gátu varla hreyft sig“. Sést ekki í þessari merkingu í orðabókum.

Starta á / Starta í sig (orðtak) Narta í; naga; *tönnlast á*; borða; *úða í sig*. „Hvar náðir þú í þetta harðfiskstrengsli sem þú ert að starta á“? „Kýrin var komin í garðinn og farin að starta á rófunum“!

Stálgreip (n, kvk) Mjög sterklegt grip/tak með hendi. „Ég treysti mun betur á hans stálgreipar en þó tíu meðaljónar *sætu undir vaðnum*“!

Steinbítaröa / Steinbítbiti / Steinbítflís / Steinbítslús / Steinbítögn (n, kvk/kk) Heiti yfir munnbita af hertum steinbít. „Á ég ekki að rífa fyrir þig steinbítaröu af strengslinu“? „Þú mættir alveg gefa mér smá steinbítslús ef þú tímir því“.

Steinbítbudda / Gidda (n, kvk) Budda; kýta; lalli; magi úr steinbít. „Buddan var oft hirt; troðin út með þorskalifur og soðin; þótti matur góður og matarmeiri en kútmagi, enda þykkari, einkum í botninn. Efri hlutinn var nefndur gormur. Víða var steinbítsmaginn soðinn og látinn í súr“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV).

Steinbítflökun (n, kvk) Flökun steinbíts. Í seinni tíð er steinbítur einkum nýttur annaðhvort til suðu eða herslu. Í báðum tilvikum er hann oftast flakaður, en ekki flattur með fyrri tíðar aðferð (sjá *steinbítur*). Steinbítflökun fer þannig fram að fiskurinn er lagður beinn á hliðina á slétt borð, oftast með innnyflum. Skorið er niður að hrygg aftanvið eyrunnana og flakið með roði skorið af í einu bragði aftur á stirtlu. Hnífurinn fylgir hrygg en hjá vönum flakara er hvorki skorið í hrygg né verður mikill fiskur eftir þegar flakað hefur verið báðumegin. Eigi að sjóða eða steikja fiskinn er flakið stundum roðflett en eigi að herða hann er flakið oftast kúlað og skorin þuma til upphengingar á rá. Ekki má þvo þann steinbít úr vatni sem herða skal. Helst er hann óþveginn, en stundum difið í sjó.

Steinbítshamar / Steinbítshnallur / Steinbítssleggja (n, kk/kvk) Stór hamar/ lítil sleggja sem notuð var til að berja harðfisk, en harðfiskur í Kollsvík var allajafna steinbítur fyrrum. Heitið steinbítshnallur var þó einnig notað yfir barefli sem notað var til að rota steinbít eftir að hann var veiddur. Harðfiskur var barinn á sérstökum hentugum steini í nágrenni bæjar, og oft var sleggjan geymd þar ef stutt var í næsta *barning*. Fyrir daga járnhausa voru gegnumboraðir steinar skeftir fyrir sleggjuhausa. Mikilsvert þótti að vel væri barið, þannig að fiskurinn væri *mjúkur undir tönn*, en þó ekki svo að hann ódrýgðist eða roð færi að merjast að ráði **Steinbítshelmingur / Helmingur** (n, kk) Hálfur flattur *steinbítur* (sjá þar).

Steinbítshlaup (n, hk) Steinbítsganga; gengd af steinbít. „Svo er sagt að síðari hluta aprílmánaðar vorið 1812 kæmi mikið steinbítshlaup á mið þeirra Látamanna“ (GiG; Frá ystu nesjum).

Steinbítshvörn (n, kvk) Kvörn úr steinbítshaus. Steinbítshvörnir féllu til í miklu magni í Kollsvík og voru notaðar í leikjum barna og sem gjald í spilum. Sjá einnig *þorskhauskvörn*.

Steinbítslýri / Lýri (n, kk) Stór steinbítur; slápur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar; LK; ísl sjávarh. IV; DE).

Steinbítslæpa (n, kvk) Horaður steinbítur. „Það er ekkert hægt að gera við svona steinbítslæpu; hentu þessu“.

Steinbítshotari (n, kk) Sérstakur goggur sem notaður er á steinbítveiðum, og var því algengari í Útvíkum en víða annarsstaðar. „Járn hans var sterkara en á þorskogg og neðst á öðrum kanti var oft hvalbeins- eða eikarklumpur svo og sver járnhringur“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Steinbítshotari af þessari gerð var til á Láganúpi til skamms tíma, og gæti enn verið finnanlegur.

- Steinbítseil** (n, kvk) Kippa/seil af óslægðum og óverkuðum steinbít. „Við þennan stein var lent áður fyrr og einum manni af hverjum bát hleypt upp á hann með steinbítseilarnar, og áttu þeir að sjá um að koma þeim upp í fjöru; bátunum róid frá og settir heim í lendingu“ (ÞJ; Örn.lýsing Hvallátra).
- Steinbítspön** (n, kvk). Þynnsti hluti herts/sigins steinbítshauss. „Þar sem lítið var um steinbít voru hausarnir soðnir *signir*. Einnig þekktist að sjóða *steinbítspanir* einungis til að sjúga beinið; sumir átu þær uppúr súr.“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV, heimildarmenn einkum; ÞJ; ÁE; DE; ÓETH).
- Steinefnaskortur / Steinefnavöntun** (n, kk/kvk) Skortur/vöntun á steinefnum. „Að lokum ræð ég flestum þeim til er gefa *flóðhey*; jafnvel þó vel verkist, að gefa með þeim steinefni; salt. Efnarannsókn hefir leitt í ljós einmitt steinefnavöntun í þessum heyjum“ (OHE; Forðagæslubók Rauðasands 1930).
- Steinsmuga** (n, kvk) Ákafur og þunnur niðurgangur; *skita*; *veggspýtingur*; *renniskítur*. „Ég fékk heiftarlega steinsmuga eftir veisluna“.
- Stelbjófur** (n, kk) Gæluorð um þann sem stelur. „Ég gerðist stelbjófur og fékk hjá þér lúku af salti í gær“. Fyrrihlutinn er *þarfleysa*; líklega skeytt við til að milda síðari hlutann.
- Stelksgelt / Stelksgjamm / Stelksglamur** (n, hk) Mikil og hávært hljóð í stelk. Eins og þeir vita sem reynt hafa er stelkurinn töluvert hávær fugl, ekki síst á varp- og ungatíma. Hans verður mjög vart þar sem varplönd eru nærri bæjum, t.d. á Láganúpi, og getur haldið vöku fyrir svefnstyggu. „Hann sagðist lítið hafa sofíð fyrir þessu samfellda stelksglamri“. „Stelksgeltið gaf greinilega til kynna hvar kötturinn lá í leyni“.
- Stelpast** (s) Lýsing sem Jón Hákonarson notaði um það eðli karlpenings að gera sér dælt við kvenfólk. Var almennt tekið upp í mælt mál í Rauðasandshreppi og víðar. „Ég veit ekki hvað satt er, en ég frétti að hann væri oft á nágrannabænum; eitthvað að stelpast. Hafðu það samt ekki eftir mér“.
- Stelpugopi / Stelpuskessa / Stelpurófa / Stelpuskjáta / Stelpuskott / Stelputuðra / Stelputrippi** (n, kvk/hk) Gæluorð um stelpu. „Þá var farið að þrjóna sokka á okkur börnin og sauma að minnsta kosti buxur á strákana og kjól á stelpuskessuna; sem var ég ein á tímabili“ (GAMG; Jól bernsku minnar; Niðjatal HM/GG).
- Sterkjubragð / Sterkjukeimur** (n, hk/kk) Sterkt/rammt/beiskt bragð. „Eitthvað sterkjubragð er af þessu sem ég kann ekki að meta“.
- Sterkjufnykur / Sterkjufýla / Sterkjupest** (n, kk/kvk) Sterk/beisk/römm lykt. „Af hverjum ósómanum er þessi andskotans sterkjupest“?
- Steypubali / Steypubörur / Steypufata / Steypuhjólborur / Steypukassi / Steypureka / Steypurena / Steypuskófla** (n, kk/kvk) Ílát og áhöld sem notuð eru við steypuvinnu. Algengara var að tala um reku en skóflu í Kollsvík.
- Steytingsgjóla / Steytingskaldi / Steytingur / Steytingsskítur / Steytingsvindur** (n, kvk/kk) All hvass vindur. Steytingur getur líka verið töluverður veltingur á sjó. „Það var kominn steytingskaldi, svo við drögum bara upp“. „Við vengum steytingskít fyrir Blakkinn“.
- Steytingshvas** (l) Allhvass vindur. Virðist óþekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Stikta** Ókunn merking E.t.v. sama og að skikka til, þ.e. skylda til; gera skyldugan til. (S.G. telur það merkja að staulast) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Stinkvatn** (n, hk) Ilmvatn; rakspíri; *vellyktandi*. „Fjandi hefurðu nú farið óvarlega með stinkvatnið maður; það er *ekki líft* neinsstaðar í nágrenni við þig á næstunni“.
- Stirra** (n, kvk) Óþæg ær. „Ég er hræddur um að það þurfi mannskap til að handsama þessa stirru“. „Við skulum láta sjá hvort þessar stirrur róast ekki til morguns“. Orðið finnst ekki í orðabókum en var almennt notað í Kollsvík og víðar um Rauðasandshrepp þar til sauðfjárbúskapur lagðist þar niður á síðustu áratugum 20.aldar. Orðstofninn er sami og „stirður“, og í t.d. sænsku er til orðtakið „stärre mot“ = streitast gegn.
- Stirri** (n, kk) Mislyndur/önugur maður. „Karlfauskurinn er óttalegur stirri í umgengni“.
- Stífingsgola / Stífingskaldi / Stífingsvindur** (n, kvk/kk) Allnokkur vindur. „Hann er að æsa sig í stífingsgolu“!
- Stífingshvas** (l) Allhvass; töluverður vindur. „Hann var orðinn stífingshvas fyrir Blakkinn“.
- Stígsferð** (n, kvk) Ferð til eggja/ í fygling á Stíg í Bæjarbjargi. „Ekki brást að menn voru kúguppgefni eftir hverja daglanga Stígsferð og hétu því að fara þenna fjanda aldrei meir. Vart brást að heldur að sömu menn voru mættir við fyrsta tækifæri á sömu slóðir aftur; búnir að steingleyma kjaginu upp dalinn“.
- Stígvélabullur / Stígvélagarmar / Stígvélajollur / Stígvélaklossar** (n, kvk/kk fto) Gæluheiti á stígvélum. Í Kollsvík var orðið „jollur“ (linur frb) þeirra mest notað í seinni tíð.
- Stígvélafæri** (n, hk) Göngufæri þannig, að nauðsynlegt sé að vera á stígvélum. „Vertu nú rétt skóaður; ég held að það sé bara stígvélafæri um Mýrarnar núna“.

Stígvélagat (n, hk) Gat á stígvéli. „Ég klippti af slönguræflinum til að líma stígvélagöt“.

Stíusmíði (n, kvk) Smíði á stíu/kró. „Það getur kostað allmikla föðrun og stíusmíði ef maður þarf að hafa fêð á húsum yfir sauðburðinn“.

Stoðlaust / Stoðlítið (l) Gagnslaust/gagnslítið. „Hann viðurkenndi þetta fúslega, enda vissi hann að stoðlaust var að neita“. „Það er stoðlítið að leita meira í þessu myrkri; við skulum bíða með það til morguns“.

Stofnanafargan (n, hk) Ofurfjöldi/akur óþarfra/óskilvirkra stofnana. „Þetta fer allt í skatta til að halda uppi þessu fíandans stofnanafargani þarna fyrir sunnan! Það mætti skera það *alltsaman* niður við trog mínvegna“!

Stofnanagemsí (n, kk) Niðrandi heiti á þeim sem vinnur á ríkisstofnun og talið er að hafi það markmið eitt að gera einfalda hluti flókna; heimta óþarfa skýrslur; setja óþarfar reglur og auka skriffinnsku. „*Flest er það!* Það er fátt sem þeim dettur ekki í hug þessum stofnanagemsíum þarna fyrir sunnan“!

Stofnanakjafæði / Stofnanabvæla (n, hk) Þvælið og órókrétt málfar sem gjarnan tíðkast í því efni sem ritað er á vegum stofnana/stjórnsýslu eða talað af fólki í stofnunum/stjórnsýslu. „Hver á nú að átta sig á svona stofnanakjafæði! Maður hefur bara ekki hugmynd um það hvað maðurinn er að fara“!

Stofupunt (n, hk) Stásgripur/skraut í stofu. „Nauðsynlegt þótti að krakkarnir, einkum strákarnir, eignuðust dótakassa sem svo voru nefndir, en stelpur áttu gjarnan *dúkkuskot*. Það var smáhorn sem rýmt var í baðstofum og stelpurnar fengu sem heimili fyrir dúkkurnar sínar og þeirra húsgögn og stofupunt. Þar var sumstaðar býsna fint“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).

Stokkpumpa (n, kvk) Dæla/pumpa í bát. Hún var einföld að gerð; Fjögur borð voru fest saman á jöðrum þannig að þau mynduðu stökk/pumpustökk. Inn í hann var smíðuð bulla/pumpubulla; kubbur sem var rúmur í stökknum og ofaná hann leppur úr leðri/gúmmí sem féll vel úti stökkveggina. Úr bullunni gekk pumpustöng; skaft sem náði uppúr stökknum. Stokkurinn var reistur frá kjalsogi uppýfir lunningu bátsins, og sjó dælt út bátinum með því að ýta bullunni niður og draga hana upp á víxl. Einfalt og afkastamikið tæki ef rétt var smíðað. Þannig stokkpumpa var m.a. í Voninni, sem Össur og Ingvar í Kollsvík áttu framundir 1970.

Stoppelsi (n, hk) Hindrun; stífla; tregða. „Það er einhvað stoppelsi í lögninni, því hér kemur ekki dropi“ „Nú er stoppelsi í réttardyrnum. Ég fer og *lempa* það“.

Stoppoki (n, kk) Poki af *stoppi*. „Við þurfum að taka með okkur stoppoka upp á brún, því þar er ekkert til að stoppa egginn með, fyrir burðinn heim“.

Stormhvessa (s) Hvessa mjög mikið; hvessa í stormstyrk; *bálhvessa*. „Hann er að stormhvessa; það er varla hægt að hreyfa hey mikið úr þessu“.

Stormsperra / Stormsperringur / Stormsveljandi / Stormtætingur (n, kvk/kk) Stormur; *vindsperringur*, „Bólvaður stormsperringur er þetta“! „Endemis stormtætingur ætlar þetta að verða“!

Stólþabrim / Stólþasjó (n, hk) Mjög mikið brim; *rótarbrim; húðveltubrim*. „Það er kominn norðanofsi og stólþabrim“. „Hann heldur enn þessum stólþasjó þó *slegið* hafi í vindinn“.

Stólpanorðangarður / Stólþavestangarður (n, kk) Um langvarandi og mikið hvasviðri af norðan/vestan, með miklu brimi. „Enn ætlar hann ekkert að lina þennan stólpanorðangarð“!

Stórákasína (n, kvk) Tígultía í spilinu *kasínu*. Hún vegur hæst í stigagjöf eftir spilið.

Stórþatna / Stórlagast (s) Lagast/batna mikið; fara mikið fram. „Vegurinn í Kinninni stórþatnaði þegar honum var ýtt upp“. „Heilsan hefur stórlagast þó ekki sé maður orðinn *velgóður* enþá“.

Stórefa / Stórefast um (s/orðtak) Draga verulega í efa; efast mikið um. „Kannski þetta komi í leitirnar síðar, en ég stórefa það“. „Ég stórefast um að stjórnin haldi velli í kosningunum“.

Stórfuglseggr (n, hk) Egg úr langvíu eða *nefskera*, en þau eru mun stærri en t.d. álkuegg. „Það þarf að vanda sig við skipti á eggjum; að setja ekki stórfuglseggr á móti álkueggi“.

Stórfurðulegur / Stórundarlegur (l) Mjög undarlegur/sérkennilegur/skrýttinn; *kostulegur*. „Þetta er ágætis maður, en stórfurðulegur í háttum“.

Stórglæsilegur (l) Mjög myndarlegur/fallegur. „Albert var stórglæsilegur maður; afar traustvekjandi“ (Anna Hafliðadóttir; Útkall við Látrabjarg).

Stórgróðastarfsemi (n, kvk) Starfsemi/rekstur sem gefur mikinn arð/hagnað. „Svona búrekstur getur kannski aldrei orðið stórgróðastarfsemi, en hann getur vel framfleytt samhentri og nægjusamri fjölskyldu“.

Stórkarlabragur (n, kk) Grófgert/klunnalegt yfirbragð; yfirgangur. „Ekki finnst mér þetta vera nein *fínsmíði* hjá honum; það er óttalegur stórkarlabragur á þessu“.

Stórkostulegur (l) Stórfurðulegur; mjög kostulegur/einkennilegur/furðulegur/sérkennilegur. „Okkur fannst þetta stórkostulegar aðfarir og skemmtum okkur konunglega“.

Stórspenótt (l) Um kind/kýr; með stóra spena. „Það er mesta furða að lambið skuli ná að sjúga hana, eins stórspenótt og hún er“.

Stórstraumsfall / **Stórstraumsnorðurfall** / **Stórstraumssuðurfall** (n, hk) Straumhraði í stórstraumi. „Það er lítil veiðivon í harðasta stórstraumsnorðurfalli“.

Strambafjandi (n, kk) Blótsyrði um *vindsperring*/hvassviðri. „Skelfing er hann að verða hvímléiður þessi strambafjandi af norðan“!

Strandvirkjun (n, kvk) Nýyrði í íslensku máli; búið til af Valdimar Össurarsyni, þar sem orð vantar yfir þá nýju tækni sem uppfinningar hans ná til; virkjanir á orku sjávarfallastrauma í annesjaröstum, utan fjarða og sunða. VÖ er fyrsti Íslendingurinn til að þróa tækni á sviði sjávarorku og í því efni vantar skiljanlega ýmis orð.

Straumafar (n, hk) Mynstur á stefnu og styrk strauma á tilteknu svæði. „Litlar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar á straumafari kringum Látraröst, þó sjómenn hafi um aldir þekkt margt í því efni. Lítið er t.d. vitað um iður þær sem Látraröst veldur upp á Útvíkur, eða hvaða áhrif hún hefur á sandburð“.

Straumgöndull / **Straumhvirfill** / **Straumiða** (n, kk) *Hvirfilstraumur*; iða sem myndast í straumi, s.s. í stríðu sjávarfalli. „Mikill straumgöndull eða *rastarstrengur* er oft sýnilegur fram af annesi í stífu norðurfalli; einkum greinilegur ef vindur stendur á móti. Einnig má tíðum sjá straumgöndla niðri í sjónum hlémegin við fyrirstöður, s.s. belgi eða hleinar“.

Straumop (n, hk) Nýyrði Valdimars Össurarsonar. Vegna fyrstu þróunar sjávarhverfla á Íslandi skortir ýmis viðeigandi orð, og er þetta eitt þeirra sem þurft hefur að smíða. Straumop er op það sem straumur getur fallið um, og er á hverflum VÖ notað um op sem sveigt blað í lokaðri/óvirkri stöðu myndar á hverflum straummegin við snúningsásinn; op sem straumurinn fer inn um og spennir blaðið í opna /virka stöðu. Orðið var fyrst notað í einkaleyfisumsókn um gerð V-3 af hverflum Valorku ehf.

Stráksnigill / **Strákspott** (n, kk/hk) Gæluorð um strák/*strákling*. „Geturðu ekki lánað mér stráksnigil til að hjálpa mér við rögun í réttinni“? „Það er aldeilis sprettur á honum; strákspottinu“!

Strekkur (n, kk) Strekking; þan. „Togaðu ekki meira í þennan streng; það er kominn svipaður strekkur á hann og hina í girðingunni“. „Meiri hætta er á að vaðurinn merjist á skörpum brúnum sé mikill strekkur á honum“.

Strengjabití (n, kk) Trébjálki sem lagður er þvert yfir skip til að binda það við legufæri. „Fönix var með strengjabitá, en það var vænt tré að gildleika, sem lá þvert um skipið um hálsþóftuna og útyfir borðstokka. Bitanum var fest þannig að hann var bundinn niður í þóftuna beggja megin út við borðstokkana. Stjórafarinn var brugðið um strengjabitann er lagst var fyrir í hákarlalegum og var það kallað að liggja fyrir klofa. Fór skipið þannig mun betur í sjó heldur en ef festinni væri brugðið um stefni. Strengjabitinn náði það langt útfyrir borðstokka skipsins að tveir menn gátu haft handfestu á bitaendunum hvoru megin skipsins og haldið skipinu réttu í landingu meðan borið var af (borið frá borði). Strengjabitinn tilheyrði farviði skipsins“ (EÓ; Hákarlaskip í Rauðasandshreppi).

Stríðnisþúki / **Stríðnisseggur** (n, kk) Sá sem stríðir/ertir/angrar af ásetningi. „Þetta er örugglega honum að kenna; hann á það til að vera skelfilegur stríðnisseggur“.

Stríli (n, kk) Sperrileggur; monthani. „Þessi bannsettur stríli, sem gengur um með nefið uppí loftið af monti“.

Strjálingsveiði (n, kvk) Nokkur *reitingur*; nokkur veiði þó ekki sé það *landburður*. Oft notað í jákvæðum tóni, þegar menn hrósa veiðinni en vilja samt ekki gera of mikið úr. „Það er nú varin að verða strjálingsveiði í ystu lagnirnar, þó enn sé sama ördeyðan innar“.

Strokksveif (n, kvk) Sveif á strokki sem snúið er/ á 20.aldar strokki. „Hún setti skyrið í grisju og hengdi það á strokksveifina, með fötu undir, til að láta síga betur af því“.

Stropað egg / **Stropaegg** (norðtak) Egg sem byrjað er að breytast fyrir ungun. Í nýjum eggjum eru *hvíta* og *rauða* greinilega aðskilin. Þegar þau eru *setin* er rauðan byrjuð að gulna og færast nær *skurninn/skurmminumi* á einhverjum stað. Í stropuðum eggjum hefur hluti rauðunnar breyst í þynnri vökva; *stropa*, og hvítan breytist þannig að hún verður stífari við suðu. Á næsta stigi myndast augu ungangs, egginn verður *eygð*, og æðar myndast úti við *skjallhimmuna/skjallið*. Næsta stig ungunar er myndun goggs og lappa. Smekkur manna er misjafn, en sumir geta étið egg þó þau séu töluvert stropuð. Sumir drekka stropann en aðrir síður. Flest egg er hægt að *skyggna* með því að bregða þeim yfir sterkt ljós eða móti sólu, en þá sést stropinn sem dökkur blettur eða hringur, misjafnlega stór. Þetta er auðvelt með t.d. fýlseggi en erfiðara með bjargfuglseggi með þykkri skurn. „Í þessum stokki eru *leskingjar* og stropaegg“.

Stropavottur (n, kk) Vottur/smávegis af stropa. „Arans gikkur geturðu verið! Það er varla stropavottur í þessu egg; það er varla einusinni hægt að segja að það sé *setið*“!

Ströggl (n, hk) Barátta; andstaða; mótspyrna; hark. „Ég þurfti að standa í ströggli til að fá bannsetta skattstofuna til að skilja þetta“! „Það var okkert orðið að hafa í endan á vertíðinni, svo það endað með því að við hættum þessu ströggli og tókum netin upp“.

Stuðningsband / Stuðningsvaður (n, hk/kk) Band sem maður hefur sér til stuðnings og öryggis / *til halds og trausts* þegar klifið er um kletta eða mikinn bratta, án þess að um *bjargsig* eða *lás* sé að ræða.

Stutla (n, kvk) Stautur/prik til að þjappa mold í vegg. „Gott er að stutlan sé hæfilega löng og fari vel í hendi“.

Stuttbuxnadrengur / Stuttbuxnagemsí / Stuttbuxnalið (n, kk/hk) Niðrandi heiti pólitískra andstæðinga um unga sjálfstæðismenn. „Skelfing er að heyra þessa stuttbuxnagemsá úr Valhöll tala um landbúnaðarmál; þessir bjálfar vita ekki hvað snýr aftur og fram á kind“! „Hleypur nú stuttbuxnaliðið framá ritvöllinn“!

Stuttífrá (ao) Skammt frá; rétt hjá. „Á blábrún Strengbergisins er tófuhús sem stóð uppi til skamms tíma, og þar skammtífrá má sjá grænan blett þar sem *borið* var *niður*“.

Stúfhyrnd (l) Um hornlag sauðkendar; með brotið horn, en þó hornstúf; *brotinhyrnd*.

Stútungsstærð (n, kvk) Góð meðalstærð; allnokkur/viðunandi stærð. „Sá fiskur sem við fengum þarna var þokkalegur; allur í stútungsstærð og nokkrir golþorskar innanum“.

Stútungsstór (l) Af góðri meðalstærð; sæmilega stór. „Ég lét hann hafa nokkra fiska; stútungsstóra“.

Stybbupest / Stybbusvæla (n, kvk) Mikil ólykt/pest; illa lyktandi reykjarsvæla. „Skelfingar styppupest er þetta“! „Opnaðu nú gluggann; maður nær varla andanum fyrir þessari stybbusvælu hér inni“!

Styggðarkvikindi / Styggðarrófa (n, kvk) Mjög stygg/mannfælin kind. „Það er vonlaust að ná þessari snarvitlausu styggðarrófu“.

Stæður (n, kvk, fto) Örnefni í Breiðavíkurlandi. Stæður nefnast djúpar lautir sunnan Breiðavíkurbotns. Í þeim eru tvö stöðuvötn; Stæðavötn, með silungi. Um Stæður liggur Stæðavegur uppí Brúðgumaskarð. Líklegt er að nafnið vísi til tjarnanna og merki „uppistöður“.

Stökupartur (n, kk) Hluti af stöku/lausavísu. „Hann þrástagaðist á þessum stökuparti en mundi ekki botninn“.

Stöndugheita bú/heimili (orðtök) Efnaheimili; arðsamt bú. „Þetta má kallast stöndugheita bú hjá þeim, enda hafa þau verið dugleg og útsjónarsöm í öllu“.

Suddafýla / Suddaskítur / Suddaskratti / Leiðindasuddi (n, kvk/ kk) Niðrandi heiti á súld/sudda. „Það setti yfir okkur bölvæða suddafýlu“. „Það er bölvæður suddaskítur; maður neyðist til að hlífa sig“.

Suðurá (ao) Suðureftir. Einkum notað sem áttavísun á sjó. „Nú þurfum við að fara að kippa suðurá; okkur hefur rekið *heilavegin* norður á Flóa“.

Suðurfallsupptaka (n, kvk) Byrjun á *suðurfalli*. „Hann gaf sig ágætlega til um snúningin og suðurfallsupptökuna, en svo tók alveg undan“.

Suðurfyrir (ao) Áleiðis suður og í hvarf. „Skipið er horfið suðurfyrir núna“.

Suðurrek (n, hk) Rek báts eða annars með *suðurfalli*. „Mér sýnist á niðristöðunni að það sé komið eitthvað suðurrek“. Sjá *norðurrek*.

Suðurum (ao) Suðureftir; suður um; suðuryfir. „Hann er að verða ári ljótur hér suðurum“. Oft notað sem áttavísun á sjó; „Við skulum setja í gang og keyra dálítið herna suðurum“.

Suðuryfir (ao) Suður yfir. „á tímabili voru í nokkur ár seld líflömb héðan úr vestursýslunni og flutt með bátum suðuryfir Breiðafjörð“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Sukksamkoma / Sukkskemmtun (n, hk/kvk) Samkvæmi/skemmtun þar sem ölvun er áberandi og hömlur litlar. „Ætli maður láti það nú ekki vera að sækja svona sukksamkomur“! „Þetta var víst herjans sukkskemmtun“.

Sullandi (n, kk) Allnokkur sjór; ágjöf. Einkum notað um sjólag þegar siglt/keyrt er í *ágjöf*. „Það var kominn dálítill sullandi herna fyrir Blakkinn“.

Sullsamnt (l) Hætta á bleytu/ágjöf; *vætusamt*. „Við skulum fara í hlífar; það gæti orðið sullsamnt í röstinni“.

Sultarbúskapur (n, kk) Lélegur búskapur; hokur; oftast notað um skort/vöntun á því sem telst mikilvægt. „Mér finnst það nú hálfgerður sultarbúskapur að eiga ekki mola með kaffinu“!

Sultardauður (l) Dauður úr hungri/sulti. „Nú held ég að við ættum að fara að huga að nestinu, áður en við verðum alveg sultardauðir við þetta“.

Sultarfæða (n, kvk) Matur sem er næringarlítill/ólystugur/almennt ekki étinn. „Sögur voru um að í verstu hallærum og bjargarleysi fyrri alda hafi fátæklingar lagt sér þöngla til munns, en þeir hafi þótt sultarfæða“.

Sultuhnífurinn Davíðs (orðtak) Líklega nýyrði, smíðað af Guðm. Jóni Hákonarsyni á Hnjóti (af Kollsvíkuraett), en hann brá því oft fyrir sig og eitthvað breiddist notkunin út. Þetta heiti var notað um alla smjörhnífa og aðra bitlitla hnífa. „Jón lagði sig eftir að nota sérstæð gömul orð í sínu máli, en einnig var hann sérlega hnyttinn að búa til snjöll nýyrði og var stundum erfitt fyrir ókunnuga að greina á milli. Ekki þekki ég söguna á bakvið, en hún mun eiga við Davíð sem bjá á Kóngsengjum“ (VÖ).

Sumarkyrr (l) Lygn að sumarlagi. „Krakkar léku um Kallatún/ á kvöldum sumarkyrrum/
Landpóstur á brekkubrún/ blés í lúður fyrrum“ (JHJ; Visur úr Kollsvík).

Sundurbrotinn / Sundurbútaður / Sundurdrafaður / Sundurétinn / Sundurflettur / Sundurgenginn / Sundurgisnaður / Sundurgrafinn / Sundurgrotnaður / Sundurhlutaður / Sundurhöggvinn / Sundurklofinn / Sundurkraflaður / Sundurkraminn / Sundurlimaður / Sundurmarinn / Sundurmolnaður / Sundurmorkinn / Sundurnagaður / Sundurpurpaður / Sundurrifinn / Sundurristur / Sundurryðgaður / Sundursagaður / Sundurskilinn / Sundurskiptur / Sundurskorinn / Sundurskotinn / Sundurskrúfaður / Sundursleginn / Sundurslitinn / Sundursniðinn / Sundursoðinn / Sundursorfinn / Sundursprengdur / Sundursprunginn / Sundurtroðinn / Sundurtugginn / Sundurtjásaður / Sundurtærður / Sundurtættur / Sundurvigtaður (l) Genginn/tekinn/hlutaður í sundur af tilgreindum ástæðum. „Munið að taka hrifuna heim sem þarna liggur sundurbrotin“. „Stórfiskurinn var allur lausholda og sundurdrafaður; hann var engin söluvara“. Hér þarf eitthvað að laga; hurðin er öll sundurgengin“. „Við förum ekki langt á bílnum meðan hann er sundurhlutaður úti í skemmu“! „Skelfing er að sjá þetta hjá þér; ég get ekki hreinsað fiskinn ef þetta er allt svona sundurkraflað“! „Gættu þín þegar þú ferð fyrir nefið; það er allt dálítið sundurmolnað og veikt í sér“. „Það er ekkert hald í þessum staur; hann er allur sundurmorkinn“. „Það er ekki von að ljós sé á perunni; leiðslan er sundurnöguð hér við vegginn“! „Sléttan verður mun rýrari, svona sundurrist“. „Hún fékk efnið sundursniðið og hófst strax handa við saumaskapinn“. „Við skiljum ekki við netið svona sundurskorið; svona, hnýttu þetta saman drengur“! „Það er ómögulegt að eiga við þennan netahnút; hann er allur orðinn sundurtjásaður og útilokað að átta sig á nokkrum þræði“. „Púðurtunnan í duflinu var sundurtærð og púðrið löngu orðið hættulaust“.

Sundurdrafaður (l) Orðinn mjög morkinn/ laus í sér. „Fiskurinn verður hálf ólystugur þegar hann er sölsteiktur og sundurdrafaður“.

Sundurlyndisfjandinn (n, kk, ákv.gr) Persónugerving á tilhneygingu til ósamlyndis/ágreinings/misklíðar. „Lengi vel tókst þeim að vinna ágætlega saman og halda sundurlyndisfjandanum frá“.

Sunnanslagveður / Sunnanslagviðri (n, hk) Mikil rigning af suðri. „Þeir létu sig hafa það að arka þessa leið í sunnanslagviðri; komið framundir myrkur“.

Sunnansperringur (n, kk) Hvass sunnanvindur. „Það verður ekki gaman að *pelkja* á móti þessum sunnansperringi og slagveðursrigningu“!

Sunnanvert við / Sunnanvið (orðtak/ao) Að sunnanverðu; fyrir sunnan. „Sunnanvert við Kollsvíkina er Vatnadalur“. Það er ágætis skjól og hlýindi sunnanvið bæinn“.

Sunnudagahvöld (n, kvk) Hvíld/fri á sunnudögum. „Hver er þýðing sunnudagahvildarinnar“ (fundarefni á 2. starfsári Umf Vöku, stofnað 1916). Gömul hefð er fyrir vinnubanni á sunnudögum.

Sunnudagshandavinna (n, kvk) Handavinna/hannyrðir sem kvenfólki leyfðist að vinna á sunnudögum áður fyrr. „Kannske var móðir mín og hennar kynslóð mesta áhugafólkið sem ég vissi um í svona hannyrðum. Hún sagði mér að þær systur (4) hafi fengið sunnudögum úthlutað til slíkrar iðju og á sumrin sátu þær gjarnan úti við handavinnuna þegar gott var veður.... Saumaklúbbar voru ekki til hér fyrr en um 1950-60 nema, svo ég vitni aftur í móður mína, þá komu þær oft saman heimasætur af fleiri bæjum með sunnudagshandavinnuna; sérstaklega ef hægt var að vera úti. Ekki voru allstaðar rúmgóð húsakynni en heimasæturnar fjölmennar á bæjunum. Einnig var ekki eins góð birta í húsum og nú er“ (SG; Útsaumur; Þjhd.Þjms).

Súgur í sátri (orðtak) Orðtakið heyrir ekki í seinni tíð, en merkingin virðist þó augljós: Sátur merkir veiðislóð; þar sem legið er við fiskveiðar, og súgur er sjógangur. Menn höfðu því gjarnan upp og héldu í land ef súgur var í sátri. Kann einnig að hafa haft afleidda merkingu; e.t.v. um *vindgang*. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Súgþurrkunarskúr (n, kk) Skúr sem hýsir súgþurrkunarbásara og vél til að knýja hann; rafmótor eða díselvél.

Súldardrungi (n, kk) *Súldarmugga* í hægviðri og gjarnan molluhita. „Hann er búinn að hanga með þennan súldardrunga hér yfir í allan dag“.

Súldarfýla (n, kvk) Dálítill þokusúld. „Hann ætlar að halda sömu súldarfýlunni í dag eins og í gær“.

Súldarmugga (n, kvk) Þoka með súld. „Við sigldum inn í súldarmuggu uppi við landið“.

Súrblaðka / Súrblaka (n, kvk) Blað *hundasúru* eða ólafssúru. Nafnið var ýmist sagt með ð eða án þess. Súrblöðkur eru góðar til átu; mikill C-vítamíngjafi, en dálítið súrar. „Ég át súrblöðkur og hvannir við þorstanum...“ (KJK; Vornótt og hrap í Látrabjargi).

Súrblökugrautur / Súrblökuseyði / Súrblökute / Súrugrautur / Súruseyði / Súrute (n, kk/hk) Grautur/seyði/te sem soðið er af *súrblöðku*. Vinsælt tómstundagaman barna í Kollsvík var að tína hundasúrir og aðrar jurtir og sjóða af þeim te/seyði eða grauta. Soðið var í niðursuðudós eða öðru tiltæku íláti yfir

hlóðældi sem kyndur var þar sem henta þótti. Var í kringum þetta mikil tilraunastarfsemi, og þurfti stundum allnokkuð áræði til að smakka afirðirnar af sumum hráefnunum, þó súrblökur þættu *öndvegismatur*.

Súreygur (l) Um þann sem *súrnað* hefur í *augum* af rey. „Oft varð maður súreygur við uppkveikjur í gamla hesthúsinu; einkum meðan eldstæðið var enn innarlega á ganginum“.

Súrraður (l) Um hnút/flækju; mjög hertur, svo erfitt er að leysa. Um net; mjög hert utanað veiðinni. „Netið var svo súrrað utanum hvalinn að við enduðum með því að skera sundur báða teinana“.

Súrrun (n, kvk) Mikil hersla hnúts, nets, flækju o.fl. „Það var slík súrrun á hnútnum að mér ætlaði aldrei að lánast að leysa hann“.

Súrugrautur (n, kk) Greitur sem eldaður er úr hundasúrum. „Stundum settum við strákarnir upp hlóðir við kofann sem við byggðum í Gilinu, og elduðum súrugraut, stundum emð rabbabara eða öðru samanvið“.

Súrsmér (n, hk) Smjör/smér sem orðið er súrt. Fyrrum var smjör verðmætur gjaldmiðill og m.a. notað til greiðslu landsskulda. Salt var ekki að hafa fyrir á tímum, og því var smjörinu safnað saman og það látið súrna. Þótti það sumum betra en það saltaða, þegar það fór að tíðkast. „...það saltaða smjör heldur sér varla 2 ár, svo ætt sé á eptir, en það súra hefir óskémt haldð sér yfir 20 ár“ (BH; Arnbjörg).

Súruát / Súrutinsla (n, hk/kvk) Tinsla/hirðing súru til átu. Súrir vaxa sumsstaðar nokkuð þétt í Kollsvík, bæði ólafssúrur, sem einkum vaxa í klettum og skuggasæld, og hundasúrur. Hundasúrur uxu t.d. þétt í laut í túninu á Torfamel/Júllamel, og sóttu krakkar mikið í hana. Súrir eru öflugur C-vítamínjafi.

Sútarsorg (n, kvk) Mikil sorg/eftirsjá. „Það dugir víst ekki að vera með neina sútarsorg yfir þessu“.

Svaðamikill (l) Hrikalega mikill; *orkansmikill*; *gríðarmikill*; *ógnarmikill*. „Þarna hefur hlaupið svaðamikill aurskríða úr hliðinni; hún er gjörsamlega ófær á þessum kafla“.

Svangramannasjóveður (n, hk) Fremur slæmt sjóveður; allnokkur veltingur/sjór; ekki gott *veiðiveður*. „Þetta má heita svangramannasjveður; ég held það *hafí lítið uppá sig* að sullast á sjó í dag“.

Svarflekktótt (l) Um lit á sauðfé; svartflekktótt; hvítt með svörtum flekkjum. Þegar „svart“ er viðskæpti orðs er t-inu gjarnan sleppt. Hér er einungis eitt orð tekið til dæmis, en sama var um fjölmörg önnur. „Hvar skyldi sú svarflekktótt halda sig núna“?

Svargofótt (l) Litur á sauðfé; svart á bol en ljóst á kvið. Mógofótt var mórautt á bol en ljóst á kvið.

Svarkinnótt (l) Litur á sauðfé; Hvítt með svarta kinn.

Svartabylur / Svartaél / Svartahrið / Svartakafald (n, hk) Mjög dimmt él. „Við förum ekkert af stað í þessum svartabyl“ „Það er komið svartaél svo sér ekki út úr augum“ „Það er ennþá svartahrið; við getum alveg tekið nokkur spil í viðbót“.

Svartagler / Svartaglerháлка (n, hk/kvk) Mjög mikil háлка/ísing; launháлка. „Gættu að þér á Fjörunum; vegur er eitt svartagler framá kant“! „Þú stöðvar ekkert á punktinum í þessari svartaglerháлка“.

Svartakahópur (n, kk) Hópur svartbaka. „Það er yfirleitt vonlítið að ná að skjóta nokkuð úr svartakahóp ef honum fylgja gamalfuglar. Þeir eru tortryggjarnir en andskotinn og leiða ungann frá Byrginu“.

Svarthulavilla (n, kvk) Haft um það þegar einhver virðist vera að villast eða þegar einhver birtist sem ekki var von á: „Hvaða svarthulavilla er eiginlega á þér?“ E.t.v. er orðið komið úr einhverri þjóðtrú sem nú er gleymd, en einnig gæti *svarthula* hafa verið heiti á þoku, þó nú sé það týnt.

Svartnættisbylur / Svartnættisél (n, kk/hk) Mjög dimmur bylur; dimmt él; *kolsvartabylur*; *kolsvartaél*. „Þú ferð ekkert út í þetta svartnættisél; láttu sjá hvort ekki *rofar til*“.

Svartnættisfordómar (n, kk, fto) Alger fyrirliðing; mjög miklir fordómar. „Ofalin elítan í sjóðakerfinu er haldin svartnættisfordómum í garð hugvitsmanna sem starfa utan akademíuklíkunnar“.

Svartnættisihald (n, hk) Gæluorð sem sumir viðhafa um þá harðlínu í stjórnmálum sem fordæmir jöfnuð og samhjálp og vill innleiða óhefta samkeppni sem leiðir til yfirráða þeirra sterku og vel ættuðu, en kúgunar hinna minnimáttar. „Þú trúir þó ekki þessu svartnættisihaldi sem var að stinga niður penna í Moggann“?

Svefnleysisrugl (n, hk) Órökrétt bull sem maður segir þegar hann er orðinn ruglaður af svefnleysi. Oft svipaðs eðlis og *ráðleysisrugl*. „Þetta er nú komið út í tómt svefnleysisrugl hjá okkur; er ekki bara kominn tími til að skriða í bælið“?

Sveifarsími (n, kk) Sími með sveif á hliðinni, sem snúið var til að hringja. Þannig símar voru allsráðandi frá upphafi símaævðingar; þar til skífusímar komu. Rauðasandshreppi var skipt í svæði/línur; innan hvers svæðis átti hver bær sína hringingu. T.d. tvær stuttar og ein löng á Láganúpi; ein löng í Kollsvík og löngstutt á símsstöð. Hringt var fyrst, og hringdi þá bjalla á símunum á línunni; tól hringjanda og móttakanda voru síðan tekin upp, en fyrir kom að fréttapýrstir nágrannar gerðu það stundum líka. Símhleranir voru ekki fundnar upp af leyniþjónustum stórveldanna.

Sveighnifur (n, kk) Tálguhefill; lítill tveggjahanda hefill/skafa úr járni með stillanlegri tönn í stuttum sóla milli handfanganna; notaður til að hefja sveigða fleti að innanverðu. „Afi minn, Guðbjartur Guðbjartsson, nefndi þetta verkfæri aldrei annað en sveighefil, en það heiti finn ég hvergi annarsstaðar“ (VÖ).

Sveimérþá (alla daga) (uh) Upphrópun til að lýsa furðu eða aðdáun. „Sveimérþá; ég held það standi fiskur á hverju járni“! „Þvílíku öðru hef ég aldrei fyrr kynnst: Sveimérþá alla daga“!

Svellavinna (n, kvk) Vinna við að eyða svellum/ ná svelli af vegi/leið. „Þá sagði hann (vegaverkstjóri) að svellavinna og snjómokstur færi ekki á viðhaldsfé“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Svellbólstur/ Svellglotti / Svellglanni / Svellbunki (n, kk) Klakabunki. „Það er hættulegur svellglotti neðst í Hænuvíkurbrekkunum“. „Gáðu að þér á svellbunkanum í Hæðinni“. „Þarna er hættulegur svellglanni“.

Sverma fyrir (orðtak) Sækjast eftir; *suða um*; leita eftir að fá. „Ég hef verið að sverma fyrir að fá þessa bók lánaða hjá honum en hann segir að henni hafi enn ekki verið skilað úr síðasta útláni“. Líklega dregið af suði í flugnasvermi sem getur orðið leiðigjarnt.

Svekkelsi (n, hk) Ergelsi; leiðindi; vonbrigði. „Við flengdum um allan sjó og renndum þar sem einhver veiðivon var, en höfðum lítið uppúr því nema svekkelsið. Þetta er bara ördeyða núna“.

Sviðahaus (n, kk) Haus sem er eða verður sviðinn. „Það þarf að saga upp nokkra sviðahausa“. Svið voru verkuð þannig fyrrum að saltað var í *strjúpann* meðan hausinn var enn volgur. Þannig var hann geymdur nokkra daga en lítið þótti varið í svið sem ekki höfðu náð að *breyta bragði* örllítið. Eftir tilkomu frystitækni voru hausar frystir ósviðnir. Fyrir daga gasbrennara var sviðið yfir hráolíuloga í opinni smurolúfötu með hænsnaneti yfir. Í strjúpann var stungið priki. *Skafa* þarf öskuna af öðru hvoru. Fljótar gekk að *svíða* með gasbrennara og propangasi eftir að það kom til. Eftir að sviðið hefur verið er hausinn *sagaður upp*; sagaður í tvo helminga eftir snoppu og milli augna, og nefnist hvor helmingur *kjammi*, eða *sviðakjammi*. Heilinn er tekinn úr og hefur honum verið fleygt eftir að fólk varð meðvitað um smithættu af honum. Sviðin voru skrúbbuð vandlega úr skarpvolgu vatni og soðin. Eftir suðu voru þau yfirleitt látin kólna, þar sem mörgum þykir þau matarmeiri og ætilegri þannig, en sumir vilja þau þó frekar heit. Ef sviðin áttu að fara í sviðasultu var skorið utan af beinum eftir nokkra suðu og síðan hleypt upp á kjötinu aftur áður en því var hellt, með nokkru af soðinu, í mót og látið kólna, og síðan sett í súr. Fyrir neyslu er sviðakjamminn skorinn í tvennt fyrir neðan augað, og nefnast hlutarnir *kjálki* og *auga*. Misjafnt var hve vel menn *unnu að* sviðunum; fyrri tíðar fólk skóf allt það af beinum sem mögulegt var að eta og braut augað í tvennt til að komast betur að mat í því. Í seinni tíð hefur fækkað þeim sem láta sig hafa það að borða jafnt eyru og augu með öllu; nasir; *gómfyllu* og *hnakkaspik*. Þess var vandlega gætt að brjóta málbeinið, þar sem annars gæti barn á heimilinu orðið holgóma eða málhalt. Ekki var heldur ráðlegt að gefa hundinum það óbrotið því hann gæti þá farið að tala mannamál. Annars var ávallt veisla hjá hundinum þegar svið voru í matinn og mikil vinna við að verja góðgætið fyrir hrafninum. Þess má geta að ávallt var þess gætt að skera ekki eyru af sviðum fyrr en þau voru etin. Þessi regla þjónaði þeim tilgangi að bóndi yrði síður sakaður um *sauðabjófnað*.

Sviðakjammi (n, kk) Hálfur sviðahaus; auga og kjálki. „Tveir sviðakjammur eru heldur mikið fyrir mig“.

Sviðringur (n, kk) Skafmold, oftast lágarenningur. „Það var sviðringur á Hálsinum“.

Sviður (n, hk) Nöldur; kvartanir. „Vertu nú ekki með þetta sviður þó þú sért beðinn um viðvik“. Þetta orð var mikið notað í Kollsvík framá síðustu ár, og af sumum enn í dag, en það finnst hvergi í orðabókum. Hinsvegar tilgreina þær karlkynsorðið svinnur, í merkingunni skynsemi/viska, en það þekktist ekki í Kollsvík.

Svogottsem (ao) Nærri því; hérumbil; eins og sé alveg. „Tunnan var svogottsem full, svo ég þæklaði hana og sló lokið á“. „Þetta er undrameðal; ég var svogottsem dauður þegar þeir helltu því í mig“.

Svoladrumbur / Svolahnyðja / Svolatré (n, kk/kvk/hk) Svört og mikið rekatré. Drumbur á við fremur stutt tré og hnyðja á við trjárót eða tré með mikla rót.**Svosem** (orðtak) Hikorð; þannig; eins og. „Ég get svosem gert þetta fyrir þig“. „Þetta er svosem ekkert sár“

Svækjuhiti (n, kk) Mikill hiti í röku lofti. „Skelfing er þessi svækjuhiti leiðinlegur þegar maður er í puði“.

Svöðurskurður (n, kk) Djúpt/mikið skurðsár. „En á leiðinni dettur hann og sker sig svöðurskurð, þvert yfir lófann“ (ÆE; Ljós við Látraröst).

Sykurlella (n, kvk) Sykurleðja; bleyttur sykur. „Settu nú ekki meira sykur úti; þetta er ekkert nema sykurlella“!

Syllubrík / Sylluskák (n, kvk) Mjó sylla í bjargi. „Maður losar sig ekkert úr spotta á þessari syllubrík“. „Það var furðu mikið varp á sylluskákinni“.

Syngt og heilagt (orðtak) *Æ ofaní æ*; sífellt; *án afláts*. Líkingin kann að vísa til þess að mönnum hafi leiðst hinir langdregnu söngvar og helgihald sem eitt sinn var skylda að sækja. Orðtakið var mikið notað í Kollsvík og nágrenn. „Vertu nú ekki að þessu suði drengur; syngt og heilagt“!

Sýsifosarvinna (n, kvk) Síendurtekin vinna án enda og sýnilegs tilgangs. Líking við vinnu Sysifosar sem er þjóðsagnapersóna í grískri goðafræði. Honum voru dæmd þau örlög í undirheiminum að velta sífellt niðþungum steini upp bratta brekku, en þegar á brekkubrún var náð valt steinninn niður aftur og hann þurfti að þúða honum upp aftur; æ ofaní æ. „Mér finnst þetta nú hálfgerð sýsifosarvinna, og alveg tilgangslaus!“

Syndumhrjáður (l) Hlaðinn af misgjörðum/skammarstrikum. „Ætli maður láti ekki þessa syndumhrjáðu túnrollu fara á sláturhús núna“. „Skyldi sá syndumhrjáði flokkur fá einhver atkvæði í næstu kosningum“?

Sýslumannsvæfla (n, kvk) Lítið álit á sýslumanni, sem stundum örlaði á meðal hinna sjálfstæðu Kollsvíkinga sem töldu sig ekki síðri sérfræðinga í réttvsi og reglu en aðra. „Skyldi þessi sýslumannsvæfla ekki geta gengið frá neinum dánarþússkiptum“?! Oftari voru þó Útvíknamenn vel sáttir við sína sýslumenn.

Sýsluýta (n, kvk) Jarðýta í eigu sýslusjóðs. „Vestursýslan keypti stóra vegýtu vorið 1949. Hefur hún síðan stöðugt unnið að vegagerð í héraðinu og orðið að miklu liði. Á árinu 1951 náði ég samkomulagi við vegamálastjóra um það að sýsluýtan ryddi Þingmannaheiði á kostnað fjallvegastjóðs“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi; úr greinargerð Jóhanns Skaftasonar sýslumanns). Þessi jarðýta var af gerðinni IH TD14 og nefnd Ásáþór. Fullyrða má að engin vél hafi unnið viðlíka stórvirki í þeim efnum að koma vestustu byggðum landsins í vegasamband og þessi litla jarðýta. Auk Þingmannaheiðar ruddi ýtan t.d. vegi yfir Fossháls og Klettsháls; oftast undir stjórn frumherjans Magnúsar í Botni.

Sægúa (n, kvk) Hafmeyja. „Ég hef hvorki orðið var við sægúur né skeljaskrímsli á þessum slóðum“.

Sængurkonubragð (n, hk) *Sengjubragð*; sérstakt bragð sem kemur á mjólkurmat ef hann nær að brenna lítilsháttar við í suðuúlati. „Mér finnst hálfgerðt sængurkonubragð af grjónagratnum“.

Sængurkonugrautur (n, kk) Mjög þykkur grautur; hrísmjölsgrautur. Í seinni tíð notað um hrísgrjónagrat eða sagógrónagrat sem hníga varla, eða rabbarbaragrat sem er svo hlaupkenndur að hangir saman frá munni í disk. „Þetta er hálfgerður sængurkonugrautur, en *skrambi* er hann þó bragðgóður“.

Sængurkonukaffi / Sængurkonuvatn (n, hk) *Lappunnt* kaffi; *vinnukonuvatn*; *englahland*; *nærbuxnavatn*. „Ég kalla þetta nú frekar sængurkonuvatn en kaffi“! „Þetta varð hálfgerðt sængurkonukaffi hjá mér núna“.

Sængurgarmur / Sængurleppar / Sængurtilur / Sængurtuska Ýmis gæluheiti á sæng/sængurfötum. „Þú ættir bara að *slá þér niður* til gistingar. Það hlýtur að finnast einhver sængurtuska fyrir þig“.

Særeykur (n, kk) Brimreykur; mugga sem liggur yfir ströndinni eftir mikið brim og orsakast af ýringi úr briminu. „Særeykur er oft greinilegur undir Blakknum í logni og miklum vestansjó“.

Taka strikið / straiðið (orðtak) Taka til fótanna; hlaupa. „Ég hélt ég væri búinn að *via* kindina *af í ganginum*, en þá tekur hún straiðið *neðan slefrurnar* og upp í *flesið*“.

Sögunaraðstaða (n, kvk) Aðstaða til sögunar t.d. á stórvíði/rekatrjám. „Þarna í kofanum kom hann sér upp þrýðilegri sögunaraðstöðu og undi þar löngum stundum“.

Sögunarbúkki (n, kk) Lágur trönur/undirstöður undir víði/tré til að þægilegt sé að saga. „Í sjávarkofanum kom afi sér upp sögunarbúkkja og vann þar löngum við að fletta rekatrjám“.

Söltunarkró (n, kvk) Hlaðin kró/þró sem fiskur er saltaður í í veri. „Skipshafnir frá þessum verbúðum, sem voru 5 (tvær í einni), höfðu sitt athafnasvæði; ruðninga og söltunarkrær, meðfram læk er var skamman spöl norðanvið Norðarikletta og hét Breiðilækur“ (KJK; Kollsvíkurver).

Söluskúr / Söluskýli (n, kk/hk) Lítið hús þar sem sala fer fram. „Umsókn ... um leyfi til að stofnsetja og reka söluskúr á Hvallátrum“ (Gerðabók Rauðasandshrepps; ÖG).

Tafs (n, hk) Töf; hangs. „Ég má ekkert vera að þessu tafsi; ekki veitir af að halda til dagsins“! Var annarsstaðar notað um ógreinilegt tal eða stagl/stam.

Tafsa (s) Tefja; hangs. „Ég má ekki vera að því að tafsa neitt núna; ég ætla að eiga hjá þér kaffið þangaðtil næst“. Annarsstaðar var orðið notað um að tala seinlega/ógreinilega; reka í vörðurnar.

Tala hinna seku (orðtak) Listi yfir þá sem sekir eru. „Brjótí nokkur þrisvar á ári getur hann sýknað sig sjálfur með því að skrifa fjelaginu afsökunarbrjef; en geri hann það ekki, eða brjótí oft, skal hann skráður í „tölu hinna seku“ sem auglýsa skal árlega á kirkjustað í sókn þeirra“ (VÖe; Lög Tóbaksbindindisfjelags Rauðasandshrepps).

Talningarrisna (n, kvk) Eitt af mörgum nýyrðum GJH; veitingar fyrir þá sem vinna að vörutalningu. „Skráðu eina ananasdós á talningarrisnuna; eitthvað þurfum við að hafa með hangiketinu“. Vörutalning hjá Sláturfélaginu Örlygur á Gjögurum var allnokkur viðhöfn, og kringum hana giltu vissar venjur. Fór í þetta góður dagur; jafnvel tveir. Allt var að sjálfsögðu talið; matvara, jafnt í pokum sem lausu og sekkjum, búsáhöld; verkfæri; ritföng; amboð; búvörur; föðurbætir, timbur og annað. Stundum fór það fram með þeim hætti að talningarmenn töldu og kölluðu upp tölu og heiti, en verslunarstjóri skrifaði niður; en stundum skráði hver fyrir sig. Í talninguna mættu jafnan vissir menn; gjarnan Óli á Nesi og Marínó í Tungu, auk GJH og

síðan VÖ. Þess þurfti að gæta að talningamenn liðu engan skort í veitingum. Talningarstjóri kom oftast með hangiket, en svo var tekin út sú vara til viðbótar sem talið var þurfa; gjarnan niðursuðuvara og sælgæti. Oft var mallað súkkulaði. Mennt höfðu uppi gamanmál og glens, og stemmingin var oft eins á góðri skemmtun.

Tannbyrðingur (n, kk) Beita á öngul/krók/hauk, þannig að upp á hann er raðað beitu af margskonar tagi; t.d. smáfiski; fuglaketi; gormi; hjörtum og lifur. „Þótti fiskilegast að hafa fleiri en eina beitutegund, t.d. sjóbeitu og fuglakjöt, sína töluna af hvoru á víxl, allt frá oddi að ávafi - kallað að *beita tannbyrðing*, öðru nafni tálbeiting“ (LK; Ísl.sjávarhættir III).

Tapsár (l) Tekur því illa að tapa; reiðist/móðgast mikið við tap. „Kerlingin var tapsár og kenndi mér um“.

Tauta utani / Tauta (ljótt) yfir / Tauta yfir hausamótunum á (orðtök) Skamma; *hella sér yfir*; ausa óbótaskömmum. „Hann tautaði eitthvað ljótt yfir þeim þegar upp komst um þetta“. „Það væri full þörf á að tauta vel yfir hausamótunum á þessum þingmönnum fyrir frammistöðuna í vegamálum“.

Táakul (n, hk) Kuldatilfinning/kuldadofi í tám. „Þú færð bara táakul ef þú verður í einföldum sokkum“.

Táargat (n, hk) Gat á sokkum/skóm/stígvélum, framaná tá. „Það verður erfitt að líma þetta táargat á stígvélinu“.

Táurtaka (n, kvk) Úrtaka á tá þegar sokkur er prjónaður. „Húfuhæll var prjónaður eins og táurtökur nema úrtökurnar styttri (mynd) þá var prjónað í auka band þvert á „húfuna“ það var svo rakið úr eins og þegar var rakið úr fyrir þumli og teknar upp lykkjurnar og prjónaður framlesturinn“ (SG; Prjónaskapur; Þjhd.Þjms).

Teglundur / Tehland / Tepiss / Teskólpl (n, hk) Niðrandi heiti á te. „Ég hef aldrei verið hrifinn af þessu teglundri“! „Mér þætti nú betra að fá almennilegt kaffi en eitthvað tepiss“. Te var almennt ekki vinsæll drykkur í Kollsvík, þó á því hafi verið undantekningar, og kaffifólk brást sumt illa við ef te var boðið.

Tesull (n, hk) Niðrandi heiti á te. „Það þýðir ekkert að bjóða mér þetta tesull; áttu ekki heiðarlegt kaffi“?!

Tiktúruháttur (n, kk) *Gikksháttur; tiktúrur*; sérviska. „Ef þú ert með einhvern gikkshátt þá ætla ég bara ekkert að vera að *dekstra* þig“!

Til formlegheita / Uppá formlegheitin (að gera) (orðtök) Til að allt sé löglegt að forminu til; svo fylgt sé réttum reglum. „Mér sýnist að allt fæð sé komið, en það er rétt að slá á þetta tölu til formlegheita“. „Munnlegur samningur dugir alveg milli okkar, en ætli við verðum ekki að setja eitthvað á blað, uppá formlegheitin að gera“.

Til hvunn dagsbrúks (orðtak) Til daglegrar notkunar. „Ég ætlaði ekki að nota þessa skó til hvunn dagsbrúks“.

Tildráttarband (n, hk) Tildráttartaug; taug sem notuð er t.d. til að draga eggjakúta milli ganga; við sjóbjörgun með fluglínutækjum eða við að draga fiskseilar á land.

Tildregið (l) Það sem dregist hefur til. „Hér þarf að laga; hér er netið tildregið á teininum“.

Tilforna (ao) Að fornu; í fyrri tíð. „Heimabændur (í Láganúpsveri) hafa tilforna goldið fyrir sig og sín hjú hálfan toll, en fyrir 2 árum hefur landsdrottinn þennan toll aftekið, so nú gjalda heimabændur ekkert í því nafni“ (ÁM/PV Jarðabók).

Tilhlökkunarsvipur (n, kk) Svipur/bragur sem lýsir eftirvæntingu/tilhlökkun. „Við strákarnir horfðum á pakkahrúguna í horninu með tilhlökkunarsvip“.

Tilhugsun (n, kvk) Hugsun; hugmynd. „Ég fæ hroll, bara af tilhugsuninni einni saman“! „Það er erfitt að sætta sig við þá tilhugsun að Kollsvíkin verði í eyði til langframa, enda er það næsta ólíklegt“.

Tiljafna (s) Bera saman; gera jafnt. „Ég tiljafna því ekki, hvað þetta kaffi er miklu betra en hitt skólpið“!

Tilsjón (n, kvk) Möguleiki; von; greining. „Það er ekki nokkur tilsjón með að leggja uppað hleininni núna“! Þessi notkun orðsins virðist vera staðbundin vestra; dæmi orðabókar merkja „eftirlit“ eða „umsjón“.

Tilstand / Tilstáelsi (n, hk) Uppákoma; hátíð; nýbreytni; fyrirhöfn. „Ég verð ekki með neitt tilstand á afmælisdaginn“. „Það verður víst eitthvað tilstáelsi í tilefni af þessu“.

Tilsvona / Tisona (ao) Þannig; svo. „Það er nú tisona með hann; þetta er ekkert nema sérviskan“!

Tiltektarhugleiðingar (n, kvk, fto) Áætlanir/ráðagerð um tiltekt. „Ég held að maður fresti öllum tiltektarhugleiðingum meðan hann rignir; það er ekki hægt að bera neitt út“.

Tiltrúandi (l) Trúandi til; líklegur til; gæti gert. „Hafðu auga með hundinum; honum væri tiltrúandi að hlaupa í fæð ef það kemur nærri honum“.

Timburbotn (n, kk) Botn úr timbri. „Inni (í búðinni) var slegið upp rúmum með timburbotnum“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Timburrétt (n, kvk) Fjárrétt byggð úr timbri. „Guðbjartur á Láganúpi hlóð, með aðstoð sona sinna, allmikla fjárrétt á Brunnsbrekku; neðanvið Strýtustein. Neðantil við hana byggði Össur sonur hans timburrétt sem

notuð var meðan fjárbúskapur var á Láganúpi. Sama fyrirkomulag var í réttinni við Tröð í Kollsvík; steinrétt með timburrétt framanvið. Í báðum réttum voru gerðir dilkar til að draga í sláturlömb, og rennur til að setja þau á fjárflutningabíl“.

Tindafátæk / Tindalaus / Tindasnauð (l) Um hrifu; farin að tapa tindum. „Ansi er þessi hrifa orðin tindafátæk“! „Ætlar þú að *bata* þessari tindasnauðu hrifu eitthvað *til*“?

Tissi (n, kk) Tittur; nabbi. „Það er tissi þarna utan á vélinni til að drepa á henni“.

Titlatíningur (n, kk) Niðrandi heiti á titlum/virðingarheitum. „Ég nenni ekki að vera með einhvern titlatíning í svona bréfi. Það *kemur* bara illa *heim og saman* við innihaldið“.

Tittaslítingur (n, kk) Um veiðiskap; sarg; dræm veiði, þar sem mestmegnis fæst smáfiskur. „Ég nenni ekki að hanga lengur í svona tittaslítingi; við skulum *hafa uppi* og keyra aðeins dýpra“.

Tíkarafmán / Tíkarforsmán / Tíkargrey / Tíkarskarn (n, hk) Gæluorð um hundtík. „Hvert er nú tíkarafmánninn að fara“? „Taktu nú skóinn af tíkarforsmáninni“! „Farðu með þetta út í Skurðenda, í kjaftinn á tíkarskarninu“.

Tíkarleki / Tíkarögn (n, kk/kvk) Skammarlega lítið magn af einhverju. „Ég náði einhverjum tíkarleka úr tvævetlunni, en það er augljóst að hún mjólkur lambinu ekki nægilega“. „Þú mættir nú gefa mér meira af harðfiskinum en þessa tíkarögn“!

Tjása (n, kvk) Lagður; lufsa; visk. „Það er nú lítið til að taka af þessari kind; bara lítilsháttar tjásur um hálsinn“. „Einhverjar tjásur er hann nú að draga upp á austurloftið“.

Tjása (s) Tægja; tæta. „Vertu nú ekki að tjása svona í flækjuna! Það verður að reyna að greiða þetta dálítið skipulega ef það á að hafast“.

Tjónkur (n, kvk, fto) *Pjónkur*; farangur; *hafurtask*. „Um morguninn tóku tjaldbúarnir saman tjónkur sínar og fóru“. „Farðu nú að taka saman tjónkur þínar og gera þig kláran í skólann“! Kollvíkingar notuðu hitið bæði með þ eins og víðar þekktist, en einnig oft með t.

Tjörupottur / Tjöruskál (n, kk/kvk) Pottur/skál sem tjara er hituð í áður en hún er borin á t.d. bát, til að gera hana þjalli og svo hún renni betur inn í viðinn. GG hitaði tjöruna í skál sem var hálf *alúminíumkúla*.

Tommuborð / Tommuviður (n, hk/kk) Borðviður/fjöl sem er ein tomma á þykkt. „Fremri réttin var úr tommuborðum“. „Þetta er fjári falletgur tommuviður, og stendur vel mál“.

Tommunagli / Tommusaumur / Tommutittur (n, kk) Nagli/saumur sem er ein tomma að lengd. „Listarnir eru festir með tommusaum“. „Það er haldlaust að nota tommutitti í þetta; hér þarf lengri saum“.

Torskillegt (l) Torskilið; ekki auðskilið; illskiljanlegt. „Það er dálítið torskillegt að þetta má skuli enn vera óleyst“. „Mér er þetta svolítið torskillegt, allt saman“. Nokkuð notað, t.d. af SG, enn í dag.

Torta (n, kvk) A. Afturendi; rass. „Til að sýna álit sitt á frambjóðandanum sneri hún í hann tortunni“. „Reyndu nú að sitja kyrr á tortunni drengur, svona rétt yfir messutímamann“. „Komdu innfyrr og tylltu þér á tortuna meðan ég laga kaffi“. B. Nef. „Komdu héra kúturinn minn og leyfðu mér að snýta á þér tortuna“. Orðið virðist ekki þekkt víðar í þessari síðarnefndri merkingu, en hvorttveggja er í góðu samræmi við hinn germanska orðstofn.

Tott (n) Eftirhreytur; mjólk sem hreytt/tottuð er úr kú eftir helstu mjaltir. „Gefðu bara kálfinum tottið“.

Totta (s) A. Sjúga, t.d. spena, sígarettu eða reykjarpípu. „Pabbi sat í djúpum þönkum á jötubandinu og tottaði pípustertinn“. B. Mjólka kú í lok mjalta; *tutla*; *hreyta*. „Það þarf að passa að totta vel afturspenana á Sokku; hún *selur* fremur illa úr þeim“. Yfirleitt voru notuð orðin að totta eða tutla yfir það sem annarsstaðar merkir að hreyta, þó vissulega væri það einnig notað yfir það þegar ungabörn tottuðu pela og putta. Orðið virðist bundið við Kollsvík og e.t.v. nágrenni; annarsstaðar virðist orðið eingöngu hafa verið notað yfir slíkar munnathafnir. Sjá *handmjólka*.

Totti (n, kk) Toppur; visk. „Það er nokkuð bratt þarna í ganginum og fátt til að halda sér í nema tottar af sinu“. Sjá einnig *grastotti* og *sinutotti*.

Tóbaksbindindisflokkur (n, kk) Hópur fólks sem ætlar ekki að stunda reykingar. „Sama ár og fjelagið var stofnað var stofnaður tóbaksbindindisflokkur í Vestra og gengu allir fjelagar í hann, sem ekki neyttu tóbaks“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Tóbaksbindindisstarfsemi (n, kvk) Starfsemi tóbaksbindindismananna. „Tóbaksnautn meðal yngri manna... , er engin á fjelagssvæðinu, og má þakka það fjarstöðu hjeradsins við kaupstað, tóbaksbindindisstarfsemi og áhrifum barnakennara í tuttugu ár“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Tóbaksmökkur / Tóbaksreykur (n, kk) Þykkur reykur af reykingu tóbaks. „Tóbaksmökkurinn lá í þykku lagi í haushæð í stofunni, en undir honum mátti grilla í karlana í hrókasamræðum“.

- Tóbaksslumma** (n, kvk) Hráki manns sem tekur í vörina. „Tóbaksslumman lenti beint á gleraugum viðmælandans. Ekki vildi Þórður viðurkenna að það hefði verið ætlunin, heldur kenndi vindinum um“.
- Tófubitin** (l) Um sauðkind; dýrbitin; særð af ref/tófu. Refir eiga það til að ráðast á lifandi sauðkind og reyna að bana henni. Oftast er það sami refur sem tekur uppá þessu og nefnist þá dýrbítur. Leggja bændur mikið á sig til að eyða honum. Refurinn ræðst helst á veikburða skepnur; gjarnan pasturslítil lömb eða gamalær, og þá jafnan með því að naga snoppu eða afturhluta. Er slíkt fé oft hörmulega útleikið ef það næst lifandi, og þarf yfirleitt að lóga því.
- Tófufjandi / Tófuskrafti** (n, kk) Köpuryrði um tófu/ref. „Það má mikið vera ef tófufjandinn hefur ekki nartað eitthvað í snoppuna á þessu lambi“!
- Tófugagg** (n, kvk) Gagg í tófu/ref.
- Tófuganga** (n, kvk) Leit að tófu; tófuveiðar. Meðan tófuskinn voru í háu verði á fyrrihluta 20.aldar lögðu menn mikið á sig í löngum fjallferðum og vöku og margir urðu snillingar að rekja för og veiða. „...Ásgeir Erlendsson rakst af tilviljun á byrgi sakamannsins þegar hann var á tófugöngu...“ (MG; Látrabjarg). „Tófugöngur að vetri voru iðkaðar hér um sveitir frá því byssur náðu útbreiðslu hér á landi...“ (MG; Árb.Barð 1959-67).
- Tófugildra** (n, kvk) *Refagildra* (sjá þar).
- Tófugreni** (n, hk) *Refagreni; greni* (sjá þar).
- Tófuskinn** (n, hk) Skinn af tófu/ref. „Sá var að hreinsa tófuskinn, en óðar undan leit/ og upphóf sína dóma þarna í hvelli./ „Þú ert alltof gömul; þú ert alltof feit;/ þú ert eins og belja á hálu svelli!“ (DÓ/ÖG; Bónorðsförin).
- Tófuskott** (n, hk) Refaskott; skott af tófu. Greidd eru verðlaun fyrir unnin ref, bæði hlaupadýr, grendýr og yrðlinga; en til sannindamerkis þurfa menn að skila inn skottunum til viðkomandi sveitarsjóðs.
- Tófuþringur** (n, kk) *Refayrðlingur; yrðlingur* (sjá þar).
- Tór** (n, kk) Torfusneplur/ reiðingsbútar í steinhlöðnum veggjum; haft til þéttingar í steinhleðslu til að veggfyllingin rynni ekki úr. *Stutla* var nafn á litlu priki sem notað var til að þjappa tórin og fyllinguna vel að hleðslunni og nefndist það verk einnig að *stutla*. „Þunnt torf sem haft var til þéttingar á veggjum var þarna kallað tór“ (LK; Ísl. sjávarhættir II; frásögn KJK). Óðið mun ekki hafa verið notað annarsstaðar í þessari merkingu, a.m.k. ekki í seinni tíð, en það er þekkt sem „bjarmi í skýjum“ og sem færiband í síldarþró (Ásgeir Blöndal; Ísl. orðsifjabók).
- Tóttahróf** (n, hk) Samanfallnar/ógreinilegar tóttir. „Veiðistöð var við Torftóttir, eins og básar grafnir við bakkana og tóttahróf þar við. Vermenn þar áttu að hafa séð til útilegumanna“ (BÍ; Örn.skrá Kirkjuhvamms).
- Tóttaleifar** (n, kvk, fto) Leifar af tóttum; tóttabrot. „Á Seljagilseyrum voru tóttaleifar gamlar...“ (TÓ; Örn.skrá Breiðavíkur).
- Traðjark** (n, hk) Ið; spark; læti. „Verið ekki með þetta traðjark í sófanum strákar; hann gæti liðast í sundur“! Orðið finnst ekki í orðabókum.
- Traktorskvísl** (n, kvk) Stór heykvísl sem sett er á ámoksturstæki traktors og notuð t.d. til að moka heyi uppá heyvagn. „Ég rétti tindinn sem bognaði í traktorskvíslinni“.
- Trampari** (n, kk) Gönguskór; *spássersskór*. „Þessir nýju tramparar eru alveg *öndvegisping*“.
- Tranthali** (n, kk) Örnefni í Kollsvíkurlandi, brött brekka við heimari enda Bekksins. „Ekki er vitað um nafnskýringu, en hugsanlega hefur Bekkurinni í Núpnm einhverntíma heitið „Trantur“ og Tranthali hefur þá merkt endann á honum, líkt og orðið Túnshali, handnmeigin í Víkinni“.
- Teikantþjöl** (n, kvk) Þrístrend þjöl. „Réttu mér teikantþjölin“.
- Treikvartborð** (n, hk) Borðviður/fjöl sem er um þrjá fjórðu úr tommu að þykkt.
- Treikvartsaumur / Treikvartskrúfa** (n, kk/kvk) Saumur/skrúfa sem er þrjár fjórðu tommu að lengd. „Það er líklega máttulegt að hafa treikvartskrúfur í lömunum“.
- Treikvarttomma** (n, kvk) A. Lengdin tveir fjórðu tommu. B. *Treikvartsaumur*.
- Treikvarttunna** (n, kvk) Tunna sem tekur þrjá fjórðu úr rúmmáli heiltunnu, eða 90 lítra.
- Tréklumpur** (n, kk) Vænn/þykkur en stuttur bútur af tré/trjából; viðarbútur. „Ég stillti tréklump undir tjakkinn til að hann næði upp í hásinguna“.
- Trítílóður / Trítílvitlaus** (l) Snarvitlaus; mjög æstur; *frá sér* af reiði/æsingi. „Karlinn varð alveg trítílóður þegar hann frétti af þessu“. „Ég tala ekki við hann meðan hann er enn svona trítílvitlaus“!
- Trjáhnýðja / Trjárót** (n, kvk) Rót trés, einkum eftir að hún er sjórekin. „Þarna var rekin stór trjáhnýðja“.

Troða af giftingu (orðtak) Viðhaft um það þegar fiskur dettur af færi áður en næst að innbyrða hann.

Upprunalega merkir það að annar aðilinn hlaupi frá áætlaðri giftingu. Orðtakið virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Troðinn / Troðfullur (l) *Smekktfullur; sneisafullur; pinsfullur*. „Þá held ég að þessi gryfja megi heita troðin“.

Troðsnjór / Troðslusnjór (n, kk) *Hnoðsnjór*. Snjór sem klessist auðveldlega saman, en þó ekki mjög *krapkenndur*. Samgöngur í Rauðasandshreppi að vetri eru oft slæmar í miklum snjóum, enda ekki daglegur mokstur að hálfu þess opinbera. Því var mikilvægt, þegar hæfilegur troðslusnjór myndaðist vegna hlýjukafla, að grípa tækifærið og leggja góða slóð þar sem miklar fannir voru. Voru sumir bílstjórar einkar lagnir við slíkt, og oft var ekið heilan vetur á slíkri slóð; iðulega nokkuð utan eða ofan vegar. Bæði orðin heyrðust notuð; troðslusnjór þó oftar.

Trumbuhnifur (n, kk) Áhald til að trumba hákarl, svo unnt sé að *setja* hann á *tamp*. „Það var gert með sérstökum hníf sem kallaður var trumbuhnifur. Blaðið á honum var eins og rör; sagað eftir endilöngu. Þessum hnífi var stungið í gegnum trjónu hákarlsins og snúið. Stóð þá eftir gat sem kaðall var þræddur í“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Trúarmið (n, hk) Mið sem menn hafa mikla trú á til fiskjar. „Árið 1936 var mikill þorskafla fyrir sunnan Bjarg, eftir Nefjunum... Þá stóð fiskurinn mjög glögg eftir þessu trúarmiði,“ (ÁE; Ljós við Látraröst).

Trúðsháttur (n, kk) Fíflagangur; bjánagangur; sýndarmenska. „Skelfing leiðist mér svona trúðsháttur hjá fullorðnu fólki“!

Tryggðarskepna (n, kvk) Trygglynt dýr. „Tíkkarkvikindið var mér alltaf hin mesta tryggðarskepna“.

Tröllaglott (n, hk) Mjög glaðlegt/ögrandi bros; ýkt bros. „Hverskonar tröllaglott er eiginlega á þér“?

Tröllkarlshelli / Tröllkonuhelli (n, kk) Aðsetur/lögheimili trölla. Tröllakyn er líklega orðið fleira í Rauðasandshreppi en mannfólkið, eftir byggðabreytingar síðustu áratuga; a.m.k. ef byggðir eru allir staðir sem við tröll eru kenndir. Tröllkarl ræður ríkjum í Hnífaklettum og býr í Tröllkarlshelli. Hann ku vera þar einbúi en í fjarbúð með tröllskessu þeirri sem byggir Tröllkonuhelli innanvert í Blakknum. Liggja jarðgöng milli hellanna, þeim til hægðarauka. Tröllkarlinn nýtur nábylis við huldufólk í Stórhól og má því ætla að hlunnindi séu vel nýtt á þeim slóðum; fiskimiðin í Vatnadalabót; múkkavarp í Hnífum og *skjólaggott* beitarland í Grófum og á Hústóftarbökkum.

Tröllslæti (n, hk, fto) Grófur atgangur; ólæti; djöfulgangur. „Bölvuð tröllslæti eru nú í þér strákur“!

Tröppuhleðsla (n, kvk) Steinhlaðnar tröppur; hleðsla steina, þannig að úr verði steinhlaðnar tröppur. „Tröppuhleðslan neðan Breiðavíkurkirkju hefur nokkuð gengið til með tímanum“.

Tugga (s) Um hey; mjatla/flytja í litlum einingum. „Heyskapurinn tók stakkaskiptum þegar farið var að setja hey á vagn með stórra *traktorskvísl*. Það var nú eitthvað annað en tugga það á vagninn með *handkvíslum*“.

Tunglkoma / Tunglkviknun (n, kvk) Byrjun á nýju tungli. „Trúað gæti ég að hann færi að frysta með næstu tuglkviknun“.

Tunnubátur (n, kk) Að Láganúpi í Kollsvík þróaðist, á sjöunda áratug 20. aldar, einstök bátagerð, sem voru tunnubátar. Sú útgerð hófst með notkun stórs kringlóttis blikkbala sem notaður hafði verið fyrir ullarþvott og hundahreinsun, en hann reyndist hin versta veltikolla. Var því hafin smíði úr olíutunnum úr blikki sem stundum rak á fjörur. Fyrst í stað voru þær klipptar í tvennt að endilöngu, en þeir bátar reyndust varasamir og enduðu oft á lækjar- eða tjarnarbotni. Þá datt höfundi þessarar samantektar það í hug að klippa aðeins *lummu* úr hlið tunnunnar, falda brúnirnar og setjast niður um gatið. Þetta reyndist ósökkvandi farkostur ef þess var gætt að sitja vel í hliðinni hinumegin, enda var þá þyngdar punkturinn mjög neðarlega og mikið *borð fyrir báru*. Til að koma bátnum áfram var spaði í hvorri hendi; gerður úr prikstubba með plötubút á enda. Einnig var gerð tilraun með seglabúnað; þversegl á mastri sem sett var innan á frambotn tunnunnar. Það gafst vel, en svigrúm vantaði til siglinga á Torfalæknum, þar sem stíflað hafði verið til siglinganna. Stundum myndast uppistöðulón neðst í Ánni eða Búalæknum af fyrirhleðslu sandrifsins, og þar voru siglingar stundaðar af kappi. Fyrir kom að laumast var með tunnubát í sjó, en hann reyndist ekki vel í báru, þar sem stefnið vantaði. Ekki hefur spurst af slíkri bátasmíði annarsstaðar.

Tunnuprammi / Tunnufleki (n, kk) Farkostur í leikjum barna í Kollsvík. Fjórar olíutunnur voru undir tréþalli og öllu fest saman með trégrind. Flekanum var stjakað með löngum *bambusstöngum* á lönunum í Ánni og Búdalæknum. Eitt sinn var farið með hann á sjó í góðu veðri, en við lá að illa færi þegar straumurinn bar flekann á meira dýpi og *stjakarnir* náðu varla til botns. Til að fyrirbyggja slys var flekinn rifinn.

Tunnulok (n, hk) Lok á tunnu. Meðan trétunnur voru við lýði var oftast einungis talað um tunnubotn, enda sama lok í báðum endum. Tunnulok varð einkum alatalað eftir að plasttunnur fóru að notast.

Tuska / Tuska til (s) Lúskra á; lemja; slást við. „Hann er sjóðandi illur við karlinn og vill helst fara og tuska hann dálítið til fyrir þetta slúður“.

Túnbykkja (n, kvk) *Túnrolla*; skammaryrði um *túnsækna* kind. „Það mætti reyna að vísa þessum túnbykkjum út í Breið. Hugsanlega staðnæmast einhverjar þar um tíma“.

Túnrollufans / Túnrollufargan / Túnrolluhópur / Túnrollustóð (n, kk/hk) Hópur/flokkur af túnrollum; undantekningarlaust illa séður í túnum á sprettutíma. „Er ekki nokkur lifandis leið að stöðva þetta túnrollufargan“?! „Farið nú strákar og víkið túnrollustóðinu útfyrir“!

Túristakvikindi (n, hk) Heiti sem viðhaft var um ferðamenn, meðan þeir voru tiltölulega sjaldséðir í sveitum og bændur töldu þá fremur til ama en tekna. Eftir að sömu menn fóru að hafa tekjur af „túristakvikindunum“ breyttist mjög í þeim hljóðið, og tala þeir nú af virðingu um ferðafólk og ferðaþjónustu.

Túrna (s, n framborið með dn-hljóði) Skæla; vola; súldra. „Yfir hverju ert þú nú að túrna, lambið mitt“?

Túttuskór (n, kk, fto) *Dúdduskór*; svartir gúmmískór sem um tíma voru framleiddir hérlendis og mikið notaðir, ekki síst til sveita. Einungis var notað gúmmí í allan skóinn, sóla sem annað, en ekki strigi til styrktar. Gerð þeirra minnti um margt á roðskó. Endingin var ekki mikil og skórnir voru hvorki þéanlegir í grýttu landslagi né votu.

Tveggjablaða (l) Með tveimur blöðum. Oftast notað um vasahníf með tveimur misstórum blöðum; festu sínu í hvorn enda skaftsins. „Hann gaf mér tveggjablaða vasahníf sem ég átti í mörg ár“.

Tveggjamannamaki (n, kk) Sá sem hefur í fullu tré við tvo; á við tvo í vinnu/bardaga. „Hann var nauðsterkur og tveggjamannamaki í hvaða verki sem hann tók sér fyrir hendur“.

Tveggjamannatak (n, hk) Það sem þarf tvo menn til að lyfta/ ráða við. „Í miðri hleiðslunni er gríðarstór steinn; minnst tveggjamannatak að þyngd“ „Vertu ekki að bisa við þetta einn; þetta er tveggjamannatak“!

Tveggjamannatal (n, hk) Það sem sagt er milli tveggja manna en fer ekki lengra; leyndarmál tveggja. „Ég er ekkert að gaspra um það sem ég segi í tveggjamannatali“.

Tveggjanátta (l) Hefur verið um tvær nætur/ tvo sólarhringa. Oftast notað um legutíma neta í sjó. „Við drögum þetta tveggjanátta meðan veiðin helst svona góð“.

Tvíbeita (s) Beita sömu *linuna* tvisvar. „Tvíbeitt var í hverjum róðri, og voru þannig beittar 40 lóðir á dag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG).

Tvídraga (s) Um net/fiskilínu; draga tvisvar yfir stuttan tíma. „Heyrðu! Er þetta ekki strengurinn sem við vorum að draga áðan? Það er nú varla svo mikil veiði að við förum að tvídraga sama daginn“!

Tvíhita (s) Hita tvisvar upp. Oftast notað um *ketsúpu*. „Það er bara til bóta að tvíhita ketsúpuna“.

Tvísauma (s) Sauma tvisvar sama saum. „Allt var þetta tvísaumað, og þurfti síðari saumurinn að fylla vel út í hvert nálfar og herða vandlega hvert nálspor“ (KJK; Kollsvíkurver). Sjá *skinnklæði*.

Tvísmala / Tvíleita (s) Smala/leita sama svæði tvisvar. „Ég efást um að kindurnar geti verið uppi í Stæðum; þar er búið að tvísmala fyrir stuttu“.

Tætlutindur / Heytætlutindur (n, kk) Tindur í heytætlu, sem festur er á stjörnu sem snýst og grípur í heyið til að tæta það og lyfta því svo þorni hraðar. Brotna iðulega, t.d. ef rekst í stein eða jörð.

Töðugat (n, hk) Sátugat; op á hlöðu sem heyið var látið inn um; op úr hlöðu í jötu. Framan af vélaöld voru töðugöt fremur lítil. Látið var inn með heykvíslum og inni var fólk við að jafna og troða. Síðar var heyi blásið inn, en enn síðar var það bundið í bagga og rúllur. Orðið töðugat var oftast notað í Kollsvík en orðið sátugat, en virðist óþekkt annarsstaðar.

Töðuheyskapur (n, kk) Heyðflun á túnum (ekki engjaheyskapur). „Þegar töðuheyskapur var búinn var farið að slá Sláttumýrarnar, en þar var heyskapur seintekinn“ (Óssur Guðbjartsson; Niðjatal Hildar og Guðbjartar á Láganúpi).

Tönnur (n, kvk, fto) Tennur. Í fleirtölu notuðu Kollsvíkingar fyrri tíðar einatt þennan beygingarmáta á orðinu „tönn“. T.d. orðaði GG á Láganúpi þetta aldrei öðruvísi. „Settu nú tönnurnar fyrir mig í glasið á bordinu“.

Töskuboli (n, kk) Sæðingamaður. Notað þegar sæðingar hófust og varð útbreitt í Rauðasandshreppi en e.t.v. ekki mikið víðar.

Tötulseigur (n, kk) Gæluorð um mann sem er duglegri en útlit hans ber með sér. „Sjáið nú bara tötulseigan; bara kominn með stórlúðu uppundir borðið“! Líklega hefur fyrrum verið r í stað l í miðju orði, og vísað til fátæklega búins manns; vesalings.

Töturslega búinn/klæddur (orðtak) „Illa/fátæklega búinn; ekki hlýlega til fara. „Skelfing ertu nú töturslega búinn! Fardu nú í eitthvað hlýlega í neppunni drengur“.

Ufsatittur (n, kk) Smáufsi; niðrandi heiti á ufsa. „Hér er ekkert að hafa nema snarvislausa ufsatitti! Færið kemst varla fyrir borð; hvað þá að maður verði var við almennilegan fisk“!

Ullarlagður / Ullarlýja / Ullarsnepill / Ullartjása / Ullarvisk (n, kvk) Tjása/lagður af ull. „Hvað er þarna hvítt frammi á sléttunni; eru þetta bara einhverjar ullarlýjur eða afvelta kind“? „Það er rétt að hreinsa ullartjásurarnar af ánni, þó það sé ekki mikið“.

Umburðarpest (n, kvk) Umferðarpest; smitsjúkdómur; flensa o.fl. „Það hefur verið að stinga sé niður einhver umburðarpest“. Heyrðist sjaldnar notað en *umferðarpest*.

Umdeilanlegt (l) Álitamál; má deila um; vafaatriði. „Eignarhaldið á þessu svæði getur verið umdeilanlegt“.

Umferðarpest (n, kvk) Smitandi veiki, sjaldnast alvarleg. „Sumir tóku það ráð að setja sinn bæ í sóttkví ef umferðarpest var að ganga; einkum ef þar voru gamalmenni eða aðrir sem veikir voru fyrir“.

Umsemjanlegt (l) Unnt að semja um; hægt að hliðra til. „Verðið getur verið umsemjanlegt“.

Umskipa (s) Flytja/færa úr einu skipi í annað. „Fiskur úr Kollsvíkurverri var oftast fluttur á Eyrar með vélbátnum Föenix, þar sem honum var umskipað í flutningaskip til útflutnings“.

Undanvillt (l) Um lamb sem villst hefur frá móður sinni. „Það hefur undanvillt lamb verið emjandi hér uppi á Hjöllunum í alla nótt“.

Undirfurðulegheit (n, hk, fto) Furðulegheit; undarleg hegðun. „Einhver undirfurðulegheit eru í kúnum núna; þær eru ekki vanar að koma heim á miðjum degi“.

Undirsinkuð (l) Um skrófu; með haus sem er flatur að ofan en kóniskur að neðan, og fellur því sléttur að yfirborðinu, t.d. ef snarað er úr borgati hennar með *úrsnara*. „Sinka“ er þarna í merkingunni „sökva“.

Undirvaningur (n, kk) Lamb sem *vanið* hefur verið *undir* nýja móður. „Mér sýnist að kindin sé alveg búin að taka undirvaningnum“. „Undirvaningurinn er töluvert vænni en bróðir hans, sem gekk undir móðurinni“.

Undrasnöggur (l) Mjög fljótur/snar/snöggur. „Hann var undrasnöggur að grípa gogginn og keyra í lúðuna“.

Ungakvikindi / Ungapísl (n, hk/kvk) Gæluorð um fuglsunga. „Það þyrfti að ganga um og tína ungakvikinin úr óslægjunni áður en slegið er“. „Ég held að þessi ungapísl sé eitthvað að hjarna við í hlýjunni“.

Ungastía (n, kvk) Stía/hólf sem útbúið er fyrir unga, svo unnt sé að gefa þeim fóður sér í lagi. „Ungastía var útbúin undir hefilbekknum í verkfærahúsinu“.

Ungnautaket (n, hk) Ket af stálpuðum kálfum. Hefur orðið vinsæl söluvara á síðari tímum, t.d. í skyndimat.

Uppáhaldsdýr / Uppáhaldsgimbur / Uppáhaldsgripur / Uppáhaldshestur / Uppáhaldshrútur / Uppáhaldskind / Uppáhaldskýr / Uppáhaldsmjólkurkvr / Uppáhaldsreiðhestur (n, hk/kvk/kk) Dýr sem eru í upphaldi; dýr sem manni þykir vænst um. „Karlinn var gráti næst þegar hann sagði frá því að þegar hann stökk ofan í skurðinn til að draga kindina uppúr, lenti hann beint ofaná upphaldsgimbrinni sinni og steindrap hana *með það sama*“!

Uppáslást (s) A. Um net; þinur slæst uppá/yfir netastein/netakúlu/flot eða annað, þannig að netið verður ekki eins fiskið og endranær. B. Yfirfærð merking; koma uppá; slyst; ske; falla til. „Vertu ekki að gera ferð á Eyrar bara til að sækja þetta; við skulum sjá hvort eitthvað uppáslæst; kannski fellur til einhver ferð“.

Uppbinding / Upphnýting (n, kvk) Það að binda upp, t.d. net á flottein. „Það þarf að nota almennilegt netagarn í upphnýtunguna; þessi tvinni bilar strax“!

Uppfettir (ao) Neðanfrá; að neðan; upp: í áttina upp. „Ég gleymdi eldspýtunum uppi í reykkofa; ég ætla að hlaupa uppfettir og sækja þær“.

Uppferð (n, kvk) Ferð/klifur upp kletta/bjarg; *uppganga*. „Ég hafði fötu á hendi í uppferðinni og tíndi egginn sem voru næst vaðnum“. „Gættu að þér í uppferðinni; það er lausamöl undir vaðnum þarna ofar“!

Uppfrá (ao) Uppi; þarna uppi. „Ég ætla að skjótast upp í hornabúið; hinir strákarnir eru uppfrá“.

Uppfyrir (ao) Upp og yfir; neðanfyfir. „Drifðu þig og reyndu að komast uppfyrir kindurnar“!

Uppgangsbrim / Uppgangssjór / Uppgangsvellingur (n, hk/kk) Sjólag sem er mjög að versna. „Láttu féð ekki rása langt framá hleinar; það er uppgangsbrim og stutt í flæðina“. „Mér fannst kominn uppgangsvellingur og ákvað að pilla mig í land“.

Uppgangspest (n, kvk) *Gubbupest; ælupest; spýjupest*. „Það er víst að ganga einhver árans uppgangspest“.

Uppgjafarhljóð / Uppgjafarhugur / Uppgjafarmerki / Uppgjafarsvipur / Uppgjafartónn / Uppgjafarvæl (n, hk/kk) Merki um uppgjöf/hugprot/kjarkleysi. „Mér fannst komið hálfgerið uppgjafarhljóð í hann eftir aflaleysið að undanfögnu“. „Nú þýðir ekki neitt uppgjafarvæl; við þurfum bara að finna leið útúr þessu“!

Upphaldast (s) Leyfast; vera umliðið. „Honum hefur upphaldast það alltof lengi að skila ekki af sér ársreikningum í tíma“! „Skyldi honum upphaldast það lengi að leggja uppi í nethelgi“?

Uppherðing (n, kvk) Söfnun kjarks; undirbúningur reiðilesturs. „Nú er hann hjá sínum sálufélaga í uppherðingu áður en hann fer á fund sýslumannsins“.

Uppherðingur (n, kk) Ef norðanátt gekk skyndilega niður, en *rauk* aftur upp sama sólarhringinn; *uppherðingur*, boðaði það vaxandi norðanátt næstu dagur“ (LK; Ísl. sjávarhættir III; heimildir; ÖETH; DE og ÖM).

Upphrópanastill (n, kk) Yfirbragð upphrópana/ofboðs/æsing. „Það tekur enginn mark á bréfi sem skrifað er í svona upphrópanastil. Þú verður að setja þetta fram af einhverri rökvísi“!

Uppistöðumáttur (n, kk) Geta /afl/heilsa til að standa á fótunum. „Lambið er aðeins að hressast en það er samt ekki enn komið með uppistöðumátt“. „Honum hrakaði yfir nóttina og nú hefur hann ekki uppistöðumátt“.

Uppímóti (ao) Um stefnu, upp á móti halla. „Það er fljótgengið niður Geldingsskorardalinn, en það kemur oftast út svitadropunum að paufast hann uppímóti í sterkjusólskini með fullan eggjakút á baki; vað á öxlum og jafnvel kút og fötu, sitt í hvorri hendi“!

Uppkveikjufátt (l) Lítið um uppkveikju. „Plankinn var eftir það við skemmudyr framyfir 1890, en hvarf þá, án þess menn viti hver olli hvarfinu. En böndin bárust að eldamennskukonum staðarins, en þeim var um það bil uppkveikjufátt, eins og gengur“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Upplyftugur (l) Hýr; kátur; æstur. „Hann var heldur betur upplyftugur yfir einkunnunum sínum“. Heyrðist einungis notað þannig, og það nokkuð algengt, þar vestra. Annarsstaðar þekkt „upplyftur“.

Upprakningur (n, kk) Garn sem rakið hefur verið upp úr flík. „*Ekki spyr ég að* nýtninni hjá henni. Þetta þrjónaði hún úr afgangum og upprakningum“.

Uppréttingur (n, kk) Nagli/saumur sem réttur var upp/tekin var af sveigja; lagfærður saumur/nagli. „Það má spara sér dálítið með því að nýta uppréttinga úr mótauppslættinum“.

Uppskipa (s) Landa; setja í land afla/farm úr skipi. „Fyrir kom að strandferðaskip komu við í Kollsvík á fyrrihluta 20.aldar til að taka afla úr Kollsvíkurveri. Má þá gera ráð fyrir að uppskipað hafi verið annarri vöru, s.s. salti og fleiri nauðsynjum“.

Uppstigningardagsmessa / Uppstigningardagsruna (n, kvk) Stíf sjósóknarlota kringum uppstigningardag. „Stundum var þríróid; sérstaklega undir hvíldardag. „Uppstigningardagsmessa“ byrjaði á uppstigningardag (fimmtudag) og var róid látlaust fram á laugardag“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Uppstigningardagur var haldinn helgur og róid að kvöldi uppstigningardags; og síðan í lotu fram að helgi. Þetta var kallað „uppstigningardagsruna“. Það kom oft fyrir, einkum ef landlegur höfðu verið og helgi fór í hönd, að tekin var svona lota“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Uppsölupest (n, kvk) *Gubbupest; ælupest; veikindi með uppsölum.*

Upptínt (l) Búið að tína upp. Oft notað í *eggjatökufærðum*: „Það er allt upptínt í þessu flesi“.

Urðarnúpur (n, kk) Grýttur núpur; stórgrýtt og gróðurlaus hæð. „Milli Kálfadals og Lambadals eru Hreppar. Það er flatneskjuleg grjóthæð, grjóturðir eða graslittill urðarnúpur; breiður um sig“ (ÖM; Örn.skrá Hnjóts).

Urðarsláttur (n, kk) Sláttur á grasi í urðum. Urðarsláttur var stundaður fyrrum í Kollsvík; bæði í Urðunum á Láganúpi og Kollsvíkurmegin. Urðirnar á Láganúpi voru líklega síðast slegnar rétt fyrir 1970, af Guðbjarti Guðbjartssyni á Láganúpi. Þó þá væri kominn á efri ár varð honum aldrei á að reka ljá í stein, og má það teljast allmikil snilld. Þarna er kjarnmikið gras innanum stórgrýtið, en mikið er fyrir hejrunum haft.

Urra (s) A. Framleiða urr. B. Siga hundi. „Ég urraði tókinni á hópinn sem ætlaði að skilja sig frá rekstrinum“. Þessi síðari merking virðist ekki þekkt af orðabókum, en var notuð í Kollsvík. Sjá *urradan*.

Urradan / Urrdan (uh) Merkingarlaus upphrópun; hvatningarorð við hund til að siga honum á fé eða annað. Í Kollsvík heyrðist hvatningin oftast með greinilegu „a“ í miðju. „Urradan; sæktu hana“!

Utanbæjamenn (n, kk, fto) Fólk af bæjunum Sellátranesi og Hænuvík. „Neðsta vaðið á Hafnarvaðlinum var undan Hnjótsfitaroddanum og nefnt Utanbæjavað. Dró það nafn af því að þar fóru þeir sem komu utan úr Víkum. En þeir sem komu úr Hænuvík eða Sellátranesi voru alltaf nefndir utanbæjamenn og sagt að *fara út á bæi* ef fara átti þangað“ (frá bæjum innar í firðinum eða Örlygshöfn) (KJK; Örnefnaskrá Tungu).

Utaneftir (ao) Að utan og innmeð. „Þá hljóp fjárhópurinn utaneftir Smáhryggjunum og upp Vallargjá“

Utanfrá (ao) Að utan; inn. „Kemur þessi hávaði utanfrá, eða er þetta hér inni“?

Utani (ao) Utan í; ,i. „Rektu þig ekki utani vegginn; hann er nýmálaður“. „Ég rakaði mestu lýjurnar sem héngu utani heyvagninum áður en hann ók af stað“. „Hann var skírður utani frænda sinn“.

Utansveitarfé / Utansveitarkind / Utansveitarskepna / Utansveitarær (n, hk/kvk) Kind/fé frá unnansveitareigendum. „Barðastrandarhreppur verður að sjá um flutning á þessum utansveitarkindum“.

Utantil (ao) Utanvert; utarlega. „Það eru nokkrar kindur utantil á Stígnum“.

Utantilvið (ao) *Handanvið*; fyrir utan; *utanvert við*. „Reynið að passa að féð fari ekki niður utantilvið Litlavatnið, svo þær leiti ekki í Breiðinn“.

Útanúr (ao) Utan úr; utanfrá. „Þarna koma þeir með reksturinn utanúr Breiðavík; ég ætla að hlaupa útá Brunnsbrekku og standa fyrir“. „Ég rakaði utanúr heyvagninum áður en hann fór af stað“.

Utanyfirfatnaður / Utanyfirföt / Utanyfirgalli / Utanyfirþjónkur (n, kvk, fto) Utanyfirföt; skjólföt. „Áttu ekki einhverjar hlýrri utanyfirþjónkur; hann er orðinn *illkaldur* núna“.

Utanyfirblússa / Utanyfirjakki / Utanyfirmussa / Utanyfirstakkur (n, kvk) Yfirhöfn sem notuð er til hlífðar í skítverkum; vinnujakki; vinnustakkur. „Það má nota þetta fyrir utanyfirmussu í fjósverkin“.

Úar í sílinu (orðtak) (líkl.) Fuglager í síli. Virðist ekki þekkt utan Kollsvíkur (Úr orðasafni Ingvars Guðbjartssonar). Sagnorðið „úa“ getur merkt að mora; vera í miklum fjölda. Sbr. *úa og grúa*.

Úðapoka / Úðabykkni (n, kvk) Þoka/þykkni sem nokkuð úðar úr og t.d. bleytir hey.

Úðrari (n, kk) Sá sem er sístarfandi; vinnusamur maður. „Hann er mesti úðrari; *fellur aldrei verk úr hendi*“.

Úlfsteinbítur (n, kk) Mjög stór steinbítur. (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild GG)

Úrgreiðslugoggur / Netagoggur (n, kk) Áhald til að greiða fisk/hrognkelsi úr netum; lítill goggur, lítið meira en þverhandarlangt tréskaft með jánngaddi þvert í annan endann. Mikið hagræði er að góðum netagoggi við úrgreiðslu veiði úr netum og stundum til að leysa *netahnúta*.

Úrhelli / Úrhellisrigning / Úrhellisdemba / Úrhellisandskotansrigning (n, kvk) Mjög mikil rigning, eins og hellt sé úr fötu. „Skyldi hann ekkert ætla að *léttu* í þetta úrhelli“? „Það er ennþá úrhellisrigning“. „Við fengum á okkur úrhellisdembu“. „Það er enn sama úrhellisandskotansrigningin“!

Úrkomuvottur (n, kk) Lítilsháttar úrkoma. „Enn finnst mér eins og það sé einhver úrkomuvottur“.

Úrtakalítið / Úrtakalaust (l) Um tíðarfar; litlar/engar breytingar á tíðarfari. „Í byrjun Góu breytti aftur til hagstæðrar veðráttu og hélst 'rtakalítið til vetrarloka“ (KJK; Arb.Barð; 1957-58).

Úrteina (s) Skera ónýtt net af teinum/þinum. „Þessi netgarmur er nú ekki til annars en að úrteina hann“. „Hámerarfjandinn var búin að úrteina netið á löngum kafla“!

Út um allar koppagrundir (orðtak) Út um allt/allar trissur. „Galtinn *splundraðist* í veðrinu og fauk út um allar koppagrundir“. „Hún sagði honum frá þessu í trúnaði, en nú er það komið út um allar koppagrundir“.

Útaf (ao) Útfyrir tún. „Við þurfum að fara aftur að reka útaf; þessar árans læpur eru komnar aftur inná“!

Útafbreytni (n, kvk) *Tilbreytni; nýbreytni*. „Mamma gerði það til útafbreytni að hafa hreindýrasteik í matinn þessi jól, en ketið höfðu Hornfirðingar útvegað“.

Útafsofnaður (l) Alveg sofnaður; *sofnaður útaf*. „Hann var útafsofnaður, með bangsann undir kinn“.

Útafslökknað (l) Slökknað alveg. „Um hádegi á nýársdag var brennan loksins útafslökknað“.

Útá (ao) A. Um meðlæti með mat; út á; með; ofaná. „Aðalmáltíðin var hangikjöt, og ávaxtagrautur með rjóma útá á eftir“ (ÖG; Glefsur og minningabrot; um jólahald í bernsku hans). B. Um vindstöðu; til vesturáttar. „Nú er hann eitthvað að ganga útá; hann kannski *þornar* þá eitthvað *til*“.

Útávið / Útum (ao) Um áttir; úteftir; í áttina út. „Þegar komið er niður Sniðin niður á Stíg er haldið útávið í áttina að Setnagjá“. „Hefillinn var að moka Fjörurnar og er á leið útum“ (í átt til Kollsvíkur).

Útbeitarskepna (n, kvk) Skepna sem beitt er úti að vetri. „Þangað til eftir hátíðar mátti heita að mjög lítið væri búið að gefa öllum útbeitarskepnum“ (ÞÓT; Forðagæslubók Rauðasands 1925).

Útbeitningarmaður (n, kk) Sá sem *beitir út* þegar lína er lögð. „Eftir að straumur harðnaði var erfitt að hafa áfram svo ekki yrði erfitt hjá dráttarmanninum. Útbeitningarmaðurinn varð að vera fljótur til að forðast áherðing“ (GJH; Hálfdrættingur í Kollsvíkurverri).

Útbrotakutti (n, kk) Skeljahnifur; hnifur sem notaður er til að ná skefiski úr skel til beitu. „Kræklingur og aða voru úrskeljuð á sama hátt; með sérstökum hníf, skeljahníf/útbrotakutta, sem var með þunnu, stuttu en beittu blaði. Fyrir voru þessir hnifar heimasmiðaðir og var þá efnt í þá úr ljáblaði, en síðar notuðu margir erlenda sjálfskeiðunga“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV; heimild; GG). Ekki er ólíklegt að útbrotakuttar hafi lengi verið notaðir til að ná beitu úr kræklingi og öðuskel sem oft rekur í Kollsvík, en þó einkum á síðari tímum til úrskeljunar á kúfiski, sem þá varð algengasta beitan (aths VÖ; sjá *kúfiskur*).

Útbærilegur (l) Sem unnt er að lána; falur. „Mér er þessi hnifur bara alls ekki útbærilegur; þetta er besta eldhúsbreiddan“. „Hann hafði lofað mönnum í smalamennsku en svo var honum enginn útbærilegur“.

Útfyrir (ao) Að innan og út. „Hleyptu fenu útfyrir í snjóinn smástund, þó það viðri ekki til beitar“.

Úthaldsgóður / Úthaldsmikill (l) Þrekmaður; þrautseigur; þolinn. „Misjafnt er hve menn eru úthaldsmiklir á göngum og hlaupum. Sumir þurfa að æja með stuttu millibili meðan aðrir fara langa fjallvegi og vegleysur á göngu og hlaupum án þess að stoppa. Með þjálfun má aðlaga líkamann því að hvílast á hraðri göngu. Meðan úthaldið var sem best gat ég hlaupið uppi hvaða kind sem var“ (VÖ).

Útiborið hey (orðtak) Útihey; hey sem sett er upp úti til vetrarins, en ekki hirt í hlöðu. „Í Kirkjuhvammi er nokkuð af heyjunum fyrir neðan meðaltestu og einnig hefir nokkuð af útibornum heyjum skemmst af regni“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1957).

Útihlaða (n, kvk) Heyhlaða sem stendur fjarri öðrum húsum. Fyrr á tíð *töldu* menn það ekki eftir sér að bera heyið um nokkurn veg til gjafa. „Jón kom ekki aftur og fór þá vinur hans einn að leita hans og kom ekki aftur fyrr en um kvöldið með þær fréttir að hann hefði fundið Jón Thorberg hrapaðan undir Björgunum og hefði hann borið hann í útihlöðu“ (JVJ; Nokkrir æviþættir).

Útijata (n, kvk) Jata sem sett er upp úti til fóðrunar á lambfê, kálfum o.fl. einkum á vorin. „Útijötu var slegið upp norðantil við Melshlöðuna“. „Pabbi smíðaði nýstárlega v-laga útijötu ofanvið Láganúpslhöðuna“.

Útilag / Útíli (n, hk) Steinn/akkeri með festi sem lagt var aftur af bát í lendingu og notað til að halda honum réttum í landtökunni ef eitthvað var í sjó. Útíli var sumsstaðar einnig haft um niðristöðuna djúpmegin á netum. (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).

Útilegufé (n, hk) Hópur fjár sem ekki hefur náðst/sm alast á gangnatíma. „Um tíma gekk hópur útilegufjár í Tálknanum; flest leifar af Lambeyrarfénu, en þar var þá hætt búskap. Kostaði miklar og dýrar slamamennskur að ná þessu, en sumt var skotið niður og varð fréttæfni. Töluðu sumir um „villifé““.

Útívið (orðtak) Úti, en nærindis/nærri/viðlátinn. „Hann er bara hér útívið; viltu að ég kalli á hann í símann“?

Útkjálkahyski (n, hk) Niðrandi heiti þéttbýlisfólks á því dagnaðar fólki sem byggir ystu og dreifðustu sjávarbyggðir landsins. „Þeir segja víst að þetta útkjálkahyski sé afætur á hagvextinum. Ég held að þessir uppskafningar ættu að hugsa örlítið úti það hverjir hafa haldið líftórunni í þeim og þeirra forfeðrum“!

Útkrafsa (s) Krafsa út; skrifa/strika óskipulega á; spæna upp. „Ertu búinn að útkrafsa allt blaðið drengur“?!

Útkrafsaður (l) Sem búinn er að útkrafsa. „Ég var búinn að leggja ágæt för þarna í hliðina, en nú er þetta allt útkrafsað eftir einhverja klaufa sem ekki kunna að aka í snjó“!

Útnorðanhröði / Útnorðanrosi (n, kk) Mikið og langvarandi brim af norðvestri. „Enn heldur hann þessum útnorðanrosa. Það verður þokkalegur fjandi sem við fáum í netin núna“!

Útsandur (n, kk) Ytri hluti Rauðasands. Oft er þá átt við bæina utanvið Saurbæ, en stundum þó að meðtöldum Saurbæ og Kirkjuhvammi, og þá miðað við Bjarngötudal.

Útskíta (s) A. Gera skítugt/óhreit. „Ertu búinn að útskíta sparibuxurnar drengur“! B. Afleidd merking; tala illa um/til manneskju/málefni. „Hann meinti þetta nú allt vel; það er óþarfi að útskíta það þó illa hafi farið“.

Útslefaður (l) Með mikla slefu á sér; ataður slefu. „Hann sagðist ekki hafa lyst á að drekka úr bollanum útslefuðum eftir karlinn“.

Útsporað (l) Þakið/atað sporum/förum. „Farðu úr *skítastígvélunum* frammi drengur! Gólfið er allt útsporað eftir þig“! „Þarna á fjallinu var allt útsporað af hjólförum“.

Útsynningssperringur (n, kk) Hvass vindur af suðvestri; stífur en jafn útsynningur. „Hann heldur enn þessum útsynningssperringi, en er þó úrkomulaus“.

Útsögunarbogi (n, kk) *Útsögunarsög*; *laufsög*; bogasög með djúpum boga og mjóu fintenntu blaði; til að saga út krossvið og annað þunnt efni. „Gakktu frá útsögunarboganum og klemmuni þegar þú hættir“.

Útsögunarklemma (n, kvk) Plata, lík krústéli í laginu, sem klemmd er með þvingu á borð til að auðvelda útsögun með *útsögunarboga*; *laufsög*; *útsögunarsög*.

Útsögunartæki (n, hk) Áhöld til útsögunar; útsögunarbogi, klemma o.fl. „Fjelagið sá um að drengir innan 14 ára, sem í því voru, hafa komið sér upp garðholuoð ræktað þar jarðepli og selt þau, en fengið sér útsögunartæki og efni fyrir andvirðið“ (ES; Ungmennafélög í Rauðasandshreppi).

Útum (ao) Um stefnu; út fjörð/vík. „Áttir og stefnur voru með lítið eitt öðrum hætti í Útvíkum og nágrenni en annarsstaðar tíðkaðist og nú er algengast. Ekki síst átti það við á sjó, en einnig á landi: Framum þýðir dýpra/fjár landi eða inn dalinn; *uppum* þýðir grynnra/nær landi eða ofar í landinu; *utum* þýðir út fjörðinn eða í stað sem er utar á landsvæði; innum þýðir inn fjörðinn eða innyfir heiði/ inn í fjörð“. „Það er þettaðað strengjum hér utum“.

Útúrskaðandi / Útúrstandandi (l) Sem skagar/trónir/stendur útúr. „Undirhlíðarnefið, með sínum útúrskaðandi klettaneftum, minnir dálítið á mannsandlit“. „Varaðu þig á þessum útúrstandandi *naglagöddum*“.

Útvið (ao) Úti við/hjá. „Kindurnar hanga enn þarna útvið Hólahlíðið“.

Útvigta (s) Skammta með vigtun. „Á lagernum í Gjögurabúð var aðstaða til að útvigta sekkjavöru, s.s. sykur, hveiti og rúgmél“.

Útvigtað (l) Skammtað með vigtun; vigtað til sölu. „Milljónarfélagið lét reisa salthús í Kollvíkurveri, þar sem sjómenn fengu útvigtað salt gegn viðskiptum við félagið“ (HÖ; Fjaran).

Útvíknabúi / Útvíknamaður (n, kk) Sá sem býr í/ kemur frá/ er ættaður frá Útvíkum í Rauðasandshreppi. Sjá *Rauðsendingur*. „Útvíknamenn þóttu stundum sérlundaðir og stífir á sínu, en einnig allra manna hjálpsamastir, dugmestir og útsjónasamastir“.

Útþaninn / Útþembdur (l) Belgdur/kýldur/þaninn út; *útkýldur*. „Nú er maður svo útþembdur af kræsingum að maður er varla fær um að draga fé í rétt“!

Vaðbyrgi (n, hk) Sérstakt byrgi eða skýli sem hlaðið var á bjargbrún og einkum ætlað til geymslu á sigvað, en var einnig nýtt til geymslu á eggjum og öðrum bjargfeng; ílátum o.fl. meðan bjargtíð stóð yfir. Enn má t.d. sjá leifar vaðbyrgis ofan við Stíg á Geldingsskorardal. „Oft varð að gera hlé á fuglatekjunni vegna votviðra... Vaðirnir voru skildir eftir úti á bjargbrún til að þurfa ekki að flytja þá fram og til baka. Vaðbyrgi voru áður fyrir byggð á bjargbrún nær aðalsigstöðum. Þetta voru litlir kofar með helluþaki. Inni var ás uppi undir rjáfrí að endilöngu, og voru vaðirnir gerðir uppá hann þegar þeir geymdust úti á Bjargi í hléum. Vaðir máttu ekki geymast rakir og allra síst á jörðinni. Fuglabyrgi voru af sömu gerð og vaðbyrgin, og voru höfð til að geyma í fugl þegar ekki hafðist undan að flytja heim. En fuglinn þurfti að verja fyrir vörgum. (MG; Látrabjarg; frá. Daniels Eggertssonar; Hafliða Halldórssonar o.fl.)

Vaðalsblautt (l) Forblautt; rennandi blautt; mjög rakt. „Það þýðir ekkert að setja heyið svona vaðalsblautt í gryfjuna; við skulum láta renna úr því smástund á vagninum“.

Vaðandi (n, kk) A. Mikil bleyta á jörðu; mikið náttfall. Sjá einnig *fossvaðandi*. „Ég byrja ekkert að slá fyrr en hann feur tekið upp mesta vaðandann“. B. Svo mikill sjór að brotnar úr báru. „Það var orðinn hálfgerður vaðandi þarna frammi, svo við fórum bara í strengina uppundir“. C. Kjaftavaðall; málæði. „Það var slíkur vaðandi á frambjóðandanum að ég náði varla að stinga inn aukateknu orði“! „Mikið leiðist mér þessi vaðandi um hollívúddmyndir og kóngapakki í fjölmiðlum“.

Vaðarhæll / Vaðarpollur (n, kk) Hæll/pollur sem notaður er við bjargferðir. Í björgum vestra tíðkaðist það stundum að einn maður fór í kletta til eggja með ílát, *vaðarspotta* og einn hæl/poll. Pollurinn var rekinn niður í jörð ofanvið *niðurgönguna*; spottanum fest tryggilega þar á, og síðan var farið í lás niður í egglandið, með fötu á handlegg. Til skamms tíma mátti sjá vaðarpoll ofan Gorgánshillu í Keflavíkurbjargi, sem þar var upphaflega settur af KJK á Grundum.

Vaðarspotti / Vaðspotti (n, kk) Stuttur vaður; gildur bandspotti. „Ég skal bera vaðarspottann“.

Vaðkeppa (n, kvk) Bragð/skurður sem skorið er í steinbítshaus til að betra tak náist á honum við slægingu. „Dráttarmaður tók síðan með vinstri hendi upp í kjaft steinbítsins; slengdi honum út á borðið, greip hnífinn í þá hægri; skar þverskurð/vaðkeppu fyrir framan tálknin; kom fingrunum þar í gegnum svo að fengist gott hald; stakk síðan hnífnum fram við háls og risti kviðinn í einu hnífbragði aftur að gotrauf. Að því búnu setti hann hnífinn á milli tanna sér meðan slógið var slitið úr, sem allt fór fyrir borð nema gormurinn/steinbítsgormurinn“ (LK; Ísl. sjávarhættir IV). Líklega sama orð og annarsstaðar var sögnin að *vaðkeipa/varkjafta*, án þess að um það verði hér fullyrt.

Vaðstuðningur (n, kk) Stuðningur af vað í bjargferð. „Er ekki betra að vera með vaðstuðning þarna niður“?

Valdsmannsval (n, hk) Val á valdamiklum manni. „Embættið náði til þessara sýslna, en ekki var embættisfærslan erfið né vandasöm. Þá var valdsmannsvalið engum annmörkum háð. Aðeins þeir sem í fyrsta skipti í Verinu komu til greina“ (KJK; Kollsvíkurvef).

Valgerðast í (einhverju) (orðtak) Róta í einhverju, þannig að óreiða myndist. Líkt og ýmis önnur seinni tíma orðtök í Rauðasandshreppi má rekja uppruna þessa til GJH á Hnjóti. Hann var lengi kaupfélagsstjóri Sláturfélagsins Örlygs og sá um afgreiðslu í sölubúð þess á Gjögurum. Viðskiptavinir vildu íðulega fá að skoða þann varning sem þar var fánlegur, jafnvel áður en þar var sett upp kjörbúð kringum 1970. GJH þótti viðskilnaður eftir slíkar rannsóknir ekki alltaf góður og mun hafa valið verknaðinum þetta heiti í höfuð eins viðskiptavinar, sem hér skal ekki greindur frekar. Var hún þó ekki lakari en aðrir í slíkri umgengni. Hreppsúar voru fljótir að grípa orðaleppinn og hefur hann síðan verið notaður yfir hverskonar grúsk manna sem veldur óreiðu að mati annarra. „Hættu nú að valgerðast í pappírnum fyrir mér“!

Vals (n, hk) Ráp; endurteknar inn- og útgöngur úr húsi. „Hættið nú þessu valsi strákar; annaðhvort verðið þið inni eða úti“!

Vambarverkur (n, kk) Magaverkur; kveisa. „Þessu fylgja bölvæðir vambarverkir“.

Vandalaháttur (n, kk) *Eyðileggingarnáttúra; skemmdarstarfsemi; ribbaldaháttur*. „Fyrr má nú vera andskotans vandalahátturinn í þessum *gmsum*; að þurfa að brjóta allt sem fyrir þeim verður; bara að gamni sínu“!

Vandræðalaust / Vandræðalítið (l) Án nokkurra/teljandi vandræða. „Þetta gekk vandræðalítið fyrir sig“.

Vandlætisgoggur (n, kk) *Sérviskupúki*; servitringur. „Ég var hinsvegar alltaf sami vandlætisgoggurinn og vildi ekki sjá að éta rauðuna úr eggjunum“ (DÓ; Að vaka og vinna).

Vandræðagepill / Vandræðamaður / Vandræðagripur / Vandræðaseggur (n, kk) Maður sem þykir erfiður í samskiptum. „Það fylgdu honum einhverjar sögur að sunnan; þetta hefur víst allstaðar verið mesti vandræðagripur“.

Vanheimta (s) Heimta/fá ekki allt sitt fé að hausti. „Ég hef verið að vanheimta af Bjarginu árum saman“.

Vanmetasteinbítur (n, kk) Steinbítur sem ekki er hæfur til skipta (sjá skipti).

Vanþóknunarsvipur (n, kk) Svipur sem lýsir vanþóknun; óánægjusvipur. „Hún sagði ekki orð, en hennar álit var auðséð af vanþóknunarsvipnum“.

Varadekkslaus (l) Ekki með varadekk í ökutæki. „Þú ferð ekki af stað varadekkslaus í svona langferð“.

Varanegla (n, kvk) Negla sem höfð er um borð í bát þegar farið er í róður. Alltaf er möguleiki á að negla losni og berist útbyrðis með *austrinum*. Sjá *negla*.

Vargagangur / Vargaháttur (n, kk) Frekja; yfirgangur. „Honum varð lítið ágengt með þessum vargagangi“. „Hverskonar vargaháttur er þetta eiginlega í mannskrattanum“!

Vasahnífsblað / Vasahnífsoddur / Vasahnífskaft (n, hk/kk) Hlutar vasahnífs. „Ég náði skrúfunni úr með vasahnífsblaðinu“. „Út í þetta setti hann salt á vasahnífsoddi“. „Tappinn small í þegar ég bankaði létt á hann með vasahnífskaftinu“.

Vasahnífsbrók / Vasahnífsræfill (n, kvk/kk) Lélegur vasahnífur; gæluheiti á vasahníf. „Skyldi ég hafa týnt vasahnífsbrókinni“? „Það má lengi dengja úr vasahnífsræflinum“.

Vatnsgjúga (n, kvk) A. Kýli; bólguhnúður. B. Líkingamál. „Skelfing eru þetta leiðinlegar appelsínur; þær eru eins og vatnsgjúgur“.

Vatnsgjúgulegur (l) Eins og *vatnsgjúga*. „Kartöflurnar eru orðnar hálf linar og vatnsgjúgulegar“.

Vatnsglundur (n, hk) Lap; það sem er mjög vatnsblandað. „Ekki kann ég vel að meta þetta vatnsglundur sem þeir kalla agúrku, og *tröllríður* öllu nútímafæði“!

Vatnsjata (n, kvk) Langt og mjótt ílát sem notað er til að vatna fé sem er á innistöðu, og er þá fest lárétta á vegg. „Vatnsjötur voru ýmist gerðar úr þremur víðar borðum með göflum í enda eða úr járn“.

Vatnslósett / Vatnssalerni (n, hk) Innikamar; salerni inni í íbúðarhúsi, með vatnskassa tengdan neysluvatnslögn. „Vatnslósett kom í Láganúpsbæinn líklega kringum 1962“.

Vattbotn (n, kk) *Sigtisbotn*; kringlótt þunn skífa úr vatti/bómullarkenndu efni, sem settur er í botn mjólkursigtis og síar óhreinindi úr mjólk sem hellt er í gegnum það. Vattbotnar voru ómissandi þarfaping á hverju sveitaheimili, og að sjálfsögðu föst söluvara hjá kaupfélögum til sveita.

Veðmáls lamb (n, hk) Lamb sem veðjað hefur verið um; lamb sem lagt er undir í veðmáli. „Gummi var vel að heiman búinn og meðal annars hafði hann í nestisskrínu sinni væna spaðbita af veðmáls lambinu“ (PG; Veðmálið).

Veggspýtingur (n, kk) Mikill og bráður niðurgangur; *steinsmuga*; *renniskítur*. Hugsanleg skýring gæti tengst krafti niðurgangsins þegar menn gengu örna sinna nærri húsvegg. „Ekki fór þetta vel í maga; ég var með bólvaðan veggspýting fram eftir nóttinni“.

Veglagning (n, kvk) Lagning vegar; vegalagning. „Aðalþrekvirki fjelagsins (Baldurs) var að byrja á og vinna að veglagningu uppi í skriðunum milli Örlygshafnar og Sellátraness“ (VÖe; Ungmennafjelög í Rauðasandshreppi).

Vegýtusjóður (n, kk) Sjóður til að standa undir kaupum/rekstri á vegýtu. „Samþykkt var að vegýtusjóðurinn verði lagður inn í skólabyggingarsjóð...“ (Gerðabók Rauðas.hr; hreppsn.fundur 14.01.1962)

Veikindabarátta / Veikindabarningur (n, kvk/kk) Það að eiga í veikindum/ vera lengi veikur. „Það er hverjum manni nóg að standa í þessum veikindabarningi þó hann þurfi ekki líka að hafa fjármálaáhyggjur“.

Velfóðrað (l) Um búfe; vel fóðrað/alið. „Velfóðrað fé er einnig á Melanesi, enda hefur þar verið gefið síldarmjöl og nokkuð af því sem aukafóður, borið saman við vanalega gjöf undanfarna vetur...“ (ÍÍ; Forðagæslubók Rauðasands 1932).

Velgjutilfinning (n, kvk) *Klígja*; *flökurleiki*; sjóveiki. „Ertu kominn með velgjutilfinningu strax“?

Velgott (l) Verulega gott; allgott. „Það er ekki velgott ef mikið af fé hefur sloppið inn á Hlíðar“. „Færið á Hálsinum er ekki velgott, en það má þvælast þetta“.

Vellubókmenntir (n, kvk) Skáldsaga sem þykir mjög leiðinleg aflestrar; leiðinleg bók. „Ég held ég hafi bara engan áhuga á að lesa svona vellubókmenntir“!

Velskikkanlega (ao) Um hegðun/framkomu; sæmilega; prýðisvel. „Reyndu nú að haga þér velskikkanlega drengur; rétt á meðan messan fer fram“!

Veltikolla / Veltikefli (n, kvk) Mjög valtur bátur. „Þetta horn þótti hin mesta veltikolla“. „Andskotans veltikefli er nú þessi bátikolla ef einhver hreyfing er“!

Veltihafður (l) Vel til fara; snyrtilegur; *frambærilegur*. „Á jólonum þótti við hæfi að fara í sparifötin og vera sæmilega veltihafður, enda öllu tjaldað til svo kvöldið yrði sem hátíðilegast“.

Veraldarauli / Veraldarbjáni / Veraldarfið / Veraldarflón / Veraldarhálfviti / Veraldarviðundur / Veraldarvitleysingur (n, kk) Alger bjáni/vitleysingur; erkihálfviti. „Hverskonar veraldarhálfviti er maðurinn; hefur hann aldrei heyrt talað um aurbleytu. Hann getur bara mokað bilinn upp sjálfur“!

Vergangsfólk (n, hk) Fólk sem er á *vergangi*/ hefur flosnað upp vegna fátæktar og flakkar milli bæja í leit að lífsviðurværi. „Hafis tálmaði ekki veiðum á syðri fjörðum, og raunar sjaldan til lengdar sunnan Straumness. Afleiðingar eldgosa komu svo til ekkert niður á fólki vestur á fjörðum. Jafnvel gætti þar ekki sjálfra Móðuharðindanna svo mjög að mein yrði að, nema hvað þá kom fleira vergangsfólk vestur en áður...“ (G.Hagalín; sonur bjargs og báru).

Verkfælinn (l) Tregur til að hefja verk/vinnu; latur; *verkasmár*; haldinn kvíða gagnvart vinnu. „Hann er óskaplega verkfælinn, en getur verið hörkuduglegur ef hann hefur öflugan mann með sér“.

Verkfæraböðull (n, kk) Sá sem fer illa með verkfæri; sá sem beitir verkfærum harkalega eða umgengst þau illa. „Hann er ferlegur verkfæraböðull; mér er illa við að láta þetta í hendurnar á honum“!

Verkunarskúr (n, kk) Lítið hús þar sem verkaðar eru afurðir. „Össur og Ingvar í Kollsvík hófu grásleppuútgærd frá Hænuvík, líklega vorið 1969, en þá hafði Bjarni í Hænuvík lagað lendinguna þar með jarðýtu. Skúr sem stóð á Stekkjarmel var fluttur inn yfir Háls og honum komið fyrir á bökkum Árinnar, stutt ofan við lendinguna, þar sem hann var notaður sem verkunarskúr fyrir hrognin. Í fyrstu var gert út á gömlu Voninni, en síðar á hinni nýsmíðuðu Rut. Þarna gerðu Hænuvíkingar einnig út skektu. Lent var við árósin og bátar teknir upp á kerrum með traktorum. Hrogn voru flutt í land í lokuðum stömpum og verkuðu báðir aðilar í verkunarskúrnum. Hann stóð þarna löngu eftir að útgærd fluttist annað, en eyðilagðist að lokum“.

Vesaldarkvikindi (n, hk) Aumlegt dýr; vorkunnarheiti á dýri. „Ég hálfvorkenndi þessu vesaldarkvikindi. Tófa leitar ekki svona nærri mannabústað nema hún sé glorsoltin“.

Veslingsarmingi / Veslingsgarmur / Veslingsgrey / Veslingshró / Veslingsræfill / Veslingsskinn (n, kk) Vorkenningarheiti á þeim sem þykir eiga bág. „Skelfing er hún orðin stírd í liðunum, veslingsarminginn“. „Þetta var nú alveg óvart hjá honum, veslingsskinninu“.

Vessabóla / Vessablaðra (n, kvk) *Vessafyllt* ból/blaðra á húð. „Hlaupabólunni fylgdu vessablöðrur um allan líkamann, með viðþolslausum kláða. Ekki mátti þó sprengja blöðrurnar því þá myndaðist ör á eftir“.

Vestanbál / Vestanofsi (n, hk/kk) Mikið hvassviðri af vestri. „Enn heldur hann sama vestanbálinu“!

Vestangutlandi (n, kk) Allnokkur vestansjór, þó ekki rosi/garður. „Það þýðir lítið að hugsa til róðra meðan hann heldur þessum vestangutlanda“.

Vestansperra / Vestansperringur / Vestanstrambi (n, kvk/kk) Stíf vestanátt, einkum viðhaft á sjó. „Hann leggur einhvern bölvadan vestansperring fyrir Blakkinn“.

Vestanvið (ao) Vestanvert við; að vestanverðu. „Fitin er vestanvið Torfalækinn“.

Vetrargöngumannavegur (n, kk) Göngustigur/göngumannavegur sem er snjóléttari en venjuleg leið, en stundum lengri. „Upp af Látravatni að norðan er vetrargöngumannavegur, þegar hálsinn er ófær, og heitir Reiðleit. Hún er við vestari endann á Bjarnarhlið“ (Guðm. Sigurðss; Örn.skrá Rauðasandshrepps).

Veturlönd (n, hk,, fto) Vetrarbeitiland sauðfjár. Veturlönd eru á nokkrum stöðum sem örnefni í Rauðasandshreppi, s.s á Geitagili og í Sauðlauksdal, og orðið er því gamalt. „Veturlönd eru vallgrónar lautir sunnantil í hálsinum; beint uppaf Framdalnum og Stóraleitinu, og ná allt fram undir Hrismúlann... Þarna sunnan í hálsinum þótti mesta kjarnabeit þegar sólar fór að gæta í þorralokin og þar var yfirleitt aldrei jarðbann. Þar af er dregið nafnið; Veturlönd“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Vélarkassi (n, kk) Kassi utanum vél; mótorkassi. Vélarkassar voru utanum vélar í fyrstu bátunum í Kollsvíkurveri. Vanalega voru þeir léttbyggðir; botnlausir og hægt að lyfta þeim úr í heilu lagi; opnanlegir að ofan og með götum fyrir þúst, sveif o.fl. „Vélin var komin í gang. „Þú keyrir með fullri ferð, en verður viðbúinn að slá af þegar ég segi þér, og sjáðu um að húsið sé vel lokað“. Þetta var til mín talað. Húsið var bara vel þéttur kassi, með smálökum yfir sjálfri vélinni, eins og algengt var í þá daga“ (ÞJ; Brimlending í Kollsvík).

Vélarkvikindi / Vélarrokkur / Vélartík (n, hk/kk/kvk) Uppnefni á vél/mótor. „Það var ekki von að vélarkvikindið héldist í gangi; það var *ekki deigur dropi* á tanknum“! „Árans vélarrokkurinn var með einhverja dynti“. „Vélartíkin drap á sér við Breiðaskerið, svo við rerum síðasta spólinn“.

- Viðhaldslaus** (l) Án viðhalds/aðhlyningar/viðgerða. „Á Bökkunum meðfram öllum Grundagrjótum er túngarður, grjóthlaðinn; furðu heill þó staðið hafi viðhaldslaus í mannsaldur“ (HÖ; Fjaran).
- Viðhnýtingur** (n, kk) Band sem hnýtt er við annað, til að framlengja því. „Þarna á hillunni fann ég þennan dýrindis spotta sem ég notaði sem viðnýting, til að komast á sylluna fyrir neðan. Þetta var viðfrægur vaður, sem einatt gekk undir nafninu „svarti spottinn“. Ekki báru allir sama traust til þessa skítuga sólbrunna öldungs, og einn tók sig til og fleygði honum framaf nokkrum árum síðar“.
- Viðmótsbljúgur** (l) Óeðlilega blíður í viðmóti; fleðulegur; *viðmótsþýður*. „Eftir að ég hafði skammað hann eins og hund varð hann í fyrstunni lúpulegur, en hefur síðan afskaplega viðmótsbljúgur“.
- Viðrekstrarfnýkur / Viðrekstrarfýla / Viðrekstrarlykt / Viðrekstrarpest / Viðrekstrarstækja / Viðrekstrarsvæla** (n, kk/kvk) Prumplykt; lykt af freti. „Mikill andskotans viðrekstrarfnýkur er þetta; hvern fjandann varstu eiginlega að láta ofan í þig“?!
- Viðrekstrarstand / Viðrekstrarvesen** (n, hk) Vindgangur. „Óttalegt viðrekstrarstand er þetta á þér“!
- Viðsjárgepill / Viðsjárgripur / Viðsjálgripur** (n, kk) Varasamur hlutur/gripur/maður; tveggja handa járn.. „Hann er óttalegur viðsjárgepill; þú veist aldrei hvar þú hefur hann“. „Taktu ekki mark á öllu sem hann segir; þetta getur verið viðsjárgripur stundum“.
- Vildarverkfæri** (n, hk) Mjög gott/nýtilegt verkfæri; þéanlegt áhald. „Þetta er meira vildarverkfærið“!
- Vildisnáungi** (n, kk) Mjög viðfelldinn maður. „Mér hefur hann reynst sem vildisnáungi og ekkert annað“.
- Vildisskepna** (n, kvk) Gæðaskepna; sem reynist vel. „Ég veit fáar slíkar vildisskepnur“.
- Vildissjóveður** (n, hk) Mjög gott sjóveður; kjör. „Það er ekki hægt að sleppa svona vildissjóveðri“.
- Vildisveiði** (n, kvk) Mjög góð veiði; góð vild; mokveiði. „Þarna á boðanum var því lík vildisveiði að ég man ekki annað eins“!
- Villingalýður** (n, kk) Óþjóðalýður; óeirðaseggir. „En svo fóru hlutirnir að fara úrskæðis og alls konar villingalýður eyðilagði þessi friðsömu mótmæli“ (SG; Bankahrúnið-Búsáhaldaþynging; Þjhd.Þjms).
- Vindaukandi** (l) Um mat sem veldur miklum *vindgangi*/viðrekstrum/prumpi. „Ég held ég hafi ekki gott af meira rúgbrauði núna; það er dálítið vindaukandi“.
- Vindgeljandi** (n, kk) *Vindsveljandi*; *vindbelgingur*; töluverður kald/naðingur. „Ég heyrði ekki vel hvað hann var að kalla fyrir vindgeljandanum“.
- Vindkaldi / Vindkul / Vindkæla** (n, hk) Gjóla; kaldi. „Hann er að leggja einhverja vindkælu upp á víkina núna“. „Það eru árarar, knúnar hertum höndum, sem fleyta báti í vör. Hæfilegur vindkaldi er legði í segl, væri þó vel þeginn“ (KJK; Kollsvíkurver). „Var nú aftur kominn svolítill vindkaldi...“ (ÖG; Þokuróður).
- Vindsperringur** (n, kk) Strekkingsvindur; vindstrambi. „Ári ætlar hann að halda þessum vindsperringi“.
- Vindstrambi** (n, kk) Strekkingsvindur; *golusteitingur*. „Það var bölvður vindstrambi fyrir Blakkinn“.
- Vinnubomsur** (n, kvk, fto) Vinnuskór; uppháir skór sem notaðir eru við vinnu. „Ég ætla nú að fara úr vinnubomsunum úti á hlaði; þær eru *ekki í húsum hæfar*“.
- Vinnubýtti** (n, hk, fto) Verkaskipti; vinna sem unnin er gegn öðru vinnuframlagi. „Bændur í Kollsvík unnu mikið í vinnubýttum af ýmsu tagi, eins og oft vill verða í fjölmennu nábyli. Þannig var ýmsum framkvæmdum komið í verk með samhjálp, sem hefðu verið erfið eða ómöguleg fyrir einn“.
- Vinnukonuvatn** (n, hk) Þunnt kaffi. Einnig voru notuð um það heitin *englahland* og *nærbuxnavatn*.
- Vinnustika** (n, kvk) Stika/hæll sem markar vinnusvæði, t.d. í vegalagningu. „Vinnustikur voru honum (Magnúsi í Botni) sem rauða dulan víganautunum í Spánía“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Vinstramegin** (l) Til vinstri handar. „Kindin var með mórauðan flekk vinstramegin á hálsi“.
- Vinstrifótarskór / Vinstrifótarstígvél** (n, kk/hk) Skór/stígvél á vinstri fót. „Ég finn bara vinstrifótarskóinn; skyldi hundurinn hafa borið hinn eitthvað frá“.
- Vinstrihandarvettlingur** (n, kk) Vettlingur á vinstri hönd. „Það er gott að vera í vinstrihandarvettling til að ná betra gripi á fiskinum meðan flatt er“.
- Vitleysiskjafæði / Vitleysisþvæla** (n, hk) Bull, þæla; heimskulegt tal. „Vertu nú ekki með þetta bölvæð vitleysiskjafæði“. „Ég nemti ekki að hlusta á þessa vitleysisþvælu í frambjóðandanum“.
- Vitleysugangur / Vitleysulæti** (n, hk, fto) Bjánagangur; heimskulegt/tilgangslaut framferði; fyrirgangur. „Verið ekki með þessi vitleysulæti nálægt lambfénustrákar“!
- Vituglegt** (l) Gáfulegur; skynsamlegur; hyggilegur. „Heldurðu að það væri nú ekki vituglegra að vera í stígvélum en skóm; þú verður strax *forblautur* í fæturna“.

- Viturlega** (l) Gáfulega; spaklega. „Það var viturlega gert hjá honum að undirbúa þetta svona vel“. „Mér finnst þetta viturlega sagt“.
- Víðáttufullur** (l) *Augafullur*; ofurölvi. „Hann var svo víðáttufullur að hann mundi ekkert daginn eftir“.
- Víðáttuhálfviti / Víðáttubjáni / Víðáttuvitleysingur** (n, kk) Erkihálfviti; algjör auli/vitleysingur. „Hverskonar víðáttuhálfviti getur maðurinn verið?! Hefur hann aldrei komið nálægt skepnum“?!
- Víðáttuheimskur / Víðáttuvitlaus** (l) Mjög heimskur; tröllheimskur. „Mikið eru víðáttuheimskur ef þú skilur ekki svona einfaldan hlut“.
- Víknabúi / Víknamaður** (n, kk) *Útvíknamaður*; sá sem býr í/ kemur frá/ er ættaður frá Útvíkum í Rauðasandshreppi. Rauðasandshreppur skiptist eftir staðháttum í nokkur byggðasvæði, og er sú skipting mjög gömul (sjá *Rauðsendingur*). Eitt þessara svæða eru Útvíkurnar Látravík, Breiðavík og Kollsvík. „Víknamenn smala sínu fé á skilarétt í Breiðavík“.
- Vírgirt** (l) Um tún/svæði; girt með vír. „Uppi á Hjöllunum er túngarður, hlaðinn á einum vetri af Guðbjarti Guðbjartssyni, en annarsstaðar eru Láganúpstún vírgirt“.
- Vítli** (n, hk) Dund; fikt; rjál. „Ég nenni ekki þessu vítli með handkvíslum; ég sæki traktorinn“.
- Vítla við** (orðtak) Dunda/fikta/fást við. „Hann er eitthvað að vítla við útskurð“. „Ég vítla við þetta í frítímum“.
- Voðamenni** (n, hk) Ógnvænlegur maður; illmenni. „Þið ættuð ekki að vera að lita á ykkur skeggómyndina hans Hitlers, strákar; þetta var voðamenni sem enginn ætti að líkjast“.
- Vokk** (n, hk) Stjákl; viðvera; vöktun; aðgát. „Það er stutt hvíldin hvrju sinni um sauðburðinn. Maður þarf alltaf að ver á vokki innanum féð ef þetta á að gang sæmilega“.
- Vokkandi** (l) Á vakt/verði; að fylgjast með. „Ég var vokkandi þarna í Vörinni og beið eftir bátnum“.
- Volgrulegur** (l) (líkl.) Hálfvolgur; hikandi; óviss. (Merking kann þó að vera önnur; ekki notað í mínu minni; VÖ) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Voll** (n, hk, linur frb) Vandræðaástand; óreiða; ólag. „Ljósavélin var kolúrbrædd og *allt í velli*; enda hvorki hægt að mjólka né elda“. „Þetta er nú meira vellið á hlutunum“! Voll mun vera dönskuletta; völd = harðræði; yfirgangur, og vísar því til hernaðarástands. Var í hvorugkyni í munni Kollsvíkinaa, en orðabók HÍ hefur það í karlkyni.
- Vonskubylur / Vonskuél / Vonskukóf** (n, kk/hk) Slæmt/dimmt/hvasst él; óveðursbýlur; blindbýlur. „Við lentum í þvilíku vonskukófi þarna uppi á háfjallinu að við urðum að skriða í skjól og biða það af okkur“.
- Vorkunnarorð** (n, hk) Samúðarorð; hughreysting. „Hann hjálpaði strákunum að setja upp bátkenuna, en það voru víst engin vorkunnarorð sem hann las yfir þeim eftirá“.
- Vorsmali** (n, kk) Smali sem smalar í *vorsmölun*. „Þetta var í vorsmölun og allir vorsmalar þurftu að eiga ágæta hnífa“ (EG; Viðtal á Ísmús 1968).
- Votabatteri** (n, hk) Rafgeymir; upprunalegt heiti á rafhlöðum sem notaðar voru fyrir fyrstu lampaútvörpin. „Þessi rennibekkur er enn til og notaður nokkuð, en er nú kominn með rafmagnsmótor. Hann var þá að sjálfsögðu stigin, með tveim fótstigum. Það skondna er að áður framleiddi rennibekkurinn rafmagn. Þabbi tengdi við hann dýnamó og svo voru hlaðnar rafhlöður fyrir útvörpin, sem kallaðar voru votabatteri“ (S.G: Bréf til mömmu; Árb.Barð 80-90).
- Votheysilmur / Votheysfýla / Votheysstækja** (n, kk/kvk) Votheyslykt; ilmur/lykt af votheyi. Votheyslykt getur þótt góð eða slæm, og fer það bæði eftir þeim sem dæmir og verkun sem heyið hefur fengið. Sé heyið í upphafi kjarnmikið gras sem slegið er í góðri sprettu; hirt sæmilega þurrt; jafnað vel í hæfilega þykkt í góðri gryfju; sígur jafnt og án þess að hiti *hlaupi uppúr*, og *leyst* hæfilega ört eftir að gryfja er opnuð, þá er lyktin að öllum líkindum mjög góð, og tekur fram öllum dýrustu ilmefnum veraldar. Hinsvegar, ef veruleg frávik eru í einhverjum þessara þátta, getur lyktin af illa verkuðu eða slæmu votheyi verið afar fráhrindandi og þræsin. Slik lykt hefur meiri viðloðun en flest önnur. Af þessu stafa hin mismunandi heiti votheyslyktar. „Þær kvörtuðu kerlingarnar í saumaklúbbnum undan votheysfýlu, en *fjandan sú ögn* að ég gat fundið hana“.
- Votheyskarfa** (n, kvk) Karfa til að bera vothey úr votheysgryfju fram á jötu til gjafar. Notaðar voru sömu körfur og áður voru algengar við meðferð afla. „Meðal þess sem rak á fjörur voru ágætar votheyskörfur“.
- Votheyspoki** (n, kk) Poki sem vothey er sett í þegar það hefur verið leyst í votheysgryfju og fært til gjafa í fjárhúsi eða fjósi. „Vothey í stöku gryfjunni á Láganúpi var sett í votheyspoka, borið upp stiga og *forflutt* inni hlöðu, þar sem það beið þess að vera gefið. Pokar undan áburði voru úr þykku plasti og af heppilegri stærð sem votheyspokar“.
- Votheystugga** (n, kvk) Lítið eitt af votheyi. „Ég kastaði dálítilli votheystuggu í féð. Það var svo stutt úti að það hefur varla fengið magafylli“.

- Votheysveikiskind** (n, kvk) Kind sem veikst hefur af votheysveiki. „Það getur verið ráð að hella hafraseyði niður í votheysveikiskind, á meðan hún getur ekki tuggið“.
- Votviðristíð** (n, kvk) Rigningatið; tímabil mikilla rigninga. „Þessi mánuður hefur verið samfelld votviðristíð“.
- Vóru** (s, ft, fortíð) Komu. Eitt mikilvægt framburðareinkenni Kollsvíkinga var það að kringja o-hljóð í þátíðarmyndum sumra sagna. Segja t.d. „þeir kómu seint að“, eða „þeir voru ekki lengi að finna féð“.
- Væmishjal / Væmiskjafstæði** (n, hk) Það sem þykir of væmið að hlusta á. „Skelfingar væmishjal er nú þetta“! „Maður verður þreyttur á að hlusta á svona væmiskjafstæði til lengdar“.
- Værukærð** (n, kvk) *Sofandaháttur*; hyskni; leti. „Með svona værukærð þokast málin aldrei neitt áfram“!
- Vætulækir** (n, kk, fto) Votlent svæði með lækjarsytrum. „Geldingsskorardalslækir liggja niðurlundan Háhöldum og út undir Flaugarnef; vætulækir, en gras á milli og sjóbratt mjög“ (HIH; Örn.skrá Breiðavíkurbjargs).
- Vætuseil** (n, kvk) Votlent svæði; dýjaáll. „Forarteigur heitir í suðvestur frá gamla bæjarstæðinu. Þar í eru vætuseilar“ (GT/VT; Örn.skrá Kollsvíkur)
- Vöðsluverk** (n, hk, fto) Verk þar sem vaða þarf; *sukksöm* vinna. „Klæðst var brók og skinnstakki nær daglega við að bera fisk úr fjöru til ruðnings. Þegar meiri vöðsluverk voru unnin; t.d. borinn farmur af skipi, þ.e. stærri flutningabátum, í nokkru brimi, bjuggust menn svo sem best mátti vera eða bakbeltuðust“ (KJK; Kollsvíkurver).
- Völsungi** (n, kk)óljós merking..... (e.t.v. fálkategund, t.d. annað heiti á Smyrli; VÖ) (Orðasafn Ingvars Guðbjartssonar).
- Völuhænsn** (n, kvk) Leikföng í *hornabúi* barna; völu af leggjum notaðar fyrir hænsn. „Ég átti hornabú sem svo kallaðist. Þar var *hornafé*, *kjálkakýr*, *leggjahross* og völuhænsn.“ (SG; Leikir og leikföng; Þjhd.Þjms).
- Vörðudrýli** (n, hk) Lítil varða. „Á Brunnahæð er skógur af vörðudrýlum, enda hefur það lengi talist heilladrjúgt að hlaða þar vörðu í sinni fyrstu ferð. Sjá *hjástöðudrýli*“.
- Vörðukraðki** (n, kk) Fjöldi/kraðak af vörðum. „Þegar komið er niður úr Lambahlíðarskarði flásir við mikill vörðukraðki; þar sem heitir Brunnahæð“ (ÁE; Ljós við Látraröst).
- Yfir** (l) Í Kollsvík er orðið notað sem lýsingarorð og stigbreytt þannig: yfir-handar-handast. Málvenja er, varðandi áttir í Kollsvík, að tala um að fara yfir að Láganúpi eða öðrum *handanbæjum* frá Kollsvík. Þeir sem þegar eru á handanbæjum eru þá *fyrir handan*, frá sjónarhóli Kollsvíkinga. Hinsvegar heitir að *fara norður* þegar menn fara að Stekkjarmel eða Kollsvík frá handanbæjunum. Stekkjarmelur er handar en Kollsvíkurbærinn, en Lágínúpur er handasta býlið.
- Yfireftir** (ao) Yfirum; að norðan. „Ertu að fara yfireftir bráðlega“? Enn eitt dæmið um þetta staðbundna orðalag Kollsvíkinga; að höfuðáttir í Kollsvík eru norður og yfir. .
- Yfirfrá** (ao) Fyrir *handan*; *handantil*; *handan* megin/sunnanmegin í Kollsvíkinni. „Ég kom með blásarann en rörin eru enn yfirfrá“. „Hann er yfirfrá ennþá, en hann sagðist koma norður fljótlega“. Líklega er hér um staðbundið orðalag að ræða, en þar er enn notað í mæltu máli Kollsvíkinga. „Ég kom með blásarann en rörin eru enn yfirfrá“.
- Yfirlýsingaglaður** (l) Gefur stórorð fyrirheit; lofar miklu; kokhraustur; kjaftfor. „Þú skalt nú ekkert vera alltof yfirlýsingaglaður alveg strax; þetta er kannski ekki alveg unnið spil“.
- Yfirmeð** (ao) Meðfram og í áttina *yfir*. „Ég gekk yfirmeð sjó, en fann ekki mikinn reka“.
- Yfirum** (ao) A. Yfireftir; yfir Kollsvíkina, sé maður staddur norðanmegin, að Láganúpi eða öðrum *handanbæjum*. „Ertu á leiðinni yfirum“? (*Norðurum* eða *handanum/handanyfir* var í hina áttina). „Taktu með þér brodd þegar þú ferð yfirum aftur“. B. Yfir á hina hliðina/ hinn kantinn. „Ég velti votheysveiku rollunni yfirum, svo færi betur um hana“.
- Ylgjufjandi** (n, kk) Skammaryrði um sjóvelting/ókyrrð. „Það þýðir ekkert að vera að berja lengur í þessum ylgjufjanda; við skulum hafa uppi og koma okkur í áttina“.
- Ylgjuvottur** (n, kk) Nokkur ylgja/ókyrrð/sjór. „Við förum nú að hugsa til lands bráðum; það er kominn dálítill ylgjuvottur“.
- Ýldudammur / Ýldufor** (n, kk/kvk) Forarvilpa þar sem eitthvað er að úldna. „Það þarf að moka yfir ýldudamminn við sláturhúsið, svo lyktina leggi ekki upp að skólanum“.
- Ýldudrulla / Ýlduhaugur / Ýlduklessa** (n, kvk/kk) Ýlda; úldið hræ eða hluti af hræi; úldinn ket- eða fiskbiti.
- Ýldufnykur / Ýldufýla / Ýldulykt / Ýldupest** (n, kvk) Lykt/fýla af hræi, mat eða öðru sem farið er að úldna.
- Ýlduhræ** (n, hk) Úldið hræ af skepnu. „Það þyrfti að ná þessu ýlduhræi úr fjörunni og grafa það“.

- Ýluraketta** (n, kvk) *Raketta*/flugeldur sem gefur frá sér hávært skerandi hlóð þegar skotið er á loft.
- Ýmis / Ýmiskonar / Ýms / Ýmskonar** (l) Af ýmsu tagi; allskyns. „Auk trjáviðar berst ýmiskonar annar reki upp á fjörurnar“. „Vorur þar ýms skemmtiatriði, t.d. hlaup, reiptog, pokahlaup o.fl; og síðan dans á danspalli sem deildin átti“ (ÖG; Slysavarnadeildin Bræðrabandið). Orðin voru ýmist sögð/skrifuð með i eða án.
- Ýmislags / Ýmslags** (l) Allskonar; af ýmsu tagi; með ýmsum hætti. „Við lentum í ýmislags vandræðum á leiðinni“. „Upp í kofann hafði hann borið ýmslags reka úr fjörunni“. Jöfnum höndum notað i eða ekki.
- Ýturuðningur / Ýtuslóði** (n, kk) Vegur sem ruddur er af ýtu, en ekki ofaníborinn eða gerður vel fólksbílafær.
- Ýtustjórn** (n, kvk) Stjórnun jarðýtu. „Þetta (IH W4) hefur eflaust verið fyrsta vélknúna vinnutækið sem Magnús (í Vesturbotni) stjórnaði, utan trillu sem hann átti, en tveim eða þrem árum síðar byrjaði hann á ýtustjórn, sem átti eftir að gera hann kunnan víðs vegar“ (AÍ; Vélvæðing í Rauðasandshreppi).
- Þaðanaf** (ao) Frá því; uppfrá því; frá þeim tíma; síðan. „Hann hefur ekki borið sitt barr þaðanaf“.
- Þaðanafsíður** (ao) Enn síður; miklu minna/síður. „Mér list ekkert á að þið séuð að príla þarna í klettunum, og þaðanafsíður að þið séuð bandlausir“.
- Þagnarrúm** (n, hk) Staður þar sem þögn ríkir. Eingöngu notað í dag í málshættinum *liggja í þagnarrúmi*. „Ég legg til að við látum þetta mál í þagnarrúmi liggja; það er enginn bættari með að smjatta lengur á því“! Vísar e.t.v. til rúms í báti þar sem lítið er talað.
- Þakklippur / Þakjárnsklippur** (n, kvk, fto) Klippur/skæri til að klippa blikk, t.d. þakjárn. „Hvar hafa nú þakklippurnar verið settar“?
- Þakkústur / Þakpensill** (n, kk) Breiður málningarpensill með löngum hárum, sem hentar til að mála bárujárn; *kalkkústur*. „Ég fékk tvo nýja þakkústa, *ef svo slægist* að við færum í þakið á næstunni“.
- Þar kom vendin/vendirinn á það** (orðtak) Þar kom skýringin; þannig liggur í því; *þar lá hundurinn grafinn*. Algengt í máli sumra Kollsvíkinga en heyrst ekki annars. *Vendir* er karlkynsmynd þess sem vanalega er nefnt *vending* í siglingu skipa; þ.e. þegar *krusað* er í mótvindi og seglum hagrætt til að taka nýjan *bóg/legg*.
- Þaraðauki / Þaráofan** (ao) Í ofanálag; til viðbótar; einnig. „Þaraðauki er ég ekkert hrifinn af þessu“! „Hann sporðrenndi þessu öllusaman; kúfuðum grautardisk á eftir og hálfu harðfiskstrenslu þaráofan“!
- Þaradrulla / Þaraskítur** (n, kvk/kk) Niðrandi heiti á þara í netum, en hann er alltaf óvelkominn. Grásleppu- og rauðmaganet sem lögð eru *á grunnu vatni* í þaragarð, jafnvel fyrir opnu hafi, eru fljót að fyllast af þara ef gerir einhvern velting; hvað þá ef þau liggja yfir langvarandi stórsjó. Oftast er einhver hreinsun í hverri vitjun, en eftir margra daga legu í slíkum sjó voru þau oft *kjaffull* af þaradrullu og úldinni veiði. Tekur oft marga daga að fara yfir allan netafjölda einnar útgerðar, og þarf stundum að taka í land. Í verstu tilfellum þarf að *skera af*; þ.e. skera netin frá teinunum og *fella* ný net á þá aftur.
- Þaramosk / Þararusl** (n, hk) Lítilsháttar af þara/þaralóm. „Það var árans þaramosk í grunnendum“.
- Þaranet / Þarastrengur** (n, hk) Net sem mikið af þara og e.t.v. þursa, slýi og öðru rusli hefur ánetjast í; *strengur* margra neta sem þannig skítur er í. „Ég fer að verka hrognin ef þú dregur þaranetin upp í kerruna“. „Þarastrengirnir voru dregnir út á Fitinni“.
- Þarasæld** (n, kvk) Um stað/jörð; jafnan mikil not af þara, t.d. til beitar. „Þarasæld er mikil í Útvíkum og gegnum tíðina hafa bændur mjög treyst á fjörubeit til að létta á fóðrum fyrir sauðfé“.
- Þarfaklútur / Þarfaryja / Þarfatuska** (n, kvk) Tuska/klútur eða efni í tusku sem má nota til ýmislegra verka, s.s. til þurrkunar. „Ekki henda þessari skyrtu; það má kannski nota hana í þarfaryjur síðarmeir“.
- Þarfaspýta** (n, kvk) Fjöl/viður/spýta sem nota má í það sem þarf að smíða. „Ekki henda þessum kassafjöllum; það má vel nota þær sem þarfaspýtur, til dæmis í *milligerðir*“.
- Þartilbær** (l) Hæfur í því efni; hæfur til að gera/dæma. „Þetta verður metið af þartilbærum mönnum“.
- Þarumbil** (ao) Um það bil; nærri því. „Við fengum 100 fiska, eða þarumbil“. „Gryfjan er full, eða þarumbil“.
- Þaulleita** (s) Leita mjög ítarlega; *lúsarleita*. „Lykillinn finnst alls ekki þó búið sé að þaulleita í öllu húsinu“.
- Þaulbeita** (s) Nauðbeita; beita of mörgu fé á lítið beitaland. „Ég held að það sé ekki rétt að þaulbeita sléttuna svona lengi. Hún þarf að jafna sig yfir sumarið“.
- Þáorðið** (ao) Orðið þá/ í þann tíð/ á þeim tíma. „Þáorðið voru traktorar komnir á hvern bæ og þetta mikið léttara við að eiga“. „Þáorðið var hægt að fá þetta í mörgum verslunum“.
- Þefjandi** (l) Lyktandi; ilmandi. „Fjandi er þetta illa þefjandi viðrekstur; hvað léstu eiginlega ofaní þig“?
- Þegjandagangur / Þegjandaháttur** (n, kk) Drumbsháttur; þumbaraháttur; fámæli; fýla. „Svona þegjandagangur dugir ekki; þú verður að svara þessu“. „Hann tók því með þumbarahætti“.

Þekkingarsamfélag (n, hk) Samfélag sem stöðugt leitar nýrrar þekkingar og býr að miklum fróðleik. „Fullyrða má að í Kollvík og nágrenni hafi á margan hátt þrífist einstakt þekkingarsamfélag, eins og oft vill verða þar sem menn sitja að meira nægtaborði en almennt er. Um leið og menn urðu að stunda vel sína frumframleiðslu með sjómennsku og búskap, þá mátti yfirleitt ganga útfrá því að auðlindir fisks og beitar væru til staðar. Með skipulegri vinnu gafst fólki því tími til að sækja sér þekkingu, og það var svikalaust gert. Óvíða hefur t.d. verið meiri bókakostur á heimilum en á Kollsvíkurbæjum, og bóklestur var mjög almennur. Rökræðulist er Kollsvíkingum í blóð borin, og var ein grunnstoð gróskumikilla ungmennafélaga. Margir Kollsvíkingar sem fluttust burt urðu færir fræðimenn; aðrir náðu langt í viðskiptalífi og til var það að menn fóru inn á nýjar slóðir uppgötvana. Væri í raun þarft rannsóknarefni að gera samanburðarrannsókn í þessu efni. Hún gæti e.t.v. breytt þeirri ímynd að fólk í fjarlægustu byggðum standi borgarbúum eitthvað að baki í þekkingarlegum efnum“ (VÖ).

Þenkjandi (l) Hugsandi; íhugandi, innrættur. „Þetta ætti nú allir vel þenkjandi menn að hafa í huga“. „Ekki dettur mér í hug að menn hafi verið svona illa þenkjandi; þetta eru auðvitað mistök“.

Þerriblástur / Þerrigola / Þerrivindur (n, kk/kvk) Gola/vindur í þurrki. „Þetta þornar fljótt eftir að hann kom með þennan þerriblástur“.

Þessháttar / Þesskonar (ao) Þannig; slíkur. „Ekki finnast nein dæmi um þessháttar orðalag“.

Þesslags (l) Slíkt; þannig; líkt. „Ég lagði ekki orð í belg um þetta; mér líkar ekki þesslags umræða“.

Þettað (fn) Fornafnið „þetta“ var iðulega borið fram með „ð“ í enda í máli Kollsvíkinga; allt frameftir 20. öld. Mest bar á þessu þegar orðið var notað sem sjálfstætt svar; þegar svarandi vildi taka undir fullyrðingu eða spurningu í hneykslunar- eða upphrópunartón. Var þá áherslan ýmist á seinna atkvæði eða báðum.

Þeysisprettur / Þeytingssprettur / Þeytisprettur (n, kk) Hratt hlaup; loftköst. „Hann kom hlaupandi á þeytingsspretti“. „Ég endasentist á þeytispretti fram með Hjöllunum og náði að komast fyrir kindurnar við Hafnargilið“.

Þéttingshátt (l) Allhávær; fremur hátt. „Sönghóll heitir hár hóll heiman við Hrísmúlann. Gamlar og nýjar sagnir eru um að þarna hafi heyrst söngur, buldur þéttingshátt, og sumir segja allhávær bassasöngur. Þetta var sett í samband við tröllabyggð og hamrabúa ferlega, en ekki við vatnsrennsli neðanjarðar“ (BÞv; Örn.skrá Sauðlauksdals).

Þéttingsþrengsli (n, kvk, fto) Mikil þrengsli; örtröð. „Það eru að verða þéttingsþrengsli í stúnni; það þýðir ekkert að bæta fleira fé í hana“!

Þéttingsþröngt (l) All þröngt; mikil þrengsli. „Nú er orðið þéttingsþröngt í þessum dilk“.

Þéttnærri (ao) Mjög nálægt; hérumbil; *hartnær*; *hartnærri*. „Þettan verður líklega þéttnærri því að fylla tunnuna“. „Ekki er þetta nú alveg nóg; en þéttnærri því“.

Þjalargarmur / Þjalarspík / Þjalarspækja (n, kk/kvk) Gæluheiti á þjöl. „Var ekki einhver þjalarspík að flækjast hérna“? „Hvar skyldi ég hafa lagt þjalarspækjuna“?

Þjarkduglegur / Þjarkur duglegur (l) Hörkuduglegur; mjög röskur/öflugur. „Hann er þjarkduglegur drengurinn“. „Hann er þungur af stað, en svo getur hann verið þjarkur duglegur til flestra verka“.

Þokkalegheit (n, hk, fto) Það sem er sæmilegt/viðunandi/skaðlaust. „Það er komið þokkalegheita veður“. „Það var skafi í Jökkladalsheðinni, en annars þokkalegheita færð yfir Hálsinn“.

Þokubík (n, hk) Mjög dimm þoka. „Veður var gott, nema hvað þokubíkið var slíkt að ekki sást nema fáar bátslengdir frá bátnum“ (ÖG; Þokuróður fyrir 44 árum).

Þokukargi (n, kk) *Þokuruddi*; *þokuruðningur*; þoka sem er mismnandi að þéttleika.

Þokulefsa (n, kvk) Þokuslitra; staðbundin þoka. „Það eru einhverjar þokulefsur hér suðurum sýnist mér, en ég held að hann bræði þetta af sér jafnóðum“.

Þokurubbi (n, kk) *Þokuruðningur*. „...það var þokurubbi á bjargbrúninni“ (KJK).

Þokuruddi (n, kk) *Þokuruðningur*. „Það er líklega rétt að sigla gætilega í þessum þokurudda“.

Þokuslá (s) Um það þegar dregur úr rigningu og í stað hennar kemur þoka, ein og oft vill verða í skilum misheitra loftmassa. Alltaf notað með „sig“ á eftir. „Hann er eitthvað farinn að draga úr þessu úrhelli og þokuslá sig“.

Þokuslitur / Þokusliturur / Þokuslæðingur (n, hk, fto) Slitrur/hnoðrar af þoku; gisin þoka. „Ef þokuslitur voru í miðjum hlíðum Blakkness, Tálkna og Kóps bar vestan- eða norðvestanátt í vændum“ (ÓETH o.fl. LK; Íslsjávarhættir III).

Þorandi (l) Hættandi á; vogandi. „Ég held að það sé ekki þorandi að skilja bátinn eftir við þennan stjóra“.

Þorstaukandi (l) Sem eykur þorsta. „Ansi er nú saltketið þorstaukandi“. Borið þannig fram, en rökrétt samsetning væri „þorstaaukandi“.

Þotuhætt (l) Hætt við sterkum vindhviðum/þotum. „Þarna er oftast skjól, en þó þotuhætt í vissum áttum“.

Þóftukné (n, hk) Þóftuhné; þóftukrappi; stykki í báti, milli þóftuenda og borðstokks, líkt og hné í laginu.

Þóftunautur (n, kk) Sá sem situr með öðrum á þóftu, t.d. þegar þeir róa sinn á hvort borð.

Þrautleiður á (einhverju) (orðtak) Mjög leiður á einhverju. „Mikið er maður orðinn þrautleiður á þessu innihaldslausa gaspri pólitíkusa fyrir kosningarnar“!

Þráabrækja / Þráadrulla / Þráagrútur / Þráaskítur (n, kvk/kk) Áhersluheiti á þráum mat. „Ég skar mestu þráabrækjuna frá, og þá kannski má sóða þessu í sig“. „Ekki skil ég hvernig fólk getur étið þessa flökuðu signu grásleppu; þetta er ekkert nema þráadrulla og hveljuskæni“!

Þráafýla / Þráalykt / Þráastækja (n, kvk) Sterk lykt af því sem er þrátt. „Árans þráastækja er af hvalhræinu“!

Þrepstallur (n, kk) Stallur í klettum, sem unnt er að standa á eða leggja frá sér t.d. eggjailát. „Lásinn er brattur, en í honum miðjum er þrepstallur þar sem maður getur hvílst“.

Þrevetra / Þriggjavetra (l) Maður, dýr eða annað sem lifað/verið hefur þrjá vetur. „Mér finnst þetta vel gert af þriggjavetra kind; að skila svona feikivænum þrílembingum að hausti“.

Þriðjipartur / Þriðjungur (n, kk) Einn þriðji hluti af einhverju. „Hann lét mig hafa þriðjupartinn af öllum fengnum“.

Þriggjanátta (orðtak) Um legu línu/nets í sjó; hefur legið í þrjár nætur. „Þetta er bara ansi góð veiði eftir þriggjanátta legu“!

Þríhita (s) Hita þrisvar upp. Oftast notað um *ketsúpu*. „Það sakar ekkert að þríhita ketsúpuna; bara til bóta“.

Þríhitaður (l) Hitaður þrisvar. Oftast um *ketsúpu*. „Alltaf er hún nú betri ketsúpan ef hún er að minnsta kosti tvíhitað; jafnvel þríhitað“.

Þrístrendingsþjöl / Þrístrend þjöl (n, kvk) Þjöl með þremur flötum/hliðum, m.a. notuð til að skerpa sagir; skerpiþjöl. „Sæktu fyrir mig þrístrendingsþjölinu út í mókofa; ég ætla að reyna að fá betra bit í sögina“.

Þrjúskukast (n, hk) Þvermóðskukast; fyrirtekt. „Hann var í einhverju þrjúskukasti og *gaf dauðann og djöfulinn* í að hann færi að kjósa; þetta væri allt sama andskotans *pumpuliðið*“!

Þrotgangur / Þrothilla (n, kk/kvk) Gangur/hilla í bjargi/klettum sem endar í *þroti*. Það er þýðingarlaust að fara þessa leið; þetta er bara þrotgangur. Við þurfum að fara í efri ganginn“.

Þruglari (n, kk) Sá sem hefur uppi *þrugl*/rugl/bull. „Að þessi þruglari og *staglari* hafi verið kosinn formaður! Hann á þá ekki langt eftir þessi flokkur“!

Þrældómspuð / Þrældómsvinna (n, hk/kvk) Mjög erfið vinna; *argasta púl*. „Það hefur verið mikið þrældómspuð að ryðja veginn upp Vörðubrekkuna í Vatnadalnum“.

Þrælduglegur (l) Harðduglegur; mjög duglegur/vinnusamur. „Strákurinn er *ágætis grey* í umgengni og þrælduglegur til allra verka“.

Þrælferfiður (l) Mjög erfiður/*strembinn*; svínslega erfiður. „Ég náði prófinu, þó það væri þrælferfið“.

Þrælfastur (l) Alveg fastur; *gikkfastur*; *pikkfastur*. „Billinn *flaut* lengi vel ofaná skaflinum, en þarna datt hann niður og situr þar; alveg þrælfastur“.

Þrælkvefaður (l) Með mikið kvef; *stoppaður af kvefi*. „Maður er þrælkvefaður ennþá“.

Þrælmengaður (l) Mengaður/blandaður mikilli óhollustu. „Þeir reka öflugan áróður fyrir inngöngu í Evrópusambandið og innflutningi á þrælmenguðu keti“ (ÖG; minningabrot).

Þrælmúraður (l) Mjög vel efnaður; forrikur. „Hann er þrælmúraður og hefur vel efni á þessu“.

Þrælslompaður (l) Mjög ölvaður; kengfullur; rallhálfur; útdrukkinn. „Hann var orðinn þrælslompaður“.

Þrælstíflaður (l) Alveg stíflaður. „Vatnslögnin var alveg þrælstíflað“.

Þræsingsveljandi (n, kk) Mikill og þrálátur vindur. „Hann ætlar að halda enn þessum þræsingsveljanda“!

Þumbaragangur / Þumbaraháttur (n, kk) Þverska; stífni. „Skelfingar þumbaragangur er þetta í mannum“! „Farðu nú að láta af þessum þumbarahætti og drifðu í að kjósa“.

Þumbari (n, kk) Sá sem sýnir tortryggni og andstöðu við það sem aðrir leggja til/ vilja; sá sem er tregur í taumi. „Hann gat verið óttalegur þumbari, væri ekki farið rétt að honum“.

Þurftalítil / Þurftasmár (l) Með litlar þarfir. „Það má lengi komast af með lítið ef maður er þurftalítil og nægjusamur“. „Ég er fremur þurftasmár í þessum efnunum“.

Þurrabú (n, hk) Heimili þar sem matur er þrotinn. „Ég held að við þurfum bráðum að komast í búð; þetta er að verða hálfgerð þurrabú“.

Þurrabúð / Þurramansbýli (n, kvk/hk) Bústaður eða verbúð þar sem menn eru árið um kring án þess að hafa búskap. Áður fyrr lifðu *þurrabúðarmenn* oftast af útræði í nálægu veri eða vinnumennsku á nærliggjandi bæ. Þurrabúðir í Útvíkum tengdust flestar útræði. „Upp af þessari tungu var þurrabúð sem hét Strákamelur“ (Örnefnaskrá Kollsvíkur). „Kollsvík, Lágínúpur og Grundir voru lögbýli í Kollsvík, en auk þeirra voru Bakkar þurrabúð; Grund líka þurrabúð, þar bjó Samúel Eggertsson“ (JB; Verstöðin Kollsvík, frásögn GG). „Seinna var Evu breytt í þurramansbýli: Magnús Jónsson, ættaður úr Tálknafirði, og Guðrún Jónsdóttir, ættuð úr Rauðasandshreppi, áttu heima þar“ (JB; Verstöðin Kollsvík; frásögn KJK).

Þurrheysvagn (n, kk) Heyvagn fullur af þurrheyi. „Við náðum tveimur þurrheysvögnum áður en hann fór að rigna“.

Þurrheysstabbi (n, kk) Stabbi/stallur/hlaði í hlöðu af þurrheyi. „Ég veit ekki hvort þessi þurrheysstabbi dugi honum *framúr*; en ég *stórefa* það“.

Þurrkspá (n, kvk) Veðurspá um þurra/rigningarlausu tíð. „Ætli maður verði ekki að treysta þessari þurrkspá og fara að breiða“.

Þurrlendisbali (n, kk) Þurr börð/holt. „Handantil í víkinni eru melaskörð og þurrlendisbalar með sendnum jarðvegi“.

Þurrpurpa (n, kvk) A. Þurr rýja/tuska; hrjúfur þurrkblettur á húð; húðflaga. „Hér er eins og einhver þurrpurpa á handleggnum“. B. Líking; manneskja sem er þurr á manninn/fámál.

Þurrpurpulegur (l) Fúll; fámáll; þurr á manninn. „Hversvegna ertu svona anskoti þurrpurpulegur í dag“?

Þurrsöltun (n, kvk) Söltun matvæla í stæðu en ekki í pekil. „Þurrsöltun er ágæt í sjálfu sér, en vanda þarf vel til verka, svo saltist sem jafnast. Best er að umstafla a.m.k. einu sinni og snúa þá stykkjunum“.

Þurrviðristíð (n, kvk) Þurrviðri um nokkurn tíma; þurrkatíð. „Enn virðist ekkert lát á þessri þurrviðristíð“.

Þursaskítur (n, kk) Niðrandi heiti á þursaskeggi, en það þykir hvítleitt þegar mikið af því rekur í net. „Þar sem netin höfðu lent á sandbletti voru þau upprúlluð að þursaskít og öðrum óþverra“.

Þúfnakraðak / Þúfnakargi (n, kk) Mjög þýft landslag. „Það er vonlaust að slá þetta þúfnakraðak með vél“.

Þúfnavag (n, hk) Sérstakt göngulag sem hendaði ágætlega við göngu í þýfðu landi og stórgrýttu. Bandaríkjamenn gengu þannig þeir lentu á tunglinu, en Kollsvíkingar hafa notað þessa aðferð all lengi.

Þvergirðingslegur (l) Eins og þvergirðingur. „Vertu nú ekki svona skratti þvegirðingslegur. Það sakar ekki að lána honum bílinn í dagstund“.

Þverhausaháttur (n, kk) Þverska; þumbaraháttur. „Svona þverhausaháttur kemur þér bara í vandræði“.

Þverhausast (s) *Þverskallast*; *sýna þvermóðsku/þvegirðingshátt*; vera þver/þrákelkinn/stífur. „Hann ætlar enn að þverhausast í þessu máli“!

Þverkrækja (s) Um fiskveiðar; þverhúkka fisk á færi. „Þarna tókst mér að þverkrækja þaraþyrskling“!

Þverreisa (s) Reisa siglu og draga upp þversegl á báti. „Það var ekkert annað en fara að ausa upp á kraft og leggja upp árar og þverreisa sem kallað var, en það var að reisa mastrið og draga upp þversegl sem var í þá daga í flestum bátum í Kollsvík“ (G.J.H; 13 ára hálfdrætingur í Kollsvíkurveri; E.O. skrás; Árb.Barð 2004).

Þverska (n, kvk) *Þverhausaháttur*; *þumbaraháttur*; móþrói. „Árans þverskan í karlinum; hann neitar alveg að láta þetta inn fyrir sínar varir“.

Þverskerasög / Þverskeri (n, kk) Sög sem hentar til að saga við þversum á æðar/ saga boli þvert yfir. Þverskeri er með tönnum þvert útúr blaðinu; sem mikið er lagt til hliða og skerptar báðumegin í eggina. Þær eru misjafnlega *þéttenttar/gistenntar*/grófar, og henta því misjafnlega á einstakar efnisgerðir og -þykktir.

Þverskufullur / Þverskur (l) Þvermóðskufullur; þráast við; situr við sinn keip; ekki tilbúinn að samþykkja skoðanir/vilja annarra átakalaust. „Helvíti geturðu nú alltaf verið þverskur! Sérðu ekki að það er bæði styttra og auðveldara að fara hina leiðina“?!

Þverskuhaus (n, kk) *Þverhaus*; *þvegirðingur*; mjög þrjóskur/þver maður. „Ég reyni ekki lengur að þrasa við þann þverskuhaus“!

Þverskublaður / Þverskuhjal / Þverskukjafthæði / Þverskuraus (n, hk) Tal sem þykir lýsa þversku/þvegirðingshætti/þvermóðsku/einþykkju/sérvisku. „Ég nenni ekki lengur að hlusta á þverskuhjalíð í honum“! „Þetta er ekkert nema þverskukjafthæði í þér; reyndu nú að taka einhverjum sönsum“!

Þverstöðuhverfill (n, kk) Nýyrði, smíðað af Valdimar Össurarsyni frá Lágánúpi um þá grein orkutækni sem uppfinning hans heyrir til; hverfill sem hefur meginás þvert á straumstefnu og stór blöð sem nýta straumþungann til orkuvinnslu. Sjávarorkutækni er ný tæknigrein á Íslandi og því vantar mörg nýyrði.

Þvertum (ao) Þversum. „Það voru tvö rúm á loftinu; þvertum, og hátt þil á milli rúmana“ (StE/ÖG; Mannskaðinn í Kollsvík 1857).

Þvísemnæst (ao) Mjög nærri því; *hérumbil*. „Tunnan er þvísemnæst full“. Snjór er alveg horfinn, eða þvísemnæst“. Notkun og áherslur þessa samsetta orðs eu með þeim hætti að á það verður að líta sem eitt orð, líkt og t.d. „þvilíkur“; „þvínær“ o.fl. slík

Þvottatúska / Þvottaklútur (n, kvk) Mjaltaklútur; klútur sem notaður er til að þvo júgur kúa fyrir mjaltir. Mikilvægt er að vanda júgurþvott, bæði vegna hreinlætis og til að kýrnar *selji* betur; þ.e. séu *lausmilkari*.

Þvælukjafæði (n, hk) Algert bull; endaleysa. „Þvilíkt þvælukjafæði hef ég sjaldan heyr“!

Þyngslabrim / Þyngslasjór / Þyngslanorðansjór / Þyngslavestansjór (n, hk/kk) Mikill sjógangur.

Þyngslaskúr (n, kvk) Rigningarskúr með mikilli/þéttri rigningu. „Það var útsynningur með þyngslaskúrum, svo við urðum að hlaupa í skjól öðru hvoru“.

Þönglabakki / Þönglabunki (n, kk) Bakki/bunki af þönglum í fjöru. „Það eru fjallháir þönglabakkar í fjörunni eftir brimið“.

Þægðargrey / Þægðarkvikindi / Þægðarskepna (n, hk) Þæg/róleg skepna. „Ég get teymt nautið einn hérna á milli bæjanna. Þetta er hið mesta þægðarkvikindi“.

Þökuskeri (n, kk) Ristuspaði. „Þetta áhald er oftast nefnt ristuspaði en stundum þökuskeri“.

Æðibratt (l) Mjög bratt. „Blessaður hafðu stuðning af vað þarna í flesinu; þetta er æðibratt og skriðurunnið“.

Æðifyrirtæki / Æðipuð / Æðiverk / Æðivinna (n, kk/hk/kvk) Viðamikið/erfitt verkefni; mikið brambolt/verk. „Það hefur verið æðifyrirtæki að flytja Laganúpshúsið frá Grundum“. „Þetta var æðipuð“. „Það verður æðiverk að klára þetta fyrir kvöldið“. „Það var æðivinna að ganga frá öllu slátrinu“.

Æðiheitt (l) Mjög heitt. „Það var orðið æðiheitt þarna í fjárhúsunum, og hálfgerð molla“.

Æðikippur / Æðiplamp / Æðispotti / Æðispölnur / Æðivegur (n, kk) Töluvert löng leið; mikil vegaleng; löng ganga. „Það er æðikippur; héðan og á Ísafjörð“! „Þetta er æðiplamp“. „Það er æðispölnur að fara með kúna til að halda henni undir naut“. „Eruði nógu vel skæddir og nestaðir? Það er nú æðivegur inn allt Víknafjall“!

Æðinapur (l) Allkalt; mikill kuldi. „Búðu þig almennilega; hann er æðinapur eftir að hann hvessti“.

Æðinotalagt (l) Mjög þægilegt/makindalegt. „Það var orðið æðinotalagt í skýlinu þegar logað hafði í kamínunni nokkra stund“.

Æðruleysissvipur (n, kk) Rólyndissvipur; svipur sem lýsir jafnaðargeði. „Hann setti upp æðruleysissvip og sagði að hann hefði nú *einhverntíma séð það svartara*“.

Ælufata / Ælustampur (n, kvk/kk) Ílát sem sá hefur hjá sér sem þarf að æla/ sem er óglatt. „Þú verður sjálfur að hreinsa ælustampinn“.

Æluföt / Ælugalli / Ælujakki / Æluhúfa / Æluskór Fatnaður sem notaður hefur verið til eggjaferða og orðið hafa fyrir *múkkælu*. „Þessi ælugalli þyrfti að komast fljótlega í þvott“. „Ætlarðu að fara í þessa æluskó“?

Ælupest (n, kvk) Gubbupest; veikindi sem mikill uppgangur fylgir. „Ég fékk einhverja bölvada ælupest“.

Ælutilfinning (n, kvk) *Velgja; flökurleiki*; viðbjóður. „Ég varð ekkert sjóveikur, en þegar ég fæ sjóriðu í landi fylgir því einhver ælutilfinning“.

Æskulýðsfélagsskapur (n, kk) Samfélag ungmenna; ungmennafélag. „Og það ber þess ljósastan vottinn að ungmennafélögin eru vakandi æskulýðsfélagsskapur, að samband þeirra hefur tekið til meðferðar mál sem frekast krefja æskumanninn um aðstoð sína“ (EG; Vakandi æska).

Ættarhávaði (n, kk) Hugtak sem gjarnan þykir loða við margt fólk af Kollsvíkuret og er þekkt innan ættarinnar sem *Kollsvíkurhávaði*, sjá þar.

Ættarskali / Ættarkollvik (n, kk/ hk, fto) Líkamseinkenni sem þykja prýða marga karlmenn af Kollsvíkuret eru skallamyndun tiltölulega snemma á ævinni. Sumir nefna það há kollvik eða ættarkollvik, jafnvel eftir að flest hár eru horfin af hvirfli. Jafnan situr þó eftir krangi neðantil þó lítið fari fyrir ennistoppi. Undantekningar eru þó frá þessu einkenni.

Ævistreð (n, kk) Ævistarf; vinna á lífsleiðinni. „Garðar, tóftir og tún vitna um ævistreð dugnaðarbænda fyrri tíðar. Slíkar minjar á að varðveita eins vel og unnt er“.

Öðruhvorumegin (fs) *Á annan hvorn vegin*; hvoru megin sem er. „Ég lýk þessu öðruhvorumegin við helgina“

Öfugumegin (ao) Ekki réttu megin við. „Þegar við vorum búin að færa bátinn ofar ... sáum við skip á siglingu inn fjörðinn. Það stefndi hinsvegar öfugumegin inn, miðað við Patreksföð“ (Guðrún Grímsdóttir; Útkall við Látrabjarg).

- Öggulítill** (l) Agnarsmár; obbolítill; pínulítill. „Lyftu hallamálinu öggulítið í hægri endann“.
- Ökklakúla** (n, kvk) Kúlan beggjamegin á ökkaliðnum, sem sýnileg er á öllu fólki. „Ég fékk fjári leiðinlegt sár á innri ökklakúluna á hægri fæti, sem hefur ekki viljað gróa almennilega“.
- Öldubarningur** (n, kk) Róður í mikilli öldu. „Það var öldubarningur framá lægið“.
- Ölduhrókur** (n, kk) Nýyrði í íslensku máli; búið til af Valdimar Össurarsyni frá Láganúpi og er heiti á uppfinningu hans; tæki til að virkja ölduorku til raforkuframleiðslu með færslu hreyfingar af fljótandi baujum niður á ás sem snýst neðan yfirborðs. Heitið nær einnig yfir önnur tæki til sömu nota.
- Ölduvirkjun** (n, kvk) Virkjun sem nýtir orku haföldu til raforkuframleiðslu. Tæknin er í þróun og nokkur þróunarverkefni eru í tilraunakeyrlu víðsvegar um heiminn þó ekkert þeirra sé enn (2014) komið í rekstur. Ein slík virkjun er í þróun á Íslandi, af skrásetjara þessarar orðaskrár, upprunnin í Kollsvík.
- Öslugimbur / Ösluhrútur / Öslulamb** (n, kvk/kk/hk) Lamb sem talið er vænlegt til lífs. „Þetta eru asskoti státnir tvílembingar og vel ættaðir; þetta gætu líklega orðið öslulömb“.
- Ölæðisbull / Ölæðisrugl / Ölæðisþvaður** (n, hk) Órökrétt tal manns í vímu eftir drykkju.
- Öndvegisáhalð / Öndvegisverkfæri** (n, hk) Mjög gott/þéanlegt áhalð/verkfæri; vildarverkfæri.
- Öndvegisbátur / Öndvegisfleyta / Öndvegissjóskip** (n, kk/kvk/hk) Mjög góður bátur/ gott skip.
- Öndvegisfæða / Öndvegismatur** (n, kvk/kk) Mjög góður og hollur matur. „Bévítans gíkkur geturðu verið; þessi hákarl er alveg öndvegisfæða“!
- Öndvegisgripur** (n, kk) Mjög þarfur/dýrmatur/mikilvægur gripur/hlutur. „Þessi haglabýssa er mikill öndvegisgripur, þó hún sé lítið notuð núorðið“.
- Öndvegismetall** (n, kk) Mjög góður drykkur. „Þetta er öndvegismetall þykir mér“.
- Öndvegisnáungi** (n, kk) *Sómamaður*; mikill ágætis karl. „Hann var mikill öndvegisnáungi blessaður“.
- Öndvegisskepna** (n, kvk) Kostagripur; efnisskepna. „Ég hef ekki átt meiri öndvegisskepnu en þennan hrút“.
- Öndvegisveðrátta** (n, kvk) Mjög gott veður/góð tíð. „Þetta er nú meiri öndvegisveðrattan, viku eftir viku“!
- Öndvegisþing** (n, hk) Þarfþing; mjög hentugur/góður hlutur. „Mikið öndvegisþing er þessi nýja vél“!
- Önglastokkur** (n, kk) *Lóðastokkur*; stokkur sem önglum á fiskilínu er raðað í; Tveir sívalir stautar og mjór spaði liggja samsíða en með millibili, og er kókunum raðað á stautana. *Lóðastokkur* var oftast notað.
- Öngva ögn** (orðtak) Ekki neitt; alls ekki. „Ég held þú vitir öngva ögn um hvað þú ert að tala“! „Ég veit öngva ögn um þetta mál“.
- Öngvanvegin / Á öngvan hátt** (ao/orðtak) Alls ekki; ekki á neinn hátt. „Það er öngvanvegin hægt að fullyrða neitt í þessu efni“.
- Önglastokkur** (n, kk) Stokkur sem önglum á fiskilínu er raðað í; Tveir sívalir stautar og mjór spaði liggja samsíða en með millibili, og er krókunum raðað á stautana.
- Öngvitagjarnt** (l) Gjarnt að falla í yfirlið/verða dolfallinn; verða skelfingu lostinn/æpa. „Honum er örugglega ekki öngvitagjarnt fyrst hann kveinkaði sér ekki við þessa byltu“.
- Örnefnaauðugt** (l) Ríkt af örnefnum; mikið um örnefni. „Land þetta, sem er allvíðlent, er ekki mjög örnefnaauðugt“ (Magnfríður Ívarsd. Örnefni undir Skörðum).
- Örnæliskóð / Örnælistittur / Örnælissevði** (n, kk/hk) Örmár fiskur; *smákóð*. „Nú kippum við! Ég nenni ekki lengur að hanga á þessu og tína svona örnæliskóð af hverjum krók“!

Samtals **4892** orð og orðtök sem notuð hafa verið í málfari Kollsvíkinga og annarra í Rauðasandshreppi en finnast ekki önnur dæmi um í orðabók HÍ, eða hafa ekki verið notuð annarsstaðar í sömu merkingu.

Sum orð eru notuð víðar, en þá í annarri merkingu, s.s. „rammbúkki“ og „gangtími“, eða með öðrum rithætti, s.s. atviksorðin „héðanífra; útífrá; uppeftir; handanyfir; norðantil“ o.fl., en hvert þeirra var oftast notað í Kollsvík sem um eitt orð væri að ræða, og ritast því í einu orði, líkt og „innan“, „utan“, „utanhallt“ og „utani“. Endingarnar „-gangur“ og „-háttur“ voru algengari þarna en víða annarsstaðar, þegar rætt var um venju/framferði. Fjölbreytileiki varð mikill í blótsyrðum/áhersluorðum, og má e.t.v. rekja það til hinnar miklu og langvarandi sjósóknar, þegar vermenn komu víða að og margir lögðu í púkkið. Útvíknamennt notuðu

orðið múkki og fýlungi almennt yfir fýl, þó það heyrðist einnig. Þeir nefndu gemling það sem víða annarsstaðar var gelmingur eða haustlamb. Meira var talað um ket en kjöt; sömuleiðis fremur smér en smjör, og mörg orð því tengd. Sömuleiðis fremur mél en mjöl. Málfar varðandi kálfa var fjölbreyttara en annarsstaðar virðist hafa verið. Vegna steinbítsveiða var harðfiskverkun meiri þar vestra en annarsstaðar, og því mikið af orðum sem henni tengist. Mörg tengjast hrognaverkun, frá blómaskeiði grásleppuútgerðar. Meira virðist hafa verið gert af að galta hey í Kollsvík en annarsstaðar, og nokkur sérstæð orð tengjast því. Nokkur sérstæð orð tengjast skinnklæðagerð, fiskifangi og sjósókn. Meira var veitt af steinbít í Víkunum en annarsstaðar á landinu, og þaðan eru því mörg orð sem því tengjast. Nokkuð af sérstæðum heitum tengjast bjargnotkun. Þá eru hér með talin nýyrði sem tengjast sjávarorkutækni, enda er íslensk sjávarorkutækni upprunnin í Kollsvík. Sömuleiðis eru nokkur nýyrði tengd lýsingum á myndun frostgíga, en kenning í því efni er einnig upprunnin í Kollsvík. Nokkur nýyrði eru tekin hér með, enda hafa þau orðið hluti af málfari í Kollsvík og nágrenni. Eru þau gott dæmi um svæðisbundna málþróun. Nýyrði GJH voru t.d. mörg hnyttileg og náðu mikilli útbreiðslu á svæðinu. Sérkennilegt var að orðið „metingur“ var í karlkyni í eintölu en í kvenkyni í fleirtölu; „metingar“. Þá voru einnig beygingasérkenni s.s. *é-þátíðarending*. Mikilvægt framburðareinkenni var kringing sumra sérhljóða, segja t.t. vóru í stað voru; kómu í stað komu. „Tófa“ var með greinilegu „v“-hljóði, en ekki bara kringt eins og víða var látið duga. Í Kollsvík var mönnum oft tamara að nota „þótt“ í stað „þó“.

Orðasafnið er enn í vinnslu. -VÖ-